Óskar Ólafsson, kennari, gfr., settur, 616.

### P.

Páll Pálmason, ráðuneytisstjóri, hm., 627.

Páll Steingrímsson, kennari, gfr., 620.

Páll Ásg. Tryggvason, sendiráðunautur, hm., 627.

Paulson, Bjarne, ambassador, 625.

Petersen, Kai, landsretssagförelsi, hm., 628.

Póstburðargjöld, gjsk., 214—216.

### R.

Rafn Sigurbjörnsson, kennari, settur, 619.

Rafveita, Gerðahreppur, gjsk., 21—24;

Selfoss, gjsk., 25—28; Stokkseyri, gjsk., 52—54; Eyrarbakki, gjsk., 56—59; Héraðsrafmagnveitur, gjsk., 82—86; Ísafjörður, gjsk., 166—168; Reykjavík, gjsk., br. 173—174; Hafnarfjörður, gjsk., 280—283.

Ragna Jónsdóttir, kennari, gfr., sett, 610.

Ragna Freyja Karlsdóttir, kennari, sett, 614.

Ragnar Ásgeirsson, héraðslæknir, 601.

Ragnar Guðjónsson, skólastjóri, ul., settur, 617.

Ragnar, Sigríður J., kennari, sett, 623.

Rangheiður Jónsdóttir, kennari, sett, 611.

Ragnheiður Þorgrímsdóttir, kennari, 608.

Ragnhildur Metúsalemsdóttir sk., 314—315.

Rauðasandshreppur, sk., 176—178.

Regína Guðlaugsdóttir, kennari, gfr., sett, 621.

Reykjavík, umferð, augl., 88; söluturnar, augl., 89; umferðarljós, augl., 160; umferð, augl., 111; hitaveita, gjsk., br., 173; rafmagnsveita, gjsk., br., 173—174; Stýrimannaskólinn, rg., br., 212—213; Flugvöllurinn, rg., br., 278; umferð, augl., 279; Flugvöllurinn og flug-

höfnin í Skerjafirði, gjsk., 271—271; umferð, augl., 308; Sundlaug Vesturbæjar, augl., 374; umferð, augl., 375; Sundhöllin, gjsk., augl., 430; sundlaugarnar, gjsk., 432; Baðhús Reykjavíkur, gjsk., 436; hitalagnir o. fl., rg., 438—448; umferð, augl., 449; hafnarreglugerð 505—516.

Reykjavíkurflugvöllur, rg., br., 278.

Reynir Karlsson, kennari, gfr., settur, 610.

Reynir Valdimarsson, cand. med. & chir., héraðslæknir, settur, 612.

Róbert A. Ottósson, söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar, 604.

Rósa Björk Þorbjarnardóttir, skólastjóri, sett, 620.

Rúnar Brynjólfsson, kennari, settur, 612.

Rögnvaldur Finnbogason, sóknarprestur, lausn, 604.

Rögnvaldur Jónsson, skólastjóri, settur, 614.

### S.

Samþykktir sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum, augl., 113.

Sandberg, Finn, sendiráðsritari, hm., 628.

Sandgren, Gullbrand W., aðalræðismaður, hm., 628.

Sandholt, Sigríður Soffía, ul., kennari, sett, 618.

Saurbæjarhreppur, heimilishjálpi, rg., 24—25.

Scheving, Gunnlaugur, listm., í safnráð Listasafns Íslands, 625.

Schram, Garðar Ólafsson, kennari, settur, 611.

Schubring, prófessor, hm., 628.

Sektargerðir lögreglumanna, rg., 165—166; augl., 320.

Selfoss, rafveita, gjsk., 25—28.

Selma Jónsdóttir, dr., forstöðumaður Listasafns Íslands, og í safnráði Listasafns Íslands, 606 og 625.

Seltjarnarneshreppur, heilbrigðissamþykkt; almannatryggingar, augl.; 131—144 og 217.

Síglufjörður, nefnd verkalýðsfélaganna, rg., br.; lokunartími sölubúða og sölustaða, sp., 73 og 96—98.

Sigmundur Magnússon, cand. med. & chir., aðstoðarlæknir héraðslæknis, ráðning; lækninga- og sérfræðileyfi, 608, 609 og 612.

- Signý Guðmundsdóttir, skólastjóri, sett, 619.
- Sigríður Árnadóttir, skólastjóri, sett, 616.
- Sigríður Bogadóttir, sk., 366.
- Sigríður B. Einarisdóttir, kennari, gfr., sett, 613 (tvisvar).
- Sigríður Elísdóttir, kennari, 610.
- Sigríður P. Erlingsdóttir, kennari, sett, 618.
- Sigríður Óskarsdóttir, kennari, sett, 612.
- Sigríður Sigurðardóttir, kennari, ul., sett, 615.
- Sigríður J. Þorsteinsdóttir, kennari, sett, 612.
- Sigrún J. Einarisdóttir, kennari, ul., 616.
- Sigrún Grímsdóttir, kennari, sett, 620.
- Sigrún Guðmundsdóttir, kennari, sett, 614.
- Sigrún Guðmundsdóttir, kennari, sett, 615.
- Sigrún Ingimarsdóttir, kennaraskólakennari, sett, 617.
- Sigrún Sigtryggisdóttir, kennari, sett, 617.
- Sigurbjörg Guðmundsdóttir, kennari, 612.
- Sigurbjörn Benediktsson, kennari, settur, 623.
- Sigurður Gunnarsson, kennaraskólakennari, settur, 615.
- Sigurður Jóhannsson, vegamálastjóri, hm., 627.
- Sigurður Jónsson, bóndi, hm., 627.
- Sigurður Leósson, kennari, ul., settur, 616.
- Sigurður I. Ólafsson, kennari, gfr., settur, 610.
- Sigurður Sigurðsson, listm., í safnráð Listasafns Íslands, 625.
- Sigurgeir Magnússon, kennari, settur, 619.
- Sigurgeir Sigurjónsson, hrl., aðalræðismaður, 625.
- Sigurjón Einarsson, kennari, gfr., settur, 607.
- Sigurjón Einarsson, fyrrv. skipstjóri, framkvæmdastjóri, hm., 627.
- Sigurjón Kristinsson, kvennaskólakennari, lausn, 605.
- Sigurjón Ólafsson, myndhöggvari, í safnráð Listasafns Íslands, 625.
- Sigurlaug Björnsdóttir, kennari, sett, 612.
- Sigurlaug Björnsdóttir, kennari, sett, 619.
- Sigurlaug Gunnarsdóttir, kennari, ul., sett, 615.
- Sigurlaug Sveinsdóttir, kennari, sett, 619.
- Sigurrós Skarphéðinsdóttir, kennari, sett, 612.
- Sigurveig Guðmundsdóttir, kennari, 611.
- Skadhauge, Knud, dr. med., hm., 628.
- Skaftafellssýsla, heimilishjálp, 55—56; byggingarsamþ., 475—478.
- Skagafjarðarsýsla, byggingarsamþykkt, 454—458.
- Skipulagsskrár, staðfesting: Minningarsjóður Guðmundar Jónssonar og Sigurrósar Hjalmtýsdóttur, 80; Minningarsjóður Þorsteins Hjartar Arnasonar og Matthildar Guðmundsdóttur, breyting, 89; Heimilissjóður taugaveiklaðra barna, 90—91; Minningarsjóður Hauks Snorrasonar, 92; Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verzlunar á Íslandi, 102; Elín Sigurhjartardóttir, 103; Minningarsjóður húsfreyjanna frá Ytri-Hjarðardal, 104—105; Styrktarsjóður munaðarlausra barna, 105—106; Minningarsjóður Landspítala Íslands, 108—110; Verðlaunasjóður Lárusar Björnssonar og Péturínu Jóhannsdóttur, 171—172; Styrktarsjóður Rauðasandshrepps, 176—178; Húnasjóður, 181—182; Menningarsjóður Marteinstungukirkju, 184; Listasafn Alþýðusambands Íslands, 185—187; Spítalsjóðurinn Ástriðarminning, 187—188; Norðmannsgjöf, 309; Minningarsjóður Sveinbjörns Finnssonar, 313; Minningarsjóður Ragnildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar, 314—315; Minningarsjóður Sigríðar Bogadóttur og Guðmundar Þorvarðssonar, 366; Minningarsjóður Þorbjargar Þorkeldsdóttur, 431.
- Skemmtanaskattur, Suðureyrarhreppur, rg., 81—82; Vallahreppur, rg., 180—181; Hólmavíkurhreppur, rg. 254—255.
- Skúli Gunnarsson, kennari, 617.
- Skúli Magnússon, kennari, settur, 620.
- Skúli Þórðarson, magister, kennari, msk., 613.
- Skyldusparnaður, rg., br., 110.
- Smeböl, Hákon, kapteinlöytnant, hm., 628.
- Smári, Katrín J., kennari, gfr., sett, 621.

- Snorri Jóhannesson, kennari, settur, 621.  
 Snæbjörn Einarsson, kennari, settur, 619.  
 Snæbjörn Arnljótur Hjaltason, cand. med. & chir., lækningaleyfi, 609.  
 Snæbjörn Jóhannsson, kennari, gfr., settur, 610.  
 Snævarr, Ármann, háskólarektor, hm., 627 (tvisvar).  
 Soulen, Garrett H., ræðismaður, 625 og 626.  
 Sparisjóður, Kópavogur, sp., br., 131; Hornafjörður, sp., 367—374.  
 Stabel, Ernst, ræðismaður, hm., 628.  
 Stefán Aðalsteinsson, kennari, settur, 618.  
 Stefán Bogason, cand. med. & chir., lækningaleyfi, 603.  
 Stefán Hallsson, kennari, skólastjóri, settur, 611 og 616.  
 Stefán Jónsson, cand. med. & chir., héraðslæknir, settur, 611.  
 Stefán Jónsson, bóndi og hreppstjóri, hm., 627.  
 Stefán Þ. Þorláksson, kennari, ul., settur, 623.  
 Steffensen, Jón, prófessor, í stjórn lána-sjóðs íslenzkra námsmanna, 605.  
 Steinar Steinsson, iðnskólakennari, 608.  
 Steingrímur Baldursson, prófessor, í úthlutunarnefnd lánadeildar stúdenta, 607.  
 Steingrímur Benediktsson, skólastjóri, settur, 619.  
 Steinunn Davíðsdóttir, kennari, sett, 618.  
 Steinunn Guðmundsdóttir, kennari, gfr., sett, 611.  
 Stephensen, Ingibjörg, kennari, sett, 615.  
 Stokkseyri, rafveita, gjsk., 52—54.  
 Stokstad, Egil, orlogskaptein, hm., 628.  
 Strandasýsla, sýsluvegasjóður, sp., 98—100.  
 Stýrimannaskólinn í Reykjavík, rg., br., 212—213.  
 Suðureyrarhreppur, skemmtanaskattur, rg., 81—82.  
 Suðureyrarkauptún, hafnarreglugerð, br., 74—76.  
 Sukselainen, Vieno Johannes, forsætisráðherra, hm., 628.  
 Sundhöll Reykjavíkur, gjsk., augl. 430.  
 Sundlaug Vesturbæjar, gjsk., augl., 374.  
 Sundlaugarnar í Reykjavík, gjsk., 432.
- Svalbarðseyri, hafnarreglugerð, br., 171.  
 Svandís Pétursdóttir, kennari, sett, 623.  
 Svanhildur Gunnarsdóttir, kennari, sett, 616.  
 Svavar Jónsson, skólastjóri, settur, 610.  
 Svavar Lárusson, kennari, ul., settur, 610.  
 Sveinbjörn Finnsson, sk., 313.  
 Sveinbjörn A. Magnússon, skólastjóri, settur, 618.  
 Sveinbjörn Timóteusson, dyravörður, 625.  
 Sveinn Ingólfsson, kennari, settur, 616.  
 Sveinn Pálsson, kennari, hsk., settur, 618.  
 Sveitarstjóri, Njarðvíkurhreppur, sp., 50.  
 Eskifjarðarhreppur, sp., 87.  
 Sverrir Guðmundsson, kennari gfr., settur, 611.  
 Sverrir Þorbjarnarson, forstjóri, formaður úthlutunarnefndar lánadeildar stúdenta, 607.  
 Sýsluvegasjóður, Strandasýsla, sp., 98—100; Dalasýsla, sp., 111—112; A.-Húnavatnssýsla, sp., br., 168—170; A.-Barðastrandarsýsla, sp., br., 488—489.  
 Sæmundur Friðriksson, framkvæmdastjóri, hm., 627.  
 Sæmundur Kjartansson, héraðslæknir, lausn, 606.  
 Söluturnar, Reykjavík, augl., 89.

## T.

- Takmörkun leigubíreiða og ráðstöfun atvinnuleyfa, Hafnarfjörður, rg., br., 88—89.  
 Tasiaux, Jacques, vararæðismaður, hm., 628.  
 Theódór Danielsson, kennari, settur, 611.  
 Thompson, Tyler, ambassador, 625 og 626.  
 Thorarensen, Guðbjörg M., kennari, sett, 619.  
 Thorarensen, Sigfús, cand. odont., tannlækningaleyfi, 602.  
 Thorarensen, Stella K., kennari, 608.  
 Thoresen, Wilhelm Oscar, skipherra, hm., 628.  
 Thorlacius, Kristín Rannveig, kennari, sett, 621.  
 Thorlacius, Margrét, kennari, sett, 611.  
 Thorlacius, Þorleifur, deildarstjóri, hm., 627.



Thorlacius, Örnólfur, fil. kand., kennari, msk., 613.  
 Thoroddsen, Gunnar, fjármálaráðherra, varaform. bankaráðs Landsbanka Íslands, 604.  
 Thoroddsen, Katrín, yfirlæknir, lausn, 605.  
 Thors, Ólafur, forsætisráðherra, 613 og 625.  
 Thors, Thor, ambassador, hm., 627.  
 Thorsteinsen, Ásta, kennari, sett, 615.  
 Thorsteinsson, Pétur, ambassador, 601, 602, 603 og 604.  
 Tjörneshreppur, félagheimilið Sólvangur, r., 311—313.  
 Tollmeðferð, jeppabifreiða, augl., 322; skófatnaðar, 434—435; sokka og leista, 474.  
 Tollun skófatnaðar, úr plasti, augl., 103.  
 Tollvörugeymslur, rg., 113—129.  
 Tómas Helgason, prófessor í geðlæknisfræði, 605.  
 Tryggvi Ásmundsson, stud. med., í stjórn lánasjóðs íslenskra námsmanna, og í úthlutunarnefnd lánveildar stúdenta, 605 og 607.  
 Tryggvi Karlsson, kennari, settur, 623.

### U. Ú.

Umferð, Reykjavík, augl., 88; Reykjavík, augl., 111; Garðahreppur, augl., 278; Reykjavík, augl., 279; Reykjavík, augl., 308; Álftanes, augl., 331; Reykjavík, augl., 375; Reykjavík, augl., 449; Hafnarfjörður, augl., 489.  
 Umferðarljós, Reykjavík, augl., 106.  
 Unnur Rögnvaldsdóttir, kennari, sett, 611.  
 Unnur Þorgeirsdóttir, kennari, sett, 611.  
 Úlfur Ragnarsson, aðstoðarlæknir og héraðslæknir, ráðning, 602.  
 Úthlutun bóta samkv. lögum um atvinnuleysisstryggingar, augl., 307.  
 Úthlutun örorkustyrkja, r., 429.

### V.

Valdimar Stefánsson, yfirsakadómari, saksóknari ríkisins, 606.  
 Vale, John R., orlogskaptein, hm., 628.  
 Vallahreppur, skemmtanaskattur, rg., 180—181.  
 Valle, Isaac Garcia, del, hm., 628.  
 Valur Júlíusson, cand. med. & chir., að-

stoðarlæknir héraðslæknis, ráðning, 603.  
 Vatnafélagið Eldvatn í Meðallandi, sp., 437—438.  
 Vatnsveita, Höfðahreppur, rg., 28—30; Garðahreppur, gjsk., 30—31; Grafarnes, gjsk., 73—74; Bræðratunguhverfi, sp., 188—190; Vestmannaeyjar, rg., 316—318; Vestmannaeyjar, gjsk., 318—319.  
 Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, rg., 310.  
 Veiðifélag, Miðfirðinga, sp., 51—52; Árnesinga, sp., 93—96; Vatnsnesinga, sp., 190—191.  
 Veiting lækningaleyfis og séfræðileyfis, rg., 283—287.  
 Vestmannaeyjar, hafnareglugerð, 154—164; vatnsveita, rg., 316—318; vatnsveita, gjsk., 318—319.  
 Vigdís Björnsdóttir, kennari, gfr., 608.  
 Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri Húsmæðraskóla Íslands, sett, 608.

Vigfús Ingvar Sigurðsson, prófastur, lausn, 604.  
 Vilbergur Alexandersson, kennari, 608.  
 Vilborg Kolbeinsdóttir, kennari, sett, 616.  
 Viðir Stefánsson, kennari, settur, 623.  
 Víkingur H. Arnórsson, læknir, sérfræðingur í barnalækningum, 621.  
 Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga, rg., br., 319.

### Z.

Zoëga, Helgi, cand. med. & chir., aðstoðarlæknir héraðslæknis, 609.

### Þ.

Þinglýsingargjöld, augl., 71.  
 Þorbjörg Kristjánsdóttir, kennari, sett, 623.  
 Þorbjörg Þorkeldsdóttir, sk., 431.  
 Þorbjörg Þóroddsdóttir, kennari, 607.  
 Þorlákur S. Halldórsson, cand. med. & chir., héraðslæknir, settur, 624.  
 Þormar, Halldór, mag. scient, starfsmaður við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum, 610.  
 Þorsteinn Hjörtur Árnason, sk., br., 89.  
 Þorsteinn Gíslason, skólastjóri, leyfi, 616.  
 Þorsteinn L. Jónsson, sóknarprestur, 606.  
 Þorsteinn Sigurðsson, héraðslæknir, 603.

Þorvaldur V. Guðmundsson, héraðslæknir, settur í öðru héraði, lækningaleyfi, 601 og 614.

Þorvaldur Jóhannsson, kennari, 609.

Þorvaldur Skúlason, listm., í safnráð Listasafns Íslands, 625.

Þorvaldur Þorvaldsson, iðnskólakennari, 624.

Þór Halldórsson, cand. med. & chir., aðstoðarlæknir héraðslæknis, ráðning, 607.

Þór, Vilhjálmur, bankastjóri Seðlabanka Íslands, 604.

Þór, Þórarinn, prófastur, 621.

Þórarinn Björnsson, skólameistari, orðunefnd, 624.

Þórarinn Ólafsson, cand. med. & chir., aðstoðarlæknir héraðslæknis, ráðning, 607.

Þórður Björnsson, sakadómari, 605.

Þórður Jóhannsson, skólastjóri, gfr., 617.

Þórður Loftsson, kennari, settur, 624.

Þórður Pálsson, kennari, settur, 623.

Þórey J. Sigurjónsdóttir, cand. med. & chir., lækningaleyfi, 606.

Þórhallur Vilmundarson, prófessor, 606.

Þórir Helgason, cand. med. & chir., lækningaleyfi, 604.

Þórir Kjartansson, kennari, hsk., settur, 621.

Þórir Ólafsson, kennari, msk., settur, 608.

Þóroddur Jónasson, héraðslæknir, 601.

Þórólfur Friðgeirsson, skólastjóri, 607.

Þórunn Pálsdóttir, kennari, gfr., sett, 614.

Þórunn Sigurjónsdóttir, kennari, sett, 615.

### Ö.

Öngulsstaðahreppur, heimilishjálp, rg., 24—25.

## Skammstafanir.

augl. = auglýsing.	rg. = reglugerð.
br. = breyting.	reikn. = reikningur.
gfr. = gagnfræðaskóli.	sjr. = sjóðsreikningur.
hm. = heiðursmerki.	sk. = skipulagsskrá.
gjsk. = gjaldskrá.	stj.bréf = stjórnrráðsbréf.
hsk. = héraðsskóli.	sþ. = samþykkt.
msk. = menntaskóli.	ul. = unglingaskóli.
r. = reglur.	

**REGLUGERÐ****um ferskfiskeftirlit.****1**

13. jan.

**I. KAFLI****Búnaður fiskiskipa.****1. gr.**

Alla innviði í lestum fiskiskipa skal mála eða lakkbera fyrir hverja vetrarvertið og einnig áður en sumarveiðar hefjast. Sé ástæða til, geta eftirlitsmenn krafizt, að lestar séu málaðar oftar.

Áður en lestar eru málaðar, skal þess gætt, að innviðir þeirra séu hreinir og vel þurrir, lausir við slagvatnsskemmdir, súr eða ýldu eða aðrar skemmdir.

**2. gr.**

Afturþil og framþil lesta skulu vera þétt og vel einangruð til þess að koma í veg fyrir hitun frá íbúðum skipshafnar eða vélarúmi.

**3. gr.**

Fiskiskip, sem hafa dýpri lest en 125 cm mælt frá lestargólfi að þilfarsbita, skulu hafa hillur.

Bil á milli hillna í *fiskstium* skulu vera sem hér segir:

Frá botni að neðstu hillu ekki meira en 125 cm í bátum, en 90 cm í botnvörpuskipum. Milli hillna ekki meira en 75 cm, bæði í bátum og botnvörpuskipum. Eftirlitsmenn geta, í samráði við forstöðumann Ferskfiskeftirlitsins, veitt bátum, sem hafa 200—225 cm djúpa lest, undanþágu frá að hafa tvær hillur.

Í *miðlest* báta skulu hillur vera það margar, að bilið frá botni að neðstu hillu og milli hillna verði ekki meira en 80 cm.

Í botnvörpuskipum skulu samsvarandi bil í neðri miðlest („undirsteis“) ekki vera meiri en 90 cm. Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

Fiskiskip, sem stunda síldveiðar, skulu hafa a. m. k. eina hillu í stíu.

**4. gr.**

Ef lestarborð fiskiskipa eru úr tré, er skylt að hafa tvo ganga af borðum, og ber að skipta um eftir þörfum.

**5. gr.**

Skyt er að hafa síuútbúnað í gólfi, þannig að blóðvatn geti runnið óhindrað niður í kjalsog skipsins.

Ef skip þarf að hafa lausa kjölfestu í fisklest, skal nota til þess salt eða annað, sem að dómi eftirlitsmanna er jafngott.

**6. gr.**

Góð loftræsting skal vera í fisklest, þar má ekki geyma neitt, sem valdið getur skemmdum á fiski.

**7. gr.**

Þilfar skal vera þannig, að tryggt sé, að fiskur verði ekki fyrir skemmdum.

Þilfarsstytur (pollar) og skilrúm á þilfari skulu vera máluð.

1

13. jan.

8. gr.  
Opnir bátar, svo og bátar, sem hafa fisk á þilfari, skulu hafa ábreiður, sem breiða skal yfir fiskinn til þess að verja hann sólskini, frosti eða öðrum skaðlegum áhrifum.

9. gr.

Á fiskiskipum er skylt að hafa rennur eða annan útbúnað, til þess að verja fisk mari, þegar hann er látinn í lest.

10. gr.

Sé öllum framangreindum skilyrðum fullnægt, gefur Ferskfiskeftirlitið út hæfnisvottorð og afhendir það eiganda eða skipstjóra hlutaðeigandi skips. Hæfnisvottorð skal afturkalla, ef lestar eða annar búnaður fer úr lagi.

## II. KAFLI

### Löndun afla og flutningur í fiskmóttökuhús.

11. gr.

Löndun afla úr fiskiskipi má aðeins framkvæma með búnaði, viðurkenndum af Ferskfiskeftirlitinu.

12. gr.

Tæki til fiskflutninga skulu vera hrein og þannig gerð, að fiskur merjist ekki eða skemmist á annan hátt.

Sé fiskur fluttur milli verstöðva, skal ætíð nota yfirbreiðslur.

## III. KAFLI

### Fiskmóttökuhús og aðgerðarhús.

13. gr.

Í fiskmóttökuhúsum og aðgerðarhúsum skulu gólf vera steinsteypt eða gerð úr öðru efni, sem Ferskfiskeftirlitið viðurkennir.

Ekki má geyma ferskan fisk í fiskgeymslu, nema vatn geti óhindrað runnið undan honum. Gólf skulu vera slétt og þeim halla að niðurfalli. Engar sprungur eða holur mega vera í gólfum, en ef þær myndast má ekki geyma fisk á þeim stað, þar til viðgerð hefur farið fram.

14. gr.

Veggir í fiskmóttökuhúsum og aðgerðarhúsum skulu vera sléttir, vatnsþéttir og með ljósum lit upp í tveggja metra hæð.

Fyrir framan akdyr á fiskmóttökuhúsi skal vera steypt stétt, að minnsta kosti 4 m breið, með niðurfalli.

15. gr.

Góð loftræsting skal vera í fiskmóttökuhúsum, og má ekki geyma þar neitt, sem valdið getur skemmdum á fiski.

Fiskmóttökuhús skulu þannig gerð, að sól geti ekki skinið á fiskinn.

16. gr.

Nægilegt hreint rennandi vatn eða sjór skal vera í hverju fiskmóttökuhúsi til hreinsunar á fiski, húsum og áhöldum.

## 17. gr.

Í fiskmóttökuhúsum má hámarkshæð á fiskbing ekki vera meiri en 65 cm. Skýlt er að hafa tvo ganga af skilrúmsborðum í fiskmóttökuhúsum, ef borðin eru úr tré, og ber að skipta um eftir þörfum. 13. jan.

## 18. gr.

Aðgerðarborð skulu vera gerð úr vel samsettum, plægðum viði eða öðru efni, sem Ferskfiskeftirlitið viðurkennir og laus við slagvatnsskemmdir, súr og ýldu.

## 19. gr.

Sé öllum skilyrðum 2. og 3. kafla fullnægt, lætur Ferskfiskeftirlitið í té hæfnisvottorð og afhendir það eiganda hlutaðeigandi vinnslustöðvar. Hæfnisvottorð skal afturkalla, ef búnaður fer úr lagi.

## IV. KAFLI

## Meðferð afla í fiskiskipi.

## 20. gr.

Fisk má ekki stinga annars staðar en í hausinn. Varast skal hverja þá meðferð á fiski, sem getur marið hann eða skemmt á annan hátt.

## 21. gr.

Allan fisk skal blóðga þannig, að skorið sé á hálsæðar háðum megin, um leið og hann er innbyrtur. Gildir þetta einnig um dauðan fisk. Verði því við komið, skal láta fiskinum blæða út, áður en hann er settur í lest.

Karfi er undanþeginn ákvæðum þessum.

## 22. gr.

Fiski, sem er dauður við blóðgun, skal haldið algerlega aðgreindum frá öðrum fiski. Einnig skal halda þeim fiski aðgreindum, sem ekki er hæfur til manneldis.

## 23. gr.

Á fiskiskipum, sem ekki leggja afla sinn á land daglega, skal allur fiskur slægður svo fljótt sem auðið er. Á fiskiskipum, sem leggja aflann á land daglega, er heimilt að landa fiski óslægðum á tímabilinu frá 15. september til 20. maí. Á öðrum tíma ber að slægja og þvo fiskinn strax og honum hefur blætt út. Þess skal vel gætt við þvott, að ekki sé skilið eftir í kviðarholi leifar af lifur, innyflum, æti eða blóði. Fisk skal slægja þannig, að ekki sé skorið fram úr lífodda.

## 24. gr.

Á öllum fiskiskipum, er hafa lengri útvist en 24 klst., skal fiskurinn ísaður nægilega með hreinum ís og lagður þannig, að kviðarhol snúi niður.

Á tímabilinu frá 20. maí til 15. september, skal einnig ísa allan fisk, þótt aflanum sé landað daglega.

Skrá skal á eyðublað, hvenær fiskur er látinn í hverja stíu, og skal afhenda eyðublaðið eftirlitsmanni við löndun.

## V. KAFLI

## Meðferð afla við löndun og í fiskmóttökuhúsi.

## 25. gr.

Fisk má ekki stinga nema í hausinn. Varast skal hverja þá meðferð, sem getur marið fiskinn eða skemmt á annan hátt.

**I**

13. jan.

26. gr.  
Pegar fiski er landað óslægðum skal slæging og þvottur hefjast jafnskjótt og fiskurinn kemur í aðgerðarhús.

Við flutning afla á ákvörðunarstað skal gæta fyllsta þrifnaðar og varúðar, þannig að fiskurinn merjist ekki eða skemmist á annan hátt. Sérstaklega gildir þetta, ef um er að ræða flutning milli verstöðva, og skal þá nota yfirbreiðslur.

## 27. gr.

Allur fiskur skal þvegin vandlega úr hreinu vatni eða sjó strax eftir slægingu. Skal þess vel gætt, að ekki séu eftir í kviðarholi leifar af lifur, innyflum, æti eða blóði. Aðrennsli þvottavatns skal vera svo mikið, að það litist ekki verulega við þvottinn.

## 28. gr.

Sé fiskur ekki tekinn strax til vinnslu, skal ísa hann nægilega.

**VI. KAFLI****Þrif um borð í fiskiskipi og í landi.**

## 29. gr.

Vatn og sjór, sem notaður er til þvotta á fiski, fisklestum, löndunar- og flutningatækjum, fiskmóttöku- og aðgerðarhúsum, skal fullnægja þeim hreinlætiskröfum, sem almennt eru gerðar til neytluvatns.

## 30. gr.

Í fiskiskipum, sem landa afla daglega, skal að löndun lokinni þvo vandlega lest og lestarborð. Einnig skal þvo þilfar og skilrúm á þilfari. Enn fremur skal hreinsa lest og lestarborð með viðurkenndu gerileyðandi efni að minnsta kosti vikulega, en oftar, ef þörf krefur.

## 31. gr.

Í fiskiskipum, sem ekki landa afla daglega, skal taka öll lestarborð upp á þilfar og þvo þau og burstu vandlega eftir löndun. Lestin skal vandlega þvegin og úðuð með viðurkenndu gerileyðandi efni.

## 32. gr.

Öll löndunar- og fiskflutningatæki skulu vera hrein.

Bifreiðapalla skal þvo vandlega, eftir að fiskflutningi er lokið, og enn fremur, ef bifreiðin hefur verið notuð til flutninga á úrgangi eða öðru, sem skaðleg áhrif getur haft á gæði fisksins.

## 33. gr.

Fiskmóttöku- og aðgerðarhús ásamt öllum áhöldum skulu þvegin vandlega, eftir að aðgerð og vinnslu er lokið.

Vikulega skal hreinsa þau með viðurkenndu gerileyðandi efni, en oftar, ef þörf krefur.

## 34. gr.

Hvar sem verður vart við slagvatnsskemmdir, súr eða ýldu í viði, þar sem fiskur er geymdur, skal hinn gallaði viður tafarlaust endurnýjaður.

**VII. KAFLI****Ferskfiskmat.**

## 35. gr.

Mat á ferskum fiski skal framkvæma við löndun.

## 36. gr.

Netafiskur er því aðeins matshæfur, að hann hafi verið flokkaður í fiskiskipi samkvæmt 22. gr. og ísvarinn fiskur þarf að vera skráður eftir veiðidögum, sbr. 24. gr.

1

13. jan.

## 37. gr.

Ferskfiskeftirlitið metur ferskan fisk í þrjá aðalflokka eftir gæðum, þannig:

1. fl. Fiskur, sem er gallalaus.
2. fl. Fiskur, sem ekki er hæfur til frystingar, en hæfur í saltfisk- og skreiðarverkun.
3. fl. Óvinsluhæfur fiskur, t. d. fiskur, sem ber merki um súr eða ýldu eða er morkinn úr netum.

Meta má í fleiri flokka, ef verðlagsgrundvöllur eða aðrar ástæður gefa tilefni til.

Fiskmatsráð gefur eftirlitsmönnum fyrirmæli um nánari skilgreiningu flokkaanna.

## 38. gr.

Ferskfiskmat má framkvæma eftir aðstæðum og samkvæmt samkomulagi hlutaðeigandi aðila. T. d. má meta aflann í gæðaflokka, um leið og honum er skipað upp. Einnig má taka ákveðið sýnishorn af hverjum bifreiðafarmi, þegar hann kemur í hús. Hver fiskur sýnishornsins er þá metinn, og ræður niðurstaðan, í hvaða gæðaflokk aflinn fer.

Ef um netafisk er að ræða, er hver flokkur (sbr. 22. gr.) metinn fyrir sig, og skal eftirlitsmaður fylgjast með, að flokknum sé haldið aðgreindum.

Þegar landað er ísvörðum fiski, getur eftirlitsmaður stuðzt við skráðan aldur fisksins, en aldurinn einn sker ekki úr um gæðaflokk.

## 39. gr.

Hverjum bifreiðafarmi af fiski, sem metinn er við uppskipun, skal fylgja kvittun frá eftirlitsmanni með matsniðurstöðum hans. Kvittun þessa skal festa við vigtar-seðil hlutaðeigandi skips.

## 40. gr.

Viðtakandi í vinnslustöð skal gæta þess, að kvittun eftirlitsmanns fylgi fiskinum, og ber honum að halda gæðaflokkum aðskildum.

## 41. gr.

Telji eftirlitsmaður, að meðferð aflans í fiskmóttökuhúsi hafi verið ábótavant og ekki í samræmi við framangreindar reglur, hefur hann vald til að stöðva vinnslu aflans.

## 42. gr.

Starfsmönnum Ferskfiskeftirlitsins er heimilt að fara um borð í öll fiskiskip og á hvern þann stað, þar sem fiskur er unninn. Einnig er þeim heimilt að taka sýnishorn af afla og athuga þau, og ber fiskkaupanda að veita aðstoð við þá athugun, ef þess er óskað.

## 43. gr.

Hægt er að skjóta ágreiningi, sem kann að rísa um störf eftirlitsmanna, til yfir-eftirlitsmanns og framkvæmdastjóra Fiskmatsráðs.

## VIII. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 44. gr.

Fiskvinnslustöðvum er óheimilt að taka fisk til vinnslu til manneldis úr fiskiskipum, sem ekki hafa gildandi hæfnisvottorð Ferskfiskeftirlitsins.



**1** Fiskverkanda ber að gæta þess, að fiskur, sem hann tekur til vinnslu, sé veiddur 13. jan. af skipum, sem hafa hæfnisvottorð.

45. gr.

Framleiðsla sjávarafurða til manneðis er bönnuð í fiskvinnslustöðvum, sem eigi hafa gildandi hæfnisvottorð.

46. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi II. og III. kafli reglugerðar nr. 35 15. marz 1956, um fiskmat.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 13. janúar 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

**2**

## REGLUGERÐ

14. jan.

**um nýja lánaflokka stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.**

1. gr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er heimilt að opna nýja lánaflokka í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu og hafa ekki á undanförunum árum fengið viðunandi fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda, er þau hafa ráðizt í.

2. gr.

Fjár til þessara lána getur stofnlánadeildin aflað með því að stofna til skuldar við Seðlabankann, enda sé svo um samið við viðskiptabanka þeirra fyrirtækja, er lán fá, að staða þessara banka gagnvart Seðlabankanum batni í samræmi við það. Lán Seðlabankans til stofnlánadeildarinnar skal endurgreiðast jafnört og lán hennar innheimtast.

3. gr.

Lán þessi skulu aðeins veitt gegn veði í framleiðslutækjum sjávarútvegsins og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis. Andvirði láns skal greitt á reikning viðskiptabanka þess, sem lánið ábyrgist, enda getur hann gert það að skilyrði, að lánsfénu sé varið til þess að greiða ákveðnar skuldir við hann eða aðrar skuldir til skamms tíma, sem hann ákveður.

4. gr.

Umsóknir um lán úr þessum lánaflokkum skulu lagðar fyrir viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis, sem leggur þær síðan fyrir stofnlánadeildina. Með lánsúmsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Eignar- og veðbókarvottorð, lóðarsamningur og önnur skilríki varðandi eignir fyrirtækisins.

2. Skoðunar- og matsgerðir á eignum fyrirtækisins, framkvæmdar af matsmönnum 2  
deildarinnar, sbr. 7. grein. 14. jan.
3. Vátryggingarskírteini eða óyggjandi vottorð um vátryggingu eigna fyrirtækisins.
4. Vottfestar upplýsingar um það, hverjum sé heimilt að skuldbinda fyrirtækið.
5. Rekstrar- og efnahagsreikningar fyrirtækisins síðastliðin tvö ár í því formi, sem stofnlánadeildin óskar.
6. Aðrar upplýsingar um rekstur og efnahag fyrirtækisins, sem óskað kann að verða eftir.

#### 5. gr.

Stofnlánadeildin skal hafa nán samráð við viðskiptabanka lánbeiðanda varðandi athugun á lánbeiðni hans. Skal stofnlánadeildin, að fengnum tillögum frá viðskiptabönkum, setja reglur varðandi það, hversu meta skuli fjárför fyrirtækja í því skyni að leysa úr lausafjárvandræðum þeirra. Lán úr stofnlánadeild skal því aðeins veitt, að stofnlánadeildin telji, að með því megi koma fjárhag lánbeiðanda á viðunandi grundvöll.

#### 6. gr.

Telji stjórn stofnlánadeildarinnar, að fengnum tillögum frá viðskiptabanka umsækjanda, þörf á ýtarlegri athugun á fjárhag umsækjanda áður en unnt verði að afgreiða lánbeiðni frá honum, getur hún tilkynnt það skiptaráðanda, og er þá hvers konar kyrrsetning eða aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til lánsúmsókn hefur verið afgreidd, þó aldrei lengur en til 31. desember 1961. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldþrotaskipta á því tímabili.

Frá því stofnlánadeild hefur sent ofangreinda tilkynningu til skiptaráðanda og þar til lánsúmsókn hefur verið afgreidd, þó ekki lengur en til 31. desember 1961, má lánbeiðandi ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánnum og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans.

#### 7. gr.

Matsnefnd skal meta þær eignir, sem í ráði er að veðsetja stofnlánadeildinni. Matsnefndin skal skipuð þrem mönnum, einum tilnefndum af stofnlánadeildinni, einum af fjármálaráðuneytinu og hinum þriðja af Landsbanka Íslands, viðskiptabanka, og Útvegsbanka Íslands sameiginlega. Matsnefndin getur með samþykki stjórnar stofnlánadeildarinnar skipað menn til þess að meta eignir á sínum vegum, enda skal hún endurskoða matið og staðfesta það.

Eignir skulu metnar til endurkaupverðs, að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því að hún varð til. Einnig skal við ákvörðun endurkaupsverðs taka fullt tillit til tæknilegs notagildis eignarinnar, t. d. hvort hún fullnægi nútíma kröfum varðandi afkastagetu, rekstrarhagkvæmni o. fl. Skal matsnefndin semja nákvæmar reglur um framkvæmd matsins, er staðfestar skulu af stjórn stofnlánadeildarinnar.

#### 8. gr.

Lán skulu aðeins veitt gegn veði með uppfærslurétti í fiskiskipum, vinnslustöðvum og vélum sjávarútvegsins og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi aðila. Stofnlánadeildin getur samið við viðskiptabanka um, að ábyrgð þeirra breytist úr einfaldri ábyrgð í sjálfskuldarábyrgð, ef, eða að svo miklu leyti, sem veð fyrir láni, sem er í vanskilum, reynist ófullnægjandi fyrir eftirstöðvum lánsins við uppboð.

Hámarkslán, að viðbættum öðrum lánnum, sem á hinum veðsettu eignum hvíla, skulu vera 70% af matsverði. Stofnlánadeildin getur þó lækkað þetta hlutfall, þegar

2 matið er að hennar dómi of hátt miðað við viðskiptalega aðstöðu fyrirtækis eða  
14. jan. staðsetningu, t. d. að því er varðar öflun hráefnis eða rekstrarkostnað.

Stofnlánadeildin getur, ef hún telur ástæðu til, krafizt sambærilegra veðréttinda og fylgt hafa þeim skuldum, sem greiðast af láni hennar, enda afli lántaki veðleyfa frá seinni veðhöfum.

#### 9. gr.

Hámarkslánstími skal vera sem hér segir: lán út á fasteignir 20 ár, lán út á skip 15 ár og lán út á vélar 10 ár, en innan þessara marka miðist lánstími við áætlaðan endingartíma hinna veðsettu eigna, og skal þá miðað við ástand þeirra, þegar lán er veitt. Á þetta jafnt við, þegar veð fyrir láni eru eitt eða fleiri, sömu tegundar eða blönduð.

#### 10. gr.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn stofnlánadeildarinnar að höfðu samráði við ríkisstjórn. Vextir greiðist eftir á á gjalddögum afborgana. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og eru reiknaðir af eldri lánaflokkum við stofnlánadeildina.

Skuldunautar skulu greiða jafnar afborganir og vexti tvisvar á ári með gjalddögum hinn 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Fyrsta afborgun fellur í gjalddaga 1. maí 1962, en vaxtagreiðslur hefjast strax á reglulegum gjalddögum.

Heimilt skal lántaka að greiða aukaafborganir af láni eða eftirstöðvar þess, hvenær sem er á lánstímanum.

#### 11. gr.

Skylt er lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt váttryggðar, að vel nægi fyrir áhvilandi lánum, og tekur veðréttur stofnlánadeildarinnar jafnan einnig til váttryggingarfjárins. Ef til útborgunar váttryggingarfjár kemur, getur stofnlánadeildin krafizt, að henni sé greidd beint upphæð, sem svarar áhvilandi láni eða lánum í deildinni, enda sé tekið fullt tillit til þeirra veðhafa, sem á undan eru í veðröð.

Öllum skuldunautum er skylt að láta stofnlánadeildinni í té afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum sínum í því formi, sem hún ákveður.

#### 12. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr stofnlánadeildinni komnar í gjalddaga án uppsagnar:

- a. Þegar tilskilið ársgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
- b. Við eigendaskipti að veði fyrir láni eða ef veðið ferst, er selt eða sett á uppboð.
- c. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi eða önnur atvik valda því, að lánið er eigi svo tryggt sem æskilegt er að dómi lánveitanda.
- d. Ef veðsettu skipi er ekki haldið út til fiskveiða eða fiskflutninga sex mánuði ár hvert eða fyrirtæki hættir störfum eða breytir svo rekstri sínum, að það fullnægir ekki ákvæðum laga um stofnlánadeildina, skal heimilt að segja öllu láninu upp til greiðslu með 14 daga fyrirvara.

#### 13. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga hefur stofnlánadeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 frá 1949, sbr. lög um veð frá 4. nóv. 1887, 3. gr.

Stofnlánadeildin getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboðið á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett í stofnlánadeildinni,

og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal henni gert aðvart svo tímanlega, 2  
að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið. 14. jan.

14. gr.

Skuldunautar stofnlánadeildarinnar eru skyldir til að fullnægja öllum kvöðum og skuldbindingum, sem á þá eru lagðar í lögum um stofnlánadeildina og í reglugerð þessari, með öllum þeim breytingum, sem kunna að verða gerðar á þeim ákvæðum, sem nú eru í gildi.

15. gr.

Reikningar stofnlánadeildarinnar skulu afgreiddir og úrskurðaðir á sama hátt og reikningar Seðlabankans.

Stofnlánadeildin er undanþegin opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánnum, sem deildin veitir eða tekur, eru undanþegin stimpilgjöldum, en lántaki greiðir annan lántökukostnað.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 1 5. janúar 1961, um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 14. janúar 1961.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Jónas H. Haralz.*

3

11. marz

## REGLUGERÐ

### um fiskveiðilandhelgi Íslands.


#### 1. gr.

Fiskveiðilandhelgi Íslands skal afmörkuð 12 sjómílum utan við grunnlínu, sem dregin er milli eftirtalinna staða:

1. Horn	66°27'4 n.br., 22°24'5 v.lg.
2. Ásbúðarrif	66°08'1 — 20°11'2 —
3. Siglunes	66°11'9 — 18°50'1 —
4. Flatey	66°10'3 — 17°50'5 —
5. Lágey	66°17'8 — 17°07'0 —
6. Rauðinúpur	66°30'7 — 16°32'5 —
7. Rifstangi	66°32'3 — 16°11'9 —
8. Hraunhafnartangi	66°32'3 — 16°01'6 —
9. Langanes	66°22'6 — 14°32'0 —
10. Glettinganes	65°30'6 — 13°36'4 —
11. Norðfjarðarhorn	65°10'0 — 13°31'0 —
12. Gerpir	65°04'7 — 13°29'8 —
13. Hólmur	64°58'9 — 13°30'7 —
14. Setusker	64°57'7 — 13°31'6 —
15. Pursasker	64°54'1 — 13°36'9 —
16. Yztiboði	64°35'2 — 14°01'6 —
17. Selsker	64°32'8 — 14°07'1 —
18. Hvitingar	64°23'8 — 14°28'1 —
19. Stokksnes	64°14'1 — 14°58'5 —
20. Hrollaugseyjar	64°01'7 — 15°58'8 —
21. Tvísker	63°55'6 — 16°11'4 —
22. Ingólfshöfði	63°47'8 — 16°38'6 —
23. Hvalsíki	63°44'1 — 17°33'7 —
24. Meðallandssandur I	63°32'4 — 17°56'0 —
25. Meðallandssandur II	63°30'6 — 18°00'0 —
26. Mýrnatangi	63°27'4 — 18°12'0 —
27. Kötlutangi	63°23'4 — 18°43'0 —
28. Lundadrangur	63°23'5 — 19°07'6 —
29. Geirfuglasker	63°19'0 — 20°30'1 —
30. Eldeyjardrangur	63°43'8 — 22°59'6 —
31. Geirfugladrangur	63°40'6 — 23°17'3 —
32. Skálasnagi	64°51'3 — 24°02'6 —
33. Bjargtangar	65°30'2 — 24°32'3 —
34. Kópanes	65°48'3 — 24°06'3 —
35. Barði	66°03'7 — 23°47'6 —
36. Straumnes	66°25'7 — 23°08'5 —
37. Kögur	66°28'3 — 22°55'8 —
38. Horn	66°27'9 — 22°28'5 —

Auk þess skulu dregnar markalínur í kringum eftirfarandi staði 12 sjómílur frá þeim:

39. Kolbeinsey	67°07'5 n.br., 18°36'0 v.lg.
40. Hvalbakur	64°35'8 — 13°16'7 —



ISLENZKU SJÓMELINGARNAR

**3** Loks skal dregin markalína í kringum Grímsey, 12 sjómilur frá yztu annesjum 11. marz og skerjum hennar.

Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

**2. gr.**

Í fiskveiðilandhelginni skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

**3. gr.**

Íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, skal heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 87 29. ágúst 1958.

**4. gr.**

Botnvörpuskip skulu hafa öll veiðarfæri í búlka innanborðs, þegar þau eru stödd á svæðum, sem þeim er óheimilt að veiða á.

**5. gr.**

Aflaskýrslur skulu sendar Fiskifélagi Íslands á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 55 frá 27. júní 1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

Nú telur sjávarútvegsmálaráðuneytið, að um ofveiði verði að ræða, og getur það þá takmarkað fjölda veiðiskipa og hámarksafla hvers einstaks skips.

**6. gr.**

Framkvæmd á reglugerð þessari skal hagað þannig, að hún sé ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

**7. gr.**

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum, eða ef um er að ræða brot, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100000.00.

**8. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, sbr. lög nr. 81 8. desember 1952, og fellur með gildistöku hennar úr gildi reglugerð nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

**9. gr.**

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. marz 1961.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

**REGLUGERÐ****4**  
11. marz

um breyting á reglugerð nr. 87 29. ágúst 1958, um viðauka við reglugerð nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

**1. gr.**

Aftan við 1. gr. reglugerðarinnar komi ný grein svo hljóðandi, og breytist greinatala í samræmi við það:

Íslenzkum skipum, sem veiða með botnvöru eða flotvörpu, skal heimilt, auk þess sem segir í 1. gr., að veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. reglugerð frá 11. marz 1961, á sömu stöðum og sömu tímum sem brezk skip mega stunda veiðar samkvæmt samkomulagi íslenzku og brezku ríkisstjórnanna frá 11. marz 1961.

**2. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. ákvæði 3. gr. reglugerðar frá 11. marz 1961, um fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. marz 1961.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*



5

3. jan.

## G J A L D S K R Á

## yfir rannsóknir, er Atvinnudeild Háskólans annast.

Samkvæmt lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúrurannsóknir, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Gjöld fyrir almennar rannsóknir, sem Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans annast, skulu vera sem hér segir:

## I. Almennar efnarannsóknir:

Brennsluefni (benzín og olíur), smurningsolíur o. fl.:

Aska .....	kr. 100.00—kr. 150 00
Anilin mark, diesel index .....	— 300.00
Blossamark P.M. ....	— 80.00
Blossamark, opið .....	— 80.00
Brunamark .....	— 100.00
Botnfall í kyndingarolíum (í skilvindu) .....	— 75.00
Brennisteinn, létt brennsluefni .....	— 250.00
Brennisteinn, diesel og fuelolíur .....	— 200.00
Brennisteinn, tærandi á koparræmu .....	— 80.00
Eðlisþyngd, með flotvog .....	— 50.00
Eðlisþyngd, með pyknometer .....	— 100.00
Extration með benzól .....	— 160.00
Gúm-innihald (benzín) .....	— 150.00
Gúm-innihald (steinolía) .....	— 180.00
Hitagildi — efra .....	— 200.00
Hitagildi — efra og brennisteinn .....	— 350.00
Hitagildi — neðra .....	— 300.00
Kæli-próf (cold test) .....	— 150.00
Kolefni (Conradson carbon) .....	— 200.00
Ljósbrót .....	— 60.00
Móðumark .....	— 100.00
Óleysanlegt í pentan og benzol .....	— 180.00
Rennslimark .....	— 140.00
Sáputala .....	— 200.00
Stigeiming (A.S.T.M.) .....	— 150.00
Sýrutala, alls .....	— 80.00
Tetraetyl-blý (TEL/Imp. gal.) .....	— 200.00
Vatn með toluol eða xylof .....	— 100.00
Vatn og óhreinindi, í skilvindu .....	— 60.00
Viskositet, Engler og Redwood .....	— 120.00
Viskositet, Höppler .....	— 150.00
Viskositet, index .....	— 220.00
Þynning (dilution) benzín .....	— 160.00
Þynning (dilution) dieselolía .....	— 200.00

## Fóðurefni:

Ammoníak .....	kr. 60.00
Aska .....	— 60.00
Aska og sandur .....	— 80.00

Fita (með soxhlet extraktion) .....	kr. 80.00	5
Fosfat (kolorim.) .....	— 100.00	3. jan.
Hráprotein .....	— 100.00	
Hreinprotein .....	— 150.00	
Kalium .....	— 100.00	
Kalsíum .....	— 100.00	
Karotin .....	— 200.00	
Meltanlegt protein .....	— 200.00	
Mjólkursýra í votheyi .....	— 150.00	
Reykularsýrur í votheyi, kromatogr. ....	— 150.00	
Sykurefni pr. ákvörðun .....	kr. 150.00	— kr. 200.00
Salt .....	— 60.00	
Sýrustig pH .....	— 50.00	
Tréni (samkv. Weende) .....	— 120.00	
Vatn (eða þurrefni) .....	— 50.00	
Vatn, aska, hráprotein, fita og tréni .....	— 370.00	
Vatn, salt, hráprotein, fita og aska .....	— 320.00	
Vatn, aska, hráprotein, fita og tréni, hreinprotein, meltanlegt protein ammoníak .....	— 760.00	
Efnagreining á fóðurmjöli til útflutnings:		
Fyrir mjölmagn innan við 100 tonn .....	— 350.00	
Fyrir mjölmagn innan við 500 tonn .....	— 500.00	
Fyrir mjölmagn 500 tonn og meira .....	— 600.00	
Gjald fyrir vottorð um efnagreiningu á útflutningsafurðum reikn- ast auk rannsóknar .....	— 100.00	
<b>Feiti og feitar olíur:</b>		
Bræðslumark .....	kr. 120.00	
Eðlisþyngd (pyknometer) .....	— 100.00	
Joðtala .....	— 130.00	
Ljósbrott (refraktive index) .....	— 60.00	
Litur (Lovibond einingar) .....	— 50.00	
Óbundnar fitusýrur .....	— 60.00	
Ósápuhæft .....	— 230.00	
Polenske tala .....	— 150.00	
Reichert-Meissel tala .....	— 150.00	
Sáputala .....	— 150.00	
Vatn og óhreinindi (í skilvindu) .....	— 50.90	
Vatnsinnihald (með toluol) .....	— 80.00	
Vegna útflutningsvottorða á lýsi reiknast auk gjalds vegna mælinga	— 100.00	
<b>Leir og steintegundir:</b>		
1. Vatn, óbundið og bundið (þurrkun við 105 og 180°C) pr. ákv.	kr. 60.00	
2. Glæðitap .....	— 80.00	
3. Kísilsýra .....	— 200.00	
4. Járn, alls .....	— 200.00	
5. Járn, ferró .....	— 100.00	
6. Alumíníum .....	— 300.00	
7. Títaníum .....	— 200.00	
8. Kalsíum .....	— 300.00	
9. Magníum .....	— 300.00	
10. Mangan .....	— 200.00	
11. Kalíum og natríum (aðgreint) .....	— 400.00	

5	12. Fosfat .....	kr. 300.00
3. jan.	13. Sulfat .....	— 200.00
	14. Kalk ( $\text{CaCO}_3$ ) með titringu .....	— 150.00
	15. Kalk og $\text{MgCO}_3$ (aðgreint) .....	— 200.00
	16. Brennisteinn, frír .....	— 200.00
	17. Brennisteinn (alls) í brennisteinsjárni .....	— 300.00
	Efnarannsókn 2—7 (Al og Ti ekki aðgreint) .....	— 600.00
	Efnarannsókn 2—9 (Al og Ti ekki aðgreint) .....	— 900.00
	Efnarannsókn 2—12 .....	— 1800.00
	Efnagreining á sementi án alkalímálma .....	— 1200.00

Gjald fyrir athuganir á steinefnum, sem og málmsteinum, sem ekki eru tilgreind hér, ákveðast við hliðsjón af ákvæðum þessa kafla og þeim tíma og kostnaði, sem slíkar athuganir krefjast.

#### Matvæli:

Aska .....	kr. 60.00—kr. 100.00
Aska og sandur .....	— 80.00
Alkalitet í ösku .....	— 60.00
Alkohol .....	— 100.00
Ammoníak .....	— 60.00
Eiturefni, prófun og rannsókn .....	frá — 200.00
Fita (extraktion) .....	kr. 100.00—kr. 120.00
Fosfat .....	— 100.00
Ilmoliur .....	— 250.00
Járn og önnur málm sambönd .....	pr. ákv. — 200.00
Kalsíum .....	— 100.00
Litarefni (prófun) .....	kr. 50.00—kr. 100.00
Prótein .....	— 100.00
Peroxid-tala .....	— 150.00
Salt (klorid-ákvörðun) <sup>1)</sup> .....	— 60.00
Smjörsturata .....	— 150.00
Sterkja .....	— 200.00
Sykur .....	— 150.00
Vatn .....	— 60.00
Vítamín A (beint) .....	— 75.00
Vítamín A (í smjörliki) .....	— 300.00
Vítamín A með sápun .....	— 250.00
Vítamín C með extraktion .....	— 180.00
Vítamín A Morton og Stubb með leiðréttinu ein mæling .....	— 250.00

#### Málmur og sambræðingur málma:

##### Alumíníum-sambræðingar:

Blý, tin, járn og zink .....	kr. 740.00
Blý, eir og tin .....	— 500.00
Járn, zink, nikkell og mangan .....	— 800.00
Mangan, silícium .....	— 400.00

##### Blý- og tin-sambræðingar:

Blý og tin .....	kr. 360.00
Blý, tin og antimon .....	— 550.00

1) Efnagreining á matarsalti reiknast pr. ákvörðun .. kr. 80.00—kr. 100.00  
Heildarrannsókn reiknast .....

Blý, tin, antimon, eir, zink og járn .....	kr. 900.00	5
Tin, antimon og arsen .....	— 600.00	3. jan.
Eir-sambræðingar:		
Eir og tin .....	kr. 360.00	
Eir, tin og antimon .....	— 550.00	
Eir og zink .....	— 360.00	
Eir og blý .....	kr. 360.00	
Eir, blý, tin, zink, járn og antimon .....	— 900.00	
Gull:		
Gull og silfur .....	kr. 400.00	
Gull, silfur og eir .....	— 600.00	
Steypujárn og stál:		
Kolefni (bundið og óbundið) .....	kr. 250.00	
Grafit .....	— 300.00	
Fosfór .....	— 250.00	
Brennisteinn .....	— 250.00	
Silícium .....	— 250.00	
Kolefni, silícium, brennisteinn fosfór, mangan .....	— 1000.00	
Zink-sambræðingar:		
Zink og blý .....	kr. 360.00	
Zink, eir og blý .....	— 550.00	
Zink, eir, blý, tin, járn og alumínium .....	— 900.00	

Gjald fyrir einstakar ákvarðanir, sem og ákvarðanir málma, sem ekki eru tilgreindir hér, reiknast yfirleitt kr. 200.00—250.00 fyrir hverja ákvörðun.

#### Sápur og þvottaefni:

Aska .....	kr. 80.00
Alkali eða feiti, óbundið .....	— 80.00
Alkalikarbonat .....	— 200.00
Alkalisilikat .....	— 250.00
Bleikiefni .....	— 150.00
Efni leysanlegt í alkohol .....	— 150.00
Efni óleysanlegt í vatni .....	— 120.00
Feitisyður, alls .....	— 200.00
Sulfaneruð sambönd, virk efni .....	— 200.00
Vatn .....	— 80.00

#### Vatn:

Ammoníak, prófun .....	kr. 50.00
Ammoníak, ákvörðun .....	— 100.00
Brennisteinsvetni, prófun .....	— 50.00
Brennisteinsvetni, ákvörðun .....	— 120.00
Bikarbonat .....	— 60.00
Fluorid .....	— 120.00
Harka H° .....	— 100.00
Hydroxyl .....	— 60.00
Járn .....	— 100.00
Klorid .....	— 80.00
Kalsíum .....	— 150.00
Kísilsýra (gravimetrisk) .....	— 200.00
Kísilsýra (kolorimetrisk) .....	— 150.00

5	Klór, óbundið .....	kr. 100.00
3. jan.	Kolsýra, alls .....	— 80.00
	Kolsýra, óbundin .....	— 60.00
	KP-tala (kalíum permanganattala) .....	— 120.00
	Magníum .....	— 150.00
	Mangan .....	— 150.00
	Nitrit .....	— 80.00
	Nitrat .....	— 80.00
	Natríum og kalíum (Flame photom.) .....	— 200.00
	Fosfat, kolorimetrískt .....	— 100.00
	Steinefni, alls .....	— 100.00
	Svifefni, grugg .....	— 100.00
	Sulfat .....	— 150.00
	Súrefni, óbundið .....	— 120.00
	Sýrustig, pH .....	— 50.00
	Viðnámsmæling .....	— 50.00
	Efnarannsókn varðandi hollustu o. fl. (NH <sub>3</sub> , NO <sub>2</sub> , NO <sub>3</sub> , Fe, H <sup>+</sup> F, KP-tala, pH) .....	— 600.00
	Efnarannsókn varðandi ketilvatn o. fl. ....	— 300.00
	<b>Ýmsar algengar ákvarðanir:</b>	
	Aska í fóðurefnum o. fl. ....	kr. 60.00
	Blossamark .....	— 80.00
	Botnfall í vökvum (í skilvindu) .....	— 50.00
	Bræðslumark .....	— 100.00
	Eðlisþyngd vökva í pyknometri .....	— 100.00
	Eðlisþyngd vökva með flotvog .....	— 50.00
	Eðlisþyngd vökva með Westphalvog .....	— 80.00
	Eðlisþyngd fastra efna í pyknometri .....	— 120.00
	Eiming með gufu (reykul efni) .....	— 150.00
	Extraktion í Soxhlet-áhalði .....	— 80.00
	Glæðitap .....	— 80.00
	Joðtala .....	— 130.00
	Köfnunarefni (Kjeldahl) .....	— 100.00
	Ljósbrott vökva (refractive index) .....	— 60.00
	Normal-upplausnir, lögung og innstilling (allt að 5 l) .....	— 200.00
	Prófun (kvalitatív) fyrir ýmsum málum o. fl. pr. prófun kr. 50.00—	kr. 100.00
	Raki, þurrkun eða 105°C .....	— 60.00
	Sáputala .....	— 150.00
	Stigeiming og eðlisþyngd til ákvörðunar vínanda .....	— 200.00
	Stigeiming (A.S.T.M.) .....	— 150.00
	Suðumark .....	— 100.00
	Sykur með polarimetri .....	— 100.00
	Sýrutala .....	— 60.00
	Sýrustig (pH) .....	— 50.00
	Vatn (með toluol) .....	— 100.00
	Viskositet .....	kr. 120.00—kr. 150.00

## II. Byggingarefnarannsóknir.

### Steinefni:

Ákvörðun á rúmþyngd .....	kr. 60.00
Ákvörðun á eðlisþyngd .....	— 120.00

Ákvörðun á raka .....	kr. 60.00	<b>5</b>
Blöndunarlínurit .....	— 100.00	3. jan.
Kornastærðadreifing í sandi .....	— 200.00	
Kornastærðadreifing í mól .....	— 250.00	
Kornastærðadreifing í ofaniburði .....	— 250.00	
Kleifni og hrökkni .....	— 500.00	
Lifræn óhreinindi (húmus) eitt sýnishorn .....	— 60.00	
Lifræn óhreinindi 2-n. pr. sýnishorn .....	— 30.00	
Leirákvörðun eitt sýnishorn .....	— 60.00	
Leirákvörðun 2-n. pr. sýnishorn .....	— 30.00	
Veðrunarprófun (með natríum sulfati) .....	— 950.00	
Þjoppunarpróf á ofaniburði (Proctorpróf) .....	— 550.00	
<b>Byggingarsteinar:</b>		
Afrétting .....	kr. 50.00	
Rúmþyngd og brotþol pr. stk. ....	— 150.00	
<b>Sement:</b>		
Burðarþols- og beygjutogþols-prófun (DIN) .....	kr. 900.00	
Burðarþols-prófun (A.S.T.M.) .....	— 750.00	
Myndheldni (suðuprófun) .....	— 200.00	
Myndheldni (28 daga próf) .....	— 160.00	
Prófpjálmi (Normalkonsistans) .....	— 200.00	
Yfirborðsmæling (Blaine) .....	— 160.00	
<b>Steinsteypa:</b>		
Afrétting á sýnishorni pr. sýnishorn .....	kr. 20.00	—kr. 30.00
Burðarþol og rúmþyngd, 10 cm teningar, minnst 3 stk. pr. stk. ..	— 25.00	
Burðarþol og rúmþyngd, 20 cm teningar .....	— 75.00	
Burðarþol og rúmþyngd, 15 × 30 cm sívaln. ....	— 60.00	
Loftinnihald í steypu .....	— 90.00	
Prófun á aðsendri steypu, keilusig, rúmþyngd, 7 daga og 28 daga burðarþol .....	— 250.00	
Prófsteypur, v/s-tala, rúmþyngd, keilustig, 7 daga og 28 daga burðarþol .....	— 500.00	
<b>Asfalt og tjara:</b>		
Bræðslumark (K og H) pr. mælingu .....	kr. 150.00	
Bindiefnisákvörðun (með extraktion) .....	— 300.00	
Emulsion (Pröver for Optöring) .....	— 100.00	
Stigeiming .....	— 250.00	
Viðloðun (einföld vatnsprófun) .....	— 150.00	
<b>Málmur:</b>		
Harka (Brinell eða Rockwell) minnst 3 prófanir á sýnishorni, pr. prófun .....	kr. 30.00	
Togþol: látmörk og brotmörk, minnst 2 prófanir, pr. prófun ..	— 150.00	
Togþol: látmörk, brotmörk E-stuðull, brotlenging með línuriti, minnst 2 prófanir, pr. prófun .....	— 300.00	
<b>Plastefni og einangrunarefni:</b>		
Rúmþyngd, minnst 3 mælingar .....	kr. 100.00	
Þrýstipól, minnst 3 mælingar .....	— 250.00	
Beygjutogþol, minnst 3 mælingar .....	— 90.00	
Gufubrýstni, minnst 3 mælingar .....	— 360.00	

5	Vatnsdrægni, minnst 3 mælingar .....	kr. 300.00
3. jan.	Varmaleiðslutala, ein mæling .....	— 800.00

### III. Gerla-, mjólkur- og smásjárrannsóknir.

Smásjárrannsóknir, án litunar .....	kr. 25.00—kr. 50.00
Smásjárrannsókn, með litun .....	— 50.00—kr. 100.00
Gerlatalning í mjólk, með smásjá .....	— 70.00
Gerlatalning í vatni, á agar og gelatine .....	— 125.00
Gerlatalning og cólí-títer í mjólk, rjóma og rjómais .....	— 150.00
Cólí-títer í vatni, forprófun .....	— 75.00
Cólí-títer í vatni, aðalprófun .....	— 100.00
Litprófun .....	— 40.00
Sýrustig í mjólk .....	— 25.00
Storchs-prófun .....	— 25.00
Fosfatase-prófun .....	— 100.00
Fosfatase-prófun (Sharer) .....	— 30.00
Eðlis-þyngd í mjólk .....	— 25.00
Feiti í mjólk .....	— 25.00
Klórítter .....	— 50.00
Þurrefni í mjólk .....	— 50.00
Katalase í smjöri .....	— 50.00
Niðursuðuvörur:	
1 dós, almenn rannsókn .....	kr. 50.00
2 og fleiri, geymsluþol .....	— 20.00

#### 2. gr.

- Gjald fyrir prófanir, sem ekki eru tilgreindar í þessari skrá, ákveðast með hliðsjón af sambærilegum prófunum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar athuganir krefjast.
- Gjaldskrá sú, er að framan greinir, miðast við að rannsókn fari fram á rannsóknastofum Iðnaðardeildar án óeðlilega mikils undirbúnings á sýnishornum þeim, sem rannsökuð eru.
- Vegna töku sýnishorna eða annarra starfa utan Atvinnudeildarinnar reiknast auk ferðakostnaðar fullt kaup sérfræðings og er þá miðað við almennan taxa Verkfræðingafélags Íslands. Undir ákvæði þessarar greinar falla og störf jarðfræðings Iðnaðardeildar, þar með talin vinna við skýrslu- og álitsgerðir vegna rannsóknarstarfa.

Greiðslur fyrir stærri rannsóknaverkefni jarðfræðirannsókna má semja um sérstaklega, fyrirfram, sé þess óskað.

#### 3. gr.

Deildarstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni er hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Afsláttur má vera sem hér segir:

Fyrir verkefni 10—30 þús. kr. samkv. gjaldskrá .....	10%
— — 30—60 — — — — .....	20%
— — yfir 60 — — — — .....	25%

#### 4. gr.

Gjöld fyrir rannsóknir, er Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans annast skulu vera sem hér segir:

**I. Skordýrarannsóknir:**

5

3. jan.

1. Skordýr og önnur meindýr ákvörðuð til dýraflokka eða tegundar ..... kr. 50.00—kr. 200.00
2. Rannsókn á matvælum, plöntum og fleiri vörum, hvort meindýr séu eða ekki:
  - a. smásendingar ..... — 100.00
  - b. húsgögn eða stærri sendingar ..... — 200.00
  - c. einstakar plöntur ..... — 75.00

**II. Jurtasjúkdómarannsóknir.**

Ákvörðun sjúkdóms á aðsendu sýnishorni ..... kr. 100.00—kr. 200.00

**III. Skoðun vöru (sbr. reglugerð með innflutningi plantna o. fl., þegar**

heilbrigðisvottorð vantar) ..... kr. 500.00—kr. 1000.00

Ofangreint verð miðast við að rannsókn fari fram í Atvinnudeild Háskólans. Verði skoðun á vöru, gróðri o. s. fr. að fara fram utan Atvinnudeildar, skal reikna útlagðan ferðakostnað og kaup sérfræðings.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 15. janúar 1961 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá yfir rannsóknir, er Atvinnudeild Háskólans annast, nr. 20 16. febrúar 1955, ásamt breytingu á þeirri gjaldskrá, nr. 98/1858.

*Atvinnumálaráðuneytið, 3. janúar 1961.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**G J A L D S K R Á**

6

5. jan.

**fyrir Rafveitu Gerðahrepps.**

**I. RAFORKA**

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 3.30 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.25 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 15.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 5.00 af fermetra á ári.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

Um kwst.mæli á 75 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 6.25 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal teljast sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.



- 6 Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup> má miða við sameiginlegt  
5. jan. flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

### C. Vélantöknun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.85 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 315.00 til 375.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengndum vélum 75 aura hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.:
  - a. Um kwst.mæli á 55 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
  - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 3.25 hver kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en á 55 aura hver kwst. utan þeirra tíma.
  - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 3.25 hver kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á 59 aura hver kwst. utan þessa tíma.
4. Um mæli á kr. 687.50 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess 38 aura á notaða kwst.
5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl, má selja þannig: Um mæli á kr. 440.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna og auk þess 38 aura á notaða kwst.

### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 35 aura hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 12 aura hver kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.

### *Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina, og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra, og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

### E. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 95 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.85 hverja kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst., er straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á 30 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 8.30 og kr. 1.85 hverja kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
4. Til gatnalýsingar á 80 aura hverja kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal setja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (Báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um verulega aukningu frá vetrarnotkun að ræða.

Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

## II. MÆLALÆIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 5.00 á mánuði
2. — þrífasa mælum upp að 50 amp. ....	— 6.75 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....	— 16.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	— 22.50 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald innan lögsagnarumdæmis Gerðahrepps skal miða við rúmmál húsa á þann hátt, sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug .....	kr. 1500.00
— — jarðlínuheimtaug .....	— 2250.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 3.25 af hverjum rúmmetra húss allt að 700 rúmmetrum og kr. 1.25 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Verði breyting á fasteignamati um meira en 10% frá því, sem nú er, þegar gjaldskrá þessi er samþykkt, breytast gjöldin í samræmi við það. (Fasteignamat gert kr. 1250.00 rúmmeter).

Heimtaug fellur í gjalddaga þegar að tengingu lokinni. Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar, og gildleiki víra meira en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 25.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

## V. SÖLUSKATTUR

3% söluskattur er innfalinn í gjaldskrá þessari.

## VI. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10% — tíu af hundraði — án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

6 Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur samið og samþykkt, stað-  
5. jan. festist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12  
2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum  
þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Gerðahrepps nr. 138 10.  
október 1958.

*Atvinnumálaráðuneytið, 5. janúar 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

7

7. jan.

## REGLUGERÐ

**um heimilishjálp í Öngulsstaða-, Saurbæjar- og Hrafnagilshreppi.**

1. gr.

Öngulsstaðahreppur, Saurbæjarhreppur og Hrafnagilshreppur reka sameiginlega heimilishjálp í viðlögum, og fela kvenfélögum hreppanna framkvæmd hennar samkvæmt reglugerð þessari.

Umsjón með starfsemi heimilishjálparinnar hefur framkvæmdanefnd, skipuð þrem konum, einni úr hverjum hreppi, sem kvenfélögin tilnefna.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem framkvæmdanefndin metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundar sakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla, eða af öðrum ástæðum. Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt lengur en 14 daga í senn, ef þörf er fyrir starfskrafta heimilishjálparinnar á öðrum heimilum.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálpar. Ber framkvæmdanefndinni að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpin stunda á hennar vegum, séu hæfar til starfsins, og ekki haldnar smitandi sjúkdómum. Launakjör þeirra eru háð samþykki oddvita aðildarhreppanna.

4. gr.

Ekki bera sveitarsjóðir aðildarhreppanna fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er konur þær, sem vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

5. gr.

Framkvæmdanefndin skal kynna sér eftir föngum ástæður þeirra heimila, sem hjálpar óska, og ráðstafa hjálparstúlku þangað sem þörfin virðist mest hverju sinni. Telji nefndin mjög brýna þörf fyrir heimilshjálp á fleiri en einu heimili samtímis, er henni heimilt að útvega viðbótarstarfskrafta til bráðabirgða, séu þeir fánlegir með kjörum, sem oddvitar samþykkja.

6. gr.

Nú er ekki þörf fyrir fastráðna starfstúlku heimilishjálparinnar samkvæmt 2. gr., og er þá framkvæmdanefndinni heimilt að veita heimilishjálp vegna orlofs húsmóður eða hvíldardvalar utan heimilis, enda setji þá fyrir slíkri hjálp þær húsmæður, sem erfiðasta aðstöðu hafa og mesta þörf fyrir hvíld að dómi nefndarinnar.

## 7. gr.

7

Fyrir heimilishjálþ samkvæmt reglum þessum skulu þeir, sem hjálparinnar njóta, greiða daggjald, sem svarar til  $\frac{1}{2}$  launa ráðinnar starfsstúlku á hverjum tíma, auk fæðis og húsnæðis. Gefa má eftir greiðslu þessa að einhverju eða öllu leyti, ef framkvæmdanefnd telur nauðsynlegt og oddvitar samþykkja.

7. jan.

## 8. gr.

Reikningshald vegna heimilishjálparinnar annast oddvitar hreppanna til skiptis eftir samkomulagi, og skulu reikningarnir endurskoðaðir með hreppsreikningum.

## 9. gr.

Halli sá, er verður af heimilishjálþ veittri samkvæmt reglum þessum, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði, en  $\frac{2}{3}$  úr sveitarsjóði viðkomandi hreppa, og skiptist í hlutfalli við íbúatölu.

Heimilt er hreppsnefndum aðildarhreppanna að setja nánari reglur um fjárreiður og framkvæmd heimilishjálparinnar eftir því sem þurfa þykir.

## 10. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða ef einhver hreppsnefndarmanna óskar. Náist ekki samkomulag á ný innan eins árs, getur hreppsnefndin sem er, sagt upp samstarfi hreppanna um heimilishjálþ, og fellur þá þessi reglugerð úr gildi, þegar uppsagnarfrestur starfsstúlku er liðinn og áfallinn rekstrarhalli greiddur.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefndir Öngulsstaðahrepps, Saurbæjarhrepps og Hrafnagilshrepps hafa samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálþ og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1961.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Selfoss.

8

10. jan.

### I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.20 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 95 aura hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 17.00 á ári af fermetra gólfplatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfplatar.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

## 8

## B. Almenn heimilisnotkun.

10. jan. Um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 12.00 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 6.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Leiga af mælinum er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup>, má reikna með þeirri meðalstærð.

## C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.70 hverja kwst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 345.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá, auk orkugjaldsins, fastagjald er nemi kr. 12.00 á ári á hvern fermetra gólf-flatar, í rúmi því er lýsa skal.

2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:

- |                                  |                       |
|----------------------------------|-----------------------|
| a. Grunnjald .....               | 900.00 kr. á ári.     |
| b. Aflgjald af notuðu afli ..... | 900.00 — á kw. á ári. |
| c. Orkugjald .....               | 24 aura hverja kwst.  |

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaks-árs. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung og álestrar fari fram sem næst mánaðamótum.

Mælsleiga er innifalin í grunnjaldinu.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

- |  |                      |
|--|----------------------|
| a. Grunnjald .....                             | 900.00 kr. á ári.    |
| b. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla ..... | 690.00 — — —         |
| c. Orkugjald .....                             | 24 aura hverja kwst. |

Mælsleiga er innifalin í grunnjaldinu.

## D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 21 eyri hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst í senn.

2. Um kwst.mæli á 13 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 7.

Minnsta árgjald skal vera sem svarar 2000 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækis.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á diselolíu á Selfossi, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1550.00 verði á oliutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á líð D1 og 0.6 eyri hver kwst. á líð D2 fyrir hverjar fullar 75 kr., sem oliutonnið hækkar eða lækkar.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.*

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

### E. Önnur raforkunotkun.

8

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 70 aura hverja kwst., enda sé notkunin seld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.70 hverja kwst.
3. Til bökunarofna og fasttengdra tækja í brauðgerðarhúsum, og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 24 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til 22, eða um tvgjaldsmæli á 24 aura hverja kwst., frá kl. 22 til 8 og á kr. 1.70 hverja kwst. frá kl. 8 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

10. jan.

Alla raforkunotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

### II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 5.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 8.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. ....	— 15.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 100 amp. ....	— 20.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug .....	kr. 1200.00
— — jarðlínuheimtaug .....	— 1800.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 4.00 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 2.00 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Heimtaugargjald fellur í gjalldaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 m, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og/eða gildleiki víra meiri en 70 fermm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 40 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafar-

- 8  
10. jan. laust, og verður hún ekki enduropnuð fyrir en notandinn hefur greitt 40 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

### V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreynti öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Selfoss, nr. 155 6. nóvember 1958.

*Atvinnumálaráðuneytið, 10. janúar 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

- 9  
11. jan.

### REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Höfðahrepps, Höfðakaupstað.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar í Höfðakaupstað.

#### 2. gr.

Vatnsveitunefnd skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn, sem kosnir eru af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn. Annast hún öll framkvæmdastörf, endurbætur, viðhald og umsjón með eignum vatnsveitunnar í samráði við hreppsnefnd.

#### 3. gr.

Hver sá sem vill komast í samband við vatnsveitu hreppsins, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

#### 4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsleiðslur liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella lætur umsjónarmaður gera það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt eða tengigjald á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, er vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

## 5. gr.

Hver sá er veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Engum er heimilt án leyfis vatnsveitunefndar og brunaliðsstjóra að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

## 6. gr.

Skylt er sérhverjum að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óþægindi og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir, samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

## 7. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar og hafi auk þess greitt kr. 500.00 — fimm hundruð krónur — í stofngjald.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín, og annast viðhald þeirra.

Skylt er húseigendum að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveituna, án leyfis vatnsveitunefndar.

## 8. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Höfðahrepps, sem vatn er leitt í úr vatnsveitunni, annarra en þeirra er um ræðir í 9. gr., skal greiða vatnsskatt árlega er sé 1% af fasteignamati húsanna, þó aldrei minna en kr. 100.00 — eitt hundruð krónur — fyrir hvert hús, og aldrei minna en kr. 70.00 — sjötíu krónur — fyrir hverja íbúð í fjölbýlishúsi, sem er sérstök eign.

## 9. gr.

Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem verksmiðjur, baðhús þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús, frystihús o. fl., skal greiða vatnsskatt 2% af fasteignamati húsanna ef ekki er greiddur sérstakur vatnsskattur vegna rekstursins, sem vatnsveitunefnd skal heimilt að leggja á og áætla, sé vatn ekki selt eftir mæli samkv. 10. gr., en sé svo skal greiða vatnsskatt af húsverði slíkra húsa eða fyrirtækja samkv. 8. gr.

## 10. gr.

Auk vatnsskatts þess, er um getur í 8. og 9. gr., skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1. Fyrir hverja smálest innvegins fiskjar til vinnslustöðvar .....	kr. 1.00
2. Fyrir hverja uppsaltaða síldartunnu .....	— 0.75
3. Fyrir hvern kjötskrokk af kind í slátur .....	— 0.25
4. Af hverjum krana í gripahúsi .....	— 25.00
5. Fyrir hverja smálest til skipa .....	— 20.00
6. Fyrir hvern stórgrip sem slátrað er í sláturhúsi .....	— 1.00
7. Fyrir hverja smálest vatns, ef selt er eftir mæli .....	— 1.00

## 11. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að hækka eða lækka vatnsskatt þennan allt að 50% — fimmtíu af hundraði.



9

12. gr.

11. jan. Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast oddviti eða sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu 2 ár á eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00 — eitt þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1961.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

---

*Hallgrímur Dalberg.*

10

## G J A L D S K R Á

12. jan.

fyrir vatnsveitu Garðahrepps.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Garðahrepps, sem virt eru fasteignamati og standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Garðahrepps, sem svo er ástatt um, sem getur í 1. gr. gjaldskrár þessarar, skal greiða tengigjald kr. 2000.00 af hverju húsi.

Þá skal greiða árlegan vatnsskatt, að upphæð 2% af fasteignamati húss. Þó skal aldrei greiða minna en kr. 500.00 af hverri íbúð.

Hús þau, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skulu greiða aukavatnsskatt kr. 1.50 fyrir hvern rúmmetra vatns samkvæmt vatnsmæli eða áætlun vatnsveitunnar.

Nú er hús tekið í notkun án þess að fasteignamat þess hafi farið fram, og skal þá greiða í vatnsskatt kr. 3.00 fyrir hvern rúmmetra íbúðarhúsnæðis.

3. gr.

Gjald fyrir uppsetningu vatnsmæla:

5—7	rúmmetra mælir	.....	kr.	400.00
10—20	—	—	.....	800.00
50—80	—	—	.....	2000.00

Leiga fyrir vatnsmæla:

5—7	rúmmetra mælir	.....	kr. 250.00 á ári.
10—20	—	—	..... — 300.00 — —
50—80	—	—	..... — 800.00 — —

10  
12. jan.

Gjald fyrir enduropnun heimæðar kr. 100.00, þó eigi lægra gjald en kostnaði nemur hverju sinni.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húss síns og hefur vatnsveitan lögveð í húseigninni til tryggingar greiðslu skattsins.

5. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%, án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrimur Dalberg.*

## BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Garðahrepp.

11  
14. jan.

### I. KAFLI

#### Stjórn byggingarmála.

1. gr.

1. Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni hreppsins undir yfirstjórn sveitarstjórnar.
2. Lóðareiganda eða lóðarleigjanda er heimilt, er honum þykir rétti sínum hallað með ályktuninni, að skjóta henni til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðs.

Nú greinir byggingarnefnd og sveitarstjórn á um afgreiðslu máls, sker þá stjórnarráðið úr.

3. Byggingarnefnd sér um, að byggingarsamþykktinni sé fylgt.

2. gr.

1. Byggingarnefnd skipa 3 menn, kosnir af sveitarstjórn árlega. Samtímis skal kjósa 3 menn til vara.
2. Byggingarnefnd heldur fund einu sinni í mánuði hverjum, eða oftari, ef formaður ákveður. Reglulegir fundir skulu að jafnaði haldnir fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Málefni, sem koma eiga fyrir byggingarnefnd, skulu koma til formanns byggingarnefndar fyrir hádegi þriðjudags næstan fyrir fundinn.
3. Nefndin heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir.

11  
14. jan.

Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktunum meiri hlutans, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.

Allir viðstaddir nefndarmenn undirrita gerðabókina í fundarlok.

4. Gerðabókinni fylgi glögg skrá, svo gerð, að greinilega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um einstaka fasteign og önnur atriði, er hún tekur til meðferðar.
5. Enn fremur haldi nefndin bréfabók og dagbók yfir öll bréf, er henni berast, og yfir bréf, er hún sendir frá sér.

3. gr.

1. Sveitarstjórn skipar byggingarfulltrúa. Hann er fulltrúi byggingarnefndar og hefur á hendi daglegt eftirlit með því, að fyrirmælum byggingarsamþykktar sé fylgt.

Byggingarfulltrúa skal launa úr sveitarsjóði, en byggingarnefndin setur honum erindisbréf, er sveitarstjórn samþykkir.

2. Byggingarfulltrúi skal undirbúa öll mál, er lögð verða fyrir byggingarnefnd.
3. Bæjarverkfræðingur eða byggingaverkfræðingur skal árita alla útreikninga og uppdrætti viðvíkjandi burðarþoli í byggingunum.

Lóðarskráritari eða byggingarfulltrúi skal afmarka allar stefnur húsa og girðinga, svo og hæð götu og lóðar við húshlið.

4. Byggingarnefndarmenn og byggingarfulltrúi skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

## II. KAFLI

### Byggingarleyfi.

4. gr.

1. Hver sá, er reisa vill hús, breyta því, gera girðingu eða önnur mannvirki á lóð sinni, skal senda byggingarnefndinni skriflega beiðni um það, og skulu henni fylgja tvíritaðir uppdrættir af hinu fyrirhugaða mannvirki, eftir mælikvarða 1:100, og tvirituð lýsing af öllu því, sem ekki sést greinilega á uppdráttum eða nauðsynlegt er til sönnunar því, að mannvirkið fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar og þeim reglum, sem settar eru. Ef mannvirki er stærra á einhvern veg en svo, að fyrir komist í fyrirskipaða pappírsstærð eftir mælikvarða 1:100, má gera yfirlitsuppdrátt eftir minni mælikvarða.
2. Uppdrættir að húsi sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

Á uppdrætti skal rita öll aðalmál í metramáli og til hvers nota skuli hvert einstakt herbergi, svo og hæð á neðsta gólfi í hlutfalli við götuhæð og jarðhæð.

Sé hús í samfelldri húsaröð, skal á uppdrætti sýna hluta af aðliggjandi húshliðum.

3. Séruppdrætti skal gera af:

- a) járnbentri steinsteypu og fleiru viðvíkjandi burðarþoli í byggingum; fylgi útreikningar, þar sem reiknað er með meiri notþunga en venjulegum íbúðarhúsanoþunga, skal þess getið á uppdráttum og hve mikill hann er;
- b) fyrirkomulag vatns- og skolpveitna og hita-, gas- og rafmagns-lagna um fyrirhugað hús, að því og frá því, allt eftir nægilega stórum mælikvarða;
- c) sérstökum hlutum húss eða mannvirkis, eftir svo stórum mælikvarða, að vinna megi eftir þeim, ef byggingarfulltrúi krefst þess.

Séruppdrætti samkvæmt þessum lið þarf ekki að senda með beiðninni um byggingarleyfi, heldur nægir, að þeir séu samþykktir af byggingarfulltrúa og

afhentir í tæka tíð, að hans dómi (sbr. 20. gr. 2.1.). Byggingarfulltrúi áritar séruppdrættina í umboði byggingarnefndar.

Ef afrennsli frá kjallaragólfi í fyrirhuguðu húsi nær ekki til göturæsis á venjulegan hátt, skal uppdráttur af skolpleiðslu frá húsinu þó fylgja beiðninni um byggingarleyfi.

4. Þegar um breytingar á húsi er að ræða, skal uppdráttur sýna gerð og lögum þess fyrir og eftir breytinguna.
5. Uppdráttur af girðingum, auglýsingaspjöldum og öðrum mannvirkjum skulu glögglega sýna gerð þeirra.
6. Hverri beiðni um byggingarleyfi skal einnig fylgja tvírtaður uppdráttur af lóð þeirri, er byggja skal á, eftir mælikvarða 1:500, eða 1:1000 þar sem annað er ekki til, og sýni hann afstöðu til gatna og nágrannalóða, ásamt öllum mannvirkjum, sem fyrir eru í 20 metra fjarlægð frá lóðinni, og skal rita flatarmál lóðar og byggingar á uppdráttinn. Á uppdrættinum skal og sýnt, hvernig haga skuli aðgangi að húsinu, ef það stendur ekki við götu eða torg.
7. Uppdrættir allir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að ekki máist letur eða drættir við geymslu. Stærð þeirra skal vera  $42.0 \times 59.4$  eða  $59.4 \times 84.1$  cm, og sé á hverjum uppdrætti afmarkaður  $7 \times 10$  cm reitur til áritunar fyrir byggingarnefnd og dreginn mælikvarði.

Fylgi meira en eitt uppdráttarblað sömu beiðni, skal tölusetja öll blöðin og rita á hvert þeirra, við hvað uppdrátturinn á.

Standi alveg sérstaklega á, má byggingarfulltrúi leyfa að gera uppdrætti á stærri blöð en að framan er getið, þó í sömu hlutföllum.

8. Uppdrættir og útreikningar skulu gerðir af sérmenntuðum mönnum — húsa-meisturum, verkfræðingum eða iðnfræðingum.  
Sá, sem uppdrátt gerir eða útreikning, skal undirrita hann með eigin hendi enda beri hann ábyrgð á, að árituð mál séu rétt og að uppdráttur og útreikningar séu í samræmi við settar reglur.
9. Byggingarfulltrúi tekur, fyrir hönd byggingarnefndarinnar, við öllum beiðnum um byggingarleyfi.

Hann athugar, að hverri beiðni fylgi nægilegir uppdrættir og lýsingar og leggur hana síðan fyrir byggingarnefnd ásamt tillögum sínum.

10. Umsækjanda skal tilkynna bréflega, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið.  
Byggingarleyfi skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttar síðan afhent byggingarleyfisbeiðanda gegn greiðslu byggingarleyfisgjalds. Hitt eintakið leggist í skjalageymslu nefndarinnar.

11. Ekki má nota fengið byggingarleyfi fyrr en byggingarfulltrúa hefur verið tilkynnt, hver múrarmeistari sjái um múrsmíði, og hver húsasmíðameistari um trésmíði. Þessar tilkynningar skal rita á eyðublöð, sem byggingarfulltrúinn lætur í té.

12. Ekki mega aðrir en meistarar, sem hlotið hafa löggildingu byggingarnefndar, hafa umsjón með múr- eða trésmíði, hver í sinni iðn.

Byggingarnefnd má með samþykki sveitarstjórnar setja nánari reglur um þekkingu meistara, sem takast á hendur þessa umsjón.

Meistarar í hvaða grein sem er bera ábyrgð á, að allt verk, sem undir þá heyrir, sé vel af hendi leyst, í samræmi við reglugerðir, samþykktir og lög, og að í öllu sé farið eftir samþykktum uppdráttum. Ekki má meistari á nokkurn hátt breyta eða láta breyta verki, sem heyrir undir annan meistara (sbr. 24. gr. 3.1. og 25. gr. 14.1.).

Meðan á smíði stendur er meisturum skyft að hafa jafnan til taks á vinnustaðnum nothæf eftirrit af samþykktum uppdráttum, árituðum af byggingar-

- 11** fulltrúa. Verði meistari sekur um mjög stórfellt eða ítrekað brot á byggingarsamþykkt, má byggingarnefnd neita að taka hann gildan til umsjónar með smíði.
14. jan. 13. Byggingarleyfi veitir ekki heimild til framkvæmda, er koma í bága við byggingarsamþykkt, enda þótt samþykktur uppdráttur kunni að sýna eitthvað slíkt (sbr. 8. lið).
14. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan árs frá leyfisveitingu.

## 5. gr.

1. Áður en byrjað er að vinna að byggingu húss eða mannvirkis, skal sá, sem sér um verkið, tilkynna það byggingarfulltrúa. Sé hætt vinnu við húsbbyggingu lengri tíma en 2 vikur, eða vegna frosta, skal tilkynna byggingarfulltrúa áður en verk er hafið að nýju (sbr. 17. gr. 6. lið). Meðan á verkinu stendur, skal enn fremur með sólarhrings fyrirvara tilkynna byggingarfulltrúa:
  - a) Hvenær byrjað verði á undirstöðu eða byggingu húss.
  - b) Hvenær rakavarnarlög verði gerð.
  - c) Hvenær grind eða þak er reist.
  - d) Hvenær timburgólf verði lögð á bita.
  - e) Hvenær járn verði lögð í járnbenta steypu.
  - f) Hvenær byrjað verði á hitaeinangrun gólfa, veggja og lofta.
2. Viðvíkjandi alls konar pípulögnum í húsum skal senda byggingarfulltrúa þær tilkynningar, sem fyrirskipaðar eru eða verða í sérstökum reglugerðum eða samþykktum.
3. Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við smíði húsa og annarra mannvirkja, skal vera nægilega traustur, og fullnægja kröfum lögreglunnar (lögreglusamþykktar).  
Húsasmíðameistari ber ábyrgð á smíði alls slíks útbúnaðar, og verði settar sérstakar reglur um gerð hans, skal meistarinn sjá um að farið sé eftir þeim.
4. Húsasmíðameistarar bera ábyrgð á, að steypumót séu gerð svo traust og þétt, að þau skekkist ekki eða leki steypunni, þegar hún er látin í þau.
5. Múrarmeistari ber ábyrgð á því, að allar járnbindingar séu samkvæmt uppdráttum, plötubykktir séu réttar og steypugæði eins og áskilið er skv. 18. og 19. gr.  
Ofangreinda vinnu má ekki framkvæma að múrarmeistara fjarverandi, nema hann feli það öðrum fagmanni, en þrátt fyrir það ber hann ábyrgð á verkinu.
6. Mótum má ekki raska eða taka utan af steypu fyrr en hún hefur náð nægum styrkleika, sbr. 18. gr.
7. Húsasmíða- og múrarmeistarar skulu sjá um, að á steyppt loft, bita, stiga eða palla verði ekki lagður verulegur þungi á meðan steypan er að harðna.  
Þurfi nauðsynlega að nota nýsteyppt gólf, t. d. við uppsetningu móta, skal gæta ýtrustu varúðar að ofreyna ekki steypuna á einn eða annan hátt.
8. Ekki má taka neitt nýbyggt hús til afnota fyrr en fengið er vottorð byggingarfulltrúa um, að það sé fullgert og fullnægi kröfum byggingarsamþykktarinnar. Sama gildir um viðbyggingu og verulegar breytingar á eldri húsum.
9. Hafi breytingar verið gerðar á áður samþykktum uppdráttum, skal áður en vottorð er gefið, afhenda byggingarfulltrúanum uppdrætti, er sýni bygginguna, eins og gengið er frá henni.
10. Byggingarfulltrúi má gefa út bráðabirgðaleyfi til þess að taka hluta af húsi til afnota, ef húshlutinn er gerður samkvæmt samþykktum uppdráttum og fullnægir settum reglum.

## III. KAFLI

## Lóðir.

11

14. jan.

## 6. gr.

1. Hverju húsi, sem ætlað er fyrir íbúðir, skrifstofur eða vinnustofur, skal fylgja óbyggð lóð, er sé áföst við byggðu lóðina, og fer minnsta stærð hennar eftir vegg hæð hússins (sbr. 12. gr.).
2. Lágmarksstærð óbyggðrar lóðar í hlutfalli við heildarstærð:

Vegg hæð húsa m	Íbúðarhús %	Sambyggð verzl- eða iðnaðarhús %
allt að 3.5	70	50
3.5—5.0	75	50
5.0—7.0	80	50
7.0—10.0	80	55
10.0—13.0		60
13.0 og hærrí		65

Að öðru leyti segir skipulagsuppráttur fyrir um stærði húsa á lóðum.

3. Þar sem byggingarreitir og lóðir eru svo bundnar samkvæmt skipulagi, að reglum í 2. lið verði ekki við komið, er byggingarnefndinni heimilt að veita nauðsynlegar undanþágur frá þeim.
4. Á óbyggða lóð, er fylgir húsi, má byggingarnefnd leyfa að gera skýli fyrir bifreiðar, reiðhjól, barnakerrur o. fl., enda sé hæð þeirra ekki meiri en 2.50 að þaki meðtöldu, svo og garðhús og gróðurhús, allt að 2.20 m há, enda sé samanlagður grunnflötur þessara bygginga ekki stærri en svo, að eftir sé óbyggður helmingur af flatarmáli allra bygginga á lóðinni.
5. Undir óbyggðar lóðir húsa má byggingarnefnd leyfa að gera geymslukjallara, enda séu þeir vatnsheldir og svo frá lofti gengið, að það þoli þá umferð og þau þyngsli, sem til greina koma, og yfirborðshæð í samræmi við yfirborð lóðar eða aðliggjandi gatna. Slíkir kjallarar skulu vera að minnsta kosti 1.80 m á hæð frá gólfi að bita eða lofti. Séð skal um næga birtu og yfirborðs-  
vatni veita út í göturæsi.

## 7. gr.

1. Bil milli húsa, sem annaðhvort eða bæði eru ætluð fyrir íbúð, skrifstofu eða vinnustofur, má eigi vera minni en vegg hæð herra hússins að viðbættum jarð-  
hæðarmun, ef lóð hallar að herra húsinu, og skal ávallt miðað við hæstu vegg-  
hæð, sem leyfð er á hverjum stað, þótt lægra sé byggt. Bilið má þó aldrei vera minna en 6.0 m.
2. Í eldri hlutum bæjarins, þar sem lóðir eru þegar svo bundnar, að ákvæðum í 1. lið verði alls ekki við komið, má byggingarnefnd veita nauðsynlegar undan-  
þágur (sbr. 6. gr. 3.1.).

## 8. gr.

1. Inn á hverja lóð skal vera greiður aðgangur frá götu og að hverju húsi á bak-  
lóð Byggingarnefnd ákveður um hverja lóð, hvaða ráðstafanir skulu gera, svo  
að nægilegt rými sé fyrir slökkvitól og björgunartæki, ef eldsvoða ber að hönd-  
um, og getur hún heimilað sameiginlegan gang frá götu fyrir fleiri en eitt hús.
2. Gangur í gegnum hús, sem ætlaður er gangandi fólki eða til þess að fara um  
með brunaslöngu, skal vera að minnsta kosti 1.20 m á breidd og 2.20 m á hæð,  
en gangur, sem ætlaður er til umferðar með bifreiðar, eigi mjórri en 2.50 m

11  
14. jan.

- og ekki lægri en 3.20 m og sé gólf hans stallalaust. Öll mál eru innanmál, og frágangur skal vera eldtraustur í hólfi og gólf. Hurðir mega þó vera úr tré.
3. Ganga og óbyggðar lóðir, sem ætlaðar eru til umferðar eða til afnota fyrir slökkviliðið, má ekki nota til neins konar geymslu, heldur skal þar ávallt vera vel greiðfært og nægilega hjart.

9. gr.

1. Ekki má skipta lóð eða húseign, nema hver hluti fullnægi ákvæðum byggingarsamþykktar, enda komi til samþykki byggingarnefndar.
2. Samþykki nefndarinnar þarf og til þess að breyta lóðarmörkum vegna skipulags eða hentugra fyrirkomulags húsa á lóðum, sem liggja saman.

10. gr.

1. Lóðir og lönd skal girða á þann hátt, er byggingarnefnd samþykkir.
2. Ekki má girða með grjótgörðum, eða öðrum girðingum með slíkri gerð, að rottur og mýs geti átt fylgsni í þeim og ekki með gaddavír, nema sérstaklega standi á, og þá með leyfi byggingarnefndar.
3. Hurð eða hlið á girðingu má aldrei opnast út á götu eða gangstétt.

IV. KAFLI

Viðhorf húsa til gatna.

11. gr.

1. Hæð húsveggja, er snúa að götu, skal ávallt telja frá gangstétt í götulínu, eins og hún verður þegar gatan er fullgerð. Sé gatan með halla, getur byggingarnefndin ákveðið að byggja skuli hús með stöllum, eftir ákvörðun nefndarinnar í hvert skipti. Liggi hús að fleiri en einni götu má miða hæðina við þá götu, er lengsta hlið snýr að, eða við breiðari götuna, séu hliðar jafnlangar, en séu göturnar í mismunandi hæð, skal miða hæðina við þá götu, er lægra liggur, nema byggt sé með stöllum.
2. Vegg hæð húss telst á miðju húsi frá gangstétt, eins og ákveðið er í 1. lið þessarar greinar, að skurðlínu milli þaks og veggflatar, en sé rishalli á þaki, eða hluta þess meiri en 45°, eða sé kvistur á þaki, skal bæta við vegg hæðina mestu hæð, sem verður fyrir ofan línu dregna með 45° halla frá skurðlínu milli þaks og veggflatar.
3. Vegg hæð húss við götu fer eftir ákvæðum skipulags bæjarins, en má þó aldrei vera meiri en götubreidd (sbr. 7. gr.), nema með sérstöku samþykki sveitarstjórnar.
4. Sé forgarður við hús, má telja hann til götubreiddar, er ákveða skal mestu vegg hæð, en halli lóð eða götu, skal telja hæðarmuninn frá götulínu að húshlið með vegg hæðinni.
5. Við torg, opin svæði og á gatnamótum má byggingarnefndin leyfa að byggja gafla, turna og þess háttar hærra en ákveðið er í 3. lið.

12. gr.

1. Hús og girðingar, sem standa í götulínu við gatnamót eða torg, skal hornsneiða þannig, að minnst 2 metrar séu numdir af hvorri hlið, mælt frá horni, enda sé sniðlínar aldrei styttri en 2 metrar.
2. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef byggingarlag mannvirkis eða aðrar ástæður mæla með því og það veldur ekki tálmunum á götu-umferð.

## 13. gr.

11

1. Allar byggingar skulu að utan svo gerðar, málaðar eða húðaðar, að sæmilegar séu útlits. 14. jan.
2. Sé hús rífið eða það eyðist af öðrum orsökum, svo að ber veggur eða gafl komi í ljós, skal hann gerður að utan svo fullnægi kröfum þeim, sem gerðar eru í 1. lið.
3. Sé um friðaðar byggingar að ræða, skal algerlega óheimilt að breyta þeim á nokkurn hátt, nema réttir aðilar leyfi.

## 14. gr.

1. Útitróppur skulu að öllum jafnaði gerðar úr steypu eða steini eða álíka haldgóðu efni. Á þeim séu handrið sem þörf krefur, til þess að umferð sé hættulaus (sbr. 30. gr.).
2. Þrep út að götu má ekki ná meira en 25 cm út fyrir götulínu, enda sé óteppt af gangstétt 1.60 m. Horn séu sneidd.
3. Birúprær og aðrar þrær í gangstéttum séu lokaðar í gangstéttarhæð með hæfilegum, þéttum og nægilega sterkum umbúnaði. Þær mega ekki ná lengra út í gangstétt en svo, að nægilegt rými sé þar eftir fyrir pípulagnir, síma- og rafmagnsþræði o. þ. h.
4. Þar sem nauðsyn krefur skal afrennsli gert frá hvers konar þróm í sambandi við göturæsi.

## 15. gr.

1. Minni háttar framskot, súlur, bönd o. fl. til skrauts á húsum mega ná til jarðar, ef þau taka ekki nema 20 cm út fyrir húshlið í götulínu, en sé forgarður að götu, mega þau ná allt að  $\frac{1}{3}$  af dýpt hans út fyrir húshlið, en þó mest 80 cm.  
Að öðrum kosti skal vera minnst 3.00 m að þeim frá jörð, og ekki mega slík framskot, bönd o. fl. ná lengra út fyrir húshlið í götulínu en nemi  $\frac{1}{20}$  af götubreidd og mest 80 cm.
2. Lokuð framskot (karnap) mega ekki vera nær lóðarmörkum en 1.60 m og samtalin breidd þeirra ekki meiri en  $\frac{1}{3}$  af lengd húshliðar. Þó má leyfa slík framskot á lóðarmörkum, ef þau eru áföst við álíka framskot á nágrennahúsi. Að öðru leyti skulu þau fullnægja ofangreindum ákvæðum (sbr. 1. lið).
3. Byggingarnefnd er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum í 1. og 2. lið, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi með tilliti til skipulagsuppdráttar.
4. Gólf í veggsvölum séu vatnsheld og vatni veitt af þeim í göturæsi.  
Af þökum framskota skal veita vatni í göturæsi.
5. Leyfa má að setja hlífðarþök úr gleri út úr húshliðum, enda séu minnst 4.00 m undir þau frá jörð og vatni veitt af þeim í göturæsi.
6. Hurðir mega ekki opnast út á götu eða gangstétt, og ekki gluggar, nema undir þá séu minnst 2.00 m.  
Sama gildir um óbyggð svæði milli húsa og götulínu, ef ákveðið er til breikkunar á götu síðar.

## V. KAFLI

## Efni til húsagerðar.

## 16. gr.

1. Hús, sem framvegis verða reist, skulu gerð úr steinsteypu, steini eða öðru eldtraustu efni, nema annað verði sérstaklega ákveðið um einstök hverfi eða bæjarhluta.
2. Í sundurlausri byggð má byggingarnefnd þó leyfa að gera einlyft íbúðarhús úr timbri, enda sé grunnflötur húss ekki stærri en 150 fermetrar, ef íbúð er aðeins á einu gólfi, en 100 fermetrar, sé íbúð á tveim gólfum.



## 11

14. jan .

1. Steinsteypa til húsagerðar skal gerð úr portlandssementi eða annari viðurkenndri sementstegund, sandi og mól eða grjótmulningi, í ákveðnum hlutföllum eftir rúmmáli. Skal blanda efnunum vel saman og láta hreint vatn í blönduna, svo að hún verði hæfilega rök.
2. Sement skal vera þurr og óskemmt og fullnægja þeim kröfum, sem almennt eru gerðar til þeirrar vöru eða settar verða með sérstakri reglugerð.
3. Sandur skal vera hreinn, laus við mold, hvers konar lífræn efni, mýrarrauðu, jarðsýrur og salt. Sandkorn mega ekki vera stærri en svo, að þau fari í gegnum sigti með 8 mm möskvavidd.

Sandblandan skal vera þannig samsett, að minnst 20% og mest 70% af sandinum fari í gegnum sigti með 1 mm möskvavidd og minnst 55% og mest 90% í gegnum sigti með 33 mm möskvavidd.

4. Mól og grjótmulningur skal vera úr grásteini, eða ekki lakara efni, og laus við öll óhreinindi (sbr. 3. lið). Hver einstakur steinn skal vera það stór, að hann fari ekki í gegnum sigti með 8 mm möskvavidd og ekki stærri en svo, að hann fari í gegnum sigti með 60 mm möskvavidd, eða 30 mm möskvavidd, ef um járnbenta steypu er að ræða.
5. Á byggingarstað skulu vera stíur til geymslu á efni í steinsteypu svo að hver tegund haldist vel aðgreind frá annarri. Frá stíunum skal þannig gengið, að ekki mokist upp jarðvegur með efninu.
6. Ekki má steypa húsvegg né nokkurn hluta húsa úr frosnu efni eða í frosti, nema með sérstökum varúðarráðstöfunum, sem byggingarfulltrúinn tekur gildar, og hafi steypuvinnu verið hætt vegna frosta, má ekki byrja vinnu aftur, nema fengið sé til þess leyfi byggingarfulltrúa (sbr. 15. gr. 1. lið og 18. gr. 5. lið).

## 18. gr.

1. Steinsteypa í veggjum og undirstöðum skal ekki vera lakari en svo, að 1 hluti sements komi móti  $3\frac{1}{2}$  hlutum sands og 5 hlutum malar eða mulnings,  $1:3\frac{1}{2}:5$ .  
Járn bent steinsteypa skal ekki vera lakari en svo að 1 hluti sements komi á móti 3 hlutum sands og 3 hlutum malar og mulnings,  $1:3:3$ .
2. Steypu í undirstöður og oplausum minnst 30 cm þykkum kjallaraveggjum má drýgja með hreinum, ósprungnum og vættum steinum, er nemi allt að 40% af rúmmáli steypunnar. Enginn einstakur steinn sé þó stærri á nokkurn veg en hálf þykkt undirstöðunnar, eða veggjarins og liggi ekki nær mótunum en 5 cm, og sé þannig komið í móti, að hvergi snerti steinn annan, heldur sé minnst 3 cm þykk steypa milli einstakra steina.
3. Járn, sem notað er í járn benta steypu, skal vera hreint og óskemmt. Laust ryð skal strjúka af því. Hvert einstakt járn skal nákvæmlega beygt og því svo fyrir komið, sem uppdráttur eða lýsing segir til um. Járnin skulu vendilega bundin saman, svo ekki færast úr skorðum, þegar steyp er.
4. Steypustyrktarjárnin mega ekki vera nær yfirborði steypu en 1 cm í plötu og 1.5 cm í bitum og stoðum innanhúss, en utan húss skal bæta minnst  $\frac{1}{2}$  cm við fyrrgreint mál.

Áður en úttekt byggingarfulltrúa á járnlögn fer fram, skal öllum járnnum komið fyrir í réttar skorður, með þar til gerðum steinsteypuflögum og stólum úr steypustyrktarjárn, er tryggir örugglega rétta fjarlægð járnanna frá yfirborði steypu.

Á líkan hátt skal séð fyrir því, að öll járn í bitum haldist innbyrðis í réttum skorðum, eins og uppdrættir gera ráð fyrir. Bil milli járna í bitum sé minnst 2 cm, en þó aldrei minna en þvermál járnanna. Séu járnin í fleiri lögum, skal vera minnst 1 cm bil milli laganna.

5. Steypu skal helzt hræra í hrærivél, í minnst 1 mínútu frá því síðasta efnið er komið í vélina. Verði ekki hjá því komið að handhræra steypu, þá skal auka sementið um 20%. Þess skal gæta sérstaklega, að steypa verði ekki óþarflega vatnsborin. Múrarmeistari skal ávallt hafa viðurkennt sigmál á byggingarstaðnum, til þess að prófa mýkt steypunnar. 11 14. jan.

Fyrir venjulega járnþenta steinsteypu til íbúðarhúsagerðar er 6—10 cm sig hæfilegt, en sé sig meira en 15 cm er steypan óþarflega vatnsborin.

6. Mót má ekki taka utan af steypu fyrr en teningsstyrkleiki hennar er um 160 kg/cm<sup>2</sup>, og er þá miðað við teninga, sem eru 10 cm á kant, og steypublöndu 1:3:3.

Á þeim tíma árs, sem frosts er ekki að vænta, er ekki nauðsynlegt að steypa teninga til prófunar á styrkleika steypunnar, sé eftirfarandi reglum fylgt:

1. Veggmót og hliðarmót á bitum má taka burt eftir 3 sólarhringa.
2. Burðarmót fyrir plötur og bita má taka burt eftir (4+4 1) sólarhringa, þar sem 1 táknar minnsta haf plötu eða lengsta haf bita í metrum.
3. Súlumót má taka burt eftir (2+2H) sólarhringa, þar sem H táknar hæð súlu í metrum.

Ofangreindar reglur miðast við, að hiti sé minnst + 3°C. Þá sólarhringa, sem hiti er lægri en + 3°C, skal ekki telja með.

Þess skal þá ávallt gætt að hafa öryggisstoðir undir plötum og bitum minnst 2 vikur, eftir að mót eru tekin burt. Öryggisstoðum skal koma fyrir áður en mót eru tekin burt. Slíkar ráðstafanir skal gera í samráði við byggingarfulltrúa.

Á þeim tíma árs, sem frosts má vænta, má ekki byrja á steypuvinnu, ef hitastig er lægra en + 3°C, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar, sem byggingarfulltrúi tekur gildar, til þess að forða steypunni frá skemmdum, skyldi hitastig lækka til muna.

Á þessum tíma árs er múrarmeistara skylt að hafa á byggingarstaðnum minnst 6 teningsmót, 10 cm á kant, til þess að steypa teninga til prófunar á styrkleika steypunnar, áður en mót eru tekin burtu. Teninga þessa skal steypa að byggingarfulltrúa viðstöddum, og skal geyma 4 þeirra við sömu skilyrði og hinn steypa hluta mannvirkisins, en tvo þeirra innanhúss, þar sem þeir verða ekki fyrir áhrifum frosts.

Sé fljótharðnandi sement notað í staðinn fyrir venjulegt portlandssement, má taka mót af steypunni þegar hún hefur náð áðurgreindum teningsstyrkleika.

Á þeim tíma árs, sem ekki er krafizt að steypa teninga til prófunar á steypu, má rífa mót utan af steypunni fyrr en framangreindar reglur gera ráð fyrir, samkvæmt þeim upplýsingum, sem verksmiðjan er framleiðir sementið, gefur um eiginleika þess og gæði. Slíkar ráðstafanir skal gera í samráði við byggingarfulltrúa.

#### 19. gr.

1. Með sérstöku leyfi byggingarnefnda má nota önnur efni til húsagerðar en gert er ráð fyrir í þessari samþykkt, svo og annað byggingarlag.
2. Með leyfi nefndarinnar má og blanda steinsteypu öðruvísi en ákveðið er í 17. og 18. gr., ef efni og steypa eru rannsökuð í viðurkenndri rannsóknarstofu og vottorð liggja fyrir um gæðin.
3. Synji byggingarnefnd um slík leyfi, má umsækjandi áfrýja máli sínu með venjulegum hætti.

## VI. KAFLI

## Undirstöður.

## 20. gr.

1. Grafa skal fyrir undirstöðum allra burðarveggja eða gera aðrar ráðstafanir, svo að þær standi á föstum botni, enda sé minnst 1.25 m niður fyrir þær frá lægsta jarðveg við húsið fullgert, nema föst klöpp sé ofar.
2. Ekki má byrja á undirstöðum fyrr en byggingarfulltrúi hefur skoðað botninn og fallið á, að gerð undirstaða sé nægjanlega traust með tilliti til botnsins, stærðar hússins og fyrirhugaðrar notkunar þess.

Ef byggingarfulltrúa þykir ástæða til, getur hann krafizt rannsóknar á burðarþoli botns og útreikninga á undirstöðum. Verkfræðingur samþykkir slíka útreikninga (sbr. 3. gr. 3. lið).

3. Undirstöður skal hlaða úr grjóti og múra með sementi eða gera úr steinsteypu.
4. Ef byggt er á lóðarmörkum, mega undirstöður ekki ná inn á nágrennalóð, nema með samþykki eiganda hennar.

Séu tvö hús eða fleiri reist áföst og ekki samtímis, eða sé hús reist í pörtum, skal ganga svo frá undirstöðum, að komið verði í veg fyrir skemmdir vegna missigs.

## VII. KAFLI

## Steinsteyp t hús.

## 21. gr.

1. Alla múraða og steypia veggj skal verja gegn jarðraka með því að leggja í þá vatnsheld rakavarnarlög úr efni, sem byggingarfulltrúi tekur gilt. Í kjallara-gólf, eða í neðsta gólf á húsi, sem er kjallaraalaust, skal og leggja slíkt rakavarnarlag.
2. Rakavarnarlag í veggj skal leggja þannig:
  - a. Í alla veggj, sem ekki liggja að kjallara, 8—12 cm fyrir ofan jarðvegshæð, en þó neðan neðsta gólfs í húsi, eitt lag.
  - b. Á alla kjallaraveggj í hæð við rakavarnarlagið í kjallaragólfi, eitt lag.
  - c. Í alla kjallaraveggj, sem liggja að jörð, tvö lög, eins og tilgreint er í a- og b-lið.
3. Alla kjallaraveggj, sem liggja að jörð, skal verja gegn jarðraka á milli rakavarnarlaga (sbr. 2. lið c) á þann hátt, sem byggingarfulltrúi samþykkir.
4. Í stað þeirra rakavarna, sem nefndar eru í 1.—3. lið þessarar greinar, má steypa veggj og gólf að öllu leyti úr vatnsheldri steinsteypu.
5. Þar sem ekki er kjallari undir húsi, skal gæta þess að lífræn efni í grunnstæðinu geti ekki valdið skemmdum á húsinu, enda sé bil milli jarðvegs og gólfs vel loftræst.

## 22. gr.

1. Þykkt og gerð veggja í steinsteypum húsum skulu háðar útreikningi sérfróðs manns (sbr. 4. gr. 3. og 8. lið), nema um venjuleg ójárnbent íbúðarhús sé að ræða, ekki hærri en þrjúft, og sé engin hæðin meiri en 2.75 metrar, mæld af gólfi og á. Portveggur telst hæð.
2. Í slíkum húsum má veggjaþykkt útveggja vera minnst 21 cm á efstu hæð og 2 cm meiri fyrir hverja hæð, sem neðar dregur. Undir gluggum ofan kjallara skal heimilt að þynna veggj í allt að 14 cm, enda séu járn lögð í efri brún steypunnar milli stöpla.
3. Burðarveggir innanhúss í nefndum húsum skulu ekki vera þynnri en 12 cm á efstu hæð og 2 cm þykkari fyrir hverja hæð, sem neðar dregur.

4. Allar veggjaþykktir eru miðaðar við mál í steypumótum, áður en steipt er í þau, og ákvæðin í 2. og 3. lið gilda því aðeins að bil milli burðarveggja sé hvergi meira en 5.25 metrar eftir breidd hússins og 10 metrar eftir lengd þess, að burðarveggir allir hvíli á undirstöðum, að enginn veggjastöpull sé mjórri en  $\frac{1}{3}$  hluti af samanlagðri vidd opanna beggja megin við hann, og að járnþent steinsteypa sé höfð yfir veggjaopum.
5. Sé hús reist á lóðarmörkum skal vera eldvarnarveggur út að nágrannalóð, og má hann ekki vera sameiginlegur fyrir tvö hús, nema þau séu byggð samtímis.
6. Standi hús á nágrannalóð, nær lóðarmörkum en 3.15 m og án eldvarnarveggs, skal gera eldvarnarvegg við nýja húsið, ef ekki er minnst 6.30 m bil milli húsa, nema eldvarnarveggur verði jafnframt gerður við eldra húsið.
7. Þar sem nú er sameiginlegur eldvarnarveggur milli tveggja húsa, má ekki rífa hann, meðan annað húsið stendur.
8. Við hús, sem nú stendur nær lóðarmörkum en 3.15 m eða nær nágrannahúsi en 6.30 m og er án eldvarnarveggs, skal gera slíkan vegg þegar aðalviðgerð fer fram á því.
9. Eldvarnarveggur skal vera úr steinsteypu og minnst 18.5 cm á þykkt, en á honum mega ekki vera gluggar, dyr eða önnur op. Ekki má heldur gera raufar í vegginn, fyrir pípur né annað, nema minnst 18.5 cm þykkt sé eftir óskert af veggnum frá þeirri hlið, er snýr að nágrannalóð. Bitar úr járn eða tré mega ekki ná lengra inn í vegginn en hér var sagt.
10. Eldvarnarveggur skal ná minnst 15 cm upp fyrir þak hússins, og skal svo frá honum gengið að ofan, að vatn geti ekki sigið í hann. Á tvílyftum húsum eða lægri skal þó nægja, að eldvarnarveggur nái þétt upp að yztu þakklæðningu.

### 23. gr.

1. Alla útveggi íbúðarherbergja skal einangra gegn hitatapi, þannig að tapið verði ekki meira en 1 hitaeining á klukkustund um 1 fermetra stóran veggjaflöt fyrir hvert hitastig, er mismunar úti og inni. Sama gildir um kjallaragólf í íbúðarherbergjum og loft- og gólfplötur, sem útiloft liggur að.
2. 7 cm þykkar, vel þurrar vikurplötur fullnægja í útveggi, sem gerðir eru samkvæmt ákvæðum 22. gr. um veggjaþykktir. Sé veggjaþykkt eða veggjagerð önnur en þar um ræðir og þar sem annað efni er haft til einangrunar, skal færa sönnur á einangrunargildi veggjarins.

### 24. gr.

1. Öll gólf og loft í steinsteypum húsum skulu gerð úr járnþentri steinsteypu og samkvæmt uppdráttum og útreikningum (sbr. 4. grein 3. og 8. lið).
2. Við útreikning á járnþentum gólfum og loftum í íbúðarhúsum skal reikna notþunga á gólfum 200 kg/m<sup>2</sup> og þunga steypunnar 2400 kg/m<sup>3</sup>.
3. Heimilt skal vera að leggja pípur fyrir rafmagnsþræði í járnþenta steypu, sé það gert um leið og steipt er, en bannað er að koma þar fyrir vatns-, hitaveitu- eða skolppípum. Þar sem slíkar lagnir þurfa að fara í gegnum járnþenta steypu, skal gera op fyrir þær um leið og steipt er. Aldrei má bora eða höggva göt eða raufar í járnþentar plötur, bita, súlur eða veggi, né aðra burðarveggi, nema sérstök nauðsyn krefji og komi þá til leyfi byggingarfulltrúa, er gerir viðeigandi varúðarráðstafanir.

## II

14. jan.

## VIII. KAFLI

## Timburhús.

## 25. gr.

1. Í timburhúsum, sem leyfð kunna að verða samkvæmt heimild í 16. gr. 2. lið, skulu stoðir í útveggjum þakhæðar og næstu hæðar þar fyrir neðan ekki vera grennri en  $10 \times 10$  cm og á hæð þar niður af  $10 \times 12.5$  cm, en hornstoðir  $12.5 \times 12.5$  cm, enda sé hvorug hæðin meira en 3.0 m mælt að bita og á, og bil milli burðarveggja ekki meira en 4.25 m.
2. Í burðarveggjum innanhúss skulu stoðir á þakhæð og næstu hæð þar fyrir neðan ekki vera grennri en  $7.5 \times 10$  cm, og á hæð þar niður af  $10 \times 12.5$  cm, enda sé hvorug hæðin meira en 3.0 m.
3. Sé lofthæð meiri en 3.0 m og allt að 3.5 m eða bil milli burðarveggja allt að 5.25 m, skulu stoðir vera 2.5 cm gildari á annan veginn en tiltekið er í 1. og 2. lið. Sé hæðin meiri en 3.5 m eða bilið meira en 5.25 m, skal leggja fram sérupprátt að húsgrind, er verkfræðingur áritar.
4. Stigahúsveggi skal gera eins og burðarveggi innanhúss.
5. Nota má stoðir með öðrum gildleika en tiltekið er í undanförunum liðum, ef samur er styrkleikinn.
6. Stoðir í öllum veggjum skulu ekki vera strjálí en svo, að ein stoð komi á 1.2 m í vegg lengd að meðaltali, og hvergi má vera meira bil milli stoða en 1.6 m.
7. Samanlögð breidd glugga- og dyraopa má ekki fara fram úr helmingi vegg lengdar, nema byggingarnefnd samþykki sérupprátt.
8. Undir bita á grunn eða kjallara komi aurslá, er sé fest við hann með jarnboltum, og sé hún ekki grennri en stoðirnar í veggnum upp af. Aursláin skal varin gegn fúa með efni, sem byggingarfulltrúi tekur gilt.
9. Ofan á bita komi undirstokkur, jafnbreiður og stoðir og ekki þynnri en 6 cm, og þar ofan á stoðirnar. Þar sem stoð stendur milli bita, skal fella tré undir hana milli undirstokks og aurslár eða vegg lögju.
10. Milli allra stoða í vegg sé að minnsta kosti eitt þverband og í hverjum vegg minnst 2 sniðbönd. Þverbönd, sniðbönd, vegg lögjur og syllur skulu vera úr jafngildum við og stoðir.
11. Bitar í gólfum séu ekki strjálí en svo, að bilið milli þeirra mælt að miðju og á, sé 85 cm, að meðaltali og hvergi meira en 1 m.
12. Gildleika bita má reikna eftir formúlunni  $bXh^2=300XeX1^2$ , þar sm b táknar breidd bitans, h hæð hans, hvorttveggja í centimetrum, en e bilið milli bita, mælt af miðju og á, og 1 bilið milli burðarveggja, hvorttveggja í metrum.  
Breidd bita má þó aldrei vera minni en  $\frac{2}{5}$  af hæð hans ( $b=0.4$  h), nema stífur séu látnar milli bita í efri og neðri brún, ekki grennri en  $10 \times 5$  cm, og skal slíkur frágangur háður samþykki byggingarfulltrúa. Sé hæð bita minni en  $\frac{1}{20}$  af bili milli burðarveggja, skal leggja fram útreikning, er sýni, að svignun bitans sé minni en 1:270 af lengd hans.
13. Bitaré mega ekki vera með barkhornum á meira en hálfa lengd bitans, og flötur í toppendanum að minnsta kosti helmingur af óskertum þverfleti hans.
14. Ekki má skerða burðarþol bita með því að gera í þá raufar eða göt, en þar sem aukabitar koma í bita, skal styrkja þá svo burðarþolið rýrni ekki vegna tappa-gatsins.
15. Máttarvið í húsgrindum skal vandlega festa saman á venjulegan hátt og auk þess með jarnum (sinklum), og samþykki byggingarfulltrúinn fráganginn.
16. Utan á grind útveggja komi klæðning úr 2.5 cm þykkum borðum, þappi og listar og síðan bárujárn, ekki þynnra en nr. 26 B.W.G. eða annað skjólefni, er byggingarnefnd tekur gilt. Klæðning og járn sé vandlega neglt.

17. Innan á útveggi komi pappi og minnst 1.8 cm þykk borð eða annað ekki lakara efni. 11
18. Á grind innveggja skal þilja á sama hátt og innan á útveggi, en sleppa má pappalaginu. 14. jan.
19. Enginn veggur milli íbúðarherbergja má vera lakari en svo, að þil úr 1.8 cm þykkum borðum, eða lag úr ekki lakara efni, sé hvoru megin og 5.0 cm renningar á milli.
20. Í öll bitalög skal setja milligólf úr borðum milli bita og ofan á það tróð úr efni, sem byggingarfulltrúi tekur gilt. Sé notað þungt efni í tróðið, má byggingarfulltrúi krefjast þess, að notaðir séu gildari bitar en ákveðið er í 12. lið þessarar greinar.
21. Ofan á bita skal gera gólf úr minnst 3.2 cm þykkum, hefluðum og plægðum borðum. Sé gólfíð haft úr harðviði, eða sé það gert úr fleiri borðalögum, má byggingarfulltrúi leyfa að nota þynnri borð.
22. Neðan á bita skal þilja með minnst 1.8 cm þykkum borðum. Í einbýlishúsum skal byggingarfulltrúa samt heimilt að leyfa að sleppa þessari klæðningu og þá einnig milligólfi, svo að loftið verði með sýnilegum bitum að neðan.

## IX. KAFLI

### Þök.

#### 26. gr.

1. Sperrur og skambita í þökum með pappa- eða hárujárnsklæðningu má reikna eftir formúlunni  $bXh^2=140XeX1^2$ , en  $bXh^2=155XeX^2$ , ef klætt er með steini, skífu eða annarri álíka þungri klæðningu. Í formúlunni þýðir  $b$  breidd og  $h$  hæð trésins í centimetrum, en  $e$  fjarlægðin milli sperra, mælt af miðju og á, og 1 hafið milli undirstaða, mælt á loftbitum, eða lofti, þverbeint niður undan sperrum, hvort tveggja í metrum.
2. Bilið milli sperra, mælt af miðju og á, má ekki vera meira en 1 metri, ef klætt er með hárujárni eða pappa, og ekki meira en 80 cm, ef klætt er með steini, skífu eða annarri þungri klæðningu.
3. Ef um stór þök er að ræða eða sérstaklega stendur á, getur byggingarnefndin krafizt burðarþolsreikninga.
4. Sperrur skulu hvíla á syllum eða vegglægjum og festar við þær, en þær séu tryggilega festar við burðarveggi hússins eða efsta gólf, og skal frágangur slíkur, að útvegg húss geti ekki stafað hætta af útspyrnuátaki þaksins.
5. Utan á sperrur komi súð úr 2.5 cm þykkum borðum og þar utan á bikpappi, en síðan skal klæða með hárujárni, ekki þynnra en nr. 24 B.W.G., eða öðru eldtraustu efni, sem byggingarnefnd samþykkir.
6. Byggingarnefnd má leyfa að nota pappa í yztu þakklæðninguna á steinsteypt hús í sundurlausri byggð, enda gæti nefndin þess, að gerð pappans sé slík, að ekki stafi sérstök eldhætta af, og sé þyngd hans minnst 2 kg á fermetra. Enn fremur skulu þau skilyrði sett, að súð sé úr plægðum borðum, að þakhalli sé ekki meiri en 1:3 og að pappinn sé allur fastlímdur við súðina.
7. Ef íbúð er á þakhæð undir súð, skal setja þil á milli sperra ag skambita um miðja hæð þeirra og síðan ganga frá þaki að innanverðu eins og frá útveggjum timburhúsa (sbr. 25. gr. 17. lið), en fylla bilið milli þilveggjarins og innri klæðningar með tróði, er byggingarfulltrúi tekur gilt.
8. Í samfelldri húsaröð má enginn kvistur vera nær lóðamörkum en 3.15 m.
9. Ónotað rúm milli efsta lofts og þaks skal hæfilega loftræst, svo ekki safnist

11  
14. jan.

þar saggi, og sé íbúð undir súð, skal hitaæinangra loftið eftir fyrirmælum byggingarfulltrúa (sbr. 23. gr.).

10. Á öll þök húsa skal setja nægilega víðar og hallamiklar þakrennur og úr þeim veggrennur í samband við göturæsi eða afrennslikerfi hússins.
11. Á hús, sem eru við almannafæri og eldri en þessi samþykkt, en eru þakrennulaus, skal setja þak- og veggrennur, eins og segir í 10. lið, áður en eitt ár er liðið frá gildistöku samþykktarinnar. Sama gildir um hús, þar sem þak- og veggrennur eru í ónothæfu standi (sbr. 26. gr. lögreglusamþykktar).
12. Snjógrindur skal setja á þök og króka til festingar á stigum eða köðlum, ef byggingarfulltrúi telur þess þörf og byggingarnefnd krefst þess,

## X. KAFLI

### Reykháfar og eldfæri.

27. gr.

1. Reykháfar í húsum skulu hlaðnir úr brenndum múrsteini eða gerðir úr steinsteypu og standa á fastri undirstöðu. Reykháfur má aldrei hvíla á timburgólfi.
2. Reykháfar mega ekki hallast meira en  $15^\circ$  frá lóðréttri línu og aldrei út yfir stiga. Byggingarnefnd getur þó leyft meiri halla á reykháf, ef sérstaklega er um beðið, og fylgi séruppdráttur og útreikningur.
3. Reykháfur skal að jafnaði vera ferstrendur, veggþykkt eigi minni en 12 cm og innanmál 15 cm á hvorn veg. Skal reykháfurinn ekki ná minna en 75 cm upp fyrir húsmæni og aldrei meira en 3 metra upp úr þakfleti. Af hæð reykháfs ofan efsta gólfs mega þó aldrei meira en  $\frac{2}{5}$  hlutar vera ofan þakflatar, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar. Í slíkan reykháf má leiða reyk frá allt að 8 lokuðum eldstæðum, en sé um miðstöðvarhitun að ræða, skal útreikningur skera úr um það, hvort stækka þurfi reykháfinn (sbr. 4. gr. 3. 1.).
4. Sé reykháf ætlað að flytja svo mikinn reyk, að 15 cm vídd nægi ekki, eða þurfi reykháfur að ná meira en 3 metra upp úr þaki, skal leggja séruppdrátt og útreikning fyrir byggingarnefnd, er ákveður gerð og hæð reykháfsins. Byggingarnefnd getur krafizt þess, að slíkur reykháfur sé fóðraður með eldföstum steini, eða annarri einangrun. Byggingarnefnd krefst þess, að allir reykháfar séu einangraðir með 7 cm vikurplötum, eða annarri jafngóðri einangrun.
5. Þar sem reykháfur fer í gegnum timburgólf eða þak, skal gera vegg hans svo þykka, að minnst 23 cm séu alls staðar frá innri brún hans að máttarviðum, og þar, sem timburveggur kemur að reykháf, skal svo frá ganga, að hvergi sé minna en 23 cm frá innri brún reykháfsins að máttarviðum.
6. Gólf, loftklæðningar og þil má láta ganga að reykháf, en ekki festa við hann á nokkurn hátt. Yfir rifuna má leggja lista, er festur sé við reykháfinn, en ekki má nota trétappa til festingar.
7. Reykháf má aldrei þilja eða klæða með pappa eða striga, heldur eiga úthliðar reykháfs ætíð að vera sýnilegar og óþaktar og auðvelt að komast að þeim til viðgerðar. Þó skal heimilt að mála reykháf og líma á hann veggfóður.
8. Utan um hverja pípu frá eldstæði skal múra járnhring í reykháfinn, þannig gerðan, að hvorki pappinn né hringurinn geti ýtt inn fyrir innra borð reykháfsins.
9. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sótop, svo að auðvelt sé að hreinsa vegg hans og ná sóti úr honum. Sótopi skal loka með járnhurð í járnnumgerð, og skal gerð hennar háð samþykki slökkviliðsstjóra, sem einnig segir fyrir um fjölda sótopa á hverjum reykháf.
10. Í reykháf má ekki festa leiðslur, loftnet eða slíkt, nema gerður sé tryggilegur

umbúnaður til festingar og reykháfurinn sé nógu traustur, og er þetta hvort- **11**  
tveggja háð áliti og leyfi byggingarfulltrúa. 14. jan.

### 28. gr.

1. Frá hverju eldstæði, þar sem kynnt er kolum eða öðrum föstum eða fljótandi efnum, skal leiða reyk í hlaðinn eða steiptan reykháf, annaðhvort um múraðar eða steiptar reykþípur, eða um járnþípur, sem mega aldrei vera mjórrí en 10 cm.
2. Frá innri brún reykanga og reykþípna skal ávallt vera minnst 23 cm bil að timbri eða viðarlíki, og reykþípur úr járni mega ekki vera lengri en 3 metrar, nema sérstakt leyfi komi til.
3. Ef ganga þarf undir reykþípu, skal vera minnst 1.90 m frá gólfi að henni, og reykþípa má aldrei fara gegnum gólf, heldur skal hún sett í reykháf á sömu hæð og eldstæðið er.
4. Ekkert eldstæði má standa nær timbri eða viðarlíki en svo, að minnst 23 cm sé milli þess og ytri brúnar eldstæðisins, og á þetta við bæði veggi og gólf. Auk þess skal þekja timburgólf undir eldstæði og kringum það með eldtraustu efni, er nái minnst 30 cm fram fyrir það, en 23 cm til hliða og aftur fyrir. Sé um límofn eða annað eldstæði að ræða á verkstæðum, þar sem farið er með eldfim efni, skal gólfið þakið eldtraustu efni minnst 50 cm út fyrir ytri brún eldstæðisins á alla vegu og fyrir framan eldholið skal auk þess hafa 50 cm háan kassa úr málmí, festan við ofninn, svo að glæður úr honum hljóti að falla í kassann.
5. Sérhvert opið eldstæði (kamína) skal vera í beinu sambandi við reykháf, sem ekki flytur reyk frá öðrum eldstæðum, og skal þess vandlega gætt, að ekki stafi eldhætta af.
6. Þess skal sérstaklega gætt, að svo vandlega sé gengið frá gerð lofthitunarofna, umbúnaði öllum og þípum frá þeim, að eldhætta stafi ekki af.
7. Miðstöðvarkötlum. sem hafa stærri hitaflöt en 1.3 fermetra, skal koma fyrir í sérstökum herbergjum, sem múruð eru eða sementshúðuð í hölf og gólf.  
Sé ketill kynntur með fljótandi eldsneyti, skal þess sérstaklega gætt, að fyrirkomulag eldsneytisgeymslu sé slíkt, að eldhætta stafi ekki af.
8. Leyfi byggingarnefndar þarf til þess að setja upp brauðgerðarofna, bræðsluofna, gufukatla og önnur slík sérstæð eldstæði, og skal hún gæta þess, að hvorki eldhætta né óhollusta stafi af.  
Skulu öll slík mannvirki auk þess fullnægja þeim ákvæðum, sem sett eru í reglugerðum og lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum.
9. Brennsluloft frá föstum eldstæðum, sem kynnt eru með gasi, skal leiða í reykháf um járnþípu og búa svo um, að ekki geti slegið úr reykháf niður í eldhol. Um slíkar þípur gilda sömu fyrirmæli og um reykþípur.
10. Öll eldunar- og hitunartæki, sem geta orðið heitari en 100°C, skal setja minnst 23 cm frá timbri eða viðarlíki, þótt ekki séu hituð með eldi.

## XI. KAFLI

### Stigar, lyftur og veggsvaíir.

#### 29. gr.

1. Í öllum húsum, þar sem íbúð er á meira en einni hæð, skal vera að minnsta kosti einn stigi, og á hverri hæð frjáls og óhindraður aðgangur að honum úr hverri íbúð.  
Séð skal um, að nægileg birta og loft komist að hverjum stiga og stigahúsi.
2. Einn stigi nágir í húsi, þar sem ekki eru meira en 4 íbúðir á hverri hæð, enda sé húsið ekki hærra en þrílyft. Frá engum stað í húsinu má þó vera meira en 25 metra vegalengd að stiga, og sé greiðfært að honum.



- 11 3. Á öllum stigum skal vera handrið öðru megin, eða beggja megin, ef stiginn  
14. jan. liggur ekki að vegg. Handrið sé minnst 80 cm á hæð, mælt lóðrétt upp af þrepsbrún, og minnst 90 cm meðfram stigaopum.
- Milli rimla á handriðum má eigi vera meira bil en 15 cm. Sömu reglur gilda um umbúnað veggsvala, eftir því sem við á.
4. Í einbýlishúsum skal minnsta breidd stiga vera 80 cm, en í öðrum tvilyftum húsum 1.00 m og í þrilyftum húsum 1.10 metrar. Liggja stigi að vegg, skal telja breidd hans frá vegg að handriði, en sé handriðið beggja megin, milli handriða.
5. Stigar niður í kjallara og upp á þakhæð mega vera mjórri en nú var sagt, enda sé þar engin íbúð.
- Á föstum stigum skal þó ávallt vera handrið.
6. Ganghæð stiga má hvergi vera minni en 2.10 m og hvert skref 63 cm. Skrefið er samanlögð hæð tveggja uppstiga og breidd eins þreps. Þrepsbreidd skal mæla í ganglínu, sem er talin 45 cm frá innri brún handriðs þeim megin, sem þrep er mjórri, og má aldrei vera minna en 24 cm, sé hús tvilyft, en 26 cm, sé hús hærra.
- Á hverju þrepi, sem ekki er breiðara en 30 cm, skal vera minnst 4 cm breitt innskot, sem ekki telst til þrepsbreiddar í þessu sambandi.
- Í stigum, sem liggja um fleiri hæðir, skal sem næst sama þrepsbreidd vera á öllum hæðum. Sé aukastigi settur í hús, þarf hann ekki að fullnægja ákvæðum þessarar greinar.
7. Stigapallar og gangur meðfram stigum skulu vera minnst jafnbreiðir stigonum, en breidd og lengd gangs frá útidyrum að stiga ekki minni en  $1\frac{1}{3}$  sinnum breidd stigans og gangurinn hvergi lengri en 2.20 metrar.
8. Í tvilyftum húsum, þar sem aðeins ein íbúð er á efri hæð, mega stigar vera úr tré, en skulu þá þiljaðir og sementshúðaðir að baki.
- Í öðrum húsum skal gera stiga úr járnbentri steinsteypu.
9. Úttröppur skulu ávallt vera gerðar úr steini eða steinsteypu og ekki vera hærri en 1.50 m. Að öðru leyti gilda sömu reglur um gerð þeirra og stiga, en byggingarnefnd má leyfa að vikja frá þeim, ef ástæða þykir til (sbr. 14. gr. 1. og 2. lið).

### 30. gr.

1. Séu lyftur í húsi, skulu þær fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í lögum og reglugerðum um eftirlit með verksmíðjum og vélum.
2. Ákvæðin um stiga í íbúðarhúsum gilda jafnt, þótt einnig sé lyfta í húsinu.

## XII. KAFLI

### Íbúðir.

#### 31. gr.

1. Íbúðarherbergi er hvert það herbergi í húsi, sem ætlað er til dagvistar eða næturvistar fyrir fólk, eða hvorttveggja, en það er talin sérstök íbúð, ef eldhús fylgir, hvort heldur herbergin eru eitt eða fleiri.
2. Lofthæð íbúðarherbergis má ekki vera minni en 2.50 m, nema um loft- eða kvistherbergi sé að ræða. Í slíkum herbergjum nægir 2.20 m hæð, og sé herbergi undir súð, skal sú hæð vera yfir minnst hálfum gólfleti þess, og sé enginn veggur lægri en 85. cm.
3. Gólfplötur íbúðarherbergis má ekki vera minni en 4 fermetrar, og í hverri íbúð skal vera að minnsta kosti eitt herbergi, er sé ekki minna en 14 fermetrar að gólfleti.
4. Á hverju íbúðarherbergi og eldhúsi skal vera gluggi á útvegg, sem má opna, og skal glerflötur í gluggum íbúðarherbergis ekki vera minni en  $\frac{1}{15}$  af gólfleti þess.

5. Íbúðarherbergi má ekki gera á skambitalofti. 11
6. Í kjallara má ekki gera íbúðarherbergi, ef gólf hans er meira en 80 cm undir yfirborði jarðvegs við gluggahlið þeirra, og ekki ef gluggahliðin veit á móti norðri — frá norðvestri til norðausturs — eða er nær götu en 3 m. 14. jan.
7. Frágangur veggja, lofta og gólfa í íbúðarherbergjum skal vera sem segir í 24.—26. gr. þessarar samþykktar, og skal svo til haga, að nægilegan hita megi hafa í hverju einstöku íbúðarherbergi.
8. Hverri íbúð skal fylgja forstofa, sem hafi óhindraðan aðgang að stigahúsi eða gangi að stigahúsi eða að útidyrum, og sé hún ekki mjórri en 1.30 m.
9. Hver íbúð skal hafa frjálstan aðgang að vatnssalerni, sem ekki má vera sam-eiginlegt fyrir meira en tvær íbúðir og þá þannig fyrir komið, að ekki þurfi að fara um forstofu eða herbergi hinnar íbúðarinnar til þess að komast að því. Vatnssalernisklefi skal vera minnst 0.85 fermetrar að gólfleti, hafa nægilega loftræstingu og svo frá öllu gengið sem fyrir er mælt í heilbrigðissamþykkt eða öðrum reglugerðum hreppsins hér að lútandi.
- Sé hús svo í sveit komið, að ekki náist til holræsis fyrir rennsli úr vatnssalerni, skal við það gera önnur nægilega mörg selerni, er fullnægi ákvæðum heilbrigðissamþykktar.
10. Hverri íbúð skal fylgja hæfilega loftræst geymsla, er sé ekki minni að gólfleti en  $\frac{1}{20}$  af brúttóflatarmáli íbúðarinnar og manngeng.
11. Þvottahús, sem fylgja íbúðum, skulu hafa vatnsheld gólf með afrennsli, og svo gengið frá lofti og veggjum, að þoli raka og gufu.
12. Ef ekki er gluggi á hjörum í stigahúsi, þvottahúsi eða miðstöðvarherbergi, skal loftræsta þau á fullnægjandi hátt út fyrir vegg eða upp fyrir þak, en ekki inn í reykhláf.
13. Séu skarnpípur settar í hús, skal þess vandlega gætt, að svo sé um þær búíð, að ekki stafi óhollusta af. Skulu pípuop jafnan fara í fullri vídd upp úr þaki.

### XIII. KAFLI

#### Hús til annarra afnota en íbúðar.

##### 32. gr.

1. Hús, sem ætluð eru til annarra afnota, en íbúðar, svo sem t. d. verksmiðjur, vinnustofur, skólahús, íþróttahús, verzlunarhús og geymsluhús, eru háð þeim kröfum um styrkleika, gerð og afstöðu, sem byggingarnefndin gerir í hvert skipti, að svo miklu leyti, sem ákvæði þessarar samþykktar ná ekki til þeirra.
2. Í skólahúsum, leikhúsum, kvikmyndahúsum og öðrum samkómuhúsum skulu allar hurðir opnast út.
3. Í þeim húsum, sem ætluð eru til iðnaðar eða einhvers verknaðar, sem hefur í för með sér óþrif eða óþef eða sérstök eldhætta stafar af, skal þess sérstaklega gætt, að fylgt sé fyrirmælum heilbrigðissamþykktar eða eftir atvikum brunamálasamþykktar og engin hætta stafi af.

##### 33. gr.

1. Skýli, önnur en bifreiðaskýli, sem leyfð kunna að vera samkvæmt 6. gr. 4. lið þessarar samþykktar inni á lóðum íbúðarhúsa, má byggingarnefnd heimila að byggja úr timbri, enda þótt annars sé krafizt, að byggingar seu gerðar úr eldtraustu efni. Eldvarnarveggur skal þó ávallt vera að nágrannalóð, ef nær er en 3.15 m.
2. Byggingarnefnd getur og leyft að þekja slík smáhýsi með pappa (sbr. 26. gr. 6. lið).

- II 3. Vinnuskúra, sem aðeins eru notaðir meðan á byggingu húss stendur, má  
14. jan. byggingarfulltrúi leyfa með þeirri gerð, sem honum finnst hæfa í hvert sinn.

## 34. gr.

Gripahús, fjárhús og fuglahús má hvergi gera í íbúðarhúsaahverfum og ekki fyrir né haugstæði, en þar sem slík mannvirki eru leyfð, skulu þau fullnægja ákvæðum heilbrigðissamþykktar og kröfum heilbrigðisnefndar.

## XIV. KAFLI

## Óþrif.

## 35. gr.

1. Sé ætlað til að framkvæma gagngerða breytingu á húsi eða endurbæta það að verulegu leyti, og séu í því rottur eða mýs eða önnur meindýr (veggjalýs, kakkalakkar), skal húseigandi láta eyða þeim áður en byrjað er á verkinu.
2. Eigi að rífa gamalt hús, skal gæta sömu varúðarreglna áður en niðurrifsverkið er hafið, enda má ekkert hús rífa, nema áður sé tilkynnt byggingarfulltrúa.

## XV. KAFLI

## Byggingarleyfisgjöld.

## 36. gr.

1. Fyrir leyfi til að reisa hús og stækka skal greiða í bæjarsjóð 15 aura fyrir hvern teningsmetra af utanmáli hússins, og skal mæla hæðina frá kjallaragólfi að skurðlínu milli þaks og veggflatar, og sé rishalli á þaki eða hluta þess meiri en 45°, eða sé kvistur á þaki, skal bæta við húshæðina þeirri mestu hæð, sem verður fyrir ofan línu, dregna með 45° halla frá skurðlínu þaks og veggflatar. Sé ekki kjallari undir húsinu, skal mæla hæð þess frá lægsta jarðvegi við húshlið.

Gjald þetta skal talið í heilum krónum, og telst hluti úr krónu sem heil króna. Minnsta gjald er 10 krónur.

2. Fyrir leyfi til að gera breytingu á húsi skal greiða 10 krónur í sveitarsjóð og 10 krónur fyrir hvert annað leyfi til að reisa mannvirki eða breyta því.
3. Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits samkvæmt ákvæðum byggingarsamþykktar, skal greiða 15 krónur í sveitarsjóð.
4. Byggingarleyfisgjöld verða aldrei endurgreidd, þótt leyfi falli úr gildi vegna þess, að það hafi ekki verið notað innan eins árs. Verði leyfi endurnýjað óbreytt, skal greiða fyrir það 10 krónur, en verði veitt leyfi fyrir breyttu húsi á sömu lóð, er komi í stað hins fyrra, skal greiða fullt gjald samkvæmt 1. lið, en draga frá gjaldinu upphæð þess gjalds, sem greitt var fyrra skiptið.
5. Byggingarfulltrúinn innheimtir öll gjöld samkvæmt þessari samþykkt. En verði vanskil, má hann ekki gefa vottorð um mannvirkið samkvæmt 5. gr., og 8. lið, fyrr en gjöldin eru greidd.
6. Gjöld samkvæmt grein þessari má innheimta með álagi samkvæmt verðlagsvísitölu.

Skal sveitarstjórn í upphafi hvers árs ákveða álagið fyrir það ár, og má það ekki fara fram úr meðalverðlagsvísitölu næsta árs á undan.

## XVI. KAFLI

## Gildi byggingarsamþykktar og refsíákvæði.

II

14. jan.

## 37. gr.

1. Samþykkt þessi gildir fyrir Garðahrepp.
2. Hún tekur til allra nýrra húsabygginga og mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, þegar hún öðlast gildi, þó svo, að ekki verður krafizt niðurrifs á því, sem verið er að gera með heimild í fyrri byggingarsamþykkt.
3. Hún tekur einnig til hækkunar, stækkunar og höfuðbreytinga á eldri byggingum og mannvirkjum, svo og til annarra breytinga að svo miklu leyti, sem við verður komið án verulegrar röskunar á því, sem fyrir er.

## 38. gr.

Byggingarnefnd skal þegar í stað kæra fyrir héraðsdómara, ef bygging er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, eða á annan hátt er byggt en leyfi stendur til.

Skal þá þegar kveðinn upp úrskurður um, hvort byggingin skuli bönnuð og niður rifin eða numið á brott það, sem þegar hefur verið gert. Úrskurði má skjóta til æðri dóms eftir reglunum um kæru, en málskot frestar ekki framkvæmd úrskurðarins, sem þá fer fram á ábyrgð sveitarsjóðs. Lögreglustjóri annast framkvæmd úrskurðar, og getur hann veitt aðila hæfilegan frest til niðurrifs eða brottnáms ólöglegar byggingar. Sveitarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd héraðsdómara á úrskurðinum, en skyldur skal hinn seki til að endurgreiða kostnaðinn. Sveitarsjóður hefur umfram allar aðrar kröfur forgangsveð í efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingu, fyrir endurgreiðslukröfu sinni.

Sektir fyrir brot á byggingarsamþykkt skulu nema 100 til 30000 krónur, og skal farið með slík mál sem almenn lögreglumál. Ef haldið er áfram byggingu, eftir að bann hefur verið lagt við henni skv. ákvæðum þessarar greinar, varðar það eigi minna en 1000 króna sekt. Veita skal bæjarstjóra eða oddvita kost á því fyrir hönd sveitarsjóðs að gera í refsimálinu kröfur til þess að kærði verði dæmdur til að greiða þann kostnað, sem leitt hefur af broti hans.

## 39. gr.

Byggingarfulltrúi skal semja skrá yfir allar þær byggingar, sem reistar hafa verið í óleyfi, áður en samþykkt þess gekk í gildi og eftir að skipulagsuppdráttur varð til, eða byrjað var að vinna að honum. Síðan skal með venjulegum hætti skorið úr, hvort unnt er að veita leyfi fyrir einhverjum þeirra. Hinar byggingarnar skal rífa, þegar sveitarstjórn krefst þess, og er henni skylt að gera slíka kröfu, nema hún telji, að nauðsyn sé á, að byggingin standi vegna almennra húsnaðisvandæða. Á meðan einhverjar hinna óleyfðu bygginga standa samkvæmt þessari heimild, skal það árlega borið undir sveitarstjórn hverjar þeirra hún vill þá láta rífa. Nú stendur slík óleyfð bygging á óútvísuðu eignarlandi sveitarsjóðs, og öðlast eigandi byggingarinnar, engan rétt til landsins, þótt hún standi þar.

Um niðurrif og brottnáam þeirra bygginga, sem sveitarstjórn skv. 1. mgr. krefst, að brott séu teknar, fer eftir því, sem í 38. segir, og varðar það viðurlögum skv. henni, ef byggingin er eigi rifin eða numin brott, jafnskjótt og krafizt er.

Byggingarsamþykkt þessi, sem samin er af hreppsnefnd Garðahrepps, og samþykkt af sýslunefnd Gullbringusýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905, sbr. lög nr. 55/1921, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

12  
14. jan.

## AUGLÝSING

### um nýja lyfsöluskrá II.

Frá og með 1. febrúar n. k. gengur í gildi ný lyfsöluskrá II og fellur þá jafnframt úr gildi lyfsöluskrá II, útgefin 10. desember 1958, með áorðnum breytingum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. janúar 1961.*

**Bjarni Benediktsson.**

---

*Gústav A. Jónasson.*

13  
16. jan.

## SAMÞYKKT

### um sveitarstjóra í Njarðvíkurhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsnefnd og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, sé tilhlýðilega unnin. Hann annast innheimtu á tekjum hreppsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innistæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, er í 5. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem ráð þykir að taka fram af því tilefni. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 19 14. febrúar 1951 um sveitarstjóra, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. janúar 1961.*

**Emil Jónsson.**

---

*Hallgrímur Dalberg.*

## SAMÞYKKT

### fyrir Veiðifélag Miðfirðinga.

14

20. jan.

1. Félagið heitir Veiðifélag Miðfirðinga, skammstafað V.F.M. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagssvæðið nær til allra jarða — ásamt afréttarlandinu Húksheiði — sem lönd eiga að Miðfjarðará, Vesturá, Núpsá, og Austurá neðan Kambfoss, en þær eru: Litli Ós, Stóri Ós, Syðsti Ós, Saurar, Ytri-Reykir, Syðri-Reykir, Efri-Torfustaðir, Neðri-Torfustaðir, Urriðaá, Ytra-Bjarg, Bjarg, Bjargshóll, Uppsalar, Litlibakki, Barkarstaðir, Barkarstaðasel, Skárastaðir, Núpsdalstunga, Efri-Núpur, Þverá, Fosskot, Neðri-Núpur, Neðri-Núpur (ytri), Torfustaðir, Haugur, Litli-Hvammur, Litla-Tunga, Giljaland, Skeggjastaðir, Dalgeirsstaðir, Lækjabær, Afréttarlandið Húksheiði, Húkur, Kollufoss, Huppahlíð, Brekkulækur, Króksstaðir, Staðarbakki, Melstaður, Barð, Sandar.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu. Leigja vatnasvæðið til stangaveiði, eða stunda félagsveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Heimilt er að félagið starfi í deildum. Verði deild eða deildir stofnaðar, skal hver deild taka yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns, sbr. 3. lið 69. gr. laga um lax- og silungsveiði. Hver deild ráðstafar veiði í sínu umdæmi samkv. sömu lagagrein.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurskoðningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn ganga út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.  
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í marz—aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

- 14 Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax-  
20. jan. og silungsvéiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum  
þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. janúar 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

- 15  
21. jan.

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Stokkseyrar.

#### I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.10 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 17.00 á ári af fermetra gólfplatlar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfplatlar.  
Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

##### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 14.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 7.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup> má reikna með þeirri meðalstærð.

##### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.80 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 345.00 fyrir hvert kw. í málaun véla.  
Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá, auk orkugjaldsins, fastagjald er nemi kr. 12.00 á ári. á hvern fermetra gólf-  
flatlar, í rúmi því er lýsa skal.
2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:
  1. Grunnjald ..... 900.00 kr. á ári.
  2. Aflgjald af notuðu afli ..... 900.00 — — kw. á ári.
  3. Orkugjald ..... 25 aura hverja kwst.

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaks-  
árs. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung og álestrar fara fram  
sem næst mánaðamótum.

Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

1. Grunnjald .....	900.00 kr. á ári.	15
2. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla .....	690.00 -- --	21. jan.
3. Orkugjald .....	25 aura hverja kwst.	

Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.

#### D. Hitun.

- Um kwst.mæli á 21 eyri hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
- Um kwst.mæli á 13 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 2000 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækis.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á dieselolíu á Stokkseyri, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1550.00 verði á oliutónni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D1 og 0.6 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar 75 kr., sem oliutónnið hækkar eða lækkar.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.

- Að vélaafl, linur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

#### E. Önnur raforkunotkun.

- Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 80 aura hverja kwst., enda sé notkunin seld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
- Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.80 hverja kwst.
- Til bökunarofna og fasttengdra tækja í brauðgerðarhúsum, og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 25 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 25 aura hverja kwst., frá kl. 22 til 8 og á kr. 1.80 hverja kwst. frá kl. 8 til 22.
- Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst.
- Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.20 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:



<b>15</b>	1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 5.00 á mánuði.
21. jan.	2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 8.00 — —
	3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. ....	— 15.00 — —
	4. — þrífasa mælum yfir 100 amp. ....	— 20.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald, sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug .....	kr. 1200.00
Grunngjald af jarðlínuheimtaug .....	— 1800.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 4.00 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 2.00 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 m og loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og/eða gildleiki víra meiri en 70 fermm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 40 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 40 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

### V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Stokkseyrar, nr. 134 6. október 1958.

*Atvinnumálaráðuneytið, 21. janúar 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

16

21. jan.

### um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfest eftirfarandi reglugerð nr. 76/1958, fyrir Háskóla Íslands:

#### 1. gr.

Við 46. gr. b1 bætist ný málsgrein, 3. málsgrein, svofelld:

Nú óskar stúdent að haga námi sínu í samræmi við ákvæði 47. gr. c-liðs, og lýkur námi hans þá með miðprófi.

#### 2. gr.

Við 47. gr. bætist nýr stafliður, c. svofelldur:

#### c. Sérákvæði um síðara hluta nám.

Nú ákveður stúdent í upphafi náms að stunda framhaldsnám og ljúka fullnaðarprófi við danska lyfjafræðingaskólann eða annan erlendan lyfjafræðingaskóla, er deildin metur gildan, og skal hann þá auk upphafsprófs og miðprófs ljúka prófi í rekstrarfræði lyfjabúa, enda hefji hann nám í þessari grein þegar í upphafi fyrsta árs og ljúki prófi í lok þess kennsluárs.

Einkunn í þessari grein reiknast þá sem hluti af heildareinkunn upphafsprófs, sbr. 47. gr. b.

Standist stúdent eigi próf, er honum heimilt að þreyta þau aftur, sbr. 47. gr. a.

#### 3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 21. janúar 1961.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUGERÐ

17

21. jan.

### um heimilishjálp á vegum Sambands Austur-Skaftfellskra kvenna.

#### 1. gr.

Sveitarstjórnin og Samband A.-Skaftfellskra kvenna fara með stjórn heimilishjálparinnar á sambandssvæðinu. Daglega umsjón með framkvæmd heimilishjálparinnar annast féhirðir sambandsins.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gildan að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt lengur en 14 daga í senn. Þó er heimilt að framlengja þann tíma ef ástæða þykir til.

17

21. jan.

Stjórn heimilishjálparinnar ræður eina stúlku til heimilishjálpar og ákveður launakjör hennar í samræmi við kaupsamninga fyrir hliðstæða vinnu.

3. gr.

4. gr.

Stjórn heimilishjálparinnar ákveður að fengnum tillögum forstöðukonu heimilishjálparinnar hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálp.

5. gr.

Fyrir heimilishjálp samkvæmt reglugerð þessari skal sá, er hjálpar nýtur, greiða kr. 50.00 á dag, auk þess skal hjálparstúlka fá ókeypis fæði á vinnustað. Stjórn heimilishjálparinnar getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum forstöðukonu heimilishjálparinnar.

6. gr.

Stjórn Sambands A.-Skaftfellskra kvenna annast bókhald og fjárreiður heimilishjálparinnar og skulu reikningar heimilishjálparinnar endurskoðast árlega af þar til kjörnum endurskoðendum.

7. gr.

Forstöðukona heimilishjálparinnar lætur sveitarstjórnnum í té árlega skýrslu um starfsemina undanfarandi ár.

8. gr.

Sá halli sem verður af heimilishjálpi, sem veitt er samkvæmt reglugerð þessari og lögum um heimilishjálpi í viðlögum, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði en  $\frac{2}{3}$  eru greiddir úr viðkomandi sveitarsjóðum.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálpi, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1961.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

---

*Jón S. Ólafsson.*

18

23. jan.

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Eyrarbakka.

### I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.10 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 17.00 á ári af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfflatar.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

18

Um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 14.00 á mánuði af einu herbergi hværrar íbúðar og kr. 7.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup> má reikna með þeirri meðalstærð.

**C. Vélanotkun.**

1. Um kwst.mæli á kr. 1.80 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 345.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá, auk orkugjalds, fastagjald, er nemi kr. 12.00 á ári á hvern fermetra gólf-flatar, í rúmi því, er lýsa skal.

2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:

1. Grunnkjald .....	900.00 kr. á ári.
2. Aflgjald af notuðu afli .....	900.00 — — kw. á ári.
3. Orkugjald .....	25 aura hverja kwst.

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaks-árs. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung og álestrar fari fram sem næst mánaðamótum

Mælisleiga er innifalin í grunnkjaldinu.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

1. Grunnkjald .....	900.00 kr. á ári.
2. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla .....	690.00 — — —
3. Orkugjald .....	25 aura hverja kwst.

Mælisleiga er innifalin í grunnkjaldinu.

4. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli á 80 aura hverja kwst.

**D. Hitun.**

1. Um kwst.mæli á 21 eyri hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis, en þó þá eigi lengur en 1½ klst. í senn.

2. Um kwst.mæli á 13 aura hverja kwst. í 9 klukkustundir á tímanum frá kl. 22 til 9. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 2000 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækis.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á dieselolíu á Eyrarbakka, þannig, að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1550.00 verði á olíutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D1 og 0.6 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar kr. 75.00, sem olíutonnið hækkar eða lækkar.

**Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.**

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

- 18 c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveit-  
23. jan. unnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

### E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 80 auru hverja kwst., enda sé notkunin seld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 1.80 hverja kwst.
3. Til bókunarfna og fasttengdra tækja í brauðgerðarhúsum, og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 25 auru hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 25 auru hverja kwst., frá kl. 22 til 8 og á kr. 1.80 hverja kwst. frá kl. 8 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 60 auru hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.20 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 5.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 8.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. ....	— 15.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 100 amp. ....	— 20.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug .....	kr. 1200.00
Grunngjald af jarðlínuheimtaug .....	— 1800.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 4.00 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 2.00 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 m og loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og/eða gildleiki víra meiri en 70 fermm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

## IV. OPNUNARGJALD

18

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 40 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 40 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

23. jan.

## V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Eyrarbakka nr. 68 18. júní 1959.

*Atvinnumálaráðuneytið, 23. janúar 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

19

fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira.

23. jan.

## I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

## 1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, hefur sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir eða fjallskilastjórnir, kosnar af hreppsnefndum innan viðkomandi upprekstrarfélaga, annast alla stjórn og framkvæmd á þeim hver á sínu svæði. Þó mega ákvarðanir þessara aðila aldrei brjóta í bága við ákvæði þessarar reglugerðar og skal sýslunefnd og hreppsnefndir gæta þess, að farið sé í öllum atriðum eftir ákvæðum hennar.

## 2. gr.

Þessi eru upprekstrarfélög í Austur-Húnavatnssýslu:

1. Upprekstrarfélag Skagahrepps.
2. Upprekstrarfélag Höfðahrepps.
3. Upprekstrarfélag Vindhælis- og Engihlíðahrepps.
4. Upprekstrarfélag Bólstaðarhlíðahrepps.
5. Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar.
6. Upprekstrarfélag Ás- og Sveinstaðahreppa.

- 19 Hvert upprekstrarfélag sér um leitir og önnur fjallskil innan sinna takmarka.
23. jan. Samningar milli hreppa eða upprekstrarfélaga skulu í fullu gildi, þó þeir fari að einhverju leyti í bága við þessa skipan, enda hafi þeir verið samþykktir af sýslunefndinni. Slíkum samningum má ekki breyta nema með samþykki sýslunefndar. Allir slíkir samningar skulu skráðir í sérstaka bók, er oddviti sýslunefndar geymir og sér um færslu á.

## II. KAFLI

### Um smölun og fjárgeymslu á vorum.

#### 3. gr.

Allir þeir sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum eftir því, sem hreppsnefnd ákveður. Þar sem heimalönd eru víðáttumikil hálsa- og fjallalönd, er búast má við að margir eigi fjárvon á, mega hreppsnefndir skipa fyrir um, að nágrannar og aðrir, sem þar eigi fjárvon, hjálpi til við smölunina eftir því, sem hreppsnefnd þykir sanngjarnt vera, og má jafna slíkum kostnaði niður með fjallskilum.

Hreppsnefndir skulu hafa vald til að láta fara fram göngur á afrétti, ef þörf gerist. Skulu hreppsnefndir sjá um að fé sé rúið og lömb mörkuð, sbr. 5. gr., ef það er ekki hirt, þá leit er lokið.

Heimilt er hreppsnefnd að ákveða 5 kr. gjald fyrir rúning á kind, enda séu lömb mörkuð. Skulu eigendur greiða þennan kostnað, og er heimilt að selja ullina til greiðslu hans. Fjallskilastjórar, þar sem eigendur eiga heima, geta þó ákveðið að greiða slíkan kostnað af sjóði hlutaðeigandi upprekstrarfélags.

#### 4. gr.

Verði einhver ber að því, að smala illa eða alls ekki heimaland sitt ákveðinn smölunardag, hefur fjallskilastjórn vald til að setja umsjónarmann við smölun hans eða láta framkvæma hana, hvort tveggja á hans kostnað.

#### 5. gr.

Það sauðfé, sem sloppið hefur úr löndum eiganda, eða kemur fyrir svo fjarri eigendum, þegar rúning fer fram eða er afstaðin, að það getur ekki komizt til skila í bæjarrekstrum, er finnandi skyldur að hirða ef unnt er. Skal hann rýja fé og marka ómörkuð lömb í votta viðurvist ef hægt er. Geri hann eiganda skil á ullinni og grein fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann rýir eða markar. Fyrir ómak sitt ber finnanda borgun, samkvæmt 3. gr.

## III. KAFLI

### Um rekstur á afrétt.

#### 6. gr.

Mönnum er skylt að reka sauðfé og stóðhross á afrétt og skal fjallskilastjórn sjá um, að það sé gert svo tímanlega að vorinu, sem árferði og aðrar kringumstæður leyfa.

Reka skal á miðjan afrétt, nema fjallskilastjórn hafi ákveðið annað. Séu víðlend heimalönd notuð til upprekstrar, skal reka þangað, sem búsmali sízt gengur, enda komi leyfi landeiganda til.

Þannig skal reka í gegnum heimalönd manna að sem minnstur bagi verði að og er fjallskilastjórn heimilt að ákveða hvaða leiðir skuli reka á afrétt. Aldrei má án leyfis eiganda reka annarra manna fénað á afrétt, nema víst sé að á afrétti eigi að

vera. Nú eru stóðhross ekki rekin á afrétt eftir skipun hreppsnefndar eða fjallskilastjórnar, skal þá láta reka þau á kostnað eiganda.

19  
23. jan.

#### 7. gr.

Hver, sem heimildarlaust rekur fénað, sem á afrétt á að fara í land annars manns til beitar um sumar, hvort heldur er heimaland eða afréttur, skal greiða hagatoll til landeiganda, kr. 30.00 fyrir hvert hross og kr. 5.00 fyrir hverja sauðkind.

Nú tekur einhver hross eða sauðfé í sameiginlegt upprekstrarland, af þeim, sem ekki er í því upprekstrarfélagi, og skal hann þá svara upprekstrarfélaginu sama hagatolli og fyrr segir, ef krafizt er.

#### 8. gr.

Heimilt er landráðanda, sem verður fyrir ágangi af afréttarpeningi að sumrinu, að gera umkvörtun um það til hlutaðeigandi fjallskilastjórnar. Skal hún þá láta reka fénaðinn á afrétt.

Hafi hún ekki látið framkvæma rekstur þennan innan tveggja sólarhringa, hefur sá, sem fyrir áganginum verður, heimild til að reka fénaðinn á afrétt. Kostnaður við þessa rekstra greiðist að  $\frac{1}{4}$  af landráðanda, en  $\frac{3}{4}$  skulu teljast með sameiginlegum fjallskilakostnaði upprekstrarfélagsins. Láti ágangspoli framkvæma reksturinn, ákveður hreppsnefnd greiðslu fyrir hann. Þó getur ágangspoli skotið ágreiningi um þetta atriði til sýslunefndar til úrskurðar. Enginn má reka fénað þann, sem úr afrétt gengur, til sveitar eða á nágretta.

#### 9. gr.

Eigi má ónáða fénað á afrétti og eigi heldur nema með leyfi hreppsnefndar taka þaðan fé eða hross, nema málnytupeningur sé, tamin hross eða söluhross.

### IV. KAFLI Um fjallskil.

#### 10. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi og hver, sem á hross, sem skylt er að reka á afrétt. Skal hver leggja til fjallskila á þann hátt, er hreppsnefnd ákveður. Fjallskilastjórn metur allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningaverðs og jafnar honum á alla sauðfjár- og hrossaeigendur upprekstrarfélagsins. Skal þá jafnt gjald lagt á hvert hross og 6 geldkindur, og hverjar tvær ær með lömbum sem þrjár geldkindur. Þó skal hreppsnefndum austan Blöndu heimilt að fylgja fyrri ákvæðum, að jafnt gjald komi fyrir hvert hross og þrjár geldkindur. Skyldur er hver húsbóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimamenn sína og aðra, er eiga hjá honum fjallskilaskyldan fénað, gegn endurgjaldi frá fénaðareiganda.

#### 11. gr.

Skyldur er hver maður að gera fjallskil í þeim hreppi sem hann á heimili í. Skal maður greiða full fjallskil í þeim hreppi sem fénaði er framfleytt í árlangt, þó hann eigi þar ekki lögheimili, enda er maðurinn þá ekki fjallskilaskyldur af þeim fénaði, þar sem hann á lögheimili.

Nú notar einhver til uppreksturs annan afrétt eða heimaland en þar, sem honum ber upprekstur, skal hann þá gera þar fjallskil að hálfu, móts við fjallskil annarra í því upprekstrarfélagi. Auk þess skal hann eftir sömu reglu vera fjallskilaskyldur í því upprekstrarfélagi, þar sem hann er búsettur. Ef eitthvert upprekstrarfélag eða einhver maður á og notar afréttarland, sem öðru upprekstrarfélagi ber að leita, skal það eða hann gera þar full fjallskil eftir fénaðarfjölda þeim, er rekinn er á af-



19 réttarlandið samkvæmt sömu reglum og fénaðareigendur upprekstrarfélags þess, 23. jan. er leita ber. Þó hafa hlutaðeigandi upprekstrarfélög heimild til að gera um þetta sérstaka samninga. Sá, sem notar land utan upprekstrarfélags síns, skal hafa tilkynnt það hreppsnefnd í þeim hreppi, sem hann á heima í, áður en 12 vikur eru af sumri. Í tilkynningu þessari sé fénaður greinilega sundurliðaður.

#### 12. gr.

Þar, sem tveir eða fleiri hreppar nota sama afrétt, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eða fjallskilastjórn eiga fund með sér eigi síðar en í 17. viku sumars til að semja um, hvernig fjallgöngum skulu haga. Oddviti í þeim hreppi, þar sem skilarétt stendur, kveður til þessa fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa í hreppnum að vorinu, staðfesta af hreppstjóra, og fer eftir því hvernig fjallskilin skiptast milli hreppa.

#### 13. gr.

Nú eiga nokkrir fénaðareigendur að gera fjallskil í öðrum hreppi en þeim, er þeir eru búsettir í, skal þá hreppstjóri, þar sem þeir eru búsettir, senda hreppsnefnd, sem hlut á að máli, skýrslu um fénaðareign manna eftir vorframtali, áður en 14 vikur eru af sumri.

#### 14. gr.

Fjallgöngur skulu hvert haust þrennar. Skal þá smala til réttar viðlend heimalönd, er afréttarfénaður gengur í að jafnaði. Þriðju göngum skal lokið fyrir fjárskiladag. Fjallskilastjórnnum er heimilt að láta fara fram eftirleitir á afréttarlönd og fjalllönd.

#### 15. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal hreppsnefnd (fjallskilastjórn) jafna niður á fénaðareigendur í tæka tíð. Aðfinningar við niðurjöfnunina skal bera fram skriflega fyrir oddvita hreppsnefndar fyrir 20. okt. Náist ekki samkomulag, getur aðili skotið máli sínu til sýslunefndar.

Upprekstrarfélögin skulu hafa sérstakan fjallskilasjóð og renni í hann allar tekjur og úr honum greiðast öll gjöld, sem af fjallskilum stafa, og lög ákveða Reikningar sjóðanna skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum til endurskoðunar og úrskurðar.

#### 16. gr.

Fjallskilastjórn eða þar til kjörinn maður, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsbúa með gangnaboði til fjallskila nægum tíma áður en fjallgöngur byrja. Í gangnaboðinu skal nákvæmlega taka það fram, er hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera fjallskil, sem honum ber, skal hann borga þau eins og kostar að inna þau af hendi. Auk þess varðar slíkt sektum, sem hækka, ef brotin eru ítrekuð.

#### 17. gr.

Fjallskilastjórnir skulu skipa einn duglegan gangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjórinn skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Skal hann sjá um að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar og kveðja menn til að gæta safnsins þar til fénaður er kominn í náttuga eða vökumenn hafa tekið við honum. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Öll óhlýðni við skipunum hans varða sektum Gangnastjóra skal greiða sanngjarna þóknun fyrir gangnastjórnina.

#### 18. gr.

Gangnastjóri skal sjá um, að áminna gangnamenn um, að fara svo vel sem unnt er með fé og hross í göngunum. Ef kindur koma fyrir, sem ekki verður komið lifandi

til rétta, skal slátra þeim og taka úr þeim innfyli, en flytja þær að öðru leyti til réttar. Ef hross einhverra orsaka vegna ekki geta gengið til réttar eða ef hross drepst í göngunum, þá skal fjallskilastjórn tilkynnt það, þegar komið er til byggða. Lætur hún þá sækja það og flytja til réttar. Sama ákvæði gildir um kindur, er farast í göngum og gangnamenn geta ekki flutt til réttar. 19  
23. jan.

#### 19. gr.

Nú hafa fjáreigendur ráð á fleiri mönnum, hefur þá hreppsnefnd eða fjallskilastjórn vald til að kveðja til gangna þann sem hæfastur er, svo og til hvers annars starfa, er þarf til góðra fjallskila. Ef einhver sendir mann í göngur, sem sannað er með vottorðum tveggja manna, að reynzt hafi óhæfur eða ófullnægjandi gangnamaður, þá er hann skyldur að borga gangnaskilin að nokkru eða öllu leyti. — Sama gildir um önnur fjallskil.

#### 20. gr.

Ef fjáreigandi hefur engan færan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það hreppsnefnd skriflega eða fjallskilastjóra 6 dögum áður en skilin eiga að vinnast, en þessir aðilar útvega mann eða annað, sem vantar, svo sem hesta eða fæði, og borgar þá fjáreigandi sektarlaust allan þann kostnað, sem af fjallskilunum leiðir án tillits til mats á þeim.

#### 21. gr.

Fjallskilastjórnir skulu sjá um að koma upp hentugum skýlum fyrir gangnamenn á afréttum, þar sem þess er þörf og skal kostnaður sá, er leiðir af þessu, greiðast af sveitarsjóðum eða fjallskilasjóðum.

### V. KAFLI

#### Um hreinsun heimalanda á haustum.

#### 22. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að hreinsa land sitt á haustum svo oft, sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur og gilda um það fyrirmæli 3. greinar.

#### 23. gr.

Fjallskilastjórn skal skipa fyrir um reglulegar smalanir heimalanda jafnframt hverjum fjallgöngum. Þar sem víðlend heimalönd liggja að afrétti, skulu smalanir þessar fara fram undir umsjón manns, sem hún skipar, með samlögum búenda eftir því, sem bezt hagar á hverjum stað og með samtökum við næstu sveitir þar sem það á við. Allan óskilafénað, sem kemur fyrir, skal fara með samkvæmt ákvæðum fjallskilastjórnar.

#### 24. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð, svo oft er hún telur nauðsynlegt og að rekstrar gangi þá eftir töfludrætti bæ frá bæ eftir þeim rekstrarleiðum, er hún ákveður. Að öðru leyti eru menn skyldir að láta fé ganga í bæjarrekstrum eftir því, sem hreppsnefnd ákveður.

#### 25. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, er rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að verða, en reki svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns. En skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmani þóknun eftir mati hreppsnefndar.

19

23. jan.

## VI. KAFLI

## Um réttun sauðfjár og hrossa.

## 26. gr.

Skilaréttir eru:

1. Hofsrétt.
2. Spákonufellsrétt.
3. Skrapatungurétt.
4. Hlíðarrétt.
5. Stafnsrétt.
6. Auðkúlurétt.
7. Vatnsdalsrétt.

Aukaréttir eru:

1. Tjarnarrétt.
2. Vindhælisrétt.
3. Kirkjuskarðsrétt.
4. Beinakeldurétt.
5. Hagarétt.
6. Þórormstungurétt.

Jafnframt fjallgöngum og leitum skulu aðalréttardagar vera sem hér er ákveðið: Í upprekstrarfélögum Skaga-, Höfða- og Vindhælis- og Engihlíðarhreppa sé fyrri rétt mánudag og þriðjudag í 22. viku sumars. Síðari rétt sé þar föstudag og laugardag í 23. viku sumars.

Hlíðarrétt fyrri sé mánudag í 22. viku sumars.

Hlíðarrétt síðari miðvikudag í 23. viku sumars.

Í Stafnsrétt skulu hross réttuð miðvikudag í 22. viku sumars.

Fyrri Stafnsrétt sé fimmtudag í 23. viku sumars.

Síðari Stafnsrétt miðvikudag í 23. viku sumars.

Fyrstu fjárréttir í Auðkúlu- og Vatnsdalsréttum séu 19. sept.

Stóð sé réttað í sömu réttum 1. okt. Heimilt er einnig að hafa síðari fjárrétt sama dag. Ella skal síðari fjárréttardagur vera þar 4. okt. Heimilt er fjallskilastjórn- um að ákveða smalanir á tilteknum svæðum fyrir venjulegar leitir ef þurfa þykir og rétta það fé í viðkomandi réttum. Úr slíkum réttum skal úrtíningi komið í góðan haga til næstu réttar. Á afréttum vestan Blöndu skulu þriðju göngur fara fram samtímis og vera lokið 10. október. Heimilt er að nota flugvélar sem hjálpartæki.

Austan Blöndu skal fjárskiladagurinn vera fyrsti þriðjudagur eftir 10. okt. Vestan Blöndu sé fjárskiladagurinn 12. okt.

## 27. gr.

Stjórnir fjallskilafélaganna ákveða hver á sínu svæði hver lönd smala skuli til hvernar réttar. Rísi ágreiningur út af þessu, sker sýslunefnd úr.

## 28. gr.

Fénaðareigendur eru skyldir til, hver að sínum hluta, að kosta byggingu rétta (almennings og dilka) og viðhald þeirra eftir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefndir eða hreppsnefnd ákveða með samþykki lögmæts sveitarfundar.

Nú koma aðilar sér ekki saman um hvernig kostnaði við réttarbyggingu skal jafna niður, sker þá sýslunefnd úr.

Við hverja skilarétt skal byggður ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Enn fremur skulu byggðir nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum hrepp- um og mega fjallskilastjórnir taka gjald fyrir afnot dilkanna. Við hverja skilarétt er hlutaðeigandi fjallskilastjórn heimilt að byggja sérstaka hrossarétt. Heimilt er að jafna niður hæfilegu gjaldi á hverja fjallskilaskylda einingu, auk venjulegra fjallskila, er leggist í sjóð til byggingar og viðhalds rétta og afréttagirðinga, að því leyti, er sveitarsjóður greiðir ekki þann kostnað.

## 29. gr.

Hreppsnefndir eru skyldar til að fela sérstökum manni eftirlit með viðhaldi rétta, dilka og nátthaga. Skal hann sjá um að rétt, dilkar og nátthagar séu í góðu lagi, þegar þarf að nota þá. Skal hann í samráði við fjallskilastjórnina sjá um viðhald réttanna. Á hverju vori skal eftirlitsmaður athuga rétt og dilka. Virðist honum dilkar ekki í viðunandi ástandi, skal hann tafarlaust tilkynna það hlutaðeiganda, eða ekki síðar en 1. júní ár hvert og skýra um leið frá, hvað hann telji nauðsynlegt að gera, enda séu allar slíkar endurbætur framkvæmdar í samráði við hann. Nú vanrækir einhver eða einhverjir slíka viðgerð eða gerir hana svo illa að umsjónarmaður telur hana ekki viðunandi, þá má hann láta framkvæma verkið á kostnað dilkeiganda eða dilkfélags og eru gjöld fyrir slík verk lögtakskræf.

## 19

23. jan.

## 30. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa duglegan réttarstjóra við hverja rétt og má réttarstjórnin teljast með gangnaskilum. Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir hvernig fjárdrætti skal hagað og heldur mönnum til starfs. Hann bannar stranglega alla óreglu, er veldur töf við réttarstörf. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum. Vanræki einhver réttarstörf skal réttarstjóri ráða mann til starfans á hans kostnað.

## 31. gr.

Réttarstjóri skal skipa áreiðanlega menn til að rannsaka fé utansveitarmanna áður en það er rekið frá réttinni.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjórn skal skipa einn eða fleiri menn frá hverju dilksfélagi til að vera réttarstjóra til aðstoðar við töfludrátt og yfirleitt við réttarstörf.

## 32. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur úr safninu eða réttinni strax og þeirra verður vart og einangra þær. Hann skal og annast um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í dilk sér, svo eigendum gefist kostur á að láta lamba-mæður helga sér þau.

Enginn má helga sér marklausa kind af fjárbragði.

Að afloknum réttarstörfum afhendir réttarstjóri hreppsstjóra alla ómerkinga til ráðstöfunar, sem ekki hafa fundið mæður. Frá aukaréttum gangi ómerkingar til aðalréttar með öðrum úrtíningi. Réttarstjóri kveður menn til að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá í fyrstu sem síðari réttum og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrir en lokið er, nema með leyfi réttarstjóra. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fé þeirra verði ekki eftir í úrtíningi. Á meðan varnir gegn sauðfjár-sjúkdómum haldast, skulu ákvæði sauðfjársjúkdómanefndar gilda um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

## 33. gr.

Frá hverri aukarétt skulu kvaddir menn til að reka úrtíning tafarlaust til skilaréttar, svo að hann sé þangað kominn áður en sundurdrætti er lokið.

## 34. gr.

Í réttum má enginn marka fénað, án þess hann jafnframt skýri réttarstjóra frá, hverja heimild hann hafi til mörkunarinnar. Réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér mark skepnunnar, ef hún er áður mörkuð, og nafn eiganda þess marks, ef þekkest, og afhenda skýrsluna hreppstjóra.

19

23. jan.

## VII. KAFLI

## Um hirðing fjár og hrossa í utanhreppsréttum.

## 35. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjórn skal skipa hæfa menn til að fara í réttir, á fjárskil og vera við úrtíningssölu annarra sveita, þar sem helzt eru fénaðarsamgöngur, til að hirða þar fé og hross fyrir sveitunga sína. Hafi sá, sem gert er að skyldu að leggja til téðra starfa, engan hæfan mann til að inna þau af höndum, hefur hreppsnefnd eða fjallskilastjórn vald til að kveðja til þess hvern þann, er hæfastur er í hreppnum annað hvort í mannaskiptum eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er skilin átti að vinna. Reynist sá, sem sendur er til að hirða fénað utanhrepps, ónýtur eða ófullnægjandi til þessa starfa, gilda um hann ákvæði 19. gr. um ófullkominn gangnamann.

## 36. gr.

Sá maður, sem sendur er til að hirða fénað í réttum, á fjárskilum og á öðrum samrekstrardögum annarra sveita, má ekki fara þaðan fyrir en búið er að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá. Sannist það, að hann láti verða eftir fé eða hross sveitunga sinna, sem er með glöggu, skrásettu marki, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur séu.

Hreppsnefnd ákveður hvert reka skuli fénað þenna og hvernig haga skuli skilum á honum.

## VIII. KAFLI

## Um smölun og hirðing og réttun hrossa.

## 37. gr.

Í síðari göngum á haustum skal, ásamt fé, smala stóðhrossum af afréttum og heimalöndum og rétta þau í síðari rétt.

Til Stafnsréttar skal þó smala hrossum í fyrri göngum og skulu þau hross, sem ekki eru hirt, seld að aflokinni stóðréttuninni og þá farið með þau sem óskilafénað í seinni rétt, sbr. 39. gr. Auk þess skal fara fram almenn smölun á hrossum 20. okt. og fyrsta þriðjudag í mánuðinum desember og febrúar, en sé sá dagur helgur eða veður banni, skal smala næsta færan dag. Skal þá í hverjum hreppi fara fram sundurdráttur á öllum hrossum sem koma fyrir, á þeim stöðum, sem hreppsnefnd ákveður. Þau hross, sem ekki þekkjast og enginn hirðir, skal fara með sem óskilafénað í seinni rétt, sbr. 39. gr.

Takist sala ekki og telji 2 menn, tilkvaddir af hreppstjóra, hross ekki fóðurtækt, má selja það án innlausnarfrests.

Ella ber hreppsnefnd að annast geymslu og fóðrun slíkra hrossa næstu 8 vikur gegn fullu endurgjaldi frá eiganda. Eftir þann tíma má selja þau án innlausnarfrests. Hreppsnefndir skulu sjá um, að almennar göngur fari fram í öllum heimalöndum hreppanna, hina ákveðnu hrossasmölnardaga.

## 38. gr.

Stóðhross skulu dregin í sundur í aukaréttum og skilaréttum, skal úrtíningur sá, er verður í aukaréttum, rekinn tafarlaust til skilaréttar. Meðan á réttum stendur, skal réttarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér folöld og skal hann kappkosta, að haga allri meðferð á hrossunum þannig, að ekki hljótist slys af.

## IX. KAFLI

## Um meðferð óskilafénaðar.

19

23. jan.

## 39. gr.

Eftir að töfludrætti er lokið skal úrtíningshross afhenda til sölu þegar í stað hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem skilarétt stendur. Skal hreppstjóri skrásetja mark, lit, aldur og auðkenni hverrar skepnu, sem seld er, eftir lýsingu tveggja markglöggra manna, er hreppsnefnd hefur þar til kosið, svo rétt og ákveðið sem framast má verða. Ef marklýsingamenn greinir á, sker hreppstjóri úr ágreiningnum. Marklýsingamenn fá hæfilega þóknun fyrir starf sitt eftir mati hreppsnefndar. Enginn, sem ekki er öðrum háður, getur skorast undan þeim starfa nema hann hafi forföll. Við sölu hrossa sé 10 vikna innlausnarfrestur eftir sölundag, nema ómarkaðra folalda, þá sé fresturinn aðeins 4 sólarhringar. Hrútar, sem að áleti hreppstjóra, marklýsenda og sauðfjárræktarráðunauta, eru hæfir til kynbóta, svo og forustufé, skal tekið í örugga vörzlu í 3 vikur. Fé þetta skal auglýsa innan fjárskiptasvæðisins og ef enginn eigandi finnst þar, skal ráðstafa því til slátrunar eins og öðru óskilafé.

Skepnur þær, sem seldar eru með innlausnarfresti, eru í vöktun kaupanda, en ekki í ábyrgð hans fyrr en að innlausnarfrestinum liðnum. Borgun fyrir geymslu og haga þessa fénaðar, ber eiganda að greiða ef innleystur er. Þó ekki yfir 1 kr. fyrir hvert hross um sólarhringinn. Hreppsnefndir annast innheimtu á verði alls óskilafénaðar, sem fargað er, og gera skilagrein fyrir því, sem fylgi sveitarreikningnum.

## 40. gr.

Þær óskilakindur, sem koma fyrir eftir fjárskiladag, skal hreppsnefnd sjá um að eigendum gefist kostur á að hirða, séu þeir í næstu hreppum, annars skal ráðstafa þeim sem öðru óskilafé. Finnist óskilafé í fé manna eftir að fé er almennt tekið til hýsingar, skal eiganda kindarinnar gert aðvart um að vitja hennar, sé hann í næstu hreppum innan sama fjárskiptasvæðis.

## 41. gr.

Komi óskilahross fyrir eftir smölun í febrúar, skal landráðandi gera hreppsnefnd tafarlaust aðvart er hrossin finnast. Lætur hún síðan skoða mörk þeirra og skrifa upp lýsingu á þeim. Ef þörf gerist, sendir hún lýsingarnar til allra hreppsnefnda hér í sýslu og næstliggjandi hreppa utan sýslu og auglýsir um leið, að uppboð á hrossunum fari fram eftir hálfan mánuð. Skal landráðanda skylt að annast hrossin til sölundags án endurgjalds nema hann þurfi að taka þau á gjöf, þá gegn hæfilegri borgun fyrir fóður. Þetta gildir þó ekki ef landráðandi getur sannað, að hrossin hafi ekki verið í landi hans við febrúarsmölun. Tekur hreppsfélagið þá við skyldum landráðanda, nema sannað verði, að þau hafi verið í annars manns landi, sem þá ber kostnaðinn.

Takist sala ekki, fer um hrossin eins og segir í 37. gr., næst síðustu málsgrein. Þegar óskilafénaður er seldur með innlausnarfresti, skal hreppsnefnd, eigi síðar en með næstu pósthferð á eftir, senda nákvæma lýsingu til allra hreppsnefnda innan sýslu og næstliggjandi hreppa utan sýslu. Skulu hreppsnefndir strax nákvæmlega yfirfara lýsingar þessar og láta hreppsþúa sína vita ef líkur eru til, að þeir eigi nokkuð af hinum seldu skepnum. Hross skal þó einnig auglýsa í útvarpi og tilgreina kyn, mark, aldur, lit og önnur auðkenni, ásamt innlausnarfresti.

## 42. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppsnefnd senda manni, sem er kosinn af sýslunefnd, greinilega lýsingu á öllum óskilafénaði, er fargað hefur verið í hreppnum og eigendum

19 hafa ekki helgað sér. Hinn kosni maður sendir endurrit af lýsingum þessum til birt-  
23. jan. ingar í Lögbirtingablaðinu. Í ómakslaun og prentunarkostnað greiðist hæfilegt gjald.

## 43. gr.

Af andvirði óskilafénaðar greiðist:

1. gæzlukostnaður,
2. sölukostnaður (sölulaun og vottalaun),
3. auglýsingakostnaður,
4. fundarlaun eða björgunarlaun.

Að öðru leyti greiðist andvirði fénaðarins til eiganda, ef þeir innan september-  
loka næst á eftir sanna eignarrétt sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóð eða sveitar-  
sjóði innan upprekstrarfélagsins, að tiltölu við sameiginlegan fjallskilakostnað.

## X. KAFLI

## Um eftirleitir einstakra manna.

## 44. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið, skal einstökum mönnum heimilt  
með samþykki hreppsnefndar í þeim hreppi, er næst liggur afrétti, að gera eftir-  
leitir á afréttarlöndum upprekstrarfélagsins. Borgun fyrir þessar leitir fer eftir samn-  
ingi og greiðist af fjallskilasjóðum upprekstrarfélagsins að tiltölu eftir sameigin-  
legum fjallskilakostnaði.

Finnist hross eða sauðfé óheimt á afréttum eftir að eftirleitir hafa farið fram,  
skulu fjallskilasjóðir upprekstrarfélagsins greiða sanngjörn björgunarlaun fyrir  
skepnur þessar eftir mati fjallskilastjórnar. — Björgunarlaun þess fjár sem næst úr  
ógöngum á hvaða tíma árs sem er, ákveðst og greiðist af sömu aðilum.

## XI. KAFLI

## Um fjármörk og hrossamörk.

## 45. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers fjáreiganda að hafa glögg  
mark á öllu sínu fé og sýslu- og hreppsbrennimörk á öllu hyrndu fé. Sýslunefndin  
skal svo oft sem þurfa þykir, og að minnsta kosti 5. hvert ár, láta prenta markaskrá  
fyrir alla sýsluna. Skal sérhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga  
fyrir það eftir því, sem sýslunefnd ákveður, en hvert heimili skal fá ókeypis eitt  
eintak af markaskránni. Mark helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema  
full sönnun komi fyrir að annar eigi.

Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er heimildarlaust að draga sér þótt lítið  
vanti á fullt mark.

Ef kind hefur eyrnamark eins manns en hornamark eða brennimark annars,  
þá skal sá talinn eigandi, sem á hornamarkið eða brennimarkið, og skal hann þá,  
ef eigandi eyrnamarksins krefst, gera grein fyrir hvernig hann hafi eignast kindina.  
Kind, sem hefur eyrnamark eins manns, hornamark annars og brennimark hins  
þriðja, skal talin eign þess sem brennimarkið á, þó geta eigendur hinna markanna  
krafizt þess, að hann geri grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Nú er kind  
ómörkuð eða með óglöggu marki og vill einhver eigna sér hana af líkum, þá skal  
hann skýra hlutaðeigandi hreppstjóra frá. Hreppstjóri kveður þá til fjóra skynsama  
og óvilhalla menn, er skulu, ásamt honum, skoða kindina og meta líkur þær og  
ástæður, er hann hefur til síns máls.

Ef þeir þá allir í einu hljóði kveða upp þann úrskurð, að það séu miklu meiri líkur að hlutaðeigandi eigi kindina, heldur en hann eigi hana ekki, þá má hann hirta hana sem sína eign, ella telst hún sem óskilakind. 19 23. jan.

Þessi ákvæði ná ekki til ómerkinga sem ær helga sér.

Rétt er að forustufé, sem á afrétt gengur, hafi bjöllu eða bjöllumeng í horni.

Hross skulu eins og fé hafa glögg markskrá sýslunnar. Komi hross fyrir með óglöggu marki eða skemmdum eyrum, sem einhver vill helga sér, þá gilda um það sömu reglur og fyrir er mælt í grein þessari um sauðfé með óglöggu marki.

#### 46. gr.

Enginn má taka upp mark, er líkist svo mörkum, sem eru í markaskrá sýslunnar eða nærliggjandi sýslna, að ætla megi, að valdi misdrætti. Særingarmörk mikil má ekki upp taka né heldur þau mörk, sem vandkvæði er á að marka svo glögg sé. Fleiri en tvær undirbenjar má ekki hafa sama megin á eyra.

#### 47. gr.

Oddviti sýslunefndar skal, með samþykki sýslunefndar, ráða mann til að annast undirbúning að prentun markaskrár fyrir sýsluna, og kallast hann markavörður.

Skal hann gæta þess, að ekki séu tekin upp ný mörk, sem notuð eru í héruðum, sem búast má við samgöngum við.

Nú vill maður taka upp nýtt mark milli þess, sem ný markaskrá er prentuð, og skal hann þá snúa sér til markavarðar og fá samþykki hans til að taka upp markið.

Markavörður tilkynni síðan hreppstjórum í nærliggjandi hreppum markið og auglýsi það í Lögbirtingablaði.

Enginn má nota mark nema það sé prentað í markaskrá sýslunnar eða tilkynnt af markaverði. Markavörður skal fá þóknun fyrir starf sitt eftir samningi af tekjum þeim, er til falla við prentun markaskrár.

Þeir sem taka upp ný mörk milli þess, sem markaskrá er prentuð, skulu greiða kostnað við tilkynningu þess.

Sama gildir um mörk þeirra, sem flytjast inn í sýsluna, milli þess er markaskrá er prentuð, og ný mörk.

#### 48. gr.

Brennimörk hreppanna eru:

1. Vindhælishreppur	..... H 1	6. Svinavatnshreppur	..... H 4
2. Höfðahreppur	..... H 1 a	7. Torfalækjarhreppur	..... H 5
3. Skagahreppur	..... H 1 b	8. Blönduóshreppur	..... Blós
4. Engihlíðarhreppur	..... H 2	9. Sveinsstaðahreppur	..... H 6
5. Bólstaðarhlíðarhreppur	.... H 3	10. Áshreppur	..... H 7

## XII. KAFLI

### Um eftirlit og rekstur slátrunar- og sölufénaðar.

#### 49. gr.

Eftirlit skal hafa með sölu sauðfjár og hrossa eins og hér segir:

Þegar sauðfé er keypt á mörkuðum, skal hreppstjóri í þeim hreppum, þar sem markaðir eru haldnir, sjá um að gætinn og markglöggur maður fylgi markaðshöldurum eftir og skoði mörk á öllu fé og hrossum, sem selt er.

Í kaupútunum skulu þeir, sem fé taka til slátrunar, hafa sérstakan mann, gætinn og markglöggan til þess að skoða mörk á öllu fé og hrossum, sem slátrað er hjá þeim.



19 23. jan. Komi fyrir skepnur við þessar skoðanir, sem vafi er um hver á, skal farið með þær sem óskilafé. Hefur hreppsnefnd þess hrepps, sem gripur er kominn úr, ráðstöfunarréttinn.

Hreppstjóri skoði eða láti skoða mark á öllum hrossum sem seld eru í hreppnum til útflutnings eða slátrunar.

Kaupandi og seljandi eru skyldir að veita aðstoð við það. Kaupendur eru einnig skyldir að tilkynna hreppstjóra áður en kaupin fara fram. Komi upp vafi um eyrnamark eða eignarrétt, skal fara með það eins og fyrir er mælt um sauðfé, sbr. 45. gr.

Oddviti sýslunefndar lætur hreppstjórum og slátruhúsum í té löggiltar bækur, er þeir skrifa í athuganir sínar, í þessum málum, samkvæmt nánari fyrirmælum oddvita.

Enn fremur skulu þeir, sem hross kaupa til sölu í önnur héruð, skrá nafn seljanda, mörk, lit og aldur hrossanna, og afhenda hreppstjóra þess hrepps, þar sem hrossin eru keypt, skrána til innfærslu í hina löggiltu bók.

Borgun til þeirra manna, sem skoða mörk í sveitum, greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, en þeir sem taka fé eða hross til slátrunar á staðnum, kosti sjálfir þann mann, sem skoðar mörkin.

#### 50. gr.

Allt fé og öll hross í sölufjárrekstrum skal vera með skýru rekstrarmerki, er sé svo glögg, að það sjáist tilskýndar í björtu og svo traust, að það máist ekki af þótt votviðri gangi.

#### 51. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim er lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð.

Varast skal að rekstrar lendi saman við annað fé.

Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til. Eigi má leggja upp með rekstra fyrr en markljóst er orðið.

#### 52. gr.

Nú ber við að öðru fé lendir saman við rekstur, skal þá strax á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstrinum og gæta þess vandlega, að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera. Skal þá, sem endranær, þegar viðstaða verður og rekstrarféð dreifir sér til muna, telja rekstrarféð.

Enginn, sem á bænum er viðstaddur og til þess er fær, má skorast undan að kanna rekstur með rekstrarmönnum, og ber yfirmanni rekstursins að greiða þóknun eftir úrskurði oddvita sýslunefndar, ef á greinir, en aðgang á hann að eigendum fjárins með borgun, ef honum hefur ekki verið sjálfum um að kenna. Sjá skulu rekstrarmenn um að það fé, sem komið hefur saman við, komist til áttþaga sinna eigendum að kostnaðarlausu.

#### 53. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því, að hafa tekið fé annarra í rekstur heimildarlaust, skal rekstrarstjóri bæta eigendum það að fullu eftir samkomulagi eða eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður kveður til ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið af skeytingaleysi, varðar það einnig sektum.

#### 54. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður. Annast hann um að þessum rekstrarreglum sé hlýtt og ber ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynnu að kæra, en hann á aftur aðgang að rekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

## 55. gr.

Eigi má svelta fénað við réttir eða í rekstrum frekar en minnst verður hjá komizt. Eigi má heldur misþyrma honum á nokkurn hátt í fjallgöngum, rekstrum til heiðar, bæjarrekstrum eða heimalandasmölun. Sérstaklega er bannað að hundbeita fénað í rekstri eða smölun að óþörfu.

19

23. jan.

### XIII. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

## 56. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 100—2000 króna sektum nema þyngri refsing liggi við eftir lögum.

Falli sektarféð í hlutaðeigandi fjallskilasjóð.

## 57. gr.

Með mál, er rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lög-  
reglumál. Þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum  
ágreiningsatriðum til úrskurðar sýslunefndar.

## 58. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Austur-Húnavatns-  
sýslu um fjallskil og fleira frá 15. júlí 1941 og þær breytingar, er síðar hafa verið  
á henni gerðar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og sam-  
þykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí  
1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut  
eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. janúar 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

um þinglýsingargjöld af veðbréfum með veði í rekstrarvörum  
sjávarútvegs og landbúnaðar.

## 1. gr.

Samkvæmt heimild í 1. gr. 3. málsg. l. nr. 87 28. desember 1960 um viðauka  
við lög nr. 18 4. nóvember 1887, um veð, hefur ráðuneytið ákveðið, að þinglýsingar-  
gjöld af veðbréfum með veði í rekstrarvörum sjávarútvegs og landbúnaðar skuli  
vera þessi:

Þegar fjárhæðin er 5000 kr. eða minni 50 kr. og síðan kr. 2.40 fyrir hvert þúsund  
eða brot úr þúsundi, sem fram yfir er.

*Fjármálaráðuneytið, 23. janúar 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

20

23. jan.

21

24. jan.

## BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1960:

*Arnheiðarstaðir*, nýbýli í landi Norðurreykja, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

*Bær II*, nýbýli í landi Bæjar, Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

*Hrauntún*, nýbýli í landi Traðar í Kolbeinsstaðahreppi, Hnappadalssýslu.

*Drangavík*, nýbýli í landi Dranga í Skógarstrandarhreppi, Snæfellsnessýslu.

*Hafrafell II*, nýbýli í landi Hafrafells, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandar-sýslu.

*Hvalshöfði*, nýbýli í landi eyðijarðarinnar Geithóls og Oddsstaða, Staðarhreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

*Akurbrekka*, nýbýli í landi Þóroddsstaða, Staðarhreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

*Helguhvammur II*, nýbýli í landi Helguhvamms, Kirkjuhvammshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

*Eyjanes*, nýbýli í landi Tannstaðabakka, Staðarhreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

*Sturluhóll*, nýbýli í landi Efrimýra, Engihlíðarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

*Steiná II*, nýbýli í landi Steinár, Bólstaðarhlíðarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

*Brúnastaðir II*, nýbýli í landi Brúnastaða, Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðar-sýslu.

*Arnarstaðir II*, nýbýli í landi Arnarstaða, Fellshreppi, Skagafjarðarsýslu.

*Rífkelsstaðir III*, nýbýli í landi Rífkelsstaða I, Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðar-sýslu.

*Hjarðarholt*, nýbýli í landi Draflastaða, Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

*Arnarvatn IV*, nýbýli í landi Arnarvatns I, Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

*Björk*, nýbýli í landi Voga I, Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

*Vesturhlíð*, nýbýli í landi Hlíðarenda, Bárðaðalshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

*Hvanná III*, nýbýli í landi Hvannár, Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

*Hvanná II*, nýbýli í landi Hvannár, Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

*Arnarhóll*, nýbýli í landi Merkis, Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

*Hrafnafell*, nýbýli í landi Hafrafells, Fellahreppi, Norður-Múlasýslu.

*Þorvaldsstaðir II*, nýbýli í landi Þorvaldsstaða, Breiðdalshreppi, Suður-Múla-sýslu.

*Skaftárdalur III*, nýbýli í landi Skaftárdals I, Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

*Kastalabrekka*, nýtt nafn á jörðinni Veteifsholtspartur, Ásahreppi, Rangár-vallasýslu.

*Ásmundarstaðir III*, nýbýli í landi Ásmundarstaða II, Ásahreppi, Rangár-vallasýslu.

*Brautartunga*, nýbýli í landi Hala í Djúpárhreppi, Rangárallasýslu.

*Kviharhóll*, nýbýli í landi Hvals, Ölfushreppi, Árnassýslu.

*Hamarsheiði II*, nýbýli í landi Hamarsheiðar, Gnúpverjahreppi, Árnassýslu.

*Hlíðarás*, nýbýli í landi Hækingsdal, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu.

*Í menntamálaráðuneytinu, 24. janúar 1961.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

*Sigurður J. Briem.*

**REGLUGERÐ**

22

26. jan.

um breyting á reglugerð fyrir nefnd verkalýðsfélaganna á Siglufirði  
nr. 42 12. marz 1957.

Í 9. gr. reglugerðarinnar komi: kr. 52.00, kr. 60.00 og kr. 8.00 í stað „kr. 20.00, kr. 25.00 og kr. 4.00“.

Reglugerðarbreyting þessi, sem er samin af úthlutunarnefndinni, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar og lögum nr. 4 20. janúar 1959 um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**GJALDSKRÁ**

23

2. febr.

fyrir Vatnsveitufélag Grafarness.

**1. gr.**

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega. og miðast skatturinn við lögskipað fasteignamat á húsum 2% af fasteignamati.

Heimtaugargjald skal greiða kr. 500.00 að viðbættu 1% af fasteignamati hússins.

**2. gr.**

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

Fiskiðjuver greiði 1% af fasteignamati húsa og kr. 2.00 fyrir hverja innvegna smálest af fiski til vinnslu.

Róðrabátar frá Grundarfirði greiði kr. 1000.00 fyrir vatn til verbúða og fyrir bát.

Vatn selt til skipa við bryggju kr. 15.00 fyrir tonn, en minnsta gjald er kr. 30.00.

Vatn til steypu, af hverri notaðri sementstunnu ..... kr. 1.00

Fyrir hverja sauðkind, sem slátrað er á staðnum ..... — 0.50

Fyrir hvern stórgrip, sem slátrað er á staðnum ..... — 5.00

Vatn selt um mæli kr. 1.00 fyrir hverja lest allt að 2000 lestum, en af hverri umframlest kr. 0.75.

Fyrir öll önnur vatnsnot, sem ekki eru talin í gjaldskrá þessari, skal greiða eftir samningi við stjórn félagsins.

Náist samkomulag ekki skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig að það sé í samræmi við gildandi vatnalög.

23

2. febr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskattinn. Heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu nemur, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

3. gr.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. júlí ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagstjórn getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti ef þurfa þykir.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og skal hann tryggður með lögveðsrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 ár, eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitufélag Grafarness nr. 149 25 júlí 1951.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. febrúar 1961.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

---

*Hallgrímur Dalberg.*

24

20. febr.

## REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Suðureyrarkauptún, nr. 74 18. maí 1948.

1. gr.

a-liður 22. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Skip og bátar, sem eru eign manna búsettra í Súgandafirði, og gerð út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerð eru út frá Suðureyri a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 4.00 af hverri heilli brúttórúmllest skips eða báts. Vélbátar, minni en 5 rúmllestir brúttó, skulu greiða kr. 20.00 í lestagjald á ári.

2. gr.

c-liður 22. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Innlend strandferðaskip og millilandaskip greiða 70 aura fyrir hverja brúttó rúmllest skipsins, í fyrsta skipti ár hvert, er þau koma á Suðureyrarhöfn, en ekkert þótt þau komi oftár á því ári.

3. gr.

d-liður 22. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema þau, sem undanþegin eru hafnar-gjöldum greiða, ef þau hafa samband við land, 80 aura af hverri nettó-rúmllest í hvert skipti. Hálf rúmllest telst sem heil, minna broti skal sleppt.

4. gr.

a-liður 24. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Bátar og skip, 12 brúttórúmllestir og stærri, sem eru eign búsettra manna í Suðureyrarhreppi, greiði kr. 5.00 af hverri brúttórúmllest á ári.

## 5. gr.

b-liður 24. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Öll aðkomuskip greiða 30 auru af brúttórúmllest fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta af hálfum sólarhring, sem þau liggja við bryggju. Minnsta gjald skal þó vera kr. 20.00 í hvert sinn. Liggja þau skip utan á öðru skipi, greiðist aðeins hálf gjald. Sama máli gegnir um þau aðkomuskip, er fiskveiðar stunda frá Suðureyri, eða eru gerð út þaðan. Þó getur hafnarnefnd, ef hún telur ástæðu til, gert samning um bryggjugjald slíkra skipa. Undanþegin bryggjugjaldi eru sömu skip og um getur í 23. gr., nema er þau flytja vörur og farþega, sem þau taka gjald fyrir. Þó eru herskip og skemmtiferðaskip alltaf undanþegin bryggjugjaldi og öðrum hafnargjöldum.

24

20. febr.

## 6. gr.

30. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Vöru skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiðist eftir því, er þar segir.

Ef vafi leikur á, í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má áfrýja til hreppsnefndar.

## Vörugjaldskrá.

## A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. 100 aurar fyrir hver 100 kg:  
Slægður fiskur með haus, eða jafngildi þess, sé fiskurinn fluttur í land í öðru ástandi.
2. flokkur. 200 aurar fyrir hver 100 kg:  
Kol, salt eða sement.
3. flokkur. 25 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Timbur.
4. flokkur. 30 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
5. flokkur. Kr. 20.00 fyrir hvert tonn:  
Olía og benzín, en í fötum kr. 4.00 af hverju.
6. flokkur. 100 aurar fyrir hvert stykki:  
Tómar tunnur.
7. flokkur. 150 aurar fyrir hvert stykki:  
Vörur alls konar undir 15 kg, þar með talið fiskumbúðir (ytri kassar), plasteinangrunarbúnt og matvara.  
Fyrir hvert slíkt stykki yfir 15 kg greiðist kr. 3.00.
8. flokkur. Kr. 40.00 fyrir hvert tonn af vörum, 100 kg eða þyngri, enn fremur járnvöru og annarri þungavöru, sem ekki er áður talin.
9. flokkur. Kr. 10.00 fyrir hvert tonn af sild og smokkfiski.

## B. Brottfluttar vörur:

1. flokkur. Kr. 60.00 fyrir hvert tonn:  
Hertur fiskur alls konar.
2. flokkur. Kr. 40.00 fyrir hvert tonn:  
Hraðfrystur fiskur.
3. flokkur. Kr. 12.00 fyrir hvert tonn:  
Saltfiskur.

24 4. flokkur. Kr. 15.00 fyrir hvert tonn:  
20. febr. Lýsi, síld, hrogn, kjöt, gærur, beinamjöl og aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.

5. flokkur. 30 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Vörur, sem reiknast eftir rúmmáli. Minnsta vörugjald á stykki er þó 200 aurar.

Hafnarnefnd er heimilt að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá staðnum í smáum stíl.

#### 7. gr.

32. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra lands, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burt innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim. Gjald fyrir mikið vörumagn má ákveða með samningi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 20. febrúar 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

25

28. febr.

## REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Grundarfjörð, nr. 60 5. maí 1944,  
sbr. reglugerð nr. 118 10. sept. 1959.

#### 1. gr.

2. flokkur vörugjaldskrár 37. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð 118 1959, orðist þannig:

Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:

Fiskur upp úr sjó, saltfiskur, frystur fiskur, fiskimjöl, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, kaðlar og aðrar útgerðarvörur.

#### 2. gr.

13. flokkur í vörugjaldskrá 37. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 118/1959, falli niður.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 28. febrúar 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1960.

*Bráðabirgðalög um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka*, undirskrifuð af forsetanum 5. jan. 1961, nr. 1.

*Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1961*, undirskrifuð af forsetanum 14. febr. 1961, nr. 2.

*Lög um sameining rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins*, undirskrifuð af forsetanum 2. marz 1961, nr. 3.

*Auglýsing um samkomulag um lausn fiskveiðideilunnar við Breti*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 11. marz 1961, nr. 4.

*Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um afnám nauðungarvinnu*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 5. jan. 1961, nr. 5.

*Auglýsing um fullgildingu samþykktar um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO)*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 1. febr. 1961, nr. 6.

*Lög um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju*, undirskrifuð af forsetanum 6. febr. 1961, nr. 7.

*Lög um Bjargrásjóð Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 14. febr. 1961, nr. 8.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hellnahól í Rangárvallasýslu*, undirskrifuð af forsetanum 25. febr. 1961, nr. 9.

*Lög um Seðlabanka Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 10.

*Lög um Landsbanka Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 11.

*Lög um Útvegsbanka Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 12.

*Lög um breyting á lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 13.

*Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959*, undirskrifuð af forsetanum 25. febr. 1961, nr. 14.

*Auglýsing um viðurkenningu á ferðaskilríkjum fyrir brezka borgara*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 16. febr. 1961, nr. 15.

*Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Stokkseyrarhreppi land jarðanna Stokkseyri I—III ásamt með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum*, undirskrifuð af forsetanum 25. febr. 1961, nr. 16.

*Lög um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskeiðasjóð Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 10. marz 1961, nr. 17.

*Lög um ríkisfangelsi og vinnuhæli*, undirskrifuð af forsetanum 15. marz 1961, nr. 18.

*Samþykkt fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.*, undirskrifuð af viðskiptamálaráðherra 18. marz 1961, nr. 19.

*Reglugerð fyrir Verzlunarbanka Íslands hf.*, undirskrifuð af viðskiptamálaráðherra 18. marz 1961, nr. 20.

*Lög um héraðsfangelsi*, undirskrifuð af forsetanum 15. marz 1961, nr. 21.

*Auglýsing um loftferðasamning milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 22. marz 1961, nr. 22.

*Auglýsing um loftferðasamning milli Íslands og Svíþjóðar*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 23. marz 1961, nr. 23.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Grýtubakkahreppi*, undirskrifuð af forsetanum 22. marz 1961, nr. 24.



*Lög um breyting á lögum nr. 20 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna, undirskrifuð af forsetanum 23. marz 1961, nr. 25.*

*Lög um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar, undirskrifuð af forsetanum 23. marz 1961, nr. 26.*

*Lög um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar, undirskrifuð af forsetanum 23. marz 1961, nr. 27.*

*Lög um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 105/1936, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 24. marz 1961, nr. 28.*

*Lög um breyting á lögum nr. 51 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, undirskrifuð af forsetanum 24. marz 1961, nr. 29.*

*Lög um breyting á tilskipun 31. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. jan. 1851, um eftirlaun, undirskrifuð af forsetanum 24. marz 1961, nr. 30.*

*Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940, undirskrifuð af forsetanum 24. marz 1961, nr. 31.*

*Lög um breyting á lögum nr. 32 2. nóv. 1914, um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjálþýðendur, undirskrifuð af forsetanum 24. marz 1961, nr. 32.*

*Lög um breyting á lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, undirskrifuð af forsetanum 24. marz 1961, nr. 33.*

*Lög um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl., undirskrifuð af forsetanum 24. marz 1961, nr. 34.*

*Lög um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, og lögum nr. 47 1958, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 24. marz 1961, nr. 35.*

*Ábúðarlög, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 36.*

*Lög um ríkisábyrgðir, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 37.*

*Lög um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 38.*

*Lög um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 39.*

*Lög um breyting á lögum nr. 47 11. júní 1938, um fasteignasölu, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 40.*

*Lög um breyting á lögum nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 41.*

*Lög um breyting á lögum nr. 89 29. des. 1953, um löggilta endurskoðendur, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 42.*

*Lög um breyting á lögum nr. 24 17. marz 1954, um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 43.*

*Lög um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 44.*

*Lög um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 45.*

*Lög um breyting á lögum nr. 74 11. júní 1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótljóns, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 46.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta gera minnispening í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 47.*

*Lög um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 48.*

*Lög um verkstjóranámskeið*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 49.

*Lög um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 50.

*Lög um heimild handa samgöngumálaráðherra til að veita Guðjóni Ármanni Eyjólfsyni sjóliðsforingja stýrimannsskirteini á íslenskum skipum*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 51.

*Lög um lánasjóð íslenzkra námsmanna*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 52.

*Lög um listasafn Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 53.

*Lög um fræðslumyndasafn ríkisins*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 54.

*Lög um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 55.

*Lög um skattfrelsi í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 56.

*Lög um breyting á lögum nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 57.

*Sveitarstjórnarlög*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 58.

*Lög um þátttöku Íslands í Hinni alþjóðlegu framfarastofnun*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 59.

*Lög um launajöfnuð kvenna og karla*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 60.

*Lög um breyting á lögum nr. 50 12. febr. 1940, um lögreglumenn*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 61.

*Lög um afhendingu Þingeyjar í Skjálfandafljóti*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 62.

*Lög um lögskráningu sjómanna*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 63.

*Lög um breyting á lögum nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 64.

*Lög um breyting á lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946*, undirskrifuð af forsetanum 29. marz 1961, nr. 65.

*Forsetabréf um þinglausnir*, undirskrifað af forsetanum 29. marz 1961, nr. 66.

*Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Bretlands um gagnkvæma undanþágu frá greiðslu stimpilsgjalds*, undirskrifuð af forsetanum 6. apríl 1961, nr. 67.

- 26** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Guð-  
 1. febr. mundar Jónssonar og Sigurrósar Hjálmtýsdóttur frá Harðarbóli í Dalasýslu, útgefin  
 á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. febrúar 1961.  
 Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Guðmundar Jónssonar og  
 Sigurrósar Hjálmtýsdóttur frá Harðarbóli í Dalasýslu.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Guðmundar Jónssonar og Sigurrósar Hjálmtýsdóttur frá Harðarbóli.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af undirrituðum fóstursyni þeirra hjóna, með kr. 4000 króna framlagi, sem ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands (aðaldeild nr. 818).

### 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, það fé sem sjóðnum kann að áskotnast með gjöfum, áheitum, eða á annan hátt, leggist við höfuðstólinn,  $\frac{2}{3}$  — tveir þriðju — vaxta leggist við höfuðstólinn þar til hann er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund — krónur, en síðan ávallt  $\frac{1}{3}$  — einn þriðja — hluta þeirra.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins er hreppsnefnd Miðdalahrepps.

Þriðja hluta vaxta skal verja til verðlauna fyrir beztu meðferð og hirðingu búfjár, samkvæmt tillögu eftirlitsmanns fóðurbirgðafélags, eða slíks félagsskapar, ef til er. Skulu verðlaun þessi aðeins veitt einum manni eða konu árlega.

Þegar sjóðurinn nemur alls 50000 — fimmtíu þúsund — krónur, má verja þeim hluta vaxta er fellur til útborgunar til hvers konar menningarstarfsemi í hreppnum, eftir því sem hentast þykir á hverjum tíma, til þroska og hagsældar því fólki, er þar býr.

Ef fé því, sem fellur til útborgunar, er eitthvert ár ekki úthlutað, að nokkru eða öllu leyti, leggst það við höfuðstólinn.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn, og færa inn í hana skipulagsskrána, verðlauna- og styrkveitingar úr sjóðnum og annað er varðar hag hans og rekstur.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera endurskoðendur hreppsreikninga.

### 6. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Gert 28. jan. 1955.

Flosi Jónsson  
 frá Harðarbóli.

## REGLUGERÐ

27

9. febr.

### um skemmtanaskatt í Suðureyrarhreppi, V.-Ísafjarðarsýslu.

#### 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1932 og lög nr. 61 21. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Suðureyrarhreppi, og aðgangur er seldur að, og eigi eru með lögum undanþegnar skatti.

#### 2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

##### 1. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestrar.
- b. Söngur og hljótleikar.
- c. Sjónleikir.
- d. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

##### 2. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Loddara- og fjölleikasýningar.
- c. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar sérstaklega.

#### 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem undir fyrsta flokk heyra, skal greiða 10% af aðgangseyri og af þeim, sem taldar eru í öðrum flokki 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.

#### 4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu eða til styrktar menningar- og framfaramálum hreppsins.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefur eftirlit með, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Hún getur ráðið sérstakan mann til að annast þetta starf, fyrir sína hönd og falið það löggæzlumönnum hreppsins.

#### 6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skatts af henni. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

Eigi síðar en 2 dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, skv. 3. gr. þessarar reglugerðar, af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

27

9. febr. Oddviti eða eftirlitsmaður getur gert eftirtalin atriði að skilyrði fyrir stimplun aðgöngumiða:

1. Að aðgöngumiðar séu þannig gerðir, að þeir verði hæglega rifnir í tvennt, þegar þeir eru notaðir, þannig að dyravörður haldi öðrum hlutanum, en aðgangskaupandi hinum.
2. Að honum sé afhent sem tryggingarfé fjárupphæð, er svarar til skemmtanaskatts af öllum hinum stimpluðu miðum.
3. Að ekki annist aðrir dyravörzlu á skemmtun en hann samþykkir, enda skuldbindi þessir menn sig gagnvart honum til þess að hleypa engum öðrum inn á skemmtun en þeim, sem afhenda aðgöngumiða, stimplaðan skemmtanaskattsstimplinum.

8. gr.

Oddviti eða eftirlitsmaður færir inn í sérstaka skemmtanaskattsbók nafn forstöðumanns skemmtunar, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin, tölu stimplaðra aðgöngumiða, sem afhentir eru forstöðumanni gegn kvittun hans ritaðri í bókina, tölu óseldra miða og seldra og útreikning skattsins. Falli skemmtun niður, skal þess getið í bókinni.

9. gr.

Skatttekjur, samkv. reglugerð þessari, renna í sveitarsjóð. Skal þeim haldið aðskyldum frá öðrum tekjum hreppsins og varið til sérstakrar menningar eða líknarstarfsemi, sem hreppsnefnd ákveður hverju sinni.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum. Með mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem opinber mál.

11. gr.

Reglugerð þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli, og öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 9. febrúar 1961.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

*Ásgeir Pétursson.*

28

10. febr.

## G J A L D S K R Á

héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

### I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir, nema á veitusvæðum, sem sérstakar gjaldskrár eru settar fyrir:

#### A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 4.00 hverja kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

## Fastagjald reiknast þannig:

28

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur .....	kr. 11.25 á m <sup>2</sup> /ári.	10. febr.
Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. ....	— 5.00 — —	

## B. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

## 21. Um kwst.mæli þannig reiknað:

- a. Grunnjald (mælisleiga o. fl.):
- |                          |                  |
|--------------------------|------------------|
| af einfasa mælingu ..... | kr. 10.00 á mán. |
| af þrifasa mælingu ..... | — 20.00 — —      |
- b. Orkugjald
- |                       |                |
|-----------------------|----------------|
| af allri notkun ..... | — 1.00 — kwst. |
|-----------------------|----------------|
- c. Fastagjald
- |                                   |                |
|-----------------------------------|----------------|
| af hverri gjaldskráreiningu ..... | — 10.00 — mán. |
|-----------------------------------|----------------|
- Gjaldskráreiningar reiknast sem hér segir:
- 1) Fyrir fjölskylduheimili  
ein eining fyrir hvert íbúðarherbergi.

Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki gangar, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, telst sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup> má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngilda einu herbergi og hverjir 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

- 2) Fyrir félagsheimili (skóla, sjúkrahús, gistihús o. þ. h.)  
ein eining fyrir hverja 20 m<sup>2</sup> gólfplatar.

Gólfplötur mælist milli útveggja, þó að frátöldum geymslum, sem sjaldan er farið um, og göngum þeim tilheyrandi.

Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja eftir þessum gjaldskrárlíð. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning gjaldskráreininga af slíkum húsum og tækjum í þeim.

22. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á kr. 1.00 hverja kwst., enda séu suðu- og hitunartæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir A-lið.

Heimilt er einnig að selja slíkum notendum eftir lið C-32.

23. Um orkumæli (aflmarks-mæli), sem stilltur er á tiltekið afl, og sýnir annars vegar orkunotkun yfir aflstillingu og hins vegar heildarorkunotkun. Aflstilling skal vera 500 wött, að viðbættum 300 wöttum fyrir hverja gjaldskráreiningu, sem ákveðst samkvæmt gjaldskrárlíð B-21.

Notendur, sem stunda búrekstur, eiga þó völ á hærri aflstillingu, þó ekki hærri en tvöfaldri og hæst 10 kw. Þegar aðstæður leyfa, getur rafmagnsveitustjóri veitt hærri aflstillingu en að ofan greinir, þó eigi hærri en 10 kw. Aflstilling skal gilda til eins árs í senn. Þó þannig, að heimila má hækkan aflstillingar við ársfjórðungsmót, ef skrifleg umsókn hefur borizt með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

## a. Aflgjald:

Af lágmarksstillingu .....	kr. 1680 á kw. á ári.
— stillingu þar fram yfir, allt að tvöfaldri lágmarksstillingu .....	— 1150 — — —
— stillingu umfram tvöfalda lágmarksstillingu ....	— 1415 — — —

28

10. febr.

- b. Orkugjald:  
 Af allri notkun ..... kr. 0.16 á kwst.  
 — notkun yfir aflstillingu auk þess ..... — 2.00 —  
 Leiga á einum mæli er innifalin í aflgjaldinu.
24. Ef um er að ræða meira afl en 10 kw. til búrekstrar, má selja um afl- og orku-  
 mæla (mestaafismæli) þannig reiknað:  
 a. Aflgjald:  
 Af notuðu afli ..... kr. 1415 á kw. á ári.  
 b. Orkugjald:  
 Af allri notkun ..... kr. 0.16 á kwst.  
 Notað afl hvers árs telst vera meðaltal fjögurra álestra, sem fara fram  
 með sem næst þriggja mánaða millibili.  
 Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung.

### C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli á kr. 2.00 hver kwst. Lágmarksgjald skal vera kr. 1200 á ári  
 og ekki lægra en sem svarar kr. 475 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.
32. Um afl og orkumæla (mestaafismæli) þannig reiknað:  
 a. Aflgjald:  
 Af notuðu afli ..... kr. 1150 á kw. á ári.  
 b. Orkugjald:  
 Af allri notkun ..... kr. 0.31. á kwst.  
 Notað afl hvers árs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en  
 álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili og eigi skemmra en eins mán-  
 aðar. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung. Minnsta afl-  
 gjald skal vera 2400 krónur á ári. Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja alla  
 raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra  
 slíkra staða, gegn greiðslu fastagjalda af ljósanotkun samkvæmt reglum, sem  
 rafmagnsveitustjóri setur.
33. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:  
 Um kwst.mæli á 31 eyri hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 900 á ári  
 fyrir hvert kw. í málraun véla.  
 Minnsta aflgjald skal vera 2400 krónur á ári.
34. Raforku til súgþurrkunar og hliðstæðra nota á tímabilinu 1. júní til 1. nóv. má  
 selja gegn fastagjaldi, óháðu notkunartíma, sem nemi kr. 337 á ári fyrir hvert  
 kw. í málraun véla, og auk þess 31 eyrir á hverja kwst. Kaupandi skuldbindi  
 sig þá til að nota ekki vélarnar utan tímabilsins 1. júní til 1. nóv., nema með leyfi  
 rafmagnsveitustjóra og gegn greiðslu fulls fastagjalds samkvæmt lið C-33 kr.  
 900.00 á hvert kw. í málraun véla. Kaupandi skuldbindi sig enn fremur til að  
 takmarka samtímisnotkun sína með tilliti til stærðar spennu og annarra aðstæðna,  
 samkvæmt sérstökum fyrirmælum rafmagnsveitustjóra í hverju tilfelli.  
 Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við að faskvikstuðull  
 álagsins hjá notanda sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, geta rafmagnsveiturnar  
 krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi, en þar til það er gert, greiði  
 kaupandi herra verð fyrir raforkuna og fari sú hækkun eftir sérstökum ákvæð-  
 um þar um, staðfestum af ráðherra.  
 Af hverjum rafsúðuspenni skal greiða aukafastagjald, er nemi kr. 300 fyrir  
 hvert kVA upp í 8 kVA og kr. 500 fyrir hvert kVA, sem er umfram 8 kVA.  
 Gjald þetta skal greiða, enda þótt greitt sé af spennunum fastagjald samkvæmt  
 þeim gjaldskrárlíð, sem raforka til þeirra er seld eftir. Séu rafsúðuspennar not-

aðir á gjaldskrárliðunum 23, 24 og 32, greiðist ekki aukafastagjald upp í 8 kVA 28  
en kr. 500 á hvert kVA, sem umfram er.

10. febr.

Rafmagnsveitustjóri getur bannað uppsetningu rafsuðuspenna, nema skriflegt leyfi komi til. Hann getur takmarkað notkun rafsuðuspenna við tiltekna tíma sólarhrings.

#### D. Hitun

41. Til húshitunar um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst.
42. Til húshitunar um kwst.mæli á 25 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
43. Til húshitunar um kwst.mæli á 18 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9.
44. Til hitunar í vatnsgeymum og gufukötlum um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegi og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Lágmarksgjald skal vera kr. 1200 á ári.
45. Til hitunar í vatnsgeymum og gufukötlum um kwst.mæli á 25 aura hverja kwst. í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9. Lágmarksgjald skal vera kr. 1200 á ári.
46. Til fasttengdra bökunarofna og vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um tvígjaldsmæli á 25 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til kl. 10 og 75 aura hverja kwst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 8 til 24, enda sé straumurinn rofinn í 4 klst. á mestu álagstímum rafmagnsveitnanna, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:

- a. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1600 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afsl hitunartækja.
- b. Verðið breytist með útsöluverði á díselolíu í Reykjavík, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 1550 króna verði á oliutonna, en hækki eða lækki um 2.4 aura hver kwst. á liðunum 41, 44 og síðari hluta 46 og 1 eyri hver kwst. á liðunum 42, 45 og fyrri hluta 46 og 0.7 eyri hver kwst. á lið 43, fyrir hverjar fullar 75 krónur, sem oliutonnið hækkar eða lækkar.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafmagnsveitustjóri ákveðið, að rafmagnsveiturnar leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafmagnsveitnanna, ofnar og önnur hitatæki fasttengd með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafizt.
- d. Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum um einangrun, sem rafmagnsveiturnar setja.

#### E. Önnur raforkunotkun.

51. Til að nota um vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst.
52. Þar sem ástæður leyfa, að dómi rafmagnsveitustjóra, að komið verði upp útilýsingarkerfi, er heimilt að selja rafmagn til útilýsingar á kr. 1.30 hverja kwst., enda hafi uppsetning kerfisins verið kostuð af notanda.

Heimilt er að lækka orkugjaldið niður í 50 aura á kwst. gegn greiðslu fastagjalds samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.



- 28** Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar 10. febr. gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 11. Þegar sérstaklega stendur á, er rafmagnsveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

## II. MÆLALEIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 60 amp. og minni .....	kr. 5.00 á mán.
2. — þrífasa kwst.mælum 50 amp. og minni .....	— 12.00 — —
3. — þrífasa kwst.mælum yfir 50 og til 100 amp. ....	— 17.00 — —
4. — þrífasa kwst.mælum yfir 100 amp. (straumspennamælar)	— 40.00 — —
5. — mestaafsmælum 100 amp. og minni .....	— 35.00 — —
6. — mestaafsmælum yfir 100 amp. (straumspennamælar) ....	— 65.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun fyrir veitu, má taka gjöld fyrir lokunartilkynningu og enduropnun, allt að kr. 165 samtals.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 80 kr. gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmansins.

## BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI UM FRAMKVÆMD GJALDSKRÁRBREYTINGARINNAR

1. Við þriggja mánaða innheimtu fyrir mánuðina desember 1960, janúar og febrúar 1961, skal greiða notkun eftir fyrri gjaldskrá með 8% álagi að undanskildum liðunum 41—46, sem greiðist samkvæmt fyrri gjaldskrá án álags.
2. Við þriggja mánaða innheimtu fyrir mánuðina janúar, febrúar og marz 1961, skal greiða notkun eftir fyrri gjaldskrá með 13% álagi að undanskildum liðunum 41—46, sem greiðast samkvæmt fyrri gjaldskrá án álags.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946 til þess að öðlast gildi 10. febr. 1961 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 34 6. marz 1959.

*Atvinnumálaráðuneytið, 10. febrúar 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## S A M Þ Y K K T

29

16. febr.

### um sveitarstjóra í Eskifjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

#### 2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

#### 3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

#### 4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

#### 5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

#### 6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfræstur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

#### 7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 19/1951, um sveitarstjóra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

30

17. febr.

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum stöðum:

1. Bræðraborgarstíg frá Vesturgötu að Sólvallagötu, með þeirri undantekningu, að stöður verði leyfðar vestanmegin götunnar milli Bárugötu og Öldugötu.
2. Tryggvagötu sunnanmegin götunnar frá Naustunum að Grófinni og á beygjunni við Vélsmiðjuna Hamar.
3. Nóatúni beggja vegna götunnar frá Laugavegi að Skipholti.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. febrúar 1961.*

Sigurjón Sigurðsson.

31

22. febr.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 100 29. júní 1957, um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði skal, á meðan hreppsnefnd Garðahrepps ekki leyfir fólksbifreiðastöðvar í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Hafnarfirði, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Neista, Hafnarfirði, þannig að ein bifreið komi fyrir hverja 225 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. mgr. telst Hafnarfjörður og Garðahreppur.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 225 íbúa, skal ekki veita ný leyfi.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis, er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 225 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Á eftir 5. mgr. 6. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bifreiðastjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi, en sagt því upp, hafa forgangsrétt til atvinnuleyfis í næstu tvö ár, og fer röð þeirra innbyrðis eftir starfsaldri.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaup- **31**  
stöðum og kauptúnum, nr. 40 29. maí 1957, til að öðlast þegar gildi og birtist til 22. febr.  
eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

**32**

um gjald fyrir söluturna í Reykjavík.

24. febr.

Samkvæmt heimild í 1. gr. samþykktar nr. 90 28. maí 1957, um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða o. fl., hefur bæjarstjórn Reykjavíkur ákveðið að gjald fyrir hvert leyfi, sem veitt kann að verða, samkvæmt a- og b-liðum greinarinnar skuli vera kr. 12000.00 árið 1961 og greiðist ársfjórðungslega fyrirfram.

Ofanrituð gjaldskrá staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, um lokunartíma sölubúða og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. febrúar 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

Staðfesting forsetans á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna **33**  
Þorsteins Hjartar Árnasonar, hreppstjóra, og Matthildar Guðmundsdóttur, ljósmóður, 27. febr.  
sem bjuggu á Dyrhólum 1872 til 1905, frá 14. apríl 1944, útgefin á venjulegan hátt  
að mandatum af dómsmálaráðherra 27. febr. 1961.

Breytingin er þannig:

## BREYTING Á SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þorsteins Hjartar Árnasonar, hreppstjóra, og  
Matthildar Guðmundsdóttur, ljósmóður, sem bjuggu á Dyrhólum 1872  
til 1905, frá 14. apríl 1944.

1. gr.

3. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo: Jörðin er eins og segir í 2. gr. afhent Dyrhólahreppi til ævarandi eignar. Ekki er hreppsnefnd Dyrhólahrepps né nokkrum öðrum heimilt að veðsetja jörðina nema fyrir framkvæmdum á jörðinni sjálfri, svo sem jarðrækt, húsum eða öðru, sem styður að því, að jörðin haldist í ábúð.

2. gr.

Við 5. gr. skipulagsskrárinnar bætist: Heimilt er, að rentur gangi upp í greiðslu á beinum útlögðum kostnaði, er hreppurinn kann að hafa af jörðinni.

- 34 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Heimilissjóð taugaveiklaðra barna, 28. febr. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. febr. 1961. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Heimilissjóð taugaveiklaðra barna.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Heimilissjóður taugaveiklaðra barna.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Barnaverndarfélagi Reykjavíkur með 100000.00 — eitt hundrað þúsund — króna framlagi.

#### 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn hans (sbr. 6. gr.) telur öruggast og arðvænlegast hverju sinni. Þó má ekki festa fé sjóðsins til lengri tíma en svo, að það verði handbært, þegar því skal verja til þeirrar framkvæmdar, sem sjóðurinn er ætlaður til.

Sjóðinn skal efla:

- a. Með árlegum óskertum vöxtum hans sjálfs.
- b. Með fjárframlögum Barnaverndarfélags Reykjavíkur og annara félaga, sem kynnu að vilja styrkja hann.
- c. Með gjöfum og áheitum einstaklinga.

#### 4. gr.

Markmið sjóðsins er það að hrinda í framkvæmd byggingu dvalarheimilis handa taugaveikluðum börnum, sem njóta sérfræðilegrar meðferðar og þarfnast í því sambandi slíkrar dvalar um skeið.

Sjóðsstjórn er heimilt að leggja allt að 95% — níutíu og fimm af hundraði — þáverandi sjóðseignar fram í ofangreindum tilgangi, jafnskjótt og sjóðurinn hefur eflzt svo, að hann nægi einsamall eða ásamt fjárframlögum annarra aðilja til þess að ljúka byggingu ofangreinds dvalarheimilis.

Sjóðsstjórn er heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila, sem hún telur líklegan til að vinna með henni að framgangi málsins.

#### 5. gr.

Að lokinni byggingu dvalarheimilisins skal ávaxta og efla eftirstöðvar sjóðseignar eins og mælt er fyrir í 3. gr. Jafnskjótt og fjárhagur sjóðsins leyfir, skal hann styrkja Dvalarheimili taugaveiklaðra barna til þess að eignast nauðsynleg tæki, húsgögn o. fl., sem að aðbúnaði vistbarna lýtur og heimilið kann að vanhaga um, enn fremur með námsstyrkjum til sérmenntunar starfsfólki heimilisins.

Aldrei má verja fé sjóðsins nema til hagsmuna taugaveikluðum börnum. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn um notkun fjárisins.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 4 menn. Formaður Barnaverndarfélags Reykjavíkur, Fræðslustjóri Reykjavíkur og forstöðumaður Geðverndardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, fulltrúi þjóðkirkjunnar, er biskupinn yfir Íslandi skipar. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Nú skorast einhver þessara aðilja undan að taka sæti eða sitja áfram í sjóðs- **34**  
stjórn, og skal þá félagsmálaráðuneytið, sem sjóðurinn heyrir undir, skipa mann í 28. febr.  
stað hans.

Sjóðsstjórn er heimilt að kveðja fimmta mann sem meðstjórnanda, og hefur hann þá sama rétt og sömu skyldur sem aðrir stjórnarmenn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fundarbók og færir inn í hana skipulagsskrá þessa svo og allar ákvarðanir varðandi sjóðinn. Árlega reikninga sjóðsins skal senda Ríkis-  
endurskoðun til endurskoðunar.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið eigi síðar en 1. febrúar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan prentuð í B-deild Stjórnartíðinda.

## REGLUGERÐ

35

6. mars

### um barnavernd í Hafnarkauptúni í Hornafirði.

1. gr.

Í Hafnarkauptúni í Hornafirði er börnum og unglingum innan 15 ára aldurs bannað að vera úti á almannafæri eftir kl. 9 að kvöldi, á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með foreldrum, eða öðrum forráðamönnum. Þó er þeim heimilt að sækja skemmtanir skóla og æskulýðsfélaga, undir umsjón foreldra eða fulltrúa þeirra.

Óheimill er þeim og, á sama tímabili, aðgangur að kvöldsfélagum kvikmyndahúsa og öðrum skemmtunum, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

Foreldrum og forráðamönnum barna og unglunga ber að sjá um, að ákvæði þessu sé hlýtt.

2. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 9 að kvöldi, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna. Eigendum og umsjónarmönnum slíkra staða ber að sjá um, að unglingar fái þar eigi óheimilan aðgang.

3. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að opinberum dansleikjum, öðrum en innanfélagsdansleikjum æskulýðsfélaga, sem unglingarnir eru meðlimir í svo og dansleikjum skólafélaga.

4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkv. lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna.

35

5. gr.

6. marz Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 6. marz 1961.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.

36

10. marz Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Hauks Snorrasonar, ritstjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. marz 1961. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Minningarsjóðs Hauks Snorrasonar, ritstjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hauks Snorrasonar, ritstjóra. Hann er stofnaður af vinum og vandamönnum Hauks Snorrasonar og fleiri aðilum.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að veita íslenskum blaðamönnum fjárhagslega aðstoð til styttri náms- og hressingardvalar erlendis.

3. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum, er einstaklingar, fyrirtæki og félög vilja leggja fram. Einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna. Skal allt slíkt fé lagt við höfuðstól sjóðsins.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem nemur nú kr. 70000.00, má aldrei skerða. Skulu ársvextir jafnan lagðir við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn tekur til starfa, en það skal hann gera, þegar  $\frac{3}{4}$  hlutar ársvaxtanna og annarra tekna nægja til þess að uppfylla ákvæði 2. gr. að dómi sjóðsstjórnarinnar, en  $\frac{1}{4}$  ársvaxtanna skal jafnan leggja við höfuðstólinn. Sjóðstjórnin ávaxti fé sjóðsins þannig, eftir því sem unnt reynist, að rýrnun á verðgildi peninga hafi ekki áhrif á eignir sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn, kosnir til 3 ára. Blaðamannafélag Íslands velur þrjá og skal einn þeirra vera formaður sjóðsstjórnarinnar. Tímaritið Samvinnan velur einn mann í stjórnina og vandamenn Hauks Snorrasonar eða afkomendur einn.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn Blaðamannafélags Íslands láta endurskoða reikninga hans og leggja þá fram á aðalfundi félagsins með reikningum þess.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfestast af forseta Íslands.

## REGLUGERÐ

37

10. marz

um breyting á reglugerð nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.

37. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Ferskfiskeftirlitið metur ferskan fisk í þrjá aðalflokka eftir gæðum, þannig:

1. fl. Fiskur, hæfur í alla matvælaframleiðslu.
2. fl. Fiskur, sem ekki er hæfur til frystingar, en hæfur til verkunar í lægri gæðaflokka saltfisks og skreiðar.
3. fl. Óvinnsluhæfur fiskur, t. d. fiskur, sem ber merki um súr eða ýldu eða er morkinn úr netum.

Meta má í fleiri flokka, ef verðlagsgrundvöllur eða aðrar ástæður gefa tilefni til. Fiskmatsráð gefur eftirlitsmönnum fyrirmæli um nánari skilgreiningu flokka-anna.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 10. marz 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

## SAMÞYKKT

38

11. marz

fyrir Veiðifélag Árnesinga.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Árnesinga. Heimili þess og varnarþing er á Selfossi.

2. gr.

Félagssvæðið er allar þær jarðir, sem land eiga að eftirtöldum laxveiðiám og eru þær þessar:

*Ölfusá:*

Óseyrarnes, Hraun, Hraunshjáleiga, Lágur, Hraunshóll, Flóagafli, Hallskot, Kaldaðarnes, Lambastaðir, Kálphagi, Arnarbæli, Auðsholt, Auðsholtshjáleiga, Ósgerði, Kirkjuferja, Kirkjuferjuhjáleiga, Litla-Sandvík, Kotferja, Stóra-Sandvík I—II, Eyði-Sandvík, Björk, Geirakot, Nabbi, Stekkar, Þórustaðir, Árbær, Selfoss I, II og III, Hellir og Fossnes, Laugardælur, Laugarbakkar, Tannastaðir.

*Sog:*

Alviðra, Torfastaðir I og II, Miðengi, Bildsfell, Tunga, Ásgarður, Syðri-Brú, Búrfell I og II.

*Höskuldsækur:*

Stóra-Borg, Foss, Mýrarkot, Hraun.



**38 Hvítá:**

**11. marz** Skrúðvangur, Öndverðarnes, Stóra-Ármót, Snæfoksstaðir, Vaðnes, Langholt I og II, Hallandi, Stóru-Reykir, Litlu-Reykir, Arnarbæli I og II, Kiðjaberg, Hestur, Brúnastaðir I og II, Oddgeirshólar, Höfði, Austurkot, Hjálmholt, Laugar, Árhraun, Gíslastaðir, Vatnsnes, Hamrar I og II, Útverk, Miðbýli, Fjall I og II, Iða I og II, Skálholt I og II, Laugarás, Auðsholt I—IV, Höfði, Hvítárholt, Bræðratunga I og II, Hvítárbakki, Ásakot, Lambhúskot, Galtalækur, Krókur, Borgarholt, Borgarholtskot, Bryðjuholt, Kópsvatn I og II, Gróf, Skipholt I og II, Bergsstaðir, Drumboddsstaðir I og II, Einholt, Haukholt I og II, Foss, Hlíð, Gýgjarhóll I og II, Gýgjarhólskot, Bratt-holt, Tungufell, Jaðar I og II.

**Brúará og Hagaós:**

Sólheimar, Kringla, Bjarnastaðir, Þórisstaðir, Reykjanes, Mosfell, Sel I og II, Spóastaðir, Hagi, Grund, Miklaholt, Syðri-Reykir, Bøðmóðsstaðir, Leynir, Efri-Reykir, Efstidalur I og II.

**Hólaá:**

Ketilvellir, Miðdalur, Laugardalshólar, Útey, Austurey I og II.

**Tungufljót:**

Hrosshagi, Torfastaðir, Reykjavellir, Brautarhóll, Stóra-Fljót, Fell, Fellskot, Vatnsleysa I og II.

**Fullsæll:**

Tjörn, Brekka.

**Andalækur:**

Miðhús, Úthlíð, Hrauntún, Stekkholt, Austurhlíð, Hlíðartún, Dalsmynni.

**Litla-Laxá:**

Efra-Langholt I og II, Langholtskot, Ásatún, Efra-Sel, Syðra-Sel, Hrafnkelsstaðir I—III, Gróf, Grafarbakki I og II, Hvammur I og II, Högnastaðir, Hvítárdalur, Ás, Túnberg, Reykjadalur, Hruni, Þverspyrna, Berghylur, Klúftir, Flúðir.

**Stóra-Laxá:**

Unnarholt, Unnarholtskot, Bjarg, Eiriksbakki, Ósabakki, Syðra-Langholt I—III, Syðra-Langholt IV, Birtingaholt I—III, Reykir, Reykjahlíð, Reykhóll, Sandlækur I—II, Sandlækjarkot, Skarð, Ásbrekka, Háholt, Hæll I—II, Hrepphólar, Breiðás, Hólakot, Núpstún, Sóleyjarbakki, Hlíð I og II, Sólheimar, Laxárdalur, Hörgsholt, Kaldbakur, (Hrunakrókur), afréttarlönd.

**3. gr.**

Verkefni félagsins er að efla góða fiskigengd og arðsemi veiðihlunninda á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eins og hér segir:

1. Reka sameiginlega veiði.
2. Leigja stangaveiði.
3. Heimila félagsmönnum veiði í fastar veiðivélar eða á stöng. Ráðstafa mega þeir stangaveiði til annarra, ef svo ber undir. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

**4. gr.**

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Stangaveiði má aðeins leigja til eins árs í senn, nema lög-

mætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að lengri leiga sé til umræðu.

38  
11. mars

Félagsmönnum er bannað að hafa með höndum ádráttarnet, nema að þeir geti sannað að nota eigi þau til veiði í vatni utan félagssvæðisins.

#### 5. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum og jafnmörgum til vara. Skal jafnan 1 aðalstjórnarnefndarmaður, að minnsta kosti, vera af eftirtöldum svæðum: 1. Ólfushreppur, 2. Selfosshreppur og Sandvíkurhreppur, Eyrarbakki, 3. Hraungerðishreppur og Grímsnes, 4. Gnúpverja- og Hrunamannahreppur og Skeið, 5. Biskupstungur og Laugardalur.

Varamaður gengur til fulls í stjórnina, ef aðalmaður deyr eða vikur úr stjórninni á löglegan hátt, áður en kjörtími hans er liðinn. Varastjórnarmenn taka sæti í stjórninni á sama hátt og aðalmenn.

Stjórn félagsins, aðalmenn og varamenn, skulu kosnir til 3 ára í senn og ganga þeir úr stjórninni á víxl, fyrsta árið einn, annað árið tveir eftir hlutkesti og síðan eftir starfstíma í stjórninni. Enginn félagismaður getur skorast undan kosningu í stjórn félagsins, nema um jafnmörg ár og hann hefur áður verið í stjórninni. Með samþykki hans má endurkjósa hann. Stjórnin skiptir með sér verkum til eins árs í senn. Formaður kveður til funda og stjórnar þeim. Stjórnarfundur er lögmaður, ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn ræður atkvæði formanns.

Allar fundargerðir stjórnarinnar skulu ritaðar í gerðabók og skrifa viðstaddir stjórnarmenn undir þær.

#### 6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

#### 7. gr.

Aðalfund skal halda í aprilmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og leggja þá undir úrskurð fundarins.

#### 8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók félagsins, sem henni er skylt að halda, svo og innfæra í bókina samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

#### 9. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

#### 10. gr.

Félaginu skal heimilt að starfa í deildum, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það á aðalfundi eða meiri hluti á framhaldsaðalfundi, ef málið verður ekki afgreitt á aðalfundi vegna ónógrar fundarsóknar. Tala deilda og starfssvæði þeirra skal ákveðin á aðalfundi á sama hátt.

a. Verkefni deilda er að ráðstafa veiði á starfssvæðum sínum.

- 38 11. marz
- b. Stjórn deildar skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur, og eru þeir kosnir á aðalfundi. Þá skal einnig kjósa 2 varamenn.
  - c. Stjórn deilda hefur á hendi allar framkvæmdir þeirra milli aðalfunda. Gilda sömu reglur um stjórn þeirra og um stjórn félagsins, sbr. 6. gr.
  - d. Aðalfund deilda skal halda í aprílmánuði ár hvert. Um boðun hans skal farið á sama hátt og um boðun funda í veiðifélaginu og gildir einnig sama um aukafundi.
  - e. Á aðalfundi deilda skal ákveða, hvernig ráðstafa skuli veiði á deildasvæðinu. Stjórn veiðifélagsins þarf að samþykkja ráðstafanir deilda á veiði, til þess að þær öðlist gildi. Ef deila ris út af ákvörðun félagsstjórnar má vísa málinu til úrskurðar aðalfundar félagsins.
  - f. Reikningsár deilda er hið sama og félagsins, og ber að haga reikningshaldi, skráningu fundargerða og fleiru á sama hátt og ákveðið er í 8. gr.
  - g. Stjórnir deilda skulu sjá um skiptingu veiði, leigja út veiði og innheimta greiðslur fyrir og skipta arði milli félaga deildanna samkvæmt arðskrá félagsins. Þá skulu þær annast greiðslur til veiðifélagsins í sama hlutfalli og arður er greiddur. Endurskoðaða reikninga deilda skal leggja fyrir aðalfundi þeirra til samþykktar og síðar fyrir aðalfund veiðifélagsins og úrskurða fundirnir um þá.
  - h. Deildir má leggja niður ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það á aðalfundi veiðifélagsins, og starfar þá félagið áfram samkvæmt 1.—10. gr.

## 11. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 110/1940.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. marz 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

39

16. marz

**SAMÞYKKT**

**um lokunartíma sölubúða og sölustaða í Siglufirði.**

## 1. gr.

Sölubúðum í Siglufirði skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykktar þessarar. Sama gildir um sölustaði, þar sem innlendur varningur er hafður á boðstólum til sölu og hans ekki neytt á staðnum.

## 2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum og sölustöðum eigi lokað síðar en kl. 18 og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera frá þessu undantekningar, sem nú skal greina:

Aðfangadag jóla skal eigi lokað síðar en kl. 13 og á gamlársdag kl. 12 á hádegi. Þriðja dag jóla skulu sölubúðir opnaðar kl. 10 f. h. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24, svo og er heimilt að

hafa sölubúðir opnar til kl. 22 e. h. einn virkan dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól. Laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13 e. h. Laugardaginn fyrir frídag verzlunarmanna skal sölubúðum lokað kl. 12 á hádegi. 39  
16. marz

Á tímabilinu frá 20. júní til 19. ágúst, að báðum dögum meðtöldum, skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 17 e. h. á laugardögum. Á tímabilinu frá 20. ágúst til 19. júní, að báðum dögum meðtöldum, skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 13 á laugardögum. Sölubúðir skulu vera lokaðar alla helgidaga, sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágúst, 1. maí, 17. júní, 1. desember skal lokað frá hádegi; 20. maí skal lokað, þegar afmæli Siglufjarðarkaupstaðar ber upp á 5. eða 10. ár.

### 3. gr.

Frá ákvæðum um lokun sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur vera þessar undantekningar:

Brauð- og mjólkurbúðum má halda opnum eins og öðrum verzlunum og auk þess almenna helgidaga og sumardaginn fyrsta kl. 10 árdegis til kl. 13 á hádegi, þó skal lokað á nýársdag, páskadag, hvítasunnudag og jóladag, en 17. júní skal vera opið frá kl. 10 árdegis til kl. 12 á hádegi.

Ákvæði í 2. gr. um að halda megi búðum opnum til kl. 22 og 24 fyrir jól, tekur ekki til brauða- og mjólkurbúða.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó ekki heimilt að selja eftir lokunartíma sölubúða nokkurn þann varning, sem ekki má selja samkvæmt verzlunarleyfi.

### 4. gr.

Bæjarráð getur leyft að vikið sé frá ákvæðum lokunartíma sölubúða, þegar um er að ræða:

a. Verzlunir, er selja varning beint út á götu, t. d. gegnum söluop, eða hafa sérstakt leyfi bæjarráðs og heilbrigðisnefndar til að verzla með takmarkaðan fjölda vörutegunda.

b. Veitingastaði, er samkvæmt sérstöku leyfi bæjarráðs selja vörur, sem ekki er ætlað að neyta á staðnum. Undanþegnir gjaldi samkvæmt síðustu málsgrein eru þeir veitingastaðir, sem selja heitar máltíðir, enda sé sú starfsemi meginhluti rekstrarins, að dómi heilbrigðisnefndar.

Í verzlunarstöðum þessum má selja þann varning, er heilbrigðisnefnd samþykkir hverju sinni, og er umbúnaður þeirra og fyrirkomulag allt háð samþykki lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar. Sala á þessum stöðum má fara fram frá kl. 8—23.30 á virkum dögum og á helgum dögum frá kl. 15 til 23.30. Þó skal lokað föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla og jóladag, samkvæmt því sem segir í 4. gr.

Bæjarráð getur sett nánari reglur um leyfi til verzlunarreksturs skv. þessari grein og getur bundið hann öllum þeim skilyrðum, er það telur nauðsynlegt, m. a. greiðslu árlegs gjalds í bæjarsjóð fyrir hvert leyfi, og má innheimta það með lögtaki.

### 5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða og sölustaða, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

### 6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er. Heimilt er að selja bátum eða skipum eftir lokunartíma veiðarfæri, kol, olíu, vistir og aðrar nauðsynjar, svo og bifreiðum benzin og olíu.

39

16. marz

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir einstakar stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

7. gr.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 200.00—1000.00 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð Siglufjarðar. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Siglufjarðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 53 12. júlí 1927, um lokun sölubúða í Siglufjarðarkaupstað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. marz 1961.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

---

*Gunnlaugur Þórðarson.*

40

16. marz

## SAMÞYKKT

### um sýsluvegasjóð í Strandasýslu.

1. gr.

Í Strandasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr honum greiðist kostnaður við þær umbætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, eftir því sem fé er veitt til vegagerðar á ári hverju.

2. gr.

Sýsluvegir eru:

*Í Bæjarhreppi:*

1. Laxárdalsvegur, af Strandavegi við Laxá fram Laxárdal.
2. Bakkaselsvegur, af Strandavegi hjá Bæ um Jónssel í Bakkasel.
3. Hrafnadalsvegur, af Strandavegi utan Ljótunnarstaða að Hrafnadal.

*Í Óspakseyrarhreppi:*

4. Þórustaðavegur, af Strandavegi við Bitrufjarðarbotn að Þórustöðum.
5. Snartartunguvegur, af Strandavegi við Tunguárbrú að Snartartungu.
6. Óspakseyrarvegur, af Strandavegi hjá Óspakseyri niður á Óspakseyrartanga.
7. Skriðnesennisvegur, af Strandavegi við Ennisbrú að Skriðnesenni.

*Í Fellshreppi:*

8. Þrúðardalsvegur, af Strandavegi hjá brú á Þrúðardalsá að Þrúðardal.
9. Ljúfustaðavegur, af Strandavegi hjá Litla-Fjarðarhorni að Ljúfustöðum.

*Í Kirkjubólshreppi:*

10. Smáhamravegur, af Strandavegi á Smáhamrahálsi að Smáhömrum.
11. Miðdalsvegur, af Strandavegi við Miðdalsá um Klúku, og Gestsstaði að Tindi.
12. Tröllatunguvegur, af Strandavegi við Húsavík að Tröllatungu.

*Í Hólmavíkurhreppi:*

13. Víðidalsárvegur, af Strandavegi hjá Hnithjörgum að Víðidalsá.
14. Þiðriksvallavegur, af Strandavegi í Skeljavík um Þverárvirkjun, Vatnshorn að Þiðriksvöllum.
15. Kálfnanesvegur, af Strandavegi á Kálfnesskeiði að Kálfnasi.

*Í Hrófbergshreppi:*

16. Staðarvegur, af Reykjafjarðarvegi við Staðarárbrú um Stað að Hólum.
17. Selárdalsvegur, af Reykjafjarðarvegi við Selárbrú um Geirmundarstaði að Gilsstöðum.

*Í Kaldrananeshreppi:*

18. Sandnesvegur, af Selstrandarvegi að Sandnesi.
19. Kleifavegur, af Selstrandarvegi að Kleifum.
20. Bjarnarnesvegur, af Selstrandarvegi á Bjarnarnesmýrum að Bjarnarnesi.
21. Sunnudalsvegur, af Reykjafjarðarvegi við Skarð að Sunnudal.
22. Svanshólsvegur, af Reykjafjarðarvegi á Svanshólsflóa um Svanshól að Goðdal.
23. Hafnarvegur, af Kaldrananesvegi að Kaldrananeshöfn.

*Í Árneshreppi:*

24. Flugvallarvegur, af Gjögurvegi að flugvelli á Gjögurmelum.
25. Víknavegur, af Gjögurvegi að Litlu-Ávík og Stóru-Ávík.
26. Fellsvegur, af Reykjafjarðarvegi í Norðurfirði um Krossnes að Felli.
27. Munaðarnesvegur, af Reykjafjarðarvegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.
28. Drangavegur, af Reykjafjarðarvegi í Ófeigsfirði að Dröngum.

Sýsluvegur nær ekki nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tún jarða eða býlis.

**3. gr.**

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kaптúnum.

Þó er hreppsfélögum heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmatum sveitarfundu og tilkynning kemur þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl. Sýslunefndin ákveður fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera. Má hann þó ekki vera lægri en 2% og ekki hærri en 12% af landverði samkvæmt fasteignamati og hálfu minni af húsaverði. Skatturinn er miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarin ár, en að frádrögnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til kemur, samkvæmt gildandi lögum.

Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánunum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

**4. gr.**

Í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegagerðar innan hrepps á því ári að minnsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefur til umráða það ár og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

40

16. marz

5. gr.  
Nú er lagður akvegur gegnum hreppinn eða aðallega í þágu hreppsins og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýsluvegasjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

6. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur og um sýslusjóðsreikning.

Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs.

Afrit af sýsluvegasjóðsreikningnum ásamt áætlun skal oddviti senda vegamála-  
stjóra að afstöðnum sýslufundi.

7. gr.

Undanskyldar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

Ráðherra er heimilt eftir tillögu sýslunefndar að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyðijarðir, ásamt húsum og lóðum á þeim.

8. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillag úr ríkissjóði eftir því, sem ákveðið er í gildandi lögum.

9. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sekt, allt að kr. 500.00, er renna í sýsluvegasjóð og fer um mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 16. marz 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

41

15. marz

um breyting á reglugerð nr. 58 frá 1960, um fyrirframgreiðslu skatta o. fl.

### 1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar verði þannig:

Að því er varðar þinggjöld ársins 1961, þá er heimilt að innheimta þau fyrirfram hjá hverjum gjaldanda með þremur jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. apríl, 1. maí og 1. júní. Skal gjaldandi í hvert sinn greiða sem næst 15% þeirra gjalda, sem ætla má að honum beri að greiða á árinu, miðað við að tekjur hans hafi verið þær sömu á árinu 1960 og þær voru árið 1959.

Nú er álagningu ekki lokið það tímanlega að hægt sé að krefja kaupgreiðendur um skatta starfsmanna fyrir 1. ágúst eða 1. september, og ber þeim þá, svo og öðrum skattgreiðendum, að greiða um þau mánaðamót sömu upphæðir og greiða ber á fyrrgreindum gjalddögum. Eftirstöðvarnar skiptast þá jafnt á næstu mánuði fram til 1. nóvember.

Eigi á gjaldandi þó rétt á að gjöldum hans sé skipt í fleiri gjalddaga en svo, að minnst kr. 200.00 séu greiddar á hverjum gjalddaga, unz fyrirframgreiðslu eða eftirstöðvum hans er að fullu lokið.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 45. gr. l. nr. 46/1954 um tekju- og eignarskatt.

### 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 15. marz 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigr. Klemenzson.*

## AUGLÝSING

42

20. marz

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

Með tilvísun til athugasemdarákvæða við nr. 11 í 39A kafla tollskrár og sams konar ákvæði í upphafi XV. flokks sömu skrár hefur ráðuneytið fært niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af þeim verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist eins og hér segir:

		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
39A	Björgunarbatar og önnur björgunartæki úr plasti:			
	11j björgunarbatar .....	1 kg	2	2
	11k önnur björgunartæki .....	—	2	2
	11l Einangrunarbönd úr plasti, samþykkt sem slík af Rafmagnseftirliti ríkisins .....	—	7	30
66	11e Hús og önnur mannvirki úr alúminíum og alúminíumblöndum og hlutar til þeirra, ót. a.	—	2	8

B 13



- 42 Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum.  
20. marz Björgunarbátar í 39/11j, björgunartæki í nr. 39A/11k, einangrunarbönd í 39/A11l og hús og önnur mannvirki í nr. 66/11e skal undanþegið innflutningsgjaldi og björgunarbátar í 39A/11j undanþegnir innflutningssöluskatti.

*Fjármálaráðuneytið, 20. marz 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

- 43 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um aldarafmæli  
22. marz frjálsrar verzlunar á Íslandi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála-  
ráðherra 22. marz 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um aldarafmæli frjálsrar verzlunar á Íslandi.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verzlunar á Íslandi. Sjóðurinn er gefinn af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, Sambandi smásöluverzlana og Verzlunarráði Íslands og afhentur Háskóla Íslands til minningar um aldarafmæli frjálsrar verzlunar hér á landi, en verzlun var eigi frjáls hér, fyrr en lög 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, tóku gildi hinn 1. apríl 1855.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —. Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og skal háskólaráð sjá um geymslu sjóðsins og ávöxtun.

### 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vöxtum sjóðsins skal varið til að styrkja efnilega kandiðata í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands til framhaldsnáms erlendis. Leggja má saman vaxtatekjur nokkurra ára og veita í einu lagi.

Sjóðnum skal fylgja bók, þar sem skráð séu nöfn styrkþega og helztu æviatriði, ásamt greinargerð um það, hvernig styrkurinn hafi verið notaður.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm mönnum, þremur tilnefndum af gefendum, en tveimur tilnefndum af laga- og viðskiptadeild Háskóla Íslands. Stjórnin skiptir með sér störfum. Hún ákveður, hvenær auglýsa skuli styrk til umsóknar og ræður því, hver hreppa skuli styrkinn.

### 5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í árbók háskólans. Skulu þeir endurskoðaðir með sama hætti og aðrir reikningar háskólans.

### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Styrktarsjóðs Elínar frá Urðum, út- 44  
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. marz 1961. 22. marz  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

yfir 10000.00 kr. gjöf til minningar um Elínu Sigurhjartardóttur frá Urðum.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Elínar frá Urðum.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja vinnuhjálpi til fátækra einyrkjahúsmæðra í Svarfaðardalshreppi í veikindaforföllum þeirra.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir af höfuðstól.
- b. Gjafir í sjóðinn.
- c. Áheit.

Tekjur samkv. a-lið 3. gr. leggist við höfuðstól, þar til sjóðurinn tekur til starfa og eftir það, þau ár, sem þeir eru ekki notaðir til styrktar. Tekjur samkv. b- og c-lið 3. gr. leggist ætíð við höfuðstól.

### 4. gr.

Aldrei má skerða höfuðstól sjóðsins. Aðeins ársvöxtunum má verja eftir tilgangi sjóðsins og með samþykki meiri hluta stjórnar hans.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera: formaður kvenfélagsins Tilraun og sé hann jafnframt formaður sjóðstjórnar, annar úr stjórn þess, kosinn á ársfundi félagsins og hreppsnefndaroddviti Svarfaðardalshrepps. Hún skal halda bók yfir sjóðinn og færa þar nöfn og fjárhæðir gefenda og styrkþega. Endurskoðendur hreppsreikninga fari árlega yfir reikninga sjóðsins.

### 6. gr.

Sjóðurinn, sem ávaxta skal í Sparisjóði Svarfdæla, tekur til starfa árið 1966.

## AUGLÝSING

um tollun skófatnaðar úr plasti.

Ef skófatnaður úr plasti er bæði varðandi útlit og notkun sambærilegur sams konar vöru úr kátsjúki, hefur ráðuneytið ákveðið, með heimild í athugasemdar-ákvæðum við nr. 11 í 39A kafla tollskrár, að skófatnaður úr plasti skuli tollaður eins og skófatnaður úr kátsjúki.

*Fjármálaráðuneytið, 4. apríl 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

46  
13. apríl

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 111 20. júlí 1957, um íbúðalán veðdeildar Landsbanka Íslands.

1. gr.

Í stað orðanna „— stjórn Seðlabankans —“ í 2. gr. komi: „— stjórn veðdeildarinnar —“

2. gr.

Í stað 7% í 3. og 15. gr. komi: 8%.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957 um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

47  
19. apríl Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð húsfreyjanna frá Ytri-Hjarðardal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. apríl 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð húsfreyjanna frá Ytri-Hjarðardal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður húsfreyjanna frá Ytri-Hjarðardal, Helgu Guðmundsdóttur og Maríu Steinþórsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kristjáni Jóhannessyni í Ytri-Hjarðardal á áttæðis-afmæli hans, 14. sept. 1960, til minningar um tvær látnar eiginkonur hans, Helgu Guðmundsdóttur, f. 24. okt. 1874, d. 17. maí 1918, og Maríu Steinþórsdóttur, f. 8. maí 1886, d. 23. apríl 1958. Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Sjóðinn má efla með minningargjöfum og áheitlemum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal ávaxta í Útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði. Vexti og aðrar tekjur skal leggja við höfuðstól unz hann er orðinn tuttugu þúsund krónur.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur —, má árlega verja helmingi af tekjum hans, til þess að styrkja húsmæður í Mosvallahreppi til

dvalar utan heimila þeirra þeim til hvíldar og hressingar. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 30000.00 — þrjátíu þúsund krónur —, má verja  $\frac{3}{4}$  árstekna í þessu augna-  
miði. Hinn hluta teknanna skal ávallt leggja við höfuðstól. 47 19. apríl

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn kosinn af hreppsnefnd Mosvallahrepps, annar af Kvenfélagi Mosvallahrepps, en hinn þriðji skal kosinn af niðjum sjóðsstofnanda, sem búsettir eru í Önundarfirði og vera úr þeirra hóp. Skal hann vera formaður sjóðstjórnar. Ef enginn niðja sjóðsstofnanda er lengur búsettur í Önundarfirði, skal hreppsnefnd Mosvallahrepps kjósa tvo í stjórn sjóðsins. Kosning í stjórn gildir til fjögurra ára í senn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar sendir sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, þar sem bókaðar eru allar ákvarðanir um styrkveitingar og annað varðandi sjóðinn, meðal annars reikningar hans. Skipulagsskrá sjóðsins skal færð inn fremst í gerðabók.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð munaðarlausra barna, 48  
útfegin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 24. apríl 1961. 24. apríl  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Styrktarsjóð munaðarlausra barna.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður munaðarlausra barna.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 2000.00, sem gefnar eru af börnum Ólafíu Ólafsdóttur, frá Hlíðartúni, f. 29. sept. 1879, d. 24. ág. 1953, til minningar um móður sína.

## 3. gr.

Til eflingar sjóðnum skulu gefin út minningaspjöld, er seld verði víðs vegar um landið. Enn fremur sé tekið á móti alls konar minningagjöfum, áheitum og öðrum gjöfum, er sjóðnum kann að berast.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bæta kjör munaðarlausra barna og unglinga, þeirra er misst hafa báða foreldra sína, eða af einhverjum ástæðum njóta ekki umhyggju þeirra, né annarra, sem ganga þeim fullkomlega í foreldra stað.

## 5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast þar sem sjóðstjórnin á hverjum tíma telur hyggilegt. Höfuðstól hans má aldrei skerða, en úthluta ber samkv. 4. gr. tveimur þriðju hlutum árlegra tekna hans, þegar sjóðurinn er orðinn fullar kr. 100000.00 (Eitt hundað þúsund).

48

24. apríl

Sjóðurinn skal vera í umsjá Oddfellowstúkunnar nr. 5, Þorsteinn I.O.O.F. í Reykjavík. Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, kosnir af stúkunni og skulu a. m. k. tveir stjórnarmanna vera bræður í stúkunni.

6. gr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða á sama hátt og aðra sjóði Oddfellowreglunnar, eins og grundvallarlög hennar mæla fyrir um.

8. gr.

Leita skal stjórnarráðssamþykktar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt er úr gildi felld skipulagsskrá frá 17. marz 1954 (B-deild Stjórnartíðinda 1954, nr. 30).

49

25. apríl

## AUGLÝSING

um umferðarljós í Reykjavík.

Samkvæmt III. kafla reglugerðar nr. 61 24. marz 1959 um umferðarmerki og notkun þeirra, hafa verið tekin í notkun umferðarljós á tveimur gatnamótum í Reykjavík.

1. Hverfisgötu og Snorrabraut.
2. Laugavegi og Nóatúni.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. apríl 1961.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

50

2. maí

## SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verzlana á Akureyri.

1. gr.

Sölubúðum á Akureyri skal lokað dag hvern eigi síðar en segir í samþykkt þessari.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal almennum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18. Þó skulu vera frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina, sbr. 3. gr.

Aðfangadag jóla og gamlársgdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13, nema þessa daga beri upp á mánudag, þá er heimilt að hafa búðir þessar opnar til kl. 16.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24.

Síðasta laugardag fyrir jól eða annan virkan dag skömmu fyrir jól er heimilt að halda búðum opnum til kl. 22.

Á tímabilinu frá og með 1. október til 30. apríl skal lokað eigi síðar en kl. 50 16 á laugardögum (vetrartími). Á tímabilinu 1. maí til 30. september skal loka 2. maí eigi síðar en kl. 13 á laugardögum, en á föstudögum er heimilt að halda búðum opnum til kl. 19.

## 3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst mega engar almennar sölubúðir vera opnar, sbr. þó 5. 6. og 7. gr. Hinn 1. maí og 1. desember skal sölubúðum lokað kl. 12 á hádegi, ef þá daga ber upp á virka daga.

## 4. gr.

Brauð- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h. einöngu til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum.

## 5. gr.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

## 6. gr.

Bæjarstjórn getur leyft, að vikið sé frá framangreindum ákvæðum um lokunartíma sölubúða, þegar um er að ræða:

- a. Biðskýli byggð samkvæmt sérstöku leyfi bæjarráðs.
- b. Verzlanir, sem hafa sérstakt leyfi bæjarráðs og heilbrigðisnefndar til að verzla með takmarkaðan fjölda vörutegunda (blöð, tóbaksvörur, öl, gosdrykki og ís).
- c. Veitingastaðir, sem samkvæmt sérstöku leyfi bæjarráðs, selja vörur, sem ekki er ætlað að neyta á staðnum. Undanþegnir gjaldi samkvæmt síðustu málsgrein eru þeir veitingastaðir, sem selja heitar máltíðir, enda sé sú starfsemi megin hluti rekstrarins, að dómi heilbrigðisnefndar.

Má í verzlunarstöðum þessum selja þann varning, er heilbrigðisnefnd samþykkir hverju sinni, og er umbúnaður þeirra og fyrirkomulag háð samþykkt heilbrigðisnefndar. Í verzlunarstöðum þessum má sala fara fram á virkum og helgum dögum kl. 8.00—23.30. Þó skal lokað föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní og jóladag og aðfangadag jóla og gamlársmorgun dag samkvæmt því, sem segir í 2. gr.

Fyrir leyfi til verzlunarrekstrar samkvæmt þessari grein skal leyfishafi greiða árlegt gjald til bæjarsjóðs, er greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Bæjarráð ákveður gjald þetta til eins árs í senn. Gjald þetta má innheimta með lögtaki. Bæjarráði er heimilt að setja nánari reglur um leyfi til verzlunarrekstrar samkv. þessari grein, m. a. að leyfi sé afturkallanlegt, hvenær sem er, ef leyfisskilyrðum eða reglum varðandi reksturinn er ekki fylgt.

## 7. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan verzlana nokkurn þann varning, sem verzlunarleyfi þarf til að selja. Heimilt er þó að selja eftir lokunartíma kol, salt, oliur, veiðarfæri og vistir til skipa, sömuleiðis er heimilt að veita viðtöku vörum aðkomumanna í geymsluhús verzlana.

## 8. gr.

Heimilt er að afgreiða eftir lokunartíma sölubúða þá, sem komnir eru inn í búðina fyrir lokunartíma.

50

2. maí

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga, ef sala verzlunarinnar fer fram til ágóða fyrir góðgerðarstofnanir og fyrirtæki að dómi lögreglustjóra.

9. gr.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 100.00—5000.00 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 35 1. marz 1949, um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

51

5. maí

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Landspítala Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðuneytinu 5. maí 1961. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningargjafasjóð Landspítala Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningargjafasjóður Landspítala Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1916 og hefur hann aukizt síðan með fé því, er honum hefur gefizt til minningar um látna menn.

3. gr.

Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 1834251.65 -- ein milljón átta hundruð þrjátíu og fjögur þúsund tvö hundruð fimmtíu og ein 65/100 krónur ---. Höfuðstól þennan og það, sem við hann kann að bætast má eigi skerða.

4. gr.

Árlega skal leggja við höfuðstól  $\frac{1}{6}$  hluta vaxta.

5. gr.

Því sem sjóðnum kann að áskotnast umfram vexti, skal ásamt þeim hluta vaxta, er eigi leggjast við höfuðstól samkv. 4. gr., varið í fyrsta lagi til hjálpar sjúklingum,

er sjúkravist eiga í Landspítala Íslands, til greiðslu sjúkrahússkostnaðar þar og í 51 öðru lagi er heimilt, ef fé er aflögu, að styrkja til sjúkrahússdvalar og annars kostnaðar, er af henni leiðir, erlendis þá sjúklinga, sem ekki geta fengið fullnægjandi læknishjálp hérlendis, að dómi yfirlækna Landspítalans, enda mæli þeir með styrkumsókn sjúklings.

Ef fé er enn fyrir hendi í árslok, þegar styrkveitingum yfirstandandi árs er lokið er sjóðstjórninni heimilt að verja allt að helmingi þess fjár, sem þá er afgangs til kaupa á tækjum, er Landspítali Íslands þarfnast til lækninga á sjúklingum eða til rannsókna á sjúkdómum í þágu Landspítalans. Ber stjórn Minningagjafasjóðsins að afhenda stjórn Landspítalans fé þetta á 4 ára fresti.

Nú þarfnast Landspítali Íslands ekki fjárveitingar í þessu skyni, þegar fé þessu má úthluta, og er sjóðsstjórninni þá heimilt að verja fé því, er úthluta má í þessu skyni til annarra sjúkrahúsa í eða utan Reykjavíkur.

#### 6. gr.

Eignir sjóðsins standa í ríkistryggðum verðbréfum og í sparisjóðainnstæðum í Landsbankanum, Búnaðarbankanum og Útvegsbankanum í Reykjavík. Eignir sjóðsins skal á hverjum tíma geyma á þeim stöðum, sem tryggastir eru taldir.

#### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 konur búsettar í Reykjavík. Skiptir stjórnin sjálf með sér störfum, þannig að ein er formaður, önnur ritari, þriðja gjaldkeri og tvær meðstjórnendur. Segi einhver stjórnarkona af sér störfum, flytji burt úr Reykjavík, deyi eða verði af einhverjum ástæðum ókleift að sinna stjórnarstörfum, kjósa hinar stjórnarkonur aðra í hennar stað. Sjóðsstjórnin kýs einn endurskoðanda til 6 ára og dóms- og kirkjumálaráðuneytið annan til jafn langs tíma, til þess að endurskoða árlega reikning sjóðsins.

#### 8. gr.

Stjórn Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands annast allar styrkveitingar úr sjóðnum.

#### 9. gr.

Úthlutun styrks úr sjóðnum fer fram í byrjun hvers ársfjórðungs og séu umsóknir um styrk komnar í hendur formanns sjóðsstjórnarinnar eigi síðar en viku fyrir úthlutunardag.

#### 10. gr.

Umsóknum um styrk úr sjóðnum fylgi tillögur um styrkveitinguna frá yfirlækni og yfirhjúkrunarkonu þeirrar deildar Landspítala Íslands, sem umsækjandi liggur á, einnig vottorð um efnahag umsækjanda frá sóknarpresti hans og frá lækni þeim, sem stundað hefur sjúklinginn, áður en hann kom á spítalann. Styrkur sá, sem sjóðurinn veitir, má eigi nema minnu en  $\frac{1}{3}$  hluta kostnaðar af sjúkrahússkostnaði umsækjanda.

Komi það fyrir eitthvert ár, að eigi sé úthlutað öllu því fé, sem handbært er til úthlutunar, sbr. 5. gr., leggst afgangur þess við höfuðstól um næstu áramót.

#### 11. gr.

Endurskoðaðan ársreikning og efnahagsreikning sjóðsins fyrir liðið ár, skal árlega birta í febrúarmánuði í B-deild Stjórnartíðindanna. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.



51

12. gr.

5. maí Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og er þar með úr gildi fallin eldri skipulagsskrá sjóðsins frá 27. febrúar 1952.

Lára Árnadóttir,  
formaður.

Guðrún P. Helgadóttir,  
ritari.

Ragnheiður Jónsdóttir,  
gjaldkeri.

Laufey Þorgeirsdóttir.

Sigríður Bachmann.

52

## REGLUGERÐ

8. maí

um breyting á reglugerð nr. 116 10. sept. 1959, um skyldusparnað.

1. gr.

2. gr. hljóðar svo:

Sparifé, samkvæmt 1. gr., skal lagt til hliðar á þann hátt, að kaupgreiðandi skal afhenda launþega, sem ekki er undanþeginn skyldusparnaði, samkvæmt 5. gr., sparimerki hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram. Sparifé vegna sambærilegra atvinnutekna við laun leggur hlutaðeigandi sjálfur til hliðar með því að kaupa sparimerki mánaðarlega, þó eigi síðar en síðasta dag febrúarmánaðar ár hvert, vegna slíkra tekna á næsta ári á undan. Sama gildir, ef kaup er greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, þó skattfrjálst sé. Verðgildi slíkra hlunninda skal miða við mat skattanefndar til tekna við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

Sparimerki, samkvæmt grein þessari, skulu límd í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns.

2. gr.

Síðasta málsgrein 5. gr. falli niður.

3. gr.

Við 6. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu um hver áramót láta hlutaðeigandi skattafirvöldum í té skrá um þær undanþágur, sem veittar hafa verið. Skráin skal vera í því formi sem skattafirvöld ákveða.

4. gr.

8. gr. hljóði svo:

Nú framvisar launþegi sparimerkjabók sinni sem sýnir, að hann er undanþeginn skyldusparnaði, sbr. 6. gr., og skal þá eigi greiða honum með sparimerkjum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., sbr. lög nr. 45 12. júní 1958 um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. maí 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

53

10. maí

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar í eftirgreindum götum, sem hér segir:

- Ránargötu norðanmegin götunnar milli Garðastrætis og Ægisgötu.
- Bárugötu sunnanmegin götunnar milli Garðastrætis og Ægisgötu.
- Öldugötu sunnanmegin götunnar milli Garðastrætis og Ægisgötu.

Enn fremur hefur verið sett upp stöðvunarmerki á Njarðargötu við Laufásveg sunnanmegin.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. maí 1961.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## SAMÞYKKT

54

15. maí

um breytingu á samþykkt nr. 41 11. apríl 1929, um sýsluvegasjóð Dalasýslu.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

#### I. Hörðudalshreppur:

1. Hörðudalsvegur vestri, af Skógarstrandarvegi utan Hörðudalsár, að Seljalandi.

#### II. Miðdalahreppur:

2. Hálsbæjavegur, frá Skógarstrandarvegi við Snóksdalslæk, um Hamraenda að Neðri-Hundadal.
3. Hundadalsvegur, af Vesturlandsvegi við Reykjadalssá að heimreiðum Hundadalsbæja.
4. Kvennabrekkuvegur, af Vesturlandsvegi að Kvennabrekku.

#### III. Haukadalshreppur:

5. Haukadalsvegur syðri, af Haukadalsvegi nyrðri, innan Haukadalsvatns, um Litla-Vatnshorn að Hömrum.

#### IV. Laxárdalshreppur:

6. Lækjarskógsvegur, af Vesturlandsvegi hjá Þorbergsstöðum að Lækjarskógi.
7. Flugvallarvegur, af Vesturlandsvegi á Sauraleiti, að flugvelli á Kambsnesi.
8. Laxárdalsvegur nyrðri, af Hjarðarholtsvegi um Sámstaði, á Laxárdalsveg syðri við Laxalæk.
9. Vígholtsstaðavegur, frá Laxárdalsvegi nyrðri, sunnan Spágilsstaða, að Vígholtsstöðum.
10. Búðardalsvegur, af Vesturlandsvegi um læknisbústað, sýslumannsbústað, kaupfélag og aftur á Vesturlandsveg.

**54** V. *Hvammshreppur*:

15. maí 11. Hvammsvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi, að Hvammi.  
 12. Neðribyggðavegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi hjá Knarrarhöfn, út neðra, fyrir Skorravikurmúla, á Klofnings- og Skarðsstrandarveg, utan Helluár. (Þar af 5.5 km í Fellsstrandarhreppi).

VI. *Fellsstrandarhreppur*:

13. Hjallanesvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi að bryggju á Hjallanesi.  
 14. Arnarbælisvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi hjá Silungalæk, að Arnarbæli.

VII. *Klofningshreppur*:

15. Dagverðarnesvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi við Fábeinsá að Dagverðarnesi.  
 16. Hnúksvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi niður í Hnúksnes.  
 17. Langeyjarnesvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi, sunnan Klofnings í Langeyjarnesi.

VIII. *Skarðshreppur*:

18. Búðardalsvegur á Skarðsströnd, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi, innan Búðardalsár, að Búðardal.  
 19. Skarðsflugvallarvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi, innan við Skarð, að flugvelli á Húsamel.

IX. *Saurbæjarhreppur*:

20. Múlabæjavegur, af Staðarhólsvégi hjá Purrnesi að Belgsdal.  
 21. Holtahryggjarvegur, af Vesturlandsvegi við Djúpadalsmel, að flugvelli á Holtahrygg.  
 22. Kjarlaksvallavegur, af Staðarhólsvégi framan við Þverfell, að brúarstæði á Staðarhólzá.  
 23. Ólafsdalsvegur, af Vesturlandsvegi við brú á Ólafsdalsá, að Ólafsdal.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 10 22. janúar 1954, um sama efni.

*Samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

***Brynj. Ingólfsson.***

## AUGLÝSING

55

17. maí

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar hefur ráðuneytið staðfest 12. þ. m. samþykkt fyrir sjúkrasamlag Biskupstungna, samkvæmt auglýsingu félagsmálaráðuneytisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## REGLUGERÐ

56

19. maí

### um tollvöruheymislur.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Tollvöruheymislur samkvæmt reglugerð þessari eru þrenns konar:

1. Almennar tollvöruheymislur.
2. Tollfrjálsar forðageymislur.
3. Flutningageymislur (Transit-geymislur).

Leyfi ráðherra þarf til að stofna og reka tollvöruheymislu.

Auk þeirra skilyrða, sem lög og reglugerðir setja um rekstur tollvöruheymislna, getur ráðherra bundið leyfi öðrum þeim skilyrðum, sem nauðsynleg kunna að þykja, til að tryggja hagkvæman rekstur geymslu og til að fyrirbyggja, að eftirlit með henni verði óhæfilega erfitt eða kostnaðarsamt.

##### 2. gr.

Sá, sem ætlar að reka tollvöruheymislu, skal áður en geymsla er tekin í notkun, setja rikissjóði tryggingu, sem ráðherra ákveður í leyfi samkvæmt 1. gr., fyrir opinberum gjöldum, sem hann kann að þurfa að greiða vegna reksturs geymslunnar, þar með talið eftirlitsgjald samkv. 17. gr. og geymslugjald eða leiga, ef geymsla er rekin í húsakynnum tollgæzlunnar.

##### 3. gr.

Tollvöruheymislur má aðeins reka í húsakynnum, sem tollyfirvöld hafa samþykkt til þeirra nota.

Ekki skal samþykkja önnur hús til afnota fyrir tollvöruheymislur en traustar byggingar, sem öruggar mega teljast til geymslu á öllum algengum varningi. Glugga- og dyraumbúnaður skal vera traustur og þannig til hagað, að auðvelt sé að fylgjast með allri umferð um geymsluna og með öllum flutningi á varningi að henni og frá.

Úr tollvöruheymislu má ekki vera innangengt til húsakynna, sem höfð eru til annarra nota.

56 Óheimilt er að gera breytingar á húsakynnum tollvöruheymislu nema að fengnu  
19. maí leyfi tollyfirvalda.

Leyfishafa er skylt að halda húsum tollvöruheymislu sinnar og útbúnaði vel við og verða við fyrirmælum tollyfirvalda um endurbætur á því, sem gengur úr sér. Heimilt er að svipta leyfishafa leyfi til að reka tollvöruheymislu, ef hann fullnægir ekki þeim skilyrðum, sem sett eru í þessari málsgrein.

#### 4. gr.

Óheimilt er að geyma samtímis í sömu húsakynnum tollgeymsluvörur og annan varning.

Pegar vara, sem liggur í tollvöruheymislu, hefur verið tollafgreidd til brottflutnings úr geymslunni, skal hún flutt þaðan án tafar.

#### 5. gr.

Leyfishafa er skylt að láta tollgæzlunni endurgjaldslaust í té innan tollvöruheymislu nægilegt og hæfilega búið athafnapláss til vöruskoðunar og annarra eftirlitsstarfa, svo og tæki og útbúnað, sem nauðsynlegur er til þeirra starfa.

#### 6. gr.

Tollyfirvöld geta kveðið svo á, að vörur í hæstu gjaldaflokkum eða vörur, sem af einhverjum ástæðum eru mjög vandgeymdar, megi aðeins geyma í sérstaklega lokuðum herbergjum innan tollvöruheymislu, eða að hlýtt sé annars sérstökum öryggisráðstöfunum um meðferð þeirra og geymslu.

#### 7. gr.

Tollvöruheymislur skulu jafnan vera bæði undir lás geymsluhafa og lás og innsigli tollgæzlunnar.

#### 8. gr.

Ráðherra ákveður með auglýsingu hverjar vörur megi setja í tollvöruheymislu. Óheimilt er þó að setja í almennar tollvöruheymislur eða tollfrjálssar forðageymislur vörur, sem innflutningur er bannaður á vegna sóttvarna, varna gegn alidýrasjúkdómum eða jurtasjúkdómum eða af öðrum öryggisástæðum. Um heimild til geymslu á slíkum vörum í flutningageymislu (transit-geymislu) fer eftir ákvæðum þess ráðuneytis, sem viðkomandi öryggisráðstafanir heyra undir.

Í tollvöruheymislur, sem tollgæzlan rekur, er óheimilt að setja eldfim efni, efni, sem sprengihætta stafar af, eða vörur, sem annars getur stafað hætta af fyrir tollvöruheymisluna eða vörur, sem þar eru geymdar.

#### 9. gr.

Tollgæzlumenn skulu hafa óhindraðan aðgang að tollvöruheymislu, hvenær sem þeir óska, til rannsóknar og eftirlits. Þeir geta hvenær sem er gert birgðatalningu í geymslunum og er geymsluhafi og starfsmenn hans skyldir að leggja til þá aðstoð, sem þarf til þess að talning verði framkvæmd.

Aðalbirgðatalning skal framkvæmd eigi sjaldnar en *einu sinni á ári* í almennum tollvöruheymislu og í flutningageymislu, en *ársfjórðungslega* í tollfrjálsum forðageymislu.

Áður en aðalbirgðakönnun fer fram samkvæmt næstu málsgrein hér á undan ber geymsluhafa að láta tollstjóra í té birgðaskrá um allt það, sem liggur í geymslunni.

## 10. gr.

Geymsluhafa ber að halda nákvæmt birgðabókhald um þær vörur, sem hann hefur í tollvörugeymslu. Birgðabókhaldið skal sýna allar hreyfingar á vörum í tollvörugeymslu og úr henni.

Tollgæzlumenn skulu hafa aðgang að birgðabókhaldi geymsluhafa til rannsóknar og eftirlits, hvenær sem er, svo og að bókhaldi hans að öðru leyti, ef þess gerist þörf til að leita skýringar á atriðum, sem varða vörur, er farið hafa um tollvörugeymsluna.

## 11. gr.

Geymsluhafa ber að tilkynna viðkomandi tollstjóra, hverjir hafa heimild til að ganga um geymslur hans. Tollgæzlumönnum ber að sjá um, að engum óviðkomandi sé leyfð umferð um tollvörugeymslur. Rétt er þeim, sem hefur heimild til að ganga um tollvörugeymslu að taka þangað með sér þá aðstoðarmenn, sem nauðsyn krefur, vegna starfa í geymslunni.

## 12. gr.

Tollgæzlumenn hafa heimild til að rannsaka allar vörur og muni, sem eru í tollvörugeymslu, svo og alla muni og allar vörur, sem fluttar eru í tollvörugeymslu eða úr henni. Þeim er heimilt að gera leit í öllum þeim farartækjum, sem um geymslurnar fara eða flytja menn eða muni að þeim eða frá. Enn fremur er tollgæzlumönnum heimilt að leita á mönnum, sem staddir eru í tollvörugeymslu, starfa við vöruflutninga að tollvörugeymslu eða frá, svo og mönnum, sem annars eru á leið úr tollvörugeymslu.

## 13. gr.

Vöru má því aðeins flytja í tollvörugeymslu, að fyrir liggi skriflegt samþykki tollstjóra í því umdæmi, sem tollvörugeymslan er. Þetta á þó ekki við, ef vörur eru fluttar beint úr vistarforða skips eða flugvélar í tollfrjálsa forðageymslu viðkomandi útgerðar- eða flugfélags, né um vörur, sem fluttar eru beint úr farartæki, sem flutti þær til landsins, í flutningageymslur (trasit-geymslur), enda séu skilyrði til þess að taka megi vöruna í slíka geymslu.

Um skýrslur og önnur gögn varðandi vörur, sem fluttar eru í tollvörugeymslur án undanfarandi samþykkis tollstjóra, samkvæmt því, sem segir hér næst á undan, gilda reglur 34. og 46. gr. reglugerðar þessarar.

## 14. gr.

Óheimilt er að flytja vörur úr tollvörugeymslu nema fyrir liggi skriflegt leyfi viðkomandi tollstjóra. Ákvæði þetta gildir ekki um vörur úr tollfrjálsu forðageymslum né vörur, sem seldar eru úr verzlunum, sem heimild hafa til að selja tollfrjálsan varning til farþega í ferðum milli landa.

## 15. gr.

Aðflutningsgjöld af vörum, sem settar hafa verið í tollvörugeymslu, skulu miðuð við það magn, sem sett var í geymsluna. Nú kemur fram óeðlileg rýrnun eða vöntun á vörum í tollgeymslu og er þá geymsluhafi skyldur að greiða tolla og önnur aðflutningsgjöld af því sem vantar, þótt annar sé eigandi vörunnar.

## 16. gr.

Þegar aðflutningsgjöld eru greidd af vörum úr tollvörugeymslu skal um greiðslu þeirra fullnægingu innflutningsskilyrða og annarra opinberra fyrirmæla um aðflutta vöru, fara samkvæmt þeim reglum, sem gilda þegar tollgreiðsla fer fram. Heimilt er þó, þegar krafizt er gjalda af vöru, sem glatazt hefur eða misfarizt í tollvöru-

56 geymslu, að krefja hæstu aðflutningsgjöld, sem gilt hafa á tímabilinu frá því að vara 19. maí var sett í tollvöruheymsluna og þar til gjöldin eru greidd.

#### 17. gr.

Geymsluhafa ber að greiða ríkissjóði gjald fyrir kostnað við tolleftirlit með tollvöruheymslum. Gjald þetta skal miða við gildandi tímakaup tollgæzlumanna fyrir þann tíma, sem þeir þurfa að vera í geymslunni vegna eftirlits eða annarra starfa. Gjaldið reiknast fyrir hverja byrjaða klukkustund. Í tollvöruheymslum, þar sem tollgæzlumanns er þörf að staðaldri, er ráðherra heimilt að ákveða eftirlitsgjald sem fasta mánaðargreiðslu.

#### 18. gr.

Óheimilt er að neyta varnings, sem er í tollvöruheymslu eða nota hann á annan hátt innan geymslunnar eða annars staðar áður en fullnaðar tollafgreiðsla hans fer fram. Ákvæði þetta á einnig við ef vöru, sem á að flytja í tollvöruheymslu, er neytt eða hún er notuð eða henni skotið undan á annan hátt, áður en hún komst í geymsluna.

Óheimil og refsiverð er hvers konar meðferð á vöru, sem er í eða á að fara í tollvöruheymslu, og er andstæð þeim fyrirmælum, sem tollstjóri hefur gefið um meðferð vörunnar.

#### 19. gr.

Lögveð samkvæmt 28. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68 frá 1956 hvílir á vörum, sem eru í tollvöruheymslu. Lögveðið nær til aðflutningsgjalda af vör-  
unni og allra annarra gjalda til ríkissjóðs, sem á hafa fallið vegna geymslu vörunnar, svo sem eftirlitsgjalds samkvæmt 17. gr. og geymslugjalds eða leigu í þeim geymslum, sem tollgæzlan rekur.

## II. KAFLI

### Almennar tollvöruheymslur.

#### 20. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að tollgæzlan reki almennar tollvöruheymslur á höfnum, þar sem húsakostur og aðrar aðstæður til þess eru fyrir hendi.

Með þeim skilyrðum, sem greinir í I. kafla reglugerðar þessarar, getur ráðherra veitt sveitarfélögum, félögum eða einstaklingum, heimild til að stofna og reka almennar tollvöruheymslur.

Leyfi skal að jafnaði veitt þeim einum, sem geta almennt látið þeim aðilum, er í 21. gr. getur, í té afnot þeirrar tollvöruheymslu, sem þeir hyggjast reka. Þó er heimilt að veita leyfi til að reka tollvöruheymslu á takmörkuðum grundvelli, en að jafnaði skal það ekki gert nema um sé að ræða geymslur fyrir sérstaka vöru-  
flokka, sem fluttir eru inn eða úr landi í stórum sendingum og ekki eru margbrotnir í tollmeðferð.

#### 21. gr.

Innflutningsverzlunum, iðnrekendum, útgerðarfyrirtækjum og öðrum, sem svipaðra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við innflutning vöru eða útflutning, er heimilt að koma vörum sínum til geymslu í almennum tollvöruheymslum, meðan þess er beðið, að þær verði endanlega tollafgreiddar eða fluttar úr landi.

#### 22. gr.

Áður en vara er færð í tollvöruheymslu samkvæmt þessum kafla, ber að afhenda tollstjóra innflutningsskýrslu um vöruna, er sé greinilega auðkennd um, að hana eigi að leggja í almenna tollvöruheymslu.

Í skýrslunni skal greina:

Eiganda vöru eða umráðamann, innflutningsfarartæki, farmskrárnúmer, tölu, tegund og merkingu stykkja í vörusendingunni. Enn fremur öll önnur atriði, sem krafizt er í venjulegri tollinnflutningsskýrslu, um vörumagn, verðmæti vöru og annað, sem máli skiptir um tollflokkun vöru og útreikning aðflutningsgjalda af henni. Skýrslunni skulu fylgja þau gögn til staðfestingar verði, vörutegund og vörumagni, sem eiga að fylgja tollinnflutningsskýrslum við fullnaðartollafgreiðslu. Í skýrslunni eða gögnum þeim, sem henni fylgja, skal koma greinilega fram innihald hvers einstaks stykkis í vörusendingunni.

56

19. maí

### 23. gr.

Vörusendingu, þ. e. þær vörur, sem fluttar eru til landsins í sama farmskrárnúmeri, skal leggja í tollgeymslu í einu lagi, nema áður sé fengið leyfi réttra yfirvalda til að skipta sendingunni til tollafgreiðslu.

Ef í vörusendingu eru fleiri en ein vörutegund skal tölumerkja hvern lið á vöruheikningi þeim, sem fylgja þer tollskýrslu samkvæmt næstu grein hér á undan. Við síðari tollmeðferð vörusendingarinnar skal jafnan vitna til þessarar tölumerkingar ásamt heiti viðkomandi vörutegundar.

### 24. gr.

Innflutningsskýrslu samkvæmt 22. gr. skal afhenda tollstjóra í tvíriti ásamt fylgiskjölum, auk hagskýrslueintaks. Tollstjóri geymir eintak skýrslunnar unz vörusending hefur öll verið tollafgreidd endanlega, en þá gengur skýrslueintak þetta, ásamt fylgiskjölum, til endurskoðunardeildar tollreikninga. Á annað eintak skýrslunnar ritar tollstjóri leyfi til að vöruna megi flytja í tollvörugeymslu. Skýrslueintak þetta varðveitir tollgæzlan, ásamt fylgiskjölum. Um meðferð skýrslna þessara, þegar vara er flutt ótollafgreidd til annarar tollhafnar, gilda ákvæði 28. greinar.

### 25. gr.

Þegar tollstjóri hefur fengið í hendur innflutningsskýrslu samkvæmt 22. gr., lætur hann framkvæma þá rannsókn á vörusendingu, sem þurfa þykir, og tollflokka vörunar. Að því loknu gefur hann leyfi til að vörunar verði fluttar í tollvörugeymslu, enda sé öllum skilyrðum til þess að öðru leyti fullnægt.

### 26. gr.

Þegar óskað er tollafgreiðslu á vöru, sem er í almennri tollvörugeymslu, skal gerð um hana skýrsla (tollafgreiðsluskýrsla) í því formi, sem sýnt er á fylgiskjali nr. 1 með reglugerð þessari. Í skýrslunni skal greina skip það, er flutti vöruna til landsins, komudag þess, farmskrárnúmer og tegund, magn, tollflokk og verð þeirrar vöru, sem óskast tollafgreidd. Skýrslu þessa skal afhenda tollstjóra í fjórriti og er eitt eintakið tollreikningur, sem vöru eigandi fær aftur í hendur kvittaðan, er hann hefur greitt aðflutningsgjöld af vörunni.

Skýrslu þeirri, sem greinir í næstu málsgrein hér á undan, skal skilað til tollstjóra með sundurliðuðum útreikningi þeirra aðflutningsgjalda, sem greiða þer af vörum þeim, sem óskast tollafgreiddar. Sá, sem skýrsluna gefur ábyrgist réttan útreikning gjaldanna.

Sé beiðst tollafgreiðslu á vöru úr tollvörugeymslu án greiðslu aðflutningsgjalda, t. d. til endurútflytninga, er óþarft að reikna út aðflutningsgjöldin, en þá skal greinilega tekið fram í skýrslunni, hværrar tollmeðferðar er óskað á vörunni.

Sé óskað flutnings á vöru milli tollvörugeymslna þer að nota skýrsluformið, sem sýnt er á fylgiskjali nr. 2 með reglugerð þessari, sbr. 29. gr.



**56** Þegar aðflutningsgjöld hafa verið greidd eða skilyrðum að öðru leyti fullnægt 19. maí fyrir að afhenda megi vöru úr tollvöruhegrymslu, ritar tollstjóri til þess samþykki sitt á eitt eintak tollafgreiðsluskýrslunnar. Eintak þetta afhendir vöruheigandi tollstarfsmanni þeim, sem eftirlit hefur með geymslunni og varðveitist það með öðrum skjölum tollgæzlunnar varðandi viðkomandi vöruheingingu.

**27. gr.**

Um leið og ráðherra leyfir að setja megi ákveðna vöruheingund í tollvöruhegrymslu, sbr. 8. gr., getur hann ákveðið lágmark þess, sem setja má í geymslu eða taka úr henni hverju sinni af þeirri vöruheingund.

**28. gr.**

Vöru má senda ótollafgreidda úr almennri tollvöruhegrymslu til annarar tollhafnar, en þó því aðeins, að viðkomandi vöruheingund sé send í heild. Hafi hluti vöruheingundar verið tollafgreiddur er slíkur flutningur því óheimill. Um flutning á tollgrymsluvöru milli tollhafna eða tollumdæma gilda reglurnar um flutning á ótollafgreiddum varningi innanlands.

Þegar tollgrymsluvara er flutt á milli tollumdæma samkvæmt 1. málsgri. þessarar greinar, skal senda tollstjóra í því tollumdæmi, sem vara er send til, þau tollskjöl, sem lögð hafa verið fram um vöruna.

**29. gr.**

Flytja má vöru úr almennri tollvöruhegrymslu í tollfrjálsa forðagegrymslu á sömu höfn, svo og í tollfrjálsar birgðagegrymslur verzlana þeirra, sem um getur í 1. mgr. 15. gr. laga um tollvöruhegrymslur nr. 47 frá 1960.

Við flutning á vöru úr almennri tollvöruhegrymslu í geymslur þær, sem getur í þessari grein ber vöruheiganda að leggja fram hjá tollstjóra skýrslu í fjórriti, gerða á eyðublað það, sem sýnt er á fylgiskjali nr. 2 með reglugerð þessari. Tveim eintökum skýrslunnar heldur tollstjóri. Verður annað þeirra fylgiskjal um tollafgreiðslu vörunnar úr almennu tollvöruhegrymslunni, en hitt eintakið geymist sem gagn um að vörunnar hafi verið lagðar inn í viðkomandi forðagegrymslu. Sé um að ræða vöru, sem lagðar eru inn í geymslu tollfrjálsrar verzlunar, er síðastgreint skýrslueintak óþarft.

Á tvær af skýrslum þeim, sem getur í næstu málsgrein hér á undan ritar tollstjóri leyfi um að vörunnar megi flytja milli tollvöruhegrymslnanna. Skýrslueintök þessi varðveitir tollgæzlan. Annað sem fylgiskjal um afgreiðslu vörunnar út úr almennu tollvöruhegrymslunni, en hitt sem skýrslu um vöru fluttar í forðagegrymsluna. Á síðast nefnda eintakið ber að færa áritun um afgreiðslu varanna út úr forðagegrymslunni.

**30. gr.**

Þar sem innlent tollvörugjald eða aðflutningsgjöld af erlendu hráefni eru endurgreidd af innlendri iðnaðarvöru við útflutning, er heimilt að koma slíkri vöru í tollvöruhegrymslu samkvæmt þessum kafla, meðan þess er beðið, að varan verði flutt úr landi. Heimilt er að endurgreiða gjöld þau, er í þessari málsgrein getur, þegar varan er komin í tollvöruhegrymslu.

Aður en vara er flutt í tollvöruhegrymslu samkvæmt þessari grein skal afhenda tollstjóra skýrslu um vöruna ásamt þeim fylgiskjöllum, sem nauðsynleg eru til að útreikningur þeirra gjalda, sem endurgreiðast eiga, geti farið fram. Nota ber skýrslur í því formi, sem sýnt er á fylgiskjali nr. 3 með reglugerð þessari.

Þegar fullnægt er þeim skilyrðum, að vöru megi flytja í tollvöruhegrymslu samkvæmt þessari grein, ritar tollstjóri leyfi til þess á tvö eintök skýrslu þeirrar, sem getur í næstu málsgrein hér á undan. Skýrslur þessar afhendir geymsluhafi tollgæzlumanni þeim, sem umsjón hefur með geymslunni, en hann fylgist með því, að

varan fari í geymsluna og kannar, að rétt sé frá skýrt um tegund hennar og magn, 56  
eftir því sem þurfa þykir.

19. maí

Þegar varan er komin í geymsluna, ritar tollgæzlumaður vottorð um það á eintak skýrslu þeirrar, sem getur hér að framan, og sendir eintakið tollstjóra, sem aftur sendir það til fjármálaráðuneytisins ásamt þeim gögnum, sem nauðsynleg eru til þess að endurgreiðsla aðflutningsgjalda og/eða innlends tollvörugjalds geti farið fram. Annað eintak skýrslunnar varðveitir tollgæzlan með öðrum skjölum, sem varða birgðir viðkomandi geymslu, og skal skrá á það, þegar varan er flutt úr geymslunni, magn þess, sem afgreitt er hverju sinni, ásamt dagsetningu.

### 31. gr.

Vöru, sem sett hefur verið í almenna tollvörugeymslu, skal tollafgreiða endanlega innan eins árs frá því hún kom til landsins, nema fjármálaráðherra samþykki lengri frest.

Hafi útflutningsvara verið sett í tollvörugeymslu samkv. 30. gr., skal hún flutt úr landi, eða eftir atvikum flutt í tollfrjálsa forðageymslu samkv. III. kafla reglugerðar þessarar, innan eins árs frá því að varan var sett í geymslu, ella ber að greiða að nýju þau gjöld, sem endurgreidd voru, þegar varan var flutt í geymsluna.

## III. KAFLI

### Tollfrjálsar forðageymslur.

#### 32. gr.

Ráðherra getur leyft skipaútgerðum og flugfélögum, sem eiga farartæki að staðaldri í förum milli Íslands og annarra landa, að geyma vistir, útbúnað og annan forða fyrir þau farartæki í sérstökum geymslum án greiðslu aðflutningsgjalda. Í geymslur þessar má einnig setja innlendar framleiðsluvörur, sem keyptar eru sem forði skipa eða flugvéla og má endurgreiða gjöld samkvæmt 30. gr., þegar þær hafa verið fluttar í geymslur þessar.

Ákvæði 1. málsg. greinar þessarar eiga ekki við um veiðiskip, enda þótt þau sigli með afla sinn til sölu á erlendan markað.

#### 33. gr.

Í geymslur samkvæmt þessum kafla má setja vörur:

- a) sem fluttar eru inn í því skyni,
- b) innfluttar vörur, sem keyptar eru hérlendis ótollafgreiddar og fluttar eru í geymsluna beint úr afgreiðslu aðkomufarartækis eða úr almennri tollvörugeymslu samkvæmt II. kafla reglugerðar þessarar,
- c) úr birgðum skipa eða flugvéla geymsluhafa,
- d) innlendar framleiðsluvörur.

#### 34. gr.

Þegar óskað er að setja ótollafgreiddar vörur í tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla, skal gera um þær innflutningsskýrslu í því formi, sem sýnt er á fylgiskjali nr. 4 með reglugerð þessari. Skýrsluna skal gera í tvíriti. Varðveitir tollstjóri annað eintakið unz vörusendingin er að fullu tollafgreidd, en á hitt eintakið ritar hann leyfi um, að vöruna megi flytja í birgðageymsluna, og varðveitir tollgæzlan það. Á þetta eintak eða fylgiblað, sem fest er við það, færir tollgæzlumaður sá, sem umsjón hefur með geymslunni það, sem hverju sinni er tekið úr geymslunni af viðkomandi vörusendingu, ásamt dagsetningu.

Ekki þarf að leita fyrirfram samþykkis tollstjóra áður en vara er flutt í toll-

56 frjálsa birgðageymslu úr birgðum skips eða flugvélar geymsluhafa, en þegar svo 19. maí stendur á getur tollstjóri lagt svo fyrir, að innflutningsskýrslan sé afhent tollgæzlumanni þeim, sem umsjón hefur með geymslunni, í tvíriti, og að hann sendi tollstjóra þegar annað eintakið.

Nota má samrit af birgðaskrá flugvélar í stað innflutningsskýrslu þeirrar, sem ræðir um í næstu málsgrein hér á undan, enda samþykki ráðuneytið form skrárinnar.

Um flutning á vörum úr almennri tollvöruheymslu í birgðageymslu samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði 29. gr. reglugerðar þessarar.

Tollstjóri ákveður hverju sinni, hvort krafizt skal gagna um verðmæti vöru, sem lögð er inn í forðageymslu úr birgðum skips eða flugvélar.

### 35. gr.

Úr tollvöruheymslu samkvæmt þessum kafla má aðeins flytja vörur sem birgða-forða beint í farartæki, sem er í utanlandsferðum, enda séu vörurnar eingöngu notaðar í því farartæki. Heimilt er tollgæzlumönnum að innsigla vörur þessar um borð í viðkomandi farartæki eða gera aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir misferli með þær. Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 1. másl. leyft endurútflytning eða endursendingu á vörum úr forðageymslum samkvæmt þessum kafla og enn fremur heimilað tollafgreiðslu á þeim til neyzlu eða sölu innanlands, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef vörur liggja undir skemmdum.

### 36. gr.

Áður en vörur eru fluttar úr geymslu samkvæmt þessum kafla um borð í skip eða flugvél sem forði, skal afhenda tollgæzlumanni, sem hefur eftirlit með geymslunni, skýrslu um vörurnar. Í skýrslunni skal greina tegund, magn og eftir atvikum verðmæti vöru, svo og úr hvaða vörusendingu varan er. Síðasttöldu upplýsingum má þó sleppa, þegar um er að ræða neyzluvöruforða flugvéla.

Skýrsla þessi skal gerð í því formi, sem sýnt er á fylgiskjali 5 með reglugerð þessari.

Þegar skýrsla samkvæmt 1. málsg. hefur verið afhent tollgæzlumanni, sem hefur eftirlit með viðkomandi forðageymslu, ber honum að fylgjast með því, að þær vörur, sem fluttar eru úr geymslunni séu í samræmi við það, sem skýrslan greinir. Þegar varningurinn hefur verið fluttur um borð í viðkomandi farartæki, skal skipstjórnarmaður eða bryti rita móttökuviðurkenningu á skýrsluna, en tollgæzlumaður staðfesta að varan hafi farið um borð í farartækið, og verið sett þar undir innsigli, ef því er að skipta. Skýrslan skal síðan afhent tollgæzlumanni þeim, sem hefur umsjón með birgðageymslunni, með framangreindum áritunum, en hann geymir hana sem fylgiskjal unz allar vörur úr viðkomandi sendingu hafa verið tollafgreiddar, en þá verður skýrslan notuð sem fylgiskjal með lokatollafgreiðslu sendingarinnar.

### 37. gr.

Senda má vörur úr tollvöruheymslum samkvæmt þessum kafla til annarra tollhafna í veg fyrir skip eða önnur farartæki, enda sé fylgt þeim skilyrðum, sem tollfyrirvöld setja hverju sinni um eftirlit og tryggilegan umbúnað við flutninginn. Undanskilja má vissa vöruflokka slíkum flutningi.

### 38. gr.

Áfengis- og Tóbaksverzlun ríkisins getur heimilað að vörur, sem einkasala hennar nær til, séu settar í tollvöruheymslu samkvæmt þessum kafla.

#### IV. KAFLI

##### Tollfrjálsar verzlanir.

56

19. maí

##### 39. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reka verzlanir með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurlflugvelli og á Keflavíkurlflugvelli. Birgðir þeirra verzlana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum, sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

Ákvæði II. kafla reglugerðar þessarar um almennar tollvörugeymslur gilda eftir því sem við á einnig um tollfrjálsar geymslur samkvæmt þessum kafla. Þó skal vara endanlega tollafgreidd, þegar fyrir liggur vottorð tollgæzlumans og viðurkenning forstöðumans verzlunar um, að varan hafi verið flutt í tollfrjálsa geymslu verzlunarinnar.

##### 40. gr.

Verzlunum samkvæmt 39. gr. er eingöngu heimilt að selja vörur sínar áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla, sem eru að leggja af stað til útlanda, þannig að varan sé flutt undir tolleftirliti um borð í flugvélna.

Vörur, sem seldar eru úr verzlunum samkvæmt þessum kafla, skulu afhentar kaupanda í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum. Á umbúðirnar skal letrað, að óheimilt sé að opna þær, fyrr en komið er út fyrir íslenska tolllandhelgi. Kaupandi vörunnar ber ábyrgð á því, að viðlagðri refsingu, að fyrirmælum þessum sé hlýtt.

Heimilt er verzlunum þeim, sem hér um ræðir, að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.

##### 41. gr.

Verzlanir þær og vörugeymslur, sem um ræðir í þessum kafla, eru háðar tolleftirliti. Auk daglegs eftirlits tollgæzlunnar, skal birgðakönnun fara fram í þeim eigi sjaldnar en á 3 mánaða fresti og skal þá gengið úr skugga um, að allar vörur, sem látnar hafa verið af hendi úr vörugeymslunni á næstliðnu tímabili, hafi farið lögboðnar leiðir úr landi. Til staðfestu þessu skal leggja fram vottorð tollgæzlumans, þess, sem hverju sinni hefur haft eftirlit með brottflutningi varanna.

##### 42. gr.

Í birgðabókhaldi verzlana og vörugeymslna, sem um ræðir í þessum kafla, skal færa allar hreyfingar á vörum í geymslurnar og verzlanirnar og úr þeim. Heimilt er að færa í einu lagi í birgðabókhaldið allar vörur, sem fluttar eru út í einni og sömu ferð.

Ráðuneytið kveður nánar á um gerð eyðublaða og bóka, sem notaðar eru í sambandi við verzlanir þessar.

##### 43. gr.

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda og innlends tollvörugjalds af innlendri iðnaðarvöru, sem sett er í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla skal vera heimil á sama hátt og segir í 30. gr. um vörur í almennum tollvörugeymslum.

#### V. KAFLI

##### Flutningageymslur (transit-geymslur).

##### 44. gr.

Ráðherra getur heimilað skipaútgerðum og flugfélögum, sem reka millilandaferðir, að leggja hér á land vörur og geyma í sérstökum vörugeymslum án greiðslu aðflutningsgjalda, meðan þær bíða hér endurútflytningu.

56

19. maí

Vörugeymslur samkvæmt þessum kafla má eingöngu nota til geymslu á vörum, sem settar eru hér á land um stundarsakir, en eiga að flytjast áfram til erlendra hafna. Leyfi fjármálaráðuneytisins þarf til að tollafgreiða vöru, sem sett hefur verið í geymslu samkvæmt þessum kafla, á annan hátt en til endurútflytninga beint úr geymslunni.

45. gr.

46. gr.

Flytja má vörur beint úr innflytningarfartæki í geymslur þær, sem um ræðir í þessum kafla. Ekki er nauðsynlegt að aflað sé leyfis tollstjóra fyrirfram til að setja vörur í þessar geymslur, en um leið og varan er sett í geymslu skal afhenda tollgæzlunni innflytningsskýrslu um hana í tvíriti ásamt samriti af farmskírteini eða fylgibréfi um innflytning vörunnar. Annað eintak þessara skjala afhendir tollgæzlumaður tollstjóra þegar, en hinu eintakinu heldur tollgæzlan og hefur það til leiðbeiningar um eftirlit með vörunni.

47. gr.

Þegar vara er flutt úr landi úr flytningageymslu samkvæmt þessum kafla, skal afhenda tollgæzlumanni, sem hefur umsjá geymslunnar, útflytningsskýrslu um vöruna í tvíriti, ásamt farmskírteini eða fylgibréfi um flytning vörunnar úr landi. Tollgæzlumaður, sem fylgist með útflytningi vörunnar, ritar á skjöl þessi vottorð um hvenær og á hvern hátt varan hafi verið flutt úr landi. Að því búnu skal afhenda tollstjóra annað eintak útflytningsskýrslunnar ásamt fylgiskjölum, en hitt eintakið leggst með skjölum tollgæzlunnar um innflytning vörunnar.

Ekki er þörf annars birgðabókhalds um geymslur þessar en skjala þeirra, sem talin eru í þessari grein og 46. gr. Tollstjóri eða tollgæzlumenn geta þó, þegar þess þykir þurfa, krafizt gagna til staðfestingar því, sem innflytningsskýrsla og farmskírteini greina um vörutegund og vörumagn, svo og gagna um verð viðkomandi vörusendingar.

48. gr.

Tollgæzlumenn gera þær rannsóknir á vörum, sem lagðar eru í tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla, sem þurfa þykir, til að staðreyna að upplýsingar í innflytningsskjölum og útflytningsskjölum séu réttar.

49. gr.

Innflytningsskýrslur þær og útflytningsskýrslur, sem um ræðir í þessum kafla skulu gerðar á þau eyðublöð, sem sýnd eru á fylgiskjölum nr. 6 og 7 með reglugerð þessari.

## VI. KAFLI

### Refsiákvæði o. fl.

50. gr.

Brot á reglugerð þessari og reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef brot er stórvægilegt eða margítrekað. Fyrir tilraun til brots eða hlutdeild í því, skal refsað sem fyrir fullkomið brot.

Upplaka á vöru eða andvirði hennar, sem farið er með andstætt ákvæðum reglugerðar þessarar er heimil, sbr. 27. gr. laga nr. 47 frá 1960 um tollvörugeymslur o. fl.

51. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 26. gr. laga nr. 47 frá 1960, um tollvörugeymslur o. fl., öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 19. maí 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

### Tollafgreiðsluskýrsla (Tollreiðingur)

hafi \_\_\_\_\_

Innfærslunúmer \_\_\_\_\_

Innfutningsskip \_\_\_\_\_

Afgreiðslunúmer \_\_\_\_\_

um vörur úr tollvörugeymslu \_\_\_\_\_ nafn geymsluhafa \_\_\_\_\_

Komudagur \_\_\_\_\_ Farnskr.nr. \_\_\_\_\_

Tollskrá Kafi   Nr.	Vörutegund	Nr. á vöru- reikn.	Þyngd kg	Vörumagnstollur		Tala vöru- ein.	Reikningsverð f.o.b. í erlendri mynt	Tollverð í Ísl. krónum	Verðtollur	
				ein.	kr.				Ein.	Kr.

Hlutstálstala reikningsverðs og tollverðs í íslenskum kr.: \_\_\_\_\_

Innfutningssjald:

% af kr. \_\_\_\_\_ kr. \_\_\_\_\_ % af kr. \_\_\_\_\_ kr. \_\_\_\_\_

% af kr. \_\_\_\_\_ kr. \_\_\_\_\_ % af kr. \_\_\_\_\_ kr. \_\_\_\_\_

19 \_\_\_\_\_

Framanskráðar vörur óska ég að leysa úr tollvörugueymslu

\_\_\_\_\_ nafn geymsluhafa \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ undirskrift \_\_\_\_\_

Áritun (kvittun) tollstjóra. Áritun tollgæðnumans.

Vörumagnstollur kr. \_\_\_\_\_

Verðtollur ..... \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Samtals kr. \_\_\_\_\_

Tollst. og þsigj. \_\_\_\_\_

Innf.sklusk. .... \_\_\_\_\_

Innf.gj. .... \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Alls kr. \_\_\_\_\_

**56 Fylgiskjal 2.**

**Skýrsla um vöru, sem flutt er úr almenntollvörugæymslu  
í aðra tollfrjálsa vörugæymslu.**

Innfærslunúmer

Afgræðslunúmer

Flutt úr tollvörugæymslu \_\_\_\_\_ nafn geymslahafa \_\_\_\_\_  
 Flutt í \_\_\_\_\_ gæymslu \_\_\_\_\_ nafn geymslahafa \_\_\_\_\_  
 Sendingin kom með \_\_\_\_\_  
 sem kom til \_\_\_\_\_  
 þann \_\_\_\_\_  
 farnskr.nr. \_\_\_\_\_

Spökkjatala særkvæmt farnskrá	Merki og númer	Vörutegund	Tala vöruaingsa	Einingarverð í efl. mynt	Dag- setning									
						Vörumagn, sem flutt er úr geymslunni hverju sinni.								

Ég undirritaður óska hér með að framanskráðar vörur verði afgreiddar

tollfrjálst úr tollvörugæymslu \_\_\_\_\_ nafn geymslahafa \_\_\_\_\_

og fluttar í \_\_\_\_\_ gæymslu \_\_\_\_\_ nafn geymslahafa \_\_\_\_\_

19 \_\_\_\_\_ undirskrift \_\_\_\_\_

Áritun tollsýora.

Áritun tollgæzlumanns.

## Skýrsla um innlendir framleiðsluvörur, sem settar eru í tollvörugæymslu.

B 16

Tala og teg. ytri umbúða	Vörutegund	Vörum, rúmmál eða tala og teg. slk.	Þyngd bruttó	Vörumagn	Afhending úr gæymslu

Ofangreindar vörur óska ég að setja í:

Áritun tollsýjóra.

Áritun tollgæzlumanns.

2) Almenna tollvörugæymslu \_\_\_\_\_  
náfn geymsluhafna2) Tollfrjálsa forðageymslu \_\_\_\_\_  
náfn geymsluhafna2) Vörugæymslu friverzlana \_\_\_\_\_  
náfn verzlunar2) Innlent tollvörugjald/adfuttningsgjöld af aðfuttu bréfini óskast  
endurgreitt.\_\_\_\_\_  
undirskrift \_\_\_\_\_ 19\_\_

1) Útfutningstærteki eða tollvörugæymsla, sem varan er flutt í.

2) Stríkast úr eður því, sem vta á.





Fylgiskjal 5.

56

Nr. \_\_\_\_\_

Innfærslunr. \_\_\_\_\_

**Afhendingarseðill**

fyrir skipsforða úr tollfrjálsri forðageymslu.

Neðanskráðar vörur óskast afgreiddar úr forðageymslu vorri

sem skipsbirgðir í /s \_\_\_\_\_, sem liggur hér í höfninni.

Innflutningsskip \_\_\_\_\_, sem kom þann \_\_\_\_\_ 19\_\_\_\_ Farnskr.nr. \_\_\_\_\_

	Vörutegund	Einingartala	Einingarverð í erl. mynt
1			
2			
3			
4			
5			
6			
7			
8			
9			
10			

\_\_\_\_\_ 19\_\_\_\_

undirskrift

Mótttekið um borð.

\_\_\_\_\_ 19\_\_\_\_

undirskrift

staða

Framangreindar vörur voru í dag fluttar um borð í

/s \_\_\_\_\_

undir mínu eftirliti.

Vörur nr. \_\_\_\_\_ voru innsiglaðar og færðar á  
innsiglistskrá skipsins.

\_\_\_\_\_ 19\_\_\_\_

Stimpill og undirskrift.

56 Fylgiskjal 6.

Innflutningsskýrsla um vörur í flutningagæymshú (transit).

Innfærslunúmer

Nafn geymsluhafna:

Sendingin kom með

sem kom til

þann 19 farmskrárnúmer.

Afgreiðslunúmer

Stykkjatala  
samkv. farmskrá

Merki og  
númer

Vörutegund

Dyngd

Verð í  
ert. mynt

Flutti áfram með:

Tala stykkja eða eininga

Ófangaðindar vörur óskast tollafgreiddar inn í flutningagæymshú.

Áritun tollstjóra.

Áritun tollgezlumanna.

nafn geymsluhafna

19

undirskrift

Fylgiskjal 7.

56

## Útflutningsskýrsla

um vörur úr flutningageymslu.

Innflutningsskip \_\_\_\_\_ Komud. \_\_\_\_\_ 19\_\_\_ farmskr.nr. \_\_\_\_\_

Stykkjatala	Merki og númer	Vörutegund	Þyngd	Verð

Ofangreind vara óskast flutt úr flutningageymslu

\_\_\_\_\_ í \_\_\_\_\_  
nafa geymsluhafa nafn farartækis

til \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 19\_\_\_  
ákvörðunarland

\_\_\_\_\_ undirskrift

57

14. júní

## FYRIRMÆLI

## um dragnótaveiðar.

## 1. gr.

Gerð dragnóta, sem leyfðar eru til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, skal vera sem hér segir:

Nótin er samansett úr tiltölulega stuttum poka og tveimur löngum vængjum. Á efra teini eru flár til að halda nótinni opinni, en blý á neðra teini. Við enda vængjanna eru trékefli, eitt við hvorn væng, fest við vængina með stuttum kaðalbútum. Í kefli þessi eru dragstrengir festir með stuttum hanafótum. Hlæra er alls óheimilt að nota og hvað eina annað, sem komið gæti í þeirra stað til útpenslu vængjanna.

## 2. gr.

Möskvastærð dragnóta skal minnst vera 110 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli, eins og mælt er fyrir um í 1. gr. reglugerðar nr. 156/1954.

Óheimilt er að klæða nótina með nokkrum hætti.

## 3. gr.

Um meðferð afla um borð í fiskiskipi gilda ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.

## 4. gr.

Um lágmarksstærð fisks, sem flytja má að landi, gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 156/1954, um það efni.

## 5. gr.

Skipstjóra fiskiskips, sem stundar dragnótaveiðar ber að halda nákvæmar skýrslur um afla og veiðistaði á eyðublöðum, sem Fiskifélag Íslands leggur til. Skýrslurnar skulu sendar félaginu hálfsmánaðarlega.

## 6. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, svo og skilyrðum, sem sett kunna að verða í leyfisbréfi til dragnótaveiða, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum skv. 8. og 9. gr. laga nr. 40 9. júní 1960.

Fyrirmæli þessi eru sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 50 14. maí 1937, um gerð og möskvastærð dragnóta, sem heimilt er að nota í landhelgi.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 14. júní 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Jón Sigurðsson.*

**S A M Þ Y K K T****58**

19. maí

um breytingu á samþykktum nr. 170 9. okt. 1959 fyrir sparisjóð Kópavogs.

## 1. gr.

Upphaf 4. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af bæjarstjórn Kópavogs á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til eins árs.

## 2. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 19. maí 1961.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Yngvi Ólafsson.*

**HEILBRIGÐISSAMÞYKKT****59**

23. maí

fyrir Seltjarnarneshrepp.

## I. KAFLI

## A. Almenn ákvæði.

## 1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Seltjarnarneshrepps.

## 2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðhátta, enda mæli heilbrigðisnefnd með því.

## 3. gr.

Heilbrigðisnefnd er skipuð 3 mönnum. Er hreppsstjóri sjálfkjörinn í nefndina og er jafnframt formaður hennar. Ef héraðslæknir er ekki búsettur í umdæmi nefndarinnar, skipar hreppsnefnd nefndarmann í hans stað eftir tillögum hans. Þriðja nefndarmann kys hreppsnefnd.

## 4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft, sem þurfa þykir. Er skylt að kveðja nefndina til fundar, ef nefndarmaður æskir þess.

## 5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir svo og kærur, er nefndinni berast. Senda skal hreppsnefnd eftirrit af hverri fundargerð.

## 6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar séu framkvæmd. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal þá málinu skotið

59 til hreppsnefndar. Ef hún samþykkir fyrir-mælin, er formanni skylt að sjá um 23. maí framkvæmd þeirra.

7. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, skal leita úrskurðar heilbrigðisstjórnar. Þá getur einnig héraðslæknir skotið máli sínu til hennar, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

8. gr.

Hreppsnefnd ræður heilbrigðisfulltrúa eftir tillögum heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisfulltrúi starfar samkv. erindisbréfi, er heilbrigðisnefnd setur honum. Hann skal sitja fundi heilbrigðisnefndar.

9. gr.

Á fjárhagsáætlun hreppsins skal jafnan, í samráði við heilbrigðisnefnd, veitt nokkur fjárhæð, er heilbrigðisnefnd getur ráðstafað til nauðsynlegra heilbrigðisfrankvæmda. Að öðru leyti skal ávallt leita samþykkis hreppsnefndar áður en hafnar eru framkvæmdir, er hafa útgjöld í för með sér.

**B. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.**

10. gr.

Heilbrigðisnefnd sér um, að haldin séu ákvæði þessarar reglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta.

Nefndin hefur eftirlit með öllu því, er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustu-hætti á samþykktarsvæðinu og setur um það, í samræmi við lög og reglur, fyrir-mæli, sem öllum hlutaðeigendum er skylt að hlíta. Skal nefndinni heimilt að láta rannsaka allt það, er þessi samþykkt fjallar um, svo og annað er að þrifnaði og hollustuháttum lýtur, utan húss og innan.

**C. Ýmis ákvæði.**

11. gr.

Ekki má setja á stofn neina þá stofnun eða fyrirtæki né hefja neinn þann rekstur, sem um er fjallað í VII.—XVII. kafla þessarar samþykktar, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til að sinni hálfu og farið sé að fyrir-mælum hennar um allt, er varðar hollustuhætti. Slíkt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðra breytinga á húsakynnum eða rekstri, svo og við eigandaskipti.

Öllum hlutaðeigendum er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits að stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir stýra.

12. gr.

Starfsfólk þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII. og XV. kafla þessarar samþykktar, skal sanna með læknisvottorði ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvilla eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hætta af eða vakið getur ógeð þeirra, er við það eiga skipti. Það skal í starfi sínu gæta svo rækilega hreinlætis sem auðið er, ganga þokkalega hreinlega til fara, sápu-þvo sér um hendur hverju sinni, eftir að það hefur gengið til salernis, og endranær eftir þörfum. Starfsfólk í neytluvörubúðum, rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, skal klæðast sérstökum hreinum hlífðarfötum við starf. Stúlkur í neytluvörubúðum skulu hafa hreina kappu eða hárnét á höfði.

## 13. gr.

59

23. maí

Húsakynni þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII.—XVI. kafla þessarar samþykktar, skulu að dómi heilbrigðisnefndar fullnægja þessum almennum skilyrðum: vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti sæmilegur dvalarstaður mönnum.

Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í VIII.—XVI. kafla þessarar samþykktar, skulu gólf lögð gólfduík eða öðru jafngildi, loft máluð og veggir málaðir eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

## 14. gr.

Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í VII.—XVI. kafla þessarar samþykktar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslu, rennandi vatni, hæfilega mörgum salernum, svo og þvagstæðum ef þurfa þykir, handlaugum, hreinum handklæðum eða pappírspurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum. Gestum skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem þeim eru ætlaðir til afnota, og skulu konur vera sér um salerni og karlar sér.

## 15. gr.

Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VII.—XVI. kafla þessarar samþykktar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum sem auðið er. Þar sem einhvers konar starfsemi samkv. VIII.—XVI. kafla fer fram að staðaldri, skulu gólf þvegin daglega og oftár, ef þurfa þykir. Ekki má sópa gólf. Áhöld og innanstokksmunir, lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðeigandi hátt eftir þörfum. Allsherjarhreingerning skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári. Ekki má hleypa hundum, köttum eða húsdýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í þessari grein.

## II. KAFLI

## Um hreinlæti og þrifnað utan húss.

## 16. gr.

Girðingar kringum hús og lóðir skulu þannig gerðar, að rottur og mýs geti ekki gert sér hreiður í þeim.

Eigendum er skylt að greiða kostnað af lagfæringum og viðgerðum á lóðum sínum og portum, svo og af hreinsun á þeim.

## 17. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í læki, í höfn innan hafnargarða né í fjörur neins konar rusli eða úrgangi. Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjótt, mól, timbur eða annað byggingarefni, né neins konar rusl eða úrgang.

Ekki má hengja eða leggja við almannafæri fiskiföng eða annað, sem óþrifnaði eða óþef getur valdið.

## 18. gr.

Öll flutningatæki, er fara um götur í umdæmi hreppsins skulu þannig gerð, að flutningur valdi ekki óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður við flutninginn, skal þeim, er flytur, skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

## 19. gr.

Bannað er með öllu að bera salernisáburð á tún eða garða, hvort heldur er um að ræða matjurta- eða skróðgarða. Sorphaugar, opnar safngryfjur eða forir mega ekki vera á þéttbyggðum svæðum í hreppnum.



## III. KAFLI

## Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

## 20. gr.

Öll hús á samþykktarsvæðinu skulu taka neyzluvatn úr vatnsveitu hreppsins, að svo miklu leyti sem staðhættir leyfa.

## 21. gr.

Kveðja skal heilbrigðisnefnd og héraðslækni til ráða, ef vatnsveita er lögð. Sama máli gegnir, ef leyfð er notkun vatnsbóla.

## 22. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu skal bera undir heilbrigðisnefnd.

## 23. gr.

Þar sem skolpi verður ekki veitt í göturæsi, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum gegnum rotþrær og leita um það fyrirmæla heilbrigðisnefndar hverju sinni.

## 24. gr.

Ef skolp er mengað daunillum efnum eða öðru, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal farið með það hverju sinni eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

## 25. gr.

Þar sem því verður við komið og ekki veldur óþrifnaði, skal leiða öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruborð, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

## IV. KAFLI

## Um salerni og meðferð sorps.

## 26. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni, þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef það telst óhjákvæmilegt, en hlíta skal fyrirmælum hennar um frágang salerna af annarri gerð.

## 27. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja nægilega mörg sorpílát, að stærð og gerð eftir fyrirmynd, sem heilbrigðisnefnd lætur í té. Í þau skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu, og mega þau aldrei standa opin. Ílátin skulu jafnan tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt burt.

Ekki má leggja skarnrennur í hús nema heilbrigðisnefnd fallist á frágang þeirra.

## 28. gr.

Hreppsnefnd lætur annast brottflutning sorps og tiltekur, hvert þau skuli flutt. Sorpsvæði skal afgirt og þannig frá því gengið, að fýla eða annar óþverri berist ekki til mannabyggða. Við sorpflutninginn má einungis nota lokaða vagna, er skulu þannig gerðir, að auðvelt sé að tæma ílátin beint í þá.

## V. KAFLI

## Um veggjalús, kakalaka, rottu og önnur meindýr.

59

23. maí

## 29. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða hvers konar reksturs.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýrs verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar séu ráðstafanir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með honum.

Skylt er húsráðanda að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar í hvívetna. Ef einhver vanrækir að gera slíkar ráðstafanir innan þess tíma, er nefndin hefur tiltekið, getur hún látið framkvæma þær á hans kostnað.

## VI. KAFLI

## Um íbúðarhúsnæði.

## 30. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllumur fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, um íbúð í kjöllumur), svo og eftir byggingarsamþykkt hreppsins.

## 31. gr.

Lofthæð íbúðarherbergis má almennt ekki vera minni en 2.5 m. Í loft- og kvistherbergjum má hún ekki vera minni en 2.2 m. Í herbergjum undir súð skal meðal- lofthæð vera yfir a. m. k. hálfum gólfleti þess, enda sé enginn veggur lægri en 85 cm.

Gólfplötur íbúðarherbergis má ekki vera minni en 4 m<sup>2</sup>, og í hverri íbúð skal vera a. m. k. eitt herbergi, er sé ekki minna en 14 m<sup>2</sup> að gólfleti.

Í íbúð mega ekki búa fleiri en svo, að 4.3 m<sup>2</sup> af gólfleti og a. m. k. 10 m<sup>3</sup> af loftrými komi á hvern íbúa, enda séu eingöngu talin sjálf íbúðarherbergin.

## 32. gr.

Eigendum er skylt að halda leiguíbúðum vel við.

## 33. gr.

Ekki má nota kjallara til íbúðar, ef gólf íbúðarinnar er meira en 30 cm undir yfirborði jarðvegs við gluggahlíð.

## 34. gr.

Húseigendum er skylt að halda húsum sínum hreinum utan sem innan. Bárujárn skal mála, svo oft sem þurfa þykir.

## VII. KAFLI

## Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks.

## 35. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verkamannaskýli og þess háttar, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og reglugerðir samkvæmt þeim, reglugerð nr. 10 16. febrúar 1929,

59 um eftirlit með verksmiðjum og vélum, með áorðnum breytingum samkvæmt reglu-  
23. maí gerð nr. 95 30. júní 1941).

## 36. gr.

Þeir, sem reka iðju eða iðnað eða aðra atvinnu á sérstökum vinnustöðvum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og láta fylgja tilkynningunni nákvæma lýsingu á vinnustöð sinni og allri tilhögun þar.

## 37. gr.

Húsnæði, sem notað er í þessu skyni, má ekki vera lægra undir loft en 2.5 m og gólfhlötur aldrei minni en 3 m<sup>2</sup> á hvern verkamann. Þó skal loftrými aldrei minna en 10 m<sup>3</sup> á mann. Loftræsting skal vera nægileg og vélknúin, ef nauðsynlegt þykir. Gólf skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

## VIII. KAFLI

Um skrifstofur, lesstofur, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.

## 38. gr.

Lofthæð á skrifstofum, lesstofum, afgreiðslustofum og verzlunarbúðum skal vera a. m. k. 2.5 m og loftrými á hvern starfsmann a. m. k. 10 m<sup>3</sup>.

Vélknúin loftræstingartæki skulu sett, þar sem slíks þykir þörf, svo sem í verzlunarbúðir, er verzla með ryksæla vöru.

## 39. gr.

Áklæði, vefnaðarvörustranga og annað af því tagi skal hreinsa öðru hverju með ryksugu.

## IX. KAFLI

Um skóla og aðra kennslustaði.

## 40. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit í skólum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 61 8. júní 1957, um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214 22. janúar 1958, um heilsuvernd í skólum, 9. gr. berklavarnalaga nr. 66 30. desember 1939 og 11. gr. farsóttalaga, nr. 10 19. marz 1958.)

## 41. gr.

Lofthæð í stofum, sem notaðar eru til kennslu, skal vera a. m. k. 3 m, og a. m. k. 1.4 m<sup>2</sup> gólfhlötur á hvern nemanda. Ljósflötur glugga skal vera a. m. k. 1/6 gólfplatar.

## 42. gr.

Kennsluborð og sæti skulu hæfa nemendum. Þau mega hvorki vera rifin né sprungin og auðvelt skal að halda þeim hreinum.

## 43. gr.

Hver nemandi skal eiga aðgang að sérstökum fatasnaga og sérstöku hólfi til geymslu á hlífðar- og útiskófatnaði. Ekki má geyma fatnað í kennslustofum og ekki ganga þangað inn á útiskóm.

## 44. gr.

Ekki mega nemendur nota sameiginleg drykkjarker, og jafnan skal drykkjar-útbúnaður vera þannig, að ekki þurfi að snerta hann með vörum, þegar drukkið er.

## 45. gr.

59

Ætla skal hverjum 20 stúlkum eitt salerni og hverjum 35 piltum eitt. Auk þess skulu piltar hafa aðgang að þvagstæðum. 23. maí

## 46. gr.

Hverjum skóla skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum tækjum til íþróttá og leikiðkana.

## 47. gr.

Skólahúsnæði má ekki lána til annarra nota, nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

## 48. gr.

Skólalæknir hefur eftirlit með heilsufari og þrifnaði nemenda og sér um, að fylgt sé fram í skólum fyrirmælum heilbrigðisnefndar, þessarar samþykktar og almennra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Skólalæknir lætur heilbrigðisnefnd í té skýrslur um þann þátt starfs síns, er hann varðar.

## 49. gr.

Nemandi, sem haldinn er kláða eða öðrum óþrifum, má ekki sækja skóla. Sama máli gegnir um starfsmenn skólans.

## X. KAFLI

## Um sjúkrahús, elliheimili, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

## 50. gr.

Um heilbrigðisstofnanir og tilhögun þeirra fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. sjúkrahúsálög nr. 93 31. desember 1953, og reglugerðir samkvæmt þeim).

## XI. KAFLI

## Um dagvistarheimili barna.

## 51. gr.

Húsakynni dagvistarheimila barna skulu vera a. m. k. tvær rúmgóðar stofur, auk eldhúss, búrs, þvottaklefa með nægilega mörgum þvottaskálum, salerna og fata-geymslu.

## 52. gr.

Hverju dagvistarheimili skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum leiktækjum.

## 53. gr.

Leita skal álits heilbrigðisnefndar, þegar ráðinn er forstöðumaður dagvistarheimilis. Læknir, sem til þess er ráðinn, skal hafa eftirlit með heilsufari, þrifum, meðferð og aðbúnaði barnanna, og hann láti heilbrigðisnefnd í té alla vitneskju, er hana varðar.

## 54. gr.

Ekki má taka á dagvistarheimili barn, sem haldið er næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, né heldur barn frá heimili, þar sem slíkir sjúkdómar eða kvillar eru. Ef upp kemur næmur sjúkdómur á dagvistarheimili eða grunur leikur á, að barn, sem sækir heimilið, sé haldið slíkum sjúkdómi, skal læknir heimilisins tilkynna það héraðslækni þegar í stað.

## XII. KAFLI

## Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

## 55. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast nætursakir fyrir borgun.

Svefnherbergi í gistihúsum mega ekki vera minni en svo, að 8 m<sup>3</sup> loftrými komi á hvern gest.

Sængurfatnaður skal ætíð vera hreinn, heill og laus við ólykt. Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, áður en nýjum gesti er vísað til sængur. Gestir skulu hafa greiðan aðgang að baði og salerni.

## 56. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í, ber að sótthreinsa, áður en það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, sem hinn sjúki hefur notað.

## 57. gr.

Lofthæð veitingastofu skal vera a. m. k. 2.5 m og hverjum gesti skal ætla a. m. k. 0.90—1.15<sup>2</sup> gólflöt, eftir nánari ákvörðun heilbrigðisnefndar hverju sinni. Ekki má vera innangengt milli veitingastofu og herbergja, sem rekstrinum er óviðkomandi.

Í veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, uppþvotta og sótthreinsunar. Í eldhúsum skulu vera vélknúin loftræstingartæki, ef þurfa þykir.

Rétti, sem ekki er neytt innan 4 klst. frá tilbúningi, skal geyma í kælikápum, þar sem hiti er undir 5° C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á í minnst 60° C. hita, unz þeirra er neytt.

## 58. gr.

Ekki má bera gestum óhrein, skörðótt eða sprungin matar- eða drykkjarilát og matreiðslu- og uppþvottatæki skulu heil. Ílát og borðfæri skal þvo úr heitu sápuvatni og sjóða eða sótthreinsa í hæfilega virkum sótthreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun, og þurrkur og þvottakústa skal sjóða hverju sinni eftir notkun. Búr, hillur og þess konar ber að þvo svo oft sem þurfa þykir.

Í veitingastofu má ekkert geyma, sem ekki er ætlað til daglegra nota.

## XIII. KAFLI

## Um rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

## 59. gr.

Ekki má vera innangengt milli rakara-, hárgreiðslu- eða snyrtistofu og íbúðarherbergja, sem rekstrinum er óviðkomandi.

## 60. gr.

Öll áhöld, sem notuð eru við þjónustu á rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, skulu vandlega hreinsuð og sótthreinsuð hverju sinni eftir notkun, og hverjum gesti skal ætla hrein handklæði og hreina dúka. Á höfuðbrík stóls skal jafnan vera hreinn pappír.

Rafmagnstæki skulu viðurkennd af rafmagnseftirlitinu.

## 61. gr.

59

Ekki má veita þjónustu fólki, sem vist er um eða grunur leikur á, að haldið sé næmum sjúkdómum, og fólki með húðsjúkdóma í hársverði eða andliti má ekki veita þjónustu, nema sannað sé með læknisvottorði, að öðrum stafi ekki hætta af. Ef uppvíst verður eftir á, að gesti með slíkan sjúkdóm hafi verið veitt þjónusta, skal tafarlaust leita fyrir mæla héraðslæknis um sóttþreinsun á þeim tækjum, er við hann hafa verið notuð.

## 62. gr.

Nú telur gestur, að hann hafi orðið fyrir smitun eða fengið á sig óþrif á rakara-, hárgreiðslu- eða snyrtistofu, og ber honum þá tafarlaust að tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd.

## XIV. KAFLI

## Um kirkjur og önnur samkomuhús.

## 63. gr.

Veggir, gólf og loft í kirkjum og öðrum samkomuhúsum skal þannig gert, að auðvelt sé að halda hreinu. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur slíks þörf.

## XV. KAFLI

## Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru.

## 64. gr.

Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neyzluvöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðir, sem settar hafa verið samkv. þeim lögum, einkum reglugerð nr. 49 15. júlí 1936 og reglugerð nr. 17 22. febrúar 1939; reglugerð nr. 157 4. sept. 1953 um mjólk og mjólkurvörur, bráðabirgðareglur nr. 57 12. marz 1941, um framleiðslu og sölu á rjómaís með eða án bragðbætandi efna, lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti, og reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat o. fl.).

## A. Almenn ákvæði.

## 65. gr.

- a. Ekki má vera innangengt milli matvinnslustaða, neyzluvörubúða eða neyzluvörugeymslna og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.
- b. Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2.5 m. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.
- c. Búðir og matvinnslustaði skal verja fyrir rottum, músum, flugum og öðrum meindýrum.
- d. Vörur, sem neyta má án frekari matreiðslu, skal ætíð afgreiða með spaða, skeið, gafl eða töng, en aldrei snerta það með berum höndum.
- e. Til umbúða má einungis nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngildi.

## B. Um mjólk og mjólkurvöru.

## 66. gr.

Í mjólkurbúðum má einungis geyma og selja gerilsneydda mjólk.

59

23. maí

Heilbrigðisnefnd getur leyft framleiðendum að selja neytendum ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef fylgt er öllum ákvæðum þeirra laga og reglugerða, sem vísað er til í 64. gr. Aldrei má þó mjólk, sem er seld á þennan hátt, vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleiri framleiðendum (heimilum).

Heimilt er að selja gerilsneydda mjólk, svo og mjólkurvöru, á matsölu- og veitingastöðum til neyzlu þar.

Ekki má selja mjólk á götum úti, nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til.

67. gr.

### C. Um rjómaís og mjólkurís.

68. gr.

Fitumagn rjómaíss, sem seldur er til neyzlu í hreppnum, má ekki vera minna en 12% og mjólkuríss ekki minna en 6%.

Hvers konar blanda, sem notuð er í ísfrauð, skal gerilsneydd.

69. gr.

Sala á rjómaís og öðru ísfrauði skal aðeins leyfð frá mjólkur- og brauðbúðum. Á viðurkenndum veitingastöðum má þó einnig selja slíkt til neyzlu þar á staðnum. Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum og með þeim skilyrðum, er henni þykir hlýða.

### D. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

70. gr.

Lofthæð brauðgerðarhúsa skal vera a. m. k. 3 m. Ljósflötur glugga, sé a. m. k.  $\frac{1}{10}$  gólfplatar. Aldrei má gólfplötur vera minni en 4 m<sup>2</sup> á hvern starfsmann.

71. gr.

Vöru- og geymsluklefar skulu vera bjartir, loftgóðir og rakalausir.

72. gr.

Gólf skal vera vatnshelt, lagt flisum eða gert úr öðru vatnsheldu efni, er heilbrigðisnefnd tekur gilt. Vatnsrenna skal vera niður úr gólfinu, ef heilbrigðisnefnd telur það nauðsynlegt. Veggir skulu glerjaðir, eða á annan hátt þannig gerðir, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Vinnuborð skulu laus frá vegg, færanleg og skúffulaus. Stór trog og önnur ílát skulu vera á hjólum.

73. gr.

Öll óumbúin vara skal geymd í luktum skápum. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum, skulu geymd og afhent í sérstökum umbúðum.

74. gr.

Vöru, sem seld er í brauðbúð, má ekki neyta þar inni, nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gerður og heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til.

75. gr.

Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er máli skiptir.

## 76. gr.

Brauðvöru má ekki selja á götum eða torgum, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til, og ekki má ganga með hana milli húsa til framboðs.

59

23. maí

## 77. gr.

Brauðvöru skal flytja milli brauðgerðarhúsa og sölustaða í hreinum, lokuðum og rykheldum kössum.

## E. Um meðferð og sölu kjötvöru.

## 78. gr.

Kjöt og kjötvöru til daglegrar neyzlu má einungis selja í sérstökum kjötbúðum, og þar sem heilbrigðisnefnd gefur leyfi til. Í kjötbúðum má einnig selja harðfisk í umbúðum, frystan fisk í umbúðum, fiskfars, lax, silung, sild, niðursuðuvörur, feitmeti, álag, osta, egg, grænmeti svo og aðra vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um kjötbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf kjötbúðar skal vera vatnshelt og lagt flisum eða öðru jafngildi, rás skal úr gólfi niður í skolpræsi, veggir skulu flísalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi, en búðin að öðru leyti máluð.
- b. Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara eða öðru jafngildi. Matvæli, sem standa á borðunum, skulu varin gleri.
- c. Kjötkrókar og kjötstengur skal vera gljáð, höggstokkar, ef notaðir eru, úr hörðum viði og eggjárn öll óryðguð.
- d. Vara, sem ætluð er til neyzlu án frekari matreiðslu, skal geymd í luktum gler-skápum.
- e. Kæliklefi eða kælikápur skal vera í hverri kjötbúð, einnig frystihólf, ef heilbrigðisnefnd ákveður.

## F. Um meðferð og sölu á fiski.

## 79. gr.

Með þeim undantekningum, er getur í 78. gr. og 80. gr., skal selja óunninn neyzlufisk í sérstökum fiskbúðum. Í fiskbúðum má einnig selja niðursuðuvöru, sjöfugl, hval, sel, hákarl, harðfisk í umbúðum og aðra þá vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um fiskbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- a. Gólf skal vera úr terrazzó eða öðru jafngildi, með niðurfalli og hæfilegum halla að því.
- b. Gengið skal þannig frá veggjum, að auðvelt sé að hreinsa þá.
- c. Búðarborð skulu skúffulaus og klædd ryðfrium stálplötum eða öðru jafngildi. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.
- d. Vinnslu- og geymsluklefi skal fylgja hverri búð.
- e. Sérstakur upphitaður klefi skal ætlaður starfsfólki til fataskipta og dvalar.
- f. Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvottar. Þar skal einnig vera lokað ilát undir fiskúrgang, og ber að hreinsa það daglega.
- g. Í búðinni skulu vera trog eða bakkar undir fisk. Ef trog eru notuð, skulu þau grænmáluð utan, en ljósmáluð innan og göt á botni.
- h. Kassar, sem notaðir eru til flutnings á fiski úr fiskbúðum til neytenda, skulu vera með loki, grænmálaðir að utan, en ljósmálaðir innan og á þá málað nafn eða merki eiganda.
- i. Ekki má láta fisk liggja á gólfi í búð eða geymslu.



59

23. maí

Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla úr bát, á lendingarstað eða á götu á tilteknum stöðum, sem heilbrigðisnefnd ákveður. Við götusölu skal nota hreinlega, málaða vagna, og segir heilbrigðisnefnd til um gerð þeirra. Hverjum vagni skal fylgja lokað ílát undir úrgang.

80. gr.

Frá 1. maí til septemberloka má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei má selja fisk, sem hefur ekki verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn, frá því er hann var deyddur.

81. gr.

Allur neyzlufiskur skal vera hreinn, óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfinnanlegur.

82. gr.

Við flutning á fiski skal ætíð gætt fyllsta hreinlætis. Aldrei má leggja óum-búinn fisk frá sér úti við, nema breitt sé undir hann.

Neyzlufiskur, sem fluttur er landveg til hreppsins, skal fluttur í lokuðum kössum, er taka 50 kg. Heilagfiski og skötu þarf þó ekki að flytja í kössum, en flytja skal fiskinn í heilu lagi og búa þannig um, að ryk komist ekki að honum.

### C. Um meðferð og sölu annarrar neyzlufiskur.

83. gr.

Kornvöru, kex, sykur og aðra neyzluföru, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari, og vegin er eða mæld jafnóðum og sala fer fram, skal geyma í vel luktum skúffum eða ílátum, er aldrei mega standa opin.

Smjör, smjörliki og ost skal geyma í luktum glerskápum.

## XVI. KAFLI

### A. Um baðstaði.

84. gr.

Baðstaðir skulu valdir þannig, að ekki sé hætt á, að neins konar saurindi berist í sjóinn (vatnið). Nægilega mörg salerni skulu vera í grennd við slíka staði og þannig um frárennsli búið, að sjórinn saurgist ekki af því.

85. gr.

Rannsaka skal baðvatn nægilega oft og leyfa því aðeins notkun baðstaða, að gerlafjöldi sé ekki úr hófi, að dómi heilbrigðisnefndar.

86. gr.

Baðgestum er skylt að ganga þrífalega um baðströnd, og ekki mega þeir saurga vatnið á neinn hátt.

Ef uppvíst verður, að sundgestur hefur næman sjúkdóm eða óþrífakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefni (áberandi kvef), niðurgang eða aðra kvilla, sem borizt geta manna á milli, ber að synja honum aðgang að baðstað.

Ef grunur leikur á, að sundgestur sé haldinn einhverjum slíkum kvilla, skal synja honum aðgang nema læknisvottorð komi til.

87. gr.

Sérstakur gæzlumaður skal annazt eftirlit á baðstað, og skylt er að hafa björg-unartæki.

**B. Um íþróttahús.**

59

23. maí

89. gr.

Gluggar skulu vera á gagnstæðum hliðum íþróttahúsa og ljósflötur þeirra ekki minni en  $\frac{1}{6}$  gólfplatar. Gólf skulu þannig gerð, að slysaætta verði sem minnst. Gera skal dýnur og önnur áhöld þannig úr garði, að þau safni í sig sem minnstu ryki.

90. gr.

Hverjum fimleikasal skal fylgja eitt eða fleiri búningsherbergi, baðherbergi með steypuböðum, salerni og áhaldaherbergi og skápur fyrir ræstingartæki.

Haga skal húsmunum þannig, að gengið sé í leikfimissal úr búningsklefa, og aldrei má fara þangað inn nema á sérstökum skóm.

91. gr.

Íþróttahús má ekki nota örara en svo, að nægur tími sé til nauðsynlegrar hreingerningar og loftræstingar.

Um lán á íþróttahúsum gilda ákvæði 47. gr.

**C. Um íþróttavelli.**

92. gr.

Íþróttavellir skulu þannig úr garði gerðir, að sem minnst rykist upp af þeim. Þeir skulu hreinsaðir eftir þörfum, og aldrei má safnast þar fyrir rusl. Slíkum völlum skulu jafnan fylgja nægilega mörg salerni, þvagstæði, búningsklefar og böð.

**D. Um útileikvelli barna.**

93. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett sérstakar reglur um útileikvelli barna.

**XVII. KAFLI****Um peningshús, búrekstur og skepnuhald.**

94. gr.

Ekki má reisa peningshús, haughús, áburðarhús eða safngryfjur nema í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktarinnar, enda skulu slíkar framkvæmdir tilkynntar heilbrigðisnefnd.

95. gr.

Peningshús má ekki standa nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en 10 m. Um fjarlægð þeirra frá vatnsbóli fer eftir ákvörðun heilbrigðisnefndar hverju sinni.

96. gr.

Peningshús skulu vera björt og loftgóð, gólf og flór úr steinsteypu og húsin að öðru leyti þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Skulu þau kólkuð eða þrifu viðlíka vel a. m. k. einu sinni á ári.

Gengið skal þannig frá haug- og áburðarhúsum og safngryfjum, að ekki berist frá þeim til mannabyggða ódaunn eða óþverri og mönnum og skepnum stafi hætta af, þótt yfir þau sé gengið.

59

23. maí

Hundahald er bannað á samþykktarsvæðinu. Þó getur hreppstjóri leyft mönnum, er stunda búrekstur, að hafa smalahunda, ef heilbrigðisnefnd veitir samþykki til.

97. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus á samþykktarsvæðinu, og ekki má reka hann gegnum íbúðarhverfi.

## XVIII. KAFLI

## Lokaákvæði.

99. gr.

Hreppsnefnd skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, er að heilbrigðismálum lúta.

100. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað hans. Skal þá greiða kostnaðinn úr sveitarsjóði til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, með lögtaki, ef þörf gerist.

101. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði þessarar samþykktar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrirmælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 5000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum, og rennur sektarfé í sveitarsjóð.

Enn fremur er hreppstjóra heimilt eftir beiðni heilbrigðisnefndar að stöðva starfsemi, er fellur undir samþykkt þessa, um stundarsakir, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

102. gr.

Með mál, er rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

103. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-samþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðis-samþykkt fyrir Seltjarnarneshrepp, er hreppsnefndin hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. maí 1961.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

## REIKNINGUR

60

## Prestakallasjóðs 1960.

## Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1960:			
a. Vísitölubréf .....	kr. 290000.00		
b. Skuldabréf .....	— 470000.00		
c. Landsbanki Íslands bók 1718 .....	— 581403.67		
d. — — — 1585 .....	— 456848.20		
e. Útvegsbanki Íslands bók 24131 .....	— 183025.26		
			kr. 1981277.13
2. Greidd útdr. vísitölubréf .....	— 40000.00		
3. Endurgreidd bráðabirgðalán veitt á árinu .....	— 33670.50		
4. Ríkissjóður greiðir vegna óveittra prestakalla .....	— 236241.70		
5. Seldar sálmasöngbækur .....	— 1400.00		
6. Til jafnaðar við greiðslulið 3 .....	— 540000.00		
7. — — — — 5 .....	— 80000.00		
8. Vextir:			
a. Af skuldabréfum .....	kr. 25086.00		
b. — innst. í bönkum .....	— 75401.84		
			— 100487.84
			<u>Kr. 3013077.17</u>

## Gjöld:

1. Styrkir:			
a. Kirkjuritið 1960 (lokagr.) .....	kr. 10 000.00		
b. — (fyrirfram) .....	— 65000.00		
c. Til sr. J. Ísfelds (Geisli) .....	— 3000.00		
d. — sr. P. Sigurgeirssonar (Æskulýðsbl.) .....	— 8000.00		
e. — stofnunar Æskulýðssambands Hólastiftis .	— 3000.00		
f. — útgáfu Prestafél. Hólastiftis .....	— 8000.00		
g. Greitt v/halla á rekstri sumarb. á Löngum. 1959	— 18980.03		
h. Til æskulýðsstarfs 1960 .....	— 32502.95		
i. — útgáfu Bræðralags .....	— 6000.00		
j. — kirkjukórs Selfoss (fargjöld) .....	— 2186.00		
			kr. 156668.98
2. Framlög til sjóða:			
a. Til starfssjóðs kirkjunnar .....	kr. 5000.00		
b. — lánasjóðs guðfræðideildar .....	— 5000.00		
			— 10000.00
3. Lán ríkissjóðs tekin á árinu:			
a. Vegna kaupa á biskupsgarði .....	kr. 440000.00		
b. — viðgerða á prestssetrum .....	— 100000.00		
			— 540000.00
4. Bráðabirgðalán:			
a. Til Kirkjuritsins .....	kr. 3000.00		
b. — Biskupsstofu .....	— 30670.50		
			— 33670.50

60	5. Keypt skuldabréf .....	kr.	80000.00
	6. Til jafnaðar við tekjulið 2 .....	—	40000.00
	7. Eign sjóðsins 1. jan. 1961:		
	a. Vísitölubréf .....	kr.	250000.00
	b. Skuldabréf .....	—	1090000.00
	c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	600732.45
	d. Innstæða í Útvegsbanka Íslands .....	—	212005.24
			<hr/>
			— 2152 737.69

Kr. 3013077.17

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. janúar 1961.***Sigurbjörn Einarsson.**

61

**REIKNINGUR****yfir tekjur og gjöld Kirkjubýggingasjóðs árið 1960.****Tekjur:**

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Í lánum kirkna .....	kr.	2773055.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	52711.11	
			<hr/>
			kr. 2825766.11
2. Framlag rikissjóðs .....	—	800000.00	
3. Afborgun lána .....	—	94385.00	
4. Bankavextir .....	—	5560.75	
5. Til jafnaðar við gjaldalið 1 .....	—	858200.00	
			<hr/>

Kr. 4583911.86

**Gjöld:**

1. Lán veitt á árinu .....	kr.	858200.00	
2. Greiddir vextir fyrir kirkjur .....	—	20367.13	
3. Kostnaður:			
a. Sjóðvarzla .....	kr.	1500.00	
b. Annar kostnaður .....	—	626.00	
			<hr/>
			— 2126.00
4. Til jafnaðar við tekjulið 3 .....	—	94385.00	
5. Eign í árslok:			
a. Í lánum kirkna .....	kr.	3536870.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	33952.87	
c. Innstæða í Útvegsbanka Íslands .....	—	38010.86	
			<hr/>
			— 3608833.73

Kr. 4583911.86

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. janúar 1961.***Sigurbjörn Einarsson.**

## REIKNINGUR

62

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1960.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	kr. 40813.40		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 10083.34		
			kr. 50896.74
2. Vextir:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	kr. 2285.55		
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 950.04		
			— 3235.59
			Kr. 54132.33

## Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 43098.95		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 11033.38		
			kr. 54132.33
			Kr. 54132.33

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. janúar 1961.*

Sigurbjörn Einarsson.

## REIKNINGUR

63

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1960.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr. 1000.00		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 12753.36		
			kr. 13753.36
2. Útdregið bréf .....			— 1000.00
3. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr. 25.00		
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 1297.51		
			kr. 1322.51
			Kr. 16075.87

## Gjöld:

1. Til jafnaðar við tekjulið 2 .....	kr. 1000.00		
2. Eign í árslok:			
Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 15075.87		
			Kr. 16075.87

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. janúar 1961.*

Sigurbjörn Einarsson.

64

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1960.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	61100.00	
b. Skuldabréf .....	—	35000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	—	175270.74	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	50010.49	
			kr. 321381.23
2. Greidd skuldabréf:			
a. Útdregið veðdeildarbréf .....	kr.	2000.00	
b. Afborgun af skuldabr. ....	—	1000.00	
			— 3000.00
3. Minningargjafir og fl. gjafir .....	—	2990.00	
4. Framlag rikissjóðs til fyrrv. sóknarpresta og prestsekkna ....	—	150000.00	
5. Hagnaður af kaupum á skuldabréfum .....	—	4716.67	
6. Til jafnaðar við gjaldalið 2 .....	—	45283.33	
7. Vextir:			
a. Af skuldabréfum .....	kr.	8219.17	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði Íslands .....	—	9815.16	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	2150.24	
			— 20184.57
			Kr. 547555.80

## Gjöld:

1. Úthlutað styrkjum til fyrrv. sóknarpresta og prestsekkna ....	kr.	146000.00	
2. Keypt skuldabréf .....	—	45283.33	
3. Kostnaður .....	—	280.00	
4. Til jafnaðar við tekjulið 2 .....	—	3000.00	
5. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf .....	Kr.	59100.00	
b. Skuldabréf .....	—	84000.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	—	185085.90	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	24806.57	
			— 352992.47
			Kr. 547555.80

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. janúar 1961.

Sigurbjörn Einarsson.

## REIKNINGUR

65

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1960.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
a. Verðbréf .....	kr.	100.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	—	12526.61
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	6214.24
d. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks .....	—	1821.83
e. Jörðin Ytra-Vallholt .....	—	7100.00
		<hr/>
		kr. 27762.68
2. Útdregið bréf .....	—	100.00
3. Afgjald af Ytra-Vallholti .....	—	411.00
4. Vextir:		
a. Af verðbréfi .....	kr.	5.00
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði Íslands .....	—	701.50
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	523.39
d. — innstæðu í Sparisjóði Sauðárkróks .....	—	173.48
		<hr/>
		— 1403.37
		<hr/>
		Kr. 29677.05

## Gjöld:

1. Til jafnaðar við tekjulið 2 .....	kr.	100.00
2. Eign í árslok:		
a. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	kr.	13228.11
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	6842.63
c. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks .....	—	2406.31
d. Ytra-Vallholt .....	—	7100.00
		<hr/>
		— 29577.05
		<hr/>
		Kr. 29677.05

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. janúar 1961.

Sigurbjörn Einarsson.

## REIKNINGUR

66

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1960.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
a. Verðbréf .....	kr.	22100.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	30491.53
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	23480.08
		<hr/>
		kr. 76071.61
2. Útdregin skuldabréf .....	—	5000.00



66	3. Vextir:		
	a. Af verðbréfum .....	kr.	1505.00
	b. — innstæðu í Söfnunarsjóði .....	—	1707.53
	c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	2387.32
			<hr/>
			kr. 5599.85
			<hr/>
			Kr. 86671.46

## Gjöld:

1.	Til jafnaðar við tekjulið 2 .....	kr.	5000.00
2.	Eign í árslok:		
	a. Verðbréf .....	kr.	17100.00
	b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	32199.06
	c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	32372.40
			<hr/>
			— 81671.46
			<hr/>
			Kr. 86671.46

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. janúar 1961.*

**Sigurbjörn Einarsson.**

67

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Hjálmars Jónssonar árið 1960.

## Tekjur:

1.	Eign í ársbyrjun:		
	a. Veðdeildarbréf .....	kr.	1000.00
	b. Visitölubréf .....	—	14000.00
	c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	22925.12
			<hr/>
			kr. 37925.12
2.	Útdr. skuldabréf .....	—	1000.00
3.	Vextir:		
	a. Af verðbréfum .....	kr.	1030.00
	b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	2037.87
			<hr/>
			— 3067.87
			<hr/>
			Kr. 41992.99

## Gjöld:

1.	Úthlutað styrkjum .....	—	500.00
2.	Til jafnaðar við tekjuhlið 2 .....	—	1000.00
3.	Eign í árslok:		
	a. Visitölubréf .....	kr.	14000.00
	b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	26492.99
			<hr/>
			— 40492.99
			<hr/>
			Kr. 41992.99

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. janúar 1961.*

**Sigurbjörn Einarsson.**

## REIKNINGUR

68

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Ingunnar Knútsdóttur  
og Sigríðar Kristjánsdóttur árið 1960.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 62119.22		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 655.78		
			kr. 62775.00
2. Vextir:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	kr. 3478.68		
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 55.17		
			— 3533.85
			Kr. 66308.85

## Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 65597.90		
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 710.95		
			kr. 66308.85
			Kr. 66308.85

*Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 18. janúar 1961.*

Sigurbjörn Einarsson.

## REIKNINGUR

69

yfir tekjur og gjöld Samgöngubóttasjóðs Páls Jónssonar árið 1960.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1960 B., bls. 358):			
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 69208.88		
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 4498.58		
			Kr. 73707.46

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 73707.46		
			Kr. 73707.46

*Í samgöngumálaráðuneytinu, 2. maí 1961.*

Páll Pálmason.

70

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Páls Jónssonar árið 1960.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1960 B., bls. 358):	
Innstæða í Landsbankanum .....	kr. 1231.10
2. Vextir af bankainnstæðu .....	— 72.32
	<hr/>
	Kr. 1303.42

## Gjöld:

Veittur styrkur .....	kr. 600.00
Sjóður til næsta árs í Landsbankanum .....	— 703.42
	<hr/>
	Kr. 1303.42

*Í samgöngumálaráðuneytinu, 2. maí 1961.***Páll Pálmason.**

71

**REIKNINGUR**yfir tekjur og gjöld Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og  
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1960.

## Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári (Stj.tíð. 1960 B., bls. 462):	
a. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	kr. 33735.54
b. Innstæða í Búnaðarbanka .....	— 6510.65
	<hr/>
	kr. 40246.19
2. Vextir:	
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	kr. 2192.81
b. — bankainnstæðu .....	— 485.62
	<hr/>
	— 2678.43
	<hr/>
	Kr. 42924.62

## Gjöld:

1. Framlag til vegabóta á Arnarstapa .....	kr. 1500.00
2. Sjóður til næsta árs:	
a. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 35928.35
b. Innstæða í Búnaðarbanka .....	— 5496.27
	<hr/>
	Kr. 42924.62

*Í samgöngumálaráðuneytinu, 2. maí 1961.***Páll Pálmason.**

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1961.

*Auglýsing um loftferðasamning milli Íslands og Finnlands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 26. apríl 1961, nr. 68.

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 74 29. desember 1934, um sildarútvegsnefnd, útflutning á sild, hagnýtingu markaða o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 9. maí 1961, nr. 69.

*Bráðabirgðalög um bann gegn stöðvun eða hindrun millilandaflugs islenzkra flugvéla*, undirskrifuð af forsetanum 6. júní 1961, nr. 70.

*Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Kúba*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 18. apríl 1961, nr. 71.

*Auglýsing um samning um menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu milli Íslands og Sovétríkjanna*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 25. apríl 1961, nr. 72.

*Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Frakklands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 15. maí 1961, nr. 73.

*Auglýsing um aðild að samningnum um hina alþjóðlegu framfarastofnun (IDA)*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 30. maí 1961, nr. 74.

*Auglýsing um fullgildingu alþjóðasamþykktar um lágmark félagslegs öryggis*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 17. maí 1961, nr. 75.

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskípum*, undirskrifuð af forsetanum 13. júlí 1961, nr. 76.

*Bráðabirgðalög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán*, undirskrifuð af forsetanum 15. júlí 1961, nr. 77.

*Auglýsing um samkomulag við Sambandslýðveldið Þýskaland um viðurkenningu Sambandslýðveldisins á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 19. júlí 1961, nr. 78.

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands*, undirskrifuð af forsetanum 1. ágúst 1961, nr. 79.

*Bráðabirgðalög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi islenzkrar krónu*, undirskrifuð af forsetanum 3. ágúst 1961, nr. 80.

*Auglýsing um samkomulag um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 1. ágúst 1961, nr. 81.

**HAFNARREGLUGERÐ**

fyrir Vestmannaeyjahöfn.

**I. KAFLI****Takmörk hafnarinnar.****1. gr.**

Vestmannaeyjahöfn skiptist í:

- a. Innri höfn.
  - b. Ytri höfn.
  - c. Hafnarlegu.
- a. Innri höfn er hinn svokallaði Botn og takmarkast af skjólgörðum á Hringskerri og Hörgseyri og landinu í kring.
  - b. Ytri höfn takmarkast af Heimaey, Heimakletti, Yztakletti að Klettsnefi og línu í Sigurðar-Rönku.
  - c. Hafnarlegan er austan og norðan Heimaeyjar.
1. Austan Heimaeyjar nær hún yfir svæðið, sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Sigurðar-Rönku sunnan í Bjarnarey, þaðan í Elliðaey að norðvestan, þaðan í Faxasker, þaðan í Yztaklett og meðfram honum í Klettsnef og úr því í Sigurðar-Rönku.
  2. Norðurlegan nær yfir svæðið, sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Faxaskeri í Yztaklett, með honum og Heimakletti, Eiði, Klifi og Dalfjalli móts við Grasleysu, í hana og þaðan í Faxasker.

**II. KAFLI****Stjórn hafnarinnar.****2. gr.**

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirmensjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

**3. gr.**

Framkvæmd mála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum og 5 varafulltrúum, er bæjarstjórn kýs, 3 úr hópi bæjarfulltrúa og tveir utan bæjarstjórnar. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúa úr hópi bæjarfulltrúanna sér og fulltrúa utan bæjarstjórnar sér. Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarráðs Vestmannaeyja.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn. Auk hinna kjörnu fulltrúa mæta bæjarstjóri, hafnsögumaður og hafnarvörður á fundum hafnarstjórnar og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má bæjarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi hann þar atkvæðisrétt.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

**4. gr.**

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarvörður undir umsjón bæjarstjóra og hafnarstjórnar.

## 5. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja skipar hafnsögumann og hafnarvörð, að fengnum tillögum hafnarstjórnar. Til aðstoðar hafnsögumanni og hafnarverði skulu vera svo margir starfsmenn, sem hafnarstjórn telur nauðsynlegt. Hafnarstjórn setur fastráðnum starfsmönnum hafnarinnar erindisbréf.

72

31. maí

## III. KAFLI

## Um almenna reglu.

## 6. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þeirra, sem hann eða hafnarstjórn setur til að gæta reglu. Þykir einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

## 7. gr.

Þeir, sem ekkert löglegt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

Einnig má banna ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

## 8. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni má eigi kveikja eld eða ljós, nema fyllstu varúðar sé gætt. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og í landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

Notkun skotvopna er bönnuð á innri og ytri höfn og við höfnina.

Þá er og skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á innri höfninni, nema umferðin gefi tilefni til þess.

## 9. gr.

Tankskipum svo og öðrum skipum er bannað að dæla úr olíu- eða lýsisgeymum eða botnþróum sínum í innri eða ytri höfnina, nema leyfi hafnarvarðar komi til.

## 10. gr.

Geymsla á tónum benzintunnum eða ílátum undan eldfimum efnum svo og öðru, sem sprengju- eða eldhætta getur stafað af, er bönnuð á bryggjum eða við höfnina.

## 11. gr.

Bannaður er hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali eða neitt það, sem getur valdið óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni, nema leyfi hafnarvarðar komi til.

## 12. gr.

Í innri höfnina má ekki kasta úrgangsolíu, kjölfestu, ösku, kolum, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, tógum, vöruleifum, vörumbúðum, eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarvörður vísar til.

- 72 Kjölfestu má ekki taka annars staðar en hafnarvörður vísar til og þarf leyfi hans í hvert skipti. Úr Eiðinu eða Botninum má hvorki taka sand né grjót, nema með leyfi hafnarstjórnar.

#### IV. KAFLI

##### Um hafnsögu, legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

###### 13. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far

###### 14. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til Vestmannaeyja og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skrifstofu hafnarinnar eða hafnsögumanns. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið út á hafnarlegurnar við Heimaey, ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaðurinn skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni við hafnarbakka. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Einnig er hafnsögumaður skyldur að leiðbeina skipum á legu á hafnarlegunum, ef skipstjóri óskar eftir því. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

###### 15. gr.

Ef sjúkdómur er í skipi eða ef ástæða þykir til að ætla, að sóttþætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

###### 16. gr.

Ef skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, sem segir til, hvar skipið megi liggja.

Ekkert íslenskt skip, sem er stærra en 100 brúttó rúmlestir og ekkert erlent skip má fara inn í innri höfnina eða út úr henni án hafnsögumanns. Hafnarstjórn getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu.

###### 17. gr.

Skip skulu að öðru jöfnu, nema að hafnarstjórn þyki ástæða til vegna þrengsla í höfninni, fá afnot af hafnar- og bryggjurými í þeirri röð, sem þau koma inn í innri höfnina. Þó skulu póst- og farþegaskip og skip, sem taka neyðarhöfn, undanþegin þessu ákvæði.

Verði ágreiningur um rétt á hafnar- eða bryggjurými, sker hafnarvörður úr.

###### 18. gr.

Eigi mega skip liggja á öðrum stöðum við hafnarbakka eða bryggjur en þeim, sem hafnarvörður eða starfsmenn hafnarinnar hafa ákveðið. Heimilt er hafnarverði að flokka skip í legurúm við hafnarbakka, bryggjur og í bátakvíum, og er öllum viðkomandi skylt að hlýða fyrirmælum hans. Skylt skal hverju skipi að nota traustar og öruggar festartaugar. Liggja skip í hliðarröðum út frá hafnarbökkum eða bryggjum eða bökkum, skal það setja traustar festar upp í hafnarbakka eða bryggju. Þyki hafnarverði skip ekki nægilega vel fest eða festartaugar ótryggar, getur hann krafzt þess af hlutaðeiganda, að úr verði bætt tafarlaust.

## 19. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið, eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarvörður hefur tiltekið og fyrirskipað, er hafnarverði heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

## 20. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju sinni við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja yfir þilför hinna á bjálkabrá eða á annan hátt. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja bryggju.

## 21. gr.

Skip, sem ekki ferma eða afferma eða ekkert er verið að vinna við, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi affermingu eða fermingu annarra skipa, og skulu þau jafnan skyld að hlýða boðum hafnsögumanns, hafnarvarðar og annarra starfsmanna hafnarinnar, hvar þau megi liggja eða leggjast. Skipum, sem ekki er verið að ferma eða afferma og liggja að nauðsynjalausum í innri höfn, getur hafnarvörður skipað að fara út, sé þess þörf, til að önnur skip geti komið að til afgreiðslu.

Skipum má ekki leggjja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina.

Ef skipstjóri eða eigandi tregðast við að hlýða boðum hafnsögumanns eða hafnarvarðar um að flytja skip sitt, festartaugar eða strengi, er heimilt að gera það á kostnað og á ábyrgð skipseiganda.

## 22. gr.

Þegar hafnarverði finnst ástæða til, getur hann fyrirskipað, að vörður sé um borð í skipum.

## 23. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarvörður telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós eða dagmerki.

## 24. gr.

Skip, sem koma inn í innri höfnina, skula hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum, sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

## 25. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarhringana eða við festarstólpa að tilvisun hafnarvarðar. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða hafnarbakkanum og varúðarmerkjum komið fyrir á festartaugum, sem á land liggja.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og bryggju eða hafnarbakka, ef hafnarvörður krefst þess.

## 26. gr.

Skipum, sem liggja bundin við bryggju eða hafnarbakka, er bannað, nema með leyfi hafnarvarðar, að láta aflvélar með viðtengdum gangskífum ganga með svo



72 miklu afli, að hafnarmannvirkjum stafi hætta af, eða valdi öðrum skipum óþæg-  
31. maí iðdum eða hættu.

27. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að álitni hafnarvarðar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er hafnarstjórn heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

28. gr.

Áður en kjölfesta er flutt úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart. Ákveður hann hvar það skuli fara fram. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum, þangað sem hafnarvörður visar til.

29. gr.

Óloftræstum, affermdum skipum er bannað að liggja að nauðsynjalausu við bryggju eða hafnarbakka.

30. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi, ef þörf gerist, ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sé gert, en farmeigandi eða skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

31. gr.

Bannað er að leggja skipum í hafnarfjörur þannig, að það bagi vinnu við höfnina. Enginn má, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar, láta skip standa yfir fjöru við hafnarbryggjurnar.

## V. KAFLI

### Um umferð í höfninni o. fl.

32. gr.

Óheimilt er skipum að fara með meiri hraða um innri höfnina en 4 mílna ferð.

33. gr.

Bannað er að leggja veiðarfærum í innri höfnina, innsiglinguna eða í ytri höfnina. Þó getur hafnsögumaður leyft að leggja veiðarfærum í ytri höfnina.

## VI. KAFLI

### Um fermingu og affermingu eldfimrar vöru.

34. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, terpentínu, acetón eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomet eða þess konar efni, mega ekki fara inn í innri höfnina, nema þau hafi fengið til þess leyfi hafnarvarðar.

35. gr.

Skyt er að hafa öryggisvörzlu við skip, sem ferma eða afferma vörur, sem um getur í 34. gr.

Álitni hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Kostnað við öryggisvörzlu greiðir farmflytjandi eða farmeigandi.

## 36. gr.

72

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem um getur í 34. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg á framsigliutoppi, en á nóttum rautt ljósker. 31. maí

## VII. KAFLI

## Um hafnargjöld í Vestmannaeyjum.

## 37. gr.

## Lestagjöld.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða með vörur, skulu greiða lestagjöld í hvert sinn, er þau leggjast á innri eða ytri höfnina, þó með þeim undantekningum, sem síðar greinir. Gjaldið skal reiknast af nettó rúmlestastærð skipsins, sé ekki öðruvísi ákveðið, talið í heilum nettó rúmlestum, og er hálf talin sem heil, en minna broti sleppt.

## 38. gr.

- a. Öll skip, skrásett í Vestmannaeyjum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, og er gjalddagi 2. janúar ár hvert. Gjaldið skal vera 60 krónur fyrir hverja brúttó rúmlest skipsins, en þó aldrei minna en 500 krónur.
- b. Skip, sem ekki eru skrásett í Vestmannaeyjum, en stunda fiskveiðar þaðan og hafa viðlegu í innri höfninni, greiða 15 krónur fyrir hverja brúttó rúmlest fyrir mánuð, þó aldrei minna en 500 krónur fyrir mánuð eða hluta úr mánuði.
- c. Öll skip, sem koma á ytri eða innri höfnina, skulu greiða í lestagjald 90 aura fyrir hverja nettó rúmlest. Þó eru undanþegin þessu lestagjaldi varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, spítalaskip og skip, sem um getur í stafliðum a, b og c.
- d. Skip, sem leita ytri hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald, nema þau hafi samband við land.
- e. Heimilt er hafnarstjórn að fella niður lestagjald af skipi, sem kemur á ytri höfnina einungis þeirra erinda að setja farþega af skipi eða taka farþega.
- f. Innlend fiskiskip, sem ekki eiga heimahöfn í Vestmannaeyjum, skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftár en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftár til hafnarinnar.
- g. Strandferðaskip, sem ekki eru skráð í Vestmannaeyjum, en sigla eftir föstum áætlanum, skulu greiða 30 aura fyrir hverja nettó rúmlest í lestagjald í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar.

## 39. gr.

## Vitagjald.

Öll skip, sem greiða lestagjald samkvæmt 37. og 38. grein, skulu greiða í vitagjald 15 krónur fyrir fyrstu 50 nettó rúmlestirnar og 10 aura fyrir hverja nettó rúmlest þar fram yfir.

## 40. gr.

## Bryggju- og festargjald.

Hvert það skip, sem leggst við bryggju eða hafnarbakka, skal greiða bryggju- og festargjald af hverri nettó rúmlest skipsins. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring 45 aura af hverri nettó rúmlest, þó aldrei minna en kr. 75.00 fyrir hvern sólarhring.

**72** Íslenszk björgunar- og varðskip og þau skip, sem greiða lestagjald samkvæmt 31. mál 38. gr., staflíð a og b, eru undanþegin bryggju- og festargjaldi.

**41. gr.**

**Fjörugjald.**

Öll skip, sem lagt er í hafnarfjörur og ekki eru skrásett í Vestmannaeyjum, skulu greiða í fjörugjald 45 aura af hverri nettó rúmlest skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af honum, þó aldrei minna en 50 krónur fyrir sólarhringinn.

**42. gr.**

**Vatnsgjald.**

Fyrir vatn til skipa, fiskiðjuvera, fiskimjölsverksmiðja og lýsisverksmiðja, frá vatnsveitu hafnarsjóðs, skal greiða það gjald, sem hafnarstjórn ákveður hverju sinni.

**43. gr.**

**Hafnsögusjóðsgjald.**

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald skv. 45 gr., skal greiða kr. 15.00 í hafnsögusjóð.

**44. gr.**

**Hafnsögugjald.**

Öll erlend og innlend skip skulu skyld að greiða hafnsögugjald í hvert sinn, sem þau koma á innri höfnina, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki. Þó skulu innlend skip, sem ekki eru skráð í Vestmannaeyjum og eru minni en 50 rúmlestir nettó að stærð því aðeins greiða hafnsögugjald, að þau njóti leiðsagnar hafnsögumanns.

**45. gr.**

Hafnsögugjald skal greiðast sem hér segir:

- a. Við komu skips til Vestmannaeyja 300 krónur fyrir skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir að stærð og 120 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100—3000 nettó rúmlestir að stærð og 60 aura fyrir hverja nettó rúmlest, sem er yfir 3000 nettó rúmlestir.
- b. Við brottför frá höfninni skal skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir að stærð, greiða 300 krónur og 60 aura fyrir hverja nettó rúmlest frá 100—3000, en 30 aura fyrir hverja nettó rúmlest, sem er yfir 3000.
- c. Fyrir leiðsögu um innri höfnina greiðast kr. 200.00 fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir að stærð, og 20 aurar fyrir hverja rúmlest, nettó, sem er fram yfir 100.
- d. Fyrir að vera úti í skipum skal greiða 500 krónur fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þar til hafnsögumaður er aftur kominn heim, auk þess greiðist fæði og ferðakostnaður heim. Jafnframt greiði sömu skip hafnsögugjald undir staflíð a og b þessarar greinar.
- e. Óski skip eftir leiðsögu til eða frá höfninni og þurfi hafnsögumaður að fara inn fyrir Eiði leiðsögunnar vegna, vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, er heimilt að innheimta hafnsögugjaldið með 50% álagi.
- f. Skip, sem ekki eru skráð í Vestmannaeyjum, en sigla eftir föstum áætlunum, skulu því aðeins greiða hafnsögugjald, að þau noti hafnsögumann.

## 46. gr.

72

## Vörugjald.

31. maí

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl eða úr einu skipi í annað með þeim undantekningum, sem síðar getur.

## 47. gr.

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Vestmannaeyja og eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar á land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru í land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

## 48. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

Sama gegnir um afla skipa, sem settur er á land eða fluttur á milli skipa, en ætlaður til vinnslu utan Vestmannaeyja.

## 49. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
- b. Afli skipa, lagður á land, þegar skip kemur úr veiðiför, enda sé aflinn ætlaður til neyzlu, verkunar eða vinnslu í Vestmannaeyjum.
- c. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi á íslensk fiskiskip til eigin afnota.
- d. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.
- e. Vörur og tæki til hafnarinnar.
- f. Innlend nýmjólk og rjómi, sem flyzt til hafnarinnar.
- g. Allt, sem flutt er milli eyjanna innbyrðis.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru, telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóra skylt að láta hafnarskrifstofunni í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þykir hafnarskrifstofunni ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald ber að greiða af.

## 50. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá til tekur og greiða gjald, eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal bæjarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

## 51. gr.

## Vörugjaldskrá.

1. flokkur: Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg:  
Salt, kol, sement, koks.

- 72** 2. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:  
 31. maí Kornvörur, kartöflur, gulrófur, hey, fóðurbætir, áburður.
3. flokkur: Gjald kr. 3.60 fyrir hver 100 kg:  
 Benzín, olíur.
4. flokkur: Gjald kr. 4.80 fyrir hver 100 kg:  
 Fiskur og fiskafurðir hvers konar, fluttar til og frá höfnum innanlands.
5. flokkur: Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:  
 Hraðfrystur fiskur, ísvarinn fiskur, skreið, lýsi, niðursoðinn fiskur.  
 Gjald kr. 3.60 fyrir hver 100 kg:  
 Saltfiskur, saltsild, söltuð hrogn, fiskimjöl.
6. flokkur: Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:  
 Allar aðrar vörur, sem gjald reiknast af eftir þyngd.
7. flokkur: Gjald 90 aurar fyrir hvert teningsfet:  
 Trjáviður.
8. flokkur: Gjald kr. 1.20 fyrir hvert teningsfet:  
 Húsgögn, hljóðfæri.
9. flokkur: Gjald kr. 3.00 fyrir hvert stykki:  
 Tómar tunnur, endursendar umbúðir, vín-, öl- og gosdrykkjakassar, sauðfé, loðdýr.
10. flokkur: Gjald kr. 15.00 fyrir hvern grip:  
 Hestar, nautgripir.

## 52. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir skal greiða það gjald, sem hafnarstjórn ákveður.

## 53. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

## 54. gr.

Leiga eftir báta, áhöld og tæki hafnarinnar, svo og lán á landfestum og aðstoð veitt af starfsmönnum greiðist eftir gjaldskrá, sem hafnarstjórn setur og staðfest er af samgöngumálaráðuneytinu.

## VIII. KAFLI

## Innheimta og greiðsla hafnargjalda.

## 55. gr.

Bæjarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin í skrifstofu hafnarinnar.

## 56. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarverði eða hafnarskrifstofunni þjóðernis- og skrásetningarskirteini skipsins, ef hafnarvörður krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjald dagar á gjöldum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnarskrifstofunni, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

## 57. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar samkvæmt 53. gr. greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur og haldsrétt í vörum til tryggingar gjaldinu.

## 58. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar samkvæmt 54. gr., svo og leigugjald eftir báta, áhöld og tæki hafnarinnar samkvæmt 55. gr., greiðir leigutaki.

## 59. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, skv. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaga nr. 3 12. apríl 1878.

Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir öllum samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, vitagjald, bryggju- og festargjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, hafnsögusjóðsgjald, gjald fyrir dráttarbat og aðra aðstoð, sem höfnin lætur í té fyrir skipið.

## IX. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 60. gr.

Þeir munir, eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjött sem hafnarvörður krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarvörður gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

## 61. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveim óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, er matsgerð lauk.

Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 62. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið

72 er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnar-  
31. maí stjórnar.

63. gr.

Hafnarverði skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

64. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

65. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér til hafnarvarðar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjórn að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld hafnarinnar.

66. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum. Sektirnar renna í Hafnarsjóð Vestmannaeyja.

67. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur og síðari breytingu á þeim til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 79 27. apríl 1950, ásamt síðari breytingu á henni.

*Samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ****73**

6. júlí

**um sektargerðir lögreglumanna.****1. gr.**

Lögreglumenn hafa heimild til að sekta vegfarendur, er gerzt hafa sekir um brot á umferðarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, enda megi telja, að refsing fyrir brotið myndi ekki fara fram úr 300.00 kr. sekt samkvæmt dómi. Sama gildir um brot á ákvæðum lögreglusamþykktá, er varða umferð.

**2. gr.**

Vegfarandi samkv. 1. gr. er hver sá, sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.

**3. gr.**

Dómsmálaráðuneytið lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt reglugerð þessari nær til. Í skránni skal tilgreind sektarupp-hæð fyrir hverja tegund brots. Skal sökunautur eiga þess kost að kynna sér skrána, er hann greiðir sekt. Prenta má skrána eða hluta af henni á tilkynningareyðublað, sbr. 5. gr.

**4. gr.**

Nú verður lögreglumaður þess áskynja, að vegfarandi hafi framið brot samkv. 1. gr. sbr. 3. gr. og má lögreglumaður þá gefa honum kost á að greiða sekt fyrir brot sitt í skrifstofu lögreglustjóra innan viku. Greiði sökunautur sektina innan þess tíma og fallist á þau málalok, sbr. 4. mgr. 112. gr. 1. nr. 27 5. marz 1951, verður eigi frekar aðhafzt í máli hans. Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð og ákveður dómari eða saksóknari, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju, enda fellir dómari þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi.

**5. gr.**

Pegar lögreglumaður hefur ákveðið að nota heimild sína samkv. 1. gr., skal hann afhenda sökunaut eða festa á ökutæki hans tilkynningu um brotið. Á tilkynningareyðublaðinu skal tekið fram um tíma og stað umferðarbrotisins og greint frá því, að sökunautur eigi þess kost að ljúka málinu með greiðslu sektar í skrifstofu lögreglustjóra innan viku. Enn fremur skal þar greina, hvert sekt renni.

**6. gr.**

Samþykki sökunautur sektarákvörðun lögreglumanns, ritar hann nafn sitt því til staðfestu á tilkynningareyðublað það, sem um ræðir í 5. gr., og skilar því í skrifstofu lögreglustjóra ásamt sektargreiðslunni. Nú greiðist sekt ekki innan hins tilskilda frests og skal þá senda kærú til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt.

**7. gr.**

Sektargerðir samkvæmt reglugerð þessari skulu ekki færðar í sakaskrá ríkisins.

**8. gr.**

Ákvæði reglugerðar þessarar ná ekki til brota, sem leitt hafa til umferðarslysa eða ef telja má, að sökunautur yrði með dómi sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki vegna brotsins, sbr. 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26 1958.

B 20



73  
6. júlí

Lögreglustjórar halda sektabók, þar sem færðar eru innheimtar sektir. Tilkynningareyðublað skal varðveitt sem fylgiskjal.

9. gr.

Kostnaður við eyðublöð og annað, sem sérstaklega leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist úr rikissjóði.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 27 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála, og öðlast gildi þegar í stað.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. júlí 1961.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

74  
6. júlí

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

### I. RAFORKA

Rafveita Ísafjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Ljós.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.10 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.40 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 16.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verzlunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 5.00 af fermetra á ári.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 77 aura hverja kwst. Auk fastagjalds kr. 5.75 á mánuði af hverju íbúðarherbergi. Mælaleiga falli þá niður. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Herbergi, sem er minna en 7 fermetrar, skal telja sem hálf, þó þannig, að eigi skal greiða fastagjald af herbergjum, sem eru minni en 5 ferm. Herbergi, sem eru stærri en 25 fermetrar, skal telja sem tvö.
2. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á 77 aura hverja kwst., enda séu suðu- og hitatæki fasttengd, og öll önnur notkun seld eftir lið A.

#### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli kr. 7.75 hver kwst. til iðnaðar.
2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 16 kw. 72 aura hver kwst.

Framangreint raforkuverð miðast við, að fasviksstuðull álags hjá notanda sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi, ella greiði kaupandi herra verð fyrir raforkuna, eftir sérstökum reglum, sem hún setur, staðfestum af ráðherra.

**D. Bökun.**

74

6. júlí

1. Um kwst.mæli til bökunarofna í brauðgerðarhúsum, 40 aura hver kwst.
2. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um tvígjaldsmæli á 35 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9 og kr. 1.50 hverja kwst. frá kl. 9 til kl. 22.

**E. Til hafnar- og götuljósa.**

Um kwst.mæli til hafnar- og götuljósa 67 aurar hver kwst.

**F. Önnur notkun.**

1. Hiti kirkju um kwst.mæli 47 aurar hver kwst.
2. Hiti í sundlaug um kwst.mæli 25 aurar hver kwst.
3. Súgburrkun um kwst.mæli 47 aurar hver kwst.
4. Til vinnuljósa meðan á byggingu stendur um kwst.mæli kr. 1.75 hver kwst. 3% söluskattur er innifalinn í kwst.gjaldinu.

**Mælaleiga.**

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi skrá:

1. Af einfasa mælum 5 amp. og minni .....	kr. 1.50 á mánuði.
2. — einfasa mælum frá 5 til 30 amp. ....	— 3.00 — —
3. — þrifasa mælum 30 amp. og minni .....	— 5.00 — —
4. — þrifasa mælum 30 til 100 amp. ....	— 6.00 — —
5. — þrifasa mælum yfir 100 amp. ....	— 10.00 — —
6. — lausum skiptiklukkum .....	— 2.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku, og reiknast hluti úr mánuði sem heill mánuður.

**G. Heimtaugargjald.**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunnjald fyrir loftlínuheimtaug .....	kr. 800.00
2. — — jarðlínuheimtaug .....	— 1600.00

Auk grunnjalds skal greiða kr. 2.00 af hverjum m<sup>3</sup> húss allt að 700 m<sup>3</sup> og kr. 1.10 af hverjum m<sup>3</sup> þar yfir. Grunnlinugjaldið greiðist, þegar sótt er um heimtaug, hinn hlutinn þegar lokið er tengingu heimtaugar.

Sé lengd jarðheimtaugar meiri en 15 m og loftlínuheimtaugar meiri en 40 m og gildleiki víra meiri en 3×70 mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða að fullu, sem fram yfir er.

Ef byggja þarf sérstaka spennistöð til að fullnægja orkuþörf notanda, skal notandi leggja til húsnaði fyrir spennistöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

**H. Opnunargjald.**

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 20.00 opnunargjald á skrifstofu rafveitunnar.

- 74** 2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 20.00 á skrifstofu rafveitunnar.

#### I. Ákvæði vegna vatnsskorts.

Ef fyrirsjáanlegt er, að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytisins gert bráðabirgðaráðstafanir, er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veituvæðinu meðan á vatnsskortri stendur.

#### J. Heimild rafveitustjórnar til breytingar á gjöldum.

Bæjarstjórninni er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar komi.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar, nr. 201 31. des. 1959.

*Atvinnumálaráðuneytið, 6. júlí 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Dorb. K. Þorsteinsson.*

**75**  
7. júlí

## S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 42 2. apríl 1928.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

#### I. Áshreppur:

1. Ferjuvegur, af Vatnsdalsvegi sunnan Kornsar að Vatnsdalsá gegnt Eyjólfsstöðum.
2. Undirfellsvegur, af Vatnsdalsvegi að Undirfelli.
3. Sóleyjarhólsvegur, af Vatnsdalsvegi, sunnan Undirfells að Undirfellsrétt.
4. Forsæludalsvegur, af Vatnsdalsvegi, við brú á Vatnsdalsá hjá Grímstungu að Forsæludal.
5. Vaglavegur, af Vatnsdalsvegi, hjá Þórormstungu um Káradalstungu að Vöglum.
6. Þórormstunguvegur, af Vatnsdalsvegi að Þórormstungu.
7. Guðrúnarstaðavegur, af Vatnsdalsvegi við Tunguárbrú að Guðrúnarstöðum.
8. Hvammsvegur, af Vatnsdalsvegi að Hvammi.

#### II. Sveinsstaðahreppur:

9. Hólabaksvegur, af Norðurlandsvegi, vestan Vatnsdalshóla um Hólabak að Umsvölum.

10. Þingeyrarvegur, af Norðurlandsvegi vestan Sveinsstaða um Þingeyrar að Geirastöðum, með álmu að Steinnesi og Haga. 75
11. Leysingjastaðavegur, af Þingeyrarvegi að Leysingjastöðum. 7. júlí

### III. Torfalækjarhreppur:

12. Miðásvegur, af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk um Meðalheim að Hurðarbaki.
13. Hælsvegur, af Miðásavegi hjá Torfalækjarbrú að Hæli.
14. Húnsstaðavegur, af Norðurlandsvegi sunnan Laxár að Húnsstöðum.
15. Holtsgvegur, af Norðurlandsvegi sunnan Laxár að Holti.
16. Köldukinnarvegur, af Svínvetningabraut að Köldukinn.
17. Orrastaðavegur, af Reykjabraut um Orrastaði að Hamrakoti.

### IV. Blönduóshreppur:

18. Bryggjuvegur, af Skagastrandarvegi hjá Litla-Enni út á bryggju.

### V. Svínavatnshreppur:

19. Bakásavegur, af Svínvetningabraut, sunnan Kagaðarhóls um Bakása að Kárastöðum.
20. Tungunesvegur, af Svínvetningabraut að Tungunesi.
21. Bugsvegur, frá Eiðsstöðum að Eldjárnsstöðum.
22. Stóradalsvegur, af Svínadalsvegi hjá Auðkúlurétt að Stóradal.
23. Litladalsvegur, af Svínadalsvegi hjá Auðkúlurétt að Litladal.
24. Holtsgvegur, af Svínadalsvegi við Svínadalsá að Holti.
25. Svínadalsvegur, frá Grund fram dal að Hrafnabjörgum.
26. Mosfellsvegur, af Svínadalsvegi að Mosfelli.

### VI. Bólsstaðarhlíðarhreppur:

27. Auðólfsstaðaskarðsvegur, af Norðurlandsvegi í Langadal um Gautsdal að Mörk með álmu að Mjóadal.
28. Þverárdalsvegur, af Norðurlandsvegi, í Hreppum, austan Bólsstaðarhlíðar yfir að Þverárdal.
29. Gilsvegur í Svartárdal, af Svartárdalsvegi að Gili.
30. Svarárdalsvegur, vestan ár, af Svartárdalsvegi austan ár um væntanlega brú á Svartá, norðan Fjósár, suður dal að Hóli.
31. Fossavegur, frá Stafnsrétt að Fossum.
32. Finnstunguvegur, af Blöndudalsvegi að Finnstungu.
33. Blöndudalsvegur, frá Austurhlíð að Bollastöðum.

### VII. Engihlíðarhreppur:

34. Neðribyggðarvegur, af Skagastrandarvegi sunnan Ennis um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
35. Blöndubakkavegur, af Neðribyggðarvegi að Blöndubakka.
36. Efrimýrarvegur, af Laxárdalsvegi að Efrimýrum.
37. Kúskeppisvegur, af Skagastrandarvegi að Kúskeppi.
38. Síðuvegur, af Skagastrandarvegi að Síðu.
39. Breiðavaðsvegur, af Norðurlandsvegi í Langadal að Breiðavaði.
40. Hvammsvegur í Langadal, af Norðurlandsvegi í Langadal að Hvammi.
41. Efri-Lækjardalsvegur, af Laxárdalsvegi að Efri-Lækjardal.

75 VIII. *Vindhælishreppur:*

7. júlí
42. Kambakotsvegur, af Skagastrandarvegi sunnan Hafursstaða að Kambakoti.
  43. Laxárdalsvegur, af Norðurlandsvegi í Njálstaðahlíð, um Skrapatungu suður Laxárdal að Kirkjuskarði.

IX. *Skagahreppur:*

44. Brandaskarðsvegur, af Skagastrandarvegi sunnan Harrastaðaár að Brandaskarði.
45. Bakkavegur, af Skagastrandarvegi á Hofsmelum að Bakka.
46. Keldulandsvegur, af Skagastrandarvegi að Keldulandi.
47. Skeggjastaðavegur, af Skagastrandarvegi sunnan Hofsár að Skeggjastöðum.
48. Efribyggðarvegur, af Skagastrandarvegi sunnan Hofs, um Steinnýjarstaði að Fjalli.
49. Brekkuvegur, af Skagastrandarvegi utan Hofs, um Brekkubæi að Króki.
50. Hólmavegur, af Skagastrandarvegi um Krókssel að Hólma.
51. Sauravegur, af Skagastrandarvegi sunnan Laxár að Saurum.
52. Ásbúðavegur, af Skagastrandarvegi nálægt Mánamörk að Ásbúðum.

Vegir, sem eru heim á einstaka bæi, skulu þó ekki teljast sýsluvegir lengra en svo, að eftir séu 300 metrar að bæ, þó verði sýsluvegir aldrei styttri en 50 m. Undantekningar eru þó kirkjustaðir og prestsetur.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi samþykktir nr. 36 8. marz 1956 og nr. 74 31. maí 1958, um breytingu á samþykkt nr. 42 2. apríl 1928.

*Samgöngumálaráðuneytið, 7. júlí 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ**

76

7. júlí

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Svalbarðseyri við Eyjafjörð  
nr. 220 20. desember 1951.

## 1. gr.

Öll gjöld, sem greiða ber samkvæmt hafnarreglugerðinni, hækki um 50%.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 7. júlí 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir verðlaunasjóð Lárusar Björnssonar 77  
og Péturínu Jóhannsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála- 12. júlí  
ráðherra 12. júlí 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir verðlaunasjóð hjónanna Lárusar Björnssonar bónda og Péturínu Jóhannsdóttur húsfreyju í Grímstungu, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir verðlaunasjóður Lárusar Björnssonar og Péturínu Jóhannsdóttur.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af vinum þeirra Grímstunguhjóna í Vatnsdal og víðar, hinn 13. maí 1960, í tilefni af 50 ára búskap Lárusar, 45 ára hjúskap þeirra hjóna og 70 ára afmæli Lárusar þann 10. desember s. l.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 27500.00, er ávaxtast í Sparisjóði A.-Hún. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né heldur sameina öðrum sjóði eða sjóðum. Tekjur sjóðsins eru sá hluti vaxta, er ekki koma til útborgunar (sbr. 6. gr.), svo og áheit og gjafir eða önnur framlög. Er allt slíkt jafnt háð ákvæðum skipulagsskrár, sem frumstofninn og má aldrei skerða.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn þannig: Ráðunautur í búfjárrækt fyrir A.-Húnavatnssýslu, formaður búnaðarsambands A.-Hún., formaður búnaðarfélags Ás-

77 hrepps, einn maður kosinn af sýslunefnd A.-Hún. til 4 ára í einu, einn niðji hjón-  
 12. júlí anna Lárusar Björnssonar og Péturínu Jóhannsdóttur, bóndi í Grímstungu meðan  
 til er, annars einhver niðji búsettur í hreppnum kjörinn af hreppsnefnd. Sé þetta  
 hvorugt til staðar, kýs hreppsnefnd Áshrepps einn mann til 4 ára í senn. Gæzlu-  
 maður og formaður sjóðsstjórnar er formaður búnaðarfélags Áshrepps. Halda skal  
 gerðabók fyrir sjóðinn og færa þar árlega reikninga hans, fundargerðir og annað,  
 er viðkemur honum.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða af sýslunefnd.

#### 5. gr.

Starfssvæði sjóðsins er A.-Húnavatnssýsla, og skal stjórn hans að jafnaði veita  
 árlega verðlaun úr honum til þeirra bænda eða einstaklinga, er ná athyglisverðum  
 árangri í kynbótum sauðfjár eða hrossa.

Fyrir afrek í sauðfjárrækt má veita verðlaun fyrir eftirfarandi atriði:

1. Þeim, sem nær bestum árangri í afurðum af fjárstofni sínum, enda sanni hann  
 það með öruggu skýrsluhaldi og sé starfandi í sauðfjárræktarfélagi. Heimilt  
 er að veita ekki verðlaun árlega.
2. Þeim, sem sýnir kostamestan afkvæmahóp hrúts þau ár, sem afkvæmasýn-  
 ingar eru haldnar, enda sé hópurinn mjög kostamikill.
3. Þeim, sem framleitt hefur þann hrút, sem bezt reynist við afkvæmarannsókn  
 á hverjum 5 árum.

Verðlaun til hrossaræktar veitast þau ár, sem sýningar eru og þá jafnaðarlegast  
 fyrir bezt tamið kynbótahross.

Svo og er heimilt að verðlauna hvern þann félagsskap, er vinnur að ræktun  
 sauðfjár og hrossa og markverðum árangri nær í því starfi.

#### 6. gr.

Ávallt skal minnst  $\frac{1}{4}$  ársvaxta leggjast við höfuðstól. Þá getur sjóðsstjórnin  
 ákveðið að meira af þeim leggist við höfuðstólinn, ef henni finnst ekki ástæða til  
 fullra verðlaunaveitinga eitthvert ár. Verðlaun séu veitt í peningum, ásamt skraut-  
 rituðu skjali, er í sé fært helztu atriði verðlaunaveitingarinnar.

#### 7. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema með samþykki Grímstunguhjóna  
 meðan þeirra nýtur við. Eftir þeirra dag getur sjóðsstjórnin breytt skipulagsskránni,  
 ef hún er öll sammála um það og sýslunefnd A.-Húnavatnssýslu samþykkir það  
 án mótatkvæða.

Péturína B. Jóhannsdóttir.

Lárus Björnsson.

## AUGLÝSING

78

14. júlí

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 71 13. maí 1960.

## 1. gr.

Í stað kr. 4.50 í 3. gr. komi kr. 4.77.

## 2. gr.

Í stað kr. 39.00 í b-lið 4. gr. komi kr. 41.00.

Í stað kr. 195.00 í c-lið 4. gr. komi kr. 206.00.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi tekur gildi frá næsta álestrardegi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1961.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

79

14. júlí

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 210

30. nóvember 1960.

## 1. gr.

Á fyrsta og öðrum kafla gjaldskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

## I. RAFORKA

## A. Lýsing.

1. tölul. Í stað	.....	kr.	3.38	komi	.....	kr.	3.58
2. — — —	.....	—	426.00	—	.....	—	452.00
3. — — —	.....	—	0.85	—	.....	—	0.90
— — —	.....	—	426.00	—	.....	—	452.00
4. — — —	.....	—	334.00	—	.....	—	354.00
— — —	.....	—	0.85	—	.....	—	0.90

## B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. tölul. Í stað	.....	kr.	0.85	komi	.....	kr.	0.90
2. — — —	.....	—	0.75	—	.....	—	0.79
— — —	.....	—	72.00	—	.....	—	78.00
3. — — —	.....	—	2575.00	—	.....	—	2730.00
— — —	.....	—	0.71	—	.....	—	0.75



79  
14. júlí

## C. Vélar.

1. tölul.	Í stað	kr.	1.51	komi	kr.	1.60
—	—	—	1.00	—	—	1.06
—	—	—	0.73	—	—	0.77
2.	—	—	460.00	—	—	490.00
—	—	—	380.00	—	—	405.00
—	—	—	305.00	—	—	325.00
—	—	—	0.24	—	—	0.26
—	—	—	0.18	—	—	0.19
3.	—	—	1660.00	—	—	1760.00
—	—	—	0.85	—	—	0.90

## D. Hitun.

1. tölul.	Í stað	kr.	0.36	komi	kr.	0.38
2.	—	—	0.30	—	—	0.32
3.	—	—	0.21	—	—	0.22
4.	—	—	0.13	—	—	0.14
5.	—	—	0.18	—	—	0.19
—	—	—	0.75	—	—	0.79

## II. MÆLALEIGA

Í stað	kr.	32.00	komi	kr.	36.00
—	—	72.00	—	—	78.00
—	—	120.00	—	—	132.00
—	—	144.00	—	—	153.00
—	—	216.00	—	—	240.00
—	—	240.00	—	—	252.00
—	—	360.00	—	—	384.00

## 2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi öðlast þegar gildi. Um framkvæmd breytingarinnar fer eftir 3. gr.

## 3. gr.

Verðhækkun sú, sem fólgin er í gjaldskrá þessari, skal framkvæmd samkv. eftirfarandi reglum:

1. Notkun samkvæmt álestri mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 2% álagi.
2. Notkun samkvæmt álestri í öðrum mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar skal greidd samkvæmt eldri gjaldskrá með 4% álagi.
3. Notkun samkvæmt álestri í þriðja mánuði eftir gildistöku gjaldskrárinnar skal reiknuð á einingarverði gjaldskrár þessarar og síðan öll notkun úr því.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946.

*Atvinnumálaráðuneytið, 14. júlí 1961.*

F. h. r.

**Gunnlaugur E. Briem.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

80

18. júl

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði,  
nr. 215 7. desember 1953.

### 1. gr.

27. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

#### Hafnargjaldskrá.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna í Hafnarkauptúni og skrásett þar, skulu einu sinni á ári greiða kr. 4.50 af hverri brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 70.00. Auk þess greiða þau heimaskip, er stunda millilandasiglingar, 30 aura af hverri brúttórúmllest, í hvert sinn, sem þau koma í höfnina úr millilandasiglingu. Lægsta gjald skal þó vera kr. 15.00.
- b. Skip, sem sigla eftir opinbætum ferðaáætlunum, skulu greiða 30 aura af hverri brúttórúmllest í hvert sinn, er þau leggjast í höfnina.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan getur, skulu greiða 60 aura af hverri brúttórúmllest.

### 2. gr.

35. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

#### Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg:  
Kol, salt, sement, áburður, fóðurvörur, sildar- og fiskimjöl, garð-  
ávextir, beitusíld, mjólk, mjólkurvörur, ís.
2. flokkur. Gjald kr. 2.25 fyrir hver 100 kg.  
Allar kornvörur, bárujárn, steypustyrktarjárn, kjöt, gærur, saltaðar  
húðir, saltaður fiskur, hraðfrystur fiskur, hessian, pokar, útgerðar-  
vörur, lýsi, fryst hrogn, frystar sláturafurðir, mör, tólg, ísaður fiskur  
til útflutnings, steinsteyptar vörur, miðstöðvarkatlar, smurningsoliur,  
baðlyf, leður, rúðugler, tvistur, togleður, jurtafeti, fiskumbúðir, þvotta-  
efni, vírnet, saumur hvers konar.
3. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:  
Brennsluoliur og benzín í lausu máli og tunnum, smíðajárn, vatnsleiðslu-  
og miðstöðvarpípur (fittings), þilplötur.
4. flokkur. Gjald kr. 3.75 fyrir hver 100 kg:  
Þurrkaður saltfiskur, skreið, ull, ullarvörur, hert skinn, bifreiðar og  
önnur vélknúin tæki, vélar, gólflísar, gólfdúkur, sápuvörur og önnur  
vara, sem reiknast eftir þyngd og ekki er nánar tiltekið um, dúnn, fiður,  
málingarvörur.
5. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:  
Niðursuðuvörur, skófatnaður (annar en gúmmí), fatnaður hvers konar,  
rafmagnsvörur, barnavagnar, bókunarvörur, reiðhjól, borðbúnaður,  
ferðatöskur, saumavélar, skilvindur, smávörur úr járn, bækur, pappír,  
blek.
6. flokkur. Gjald kr. 15.00 fyrir hver 100 kg:  
Nýlenduvörur, sælgætisvörur, öl, gosdrykkir, tóbaksvörur, blikkvörur,  
vefnaðarvörur, skotfæri, sprengiefni, kvikmyndir, viðtæki, lyfjavörur,  
glervörur, leikföng, glysvarningur, snyrtivörur, ávextir, kaffi, kakó, te,  
brauðvörur, sykur, leirvörur, eldspýtur og aðrar smávörur.

<b>80</b>	7. flokkur. Gjald.			
18. júlí	Sild í tunnum .....	kr.	3.00	hver tunna.
	Hrogn í tunnum .....	—	3.00	— —
	Garnir í tunnum .....	—	3.00	— —
	Saltkjöt í ¼ t. ....	—	4.50	— —
	— í ½ t. ....	—	3.00	— —
	— í ¼ t. ....	—	2.25	— —
	Stórgripir .....	—	15.00	— gripur.
	Kindur .....	—	5.00	— —
	Endursendar umbúðir:			
	Stálföt .....	—	3.00	hvert stk.
	Aðrar tunnur .....	—	1.50	— —
	Kassar undan öli, gosdrykkjum o. fl. ....	—	0.50	hver kassi.
8. flokkur.	Gjald 60 aurar fyrir hvert teningsfet:			
	Timbur, einangrunarefni og aðrar vörur, sem reiknast eftir máli. Minnsta gjald kr. 1.50.			

#### Aflagjald:

Bátar og skip, sem leggja upp afla sinn á Hornafirði, greiði kr. 5.00 fyrir rúmlest af fiski, miðað við slægðan fisk með haus; kr. 7.00 á rúmlest af saltfiski og 70 aura fyrir uppsaltaða síldartunnu eða mál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 18. júlí 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

**81** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Rauðasandshrepps, út-  
27. júlí gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. júlí 1961.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Rauðasandshrepps.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Rauðasandshrepps og er starfssvið hans Rauðasandshreppur.

### 2. gr.

Sjóður þessi var stofnaður 11. marz 1955 með tuttugu og fimm þúsund króna framlagi frá sveitarsjóði Rauðasandshrepps. Síðar, 22. marz 1957, lagði sveitarsjóður Rauðasandshrepps að auki fimmtán þúsund krónur til sjóðsins. Á aðalfundum Ekkna- og munaðarleysingjasjóðs Rauðasandshrepps á árunum 1958 og 1959 komu fram almennar óskir fundarmanna um sameiningu beggja þessara sjóða og var það endanlega samþykkt af hlutaðeigandi aðilum. Var og gengið frá sameiningu

sjóðanna í árslok 1959. Styrktarsjóður Rauðasandshrepps var þá, 31. des. 1959, að 81 upphæð kr. 34139.57, en Ekkna- og munaðarleysingjasjóður Rauðasandshrepps kr. 27. júlí 14351.15. Samtals voru sjóðirnir að upphæð kr. 48490.72 — fjörutíu og átta þúsund fjögur hundruð og níutíu krónur og 72/100.

### 3. gr.

Eignir þær, sem sjóðnum kunna að áskotnast hverju sinni, svo sem gjafir, áheit, ágóði af skemmtunum eða annað, svo og vextir, skulu lagðir við höfuðstól og lúta reglum þeim og ákvæðum, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

### 4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í opinberri lánastofnun, banka eða sparisjóði. Heimilt er stjórn sjóðsins, ef hún telur það hagkvæmara, að ávaxta hann að einhverju leyti í ríkistryggðum verðbréfum.

### 5. gr.

Tilgangur sjóðsstofnunarinnar er: Að styrkja með endurkræfu vaxtalaus framlagi, unga, efnilega en efnalitla frumbýlinga, sem setjast vilja að í hreppnum: Enn fremur að styrkja á sama hátt þá innansveitar frumbýlinga, sem líkt stendur á fyrir. Einnig að styrkja með endurkræfu framlagi þá íbúa hreppsins, þótt eldri séu, ef þeir af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem sjúkdómum, slysum eða náttúruhamförum, verða fyrir því tjóni eða þeim hnekk, að atvinna þeirra eða lífsafkoma sé hættu búin. Enn fremur að styrkja ekkjur og munaðarleysingja, sem hjálparþurfi eru, með óafturkræfu framlagi, svo og aðra þá, sem líkt stendur á fyrir.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um veitingu framlaga hverju sinni. Hún skal einnig ákveða hvenær og hvernig afturkræf framlög verða innheimt, enda liggja það ljóst fyrir, að efnahagur viðkomandi einstaklinga sé þá þannig, að hann geti endurgreitt framlagið.

### 6. gr.

Stjórnin skal skipuð 3 aðalmönnum og er oddviti Rauðasandshrepps sjálfkjörinn formaður hennar. Hinir tveir skulu kjörnir á almennum hreppsfundi, í fyrsta skipti 1961, og ganga þeir úr á víxl, sinn á hverju ári og í fyrsta skipti eftir hlutkesti, sem stjórnin framkvæmir. Varamenn skulu vera þrír, kosnir á almennum hreppsfundi. Gangu þeir úr á víxl þannig, að á næsta ári gengur einn úr og á öðru ári tveir. Fer eftir hlutkesti, hver gengur úr á fyrsta ári.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók. Í hana skal færa inn skipulagsskrá þessa, allar fundargerðir stjórnarinnar, veitingar framlaga og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Einnig skal færa inn í gerðabókina allar eignir sjóðsins og ársreikning yfir tekjur og gjöld. Sjóðurinn skal vera í vörzlu oddvita Rauðasandshrepps.

### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Skulu reikningar hans endurskoðaðir jafnhliða hreppsreikningum af endurskoðendum hreppsreikninga og vera háðir sama eftirliti og reikningar sveitarsjóða.

### 9. gr.

Stjórn sjóðsins skal koma saman til fundar í það minnsta einu sinni á ári og oftar, ef þörf er á.

### 10. gr.

Árleg styrkveiting eða framlög úr sjóðnum næstu 10 árin mega ekki nema hærri upphæð en svo, að helmingur vaxta geti að jafnaði lagzt við höfuðstól.

81

27. júl

Skipulagsskrá þessa má endurskoða að 10 árum liðnum og breyta eftir ákvörðun hreppsfundar, sem löglega hefur verið til boðað.

11. gr.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á almennum hreppsfundi í félagshéimilinu Fagrihvammur, hinn 22. marz 1961.

82

31. júl

## S A M Þ Y K K T

### fyrir Fiskræktarfélag Brynjudalsár.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktarfélag Brynjudalsár.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er það sama og formanns á hverjum tíma, enda búi hann á félagssvæðinu.

3. gr.

Verkefni félagsins er: Að friða fisk eftir þörfum á félagssvæðinu, bæta lífs- og gönguskilyrði hans, að afla laxaseyða, að fyrirbyggja ólöglega veiði og gæta þess, að reglum um veiði, veiðiaðferðir o. þ. h. sé fylgt.

4. gr.

Félagssvæðið nær yfir vatnasvæði Brynjudalsár.

5. gr.

Félagsmenn eru eigendur Þrándarstaða, Skorhaga, Ingunnarstaða með Hrísakoti.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, gjaldkeri og ritari.

7. gr.

Félagsstjórnin ræður öllum málum milli funda.

8. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins, og skal haldinn fyrir lok apríl-mánaðar ár hvert. Félagsstjórnin getur kvatt til aukafundar, þegar henni þykir þörf. Skyld er stjórninni að boða til aukafundar ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Fundur er lögmætur ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna er á fundi, eða hafa gefið öðrum sem þar mæta, skriflegt umboð til þess að mæta fyrir sig. Nú verður aðalfundur ekki lögmætur sakir fámennis, og skal þá stjórn félagsins kveðja til fundar á ný innan þriggja vikna, skal þá jafnframt tekið fram í fundarboði, að til fundar sé kvatt á ný vegna þess, að ekki mættu nógu margir á hinum fyrri fundi, til þess að hann væri löglegur; er hinn síðari fundur þá lögmætur án tillits til þess, hvað margir mæta. Á fundum ræður afl atkvæða, nema þar sem samþykkt mælir öðruvísi fyrir. Til fundar skal boðað með skriflegri tilkynningu eða símatilkynningu til hvers einstaks félagsmanns, með minnst viku fyrirvara.

## 9. gr.

82

31. júlí

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir í eftirfarandi röð:

1. Skýrsla stjórnarinnar um hag félagsins og framkvæmdir á liðnu ári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar fyrir s. l. ár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum reikningshaldara til úrskurðar.
3. Kosið í stjórn félagsins og endurskoðendur.
4. Stjórn félagsins gerir grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi félagsins á yfirstandandi ári.
5. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, sem upp kunna að vera borin.

## 10. gr.

Endurskoðendur félagsreikninganna skulu vera tveir, og gildir kosning þeirra til tveggja ára, og ganga þeir úr sitt hvor, í fyrsta sinn samkvæmt hlutkesti.

## 11. gr.

Rita skal í gerðabók allar samþykktir aðalfundar og annarra félagsfunda, ásamt stuttri greinargerð um annað, er þar gerist. Fundargerðir skulu lesnar í lok fundar og bornar undir atkvæði. Því næst undirritaðar af fundarstjóra og ritara.

## 12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

## 13. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema á aðalfundi, og þarf til þess  $\frac{2}{3}$  atkvæða, enda hafi áður verið greint frá henni í fundarboðinu. Félaginu má slíta, ef tillaga um það er samþykkt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða á tveim lögmætum fundum í röð.

## 14. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt lögum nr. 53/1957, og veiðarfæri og veiði eða andvirði hennar skal gerð upptæk, og renni hvort tveggja til ríkissjóðs.

## 15. gr.

Um það, sem ekki er tekið fram í samþykkt þessari, skal fara samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

## 16. gr.

Brynjudalsá skal vera friðuð fyrir allri veiði 5 daga í viku hverri.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 31. júlí 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

83  
31. júlí

## REGLUGERÐ

### um skemmtanaskatt í Vallahreppi, S.-Múl.

#### 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Vallahreppi og aðgangur er seldur að.

#### 2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

##### 1. flokkur.

- a) Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b) Sjónleikir.
- c) Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d) Fyrirlestrar og upplestrar.
- e) Kvikmyndir og skuggamyndasýningar.

##### 2. flokkur.

- a) Dansleikir.
- b) Danssýningar.
- c) Loddara- og fjölleikasýningar.
- d) Aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

#### 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% af innangseyri og af skemmtunum í öðrum flokki 15%. Ef skemmtunin er margþætt, ákveður hreppsnefnd við hvern þáttinn skatturinn er miðaður.

#### 4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt undanþágu að einhverju eða öllu leyti frá skattgreiðslu fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða til eflingar fræðslu og menningarstarfsemi.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd Vallahrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum, ef þess þykir þörf. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann eða falið það löggæzlumönnum hreppsins.

#### 6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, sem aðgangur er seldur að, skal tilkynna skrifstofu hreppsins, hvar og hvenær skemmtunina á að halda. Afhendir hann eða þeir hreppsnefnd aðgöngumiða, nægilega marga, sem hreppsnefnd stimplar, og skal um leið greiða fjárhæð, sem nemur skattinum af þessum miðum. Þegar skemmtun er lokið, skal sá, sem fyrir henni stóð, afhenda á hreppsskrifstofunni eða löggæzlumanni á skemmtistað alla ónotaða aðgöngumiða, og fær þá endurgreiddan skattinn af þeim.

#### 7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skemmtanagjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

## 8. gr.

83

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í hreppssjóð, en féð skal þó varðveita í sérstökum sjóði, er hreppsnefnd stjórnar. 31. júlí

Skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningum, og endurskoðast og úrskurðast með þeim. Fé sjóðsins skal verja til hvers konar menningarstarfsemi í Vallahreppi, svo sem til styrktar heilbrigðri félagsstarfsemi í hreppnum og til styrktar íþróttalífi og listum.

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Mál, sem rísa kunna út af reglugerð þessari, skal fara með sem opinber mál.

## 10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 31. júlí 1961.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

Knútur Hallsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Húnasjóð, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 2. ágúst 1961. 84 2. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Húnasjóð.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Húnasjóður. Heimili hans og varnarþing er á Hvammstanga.

## 2. gr.

Sjóðinn stofna hjónin Ásgeir Magnússon og Unnur Ásmundsdóttir til þess að minnst Alpýðuskóla Húnavetninga, sem Ásgeir stofnaði og rak á Hvammstanga árin 1913—20.

Stofnfé sjóðsins er:

## a. Upphaflegt stofnfé Húnasjóðs:

Frá Ásgeiri Magnússyni og Unni Ásmundsdóttur .....	kr.	3000.00
Frá sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu .....	—	1000.00
Vextir .....	ca.	2000.00

## b. Framlag frá Ásgeiri og Unni .....

	—	24000.00
<u>Samtals</u>		kr. 30000.00

Framlagið, kr. 24000.00, verður innt af höndum í reiðu fé, jafnskjótt og sýslunefnd V.-Hún. hefur fallið á að taka við sjóðnum og fengin er staðfesting, sem um getur í 7. grein. Sýslunefnd V.-Hún. leggur sjóðnum árlega — meðan hún sér ástæðu til — eitthvert fé, sem hún ákveður hverju sinni, eða sér sjóðnum á annan hátt fyrir einhverjum tekjustofni. Einnig má efla sjóðinn með gjöfum og áheitum.



Tilgangur sjóðsins er að styrkja félitla en efnilega námsmenn eða námsmeyjar:

- a. Til náms í náttúruvísindum við Háskóla Íslands, eins og um getur í 5. gr.
- b. Til náms í raunvísindum við háskóla eða tækniskóla, eins og um getur í 5. gr.

Sá eða sú, sem ætlar sér að námi loknu, að starfa í heimahéraði, situr að öðru jöfnu fyrir styrk, sem um getur í síðari málsgrein hér að ofan, þ. e. undir staflið b.

Vegna þess að fé sjóðsins er lítið, álitum við, að fyrst um sinn verði ekki hægt að ætla sjóðnum víðtækara starfssvið en um getur í fyrri málsgrein hér að ofan, þ. e. undir staflið a. En ef að því skyldi koma, að sjóðurinn eflist svo mjög — og þá vegna framlaga eða ráðstafana sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu eða annarra — að sjóðurinn geti að álitum sýslunefndar fært út verkssvið sitt, þá leggjum við það á vald hennar, hvort eða hvenær síðari málsgrein — undir staflið b — skuli til viðbótar fyrir málsgrein — undir staflið a — koma til framkvæmda.

## 4. gr.

Sjóðurinn er falinn sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu til varðveislu og ráðstöfunar samkvæmt tilgangi hans. Skipar hún þriggja manna sjóðstjórn, formann, ritara og gjaldkera. Sjóðstjórn heldur gerðabók og sjóðbók. Í gerðabók skal rita skipulagsskrá sjóðsins og gerðir og ályktanir sjóðstjórnar í sjóðsins þágu. Þá og ætla stuðningsmönnum rúm, ef einhverjir verða, og framlögum þeirra. Sjóðbók geymir tekjur og gjöld sjóðsins og ársreikning. Oddviti sýslunefndar löggildir bækurnar. Sjóðstjórn annast öll störf, er sjóðinn varðar. Hún leggur tillögur sínar um lán, er síðar getur, fyrir sýslunefnd til samþykkis — eða úthlutar lánum í umboði hennar. Sjóðstjórn leggur ársreikning sjóðsins fyrir sýslunefnd til samþykkis. Reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum sýslusjóðs. Sjóðstjórnin getur reiknað sér þóknun fyrir að afla sjóðnum tekna, en venjuleg stjórnarstörf vinnur hún kauplaust, og enginn reksturskostnaður má á sjóðinn falla.

## 5. gr.

Í vörzlu sjóðstjórnar verði eignum sjóðsins skipt í stofnfé, sem verði geymt í tryggum eignum, og áhættufé, sem verði varið til námslána samkvæmt 3. gr. Sjóðstjórnin skal ráða, hve mikið telst hverju sinni til hvors flokks. Báðir flokkar ávaxtast þannig, að verðfall gjaldeyris skaði sjóðinn aldrei — sbr. vísitölutryggð skuldabréf o. þ. h. Sjóðstjórn ákveður vexti og gjalddaga. Starfssvið sjóðsins er Vestur-Húnavatnssýsla öll.

## 6. gr.

Jafnskjótt og sjóðurinn hefur hlotið staðfestingu, sem um getur í 2. gr., skal verja kr. 10000.00 — tíu þúsund — af fé hans til herbergis í fyrirhuguðum Garði Háskólans. Herbergið heiti Ægissíða og verði til afnota fyrir stúdent úr Vestur-Húnavatnssýslu, sbr. 3. grein.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari, og fellur þá úr gildi skipulagsskrá Húnasjóðs, birt í Stjórnartíðindum 3. júní 1950.

Reykjavík, 7. marz 1961.

Ásgeir Magnússon.

Unnur Ásmundsdóttir.

## REGLUGERÐ

### um hámarkstölu vörubifreiða í Húsavík.

85

3. ágúst

#### 1. gr.

Bæjarstjórn getur, að fengnum tillögum Bilstjórafélags Húsavíkur og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins, ákveðið hámarkstölu þeirra vörubifreiða í Húsavík, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun.

#### 2. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu samkvæmt 1. gr., skal félagið láta henni í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi í stéttinni á s. l. tólf mánuðum, og ef svo er, þá um hve marga og hve margar inntökuumsóknir hafi borizt félaginu, svo og öðru því, er máli skiptir.

Enn fremur skal félagið láta bæjarstjórn í té rökstudda tillögu um hámarkstölu vörubifreiða á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, skal hún leita álits samtaka útvegsmanna og vinnuveitenda um málið.

#### 3. gr.

Í októbermánuði ár hvert tekur bæjarstjórn ákvörðun um, hver hámarkstala skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en tala starfandi vörubifreiða hjá Bifreiðastöð Húsavíkur 1. þess mánaðar.

Ákvörðun samkvæmt 1. mgr. gildir eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlengdar næsta ár.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur bæjarstjórn breytt ákvörðun um hámarkstölu, að fengnum tillögum þeirra aðilja, er getur í 2. gr. og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

#### 4. gr.

Stjórn félagsins er skylt að veita bæjarstjórn allar þær upplýsingar, sem bæjarstjórn telur nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd reglugerðar þessarar.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða, né til vörubifreiða, sem eru í eign einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki afgreiðslu á Bifreiðastöð Húsavíkur.

Ef ágreiningur rís um, hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið samkvæmt reglugerð þessari, sker bæjarráð úr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaupúnum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 3. ágúst 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

- 86** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Marteinstungukirkju, 10. ágúst útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. ágúst 1961. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Menningarsjóð Marteinstungukirkju.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Marteinstungukirkju.

#### 2. gr.

Stofné sjóðsins eru allar eftirlátnar eigin Guðmundar Guðmundssonar frá Þjóð-ólfshaga í Holtahreppi, sem eru að upphæð kr. 156400.70. Sjóður þessi er stofnaður í samræmi við arfleðsluskrá Guðmundar, dags. 23. júlí 1956 og tekur til starfa frá dánardegi hans 21. nóvember 1957.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera efling söngs og annarra menningarmála viðkomandi Marteinstungukirkju. Stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni, hve miklum hluta sjóðsins skuli varið árlega til menningarmála. Þó skal aldrei varið minni fjárhæð til söngmála en helming árstekna sjóðsins.

Sjóðurinn skal vera í höndum sóknarnefndar Marteinstungukirkju og ávaxtast á tryggum stað.

#### 4. gr.

Vextir af höfuðstól sjóðsins skulu lagðir við höfuðstólinn fyrstu tíu árin, sem hann starfar. Næstu fimm árin skal helmingur vaxtanna lagður við höfuðstól, en eftir þann tíma skulu tíu krónur af vöxtum sjóðsins lagður við höfuðstólinn árlega.

#### 5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera sjálfkjörnir sóknarprestur og sóknarnefnd Marteinstungukirkju. Skal stjórnin ávaxta fé sjóðsins á tryggn hátt og sjá um reikningshald hans.

#### 6. gr.

Ef Marteinstungukirkja verður lögð niður, ákveður stjórn sjóðsins, hvernig fé hans skuli varið framvegis.

#### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Marteinstungu, 6. ágúst 1961.

Í sóknarnefnd Marteinstungukirkju

**Benedikt Guðjónsson,**  
form.

**Dagbjartur Gunnarsson,**  
fjárhaldsm.

**Sigurjón Sigurðsson.**

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Listasafn Alþýðusambands Íslands, 87**  
(Gjöf Ragnars Jónssonar), útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála- 11. ágúst  
ráðherra 11. ágúst 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Listasafn Alþýðusambands Íslands. (Gjöf Ragnars Jónssonar).

### 1. gr.

Safnið heitir: Listasafn Alþýðusambands Íslands (Gjöf Ragnars Jónssonar).

### 2. gr.

Tilgangur safnsins er að varðveita og hafa til sýnis fyrir almenning listaverk þau, sem Ragnar Jónsson gaf Alþýðusambandi Íslands til eignar hinn 17. júní 1961, og sem Alþýðusambandið afhendir með þessari stofnskrá safninu til eignar, svo og önnur listaverk, sem safnið kann að eignast.

Eigin sýningarsal skal koma upp, eins fljótt og ástæður leyfa.

### 3. gr.

Safnið er sjálfseignarstofnun.

Eignir safnsins má ekki skerða.

Safnið er stofnað samkvæmt ósk og frumkvæði Ragnars Jónssonar, forstjóra, Reynimel 49, Reykjavík, til minningar um Erlend Guðmundsson í Unuhúsi.

### 4. gr.

Stjórn safnsins skal skipuð 6 mönnum til 5 ára í senn. Meðan Ragnar Jónsson lifir, skipar hann 3 menn í stjórn, ef hann óskar, og miðstjórn Alþýðusambandsins aðra 3 menn, en að Ragnari látnum skipar miðstjórn alla stjórnina. Ef Ragnar Jónsson óskar ekki að skipa menn í stjórn að sínu leyti, skipar miðstjórn Alþýðusambandsins einnig í þau sæti.

### 5. gr.

Reikningar fyrir safnið skulu gerðir upp árlega miðað við almanaksár. Að öðru leyti ákveður stjórnin sjálf starfsreglur sínar.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

### 6. gr.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands getur ein breytt skipulagsskrá þessari. Meðan Ragnar Jónsson er á lífi, þarf samþykki hans til breytingar á henni.

### 7. gr.

Skipulagsskrá þessari fylgir skrá yfir listaverk þau, sem Ragnar Jónsson gaf Alþýðusambandinu 17. júní 1961.

Skipulagsskrá þessi óskast birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Laufangri við Álftavatn, 23. júlí 1961.

Ragnar Jónsson.

Hannibal Valdimarsson.

Hjörleifur Sigurðsson.

Stefán Ögmundsson.

Árni Guðjónsson.

Eggert G. Þorsteinsson.

## 87 Fylgiskjal.

11. ágúst

## Skrá yfir myndirnar. (Gjöf Ragnars Jónssonar).

1. Ásgrímur Jónsson: Blóm.
2. Jón Engilberts: Verkamannafjölskylda.
3. Jón Engilberts: Uppstilling.
4. Gunnlaugur Scheving: Þrjár konur.
5. Snorri Arinbjarnar: Jakob Thorar-ensen.
6. Jón Stefánsson: Lítið skip á víðu hafi.
7. Jón Stefánsson: Sumarmorgun á Suðurlandi.
8. Jón Stefánsson: Blóm á rauðum grunni.
9. Jón Stefánsson: Landslag.
10. Jón Stefánsson: Bóndinn.
11. Jón Stefánsson: Hestur á beit.
12. Jón Stefánsson: Hestur í Jökulvatni.
13. Jón Stefánsson: Hallmundarhraun.
14. Þorvaldur Skúlason: Í eldhúsinu.
15. Þorvaldur Skúlason: Portrætt.
16. Þorvaldur Skúlason: Komposisjón.
17. Þorvaldur Skúlason: Komposisjón.
18. Þorvaldur Skúlason: Komposisjón.
19. Ásgrímur Jónsson: Úr Borgarfirði.
20. Ásgrímur Jónsson: Skíðadalur.
21. Ásgrímur Jónsson: Úr Borgarfirði.
22. Ásgrímur Jónsson: Keilir.
23. Jóhann Briem: Frá Stóra Núpi.
24. Jóhann Briem: Hestar.
25. Jóhann Briem: Mjólkurvagninn.
26. Gunnlaugur Scheving: Fiskibátur.
27. Gunnlaugur Scheving: Á Stöðli.
28. Gunnlaugur Scheving: Gamla búðin.
29. Gunnlaugur Scheving: Uppstilling.
30. Valtýr Pétursson: Komposisjón.
31. Valtýr Pétursson: Á svörtum grunni.
32. Valtýr Pétursson: Komposisjón.
33. Jóhannes Kjarval: Fjallamjólk.
34. Jóhannes Kjarval: Blóm.
35. Jóhannes Kjarval: Það er gaman að lifa.
36. Jóhannes Kjarval: Dyrfjöll.
37. Jóhannes Kjarval: Hellisheiði.
38. Jóhannes Kjarval: Sólarlag á hafi.
39. Kristján Davíðsson: Þórbergur.
40. Kristján Davíðsson: Kossar.
41. Kristján Davíðsson: Málverk.
42. Svavar Guðnason: Fönsun.
43. Svavar Guðnason: Einræðisherrann.
44. Svavar Guðnason: Komposisjón.
45. Veturlíði Gunnarsson: Norðurljós.
46. Bragi Ásgeirsson: Fugl.
47. Gunnar Gunnarsson: Garður listamannsins.
48. Jóhannes Geir: Úr Örfirisey.
49. Hafsteinn Austmann: Komposisjón.
50. Louise Matthíasdóttir: Nína.
51. Þórarinn Þorláksson: Frá Snæfellsnesi.
52. Þórarinn Þorláksson: Viðeyjar-sund.
53. Júlíana Sveinsdóttir: Vífilfell.
54. Hörður Ágústsson: Við höfnina.
55. Sigurður Sigurðsson: Frá Sauðárkróki.
56. Sigurður: Sigurðsson: Kollafjörður.
57. Svavar Guðnason: Komposisjón.
58. Jón Þorleifsson: Landslag.
59. Jón Þorleifsson: Hellisgerði.
60. Þorvaldur Skúlason: Sjóvinna.
61. Þorvaldur Skúlason: Blóm.
62. Þorvaldur Skúlason: Sjomenn.
63. Gunnlaugur Scheving: Bátur.
64. Jóhannes Jóhannesson: Komposisjón.
65. Jóhannes Jóhannesson: Hús.
66. Sverrir Haraldsson: Gata og hús.
67. Karl Kvaran: Komposisjón.
68. Karl Kvaran: Komposisjón.
69. Kristján Davíðsson: Málverk.
70. Valtýr Pétursson: Rautt kvöld.
71. Hjörleifur Sigurðsson: Komposisjón.
72. Svavar Guðnason: Málverk.
73. Nína Tryggvadóttir: Komposisjón.
74. Nína Tryggvadóttir: Uppstilling.
75. Nína Tryggvadóttir: Komposisjón.
76. Einar Baldvinsson: Bátur.
77. Jón Stefánsson: Afturelding.
78. Ásgrímur Jónsson: Landslag.
79. Ásgrímur Jónsson: Úr Húsafells-skógi.
80. Ásgrímur Jónsson: Hestar.
81. Bragi Ásgeirsson: Málverk.

82. Bragi Ásgeirsson: Komposisjón.  
 83. Jóhannes Kjarval: Regnbogi.  
 84. Jóhannes Kjarval: Skip.  
 85. Valtýr Pétursson: Málverk.  
 86. Bragi Ásgeirsson: Málverk.  
 87. Jóhannes Jóhannesson: Málverk.  
 88. Jóhannes Jóhannesson: Málverk.  
 89. Örlygur Sigurðsson: Svertingjastúlka.  
 90. Jón Engilberts: Miðjarðarhafið.  
 91. Kristján Davíðsson: Málverk.  
 92. Kristján Davíðsson: Málverk.  
 93. Jón Stefánsson: Tindafjallajökull.  
 94. Jón Stefánsson: Vetur.  
 95. Gunnlaugur Scheving: Hús.  
 96. Gunnlaugur Scheving: Portræt.  
 97. Hafsteinn Austmann: Málverk.  
 98. Kristján Davíðsson: Málverk.  
 99. Jón Engilberts: Fólk.  
 100. Þorvaldur Skúlason: Málverk.  
 101. Jón Stefánsson: Sjálfsmynd.  
 102. Jón Stefánsson: Þingvallavatn.  
 103. Jón Stefánsson: Almannagjá og Þingvallavatn.  
 104. Jón Stefánsson: Grænn mosi.  
 105. Þorvaldur Skúlason: Halldór Kiljan Laxness.  
 106. Nína Tryggvadóttir: Halldór Kiljan Laxness.  
 107. Kristján Davíðsson: Halldór Kiljan Laxness.  
 108. Kristján Davíðsson: Málverk.  
 109. Kristján Davíðsson: Málverk.  
 110. Gunnlaugur Scheving: Sjálfsmynd.  
 111. Kristján Davíðsson: Jóhannes Jóhannesson.  
 112. Júlíana Sveindóttir: Sjálfsmynd.  
 113. Jón Engilberts: Þórbergur Þórðarson.  
 114. Gunnlaugur Blöndal: Tómas Guðmundsson.  
 115. Þorvaldur Skúlason: Ólafur Jóhann Sigurðsson.  
 116. Örlygur Sigurðsson: Guðmundur Hagalín.  
 117. Örlygur Sigurðsson: Sigurður Nordal.  
 118. Kristján Davíðsson: Steinn Steinarr.  
 119. Nína Tryggvadóttir: Sjálfsmynd.  
 120. Sigurður Sigurðsson: Sjálfsmynd.

87

11. ágúst

88

14. ágúst

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir spítalásjóðinn Ástríðarminning, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. ágúst 1961. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir spítalásjóðinn Ástríðarminning.

### 1. gr.

Sjóðurinn, sem á að vera til styrktar og eflingar sjúkrahúsi á Suðurlandi, er stofnaður með 50 krónum, sem kvenfélagið á Eyrarbakka gaf 1. nóvember 1904 í minningu um húsrú Ástríði Guðmundsdóttur, sem þá var fyrir skömmu látin, en sem verið hafði meðlimur kvenfélagsins frá byrjun þess og til dauðadags, eða um 16 ár.

### 2. gr.

Sjóður þessi og fé það, er honum kann að bætast — þar á meðal 10% af skuldlausri eign kvenfélagsins við hver áramót, sem það hefur heitið sjóði þessum til eflingar — ávaxtast þar til hann hefur náð 2500 krónum. Úr því má verja vöxtum af honum til styrktar sjúkrahúsi á Suðurlandi, svo sem til að launa hjúkrunarkonu, eða kaupa nauðsynleg húsgögn eða áhöld í hans þarfir. En verði sjúkrahús þá eigi reist, skal verja öllum árstekjum sjóðsins, sem og vöxtum, honum til aukningar, unz hann er orðinn 5000 krónur. Úr því má verja bæði vöxtum og öðrum tekjum sjóðsins, en höfuðstólinn — 5000.00 kr. — fimm þúsund krónur — má aldrei skerða.

88

14. ágúst

3. gr.

Skyldi sjúkrahúsbygging á Suðurlandi dragast svo lengi, að sjóður þessi nái því að verða 10000.00 krónur áður en spítali er reistur, er heimilt að verja 5000.00 kr. til sjúkrahúsbyggingar, og vöxtum af hinum öðrum 5000.00 kr., sem og árlegu tekjunum til hjúkrunarstarfa eða áhaldakaupa, svo sem áður er tekið fram.

4. gr.

Kvenfélagið á Eyrarbakka hefur á hendi fjárhald sjóðsins á meðan það er til. Það ræður einnig hvernig því er varið, sem útbýtt kann að verða, en hefur þó í ráðum með sér lækni, sýslumann og prest, er hér starfa, sem embættismenn. Eða ef þessi embætti verða lögð niður, þá menn þá, er koma í þeirra stað. Svo skal og þeim mönnum falin umsjón sjóðs þessa, ef kvenfélagið hættir að vera til.

5. gr.

Ávallt skal kosta kapps um að ávaxta sjóð þennan á vel tryggum stað, en þó jafnframt nota þá hæstu vexti, sem bjóðast á hverjum tíma, t. d. keypt fyrir sjóð þennan bankavaxtabréf, eða önnur bréf, sem vel eru trygg, en gefa þó af sér góðan arð.

6. gr.

Reikning yfir eignir sjóðsins skal semja í janúarmánuði ár hvert, og að því búnu senda lækni og sýslumanni til endurskoðunar. Síðan sé hann lesinn upp á kvenfélagsfundi.

7. gr.

Breytingar á reglum þessum getur kvenfélagið gert, en þó því aðeins, að það sé með samþykki  $\frac{4}{5}$  — fjögurra fimmtu hluta — allra kvenfélagskvenna, þó er algerlega undanskilin breyting á að færa niður upphæðirnar 2500 kr. og 5000 kr., sem nefndar eru í 2. gr.

Með skipulagsskrá þessari er niður felld skipulagsskrá nr. 112 12. nóvember 1917 (Stjórnartíðindi B-deild 1917, bls. 305—306).

89

15. ágúst

## SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Bræðratunguhverfis í Biskupstungnahreppi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Bræðratunguhverfis. Heimili þess og varnarþing er í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna Bræðratungu I, Bræðratungu II, Ásakots I og Ásakots II.

Hver stofnandi greiðir tvö þúsund krónur sem stofngjald og telst hann ekki fullgildur félagsmaður, fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Félagsskylda samkv. 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

## 4. gr.

Ábúendur annarra býla svo og væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn frá því, er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess, að hann geti notað mannvirki félagsins.

## 5. gr.

Stofnkostnaði af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar skal að jöfnum hlutum greiða fyrir hvert býli á félagssvæðinu. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatnsnýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórnin tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld samkv. 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

## 6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrjú félagar eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

## 7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fudarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara.

Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

## 8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur, ef  $\frac{3}{4}$  félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrjú menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

## 9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.



89

15. ágúst

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitufélagi Bræðratungu-hverfis í Biskupstungnahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrimur Dalberg.*

90

18. ágúst

## SAMÞYKKT

### fyrir Veidifélag Vatnsnesinga.

1. Félagið heitir Veidifélag Vatnsnesinga. Heimili þess og varnarþing er Þorgrímsstaðir, V.-Húnavatnssýslu.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Tjarnará og Þorgrímsstaðaá til upptaka, en þær eru Gnýsstaðir, Tjörn I, Tjörn II, Tunga, Ásbjarnarstaðir I, Ásbjarnarstaðir II, Þorgrímsstaðir og Engjabrekka.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að starfrækja aðeins stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.  
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfund skal halda í marz—aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi

Þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. 90

7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 18. ágúst 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hofsóskaupþún nr. 13 12. janúar 1950.

### 1. gr.

c-liður 21. greinar orðist þannig:

Öll önnur skip, er til hafnarinnar koma (nema þau, sem undanþegin eru hafnar-gjaldi samkv. 20. gr.), skulu greiða 40 aura af hverri brúttórúmllest í hvert skipti er þau koma til hafnarinnar. Strandferðaskip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun, greiði þó aðeins 20 aura af brúttórúmllest, þó ekki oftast en einu sinni í mánuði.

### 2. gr.

Í stað tveggja síðustu málsgreina 22. greinar komi:

Vélbátar 12 rúmllestir brúttó, og minni, eign manna búsettra á Hofsósi, greiði kr. 30.00 á ári.

### 3. gr.

a-liður 27. greinar reglugerðarinnar falli niður og aðrir stafliðir greinarinnar breytist samkvæmt því.

### 4. gr.

30. gr orðist þannig:

#### Vörugjaldskrá:

1. flokkur: Gjald kr. 1.50 hver 100 kg:  
Kol, salt, áburður, kornvörur, fóðurvörur, garðávextir, hey, saltfiskur, frosinn fiskur, ísvarinn fiskur, frosin síld, fiski- og síldarmjól.
2. flokkur: Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:  
Sement, járn, járnvörur, byggingarvörur aðrar en timbur, ótaldar annars staðar, tvistur, pokar, fiskumbúðir, mjólk.
3. flokkur: Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:  
Brennsluolía, benzín, smurolía.

- 91** 4. flokkur: Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:  
 18. ágúst Kjöt, gærur, sláturafurðir, skreið, fullverkaður saltfiskur, sundmagi, fiskroð, niðursoðinn fiskur, útgerðarvörur, veiðarfæri og efni í þau.
5. flokkur: Gjald kr. 3.50 hver 100 kg:  
 Kaffi, sykur, smjörliki, bifreiðavarahlutir, vélar og varahlutir í þær, málningarvörur, lökk, saumur, gler.
6. flokkur: Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:  
 Allar vörur, sem gjald er tekið fyrir eftir þyngd, ótaldar annars staðar.
7. flokkur: Gjald kr. 0.60 hver 10 kg:  
 Ávextir, nýir og þurrkaðir, kitti, lím, gibbs, veggfóður, korkvörur, lín-óleum, gúmmi, pappír, olíufatnaður.
8. flokkur: Gjald kr. 1.50 hver 10 kg:  
 Blickvörur, leirvörur, saumavélar, hreinlætisvörur, glervörur, burstavörur, eldhúsáhöld, divanteppi, leður, lyfjavörur, rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, kvikmyndir, hljóðfæri, sportvörur, skotfæri, sælgæti, peningaskápar, leikföng, klukkur, mælar, símar, áttavitar.
9. flokkur: Gjald kr. 3.20 hver 10 kg:  
 Tóbaksvörur, vín, spíritus.
10. flokkur: Gjald kr. 0.60 hvert teningsfet:  
 Timbur.
11. flokkur: Gjald kr. 0.75 hvert teningsfet:  
 Aðrar vörur, sem reiknast eftir máli og ekki eru taldar annars staðar.
12. flokkur: Gjald fyrir:  
 Full lýsis- og olíuföt kr. 4.20 hvert stk.  
 Tómar stáltunnur, smuroliutunnur, sildartunnur fullar, fullir öl- og gosdrykkjakassar kr. 2.00 hvert stk.  
 Sauðfé kr. 2.00 hver kind.  
 Stórgripir kr. 10.00 hver gripur.

### 5. gr.

33. grein orðist svo:

Af heildarafla skips greiðast kr. 8.00 af hverri smálest af slægðum fiski með haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema af síld. Af hverju máli eða tunnu síldar greiðist kr. 0.50. Kaupandi skal innheimta aflagjaldið og standa skil á því til hafnarsjóðs innan hálf mánaðar frá móttöku aflans.

Heimilt er hafnarnefnd að semja um aflagjald af heimabátum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 151 31. júlí 1951, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hofsóskaupþún, nr. 13 12. janúar 1950.

*Samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfrur Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

92

21. ágúst

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Krossavíkurhöfn í Neshreppi utan Ennis nr. 161 25. september 1942, sbr. reglugerð nr. 117 10. september 1959.

### 1. gr.

Aftan við 5. kafla reglugerðarinnar komi nýr kafli, tvær greinar, sem verður 6. kafli.

Kaflaröðun og greinatala aftan við hinn nýja kafla breytist í samræmi við þetta.

Hinn nýi kafli orðist þannig:

## VI. KAFLI

### Verbúðir.

#### 17. gr.

Leiga fyrir verbúðir hafnarinnar, sem byggðar hafa verið á Rifi, skal vera sem hér segir:

- a. Fyrir leigu á beitningarrúmi og veiðarfærageymslu kr. 2000.00 fyrir hvern mánuð, miðað við að leigutaki hafi húsnæði á leigu allt árið. Fyrir leigu á sama húsnæði, miðað við skemmri tíma en ár, kr. 3000.00 fyrir hvern mánuð og ef aðeins er um vertíðarmánuðina að ræða, þá greiðist kr. 4000.00 í leigu fyrir hvern mánuð.
- b. Fyrir beitningarrúm sérstaklega, miðað við árs leigu kr. 1500.00 fyrir hvern mánuð. Fyrir veiðarfærageymslu sérstaklega miðað við árs leigu kr. 750.00 fyrir hvern mánuð. Sé beitningarrúm og veiðarfærageymsla leigt hvort í sínu lagi skemmri tíma en ár, skal leiga vera kr. 300.00 hærri fyrir hvern mánuð en greint er hér að framan.
- c. Sé nefnt húsnæði leigt til annars en aðstöðu fyrir báta, skal leiga á beitningarrúmi vera kr. 2000.00 fyrir hvern mánuð og leiga á veiðarfærageymslu kr. 1000.00 fyrir hvern mánuð.
- d. Leigutaki greiðir sjálfur rafmagn og upphitun á leiguhúsnæði sínu.
- e. Leiga skal greidd fyrirfram á þriggja mánaða fresti. Miða skal við, að fyrsti gjalddagi sé 2. janúar ár hvert. Kaupendur afla þeirra báta, sem nota verbúðirnar, skulu standa hreppsnefnd eða hafnarnefnd skil á leigunni, einnig bera þeir ábyrgð á greiðslu á rafmagns- og hitunarkostnaði. Auk þess hefur höfnin haldsrétt í bátum þeim, sem verbúðirnar eru notaðar fyrir, bæði fyrir leigu og rafmagns- og hitunarkostnaði, svo og fyrir viðgerðarkostnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.
- f. Hreppsnefnd eða hafnarnefnd skal sjá svo um, að í hvert skipti, sem nýr leigutaki tekur við verbúð, sé verbúðin tekin út og fulltrúar hreppsnefndar og leigutaka skrifi undir yfirlýsingu þar sem ástandi verbúðarinnar er lýst. Leigutakar bera ábyrgð á þeim vélum og áhöldum og því húsnæði, sem þeir taka á leigu í verbúðunum. Þeir skulu greiða allt viðhald og annan rekstrarkostnað, sem til fellur meðan leigan stendur. Nú skilar leigutaki verbúðunum úr leigu og skal þá allt vera í sama ástandi og er hann tók við þeim. Sé svo ekki og annist ekki leigutaki sjálfur þær viðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að svo verði, skal hreppsnefnd eða hafnarnefnd sjá um að svo verði gert á kostnað leigutaka. Greiði leigutaki ekki leiguna á tilskildum gjalddaga eða annan kostnað við verbúðina, er hreppsnefnd eða hafnarnefnd heimilt að taka rafmagn og hita af verbúðinni, eftir að leigutaki hefur verið aðvaraður um að svo verði gert.

- 92** g. Leigutaki fyrirgerir rétti sínum til leigu á verbúðinni, ef hann sýnir hirðuleysi og vanrækslu í sambandi við viðhald verbúðarinnar, svo og við ítrekaða vangreiðslu á leigu og rekstrarkostnaði.
21. ágúst h. Hreppsnefnd skal auglýsa verbúðirnar til leigu. Leigusamningar taka ekki gildi fyrir en hreppsnefnd hefur samþykkt þá. Leigutaka er óheimilt að framleigja verbúð, nema með samþykki hreppsnefndar.

18. gr.

Hreppsnefnd hefur heimild til að hækka eða lækka leigu þá, er um getur í 17. gr. hér að framan um allt að 50%, án þess að leita heimildar ráðuneytisins til þess.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. ágúst 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**93**

21. ágúst

## HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Hofsóshrepp.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir Hofsóshrepp.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar með leyfi heilbrigðisnefndarinnar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna og staðháttá.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn. Hreppstjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina og er hreppstjóri formaður hennar. Þriðja nefndarmann kýs hreppsnefnd.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Honum er skylt að kveðja nefndina til fundar, ef einn nefndarmanna óskar þess.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir, svo og kærur, sem nefndinni berast.

6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmæli heilbrigðisnefndar séu framkvæmd, þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal þá málinu tafarlaust skotið

til hreppsnefndar. Ef hún samþykkir fyrirælin, er formanni skylt að sjá um framkvæmd þeirra.

93  
21. ágúst

#### 7. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, má leita úrskurðar heilbrigðisstjórnar. Þá getur héraðslæknir einnig skotið máli sínu til hennar, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, sem hann telur nauðsynlegar.

#### 8. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ákvæði samþykktar þessarar séu haldin, svo og önnur ákvæði laga og reglugerða, sem að heilbrigðismálum lúta. Skal nefndinni heimilt að láta rannsaka allt það, sem þessi samþykkt fjallar um, svo og annað, sem að þrifnaði og hollustuháttum lýtur, utan húss og innar.

#### 9. gr.

Á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs skal jafnan veita nokkra fjárhæð til heilbrigðisfrankvæmda, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar. Að öðru leyti skal leita samþykkis sveitarstjórnar, áður en hafnar eru framkvæmdir, sem hafa útgjöld í för með sér.

## II. KAFLI

### Um hreinlæti og þrifnað á lóðum, lendum o. fl.

#### 10. gr.

Húsa- og lóðagirðingar mega ekki vera þannig, að rottur og mýs geti falizt þar. Lóðaeigendum er skylt að halda lóðum sínum hreinum og þrifalegum, þ. á m. rústum. Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað lóðareigendum umbætur á lóðum og girðingum í þrifnaðarskygni eftir þörfum.

Á vori hverju gengst heilbrigðisnefnd fyrir almennri vorhreinsun utan dyra í kaптúninu. Skal lóðaeigendum þá skylt að annast á sinn kostnað, eftir fyrirælmum nefndarinnar, þrif á lóðum sínum og lendum og hafa lokið því innan hæfilegs frests, er nefndin setur. Að öðrum kosti skal nefndin láta framkvæma hreinsun lóðarinnar á kostnað húsráðenda.

#### 11. gr.

Eigi má fleygja neins konar rusli eða úrgangi eða öðru því, er getur valdið óheilnæmi, óþef eða óprýði á lóð annars manns, í höfnina innan hafnargarðs, í fjöru eða annars staðar á almannafæri, né skilja slíkt þar eftir eða valda því, að það berist þangað.

#### 12. gr.

Áburð og annað þess háttar, sem óþef getur lagt af eða veldur óþrifnaði, skal flytja í vel þéttum vögnum eða þannig umbúið, að það geti eigi runnið niður, hrunið, fokið eða sletzt við flutninginn.

Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutning, skal sá, sem flytur eða flutningi ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

#### 13. gr.

Sorphaugar, opnar safngryfjur eða forir og annað þess konar, má ekki vera á samþykktarsvæðinu.

#### 14. gr.

Á hús eða girðingar, sem vita að götum eða torgum, má ekki hengja eða festa á annan hátt fiskiföng né annað, sem óþef getur lagt af eða óþrifnaði valdið.

**93** Á tún eða í garða, sem liggja nærri almannafæri, má ekki bera fiskúrgang  
21. ágúst né neinn þann áburð, sem megnan þef leggur af. Ákvæði þetta tekur þó ekki til húsdýraáburðar. Bannað er að bera salernisáburð í matjurtagarða.

Götur kaupþúnsins, torg, hafnarbakka, fjörur, ræsi og annað því um líkt skal hreinsa á kostnað hreppsins, svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

### III. KAFLI

#### Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

15. gr.

Öll hús innan kaupþúnsins skulu taka neytluvatn úr vatnsveitu hreppsins. Þó getur hreppsnefnd veitt undanþágu frá þessu um lengri eða skemmri tíma, enda veiti heilbrigðisnefnd meðmæli sín til þess og ráði tilhögun vatnsbólsins.

16. gr.

Heilbrigðisnefnd lætur rannsaka neytluvatn á samþykktarsvæðinu, svo oft sem þurfa þykir. Hún getur bannað að nota vatn úr vatnsbólum eða látið loka þeim og fylla þau upp, ef henni þykir nauðsyn til þess.

Skip skulu taka vatn úr vatnsveitunni til þvotta á fiskilestum og þilfari, og er bannað að nota til þess sjó úr höfninni.

17. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu, hvort sem á vegum hreppsins eða einstakra manna, skal bera undir heilbrigðisnefnd til samþykkis.

18. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseigandi (á sinn kostnað) leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið. Skal leiða þangað allt skólþ og regnvatn frá húsinu.

Húseigandi skal sjá um hreinsun á þeim ræsum, er liggja frá húsinu, og gæta þess, að frárennsli í þeim stiflist ekki.

19. gr.

Þar sem skólpi verður ekki veitt í götuholræsi, skal veita því burt í vatnsheldum holræsum samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

20. gr.

Þar sem því verður við komið, skal leggja öll skólpræsi til sjávar eða í Hofsa, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruborð. Heilbrigðisnefnd hefur íhlutunarrétt um það, hvar skólpræsi eru lögð til sjávar.

### IV. KAFLI

#### Um salerni, (sorp) hreinsun o. fl.

21. gr.

Hverju íbúðarhúsi á samþykktarsvæðinu skal fylgja salerni. Öll salerni í kaupþúninu skulu vera vatnssalerni, enda nái holræsakerfið til hússins. Þetta ákvæði gildir þó ekki um salerni, sem verkamenn nota við útvinnu.

22. gr.

Hverju húsi skulu fylgja nægilega mörg sorpílát úr málm. Skulu þau jafnan vera lokuð, nema meðan þau eru tæmd eða í þau látið. Í sorpílát þessi skal láta

allt sorp, ösku og rusl úr húsinu og af lóðinni. Skulu ílátin tæmd, áður en þau fyllast, og sorpið flutt burt. Hreppsnefnd getur látið annast brottflutninginn.

93  
21. ágúst

23. gr.

Heilbrigðisnefnd ákveður, hvert sorp skuli flytja. Skal þannig gengið frá því svæði, að ekki geti lagt þaðan óþef eða annar óþrifnaður borizt þaðan til manna-byggða.

V. KAFLI

Um íbúðir.

24. gr.

Um íbúðarhúsnæði fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni.

25. gr.

Héraðslæknir og heilbrigðisnefnd skulu hafa sérstaka gát á þeim íbúðum og íbúðarherbergjum, sem ástæða er til að ætla, að fullnægi ekki nauðsynlegum heilbrigðiskröfum. Getur heilbrigðisnefnd krafizt viðgerða á íbúðum og íbúðarherbergjum, sem ábótavant er, og bannað þau híbýli, sem hún telur óhæf til íbúðar, að einhverju leyti eða öllu. Ef gallar eru ekki hættir innan til tekins tíma, skal með þriggja mánaða fyrirvara senda skriflega tilkynningu um bannið til húseiganda og leigjanda hvernar íbúðar (íbúðarherbergis), enda skal miða við 14. maí eða 1. október næst á eftir, nema svo bráðra aðgerða sé þörf, að framkvæmdir megi ekki dragast.

26. gr.

Húseigendum er skylt að halda húsum sínum hreinum utan sem innan. Bárujárn skal mála svo oft, að vel sé varið fyrir ryði.

VI. KAFLI

Um veggjalýs, kakalakka, rottur og önnur meindýr.

27. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða hvers konar rekstrar.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýra verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar séu ráðstafanir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með honum.

28. gr.

Húsráðendur skulu þegar í stað, er vart verður við rottur eða mýs, tilkynna það heilbrigðisnefnd, sem sér um útrýmingu þeirra.

VII. KAFLI

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks.

29. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks og tilhögun á þeim, er lýtur að þrifnaðar- og hollustuháttum, fer eftir almennum lögum og reglum, sem gilda um það efni á hverjum tíma. (Sbr. lög nr. 23 1. febr. 1952).



93

21. ágúst

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með vinnustöðum. Getur hún krafizt lagfæringar á því, sem á skortir, að gildandi lögum og reglugerðum sé framfylgt.

30. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með hollustuháttum í lesstofum og skrifstofum, sem ekki teljast íbúðir, svo og hvers konar húsnæði, sem notað er til afgreiðslu, verzlunar eða þvilíkra starfa.

31. gr.

### VIII. KAFLI

#### Geymsla söluvarnings.

32. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með geymslu á vörum, einkum neyzlu- og nauðsynjavörum.

33. gr.

Vöruskemmur eða geymslur skulu vera vel loftræstar, rakalausar og rottuheldar.

### IX. KAFLI

#### Um skóla og aðra kennslustaði.

34. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit með skólum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum skal þess gætt, sem greinir í 35., 36., 37. og 38 gr.

35. gr.

Ræsting á skólahúsnæði skal fara fram daglega utan skólatíma, og skulu gólf, borð, bekkir, gluggakistur o. s. frv., rækilega þvegin, en ekki sópuð.

36. gr.

Skólaborð skulu þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Hvorki mega þau vera sprungin né rifin. Hæð skólaborða skal, eftir því sem unnt er, samsvara hæð nemenda.

37. gr.

Enginn kennari, nemandi eða starfsmaður, sem haldinn er næmum sjúkdómi, óværu eða öðrum óþrifakvilla, má sækja skóla. Verði einhver slíks var, skal hann þegar tilkynna það skólastjóra, sem ber ábyrgð á, að viðkomandi láti skólalækni rannsaka sig. Skólalæknir gerir ráðstafanir til varnar gegn útbreiðslu sýkinnar og til lækningar hinum sjúka.

38. gr.

Skóla eða kennslustofu má ekki hafa til annars en kennslu, nema með leyfi heilbrigðisnefndar, enda sé þá fylgt fyrirmælum hennar og kröfum um ræstingu.

### X. KAFLI

#### Um lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

39. gr.

Lækningastofur skulu vera nægilega rúmgóðar og þannig gengið frá gólfi og veggjum, að auðvelt sé að ræsta þær. Í biðstofu skulu vera hæfilega mörg sæti og snagar fyrir yfirhafnir.

Að öðru leyti skal farið eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni. 93  
21. ágúst

## XI. KAFLI

### Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

#### 40. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast nætursakir fyrir borgun.

Svefnherbergi í gistihúsum mega ekki vera minni en svo, að 8 m<sup>3</sup> loftrými komi á hvern gest.

Sængurfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill, hreinn og laus við ólykt. Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, áður en nýjum gesti er vísað til sængur. Gestir skulu hafa aðgang að baði og salerni. Ávallt skal þess gætt, að salerni, handlaugar og bað séu í fyllsta lagi og hreinlætis skal gætt í hvívetna við ræstingu þeirra.

#### 41. gr.

Lofthæð veitingastofu skal vera a. m. k. 2.5 m og hverjum gesti skal ætla a. m. k. 1.5 m<sup>2</sup> gólfplöt. Ekki má vera innangengt milli veitingastofu og herbergja, sem rekstrinum er óviðkomandi.

#### 42. gr.

Á veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, uppþvottar og sótthreinsunar. Í eldhúsum skulu vera vélknúin loftræstingataeki, ef þurfa þykir.

Rétti, sem ekki er neytt innan 4 klst. frá matreiðslu skal geyma í kælskápum, þar sem hiti er undir 5° C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á í minnst 60° hita, unz þeirra er neytt.

#### 43. gr.

Ekki má bera gestum skörðótt eða sprungin matar- eða drykkjarilát, og matreiðslu- og uppþvottataeki skulu heil. Ílát og borðbúnað skal þvo úr heitu sápuvatni og sjóða eða sótthreinsa í hæfilega virkum sótthreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun, og þurrkur, og þvottakústa skal sjóða iðulega. Borðdúkar skulu heilir og hreinir. Dúklaus borð skal þvo hverju sinni eftir notkun. Búr, hillur og þess konar, ber að þvo einu sinni í viku hið minnsta.

Í veitingastofu má ekkert geyma, sem ekki er ætlað til daglegra nota.

#### 44. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í, ber að sótthreinsa, áður en það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, sem hinn sjúki hefur notað.

#### 45. gr.

Starfsfólk má ekki vera haldið næmum sjúkdómi; það skal og hafa heilt hörund og vera hreinlegt í klæðaburði og umgengni.

## XII. KAFLI

### Um kirkjur og önnur samkomuhús.

#### 46. gr.

Veggir, gólf og loft í kirkjum og öðrum samkomuhúsum skal þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur slíks þörf.

93

21. ágúst

47. gr.  
 Í kirkjum og samkomuhúsum skal vera greiður aðgangur að handlaugum, rennandi drykkjarvatni og nægilega mörgum vatnssalernum. Salerni skulu aðgreind fyrir konur og karla.

## XIII. KAFLI

## Um meðferð og sölu matvæla og annarrar neytluvöru.

## A. Almenn ákvæði.

48. gr.

Um meðferð og sölu matvöru og annarrar neytluvöru fer eftir lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni.

49. gr.

Allar matvæla- og neytluvörubúðir skulu háðar eftirliti heilbrigðisnefndar, og er óheimilt að setja slíkar búðir á stofn, nema leyfi hennar komi til.

50. gr.

Gera skal sérstakar ráðstafanir til að gera matvælabúðir og matvælageymslur músa- og rottuheldar, svo og til að eyða þar flugum og öðrum meindýrum.

51. gr.

Afgreiðslufólk í matvæla- og neytluvörubúðum skal háð heilbrigðiseftirliti, og skal það ganga undir rannsókn a. m. k. einu sinni á ári.

52. gr.

Ekki má handfjatla matvöru óumbúna, en nota til þess gaffla, skeiðar eða tengur.

53. gr.

Til umbúða um matvöru skal hafa hreinan umbúðapappír eða annað, sem jafngildir því.

## B. Mjólk og mjólkurvörur.

54. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt, ef aðstæður eru fyrir hendi að krefjast þess, að einungis sé seld gerilsneydd mjólk á samþykktarsvæðinu, svo og að mjólk sé einungis seld í mjólkurbúðum.

55. gr.

Heimilt er að selja ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef framleiðendur fylgja í einu og öllu fyrirmælum gildandi laga og reglugerða um það efni (sbr. reglugerð frá 4. sept. 1953 um mjólk og mjólkurvörur).

56. gr.

Að öðru leyti skal um meðferð mjólkur fara eftir gildandi lögum um það efni.

## C. Um rjómais og mjólkuris.

57. gr.

Hvers konar blanda, sem notuð er í ísfrauð, skal gerilsneydd.

58. gr.

Fitumagn rjómaíss skal vera minnst 15% og fitumagn mjólkuríss minnst 6%. Öll tæki og efni til rjómaisgerðar, svo og húsnaði þar að lútandi, skulu svara ströngustu kröfum um hreinlæti.

93

21. ágúst

*D. Brauðgerðarhús, brauðbúðir og heimabakstur.*

59. gr.

Um brauðgerðarhús, brauðbúðir og bakstur fer eftir almennum lögum.

60. gr.

Í brauðbúðum eða öðrum búðum, sem annast dreifingu á brauði, skulu vörurnar geymdar í luktum skápum. Aldrei má geyma brauð óvarin á afgreiðsluborði eða í hillum. Brauð skulu afgreidd í hreinlegum umbúðum, og forðast skal að handfjatla þau óumbúin.

61. gr.

Sala á heimabökuðum brauðum er því aðeins heimil, að leyfi heilbrigðisnefndar komi til.

62. gr.

Brauðvöru má aldrei hafa til sölu á strætum eða gatnamótum né ganga með hana milli húsa í framboðsskyni.

Brauðvöru má ekki flytja milli brauðgerðarhúsa eða búða, nema í hreinlegum, lokuðum og rykheldum kössum.

*E. Um meðferð og sölu á kjöti.*

63. gr.

Um slátrun og meðferð á kjötvöru fer eftir almennum lögum og reglum um það efni. Óheimilt er að slátra dýrum á almannafæri inni í þorpínu. Öllum dýrum skal slátra í slátruhúsi eða öðrum þeim stað, sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

64. gr.

Heilbrigðisnefnd getur lagt bann við, þegar aðstæður eru fyrir hendi, að kjöt sé selt annars staðar en í kjötbúð.

65. gr.

Gæta skal ýtrasta hreinlætis við öll tæki varðandi kjötsölu. Kæliklefi skal vera í hverri búð, sem annast kjötsölu.

*F. Um meðferð og sölu á fiski.*

66. gr.

Heilbrigðisnefnd getur, þegar aðstæður eru fyrir hendi, krafizt þess, að verzlaniir þær, sem verzla með fisk, geri það einungis í fiskbúðum, sem hlotið hafa viðurkenningu hennar. Skulu þá gilda um þær reglur, sem heilbrigðisnefnd setur.

67. gr.

Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla á lendingarstað eða úr vögnum. Við götusölu skal nota hreinlega, málaða vagna. Hverjum vagni skal fylgja lokað ílát undir úrgang.

68. gr.

Ekki má selja óhreinan eða slorugan fisk til neyzlu, ekki heldur marinn fisk eða illa útlítandi. Skal jafnan vera við höndina ker eða rennandi vatn til þvotta, þar sem fisksala fer fram.

93

21. ágúst

Frá 1. maí til septemberloka má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei má selja fisk, sem ekki hefur verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn frá því, að hann veiddist.

69. gr.

*G. Um meðferð og sölu annarrar neyzluvöru.*

70. gr.

Kornvöru, kex, sykur og aðra neyzluvöru, sem ekki gilda sérstök ákvæði um í samþykkt þessari, og vegin er og mæld jafnóðum og sala fer fram, skal geyma í vel luktum skúffum eða ílátum, sem aldrei mega standa opin. Smjör, smjörlíki og ost skal geyma í luktum glerskápum.

XIV. KAFLI

Um eftirlit með skipum, bátum og bifreiðum.

71. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir almennum lögum og reglum um það efni. (Sbr. lög nr. 50 31. júlí 1958, um eftirlit með skipum, reglugerð nr. 11 20. janúar 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, sóttvarnarlög nr. 34 12. apríl 1954, og lög nr. 10 19. marz 1958, farsóttalög.)

72. gr.

Vistarverum skipshafnar og farþega, svo og bifreiðum, skal haldið eins hreinum og auðið er. Um meðferð matvæla í skipum og bátum gilda sömu reglur sem á veitingahúsum, eftir því sem við verður komið.

73. gr.

Ekki má flytja með skipum eða bátum sjúklinga með næma sjúkdóma, nema með leyfi héraðslæknis, er hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið liggur við.

74. gr.

Ef vart verður meindýra í skipi eða bát, sömuleiðis lúsar, kláða eða annarra óþrifa á skipverjum, skal skipstjóri tilkynna það heilbrigðisnefnd þegar í stað, og ber að hlíta fyrir mælum hennar um upprætingu.

75. gr.

Skipstjórar og útgerðarmenn, bifreiðarstjórar og eigendur bifreiða, bera ábyrgð á, að farið sé eftir fyrir mælum héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um allt, er lýtur að þrífnaði, sóttvörnum og heilsugæzlu í skipum, bátum og bifreiðum. Kyrrsetja má skip og taka bifreið úr umferð, ef brotið er í bága við fyrir mæli héraðslæknis eða heilbrigðisnefndar.

XV. KAFLI

Um vistarverur handtekinna manna.

76. gr.

Heilbrigðisnefnd sker úr um allt, er varðar hollustuhætti húsakynna þeirra, sem um ræðir í þessum kafla.

77. gr.

Gæta skal fyllsta hreinlætis, þvo gólf daglega, á meðan klefi er í notkun, og jafnan milli mannaskipta. Séð skal fyrir nægum hita og góðri loftræstingu.

## 78. gr.

Ef grunur leikur á, að maður haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla hafi verið vistaður í fangaklefa, skal gera sérstakar ráðstafanir til hreinsunar herbergis og rúmfatnaðar samkvæmt fyrirmælum héraðslæknis.

## 93

21. ágúst

## XVI. KAFLI

## Um kirkjugarða, líkhús og líkgeymslur.

## 79. gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglugerðum um það efni. (Sbr. lög nr. 64 23. júní 1932, reglugerðar nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóv. 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum, lög nr. 10 19. marz 1958, farsóttalög.)

## 80. gr.

Vatnsból mega ekki vera nær kirkjugarði en 200 metra, og því aðeins svo nærri, að jarðvegi halli ekki að vatnsbólínu.

## 81. gr.

Líkhús skulu vera úr steinsteypu og þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vita í norður. Rás skal úr gólfi niður í holræsi. Í líkhúsi skal vera rennandi vatn og handlaugar. Líkhús skulu þrífín svo oft sem þurfa þykir og ávallt eftir að lík hefur staðið þar uppi ókistulagt. Leita skal fyrirmæla héraðslæknis um sóttgreinsun, ef í líkhúsi hefur verið geymt lík manns, sem dáíð hefur úr næmum sjúkdómi.

## 82. gr.

Héraðslæknir getur mælt svo fyrir að lík manns, sem dáíð hefur úr næmum sjúkdómi, skuli kistulagt þegar í stað og flutt í líkhús.

## 83. gr.

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús þegar að lokinni lögskipaðri mannskaðarannsókn.

## XVII. KAFLI

## Um peningshús, gripahald o. fl.

## 84. gr.

Þeir sem stunda kvikfjárrækt innan samþykktarsvæðisins, skulu háðir eftirliti heilbrigðisnefndar og hlíta fyrirmælum hennar.

## 85. gr.

Ekki má reisa ný peningshús eða áburðargeymslur eða láta fara fram höfuðviðgerð á slíku mannvirki á samþykktarsvæðinu, nema með samþykki heilbrigðisnefndar. Óheimilt er að reisa gripahús á íbúðarlóðum.

## 86. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaíbúð.

## 87. gr.

Peningshús skulu vera björt og loftgóð, gólf og flór úr steinsteypu, og húsið að öðru leyti þannig gert, að auðvelt sé að hreinsa það. Peningshús skulu kólkuð eða þrífín viðlíka vel að innan a. m. k. einu sinni á ári.

- 93 Gengið skal þannig frá haughúsum og safngryfjum, að ekki berist frá þeim  
21. ágúst ódaunn eða óhreinindi til mannaþustaða eða á almannafæri, og að mönnum eða dýrum stafi ekki hætta af, þótt yfir þau sé gengið.

88. gr.

Loðdýr eða tamda fugla má ekki hafa á samþykktarsvæðinu, nema í heldri girðingu og heilbrigðisnefnd veiti samþykki til.

89. gr.

Hundahald er bannað á samþykktarsvæðinu. Þó getur oddviti að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar leyft mönnum, sem stunda búrekstur utan þorpsins, að hafa smalahunda.

90. gr.

Eigendur búpenings eru skyldir að gæta þess, að gripir þeirra gangi ekki gæzlausir innan þorpsins.

## XVIII. KAFLI

### Lokaatriði.

91. gr.

Sveitarstjórn skal ætíð leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, er að heilbrigðismálum lúta.

92. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað hans. Skal þá greiða kostnaðinn úr sveitarsjóði til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda með lögtaki, ef þörf krefur.

93. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði samþykktar þessarar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrirmælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 5000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum, og rennur sektarféð í sveitarsjóð.

94. gr.

Með mál, er rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

95. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum. Jafnframt er úr gildi felld heilbrigðissamþykkt nr. 85 24. júní 1912 fyrir Hofsóss og Grafaróskauptún í Skagafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Hofsóshrepp, er hreppsnefndin hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. ágúst 1961.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Höfðakaupstað.

94

21. ágúst

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

##### 1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru: Lína, sem hugsast dregin 300 m frá Höfðatá í réttvísandi vestur. Önnur lína frá vesturenda þessarar línu, því sem næst réttvísandi suður í Djúpnagg (fremsta djúpskerið) og þaðan til lands í Hrafnárós.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

##### 2. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan rekstrarkostnað, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Við lok hvers rekstrarárs skal hafnarnefnd semja rekstrar- og efnahagsreikning sjóðsins og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar. Fyrir 1. nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Höfðahrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári.

Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

##### 3. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Höfðahrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd, og jafn marga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á eignum sjóðsins, sem öðrum eignum hreppsins, svo og öllum skuldbindingum sjóðsins.

##### 4. gr.

Hafnarnefnd skal ráða hafnarvörð, er hefur þau störf undir umsjón hafnarnefndar, sem ákveðið er í reglugerð þessari, og annað, sem hafnarnefnd kann að fela honum vegna hafnarinnar. Skal hafnarnefnd setja hafnarverði erindisbréf, er greini sem skýrast störf hans og skyldur. Hafnarvörður sér um innheimtu allra hafnargjalda og annarra tekna hafnarinnar og skulu gjöldin greidd á skrifstofu hans.

Hafnarvörður skal í forföllum sínum setja mann, sem hafnarnefnd samþykkir, í sinn stað og skal sá maður hafa sama vald og hafnarvörður.

### III. KAFLI

#### Um almenna reglu.

##### 5. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum tafarlaust skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur annarra þeirra



94 starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þykir einhverjum sér óréttur 21. ágúst ger, getur hann kært það til hafnarnefndar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Peim, sem ekkert lögmætt erindi eiga um hafnarsvæðið, er bannað að dvelja þar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar fara fram.

7. gr.

Öll skot innan hafnarsvæðisins eru stranglega bönnuð.

8. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa á hafnarsvæðinu. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í slíkum skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu og affermingu þeirra og skal það greinilega auglýst. Álíti hafnarvörður að hætta geti stafað af fermingu og affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og í landi hafnarinnar, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar í hvert skipti.

9. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né gera við gömul skip, nema með leyfi hafnarvarðar, og með þeim skilmálum, sem hann ákveður í samráði við hafnarnefnd. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarvarðar.

10. gr.

Óheimilt er að gera hafnarmannvirki, breyta eða auka við þau hafnarmannvirki, sem nú eru, og einnig fylla upp eða dýpka út frá landi, nema með samþykki hreppsnefndar, og gildir það leyfi því að eins, að samþykki samgöngumálaráðuneytisins sé fyrir hendi. Sé leyfi þetta ekki notað innan tveggja ára frá veitingu, fellur það úr gildi.

11. gr.

Bannað er að kasta seglfestu, fiskúrgangi, ösku, kolum eða öðrum óþrifnaði í sjóinn frá skipum, er liggja við hafnarbryggjur eða á höfninni.

Óheimilt er einnig að leggja skolpleiðslur og annað frárennsli með útrás í skipakvína.

12. gr.

Óheimilt er að taka seglfestu, sand eða mól í landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarnefndar.

#### IV. KAFLI

##### Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

13. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að þau tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skulu í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarvarðar um það, hvar þau skuli leggjast.

Ekki má leggja skipum eða bátum svo nærri bryggjum, að eigi sé, að dómi hafnarvarðar, nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að eða frá, né heldur leggja netum eða duflum svo nærri bryggjum eða á höfninni, að aðgangur verði skipum ógreiður.

Skip mega aldrei leggja svo út frá sér strengi eða önnur festartæki, að umferð 94  
tálmi, enda skulu þau nota festarhringi og festarstólpa hafnarinnar. 21. ágúst

## 14. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður báts eða skips að hlýða skipun hafnarvarðar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

## 15. gr.

Gufuskip eða önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af.

Skylt er að hafa tryggar hlifar milli skips og bryggju.

## 16. gr.

Þeir, sem valdir verða að tjóni á bryggjunni eða öðrum mannvirkjum eða á áhöldum hafnarsjóðs, skulu bótaskyldir. Annað hvort greiði þeir tjónið með upphæð, er um semur við hafnarnefnd, eða viðgerðarkostnað samkvæmt reikningi. Um skaðabótaskyldu fyrir slíkt tjón fer eftir almennum reglum.

Takist ekki samningar um bætur, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, og skal þá krafa um það borin fram innan mánaðar frá því, er matsgerð lauk. Yfirmat skal þá fara fram af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiði sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 17. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarvörður látið færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum. Verði andvirði hins selda skips ekki nægilegt til lúkningar kostnaði, er eigandi ábyrgur fyrir eftirstöðvunum.

## V. KAFLI

## Um notkun bryggjunnar.

## 18. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast að bryggjum hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, svo og afgreiðslubátar slíkra skipa, hafa forgangsrétt til afgreiðslu við bryggju, þó önnur skip liggja þar fyrir. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggju, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

Ef ágreiningur rís, ræður hafnarvörður í hvaða röð skip komast að bryggju.

## 19. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða hafnarгарð, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

94

21. ágúst

Peir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða uppfyllingu og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burtu muni og vörur, jafnskjótt og hann krefst þess. Hafnarvörður getur krafizt gjalds eftir vörur, sem látnar eru liggja á landi hafnarsjóðs.

20. gr.

## VI. KAFLI

## Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

21. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu og lagt er í lægi.

Hafnarvörður ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli fyrir komið.

Nú sannar eigandi geymsluskipis með vottorði tveggja manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, vegna leka, þó það sé mannlaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu í því á þeim tíma árs, er skipum er heimilt að vera án ljósa. Skyld er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggazt eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum, sem lagt er í lægi á höfninni.

## VII. KAFLI

## Um hafnsögugjald.

23. gr.

Öll aðkomuskip, sem fara inn fyrir hafnargarð, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, skyld til að greiða hafnsögugjald eins og hér segir:

Innlend skip greiða hafnsögugjald aðeins einu sinni á ári, nema þau noti hafnsögumann.

Herskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 100 krónur fyrir hvert skip allt að 300 brúttórúmllestir og 10 aura fyrir hverja rúmllest, sem þar er yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 300 brúttórúmllestir og 5 aura fyrir hverja rúmllest, sem þar er yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist hálf t gjald samkvæmt a-lið.
- d. Fyrir að vera úti í skipum greiðist 100 krónur fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, unz hafnsögumaður er aftur kominn heim. Jafnframt greiðist hafnsögugjald undir staflið a. og b.

## VIII. KAFLI

## Um lestagjald.

24. gr.

- a. Allir bátar og skip, sem heima eiga í Höfðakaupstað, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 5 krónur fyrir hverja brúttórúmllest, þó aldrei minna en 100 krónur.

- b. Aðkomubátar og skip, sem stunda fiskveiðar frá Höfðakaupstað og liggja innan hafnargarðs, skulu greiða 1 krónu fyrir hverja brúttórúmllest fyrir hvern mánuð, þó ekki minna en 75 krónur fyrir mánuð eða hluta úr mánuði. **94** 21. ágúst
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, skulu greiða 40 aura fyrir hverja brúttórúmllest í hvert sinn, sem þau koma til hafnar, þó skulu innlend fiskiskip aðeins greiða hálf guld. Strandferðaskip ríkisins skulu ekki greiða guld þetta oft og um tvisvar í mánuði.

## 25. gr.

Undanþegin lestagjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip, dýpkunar-skip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísinda-legra rannsókna, einnig skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur. Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka eða látna.

## IX. KAFLI

## Um ljósagjald.

## 26. gr.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar frá 1. ágúst til 14. maí, að báðum dögum meðtöldum, og hafnargjald greiða samkvæmt hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósa-gjald sem hér segir:

- a. Skip, sem um getur í 24. gr., a-lið, greiði 25 krónur á ári.
- b. Skip, sem getið er um í 24. gr., b-lið, skulu í hvert sinn og þau koma til hafnar greiða 10 krónur.
- c. Öll önnur skip greiða í hvert sinn, er þau koma til hafnar:

Skip undir 200 rúmllestum .....	kr. 15.00
Skip frá 200—400 rúmllestir .....	— 30.00
Skip yfir 400 rúmllestir .....	— 60.00

## X. KAFLI

## Um bryggjugjald.

## 27. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnargarð eða bryggju eða við skip, sem liggur við bryggju eða hafnargarð, skal greiða 15 aura af hverri brúttórúmllest skipsins. Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 10 krónur í hvert sinn.

Skipstjóri sem fer frá bryggju án þess að greiða bryggjugjald skipsins, er sekur um brot á hafnarreglugerðinni.

Undanþegin þessu gjaldi eru sömu skip og ekki greiða lestargjald.

Þeir, sem vilja hafa skip sín í skipakvinni vetrarlangt, skulu æskja þess við hafnarnefnd fyrir 1. september ár hvert. Skipaskvíargjald fer eftir samningi

## XI. KAFLI

## Um vörugjald.

## 28. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í 30. gr.

94

21. ágúst

Vörugjald skal reikna eftir tölu, máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrá. Hafi skipstjóri eða formaður báts farminn óskráðan, skal hann gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt. Þyki hafnarverði ástæða til, getur hann látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við rannsóknina, ella hafnarsjóður. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund, sem hæst gjald greiðist af. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Lægst gjald af hverri sendingu er kr. 1.00. Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, ákveður hafnarvörður það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

30. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

31. gr.

#### Vörugjaldskrá:

- flokkur: Gjald kr. 1.50 hver 100 kg:  
Kol, koks, salt, sement, áburður, saltfiskur, verkaður fiskur, hraðfrystur fiskur, fiskimjöl, sildarmjöl, hrogn, söltuð þunnildi, fiskroð, skreið.
- flokkur: Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:  
Kornvara, sykur, garðávextir, mjólk, hey, fóðurvörur, útlendar, gærun, freðsild.
- flokkur: Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:  
Vikursteinn, asbestplötur, plötujárn, stangajárn, vatnspípur, efni til múrhúðunar og byggingarefni, annað en trjáviður og ekki annars staðar talið, girðingarnet og girðingafeni.
- flokkur: Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:  
Oliur, benzín, smurningsoliur, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, pokar, hessian, herpinætur, kaðlar, leirvörur, pottar, balar, blikkfötur o. þ. h., kjöt, ull, mör, tólg.
- flokkur: Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:  
Bílar, bátavélar, landbúnaðarvélar, vélahlutir, gler, miðstöðvar, gólf-dúkur, saumur, málningavörur alls konar, pappírsvörur alls konar, krossviður, smjör, smjörlíki, jurtafeti, sápur, þvottaduft og aðrar hreinlætisvörur.
- flokkur: Gjald kr. 5.00 hver 100 kg:  
Kaffi, kaffibætir, kex og aðrar brauðvörur, ávextir, nýir og þurrkaðir, niðursuðuvörur, súkkulaði, kakaó, sælgætisvörur, öl og gosdrykkir.
- flokkur: Gjald kr. 1.00 hver 10 kg:  
Vefnaðarvara, fatnaður, skófatnaður, tóbaksvörur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir þyngd og ekki annars staðar taldar.
- flokkur: Gjald 10.00 kr. hvert stykki:  
Eldavélar, þvottavélar, ísskápar, baðker.

9. flokkur: Gjald kr. 0.60 hver 100 kg:  
Ísvarinn fiskur.
10. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hverja tunnu af saltsild og hvers konar sjávarafurðum í tunnum. Af háltunnum reiknast kr. 0.75.
11. flokkur: Tómar tunnur eftir stærð, kr. 0.30, 0.50, 0.60.
12. flokkur: Gjald kr. 0.40 fyrir hvert teningsfet:  
Timbur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir rúmmáli.
13. flokkur: Gjald kr. 5.00 hver gripur eða kind:  
Stórgripir, sauðfé.
- Lægsta vörugjald í öllum flokkum er kr. 2.00.

94

21. ágúst

## XII. KAFLI Um aflagjald.

### 32. gr.

Af heildarafla skips greiðist kr. 8.00 af smálest af slægðum fiski með haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema sild.

Af hverju máli sildar greiðist kr. 0.50.

Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað. Eigandi skips er ábyrgur fyrir greiðslunni. Nú er afli afhentur eða seldur, án þess að gjald þetta hafi verið greitt, og hvílir þá greiðsluskylda einnig á þeim aðila, er þá hefur umráð yfir aflanum.

Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skips hverju sinni. Ef það er ekki gert, skal hafnarvörður áætla gjaldið og innheimta samkvæmt þeirri áætlun. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á afla, þar til gjöldin eru að fullu greidd.

### 33. gr.

Hafnarsjóður hefur einkarétt á vatnssölu til skipa á hafnarsvæðinu.

Þeir, sem ekki hafa gert sérstaka samninga um kaup á vatni frá vatnsveitu hafnarinnar, skulu greiða kr. 10.00 fyrir smálest, þó aldrei minna en kr. 20.00.

## XIII. KAFLI Ýmis ákvæði.

### 34. gr.

Móttakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

### 35. gr.

Formaður báts og skipstjóri skips ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda á skipi sínu.

### 36. gr.

Öll gjöld til hafnarsjóðs samkvæmt þessari reglugerð, svo og sektir allar og bætur, hafa lögtaksrétt, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í skipum og bátum fyrir greiðslu. Skipstjóri eða formaður, sem fer með skip sitt úr höfninni án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, sektir eða bætur, hefur gerzt sekur um brot á reglu-

**94** gerð þessari. Undanþágu frá þessu má þó veita, sé trygging, er hafnarnefnd tekur gilda, 21. ágúst sett fyrir greiðslunni.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

38. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Höfðakaupstað, nr. 209 18. nóvember 1947.

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. ágúst 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**95**

21. ágúst

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 48 21. marz 1955,  
um stýrimannaskólann í Reykjavík.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Aðgang að skólanum geta nýir nemendur ekki fengið eftir að kennsla er byrjuð. Þó má skólastjóri, þegar sérstaklega stendur á, veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Nú sannar umsækjandi með prófi, að hann hafi þá kunnáttu, sem fyrsti bekkur fiskimanna- eða farmannadeildar veitir, og má þá setja hann í síðari bekk fiskimannadeildar, eða í annan bekk farmannadeildar, eftir því sem við á.

Í janúarlök ár hvert skulu nemendur í fyrra bekk fiskimannadeildar ganga undir próf í íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði og í marzlok ár hvert skulu nemendur í 1. bekk farmannadeildar ganga undir próf í sömu námsgreinum, og auk þess í siglingafræði, siglingareglum og eðlisfræði. Próf þessi skulu haldin af kennurum skólans, og þeir einir, sem standast próf, verða fluttir í eldri deild að hausti. Þegar sérstaklega stendur á og kennurum skólans ber saman um, að nemandi hafi næga kunnáttu í þessum námsgreinum, getur skólastjóri þó veitt honum undanþágu frá prófi.

Til þess að standast próf þarf einkunnina 4 í skriflegri stærðfræði, skriflegri siglingafræði, siglingareglum og í íslenzkri ritæfingu, og einkunnina 3 í skriflegri eðlisfræði, munnlegri dönsku og munnlegri ensku, enda sé miðað við sama einkunnastíga og við burtfararpróf.

Próf þessi má einnig halda, áður en skólinn tekur til starfa að haustinu, og er kennurum skólans heimilt að halda áður tveggja vikna námskeið við skólann í fyrrgreindum námsgreinum, einni eða fleiri.

Þá skal og halda próf upp úr 2. bekk farmannadeildar í lok marzmánaðar ár hvert. Prófið skal haldið af kennurum skólans, og skal prófað í þessum náms-

greinum: Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, siglingareglum og skipa-gerð.

95  
21. ágúst

Til þess að standast prófið þarf nemandinn að fá einkunnir sem hér segir:

Í stærðfræði, minnst 4 stig fyrir eina skriflega úrlausn.

Í siglingafræði, minnst 8 stig fyrir 2 skriflegar úrlausnir.

Í íslenzku, minnst 4 stig fyrir eina skriflega úrlausn.

Í siglingareglum, minnst 4 stig fyrir eina munnlega úrlausn.

Í meðaleinkunn, minnst 4 stig.

Farið skal eftir sama einkunnastiga og við burtfararpróf.

Þeir einir, sem standast þetta próf, verða færðir í 3. bekk farmannadeildar að hausti. Þegar sérstaklega stendur á, og kennurum ber saman um, að nemandi hafi næga kunnáttu í þessum námsgreinum, getur skólustjóri þó veitt honum undanþágu frá þessu prófi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

1. Óinnheimt iðgjöld skyldutrygginga .....	kr. 3033269.67
2. — — frjálsra slysatrygginga —	372313.30
3. Endurtryggjendur .....	197699.15
	— 3603282.12
III. Ógreiddir vextir .....	— 875829.17
IV. Verðbréf .....	— 17213571.72
V. Áhættufé í Íslenzkri endurtryggingu .....	— 60000.00
	<hr/>
	Kr. 53525603.58

## Skuldir:

I. Ýmsir skuldheimtumenn:	
1. Ríkissjóður vegna iðgjaldaskatts .....	kr. 55201.71
2. Aðrir .....	— 22740.45
	<hr/>
	kr. 77942.16
II. Ógreiddar bætur:	
1. Skyldutryggingar .....	kr. 5024192.64
2. Frjálsar tryggingar .....	— 316784.82
	<hr/>
	— 5340977.46
III. Ógreitt áhættufé í Íslenzkri endurtryggingu .....	— 60000.00
IV. Iðgjaldavarasjóður frjálsra slysatrygginga .....	— 34249.59
V. Afskriftasjóður .....	— 2284746.16
VI. Höfuðstólsandvirði slysalífeyris .....	— 14841477.84
VII. Varasjóður frjálsra trygginga:	
1. Frá fyrra ári .....	kr. 1615350.63
2. Vextir 1959 .....	— 96921.04
3. Tekjuafgangur frjálsra slysatrygginga ..	— 318421.86
	<hr/>
	— 2030693.53
VIII. Varasjóður skyldutrygginga:	
1. Frá fyrra ári .....	kr. 25599577.39
2. Vextir til varasjóðs skyldutrygginga ....	— 1771400.96
3. Tekjuafgangur skyldutrygginga .....	— 1484538.49
	<hr/>
	— 28855516.84
	<hr/>
	Kr. 53525603.58

Reykjavík, 1. júlí 1960.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

*Þórhallur Hermannsson.*

113

## Rekstrarreikningur Slysatrygginga árið 1959.

### Gjöld:

I. Bætur skyldutryggingar:		
1. Dánarbætur .....	kr. 7258323.64	
2. Örorkubætur .....	— 1495006.71	
3. Dagpeningar .....	— 2376542.54	
4. Kaup og aflahl. lögskr. sjóm. ....	— 313130.24	
5. Sjúkrakostnaður .....	— 934836.40	
		kr. 12377839.53
II. Styrkur til slysavarnastarfsemi .....	— 15000.00	
III. Bætur frjálsra slysatrygginga .....	— 407241.81	
IV. Iðgjaldahluti endurtryggjenda .....	— 837128.96	
V. Kostnaður .....	— 1236758.09	
VI. Vextir:		
1. Til höfuðstóls lífeyris .....	kr. 744267.20	
2. — varasjóðs frjálsra slysatrygginga ....	— 96921.04	
3. — — skyldutrygginga .....	— 1771400.96	
		— 2612589.20
VII. Tekjuafgangur frjálsra slysatrygginga .....	— 318421.86	
VIII. — skyldutryggingar .....	— 1484538.49	
		Kr. 19289517.94

### Tekjur:

I. Iðgjöld skyldutryggingar álögð samkv. 43. gr.		kr. 15431439.90
Til afskriftasjóðs .....	— 771572.00	
		Kr. 14659867.90
Úr afskriftasjóði 1955 .....	— 454268.21	
		kr. 15114136.11
II. Iðgjöld frjálsra slysatrygginga .....	— 914934.42	
III. Þóknun og umboðslaun frjálsra slysatrygginga .....	— 269676.31	
IV. Tjónahluti endurtryggjenda .....	— 378181.90	
V. Vextir .....	— 2612589.20	
		Kr. 19289517.94

Reykjavík, 1. júlí 1960.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

*Þórhallur Hermannsson.*

## Efnahagsreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins 31. des. 1959.

### Eignir:

I. Sjóður og bankainnstæður .....	kr. 6382924.57
II. Innstæða í söfnunarsjóði .....	— 111507.57
III. Verðbréf .....	— 158066750.18
IV. Innheimtumenn .....	— 6684667.52

V. Inneign vegna lífeyris skv. lögum nr. 40 1945 .....	kr.	8085224.85	<b>113</b>
VI. Ógreiddir vextir .....	—	5912990.70	

---

Kr. 185244065.39

**Skuldir:**

I. Skuld vegna iðgjalda skv. lögum nr. 40 1945 .....	kr.	1670514.19
II. Ógreiddur lífeyrir og styrktarfé .....	—	54952.13
III. Viðskiptamenn .....	—	27196.40
IV. Höfuðstólsreikningur:		
1. Frá fyrra ári .....	kr.	155658678.52
2. Aukning 1959 .....	—	27832724.15

---

— 183491402.67

---

Kr. 185244065.39

Reykjavík, 1. júlí 1960.

**TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS**

**Sverrir Þorbjörnsson.**

---

*Þórhallur Hermannsson.*

**Rekstrarreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins árið 1959.**

**Gjöld:**

I. Lífeyrir .....	kr.	7979698.24
II. Endurgreidd iðgjöld .....	—	615051.28
III. Endurfærð iðgjöld vegna laga nr. 40 1945 .....	—	264907.20
IV. Kostnaður .....	—	480000.00
V. Sjúkrasamlagsiðgjöld lífeyrisþega .....	—	840.00
VI. Aukning, sem færast á höfuðstólsreikning .....	—	27832724.15

---

Kr. 37173220.87

**Tekjur:**

I. Iðgjöld .....	kr.	22448973.05
II. Endurgreiddar lífeyrishækkanir .....	—	3810199.07
III. Endurfærður lífeyrir skv. lögum nr. 40 1945 .....	—	1631594.09
IV. Vextir .....	—	9282454.66

---

Kr. 37173220.87

Reykjavík, 1. júlí 1960.

**TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS**

**Sverrir Þorbjörnsson.**

---

*Þórhallur Hermannsson.*

**113 Efnahagsreikningur Lífeyrissjóðs alþingismanna 31. des. 1959.**

<b>Eignir:</b>	
I. Inneign hjá Alþingi .....	kr. 558703.39
II. — — Ríkissjóði .....	— 25877.96
	<hr/>
	Kr. 584581.35
<b>Skuldir:</b>	
I. Skuld við almannatryggingar .....	kr. 510814.79
II. Ógreiddur lífeyrir .....	— 73766.56
	<hr/>
	Kr. 584581.35

Reykjavík, 1. júlí 1960.

**TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS**
**Sverrir Þorbjörnsson.**


---

*Þórhallur Hermannsson.*
**Rekstrarreikningur Lífeyrissjóðs alþingismanna árið 1959.**

<b>Gjöld:</b>	
I. Lífeyrir .....	kr. 673171.00
	<hr/>
	Kr. 673171.00
<b>Tekjur:</b>	
I. Iðgjöld .....	kr. 286169.41
II. Halli 1959 .....	— 387001.59
	<hr/>
	Kr. 673171.00

Reykjavík, 1. júlí 1960.

**TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS**
**Sverrir Þorbjörnsson.**


---

*Þórhallur Hermannsson.*
**Efnahagsreikningur lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna 31. des. 1959.**

<b>Eignir:</b>	
I. Sjóður .....	kr. 1297250.41
II. Verðbréf .....	— 4120928.66
III. Innheimtumenn .....	— 939820.81
IV. Ógreiddir vextir .....	— 120626.46
	<hr/>
	Kr. 6478626.34

## Skuldir:

113

I. Ógreiddur lífeyrir .....	kr.	2577.00
II. Höfuðstólsreikningur:		
1. Frá fyrra ári .....	kr.	5589872.34
2. Aukning 1959 .....	—	886177.00
		<hr/>
		— 6476049.34
		<hr/>
	Kr.	6478626.34

Reykjavík, 1. júlí 1960.

## TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

*Þórhallur Hermannsson.*

## Rekstrarreikningur Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna árið 1959.

## Gjöld:

I. Lífeyrir .....	kr.	517902.00
II. Kostnaður .....	—	18000.00
III. Endurgreidd iðgjöld .....	—	28557.73
IV. Aukning, sem færast á höfuðstólsreikning .....	—	886177.00
		<hr/>
	Kr.	1450636.73

## Tekjur:

I. Tilfallin iðgjöld .....	kr.	932199.51
II. Vextir .....	—	302232.83
III. Endurgreiddar lífeyrishækkningar .....	—	216204.39
		<hr/>
	Kr.	1450636.73

Reykjavík, 1. júlí 1960.

## TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

*Þórhallur Hermannsson.*

## Efnahagsreikningur Lífeyrissjóðs togarasjóðs 31. des. 1959.

## Eignir:

I. Sjóður .....	kr.	8470110.30
II. Verðbréf .....	—	3444000.00
III. Óinnheimt iðgjöld .....	—	3926836.67
IV. Skuld ríkissjóðs vegna lífeyris .....	—	56043.00
V. Ógreiddir vextir .....	—	49706.76
		<hr/>
	Kr.	15946696.73

113

## Skuldir:

I. Ógreiddur lífeyrir .....	kr.	40441.00
II. Ýmislegt greitt eftir áramót .....	—	15450.00
III. Höfuðstóll:		
1. Frá fyrra ári .....	kr.	5632281.05
2. Viðbót á árinu .....	—	10258524.68
		<hr/>
		— 15890805.73

Kr. 15946696.73

Reykjavík, 1. júlí 1960.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

---

*Þórhallur Hermannsson.*

## Rekstrarreikningur Lífeyrissjóðs togarasjómannanna árið 1959.

## Gjöld:

I. Lífeyrir .....	kr.	145076.00
II. Kostnaður .....	—	239210.00
III. Endurgreidd iðgjöld .....	—	204048.16
IV. Rekstrarafgangur .....	—	10258524.68
		<hr/>
		Kr. 10846858.84

## Tekjur:

I. Iðgjöld skv. 9. gr. ....	kr.	9907320.82
II. Framlag ríkissjóðs skv. 1. gr. ....	—	500000.00
III. Lífeyrir endurgr. af ríkissjóði .....	—	49824.00
IV. Vextir .....	—	389714.02
		<hr/>
		Kr. 10846858.84

Reykjavík, 1. júlí 1960.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Þorbjörnsson.

---

*Þórhallur Hermannsson.*

## G J A L D S K R Á

### fyrir Keflavíkurflugvöll.

114

5. ágúst

**1. Lendingargjöld:**

Fyrir hverja landingu skal greiða lendingargjald kr. 27.67 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 13.83 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 46.11.

**2. Flugskýlisleiga:**

Tegund flugvélar:	Leiga á sólarhring:
Flugvélar með einum hreyfli .....	kr. 215.00
Flugvélar með tveimur hreyflum .....	— 430.00
Flugvélar með þremur hreyflum og fleiri ....	— 860.00

**3. Stæðis- og festargjöld:**

Stæðisgjald er ekkert fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

Vænghaf flugvélar:	Leiga á sólarhring:
Undir 12 m .....	kr. 46.11
12—18 — .....	— 92.22
18—24 — .....	— 138.33
24—30 — .....	— 184.44
Yfir 30 — .....	— 206.17

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöld um 50% fyrir þann tíma, sem umfram er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvéla-stæðum.

**4. Gjald af flugvélabenzíni:**

Af flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvöllinum eða frá honum skal greiða flugvöllinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzinlítra .....	kr. 0.415
Á hvert U.S. gallon .....	— 1.567

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 23. febrúar 1960.

*Utanríkisráðuneytið, 5. ágúst 1961.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Hörður Helgason.*

B 31



115

29. ágúst

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.**

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki orðist svo:

Hámarksálagning í smásölu á vindlingum, reyktóbaki, munntóbaki, vindlum, rjólí og neftóbaki skal vera 20%, miðað við verð Áfengis- og Tóbaksverzlunar ríkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast gildi 1. sept. 1961, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 23. ágúst 1958, um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

*Fjármálaráðuneytið, 29. ágúst 1961.***Gunnar Thoroddsen.***Sigtr. Klemenzson.*

116

4. sept.

**REGLUGERÐ****um skemmtanaskatt í Hólmavíkurhreppi í Strandasýslu.**

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning sem haldnar eru í Hólmavík og aðgangur seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig.

1. flokkur.

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- e. Fræðandi fyrirlestrar og upplestrar.

2. flokkur.

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í 1. flokki skal greiða 10% af aðgangseyri og 20% af skemmtun í 2. flokki. Ef skemmtun er margþætt skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.

## 4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Getur hreppsnefnd þannig undanþegið skemmtanir skatti, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, svo og þær skemmtanir, sem haldnar eru sem fræðslu- og menningarstarfsemi.

116

4. sept.

## 5. gr.

Hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé framfylgt og sér um innheimtu skattsins. Heimilt er hreppsnefnd að hafa eftirlit með sölu aðgöngumiða og getur hún enn fremur ráðið sérstakan mann til þess að annast eftirlit með skemmtunum.

## 6. gr.

Hver sá, sem halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin og afhenda honum til stimplunar alla þá aðgöngumiða, sem ætlunin er að nota við skemmtunina.

Eigi síðar en 2 dögum eftir samkomu, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkv. 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir voru.

## 7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn. Sé um félag að ræða, ábyrgjast allir stjórnendur þess gjaldið.

## 8. gr.

Skatttekjur samkv. reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum og verja þeim til menningar og framfarastarfsemi í Hólmavíkurhreppi eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum. Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem opinber mál.

## 10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 4. september 1961.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

Árni Gunnarsson.

**GJALDSKRÁ OG REGLUR**

fyrir Landssímamann.

**I. KAFLI**

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

**A. Stofngjald.**

1. Fyrir 1 línu með 1 venjulegu talfæri .....	kr. 2300.00
2. — hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð. ....	— 1000.00
3. — aukabjöllu (venjulega) .....	— 400.00
4. — tengil .....	— 375.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en hinar venjulegu, sem að framan greinir.

Ofanefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsima, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrir fram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

**B. Afnotagjöld á ársfjórðungi.****I. Fyrir hverja símalínu með venjulegu talfæri.**

Stöðvar	Afgreiðslutími		2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
	klst. á v. degi	Sér lína		
3. fl. ....	2	225	180	135
2. fl. ....	6	365	300	225
1. fl. B .....	10	405	335	255
	14	445	360	280
	24	500	405	300

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því, sem að ofan getur, bætast kr. 5.00 við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar, á milli flokkanna.

**II. Fyrir aukabúnað.**

1. Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð .....	kr. 140.00
2. — — — — annars staðar í sama húsi .....	— 180.00
3. — — — — í öðru húsi, verður ákveðið í hverju tilfelli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.	
4. — hverja venjulega aukabjöllu í sama húsi .....	— 20.00
5. — hvern tengil (með rafvökum) .....	— 30.00

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 2., 3., 4. og 5. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

117  
14. sept.

### III. Almenn ákvæði.

Ofan nefnd afnotagjöld fyrir 1 línu með 1 talfæri og fyrir aukatalfæri hækka um 45% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum mönnum, sem að áliti símstjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkun gildir þó ekki við 3. fl. stöðvar.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Afnotagjöld fyrir miðstöðvarborð og tilheyrandi lagnir, svo og annan símabúnað en að framan greinir, eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

#### C. Gjald fyrir flutning á venjulegum talsímatækjum.

1. Milli húsa við sömu símstöð, fyrir hvert talfæri með línu ..... kr. 1150.00
2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli: ..
  - a. Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarl. á sömu hæð ..... — 230.00
  - b. Annars staðar í sama húsi ..... — 375.00

Ofan nefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið niður í allt að kr. 700.00.

#### D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki við síma af öðrum manni án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald greiðist þó ekki, þegar sonur eða dóttir notandans tekur við símanum.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

#### E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáhalð á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssíma-stöð, greiðist tengigjald kr. 600.00 á ári í kaupþunum og kr. 420.00 í sveitum, þar sem fleiri en einn eru á sömu línu.

#### F. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald,

117  
14. sept.

og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfalli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

## II. KAFLI

### Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar stöðvar.

#### A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með talfæri .....	kr. 3000.00
2. — 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli) —	800.00
3. — 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli) .....	— 1000.00
4. — venjulega aukabjöllu .....	— 400.00
5. — <sup>ny</sup> tengil .....	— 375.00

Stofngjöld fyrir aukatalfæri í öðrum húsum og fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símaþúnaðar en að framan greinir með hliðsjón af línulengd og kostnaði.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símastöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur, — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

#### B. Afnotagjald.

Afnotagjöldin greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og miðast þau að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsiðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

1. Ársfjórðungsgjöldin eru þessi eftir útförnum samtala fjölda á hverri línu, eins og teljarar í stöðinni sýna:

a. Fyrir heimilissíma kr. 500.00 þar í innifalin 600 samtöl, og 80 aurar fyrir hvert samtöl þar fram yfir.

b. Fyrir verzlunar- og atvinnusíma kr. 725.00 þar í innifalin 600 samtöl, og 80 aurar fyrir hvert samtöl þar fram yfir.

Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem póst- og símamálastjórnin ákveður.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símastöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða að loka sínum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn fallist á lagfæringar eða greiði aukagjald.

Notendur mega ekki selja afnot af sínum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá póst- og símamálastjórninni, sem ákveður gjaldið.

## 2. Ársfjórðungsgjald.

Fyrir 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli)	kr. 80.00
— 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	— 170.00
— 1 venjulegt aukatalfæri í öðru húsi verður ákveðið í hverju tilfelli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.	
— 1 tengill	— 12.00
— venjulega aukabjöllu	— 20.00

## 3. Afnotagjöld fyrir þá notendur, sem hafa miðstöðvarborð, reiknast ársfjórðungslega þannig:

a. Línugjald eftir samtalfjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.

b. Miðstöðvarborðsgjald fyrir hvert númer í borðinu:

- kr. 55.00 fyrir handvirk borð (CB).
- 120.00 fyrir sjálfvirk borð (PABX).

Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða.

Fyrir sérstakar gerðir fer eftir samningi í hvert skipti.

c. Talfæragjald: kr. 140.00 fyrir hvert talfæri í sama húsi, annars bætast við línuleigur.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í B. 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

## 4. Afnotagjöld fyrir önnur tæki, línur og sérbúnað en að framan greinir, verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

### C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa, fyrir hvert venjulegt talfæri ..... kr. 1500.00  
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)
2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
  - a. Milli herbergja í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð — 230.00
  - b. Annars staðar í sama húsi ..... — 375.00

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman innanhússflutning að ræða, eða önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist kostnaðurinn samkvæmt reikningi.

Flutningsgjald miðast við sama svæði og stofngjöldin, en þegar farið er út fyrir svæðið, bætist aukagjald við, sem verður ákveðið í hvert skipti.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað má lækka flutningsgjaldið niður í allt að kr. 700.00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 1150.00 ef 6—12 mánuðir líða á milli

117

**D. Viðtökugjald.**

14. sept.

Flytji einhver í hús og taki við síma af öðrum manni án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu. Viðtökugjald greiðist þó ekki, þegar sonur eða dóttir notandans tekur við símanum.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

**E. Leigutími og uppsögn.**

1. Skemmsti leigutími talsímatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfalli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

**III. KAFLI****Notendasímar landssímans í sveitum.**

Um notendasíma landssímans í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern síma er kr. 1500.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Landssíminn viðheldur og rekur símana, en símanotendur greiði til landssímans ársfjórðungslega sem hér segir:

Fyrir hvern síma í sambandi við:

3. fl. landssímastöð .....	kr. 110.00
2. fl. — .....	— 175.00
1. fl. B. — sem er opin 10 klst. á dag .....	— 225.00
— — — allan sólarhringinn .....	— 255.00

3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.
4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssíminn beri nokkurn hluta kostnaðarins.
5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka símann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúendaskipti verði.
6. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips- hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
7. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símatækja og starfrækslu notendasíma.
8. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
9. Stofngjöld greiðist fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjöld greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

10. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kaupúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumar- bústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv. samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi. 117  
14. sept.

#### IV. KAFLI

##### Radíótæki.

##### A. Almenn ákvæði.

1. Hver, sem óskar að starfrækja radiótæki, skal senda póst- og símamálastjórninni umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá ríkisútvarpinu. Verði leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem m. a. er tekið fram, hve lengi leyfið gildi og hin sérstöku skilyrði, sem sett eru fyrir leyfinu. Fyrir hvert leyfisbréf skal greiða kr. 200.00, ef það felur í sér senditæki með 100 watta afli í loftneti eða meira, en kr. 100.00, ef aflið er minna. Fyrir önnur leyfisbréf, sem ekki fela í sér senditæki, skal greiða kr. 25.00 í leyfisbréflagjald.
2. Landssíminn sér um eftirlit með notkun tækjanna og lætur að jafnaði skoða þau einu sinni á ári. Fyrir þetta skal greiða árlegt eftirlitsgjald, sem er kr. 600.00 fyrir stöð með senditæki samanlagt yfir 100 wött í loftneti, kr. 300.00 fyrir senditæki með 20—100 watta afli og kr. 100.00 fyrir minni senditæki.
3. Ef einstökum aðila er veitt leyfi til þess að starfrækja radióstöð á landi til viðskipta við skip varðandi erindi við hann eða fyrirtæki hans má krefjast sérstaks viðskiptagjalds, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.
4. Þegar um senditæki er að ræða, er að jafnaði aðeins veitt leyfi til starfrækslu tækja, sem landssíminn á, en lætur á leigu til starfrækjanda. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur póst- og símamálastjórnin þó heimilað, að starfrækjandi eigi tækin gegn sérstökum skilyrðum.

##### B. Radíótæki á leigu.

##### a. Farstöðvar.

1. Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að taka á leigu loftskýtastöð eða talstöð í íslenskt skip, sendi skriflega umsókn um það til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skírteini.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki (með lömpum) af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign landssímans, og leigir hann skipseiganda þau til afnota í skipinu. Landssíminn annast uppsetningu tækjanna, sem skipseigandi greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagns- uppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki kaupa rafgeyma, rafhlöður og hleðsluspjöld fyrir stöðina og kosta lögn frá rafgeymum til hleðsluspjalda.
3. Leigutaka ber að sjá um, að enginn starfræki stöðina nema sá, sem hefur fengið skírteini frá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum að gæta slíkrar



117

14. sept.

- stöðvar (skirteini loftskammtamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón skipstjóra, sem líti eftir, að stöðin sé vel með farin og geymd.
4. Bæði stöðvarverði og skipstjóra er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana úr skipinu.
  5. Landssíminn annast viðhald vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftneta, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar, straumbreytis og lampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhvirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans.
  6. Óski leigutaki, að viðgerðarvinna fari fram utan venjulegs dagvinnutíma, ber hann aukakostnað vegna þess.
  7. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera váttryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til váttryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast váttryggingu tækjanna í skipum og bátum öðrum en farþega- varðskipa og/eða vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlesta, enda skal leigutaki sjálfur annast váttryggingu tækjanna í þeim skipum. Váttryggingariðgjöld fyrir tæki, sem landssíminn annast váttryggingu á, skal leigutaki greiða landssímanum samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.
  8. Leigutaki er skyldur að koma tækjunum til skoðunar til eftirlitsmanna landssímans í Reykjavík að minnsta kosti einu sinni á ári, eða annars staðar, ef það verður að samkomulagi. Gjaldið fyrir hina árlegu stöðvarskoðun er innifalið í leiguupphæðinni.
  9. Leigutaki skal greiða stofngjald fyrir radiótækin áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leiga og váttryggingariðgjald til næsta gjaldþega. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, og reiknast brot úr ári sem heilt ár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir loftskammtastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta eða minni, en 3 ár fyrir stærri stöðvar.

Að þeim tíma liðnum er uppsagnarfrestur á leigunni 3 mánuðir, og ber leigutaki ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar, þar til uppsagnarfrestur er liðinn. Þó má stytta þennan minnsta leigutíma, er nýr eigandi verður að skipinu innan tveggja ára, sem óskar að tækin verði þar áfram með honum sem leigutaka. Hinn nýi leigutaki fær þá helmings afslátt frá venjulegu stofngjaldi, og nefnist gjaldið þá viðtökugjald.

Sé árleiga og váttryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga og váttryggingariðgjöld ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur landssíminn lokað senditækjunum þannig, að aðeins megi nota þau í neyð. Verði þrátt fyrir það leiga og váttryggingariðgjöld ekki greidd innan eins mánaðar þar á eftir, getur landssíminn tekið hin leigðu tæki úr skipinu. Sama gildir, ef reikningar fyrir uppsetningu og aðgerðir á radióbúnaði í skipum, sem framkvæmdar eru af landssímanum eru ekki greiddar innan eins mánaðar eftir að aðgerð fór fram. Fyrir endurofnun innsiglis greiðist opnunargjald kr. 100.00, og fyrir að flytja stöðina aftur í skipið greiðist raunverulegur kostnaður þó minnst kr. 200.00. Heimilt er að innheimta nefnd talstöðva- og loftskammtastöðvargjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila að viðlagðri lokun símans.

Stofngjöld, leiga og váttryggingarupphæðir fyrir aðrar gerðir radiótækja 117  
 ákveður póst- og símamálastjórnin í hvert skipti.

14. sept.

10. Stöðvar þær og tæki, er landssíminn lætur á leigu, eru að sjálfsögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, er gilda um slíkar stöðvar og rekstur þeirra á hverjum tíma, og getur landssíminn afturkallað leyfisbréf stöðvar, lokað henni og tekið úr skipinu, ef settar reglur er ekki haldnar.
11. Sams konar reglur og fyrir stöðvar í skipum gilda um radiótæki í öðrum farar-tækjum.

#### b. Firðtalstöðvar á afskekktum stöðum.

1. Sá, sem óskar að taka á leigu firðtalstöð til afnota á afskekktum bæ, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar og tilgreini þar nauðsyn þess og aðrar aðstæður.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem leigð eru á hverjum tíma. Leigutaki kostar uppsetningu tækjanna samkvæmt fyrirögn landssímans, svo og uppsetningu loftnets og jarðsambands. Enn fremur skal leigutaki sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum og kosti rafhlöður, rafgeyma og hleðslubúnað þeirra.
3. Leigutaka eða þeim, sem á að starfrækja stöðina, er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu eftir fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru eða settar kunna að verða, um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað starfræksluleyfi stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana burtu.
4. Leigutaka ber að sjá um, að vel sé með stöðina farið og henni haldið þurri og hreinni.
5. Landssíminn ber kostnað af viðgerðarvinnu og efni til stöðvarinnar vegna eðlilegs slits, að undanskildu viðhaldi loftnets, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar og viðtökulampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhirdu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans, svo og ferðalagi viðgerðarmanns, ef viðgerðar er þörf fljótlega.
6. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera váttryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til váttryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast tryggingu tækjanna, enda greiði leigutaki landssímanum váttryggingariðgjöld samtímis leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.
7. Firðtalstöð leigutaka skal afgreiða einungis við þá eða þær talstöðvar landssímans, sem póst- og símamálastjórnin ákveður og á þeim stöðum, sem póst- og símamálastjórnin tiltekur, og má ekki, — nema um neyðarráðstöfun sé að ræða, — hafa viðskipti við aðrar stöðvar, hvort heldur fastastöðvar eða farstöðvar.
8. Gjöld fyrir símtöl og símskeyti, sem afgreidd eru milli stöðvar leigutaka og þeirrar stöðvar landssímans, sem afgreitt er við, eru þau sömu og gilda fyrir talsímanotanda frá sömu landssímastöð.  
 Gjöldin fyrir símtöl og símskeyti, sem afgreidd eru milli stöðvar leigutaka, annarra en leigutaka á afskekktum sveitabýlum, og þeirrar stöðvar, sem afgreitt er við, ákveður póst- og símamálastjórnin hverju sinni.
9. Ársleiga greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir 1. apríl ár hvert. Minnsti leigutími er 2 ár.

117

## c. Stofngjöld, leiga og váttryggingarupphæðir.

14. sept.

Stofngjöld, leiga og váttryggingarupphæðir fyrir helztu gerðir radiótækja verða ákveðin með sérstakri gjaldskrá.

Þegar um er að ræða talstöðvar á afskekktum bæjum, sem teljast til þess flokks, er um getur í III. kafla 10, lækkar stofngjald og leiga niður í sömu upphæð og greitt er fyrir notendasíma í sveitum.

## V. KAFLI

## Símtalagjöld.

## A. Símtalagjöld innanlands

eru sem hér segir fyrir hver 3 mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

## 1. Venjuleg símtöl:

Um	0— 10 km línulengd	.....	kr.	6.00
—	10— 25 — —	.....	—	9.00
—	25—100 — —	.....	—	13.00
—	100—225 — —	.....	—	17.00
—	225—350 — —	.....	—	20.00
	Yfir 350 — —	.....	—	24.00

Þegar línulengd milli símtöðva er innan 6 km, getur póst- og símamála-  
stjórnin þó, þegar línukerfið leyfir og aðstæður eru hagstæðar, sett sérstaka  
gjaldskrá með lægra viðtalsbilagjaldi en að ofan greinir fyrir símtöl milli  
þessara stöðva, eða látið vissan fjölda viðtalsbila milli stöðvanna vera fólgin  
í tilteknu fastagjaldi símanotenda.

Ofanefnd símtalagjöld gilda ekki, þegar um alveg sjálfvirka afgreiðslu  
milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli  
greiðslu fyrir millistöðva símtöl.

2. Hraðsímtöl: þrefalt venjulegt símtalagjald.
3. Forgangshraðsímtöl: tífalt venjulegt símtalagjald.
4. Kvaðning: kr. 2.00.
5. Boðsending: kr. 8.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símastöðinni. Boð-  
sendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður úr símtalinu eða ekki.

## B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-  
málastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

## C. Radíó-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar er fyrir íslensk skip samanlagt:

- a. Venjulegt símtalagjald milli strandarstöðvarinnar og þess, sem talar í landi,  
þó minnst 6.00 krónur fyrir viðtalsbilið.
- b. Strandargjald kr. 10.00 fyrir hvert byrjað viðtalsbil.
- c. Skipsgjald. Engin önnur íslensk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er  
kr. 2.00 fyrir viðtalsbilið. Gjöld fyrir radíó-símtöl við erlend skip eru tilgreind  
í alþjóðagjaldskrá fyrir skip og strandarstöðvar.

**VI. KAFLI**  
**Símskeytagjöld.**

117

14. sept.

**A. Gjald fyrir innanlandskeyti**

er sem hér segir:

1. Venjuleg símskeyti: 150 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 15.00.
2. Innanbæjarskeyti: 90 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 9.00.
3. Blaðaskeyti: 25 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 7.50.
4. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 30.00.
5. Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
6. Símapóstávisanir: Gjald kr. 20.00 án tillits til orðafjölda.
7. Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist aukagjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 10.00 til kr. 15.00 eftir gerð.  
Jóla- og nýjársskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 20.00 milli stöðva, en innanbæjar kr. 12.00.
8. Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landsspítalasjóðs.
9. Loftskeyti og talskeyti: Gjald fyrir loftskeyti og talskeyti um íslenzkar strandarstöðvar við íslenzk skip er samanlagt:
  - a. Venjulegt símskeytagjald innanlands.
  - b. Strandargjald, 90 aurar fyrir orðið. (Strandargjald við erlend skip er 0.60 gullfrankar.
  - c. Skipsgjald. Engin önnur íslenzk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er nú 20 aurar fyrir orðið. Erlend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.  
Fyrir loftskeyti er lágmarksgjald eins og fyrir 7 orða skeyti.
10. Afhending símskeyta í talsíma frá talsímanotanda kostar kr. 3.00 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
11. Afturköllun á símskeyti kostar kr. 1.50, ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
12. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru yfirleitt send ókeypiss allt að 1 kílómetra frá símastöð. Ef símskeyti eiga að sendast lengra, skal greiða kr. 8.00 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegt burðargjald, er ákveðið verður í hvert skipti.
13. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
14. Margar nafnkveðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 5.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 2.00 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símastöðvar.
15. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
16. Viðtökuskirteini símléiðis (PC): Gjaldið er sama og fyrir 7 orða símskeyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskirteini, sem sendast á í pósti (PCP), er gjaldið sama og pósthurðargjald undir einfalt bréf.

**B. Símskeytagjöld til útlanda**

ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-  
málastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

## VII. KAFLI

## Afnót landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. Fyrir afnót landssímalína til skákkeppni greiðist  $\frac{1}{4}$  venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil. Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).
2. Umsóknir um afnót landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendur skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst skólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

## VIII. KAFLI

## Önnur tæki og línur.

## A. Fjarritvélar.

## I. Stofngjald.

Fyrir hverja venjulega fjarritvél án línu ..... kr. 10 000.00

II. Afnotagjald á ársfjórðungi (viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir en ekki pappír) ..... — 3 000.00

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulegustu gerð fjarritvéla. Í afnotagjöldunum er fólgin váttrygging tækjanna. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjald og afnotagjöld fyrir aðrar tegundir fjarritvéla eru ákveðin í hvert skipti.

Stofngjaldið greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald fyrir síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Stytztí leigutími er eitt ár. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

Fyrir utanhúslínur milli fjarritvéla greiðast gjöld samkvæmt kafla B hér á eftir. Fyrir innanhúslagnir og flutninga greiðist stofngjald og afnotagjald eins og fyrir talfæri.

## B. Línur.

Séu línur látnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en ársfjórðungsleiga á hvern km vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m).

1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.6—0.7 mm ..... kr. 180.00 pr. km
2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm ..... — 250.00 — —
3. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1.4—1.7 mm ..... — 350.00 — —
4. Fyrir loftlínu, sem strengd er á stauraröð, sem fyrir er .... — 250.00 — —

Skemmstur leigutími sé ákveðinn með samningum í hvert skipti, en uppsagnarfrestur sé 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## IX. KAFLI

## Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu símnafna greiðist kr. 200.00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 40.00 fyrir hverja skrásetningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## X. KAFLI

## Skrásetning í símaskrána.

117

14. sept.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 35.00. Sé auk aðalsímanotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 80.00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímanotendur geta ekki öðlzt aðalsímanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu þó að aukasímanotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

## Skrásetning í stafrófsskrána.

1. Breytt letur í skrá, hver lína .....	kr. 60.00
2. Aukanafn í skrá .....	— 80.00
3. Aukalínur í skrá, hver lína .....	— 35.00
4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 80.00 + 60.00 .....	— 140.00

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímanotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 80.00 sem aukanafn.

## Skrásetning í atvinnuskrána.

## A. Ókeypis skrásetning.

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímanotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

## B. Skrásetning gegn borgun.

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 25.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 35.00. Auglýsingalína kostar kr. 30.00.

## XI. KAFLI

## Almennir skilmálar.

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða fá breytt sambandi eða aukið samband, er hann hefur áður fengið, tilkynni það forstjóra símastöðvarinnar, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símanna.
2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Landssíminn getur og krafizt, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

- 117 3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða simastöð talsímanotandi skuli  
14. sept. tengjast og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur landssíminn því rofið innanbæjarsímtöl vegna afgreiðslu langlínusímtala, ef þörf krefur.
4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja síma- búnað úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kaupsímanum eru eign landssímans, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa hvenær sem er aðgang að öllum símataekjum og símalögnum.
5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símataeki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti svo og ef þau glatast. Brunatrygging venjulegra símtækja er fólgin í leigunni.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki landssímans, t. d. talfærasnúður o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálf- sögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum, ef ástæða þykir til. Enn fremur er bannað án sérstaks leyfis frá landssímanum að láta aðra en landssímamann annast sótthreinsun talfæra.

6. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það símastjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
7. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur landssíminn slitið sambandinu og tekið tækin burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt því upp.
8. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur staðið ónotaður í 1 ár eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leiguhafi vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði.
9. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á sínum eða tækjum símans, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

#### A. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beiðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.
2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 dögum eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og kostnað við lokun og enduropnun, ef hún hefur ferðakostnað í för með sér. Séu símagjöldin eigi greidd á réttum tíma, má taka þau lögtaki samkvæmt 1. gr. laga 16. desember 1885.

**B. Leigutími.**

117

Engin símatæki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir að símasambandið er fullgert. Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur landssíminn krafizt, að skemmstur leigutími sé lengri.

14. sept.

**C. Uppsögn.**

Að skemmstum leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungsmót með 1 mánaðar fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

**D. Flutningur.**

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það símastjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

**E. Símaskráin.**

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

**XII. KAFLI****Ákvæði um stofnun og rekstur landssímastöðva, annarra en 1. fl. A. stöðva, og samband þeirra við talsímanotendur o. fl.**

Þegar landssímastöðvar eru stofnsettar, gilda að jafnaði eftirfarandi ákvæði um rekstur þeirra:

1. Landssímastöðvum þeim, er hér um ræðir, er skipt í 3 flokka, 1. flokk B, 2. flokk og 3. flokk, og eru þær venjulega opnar eftir flokkum 10, 6 og 2 stundir hvern virkan dag.
2. Stöðvarstjórinn sér stöðinni fyrir húsnæði, ljósi, eldsneyti, ræstingu, samkvæmt nánari reglum þar um, nema öðruvísi sé um samið, svo og starfrækslu, er póst- og símamálastjórnin tekur gilda, enda sé leitað samþykkis hennar á ráðningu afgreiðslumanna.
3. Skuldbindingin um starfræksluna nær til allra þeirra símasambanda, er póst- og símamálastjórnin kann að leggja út frá símastöðunni.
4. Stöðvarstjórar eru skyldir til, þegar þess er krafizt, að fara sjálfir eða láta fara með símalínunum til að bæta skemmdir, er orðið hafa á þeim, gegn venjulegu tímakaupi.
5. Kostnaður við flutning stöðvar verður því aðeins goldinn af landssímanum, að hann fari fram vegna landssímans sjálfs.
6. Stöðvarstjóra ber að senda símskeyti, sem berast til stöðvarinnar, án sérstaks endurgjalds, allt að einum kílómetra frá stöðinni. Ef skeyti eiga að fara lengra, greiðir sendandi kr. 8.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra fjarlægðarinnar. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegan burðareyri, sem ákveðinn er eftir fyrirspurn í hvert einstakt skipti. Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, ber stöðvarstjóra að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan hátt.



117  
14. sept.

- Ef senda þarf eftir mönnum til viðtals í talsíma innan eins kílómetra frá stöðinni, greiðir símtalsbeiðandi kr. 8.00 fyrir sendiferðina. Ef vegalengdin er meiri en 1 kílómetri, greiðist sama gjald og fyrir útburð símskeyta.
7. Ekki mega aðrir afgreiða símtöl eða símskeyti en þeir, er undirskrifað hafa hið lögboðna þagnarheit símamanna.
  8. Stöðvarstjórar skulu mánaðarlega gera reikningsskil innan 15. dags næsta mán-aðar á eftir og að öðru leyti hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem póst- og símamálastjórnin setur.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjarskipti og gengur í gildi 1. okt. 1961. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir umframsímtöl aðeins af símtölum, sem fara fram 1. okt 1961 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur frá 1. marz 1960.

*Póst- og símamálaráðherrann, 14. september 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*G. Briem.*

118  
15. sept.

## AUGLÝSING

### um innflutning bifreiða.

Ráðuneytið vill hér með vekja athygli á því, að eftirfarandi reglur hafa verið settar um innflutning bifreiða:

1. Innflutningur nýrra og ónotaðra bifreiða er frjáls. Hins vegar er innflutningur notaðra fólks-, sendi- og jeppabifreiða, að burðarmagni minna en 3 tonn, háður leyfum (sbr. reglugerð útgefna 15. september 1961, um breytingu á reglugerð 78 27. maí 1960, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi).
2. Innflutningsleyfi fyrir notuðum bifreiðum verða hér eftir aðeins veitt eftirtöldum aðilum:
  - a. Aðilum, sem flytja búferlum til landsins, enda færi slíkir aðilar sönnur á, að þeir hafi átt viðkomandi bifreið erlendis í eigi skemmri tíma en eitt ár.
  - b. Aðilum, sem kaupa bifreiðar af starfsfólki erlendra sendiráða hér, enda mæli utanríkisráðuneytið með sölunni.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands munu annast útgáfu leyfa samkvæmt grein þessari.
3. Gjöld samkvæmt 16. gr. laga nr. 4 1960 verða innheimt við tollafgreiðslu. Verða gjöld þessi innheimt af öllum bifreiðum að burðarmagni minna en 3 tonn að undanskildum jeppabifreiðum. Gjöldin eru ákveðin 135% af fobverði eða eftir atvikum matsverði bifreiða þyngri en 1150 kg, en 100% af bifreiðum 1150 kg og léttari, án tillits til þess, hvort bifreiðin er ný eða notuð.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 15. september 1961.*

F. h. r.

**Jónas H. Haralz.**

*Halldór Jónatansson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði.

119  
3. nóv.

### 1. gr.

#### Lendingargjöld.

#### A. Innanlandsflug:

Fyrir lendingar á flugvælinum eða flughöfninni skal greiða kr. 6.00 á hvert tonn flugvélarinnar, miðað við mesta leyfðan flugtaksþunga, allt að 20 tonnum, en kr. 3.00 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn.

Minnsta gjald er kr. 10.00.

#### B. Millilandafflug:

Fyrir lendingar á flugvælinum eða flughöfninni skal greiða kr. 27.67 á hvert tonn flugvélarinnar, miðað við mesta leyfðan flugtaksþunga, allt að 20 tonnum, en kr. 13.83 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn.

Minnsta gjald er kr. 46.11.

### 2. gr.

#### Flugskýlisleiga.

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 36.00 á fermetra. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 5.00 á fermetra á mánuði, en kr. 50.00 á fermetra á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

Væghaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði
Undir 12 m .....	kr. 10.00	kr. 100.00
12—15 — .....	— 25.00	— 200.00
15—18 — .....	— 40.00	— 300.00
18—21 — .....	— 55.00	— 400.00
21—24 — .....	— 70.00	— 500.00
24—27 — .....	— 80.00	— 600.00
27—30 — .....	— 90.00	— 700.00
yfir 30 — .....	— 100.00	— 1000.00

### 3. gr.

#### Stæðis- og festargjöld.

Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst., en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

Væghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
Undir 12 m .....	kr. 10.00
12—18 — .....	— 20.00
18—24 — .....	— 30.00
24—30 — .....	— 40.00
yfir 30 — .....	— 45.00

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem fram yfir er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum. Sjóflugvélar greiði sömu gjöld fyrir að liggja við legufæri sjóflughafnarinnar.

## 4. gr.

## Leiga fyrir skemmur og bragga.

Mánaðarleiga kr. 1.75 fyrir fermetra af gólfleti eða sem hér segir:

Stórar vöruskemmur, 300 m <sup>2</sup> .....	kr. 500.00 á mánuði
Stórir braggar, 110 m <sup>2</sup> .....	— 190.00 — —
Venjulegir braggar, 55 m <sup>2</sup> .....	— 95.00 — —

## 5. gr.

## Leiga fyrir steinsteypta fleti.

Ársleiga kr. 2.50 á fermetra.

## 6. gr.

## Lóðaleiga.

Ársleiga kr. 2.00—7.00 á fermetra eftir verðmæti lóðarinnar, til hvers hún er notuð og leigutíma.

## 7. gr.

## Gjald af flugvélabenzíni.

## A. Innanlandsflug:

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvællinum eða frá honum til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugvællinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzinlítra .....	kr. 0.09
Á hvert U.S.-gallon .....	— 0.34

## B. Millilandaflug:

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvællinum eða frá honum til notkunar í millilandaflugi, skal greiða flugvællinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzinlítra .....	kr. 0.4158
Á hvert U.S.-gallon .....	— 1.567

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, til að öðlast gildi 15. nóvember 1961 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík, og flughöfnina í Skerjafirði, nr. 123 14. september 1946, ásamt breytingum, nr. 48 27. apríl 1950 og nr. 171 12. september 1951.

*Samgöngumálaráðuneytið, 3. nóvember 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*



122

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum,  
árið 1960.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:			
a. Ríkisskuldabréf .....	kr.	5000.00	
b. Veðskuldabréf Rafveitu Ísafjarðar .....	—	5000.00	
c. Veðdeildarbréf .....	—	6800.00	
d. Ríkistryggð skuldabréf .....	—	10000.00	
e. Hitaveitubréf .....	—	4000.00	
f. Búnaðarbanki nr. 121 .....	—	74979.37	
			kr. 105779.37
2. Vextir:			
a. Af ríkisskuldabréfum .....	kr.	225.00	
b. — veðskuldabréfum Rafveitu Ísafjarðar .....	—	250.00	
c. — veðdeildarbréfum .....	—	340.00	
d. — ríkistryggðum skuldabréfum .....	—	550.00	
e. — hitaveitubréfi .....	—	160.00	
f. — Búnaðarbankainnstæðu .....	—	6444.81	
			— 7969.81
			Kr. 113749.18

## Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:			
a. Ríkisskuldabréf .....	kr.	5000.00	
b. Veðskuldabréf Rafveitu Ísafjarðar .....	—	3750.00	
c. Veðdeildarbréf .....	—	6300.00	
d. Ríkistr. skuldabr. Byggingarsj. stjórnarráðsins .....	—	10000.00	
e. Hitaveitubréf nr. B-2027—2028 .....	—	2000.00	
f. Búnaðarbankainnstæða nr. 121 .....	—	84499.18	
			— 111549.18
2. Styrkir:			
a. Til Búnaðarsambands Austurlands .....	kr.	1000.00	
b. — Hallormsstaðaskóla .....	—	1200.00	
			— 2200.00
			Kr. 113749.18

Í félagsmálaráðuneytinu, 29. maí 1961.

Hjálmar Vilhjálmsson.

## REIKNINGUR

123

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar  
og Sigurbjargar Guðnadóttur árið 1960.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:		
a. Söfnunarsjóður nr. 385 .....	kr.	1132785.82
b. Útvegsbanki nr. 9253 .....	—	115264.65
c. Sérskuldabréf Silla & Valda .....	—	265200.00
d. — Siglufjarðar .....	—	67000.00
e. — B. S. F. R. ....	—	20000.00
f. — B. S. S. R. ....	—	10000.00
g. — Óskars G. Jóhannssonar .....	—	60666.68
h. — B. S. F. R. v/ Ólafs Helgasonar .....	—	75527.84
i. — B. S. F. R v/ Kjartans Júlíuss. ....	—	50000.00
		<hr/>
		kr. 1796444.99

## 2. Vextir:

a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	kr.	73631.08
b. — innstæðu í Útvegsbanka Íslands .....	—	12010.30
c. — skuldabréfi Silla & Valda .....	—	13260.00
d. — — Siglufjarðar .....	—	2680.00
e. — — B. S. F. R. ....	—	1300.00
f. — — B. S. S. R. ....	—	600.00
g. — — Óskars G. Jóhannssonar .....	—	—
h. — — Ólafs Helgasonar .....	—	5286.95
i. — — Kjartans Júlíussonar .....	—	3500.00
		<hr/>
		— 112268.33

Kr. 1908713.32

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
a. Söfnunarsjóður .....	kr.	1206416.90
b. Innstæða í Útvegsbanka Íslands 9253 .....	—	176287.11
c. Sérskuldabréf Silla & Valda .....	—	249600.00
d. — Siglufjarðar .....	—	65000.00
e. — B. S. F. R. ....	—	20000.00
f. — B. S. S. R. ....	—	10000.00
g. Óskar G. Jóhannsson .....	—	60666.68
h. B. S. F. R. v/Ólafs Helgasonar .....	—	70742.63
i. B. S. F. R. v/Kjartans Júlíussonar .....	—	50000.00
		<hr/>

Kr. 1908713.32

Í félagsmálaráðuneytinu, 30. maí 1961.

Hjálmar Vilhjálmsson.

124

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar árið 1960.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716 .....	kr. 44905.87	
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 2918.88	

---

 Kr. 47824.75

## Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716 .....	kr. 47824.75	

---

 Kr. 47824.75

*Í félagsmálaráðuneytinu, 29. maí 1961.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

125

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Þórarins Tulinius árið 1960.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:		
a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709 .....	kr. 19970.77	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 129 .....	— 11622.94	

---

 kr. 31593.71

## 2. Vextir:

a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	kr. 1298.10	
b. — Búnaðarbankainnstæðu .....	— 910.53	

---

 — 2208.63

---

 Kr. 33802.34

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709 .....	kr. 20100.58	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 129 .....	— 13701.76	

---

 — 33802.34

---

 Kr. 33802.34

*Í félagsmálaráðuneytinu, 29. maí 1961.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

## Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um breytingar á kirkjusókn í N.-Múlaprófastsdæmi.

126  
22. sept.

Með skírskotun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 19. þ. m., varðandi tilmæli heimilismanna á fjórum bæjum í Kirkjubæjarsókn í N.-Múlaprófastsdæmi (Dratthalastöðum, Ekru, Tjarnarlandi og Stóra-Steinsvaði), um að nefndir bæir megi framvegis af hagkvæmnisástæðum eiga kirkjusókn í Hjaltastaðasókn í sama prófastsdæmi, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki viðkomandi safnaða og héraðsfundar fyrir þessari ráðstöfun svo og meðmæli yðar, samþykkir ráðuneytið með vísan til 8. gr. laga nr. 31/1952, um skipun prestakalla, að fyrrgreindir bæir skuli framvegis tilheyra Hjaltastaðasókn.

## REGLUGERÐ

127

15. sept.

### um breytingu á reglugerð nr. 78 27. maí 1960, um innflutnings- og gjaldeyrisleifi.

#### 1. gr.

Innflutningur á nýjum og ónotuðum bifreiðum skal vera frjáls, enda sé við tollafgreiðslu greitt af bifreiðum gjald samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Liðurinn um bifreiðar í 1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 75. kafli tollskrár nr. 1, 4b, d, 5a—c og e, orðist svo:

#### Tollskrá

#### Kafli Nr.

- 75 1, 4b, d, 5a—c og e Notaðar bifreiðar, þó ekki slökkvi- og sendiferðabifreiðar, snjóbifreiðar, kranabifreiðar, steypuhræribifreiðar, vörubifreiðar og grindur, að burðarmagni 3 tonn og þar yfir, og almenningsbifreiðar (langferðabifreiðar og strætisvagnar).

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 15. september 1961.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Jónas H. Haralz.*



128

22. sept.

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 53 12. apríl 1959 fyrir Reykjavíkflugvöll, umferð, öryggi o. fl.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar, um lágmark skýjahæðar og skyggnis, falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir og lögum nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

129

23. sept.

**AUGLÝSING**

um umferð í Garðahreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Garðahrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaптúninu skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958.

1. **Einstefnuakstur.**

Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur á eftirtöldum götum: Aratúni, Faxatúni og Goðatúni frá húsinu nr. 5 við þá götu. Ekið er inn í göturnar að sunnanverðu.

2. **Hámarkshraði.**

Hámarkshraði hefur verið ákveðinn 35 km á klukkustund innan kaптúnsmarkanna. Á Reykjanesbraut gilda þó áfram reglur þær, sem settar eru í auglýsingu nr. 124/1960.

*Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 23. september 1961.*

**Björn Sveinbjörnsson,**  
settur.

**AUGLÝSING**  
um umferð í Reykjavík.

**130**  
25. sept.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar á Furumel.

Þetta tilkynnist þeim, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. september 1961.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

**AUGLÝSING**

**131**  
28. sept.

um viðauka og breytingar á Lyfsöluskrá I frá 1. september 1959.

Frá og með 30. september 1961 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á lyfsöluskrá I frá 1. september 1959.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. september 1961.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**AUGLÝSING**

**132**  
28. sept.

um viðauka og breytingar nr. 1 á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

Frá og með 30. september 1961 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. september 1961.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

133

30. sept.

## AUGLÝSING

um breyting á Lyfsöluskrá I frá 15. september 1959.

Frá 1. október 1961 breytist verð á lyfjum samkvæmt Lyfsöluskrá I frá 15. september 1959 þannig, að álag það, sem ákveðið var 32% frá og með 28. nóvember 1960, verði 50%, og afgreiðslugjald, sem ákveðið var kr. 2.00 á hverja afgreiðslu lyfja í lausasölu skv. lyfsöluskrá I, verði kr. 2.25. Enn fremur að 25% álag það, sem ákveðið var 1. maí 1960 á verð á umbúðum og öðrum en ampúllum og hettuglösum, sem sérstaklega eru reiknaðar með í einingarverði injectabilia í lyfsöluskrá I breytist í 40%.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. september 1961.*

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

134

30. sept.

## AUGLÝSING

um breyting nr. 2 á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

Frá 15. október 1961 hækkar verð lyfja samkvæmt lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961 um 12%.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. september 1961.*

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

135

2. okt.

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

## I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

## A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á 360 aura hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 100 aura hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi 550 kr. á ári fyrir allt að 25 m<sup>2</sup> gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 17 kr. fyrir hvern m<sup>2</sup> umfram 25 m<sup>2</sup>. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum en fyrir geymslur og ganga skal deila í fermetragjaldið með 3.5.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjaldið skv. 1. og 2. tölulið við kilovoltamperstundir í stað kilowattstunda.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

135

Um einn kwst.mæli á 79 aura hverja kwst. og auk þess fastagjald kr. 65 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. 2. okt.

**C. Vélanotkun.**

1. Um kwst.mæli, þannig reiknað, miðað við eitt ár:
  - Fyrstu 5 000 kwst. 210 aura hver kwst.
  - Næstu 10 000 kwst. 140 aura hver kwst.
  - Umfram 15 000 kwst. 100 aura hver kwst.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 20 kw:
  - 650 kr. árskwst. fyrir fyrstu 50 kw.
  - 540 — árskwst. fyrir næstu 50 kw.
  - 430 — árskwst. fyrir umfram 100 kw.

Minnsta aflgjald er kr. 13.000 á ári.

Auk þess greiðist kwst.gjald, þannig reiknað, miðað við eitt ár:

Fyrstu 200 000 kwst. á 30 aura hver kwst.

Umfram 200 000 kwst. á 22 aura hver kwst.

Verði raunstuðullinn lægri en 0,8, er heimilt að miða aflgjaldið við 80% af mestu kVA-notkun í stað mestu kw-notkunar.

**D. Hitun.**

1. Um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
3. Um kwst.mæli á 15 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn frá kl. 9 til kl. 21. Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem er yfir 2000 m<sup>3</sup> að stærð eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta í té straum á tímabilinu frá kl. 12.30 til kl. 15.30.

*Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafizt.
- d. Að húsið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
- e. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafizt og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

**E. Stórnotkun.**

Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kw.

Aflgjald: Innkaupsverð frá Sogsvirkjun + 45%

Orkugjald: Innkaupsverð frá Sogsvirkjun + 74%

**F. Önnur notkun.**

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

- 135** 2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, þannig:  
 2. okt. a. Um kwst.mæli á 190 aura hverja kwst.  
 b. — mestastraumsrofa, þannig:
- |           |        |           |
|-----------|--------|-----------|
| 1 A á kr. | 30.00  | á mánuði. |
| 2 — — —   | 60.00  | — —       |
| 3 — — —   | 90.00  | — —       |
| 4 — — —   | 120.00 | — —       |
| 5 — — —   | 150.00 | — —       |
| 6 — — —   | 180.00 | — —       |

Rafveitustjóri ákveður, hvort settur skuli upp kwst.mælir eða mestastraumsrofi.

3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitustjórnar.  
 4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitustjórnar komi til.

## II. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal miða við flutningsgetu heimtauganna samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m, skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur	Loftlína			
		Lágmark kr.	Yfirlengd kr/stólpa		
60 A	1-fasa	3 700	240	2 800	3 200
100 —	—	4 900	290	3 600	4 000
60 —	3-fasa	4 900	290	3 600	4 000
100 —	—	6 600	330	4 800	5 000
200 —	—	13 200	500	9 600	6 000
350 —	—	23 100	750		

Fyrir heimtaugar með flutningsgetu 150 kVA og þar yfir, skal greitt heimtaugargjald, er nemi 177 kr. á hvert kVA.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá varkassa stytztu greiðfæra leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug út frá loftlínu, skal lengd heimtaugarinnar reiknuð jöfn lengd þess jarðstrengs, sem notaður er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Óski húseigandi eftir, að jarðstrengsheimtaug verði breytt úr 1-fasa í 3-fasa heimtaug eða að flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna samkvæmt kostnaði.

Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, vegna breytingar á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða þann mismun, sem er á jarðstrengsheimtaug og loftlínuheimtaug samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram. Rafveitan skal hins vegar kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu verður samfara, en ekki málningu eða annan kostnað, sem af þessu kynni að stafa. Sé mikill kostn-

aður við breytinguna, getur stjórn rafveitunnar skyldað húseiganda til að taka þátt í kostnaði á breytingu stofntaugarinnar. 135  
2. okt.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda, en gera skal honum þá aðvart um það fyrir fram.

### III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun, 50 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur geitt 50 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 266 30. desember 1960.

*Atvinnumálaráðuneytið, 2. október 1961.*

F. h. r.

**Gunnlaugur E. Briem.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

um veiting lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

136

3. okt.

### I. Lækningaleyfi.

#### 1. gr.

Til þess að kandídat í læknisfræði geti átt rétt á að öðlast ótakmarkað lækningaleyfi, skal hann að prófi loknu hafa lokið því framhaldsnámi, er hér greinir:

1. Verið námskandídat eða unnið samsvarandi kandídatstörf á viðurkenndu, almennu sjúkrahúsi í 11 mánuði, 6 mánuði á lyflæknisdeild og 5 mánuði á handlæknisdeild, eða 11 mánuði á óskiptu sjúkrahúsi, sem hefur á að skipa sérfræðingi í lyflækningum og handlækningum. Kandídatar, sem ljúka almennu framhaldsnámi í Reykjavík, skulu þó vinna tveggja mánaða kandídatsvinnu á Slysavarðsstofu Reykjavíkur, og styttist þá sjúkrahúspjónustan samsvarandi, að jöfnu á lyflæknis- og handlæknisdeild, þegar um slíka deildarskiptingu er að ræða.

2. Unnið kandídatstörf í tvo mánuði á viðurkenndri fæðingarstofnun.

- 136 3. Um skyldubjónustu læknakandidata í læknishéraði, áður en þeir geta hlotið  
3. okt. almennt lækningaleyfi, fer eftir lögum nr. 51/1942, sbr. auglýsingu nr. 155/1942.

## II. Sérfræðileyfi.

### 2. gr.

Til þess að læknir geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi, skal hann hafa hlotið ótakmarkað lækningaleyfi hér á landi, sbr. 1. gr. og lagt stund á sérgrein sína á þann hátt og eigi skemur en segir í 4. gr., sbr. 3. gr. Enn fremur skal hann hafa samið ritgerð um efni sérgreinar sinnar, er að verulegu leyti sé byggð á eigin athugun og rannsókn, og fengið hana birta í viðurkenndu sérfræðiriti tilheyrandi sérgreinar. Slíkrar ritgerðar er ekki krafizt af umsækjanda, sem lokið hefur doktorsprófi. Enginn getur öðlast sérfræðiviðurkenningu fyrr en 7 ár eru liðin frá kandidatsprófi.

### 3. gr.

Þess er krafizt, að sjúkrahús þau og aðrar stofnanir, þar sem sérnám er stundað, séu viðurkenndar til slíks sérnáms í heimalandi sínu. Þess er og krafizt, að læknar þeir, sem sérnám stunda, séu að fullu starfandi aðstoðarlæknar á þeim sjúkrahúsum (stofnunum), þar sem þeir nema sjálfa sérgrein sína, og að fullu starfandi læknar, þar sem þeir nema undirbúnings- eða stuðningsgreinar sérgreinarinnar. Frá þessu ákvæði má þó veita undanþágu, ef sérstakar ástæður þykja til þess að mati læknaeildar. Áheyrnarvist telst ekki fullnægjandi. Nám á sérfræðinámskeiði má þó viðurkenna í stað takmarkaðs hluta tilskilins starfstíma á sjúkrahúsi eða öðrum stofnunum.

### 4. gr.

Sérfræðileyfi má veita í eftirtöldum greinum læknisfræði, að loknu því sérnámi, er greinir undir hverjum lið, sbr. 3. gr.

#### 1. Lyflækningar:

a. Á lyflæknisdeild .....	3	ár
b. - lungnasjúkdómadeild .....	$\frac{1}{4}$	árs
c. - barnadeild .....	$\frac{1}{4}$	—
d. - almennri lækningarannsóknardeild .....	$\frac{1}{4}$	—
e. - farsóttadeild .....	$\frac{1}{6}$	—
f. - húðsjúkdómadeild .....	$\frac{1}{12}$	—

---

Samtals 4 ár

#### 2. Handlækningar:

a. Á handlæknisdeild .....	3 $\frac{1}{2}$	ár
b. - meinafræðistofnum .....	$\frac{1}{2}$	—

---

Samtals 4 ár

#### 3. Geðlækningar:

a. Á lyflæknisdeild .....	1	ár
b. - geðsjúkdómadeild .....	2 $\frac{1}{2}$	—
c. - taugasjúkdómadeild .....	$\frac{1}{2}$	—

---

Samtals 4 ár

## 4. Kvensjúkdómar og fæðingarlækningar:

a. Á handlæknisdeild .....	1½ ár	3. okt.
b. - kvensjúkdóma- og fæðingardeild .....	2 —	
c. - meinafræðistofnun .....	½ —	
Samtals	4 ár	

136

## 5. Berklalækningar:

a. Á lyflæknisdeild .....	2 ár
b. - berklahæli .....	1¼ árs
c. - berklavarnarstöð .....	½ ár
d. - lungnahandlæknisdeild .....	¼ árs
Samtals	4 ár

## 6. Barnalækningar:

a. Á lyflæknisdeild .....	¾ árs
b. - farsóttadeild .....	¼ —
c. - barnasjúkdómadeild .....	2¾ —
d. - ungbarnaeftirlitsstöð .....	¼ —
Samtals	4 ár

## 7. Taugalækningar:

a. Á lyflæknisdeild .....	1 ár
b. - taugasjúkdómadeild .....	2 —
c. - geðsjúkdómadeild .....	½ —
d. - taugahandlæknisdeild .....	½ —
Samtals	4 ár

## 8. Húð- og kynsjúkdómalækningar:

a. Á lyflæknisdeild .....	1 ár
b. - húð- og kynsjúkdómadeild .....	2½ —
c. - farsóttadeild .....	⅙ árs
d. - barnasjúkdómadeild .....	⅙ —
e. - geislalækningadeild, þar sem húðsjúkdómar eru sérstaklega teknir til meðferðar .....	⅙ —
Samtals	4 ár

Í stað 2½ árs vistar á húð- og kynsjúkdómadeild getur komið 2 ára vist á húðsjúkdómadeild og ½ árs vist á kynsjúkdómadeild eða lækningastöð fyrir kynsjúkdóma.

## 9. Bæklunarlækningar:

a. Á handlæknisdeild .....	1 ár
b. - bæklunarsjúkdómadeild .....	2¾ árs
c. - deild fyrir útvortis berkla .....	¼ —
Samtals	4 ár



<b>136</b>	<b>10. Háls-, nef- og eyrnalækningar:</b>		
3. okt.	a. Á handlæknisdeild .....	1	ár
	b. - háls-, nef- og eyrnasjúkdómadeild .....	3	—
		<hr/>	
	Samtals	4	ár
	<b>11. Augnlækningar:</b>		
	a. Á lyflæknisdeild .....	½	ár
	b. - augnlækningadeild .....	3	—
	c. - taugasjúkdómadeild .....	½	—
		<hr/>	
	Samtals	4	ár
	<b>12. Taugahandlækningar:</b>		
	a. Á handlæknisdeild .....	2	ár
	b. - taugahandlæknisdeild .....	3	—
		<hr/>	
	Samtals	5	ár
	<b>13. Skapnaðarlækningar:</b>		
	a. Á handlæknisdeild .....	2	ár
	b. - skapnaðardeild .....	3	—
		<hr/>	
	Samtals	5	ár
	<b>14. Orkulækningar:</b>		
	a. Á lyflæknisdeild .....	1	ár
	b. - bæklunarsjúkdómadeild .....	½	—
	c. - orkulækningadeild .....	2	—
	d. - taugasjúkdómadeild .....	½	—
		<hr/>	
	Samtals	4	ár
	<b>15. Röntgenlækningar:</b>		
	<b>A. Geislagreining:</b>		
	a. Á lyflæknisdeild .....	⅓	árs
	b. - handlæknisdeild .....	⅓	—
	c. - meinafræðistofnun .....	⅓	—
	d. - geislagreiningardeild eða óskiptri röntgendeild .....	3	ár
		<hr/>	
	Samtals	4	ár
	<b>B. Geislalækning:</b>		
	a. Á lyflæknisdeild .....	⅓	árs
	b. - handlæknisdeild .....	⅓	—
	c. - meinafræðistofnun .....	⅓	—
	d. - húðsjúkdómadeild .....	¼	—
	e. - geislalækningadeild .....	2¾	árs
		<hr/>	
	Samtals	4	ár

Í stað 2¾ árs á geislalækningadeild má koma 1¾ árs á slíkri deild og 1 ár á óskiptri röntgendeild.

## 16. Svæfingar og deyfingar:

a. Á lyflæknisdeild .....	1/2 ár	3. okt.
b. – handlæknisdeild .....	1/2 —	
c. – handlæknisdeild undir handleiðslu svæfingar- og deyfingarlæknis	3 —	
	<hr/>	
	Samtals 4 ár	

## 17. Lækningarannsóknir:

a. Á lyflæknisdeild .....	1/2 ár
b. – handlæknisdeild .....	1/2 —
c. – almennri lækningarannsóknardeild .....	3 —
	<hr/>
	Samtals 4 ár

## 18. Aðrar greinar læknisfræði:

Veita má sérfræðileyfi í öðrum greinum læknisfræði en þeim, er að framan greinir, að fullnægðum samsvarandi kröfum um sérmenntun.

Jafnframt því sem sérfræðileyfi er veitt í lyflækningum (sbr. 1. tölulið) eða handlækningum (sbr. 2. tölulið), má veita leyfisþega viðurkenningu fyrir sérþekking í undirgreinum aðalgreinarinnar, svo sem lyflæknum í meltingarfæralækningum, hjartalækningum, lungnalækningum o. s. frv., og handlæknum í þvagfæralækningum, brjóstholshandlækningum o. s. frv. Til þess að geta öðlazzt slíka aukaviðurkenningu, er þess krafizt, að leyfisþegi hafi auk hins tilskilda sérnáms starfað a. m. k. árlangt undir handleiðslu viðurkennds sérfræðings í aukagreininni.

Læknir getur ekki verið viðurkenndur sérfræðingur nema í einni grein.

## III. Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði:

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. og 5. gr. laga nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl., sbr. lög nr. 27 21 maí 1960, öðlast þegar gildi og er jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 15 20. febrúar 1936 ásamt breytingu nr. 129 3. nóvember 1955, um framhaldsnám kandiata í læknisfræði til að geta öðlazzt ótakmarkað lækningaleyfi og um sérmenntun lækna til að geta öðlazzt sérfræðingaleyfi.

Læknum, sem fullnægja kröfum um framhalds- eða sérfræðináam samkvæmt ákvæðum hinnar fyrri reglugerðar, má þó allt til 31. desember 1962 veita lækningaleyfi eða sérfræðileyfi samkvæmt ákvæðum þeirrar reglugerðar.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. október 1961.*

**Jóhann Hafstein.**

**Baldur Möller.**

137  
4. okt.

## HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

### fyrir Flateyrarhrepp í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

#### I. KAFLI

##### A. Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Flateyrarhrepps.

###### 2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar með leyfi heilbrigðisnefndar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðháttá.

###### 3. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn. Hreppstjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er hreppstjóri formaður hennar. Þriðja nefndarmanninn kýs hreppsnefnd, að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum.

###### 4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft, sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust. Skytt er og að kveðja nefndina á fundi, ef einhver nefndarmanna æskir þess.

###### 5. gr.

Heilbrigðisnefnd kýs fundarritara úr sínum hópi og heldur gerðabók. Skulu í hana skráðar fundargerðir svo og kærur, sem nefndinni berast.

###### 6. gr.

Formaður sér um, að fyrirmælum og samþykktum heilbrigðisnefndar sé framfylgt. Þó getur hann neitað að sjá um framkvæmd þeirra, og skal málinu þá skotið til hreppsnefndar. Ef hún samþykkir fyrirmælin, er formanni skytt að hlíta þeim úrskurði.

###### 7. gr.

Ágreiningi um heilbrigðisráðstafanir, milli heilbrigðisnefndar eða héraðslæknis annars vegar og hreppsnefndar hins vegar, má skjóta til yfirstjórnar heilbrigðismála.

###### 8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt, ef heilbrigðisnefnd telur það æskilegt, að ráða sérstakan heilbrigðisfulltrúa. Skal hann þá starfa samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefnd setur honum í samráði við heilbrigðisnefnd. Heilbrigðisfulltrúi situr fundi heilbrigðisnefndar.

###### 9. gr.

Á fjárhagsáætlun hreppsins skal jafnan í samráði við heilbrigðisnefnd veitt nokkur fjárhæð, er heilbrigðisnefnd getur ráðstafað til nauðsynlegra heilbrigðisframkvæmda svo og til greiðslu kostnaðar vegna bréfaskrifta og bókhalds. Að öðru leyti skal jafnan leita samþykkis hreppsnefndar, áður en framkvæmdir eru hafnar, sem hafa útgjöld í för með sér.

Heilbrigðisnefnd getur þó á eindæmi sitt látið gera umbætur, sem ekki þola bið, en leita skal þá samþykkis hreppsnefndar, svo fljótt sem við verður komið.

## B. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.

### 10. gr.

Heilbrigðisnefnd skal sjá um, að haldin séu ákvæði samþykktar þessarar svo og laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Hún skal yfirleitt vera á verði um allt það, er varðar heilbrigði og hollustuháttu á samþykktarsvæðinu og setur um það, í samræmi við lög og reglur, fyrirmæli, sem öllum, er hlut eiga að máli, er skylt að hlíta.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er samþykkt þessi fjallar um svo og annað það, er varðar heilbrigði manna eða þrifnaðarháttu, hvort heldur er á almannaferi eða hjá einstaklingum, utan húss eða innan.

- a. Nefndin hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og lætur fara fram hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum. Nefndin getur krafizt lagfæringa og viðgerða á lóðum og portum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar.
- b. Nefndin hefur eftirlit með vatnsveitu og vatnsbólum, sömuleiðis með vatni á sund- og baðstöðum, og lætur hún taka af vatninu sýni til rannsóknar svo oft, sem þörf er á. Nefndin getur bannað notkun vatns úr vatnsveitu eða öðrum vatnsbólum og látið loka sund- og baðstöðum, ef hún telur þess þörf.
- c. Nefndin hefur eftirlit með allri fráræslu, almenningssalernum og meðferð á sorpi úr húsum. Hún getur bannað notkun á skolpræsum og vatns- og skolprennum, ef henni þykir þurfa.
- d. Nefndin gerir ráðstafanir til upprætingar hvers konar meindýra úr húsum og hibýlum og getur bannað afnot húsnæðis, unz dýrin hafa verið upprætt. Nefndin getur krafizt þess, að hús séu gerð rottuheld.
- e. Nefndin hefur eftirlit með leiguibúðum, kjallaraibúðum og öllum lélegum íbúðum og gengst árlega fyrir skoðun á þeim. Nefndin getur bannað afnot íbúða, ef hún telur þær hættulegar heilsu og lífi þeirra, sem í þeim búa.
- f. Nefndin hefur eftirlit með öllum stofnunum, fyrirtækjum og rekstri, sem um er fjallað í VII.—XX. kafla þessar samþykktar, og getur krafizt endurbóta og lagfæringa á húsnæði, tækjum, aðbúnaði og frágangi svo og hreinsunar og hreingerningar, ef hún telur þess þörf. Nefndin getur bannað afnot húsnæðis, sem um ræðir í þessari grein, ef hún telur það hættulegt heilsu og lífi þeirra, sem við eiga að búa. Heimilt er nefndinni að stöðva rekstur um stundarsakir, þar til ráðin hefur verið bót á því, sem aflaga fór.
- g. Nefndin getur gert ráðstafanir til útrýmingar hvers konar óskiladýra.
- h. Nefndin heldur skrá yfir allar þær stofnanir, fyrirtæki og rekstur, sem um er fjallað í samþykkt þessari.
- i. Nefndin aðstoðar héraðslækni við hvers konar sóttvarnir eftir því, sem hann telur þörf á. Ef nauðsyn ber til, er henni heimilt að ráða starfsfólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar, en leita skal hún þá samþykkis hreppsnefndar svo fljótt sem auðið er. (Sbr. 9. gr. 2. mgr.).
- j. Nefndin hefur heimild til að gera ríkari kröfur til tryggingar þrifnaði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, að því er varðar hvert einstakt atriði. En jafnan skulu þær kröfur vera í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrifnaðar- og heilbrigðisreglur.
- k. Nefndin tilkynnir hlutaðeigendum þau ákvæði þessarar samþykktar, almennra laga og annarra reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta og þá varða. Sama máli gegnir um ákvæði, er hún kann að setja samkvæmt heimild í j-lið þessarar greinar. Ályktanir og fyrirmæli nefndarinnar um umbætur eða aðrar ráðstafanir skulu tilkynnt bréflaga þeim, er þau varða.

137

4. okt.

## C. Ýmis ákvæði.

## 11. gr.

Ekki má setja á fót neina þá stofnun eða fyrirtæki né hefja neinn þann rekstur, sem um er fjallað í VII.—XVIII. og XX. kafla þessarar samþykktar, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til af sinni hálfu og farið sé eftir fyrirmælum hennar um allt, er varðar hollustuhætti. Slíkt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðra breytinga á húsakynnum eða rekstri.

Öllum, sem hlut eiga að máli, er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits að stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir eiga eða stýra.

## 12. gr.

Starfsfólk þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í IX. og XI.—XVIII. kafla þessarar samþykktar, skal sanna árlega með læknisvottorði, og oftast, ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvilla eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hættu af eða vakið getur ógeð þeirra, sem við það eiga skipti. Það skal í starfi sínu gæta svo rækilega hreinlætis, sem auðið er, ganga hreinlega til fara og þokkalega, sápuþvo sér um hendur hverju sinni, eftir að hafa gengið til salernis og endranær eftir þörfum. Starfsfólk í neyzluvörubúðum skal klæðast hreinum hlífðarfötum við starf, og stúlkur skulu hafa hreina kappu á höfði.

## 13. gr.

Húsakynni þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í IX. og XI.—XVIII. kafla þessarar samþykktar, skulu fullnægja þessum almennu skilyrðum: vera rúm-góð, björt, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti sæmilegur dvalarstaður mönnum.

Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í IX., XI., XII., XIV., XV., XVII. og XVIII. kafla samþykktarinnar, skulu gölf lögð gólfduki eða öðru jafngildi, loft máluð og veggir málaðir eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til húsakynna, sem um ræðir í XIII. kafla, 68.—71. gr. og 80. gr.

## 14. gr.

Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í IX. og XI.—XVIII. kafla þessarar samþykktar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslum, rennandi vatni, hæfilega mörgum salernum svo og þvagstæðum, ef þurfa þykir. Einnig skal það hafa aðgang að handlaugum, hreinum handklæðum eða pappírspurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum. Gestum skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem þeim eru ætlaðir til afnota, og skulu konur vera sér um salerni og karlar sér.

## 15. gr.

Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í IX.—XVIII. kafla þessarar samþykktar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum sem auðið er. Þar sem einhvers konar starfsemi fer fram að staðaldri, skulu gölf þvegin daglega og oftast, ef þurfa þykir. Ekki má sópa gölf. Áhöld og innanstokksmuni, lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðunandi hátt eftir þörfum. Allsherjar hreingerning skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári.

Ekki má hleypa hundum eða öðrum húsdýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í þessari grein.

## II. KAFLI

## Um hreinlæti og þrifnað utan húss.

137

4. okt.

## 16. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. a og 17.—20. gr. að því er varðar hreinlæti og þrifnað utan húss og eftirlit með því.

## 17. gr.

Skylt er lóðareigendum, á sinn kostnað, að halda lóðum sínum hreinum og þrifalegum, og getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað umbætur á lóðum og girðingum í þrifnaðarskyni.

Girðingar kringum hús og lóðir skulu þannig gerðar, að rottur og mýs geti ekki gert sér hreiður í þeim.

## 18. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í læki, höfnina eða í fjörur neins konar rusli eða úrgangi. Sama máli gegnir um lóðir annarra manna.

Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, möl, timbur né annað bygg-ingarefni.

## 19. gr.

Flutningatæki, sem fara um götur kauptúnsins, skulu þannig gerð, að flutningurinn valdi ekki óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður við flutning, skal þeim, er flytur, skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

Áburð og annan úrgang, sem óþef getur lagt af, má einungis flytja um kauptúnið á tilteknum tímum og eftir tilteknum götum samkvæmt nánari fyrirmælum.

## 20. gr.

Eigi má hengja upp eða leggja við almannafæri fiskiföng eða annað það, sem óþrifnaði eða óþef getur valdið.

Ekki má heldur hrista eða berja fatnað, ábreiður eða annað þess konar á svölum eða út um glugga, sem vita út að götum.

## 21. gr.

Sorphaugar, opnar safngryfjur eða forir má ekki vera í kauptúninu. Skilyrðislaust er bannað að bera salernaáburð í garða.

Á tún eða í garða, sem liggja nærri almannafæri, má ekki bera fiskúrgang né neinn þann áburð, sem megnan þef leggur af. Hrossatað, sauðatað og kúamykja er þó undanskilið þessu ákvæði.

## 22. gr.

Götur kauptúnsins, fjörur, hafnarbakka, ræsi og annað þess háttar skal hreinsa á kostnað hreppsins, svo oft sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt.

## III. KAFLI

## Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

## 23. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í 45. gr. Lögreglusamþykktar fyrir Vestur-Ísa-fjarðarsýslu, skal gætt ákvæða 10. gr. b svo og 24.—29. gr., að því er varðar vatnsveitu, vatnsból og frárennsli og eftirlit með því.

## 137

4. okt.

Allar byggingar á samþykktarsvæðinu skulu taka neyzluvatn úr vatnsveitu hreppsins, undanskilin eru þó býlin á Hvilftarströnd.

Skip skulu einnig taka vatn úr vatnsveitu til þvotta á fiskilestum og þilfari.

## 25. gr.

Sé ný vatnsveita lögð eða vatnsveitu breytt, skal fyrst leita umsagnar og samþykkis heilbrigðisnefndar. Sama máli gegnir um lagningu holræsa.

## 26. gr.

Öllum húseigendum í kaupúninu skal skylt að leggja nægilega við og hallandi holræsi frá húsi sínu í göturæsi, þar sem til þeirra næst. Skulu þessi ræsi ekki verr gerð en aðalveitan. Eftir þeim skal leiða allt skolp frá húsinu, sömuleiðis regnvatn, eftir því sem við verður komið.

Húseigandi skal á sinn kostnað sjá um hreinsun á ræsum þeim, er frá húsinu ganga, og gæta þess, að frárennsli í þeim stíflist ekki.

## 27. gr.

Þar á samþykktarsvæðinu, sem ekki næst til götuholræsa, skal veita skolpi eftir vatnsheldum holræsum gegnum rotþrær eða í lokaðar safngryfjur. Gerð og fyrirkomulag slíkrar fráræslu skal háð samþykki heilbrigðisnefndar.

## 28. gr.

Ef skolp er mengað daunillum efnnum eða öðru, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal farið með það hverju sinni eftir fyrirmælum nefndarinnar.

## 29. gr.

Þar sem því verður við komið, skal leggja öll skolpræsi til sjávar og eftir því, sem framkvæmanlegt er út fyrir hafnargarð.

Öll slík ræsi skulu ná út fyrir stórstraumsfjöruborð.

## IV. KAFLI

## Um salerni og sorphirðingu.

## 30. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni, enda nái holræsakerfi til hússins. Ákvæði þetta tekur þó ekki skilyrðislaust til dreifbýlisins í hreppnum og þeirra salerna, sem verkamenn nota við útivinnu. Skylt er þó að leita fyrirmæla heilbrigðisnefndar um frágang og tæmingu salerna af öðrum gerðum. Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað breytingar og umbætur á salernum, ef þurfa þykir, þar með talin vatnssalerni. Nefndin getur einnig fyrirskipað uppsetningu almenningsalerna og þvagstæða, ef henni þykir þurfa.

## 31. gr.

Hverju húsi skulu fylgja nægilega mörg sorphílát úr málmi og ákveður heilbrigðisnefnd stærð og gerð þeirra. Í þau skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu og af lóðinni. Þau skulu standa á þéttri undirstöðu og jafnan vera lokuð, nema meðan þau eru tæmd eða í þau látið.

Skarnrennur má ekki leggja í hús, nema heilbrigðisnefnd fallist á frágang þeirra.

## 32. gr.

137

Sorpílát skulu tæmd áður en þau fyllast og sorpið flutt burtu. Hreppsnefnd sér um brottflutninginn og ákveður, í samráði við heilbrigðisnefnd, tilhögun hans og hvernig sorpinu skuli eytt eða fyrir komið. Skal í því efni gætt 19. gr. þessarar samþykktar og séð svo um, að óþrifnaður og óþefur berist ekki frá sorphaugum til mannabyggða.

4. okt.

## V. KAFLI

## Um íbúðarhúsnæði.

## 33. gr.

Um gerð íbúða og íbúðarherbergja fer skv. Byggingarsamþykkt fyrir skipulagskylda staði utan Reykjavíkur frá 1. marz 1947.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllurum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni, (sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, um íbúð í kjöllurum), svo og eftir fyrrnefndri byggingarsamþykkt. Auk þess skal gætt ákvæða 10. gr. d, e og h og 34.—37. gr. samþykktar þessarar.

## 34. gr.

Í íbúð mega ekki búa fleiri en svo, að 4.3 fermetrar gólfflatar og 10 rúmmetrar loftrýmis komi minnst á hvern íbúa, og séu þá einungis talin sjálf íbúðarherbergin. Það telst og of lítið húsnæði, ef drengir og stúlkur, eldri en 10 ára, þurfa að sofa í sama herbergi.

Hverju íbúðarherbergi skal séð fyrir nægum hita, ljósi og rakavörn.

## 35. gr.

Skylt er hverjum íbúa að halda íbúð sinni hreinni og saggalausri eftir fongum.

## 36. gr.

Eigendum íbúðarhúsnæðis er skylt að halda húsum sínum vel við, utan sem innan. Sama máli gegnir um leiguíbúðir.

## 37. gr.

Búi húseigandi ekki sjálfur í húsi sínu, skal hann ætíð hafa þar fullveðja umboðsmann, sem heilbrigðisnefnd getur snúið sér til, ef þörf gerist.

## VI. KAFLI

## Um meindýr hvers konar.

## 38. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður meindýra í húsum þeirra, hvort sem þau eru notuð til íbúðar, geymslu eða einhvers konar rekstrar.

Óheimilt er að leigja íbúðir, þar sem meindýra verður vart, fyrr en þau hafa verið upprætt. Enginn má flytja úr þess háttar íbúð í aðra, nema gerðar séu ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd metur gildar, til þess að meindýr berist ekki með honum.

Skylt er húsráðanda að uppræta meindýr úr húsum sínum og hlíta um það fyrir-mælum heilbrigðisnefndar í hvívetna.

Að öðru leyti skal gæta ákvæða 1. gr. d.



137

4. okt.

Skylt er uppboðshaldara, fornsala og öðrum, er taka notaðan fatnað, rúmföt eða annan skyldan varning til sölu, að láta dauðhreinna hann á þann hátt, er heilbrigðisnefnd mælir fyrir um.

39. gr.

## VII. KAFLI

## Um gripahús, búrekstur og gæzlu húsdýra.

40. gr.

Umfram það, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu og samþykkt um hundahald í Flateyrarkauptúni frá 24. sept. 1959, skal gætt ákvæða 10. gr. f og g, 11. og 41.—44. gr., að því er varðar gripahús, búrekstur og gæzlu húsdýra.

41. gr.

Ekki má reisa búpeningshús, haughús, áburðarhús, safnhús eða safngryfjur né hefja búrekstur á skipulagssvæði Flateyrarkauptúns, gegnir þar sama máli um aifugla- og loðdýrarækt.

42. gr.

Samkvæmt 11. gr. samþykktar þessarar þarf leyfi heilbrigðisnefndar til hvers konar atvinnurekstrar, sem um er rætt í VII. kafla. Undanskilinn er þó búrekstur á lögbýlum og í tilraunaskyni af opinberri hálfu, en slíkur búrekstur skal þó háður eftirliti nefndarinnar, sbr. 10. gr. f.

Leyfi heilbrigðisnefndar þarf þó til loðdýraræktar hvarvetna á samþykktar-svæðinu.

43. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaíbúð. Gripahús mega ekki standa nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en 10 metra og ekki nær vatnsbóli en 15 metra og þá því aðeins, að jarðvegi halli frá vatnsbóli.

44. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus innan kauptúnsins, og getur heilbrigðisnefnd bannað rekstur búpenings gegnum íbúðarhverfi.

## VIII. KAFLI

## Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks.

45. gr.

Um vinnustöðvar hvers konar, þar með taldar verbúðir, skipaafgreiðslustöðvar, verkamannaskýli og fiskverkunarstöðvar fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni. (Sbr. lög nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, reglugerð nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verk-smiðjum og vélum með breytingum skv. reglugerð nr. 95 30. júní 1941.)

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 1. gr. f, 11. og 46.—47. gr.

46. gr.

Þeir, sem hafa með höndum iðju, iðnað eða annan atvinnurekstur á sérstökum vinnustöðvum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd. Getur þá heilbrigðisnefnd krafizt lagfæringa á því, sem á skortir, að fylgt sé fyrirskipuðum reglum, og veitt til þess hæfilegan frest.

## 47. gr.

Fyrir þær vinnustöðvar, sem um ræðir í þessum kafla, getur heilbrigðisnefnd sett frekari ákvæði um eftirfarandi atriði, ef þörf er á: loftræstingu, loftrými, næga birtu og hita eftir tegund vinnunnar, aðgang að salernum og handlaugum, ræstingu og sérstakar ráðstafanir, ef um óholla vinnu er að ræða. 4. okt.

137

## IX. KAFLI

Um skrifstofur, bókasöfn, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.

## 48. gr.

Lofthæð í skrifstofum, lesstofum, afgreiðslustofum og verzlunarbúðum skal eigi vera minni en 2.5 m og loftrými á hvern starfsmann a. m. k. 10 rúmmetrar. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem rykmyndun er mikil, og áklæði, vefnaðarvörustranga og annað af slíku tagi skal hreinsa með ryksugu öðru hverju.

## 49. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr. samþykktar þessarar.

## X. KAFLI

Um geymslu söluvarnings.

## 50. gr.

Vörugeymslur skulu vera vel loftræstar, rakalausar og rottuheldar.

## 51. gr.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11., 15. og 38. greinar samþykktar þessarar.

## XI. KAFLI

Um skóla og kennslustaði.

## 52. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit í skólum fer eftir almennum lögum og reglugerðum, sem í gildi eru á hverjum tíma. (Sbr. lög nr. 61 8. júní 1957 og reglugerð nr. 214 22. jan. 1958, um heilsuvernd í skólum, 9. gr. berklavarnalaga, nr. 66 30. des. 1939 og 11. gr. farsóttalaga, nr. 10 19. marz 1958.)

Þá skal og gætt ákvæða 10. gr. f, 11.—15. gr. og 53.—60. gr. þessarar samþykktar.

## 53. gr.

Lofthæð í stofum, sem notaðar eru til kennslu, skal vera a. m. k. 3 m og gólf-flötur á hvern nemanda a. m. k. 1.4 fermetrar. Ljósflötur glugga skal vera minnst  $\frac{1}{6}$  gólfplatlar, og mega gluggar ekki vita móti norðri. Ekkert sé í nánd við þá, er dregið geti úr birtunni að öllum jafnaði. Birta skal falla inn á vinstri hönd. Í þeim kennslustundum, sem nota þarf gerviljós, skal ljósmagn á hverju skólaborði vera a. m. k. 60 Hefner-Lux og ljósgjafa þannig fyrir komið, að ekki falli skuggar á borðin.

Hiti í kennslustofum skal að jafnaði ekki vera minni en 18—19° C, og hitamælir skal vera í hverri kennslustofu.

137

4. okt.

Hver nemandi skal eiga aðgang að sérstökum fatasnaga og sérstöku hólfi til geymslu á hlífðar- og skófatnaði. Ekki má geyma fatnað í kennslustofum né ganga þangað inn á útiskóm.

54. gr.

55. gr.

Ekki mega nemendur nota sameiginleg drykkjarilát, og jafnan skal drykkjarbúnaður þannig gerður, að ekki þurfi að snerta hann með vörum, þegar drukkið er.

56. gr.

Greiður aðgangur sé að vatnssalernum og handlaugum. Skulu þau ekki færri en svo, að eitt salerni komi á hverja 30 piltar og eitt á hverjar 20 stúlkur. Auk þess skulu piltar hafa aðgang að þvagstæðum.

57. gr.

Skóla skal fylgja leikvöllur með nauðsynlegum tækjum til íþróttar- og leikiðkana.

58. gr.

Skólahúsnæði má ekki lána til annarra nota en skólahalds, nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

59. gr.

Séu börn í heimavist, skal auk íveruherbergja sjá þeim fyrir matstofu, setustofu og lestrarstofu. Um íveruherbergin skulu gilda sömu reglur og venjulegt íbúðarhúsnæði.

60. gr.

Héraðslæknir gegnir skólalæknisstörfum, og hefur hann eftirlit með heilsufari og þrifum nemenda og sér um, að fylgt sé fram í skólum fyrirmælum heilbrigðisnefndar, þessarar samþykktar og almennra laga og reglugerða, er að heilbrigðismálum lúta. Lætur hann heilbrigðisnefnd í té skýrslur um þann þátt starfsins, er hana varðar.

## XII. KAFLI

### Um kirkjur og almenn samkomuhús.

61. gr.

Gæta skal ákvæða 10. gr. f, 11. og 13.—15. gr. samþykktar þessarar.

62. gr.

Ókistulögð lík má aldrei geyma í kirkju. Heilbrigðisnefnd getur og bannað geymslu kistulagðra líka í kirkju, verði líkgeymsla byggð á samþykktarsvæðinu.

## XIII. KAFLI

### Um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

63. gr.

Heilbrigðisnefnd aðstoðar lögreglustjóra við almennt eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum skv. lögum nr. 24 1. febr. 1936. Skal í því sambandi gætt ákvæða almennra laga og reglugerða, sem hverju sinni gilda um það efni. (Sbr. áður nefnd lög nr. 24 1. febr. 1936 og reglugerðir skv. þeim lögum, svo sem reglugerð nr. 49 15. júlí 1936, reglugerð nr. 17 22. febr. 1939, reglugerð nr. 157 4. sept. 1953, um mjólk og mjólkurvörur, lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., og reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um sama efni.)

Dá skal og gætt ákvæði 10. gr. f, d, 11.—15. gr. og 64.—80. gr. þessarar samþykktar. 137  
4. okt.

### A. Almenn ákvæði.

#### 64. gr.

- a. Ekki má vera innangengt milli neyzlu- og nauðsynjavörubúða eða geymslna og íbúðarherbergja eða annars húsnæðis, sem rekstrinum er óviðkomandi.
- b. Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2.5 metrar. Vélknúin loftræstingateki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur þess þörf.
- c. Búðir og matvælagarðarhús skulu varin rottum, músum, flugum og öðrum meindýrum.
- d. Aldrei má fara höndum um óumbúna vöru, sem ætluð er til neyzlu, eins og hún kemur úr búð. Nota skal til afgreiðslu á henni þar til gerð, hentug áhöld.
- e. Til umbúða má aðeins nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngildi.
- f. Vöru, sem seld er í neyzluvörubúðum, má aldrei neyta þar inni, nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gerður og leyfi heilbrigðisnefndar til þess sé fengið.
- g. Í búðum og matvælasölustöðum skulu vera lokuð ílát undir úrgang, og séu þau tæmd daglega.

### B. Um mjólk og mjólkurvöru.

#### 65. gr.

Verði starfrækt mjólkurbúð á samþykktarsvæðinu, skulu gilda um rekstur hennar ákvæði 63. gr. eftir því, sem við getur átt.

Enn fremur getur heilbrigðisnefnd ákveðið, að þar megi einungis geyma og selja gerilsneydda mjólk.

#### 66. gr.

Heilbrigðisnefnd getur leyft framleiðendum að selja til neytenda ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef fylgt er ákvæðum þeirra laga og reglugerða, sem vísað er til í 63. gr. svo og þeirra, er síðar kunna að gilda um sama efni. Aldrei má þó mjólk, sem seld er á þennan hátt vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleiri framleiðendum.

Á veitinga- og matsöluhúsum má selja ógerilsneydda mjólk eftir sömu reglum, meðan gerilsneyðingu verður ekki við komið.

#### 67. gr.

Um sölu á rjómaís fer eftir bráðabirgðareglum nr. 57 12. marz 1941 og öðrum þeim reglum, sem þar um kunna að verða settar.

### C. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir og heimabakstur.

#### 68. gr.

Öll óumbúin vara skal geymd í luktum skápum. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum, (sbr. 64. gr. d), skulu geymd og afhent í sérstökum umbúðum. Hillur skulu vera minnst 1 cm frá vegg.

#### 69. gr.

Deig má ekki hnoða með öðru en höndum og þar til gerðum vélum.

#### 70. gr.

Brauðvörur má aldrei hafa á boðstólum á götum úti eða á torgum, né ganga með þær milli húsa í framboðsskyni. Flytja skal slíkar vörur milli brauðgerðarhúsa og búða í lokuðum og rykheldum kössum.

137

4. okt.

71. gr.  
Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er máli skiptir.

#### D. Um meðferð og sölu kjötvöru.

72. gr.

Kjöt og kjötvöru til daglegrar neyzlu má einungis selja í sérstökum kjötbúðum eða deildum. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði um stundarsakir, ef nauðsyn ber til.

Í kjötbúðum má einnig selja harðfisk og frystan fisk í umbúðum, nýjan og reyktan lax og silung, sild, fiskfars, niðursuðuvörur, feitmeti, áskurð, ost, egg, kartöflur, rófur og grænmeti, svo og aðrar matvörur, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar. Jafnan skal þess gætt, að vörurnar snerti ekki aðrar óvarðar vörur.

Um kjötbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- Gólf kjötbúðar skal vera vatnshelt og lagt flisum eða öðru jafngildi. Rás skal vera úr gólfi niður í skolpræsi. Veggir skulu lagðir flisum eða glerjaðir a. m. k. 1.8 m frá gólfi, nema heilbrigðisnefnd leyfi annað, en búðin að öðru leyti máluð.
- Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara eða öðru jafngildi. Matvæli, sem standa á borðum, skulu varin gleri.
- Kjötkrókar og kjötstengur skulu vera úr gljáðum málmí eða öðru hreinlegu efni og ekki vera nær vegg en svo, að kjöt það, sem þar hangir, snerti ekki vegginn. Höggstokkar, ef notaðir eru, skulu vera úr hörðum viði og eggjárn öll óryðguð.
- Umbúðalausar vörur, sem neyta má án frekari matreiðslu, skulu geymdar í luktum glerskápum.
- Kæliklefi eða kælikápur skal vera í hverri kjötbúð.

#### E. Um meðferð og sölu á neyzlufiski.

73. gr.

Í fiskverkunarhúsum skulu vera steinsteypt gólf með niðurfallsopi, einu eða fleirum, og hallist gólfið að þeim. Veggir skulu kalkaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi aðra tilhögun. Vatnsleiðsla skal vera um allt húsið.

Staðsetning fiskhjalla til þurrkunar á skreið skal háð samþykki heilbrigðisnefndar.

74. gr.

Með þeim undantekningum, er um getur í 75. og 76. gr., skal selja unninn og óunninn neyzlufisk í sérstökum fiskbúðum. Þar má einnig selja niðursuðuvörur, sjófugl, hval, sel hákarl, og aðra þá vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu á þar.

Um fiskbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:

- Gólf skal vera úr terrazzo eða öðru jafngildi, með niðurfalli og hæfilegum halla að því.
- Gengið sé þannig frá veggjum, að auðvelt sé að hreinsa þá.
- Búðarborð skulu vera skúffalaus og klædd ryðfríum stálplötum eða öðru jafngildi. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.
- Geymsluklefi skal fylgja hverri búð.
- Fiskbúð sé ekki upphituð, en sjá skal starfsfólki fyrir upphituðum klefa eða herbergi til fataskipta og dvalar.
- Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvotta. Einnig skal vera þar lokað ílát undir fiskúrgang, og ber að hreinsa það daglega.

- g. Í búðinni skulu vera trog eða bakkar undir fisk. Trog skulu vera grænmáluð **137**  
utan en ljósmáluð innan og göt á botni. 4. okt.
- h. Kassar, sem notaðir eru til flutnings á fisk úr fiskbúðum til neytenda, skulu vera með loki, grænmálaðir utan en ljósmálaðir innan og á þá málað nafn eða merki eiganda.
- i. Ekki má láta fisk liggja á gólfi í búð eða geymslu.

## 75. gr.

Heilbrigðisnefnd getur til bráðabirgða leyft sölu á neyzlufiski annars staðar en í sérstökum fiskbúðum. Slik starfsemi skal að sjálfsögðu háð eftirliti nefndarinnar sem annað það, er að meðferð og sölu neyzluvarnings lýtur, og skal hún háð ákvæðum 11.—15. gr. svo og 74. gr. eftir því, sem við verður komið.

## 76. gr.

Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla úr bát, á lendingarstað eða á götu. Við götusölu skal nota hreinlega, málaða vagna og segir heilbrigðisnefnd fyrir um gerð þeirra. Hverjum vagni skal fylgja lokað ílát undir úrgang.

## 77. gr.

Frá 1. maí til septemberloka, má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei má selja fisk, sem hefur ekki verið slægður innan sólarhrings frá því að hann veiddist.

## 78. gr.

Allur neyzlufiskur skal vera hreinn, óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfinnanlegur.

## 79. gr.

Við flutning á fiski skal ætíð gætt fyllsta hreinlætis. Sama gildir, ef fiskur er lagður frá sér úti við.

## F. Um meðferð og sölu annarrar neyzluvöru.

## 80. gr.

Kornvara, kex, sykur og önnur neyzluvara, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari, og vegin er eða mæld, jafnóðum og sala fer fram, skal geymd í vel luktum skúffum eða ílátum, er aldrei mega standa opin.

Smjör, smjörlíki og ost skal geyma í luktum glerskápum.

## XIV. KAFLI

### Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

## 81. gr.

Hver sá, er rekur eða hyggst reka á samþykktarsvæðinu gistihús, matsölu eða veitingahús hvers konar, skal gæta fyrirmæla laga nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. með breytingum skv. lögum nr. 33 13. júní 1937. Einnig skal gæta ákvæða VI. kafla lögreglusamþykktar fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu og fyrirmæla 10. gr. f, 11.—15. og 82.—86. gr. þessarar samþykktar.

## 82. gr.

Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast nætursakir fyrir borgun.

Herbergi, sem leigt er til næturgistingar, skal ekki vera minna en svo, að 8 rúm-

**137** metrar loftrýmis og 3.4 fermetrar gólfplatar komi á hvern gest. Skulu þau að öðru 4. okt. leyti fullnægja sömu skilyrðum, sem sett eru um venjuleg íbúðarherbergi.

Rúmfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill, hreinn og laus við ólykt. Skipta skal líni við hvern gest og minnst vikulega.

Gestir skulu hafa aðgang að baði.

83. gr.

Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í, ber að sótthreinsa, áður en það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji óþarft. Sama máli gegnir um rúmfatnað og aðra muni, er hinn sjúki hefur notað.

84. gr.

Veitingastofa er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn geta fengið neyzluvörur til neyzlu á staðnum gegn borgun, þar með taldar ölstofur.

Lágmarkslofthæð í veitingastofu skal vera 2.5 m og gólfplatar minnst 30 fermetrar. Inngangur skal vera um anddyri.

85. gr.

Um meðferð og geymslu matar og annarrar neyzluvöru, sem framreidd er á matsölu- og veitingastöðum, fer eftir almennum lögum og reglum, er hverju sinni gilda um það efni svo og ákvæðum þessarar samþykktar.

Öll matar- og drykkjaráhöld, sem gestum eru borin, skulu vera heil og hrein og þola suðu eða aðra sótthreinsun hverju sinni eftir notkun.

86. gr.

Á veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu og uppþvotta.

Réttir, sem ekki er neytt innan 4 klst. frá tilbúningi, skulu geymdir í kælikáp, þar sem hitastig er undir 5° C. Heita rétti skal hins vegar geyma í minnst 60° C. hita, unz þeirra er neytt.

## XV. KAFLI

### Um rakarastofur, hárgreiðslu- og snyrtistofur.

87. gr.

Verði stofnsett og rekið á samþykktarsvæðinu eitthvert þeirra fyrirtækja, sem í kafla þessum greinir, skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11.—15. gr. og 88.—89. gr. samþykktar þessarar.

88. gr.

Ekki má veita þjónustu því fólki, sem grunur leikur á um eða vissa er fyrir, að haldið sé næmum sjúkdómum, sem máli gegnir um fólk með húðsjúkdóma í hársverði eða andliti, nema sannað sé með læknisvottorði, að öðrum stafi ekki hætta af.

Öll áhöld skal sótthreinsa vandlega eftir hverja notkun.

89. gr.

Heilbrigðisnefnd getur síðar, ef þurfa þykir, sett frekari ákvæði um fyrirtæki þessi og stofnanir skv. j-lið 10. gr.

## XVI. KAFLI

## Um íþróttastöðvar og fleira.

137

4. okt.

## 90. gr.

Um starfsemi þá og stofnanir, er þessi kafli fjallar um, skal fara eftir ákvæðum íþróttalaga nr. 49 7. apríl 1956 og reglugerða samkvæmt þeim lögum. Gæta skal einnig ákvæða lögreglusamþykktar fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu, og 10. gr. b og f, 11.—15. gr. og 91.—103. gr. þessarar samþykktar, eftir því, sem við getur átt.

## A. Um sundlaugar og baðstaði.

## 91. gr.

Gólf baðherbergja og baðklefa skulu vera flísalögð og veggir flísalagðir, glergjáðir eða húðaðir öðru jafngildi í 1.80 m hæð.

## 92. gr.

Sundlaugar skulu vera úr steinsteypu og svo sléttar innan, að auðvelt sé að þvo gólf og vegg. Barmar skuli hærri en gólf eða jarðvegur í kring og ekki hálrir að ofan. Meðfram innanverðum laugarbörnum, ofan vatnsborðs, skulu vera vatnsheldar rennur eða ílát, er laugargestir geti hrækt í.

## 93. gr.

Útisundlaug má ekki vera nær peningshúsum, safngryfjum, sorphaugum eða öðru slíku en 200 metra.

Svo skal um búa, að vatn úr umhverfi sundlaugar geti ekki runnið í hana eða safnast fyrir í kringum hana.

## 94. gr.

Vatn eða sjór, sem notað er í sundlaugar, skal vera hreint, enda má gerlafjöldi ekki vera meiri en 1000 í hverjum  $\text{cm}^3$  og saurgerlar (*Escherichia coli*) mega ekki finnast í  $10 \text{ cm}^3$ .

Tæma skal og hreinsa sundlaug svo oft, er heilbrigðisnefnd telur þörf á. Yfirborðsóhreinindi skal fjarlægja strax, er þeirra verður vart og sýnileg óhreinindi á botni daglega.

Sundlaugavatn sé  $15\text{--}25^\circ \text{C}$ . og lofthiti í yfirbyggðum sundlaugum sé  $3\text{--}4^\circ$  hærri.

## 95. gr.

Sundlaug skulu fylgja hæfilega margir búningsklefar, baðklefar með steypi-böðum, salerni og þvagstæði. Skal svo til hagað, að einungis verði gengið úr búningsklefum og salernum í laugina gegnum baðklefa.

Skylt er að hafa björgunartæki við sundlaugina.

## 96. gr.

Sundgestum er skylt að sápuþvo sig vandlega, áður en þeir fara í sundlaug. Bannað er að hrækja eða snýta sér í sundlaug eða saurga hana á annan hátt, og er heimilt að vísa sundgestum burt, ef þeir verða uppvísir að slíku.

## 97. gr.

Takmarka má fjölda sundlaugargesta hverju sinni við það, að minnst 3 fermetrar af yfirborði vatnsins komi á hvern mann.



137

4. okt.

98. gr.

Ef uppvíst verður, að sundgestur hefur næman sjúkdóm eða óþrifakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi, áberandi kvef, niðurgang eða aðra kvilla, sem borizt geta manna á milli, ber að synja honum aðgang að sundlaug.

Ef sundgestur er grunaður um að hafa einhvern slíkan kvilla, skal synja honum aðgangs, nema læknisvottorð komi til.

99. gr.

Ef grunur leikur á, að smitandi sjúkdóma, t. d. fótamyglu (Epidermophytosis interdigitalis plantarum), megi rekja til smitunar í sundlaug, skal tafarlaust gera héraðslækni viðvart og hlíta fyrirmælum hans um varúðarráðstafanir.

100. gr.

Baðföt, handklæði, bursta og annað, sem lánað er sundgestum til afnota, skal sjóða eftir notkun hverju sinni eða leggja í sóttþreinsunarlög, eftir nánari fyrirmælum héraðslæknis.

101. gr.

Útibaðstaðir aðrir en sundlaugar, skulu og háðir eftirliti heilbrigðisnefndar. Skal þess einkum gætt, að ekki sé hætt á að vatnið (sjórinn) saurgist frá skolpveitum, sorpi eða þvílíku.

Um slíka staði skulu og gilda ákvæði 10. gr. b, 95. gr. 2. mgr. og 98. gr.

## B. Um íþróttahús.

102. gr.

Gluggar skulu vera á gagnstæðum hliðum íþróttasala og ljósflötur þeirra helzt ekki minni en  $\frac{1}{5}$  gólfplatlar. Gólf skulu þannig gerð, að slýsahætta verði sem minnst.

Áhöld og dýnur skulu þannig úr garði gerð, að þau safni í sig sem minnstu ryki og auðvelt sé að hreinsa þau.

103. gr.

Í íþróttahúsum eða í sambandi við leikfimisali skulu vera búningsklefar, baðklefar með heitu og köldu vatni, salerni og áhaldageymsla.

Úr búningsklefa sé gengið beint í leikfimisal og jafnan á hreinum skóm.

104. gr.

Íþróttahús má aldrei nota örar en svo, að nægur tími gefist til nauðsynlegrar hreinsunar og loftræstingar.

Um lán á íþróttahúsum til annarra nota gilda ákvæði 58. gr.

## C. Um íþróttavelli og útiskemmtistaði.

105. gr.

Íþróttavellir skulu þannig gerðir, að þrifalegir séu og frá þeim leggi sem minnst ryk. Þeir skulu hreinsaðir eftir þörfum.

Heilbrigðisnefnd getur ákveðið, að slíkum völlum fylgi salerni, búningsklefar og böð.

106. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með útiskemmtunum. Þeim, sem útiskemmtun heldur, skal skylt að gæta hreinlætis og góðrar umgengni á samkomusvæðinu, eftir nánari fyrirmælum nefndarinnar.

**D. Um útileikvelli barna.**

137

4. okt.

107. gr.

Heilbrigðisnefnd setur sérstakar reglur um útileikvelli barna og hefur eftirlit með þeim. Ekki skulu fleiri börn um hvern völl en svo, að minnst 7 fermetrar komi á hvert barn. Af leikvelli skal vera gengt beint á salerni og séu mest 40 börn um hvert. Á leiksvæðinu skal vera aðgangur að drykkjarvatni og skal um það atriði gætt sambærilegra ákvæða um drykkjarvatn í skólum (sbr. 55. gr.).

**XVII. KAFLI****Um sjúkrahús, elliheimili, lækningastofur og tilsvaramandi heilbrigðisstofnanir.**

108. gr.

Um heilbrigðisstofnanir og tilhögun þeirra fer eftir almennum lögum og reglum, sem um það gilda á hverjum tíma. (Sbr. sjúkrahúsalög nr. 93 31. des. 1953 og reglugerðir samkvæmt þeim.)

Umfram það, sem þar er fyrir mælt, skal gætt ákvæða 10. gr. f og 11.—15. gr. þessarar samþykktar.

**XVIII. KAFLI****Um vistarverur handtekinna manna.**

109. gr.

Verði komið upp fangageymslu á samþykktarsvæðinu, skal gætt ákvæða þeirra laga og reglugerða um slíkar stofnanir, sem þá verða í gildi, sömuleiðis ákvæða 10. gr. f, 11. gr. og 13.—15. gr. þessarar samþykktar, eftir því sem við getur átt.

**XIX. KAFLI****Um eftirlit með skipum, bátum og bifreiðum.**

110. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir almennum lögum og reglugerðum (sbr. lög nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum. Enn fremur reglur um eftirlit með skipum og öryggi þeirra nr. 11 20. jan. 1953, sóttvarnarlög nr. 34 12. apríl 1954 og farsóttalög nr. 10 19. marz 1958).

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f og 111.—120. gr. þessarar samþykktar.

111. gr.

Öll skip og bátar, sem skrásett eru á samþykktarsvæðinu eða gerð eru út þaðan, þó skrásett séu annars staðar, skulu háð eftirliti heilbrigðisnefndar. Slíkt eftirlit skal fyrst og fremst beinast að íbúðum og öðrum vistarverum skipshafna og farþega og öllu öðru, er að hollustuháttum þeirra lýtur, svo og allri umgengni og þrifnaði.

112. gr.

Allar bifreiðar, sem notaðar eru til fólksflutninga gegn greiðslu ökugjalds og skrásettar eru á samþykktarsvæðinu, skulu háðar eftirliti heilbrigðisnefndar, er að hollustuháttum farþega lýtur.

Sama máli gegnir um bifreiðar, sem eru í notkun á samþykktarsvæðinu, þó skrásettar séu annars staðar.

113. gr.

Vistarverum skipshafna og farþega svo og bifreiðum til mannflutninga skal ávallt haldið eins hreinum og auðið er.

**137** Um meðferð matvæla á skipum og bátum gilda sömu reglur og á veitingahús-  
4. okt. um, eftir því sem við verður komið.

114. gr.

Ekki má flytja með skipum, bátum eða bifreiðum sjúklinga með næma sjúkdóma, nema leyfi héraðslæknis komi til, en hann hefur um það samráð við landlækn, þegar mikið er í húfi.

115. gr.

Verði vart við næman sjúkdóm eða óþrifakvilla svo sem kláða eða lús meðal áhafnar á skipi eða bát, skal skipstjóri eða formaður tilkynna það héraðslækni þegar í stað, enda sé fyrirmælum hans um sóttvarnir eða útrýmingu tafarlaust fylgt.

116. gr.

Um meindýr í skipum eða bátum gilda hliðstæðar reglur þeim, sem í 38. gr. samþykktar þessarar greinir.

117. gr.

Heilbrigðisnefnd getur krafizt þess, ef þurfa þykir, að skipverji leggi fram, áður en hann er skráður í skiprúm, eigi eldra læknisvottorð en tveggja mánaða, um að hann sé ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla.

118. gr.

Hafnsögumenn, tollþjónar, skipaskoðunarmenn og aðrir eftirlitsmenn, skulu skyldir að tilkynna héraðslækni eða heilbrigðisnefnd allt, sem þeir telja brjóta í bága við samþykkt þessa.

119. gr.

Skipstjórar og útgerðarmenn, bifreiðarstjórar og eigendur bifreiða bera ábyrgð á, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis, samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar, sé framfylgt.

120. gr.

Kyrrsetja má skip eða bát og taka bifreið úr umferð, þar til fyrirskipunum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis hefur verið fullnægt.

## XX. KAFLI

### Um kirkjugarða, geymslu og meðferð líka.

121. gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglugerðum, sem á hverjum tíma gildi um það efni. (Sbr. lög nr. 64 23. júní 1932 og reglugerð nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, enn fremur lög nr. 42 10. nóv. 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.)

Um flutning líka milli sókna fer eftir 6. gr. farsóttalaga nr. 10 19. marz 1958 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. sept. 1941, um flutning líka.

Að öðru leyti skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. gr. og 122.—129. gr. þessarar samþykktar.

122. gr.

Þá, er gera skal nýjan kirkjugarð, stækka gamlan eða taka heimagrafreit í notkun, skal sóknarnefnd leita álits héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um garðstæðið. Getur heilbrigðisnefnd ákveðið, að garðstæðið sé þurrkað með lokræsum.

## 123. gr.

Jarðvegsvatn má ekki standa ofar í kirkjugarði en sem svarar  $\frac{1}{2}$  m neðan 4. okt. grafarbotns, og skulu grafir vera minnst 2 metra djúpar.

Fjarlægð frá kistuloki að grafarbarmi sé minnst 1.25 m og a. m. k. 30 cm þykkt moldarlag sé á milli grafa.

## 124. gr.

Vatnsból mega ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en 200 metra.

Matjurtagarðar mega aldrei vera nær kirkjugarði en 50 m og ekki nær en 200 m, halli frá kirkjugarði að þeim.

## 125. gr.

Heilbrigðisnefnd getur leyft steinsteyptar grafir neðanjarðar og setur þá um þær nánari fyriræli. Slíkar grafir má ekki opna, nema undir eftirliti héraðslæknis. Ef lík er grafið upp, hefur héraðslæknir eftirlit með uppgreftinum.

## 126. gr.

Lík má ekki geyma ókistulögð í heimahúsum lengur en 2 sólarhringa og aldrei lengur en 7 sólarhringa, þó kistulögð séu, nema sérstakt leyfi héraðslæknis komi til, eða þau séu í loftheldri málmkistu.

Héraðslæknir getur fyrirskipað, að lík fólks, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi, skuli þegar í stað kistulögð.

## 127. gr.

Fundin og sjórekin lík skal kistuleggja strax, að lokinni lögskipaðri mannskaðarannsókn.

## 128. gr.

Verði komið upp sérstakri líkgeymslu eða líkhúsi á samþykktarsvæðinu, setur heilbrigðisnefnd um það nánari fyriræli. Skulu þá þau lík, sem um ræðir í 126. gr., 2. mgr., og 127. gr., flutt í líkhús strax.

## 129. gr.

Samþykki heilbrigðisnefndar þarf til að taka niðurlagðan kirkjugarð til annarra nota.

## XXI. KAFLI

## Um aðstoð við sóttvarnir.

## 130. gr.

Heilbrigðisnefnd skal heimilt, ef hættuleg farsótt kemur upp og héraðslæknir telur nauðsynlegt, að setja um stundarsakir og eftir hans tillögum sérstök fyriræli um hreinlæti, utan húss og innan, meðferð og dreyfingu matvæla og annað, er að heilsuvernd lýtur.

Gæta skal að öðru leyti ákvæða 10. gr. i.

## XXII. KAFLI

## Lokaákvæði.

## 131. gr.

Hreppsnefnd skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, er að heilbrigðismálum lúta.

137

4. okt. Heilbrigðisnefnd getur látið sérprenta samþykkt þessa, enn fremur einstaka kafla eða greinar hennar og önnur fyrirmæli sín, er almenning varða.

132. gr.

133. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrirskipað, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað hans. Kostnaðinn skal þá greiða til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeigandi, með lögtaki, ef þörf gerist.

134. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða óhlýðni við löglegar fyrirskipanir heilbrigðisnefndar varða sektum, allt að 5000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Sektarféð rennur til sveitarsjóðs.

135. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

136. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið staðfest og birt í Stjórnartíðindum.

Fellur þá úr gildi heilbrigðissamþykkt fyrir Flateyrarkauptún frá 4. apríl 1906. Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfestist framanrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Flateyrarhrepp í Vestur-Ísafjarðarsýslu, er hreppsnefndin hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. október 1961.*

F. h. r.

Baldur Möller.

---

*Ólafur W. Stefánsson.*

## AUGLÝSING

138  
25. sept.

um breyting á gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 114 20. september 1948.

8. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir að skoða og stimpla hvern skrokk:

Sauðfé, geitfé kr. 0.80.

Þegar slátrað er yfir 300 kindum á dag í sláturhúsi er skoðunargjaldið kr. 0.51 fyrir hvern skrokk.

Naut, hross, svín kr. 12.60.

Kálfar, grísir kr. 6.30

Verðlagsvísitöluuppbót greiðist ekki á skoðunargjald samkvæmt 1. mgr.

Þurfi dýralæknir að annast kjötskoðun fjarri heimili sínu, þer sláturhúsi því, er hann skoðar kjötið fyrir, að sjá honum fyrir greiðum farkosti eða greiða honum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, og öðlast gildi þegar í stað.

*Landbúnaðarráðuneytið, 25. september 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

## AUGLÝSING

139  
4. okt.

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsing ráðuneytisins nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

30. Nefnd Múrarafélags Reykjavíkur. Staðfest 4. marz 1961.

31. Nefnd Trésmiðafélags Reykjavíkur. Staðfest 4. marz 1961.

32. Nefnd Verkalýðsfélags Akraness. Staðfest 4. marz 1961.

33. Nefnd verkalýðsfélaganna á Hofsósi. Staðfest 4. marz 1961.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. október 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsón.**

*Gunnlaugur Þórðarson*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bann við bifreiðastöðum á eftirtöldum götum:

Furumel. Stíg á Hlemmtorgi, er liggur meðfram austurhlíð hússins nr. 105 við Laugaveg. Hverfisgötu austan Snorrabrautar og tekinn þar upp akstur á tveimur akreinum. Grundarstíg norðan megin götunnar.

Kirkjutorgi norðanverðu meðfram Dómkirkjunni. Rauðarárstíg austan megin götunnar frá Laugavegi að Miklubraut. Barónsstíg vestan megin milli Skúlagötu og Hverfisgötu. Bergstaðastræti frá Skólavörðustíg að Hallveigarstíg báðum megin götunnar og frá Hallveigarstíg að Spítalastíg vestan megin götunnar.

Frikirkjuvegi vestan megin götunnar. Klapparstíg austan megin götunnar. Snorrabraut við eyjarnar á miðri götunni, milli Hverfisgötu og Flókagötu. Vatnsstíg vestan megin götunnar. Vonarstræti milli Lækjargötu og Templarasunds. Ægisgötu við Slippinn. Garðastræti vestan megin götunnar frá Vesturgötu að Túngötu.

Ingólfsstræti milli Lindargötu og Skúlagötu austan megin götunnar. Hringbraut austan Bræðraborgarstígs og Rauðarárstíg austan megin götunnar milli Hverfisgötu og Skúlagötu eru bannaðar stöður vörubifreiða, sem eru yfir 1 smálest að burðarmagni, og fólksbifreiða, 10 farþega og þar yfir.

Hofsvallagötu frá Sólvallagötu að Hringbraut beggja vegna götunnar. Túngötu sunnan megin götunnar frá Ægisgötu að Hofsvallagötu. Grófinni beggja vegna götunnar frá Vesturgötu að Tryggvagötu og austan megin götunnar frá Tryggvagötu að Geirsgötu.

Reykjanesbraut frá Miklatorgi að Laufásvegi. Gildir fyrir allar bifreiðar, nema strætisvagna.

2. Einstefnuakstur á eftirtöldum götum:

Aðalstræti milli Austurstrætis og Hafnarstrætis frá suðri til norðurs. Frakka- stíg milli Njálsgötu og Hverfisgötu frá suðri til norðurs.

Vitastíg milli Njálsgötu og Hverfisgötu frá norðri til suðurs. Amtmannsstíg frá Ingólfsstræti að Þingholtsstræti.

3. Að Kalkofnsvegur og eystri hluti Geirsgötu, sem tengir saman Kalkofnsveg og Skúlagötu, skuli verða aðalbrautir.

4. Felld niður ákvörðun um einstefnuakstur á Háaleitisvegi.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. nóvember 1961.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um Norðmannsgjöf, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. október 1961. 141  
6. okt.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### um Norðmannsgjöf.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Norðmannsgjöf og er eign Háskóla Íslands. Stofnandi sjóðsins er norskur Íslandsvinur, sem styrkja vill norræna menningarsamvinnu. Hann óskar að nafns síns verði ekki getið hvorki nú né síðar. Sjóðurinn er gefinn í tilefni af 50 ára afmæli Háskóla Íslands, og skal skýrt frá gjöfinni á háskólahátíð 1961. Til sjóðsins er einnig stofnað í tilefni af þeirri ákvörðun Dana að afhenda Íslendingum handrit í Danmörku.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2 millj. íslenzkar krónur, og hefur það þegar verið afhent rektor Háskóla Íslands. Ávöxtun sjóðsins og varzla hans er í höndum rektors og háskólaráðs. Fé sjóðsins má ekki leggja í áhættusöm fyrirtæki, en ávaxta má það í tryggum verðbréfum með öruggum vaxtatekjum.

Stjórn sjóðsins er að öðru leyti í höndum stjórnarnefndar, sem háskólaráð kýs og skipuð er 3 aðalmönnum og 3 varamönnum. Stjórnin kýs sér formann og ritara.

Stjórn sjóðsins skal halda fundarbók, er löggilt sé af rektor Háskóla Íslands, og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun styrkja úr sjóðnum og aðrar fundar- samþykktir og annað það, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

#### 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Árlegum tekjum skal verja annaðtveggja til þess að verðlauna íslenzkan vísindamann, sem fjallar um málvísindi eða sagnfræði eða til útgáfu íslenzkra handrita eða handritafræða eftir ákvörðun stjórnarnefndar. Deila má fé því, sem til úthlutunar kemur, í tvo hluta. Nú telur stjórnarnefndin, að enginn maður sé verður að hljóta verðlaun tiltekið ár og ekki sé heldur vert að styrkja útgáfu handrita, og ber þá að leggja tekjur sjóðsins það ár við höfuðstólinn.

Úthlutun úr sjóðnum skal tilkynna 17. júní ár hvert. Fyrsta úthlutun fer fram 17. júní 1962.

#### 4. gr.

Sjóðinn má auka með gjöfum frá Noregi eða Norðmönnum, sem dveljast utan Noregs, ef stofnandi sjóðsins fellst á það.

#### 5. gr.

Háskólaráð lætur árlega gera reikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í árbók háskólans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

#### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.



142  
9. okt.

## REGLUGERÐ

### um 5. flokk veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

#### 1. gr.

Veðdeildinni er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og verða þau kölluð 5. flokkur. Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til þessa flokks bankavaxtabréfa.

Fjárhæðir bréfanna skulu vera 10 000.00, 5000.00, 1000.00 og 100.00 krónur og skal hver deild hafa sérstakt bókstafseinkenni, en hvert bréf tölusett. Bankavaxtabréfunum skulu fylgja 20 vaxtamiðar.

Bankavaxtabréfin skulu afhent eingöngu til greiðslu á lausaskuldum bænda vegna framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á árunum 1956—1960, að báðum meðtöldum.

#### 2. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarflokksins.
3. Ábyrgð rikissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að framan greinir.

#### 3. gr.

Vextir af bankavaxtabréfunum skulu vera 7½% — sjö og hálfur af hundraði — á ári, er greiðast eftir á fyrir eitt ár í senn hinn 2. janúar ár hvert.

#### 4. gr.

Afborgun og endurgreiðslum lána skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna og fer eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu með 6 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar. Gjaldalagi innleystra bréfa og vaxtamiða er 2. janúar ár hvert.

#### 5. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í fasteignum bænda. Lánsfjárhæðin má eigi vera hærri en svo, að hún, ásamt áhvílandi skuldum á fyrri veðréttum, fari ekki fram úr 70% af matsverði veðsins.

Lánstíminn skal vera allt að 20 árum.

Ársvextirnir skulu vera 8%, þar í innifalið ½% kostnaðartillag til varasjóðs.

Lánin eru greidd í bankavaxtabréfum, sbr. 1. gr.

#### 6. gr.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 115 frá 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, III. kafli 13. til 30. gr. og fyrirmæli um veðdeild bankans frá 30. apríl 1930, að því er snertir lánaflokk þennan.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 115 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, og bráðabirgðalögum nr. 77 frá 15. júlí 1961, og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 9. október 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

## REGLUR

143

9. okt.

### um félagsheimilið Sólvang í Tjörneshreppi.

#### 1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Sólvangur í Tjörneshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu. Lóðin er gefin af Bjarka og Árna Kárasonum, Hallbjarnarstöðum. Lóðarstærð er 6000 fermetrar. Eigendur er Tjörneshreppur að  $\frac{2}{3}$  og ungmennfélag Tjörneseinga að  $\frac{1}{3}$  hluta.

#### 2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð: 6 menn kosnir á almennum sveitarfundi og 3 af U. M. F. T. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

#### 3. gr.

Húsnefnd heldur fund er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef 4 af 9 nefndarmanna æskja. Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal vera ár hvert. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári. Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilásjóði. Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

#### 4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. að ráða húsvörð, sé þess þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um, að þeim sé fylgt,
- b. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra,
- c. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins,
- d. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda,
- e. að sjá um ræstingu félagsheimilisins (húss og lóðar), sé jafnan í góðu lagi og gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni,
- f. að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda,
- g. að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst,
- h. að sjá um, að löggæzla sé á samkomum.

#### 5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skylt er þeim að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 77/1947, um félagsheimili, afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

143

9. okt. Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

6. gr.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld og annað lausafé sé jafnan hæfilega váttryggt.

8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimili, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, það er, að gólf sé þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega með sóthreinsandi efni og fatageymslur, bað- og búningsherbergi ræst. Árlega skal fram fara gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri girðingu, er haldið sé vel við. Bifreiðastæði skal vera við félagsheimilið, og því vel við haldið.

11. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skirskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanskráðar reglur staðfestast hér með.

143

9. okt.

*Menntamálaráðuneytið, 9. október 1961.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Knútur Hallsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sveinbjörns Finnssonar, stýrimanns, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. október 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

144

10. okt.

fyrir Minningarsjóð Sveinbjörns Finnssonar, stýrimanns.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sveinbjörns Finnssonar, stýrimanns. Sjóðurinn er stofnaður 1. júní 1961 af bekkjarsystkinum Sveinbjarnar, sem brautskráðust úr Miðskólanum í Stykkishólmi vorið 1951.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 2700.00.

### 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Stykkishólms. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en auka má hann með gjöfum.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita árlega verðlaun þeim nemanda, sem hæsta einkunn hlýtur í móðurmáli á miðskólaprófi. Verðlaunin skulu vera bók. Í þessum tilgangi má verja allt að  $\frac{3}{4}$  af ársvöxtum sjóðsins, en  $\frac{1}{4}$  af ársvöxtum hans, ásamt öðrum væntanlegum tekjum skal leggjast við höfuðstólinn.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólastjóri miðskólans, formaður skólanefndar og sóknarpresturinn í Stykkishólmi. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir ár hvert af endurskoðendum Stykkishólmsþrepps.

### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

- 145 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð prestshjónanna Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar, Desjamýri og Hjaltastað, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. okt. 1961.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar, prestshjóna að Desjamýri og Hjaltastað.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1945 af börnum nefndra hjóna á aldarártíð þeirra (sbr. Aldarminning og niðjatal. — Rvk. 1945).

Höfuðstóll sjóðsins er:

1. Upphaflegt stofnfé.
2. Áunnir, viðlagðir vextir og minningargjafir.
3. Dánargjöf Guðmundar Stefánssonar, f. að Desjamýri 14. sept. 1881, d. í Minneapolis 22. ágúst 1959.

### 2. gr.

Sjóðurinn vex af vöxtum stofnfjár og gjöfum, sem berast kunna.

### 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins, svo og tekjur hans aðrar, skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða bönkum (bankaútibúum) með ríkisábyrgð.

### 4. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu og umráðum sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Ákvörðun um styrkveitingar skal taka á lögætum sýslunefndarfundum. Oddviti sýslunefndar er reikningshaldari sjóðsins.

### 5. gr.

Af vaxtatekjum sjóðsins má verja allt að 10% hlutum samkvæmt því, er segir um tilgang hans í næstu grein. Aðrar tekjur hans leggjast við höfuðstól. Þó má veita styrki af stofnfjárgjöfum eftir fyrirmælum þeirra, sem slíkar gjafir kynnu að gefa.

### 6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita piltum og stúlkum, búsettum eða fæddum í Norður-Múlasýslu, svo og umsækjendum úr niðjahópi prestshjónanna, styrki til náms í húsmæðrafræðum og búvísindum. Svo skal og sjóðurinn veita styrki til háskólanáms, þótt í öðrum fræðigreinum sé. Skulu háskólanemar í raunvísindum sitja fyrir að öðru jöfnu.

### 7. gr.

Styrkveiting úr sjóðnum skal standa á heilu þúsundi. Eigi skal að jafnaði veita nema 2 styrki úr sjóðnum ár hvert. Það sem umfram er af handbæru fé, og sýslunefnd þykir hverju sinni ekki ástæða til að úthluta í styrki, skal leggja við höfuðstól.

### 8. gr.

Sýslunefnd skal auglýsa árlega eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, með tilgreindum skilyrðum, sbr. 6. gr.

## 9. gr.

Auglýsingakostnaður og önnur bein útgjöld vegna sjóðsins greiðist af vaxtatekjum. Svo og er heimilt af vaxtatekjum eða stofnfé að kaupa óselt upplag af „Aldarminningu og niðjatali“ (sbr. 1. gr.) og gefa út sem viðauka við það æviminningu Guðmundar Stefánssonar, sem núverandi höfuðstóll sjóðsins er að langmestu leyti kominn frá.

145

11. okt.

## 10. gr.

Styrkveitinga skal getið í sýslufundargerðum, sem annarra álykta nefndarinnar. Þar skal og birta breytingar, sem gerðar kunna að verða á skipulagsskrá þessari. Niðurstöður reikninga sjóðsins skulu árlega birtir í sýslufundargerð.

## 11. gr.

Að fimmtíu árum liðnum frá staðfestingu skipulagsskrár þessarar er sýslunefnd heimilt, með samþykki hlutaðeigandi stjórnarvalda, að gera breytingar á 6. grein hennar.

## 12. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi, þegar hún hefur hlotið staðfestingu forseta Íslands.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi felld skipulagsskrá nr. 37 frá 20. febrúar 1946.

Samþykkur f. h. sýslunefndar Suður-Múlasýslu.

Seyðisfirði, 24. júlí 1961.

Erlendur Björnsson.

## REGLUR

um gjald fyrir heimavinnu vegna kennslu í móðurmáli og reikningi í barnaskólum.

146

16. okt.

## 1. gr.

Heimilt er, að fengnum tillögum viðkomandi skólastjóra, að greiða kennurum í barnaskólum sérstaka þóknun fyrir heimavinnu vegna kennslu í móðurmáli og reikningi fyrir þann nemendafjölda, sem kennari kennir umfram 20 nemendum aðra hvora námsgreinina, en umfram 10 kenni hann þær báðar.

Hliðstæð og hlutfallsleg regla gildir fyrir kennara, sem kenna erlend mál.

## 2. gr.

Þóknun á viku samkvæmt 1. gr. verði sem hér segir:

- a. Vegna móðurmálskennslu kr. 1.75 fyrir hvern nemanda.
  - b. Kr. 0.90 fyrir hvern nemanda vegna reikningskennslu.
- Sé kennt erlent mál í barnaskóla, greiðist kr. 1.20 vegna hvers nemanda.

146

3. gr.

16. okt. Reglur þessar eru settar með hliðsjón af 38. gr. laga nr. 48/1946, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 92/1956, og gilda frá 1. september 1961.

*Menntamálaráðuneytið, 16. október 1961.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius*

147

## REGLUGERÐ

16. okt.

um breyting á reglugerð nr. 273 30. desember 1950 varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

1. gr.

Við VIII. kafla reglugerðarinnar komi ný grein, 26. gr. A, svohljóðandi:  
Öll fúkalyf, sem ætluð eru til notkunar í júgur á kúm, skulu árituð með svofelldum aðvörunarorðum með bláum bókstöfum á hvítum grunni: Eftir notkun þessa lyfs er mjólkinn óhæf til manneidis í næstu fjóra sólarhringa.

2. gr.

Í stað orðanna „Súlfónamíð- eða pensilínsmyrslí“ í XVI. kafla 40. gr. 1-lið reglugerðarinnar komi orðið „súlfónamíðsmyrslí“.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. október 1961.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

148

## REGLUGERÐ

24. okt.

fyrir vatnsveitu Vestmannaeyja.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir alla Heimaey.

2. gr.

Bæjarráð Vestmannaeyja fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Vestmannaeyjakaupstaðar. Bæjarverkfræðingur Vestmannaeyja annast daglegan rekstur vatnsveitunnar.

3. gr.

Vatnsveita Vestmannaeyja hefur einkasölu á vatni á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar.

## 4. gr.

Vatnsveitan sér um vatnsöflun og lætur leggja vantsleiðslur um bæinn eftir framleiðslugetu á hverjum tíma. 24. okt.

148

## 5. gr.

Fiskverkunarstöðvar eiga forgangsrétt á því að fá vatnsæðar tengdar frá vatnsveitunni. Tenging vatnsæða til annarra þarfa verður leyfð, eftir því sem öflun og framleiðsla vatns leyfir, að dómi bæjarráðs á hverjum tíma.

## 6. gr.

Vatnsveitan selur neyzluvatn til íbúðarhúsa frá vatnsveitu og vatnsbólum, sem hún ræður yfir, til flutnings á bifreiðum eða á annan hátt. Í þurrkatið skulu þeir, sem óska eftir því að fá vatn til heimilisnotkunar, eiga forgangsrétt á öllu vatni.

## 7. gr.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra. Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum, nema með samþykki vatnsveitunnar.

## 8. gr.

Sá, sem óskar eftir að fá vatnsæð tengda að húsi sínu frá vatnsveitunni, skal senda skriflega umsókn um það til vatnsveitunnar. Í umsókninni skal þess getið, til hvers vatnið skal notað og hversu mikil vatnsnotkun er áætluð. Vatnsveitan leggur leiðslu frá götuæð til þess hluta byggingarinnar, sem næst er götuæð, og setur upp vatnsmæli á vegg eins nálægt inntaki og mögulegt er. Ef húseigandi óskar að fá inntak á öðrum stað, skal hann greiða allan aukakostnað við lagningu leiðslunnar. Vatnsveitan hefur einkarétt á vatnsæðum og leiðslum að þeim.

## 9. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálsan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss, og skulu húseigendur gefa allar upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir.

## 10. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að takmarka vatnsnotkun eins og þurfa þykir á hverjum tíma.

## 11. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni því, sem leiða kann af rekstrartruflunum, takmörkunum á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkvilið og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar teljast, hvort heldur er á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

## 12. gr.

Að lokinni uppsetningu vatnsmælis, skal húseigandi greiða inntaksgjöld. Allt vatn skal selt samkvæmt mæli og við því verði, sem bæjarráð Vestmannaeyja ákveður á hverjum tíma. Af vatnsmælum skal lesa mánaðarlega og innheimta gjald samkvæmt aflestri. Einnig skal mánaðarlega innheimta mælaleigu. Gjöldin falla í gjalddaga við aflestur.

## 13. gr.

Séu gjöldin ekki greidd innan mánaðar frá aflestri, skal umsvifalaust loka fyrir vatnsinntak. Áður en opnað verður aftur, skal húseigandi greiða opnargjald. Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu gjalda til vatnsveitunnar, og eru gjöldin



**148** tryggð með lögveði í viðkomandi eign og ganga fyrir hvers konar sammingsveði 24. okt. og aðfararveði. Gjöldin má einnig taka lögtaki.

## 14. gr.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis, varðar það hegningu samkvæmt almennum hegningarlögum. Ef upplýst verður, að tengt hefur verið fram hjá vatnsmæli, þannig að ekki mælist öll notkun, skal tafarlaust lokað fyrir vatnsinntak. Vatnsveitan skal áætla, hversu mikið vatn hefur runnið fram hjá mælinum og innheimta gjald hjá hinum brotlega samkvæmt því.

Vatnsveitunni er heimilt að stöðva með öllu sölu vatns til þeirra, sem brotlegir hafa orðið samkvæmt þessari málsgrein.

## 15. gr.

Vatnsæðar skulu þannig tengdar, að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinkest. Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum, nema að einstreymisloki sé settur á leiðslu, sem tryggja, að ekki komist vatn frá einkavatnsbólum inn á vatnsæðar vatnsveitunnar.

## 16. gr.

Vatnsveitan getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

## 17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000.00 kr., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**149**

24. okt.

## G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Vestmannaeyja.

## 1. gr.

Gjald fyrir vatn, selt gegnum mæli til fiskverkunarstöðva og annarra, sem hafa vatnskerfi sín í sambandi við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal vera kr. 15.00 fyrir hvern teningsmetra.

## 2. gr.

Gjald fyrir vatn, sem tekið er til flutnings á bifreiðum til heimilisnotkunar, skal vera kr. 10.00 fyrir hvern teningsmetra.

## 3. gr.

149

Gjald fyrir vatn til skipa skal vera kr. 25.00 pr. teningsmeter frá kl. 8—17 á 24. okt. virkum dögum, en kr. 30.00 pr. teningsmeter á öðrum tíma.

## 4. gr.

Inntaksgjald skal vera kr. 1000.00—5000.00 pr. inntak, eftir mati bæjarverkfræðings.

## 5. gr.

Leiga fyrir vatnsmæli:

Fyrir allt að 10 rúmmetra á klst. ....	kr. 30.00 á mán.
— — — 20 — — — ....	— 40.00 — —
— — — 40 — — — ....	— 100.00 — —

## 6. gr.

Gjald fyrir enduropnun inntaks er kr. 500.00.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

150

25. okt.

um breyting á reglugerð nr. 178 9. nóv. 1959, um vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

## 1. gr.

Fyrri málsgrein 6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samtals 12000 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 18720000.00.

## 2. gr.

Fyrri málsliður 7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 480.00 en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 40.00.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 25. október 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

151  
26. okt.

## AUGLÝSING

### um sektargerðir lögreglumanna.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 73 6. júlí 1961, um sektargerðir lögreglumanna, eru settar eftirfarandi reglur:

#### 1. gr.

Sektarheimild lögreglumanna nær til eftirtalinnna brota:

1. Brot á ákvæðum um stöðvunarskyldu (48. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).
2. Brot á ákvæðum um biðskyldu (48. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).
3. Brot á fyrirmælum um skoðun ökutækja (18.—19. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).
4. Brot á ákvæðum um umferðarljós (III. kafli reglugerðar um umferðarmerki nr. 61 1959).
5. Brot á ákvæðum um stöðu og stöðvun ökutækja (51. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).
6. Brot á ákvæðum um ljósaútbúnað ökutækja (5.—8. gr. og 53. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).

#### 2. gr.

Sektarupphæð fyrir hverja tegund brots samkv. 1. gr. skal vera sem hér segir: Brot samkvæmt 1.—4. tölulið varða sekt að fjárhæð kr. 150.00. Brot samkvæmt 5. og 6. tölulið varða sekt að fjárhæð kr. 100.00.

Þetta tilkynnist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. október 1961.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

152  
28. okt.

## REGLUGERÐ

### um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Eskifjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Eskifjarðarhrepps, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt 0.70% af fasteignamatverði hússins. Lágmarksskattur á íbúð skal þó vera kr. 100.00 á ári.

Sama gildir um önnur hús, er fá veitt vatni úr vatnsveitu hreppsins.

#### 2. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, frystihús, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt 1. mgr. samkvæmt mæli með 50 aura verði fyrir hvern tengingsmetra. 152

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 1. mgr. segir, og skal vatnsveitan þá áætla aukavatnsskattinn eftir áætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr. 28. okt.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður blutfallslega við þá mælingu.

Árlegur vatnsskattur á vörubíl skal vera kr. 100.00 og á fólksbíl kr. 50.00.

### 3. gr.

Hafnarnefnd ákveður verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni, en greiða skal hafnarsjóður fyrir vatnið eftir ákvörðun hreppsnefndar.

### 4. gr.

Vatnsveitunni er heimilt eftir því, sem ástæður leyfa, og almenningsþörf krefur: að skammta vatn, einnig til almenningsþarfa, þegar ónógt vatn er fyrir hendi, að loka fyrir vatnsrennsli til þeirra, sem vanrækja að gera við bilanir á vatnsæðum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi hreppsnefndar þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

### 5. gr.

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 1. júní ár hvert og ber að greiða skattinn til skrifstofu hreppsins.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mælingu, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á fjórum gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

### 6. gr.

Heimilt er hreppsnefnd, án staðfestingar ráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%, hvort heldur er einstaka liði eða gjöldin í heild.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1961.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

153  
30. okt.

## AUGLÝSING

### um tollmeðferð jeppabifreiða.

Ákveðið hefur verið, að ekki skuli aðrar bifreiðar tollafgreiddar sem jeppabifreiðar en þær, sem fullnægja þessum skilyrðum:

1. Bilið milli fram- og afturhjóla má ekki vera meira en 94 tommur.
2. Bifreiðin skal þannig gerð, að hægt sé að hafa drif á öllum hjólum.
3. Afl vélarinnar skal vera það mikið, að bifreiðin geti dregið eða ýtt öllum venju-  
legum landbúnaðartækjum.
4. Á bifreiðinni skal vera útbúnaður til að tengja hana við landbúnaðartæki o. þ. h.
5. Í bifreiðinni má ekki vera nema tvöföld sætaröð, þ. e. sæti fyrir bifreiðarstjóra  
og einn eða tvo menn við hliðina á honum og aðeins ein sætaröð þar fyrir aftan.

Af jeppabifreiðum eru nú þessi gjöld við innflutning: Vörumagnstollur 8.8 aurar af brúttó kg, 18% verðtollur, 2% tollstöðva- og byggingarsjóðsgjald, 6 kr. af kg í gúmmígjald og 16.5% innflutningssöluskattur, svo og 3.3% viðskiptasöluskattur, ef bifreiðin er flutt inn til eigin nota, en ekki til endursölu.

Bifreiðar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, eru undanþegar sérstöku gjaldi til ríkissjóðs samkv. l. nr. 4/1960, og þær eru á frilista, ef þær eru fluttar inn nýjar og ónotaðar, sbr. auglýsingu viðskiptamálaráðuneytisins, dags. 15. september 1961.

Reglur þessar eru settar í samræmi við m-lið 3. gr. tollskrárlaga og 16. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 21. febr. 1956 og 10. júlí 1959, varðandi jeppabifreiðar, landrover- og unimogbifreiðar, eru úr gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 30. október 1961.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzson.**

*Ólafur Stefánsson.*

154  
2. nóv.

## HAFNARREGLUGERÐ

### fyrir Ólafsvíkurkaupþún.

#### I. KAFLI

##### Takmörk hafnarinnar.

##### 1. gr.

Ólafsvíkurhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Sjávarfossi í Fossá í Bullusker, og þaðan lína, er hugsast dregin í vestur á Rif, og lína frá Loðnugjá í Ólafsvíkurenni hornrétt í fyrrnefnda línu.

#### II. KAFLI

##### Stjórn hafnarinnar.

##### 2. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála. Hver nýkjörin hreppsnefnd kys á fyrsta fundi sínum fimm manna hafnarnefnd og jafn-

marga varamenn, til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmenn skulu vera hrepps-  
nefndarmenn svo og varamenn þeirra. Hinir þrír aðalmenn og varamenn skulu  
kosnir utan hreppsnefndar. Ný kosin hafnarnefnd velur sér formann á fyrsta  
fundi sínum, svo og hafnarvörð, og setur honum starfsreglur í samráði við sveitar-  
stjóra hreppsins.

154  
2. nív.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald hennar og endurbætur,  
og stýrir framkvæmdum, annast alla innheimtu á gjöldum til hafnarinnar og hefur  
á hendi reikningshald í nánú samstarfi við sveitarstjóra og undir eftirliti hrepps-  
nefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á sjóðum og innstæðum hafnarinnar eins  
og öðrum eignum hreppsins. Reikningar hafnarinnar skulu ávallt fylgja hrepps-  
reikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

### III. KAFLI Hafnarsjóður.

#### 3. gr.

Hafnarsjóði skal, eftir ákvörðun hreppsnefndar, eingöngu varið í þarfir hafn-  
arinnar. Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðs til annarra fyrirtækja hreppsins eða  
binda það í lánnum til þeirra.

### IV. KAFLI Um reglu við höfnina.

#### 4. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum  
skylt að hlýða boði hennar og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnar-  
nefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum  
hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins  
ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í  
starfi sínu.

#### 5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmaett erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnar-  
innar, ef þeir með því tálma fermingu og affermingu skipa og báta eða öðrum  
störfum, sem þar eru framkvæmd. Meðferð skotvopna á landi hafnarinnar og  
bryggjum hennar er og stranglega bönnuð.

#### 6. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni. Í skipum  
og bátum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavel  
skipsins og lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum  
og bátum á því svæði, sem unnið er að fermingu og affermingu.

Áliti hafnarnefnd eða starfsmaður hennar, að hætta geti stafað af fermingu  
eða affermingu eldfimrar vöru, er heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið  
nauðsynlegar ráðstafanir.

#### 7. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða nýja báta eða gera við eldri báta, nema  
með leyfi starfsmanns hafnarnefndar og með þeim skilmálum, sem hann ákveður  
Bannað er að leggja bátum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarnefndar  
eða umsjónarmanns.

#### 8. gr.

EKKI MÁ KASTA ÚTBYRÐIS SEGLFESTU, ÖSKU, KOLUM EÐA NEINU ÖÐRU, ER VALDIÐ  
GETUR SKEMMDUM Á HÖFNinni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út  
í höfnina.

154 Á svæðinu milli hafnargarðanna er bannað að kasta í höfnina hvers konar 2. nóv. fiskúrgangi og öllu öðru, er óþrifum kann að valda.

Hafnarnefnd eða umsjónarmaður hennar getur látið hreinsa allan fiskúrgang og annað það, sem kastað er í höfnina, á kostnað þess báts eða skips, sem slíku hefur í höfnina kastað.

Innan hafnartakmarkanna má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar og hreppsnefndar komi til.

## V. KAFLI

### Um legu skipa og báta og umferð þeirra í höfninni.

#### 9. gr.

Fiskiskip og bátar, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo í höfnina, að það tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast, ef slík skipun er gefin. Skip eða bátar mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða festar, að tálmi umferð. Festar skipa eða báta mega aldrei liggja yfir alfaraleið.

#### 10. gr.

Skipum eða bátum má ekki leggja við akkeri eða festar innan hafnargarða, þannig að það tefji umferð um höfnina. Hafnarnefnd getur ákveðið, hvar og hvernig legutækjum báta og skipa verður lagt í höfninni.

Nú tregðast eigandi eða skipstjóri við að hlýða boðum hafnarnefndar eða starfsmanni hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefndin látið gera það á ábyrgð og kostnað eiganda.

#### 11. gr.

Í sérhverju skipi eða bát, sem er yfir 10 rúmlestir (að undanskildum skipum eða bátum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlauk á lægi á höfninni), skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

#### 12. gr.

Eigi má festa skipum eða bátum við bryggjur hafnarinnar, nema við festarhringi og þar til gerða festarstólpa á norðurbryggju hafnarinnar. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast, að bætt verði úr því tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og hafnargarðs eða bryggju, ef krafizt er.

#### 13. gr.

Vélskip og vélbátar mega ekki láta vélar ganga af svo miklum krafti, að öðrum skipum eða bátum í höfninni eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af.

#### 14. gr.

Ef skip eða bátur lendir á grynningu og sekkur, þar sem það, að álitu hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði minnsti dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið eða bátinn á kostnað eigenda, og er henni heimilt að láta selja skipið eða bátinn til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

## VI. KAFLI

154

## Um notkun hafnarbryggjana.

2. nív.

## 15. gr.

Meðan hafnarnefnd ákveður ekki annað, er skipum og bátum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, er þeir koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastri fyrir fram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst og farþega, hafa rétt til þess að leggjast við bryggjur hafnarinnar, þó önnur skip liggja við þær, og verða þau þá að víkja burt, meðan hin fá afgreiðslu.

Þó skulu bátar, sem ferma eða afferma, hafa forgangsrétt til notkunar bryggjana, fram yfir þau skip eða báta, sem ekki á að vinna við. Uppskipunarskip og bátar, sem skipa upp eða út vörum í skip, er liggja úti á höfninni, hafa rétt til þess að nota bryggjuna, þar sem upp- og útskipun er auðveldust.

Opnir vélbátar og uppskipunarskip skulu liggja svo ofarlega við suðurbryggjuna sem frekast er unnt, til þess að tálma því eigi, að stærri bátar geti lagzt framur við bryggjuna.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar ákveður, hvar bátur skuli liggja við bryggju.

Ef nauðsynlegt telst vegna veðurs getur umboðsmaður hafnarnefndar fyrirskipað þeim bátaeigendum eða formönnum, sem hafa umráð yfir opnum bátum og uppskipunarbátum, að setja báta sína upp í fjöru á stað þann, er hann tiltekur. Sé fyrirskipunum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar ekki hlýtt í þessu efni, þá getur hann látið framkvæma þessar fyrirskipanir á kostnað og ábyrgð eigenda bátanna.

## 16. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum eða bátum, sem ferma eða afferma við bryggju, sé lagt samhliða, er heimilt að flytja farm þeirra skipa eða báta, er utar liggja, yfir þilför hinna. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa eða báta, er utar liggja, heimil umferð um þilför hinna, er nær liggja.

## 17. gr.

Öll skip, sem ætla að leggjast við norðurbryggju hafnarinnar, skulu skyld að hlífa henni við átökum. Sérhver skemmd, sem verður á bryggjunni, áhöldum hennar eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bæta af viðkomandi skipi, ef hún stafar af ásettu ráði eða vangá.

Áhöld þau, er fylgja hafnarmannvirkjunum, er óheimilt að nota, nema leyfi hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar komi til.

## 18. gr.

Bannað er að gera að fiski á bryggjum hafnarinnar eða láta fiskúrgang á bryggjurnar. Ef það er gert varðar það sektum.

## 19. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skips eða báts, skal skipstjóri, formaður eða afgreiðslumaður, ef þörf gerist, láta ræsta bryggjuna þar, sem hún hefur verið notuð. Farist það fyrir, skal hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður, skipstjóri eða formaður greiðir kostnað, sem af því leiðir.

## 20. gr.

Bannað er að láta vörur eða muni standa eða vera þar á bryggjunni, sem þeir geta tálmað greiðri umferð um hana. Allar vörur eða muni skal flytja burt af bryggjunni samstundis og umboðsmaður hafnarnefndar krefst þess.



154

2. nív.

## VII. KAFLI

## Um skip og báta, sem geymd eru í höfninni.

## 21. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar eða umsjónarmanns hennar þarf til þess að geyma bát í höfninni. Skal hann þá geymdur þar, sem hann hindrar ekki umferð annarra báta, og á þeim stað, er umsjónarmaður hafnarnefndar tiltekur.

## 22. gr.

Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á bátum, sem geymdir eru í höfninni.

## VIII. KAFLI

## Um lestagjald.

## 23. gr.

Öll skip, 5 rúmlestir brúttó og þar yfir, skulu greiða lestagjald, er þau koma á Ólafsvíkurhöfn og hafa samband við land. Undanþegin lestagjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafna vegna sjóskemmda og skip, er leita hafna vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land.

## 24. gr.

- a. Skip og bátar, sem eru eign aðilja í Ólafsvík, eða skrásett þar, eða gerð út þaðan til fiskveiða og flutninga, þó ekki millilandasiglinga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Ólafsvík a. m. k. tveggja mánaða tíma samfleytt á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári sem hér segir:

Opnir bátar greiði lágmarksgjald kr. 50.00 á ári.

Þílfarsbátar greiði lágmarksgjald kr. 100.00 á ári, auk þess kr. 10.00 pr. brúttólest. Gjaldldagi á ofangreindum gjöldum er 1. júlí ár hvert.

- b. Innlend veiðiskip greiði kr. 0.80 fyrir hverja brúttórúmllest í hvert sinn, er þau koma til hafnar. Lágmarksgjald skal ekki vera lægra en kr. 30.00. Heimilt er að veita undanþágu á gjaldi þessu, ef sami bátur kemur oftár en þrisvar í mánuði til hafnar.
- c. Strandferðaskip, sem að staðaldri sigla eftir fyrirframgerðri áætlun greiði kr. 0.60 fyrir hverja rúmlest nettó, í hvert sinn, er þau koma til hafnar.
- d. Öll önnur skip greiði kr. 1.20 á hverja rúmlest nettó.

## 25. gr.

Liggi skip lengur í höfninni en 14 daga, skal eiganda þess skylt að greiða lestagjald að nýju, fyrir hverja 14 daga.

Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi í viðgerð.

## IX. KAFLI

## Um ljósagjald.

## 26. gr.

Öll skip, sem til hafnarinnar koma á tímabilinu 1. ágúst til 15. maí, skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Skip og bátar, er um getur í a-lið 24. greinar greiði árlega:

12 rúmlestir og minni kr. 20.00.

Stærri bátar kr. 50.00 fyrir fyrstu 30 brúttórúmllestirnar og kr. 1.00 á hverja brúttórúmllest þar yfir, gjaldldagi 1. júlí.

- b. Önnur skip, hvort sem þau greiða lestagjald skv. 24. gr. eða eru undanþegin, **154** skulu greiða ljósagjald kr. 0.25 fyrir hverja rúmlest nettó, þó aldrei lægra en 2. nív. kr. 50.00 í hvert sinn.

## X. KAFLI

### Um bryggjugjöld.

#### 27. gr.

Hvert það skip eða bátur, sem leggst við bryggju eða bólvirki, hvar sem er í höfninni, eða að bát eða skipi, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald eftir stærð, talið í heilum tonnnum. Gjöld þessi skulu vera:

- Bátur og skip, sem um getur í a.-lið 24. gr. greiði kr. 7.50 pr. rúmlest brúttó á ári. Bátur undir 12 brúttólestum greiði kr. 30.00 á ári. Gjaldalagi 1. júlí ár hvert.
- Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur. aldrei minna en kr. 50.00 í hvert sinn.
- Öll önnur skip og bátar greiða kr. 0.75 af hverri nettórúmlest í hvert sinn, þó ekki lægra en kr. 50.00.  
Bryggjugjald miðast við sólarhring eða hluta úr sólarhring.
- Öll stærri skip, sem leggjast að bryggju, greiði aukalega festargjald kr. 25.00 til kr. 300.00 eftir stærð.
- Varðskip og björgunarskip eru undanþegin bryggjugjaldi, nema þegar þau flytja vörur og farþega og taka gjald fyrir.

## XI. KAFLI

### Vatnsgjöld.

#### 28. gr.

Fyrir vatn afhent við bryggju skal greiða:

- |  |       |                   |
|--|-------|-------------------|
| a. Heimabáatar og skip, undir 30 lestir brúttó | ..... | kr. 300.00 á ári. |
| — — — yfir 30 — —                              | ..... | — 500.00 — —      |

Gjaldalagi 1. júlí ár hvert.

- Öll önnur skip og bátar skulu greiða fyrir vatn kr. 15.00 pr. tonn.

## XII. KAFLI

### Um vörugjald.

#### 29. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum svo og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eða affermdar eru á höfninni, svo og afla, lögðum á land, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

#### 30. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert gjald, svo framarlega sem þær eru ekki á farmskrá skipsins ákvarðaðar til Ólafsvíkur.

154

2. nív.

## 31. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin nota, sem fluttar eru úr landi.
- b. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

## 32. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur til að láta hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar í té eftirrit af farmskrá skips hans. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts, að viðlögðum sektum, gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, er skip hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar ástæða til, getur hún, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hentugast þykir. Reynist vörumagnið meiri en upp var gefið, greiðir skipið eða báturinn kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af samkv. eftirfarandi gjaldskrá.

## 33. gr.

## Vörugjaldskrá.

## Aðfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald kr. 1.50 pr. 100 kg:  
Kol, koks, salt.
2. flokkur. Gjald kr. 2.00 pr. 100 kg:  
Sement, kalk, tilbúinn áburður, fóðurvörur í sekkjum, garðávextir, laukur í sekkjum.
3. flokkur. Gjald kr. 3.00 pr. 100 kg:  
Gasolía, benzín, smuroliur í tunnum, ljósaolía, byggingarefni, svo sem vikursteinn, vikurplötur, þilplötur til byggingar, miðstöðvarrör, steypujárn, þakjárn, efni til múrhúðunar og annað efni til bygginga, ótalið annars staðar, kornvara, sykur og aðrar matvörur í sekkjum, ótaldar annars staðar, veiðarfæri, ót. a., fiskumbúðir, strigi, strigapokar, vélatvistur, trolltvinni.
4. flokkur. Gjald kr. 4.50 pr. 100 kg:  
Vélar alls konar og vélahlutir, gler, miðstöðvarofnar og katlar, saumur, gólfdukur og annað linoleum, málningarvörur.
5. flokkur. Gjald kr. 6.00 pr. 100 kg:  
Smjör, smjörliki, sápur, þvottaefni og aðrar hreinlætisvörur, kaffi, kaffibætir, kex, brauðvörur, ávextir nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, kakó, leirvörur, búsaðhöld alls konar, pappírsvörur, kjötvörur, fiskvörur og allar aðrar vörur, sem flutningsgjald er reiknað af eftir þyngd, en ekki geta fallið undir aðra vöruflokka.
6. flokkur. Gjald kr. 1.50 pr. 100 kg:  
Vefnaðarvara, fatnaður, skófataður, öl, gosdrykkir og aldinsafar og aðrar munaðarvörur, ótaldar annars staðar, handverkfæri, tæki og vélar undir 100 kg, barnavagnar, hjólhestar, saumavélar, rafmagnsheimilis-tæki, eldavélar.
7. flokkur. Gjald kr. 2.00 pr. 100 kg:  
Leðurvörur, garn, glervörur, ót. a., lyfjavörur, hjúkrunarvörur, rafmagnsvörur og tæki, smáhjóðfæri.

8. flokkur. Gjald kr. 3.00 pr. 100 kg:  
Mælitæki, svo sem mælar, klukkur, úr, sportvörur, sælgætisvörur, skrifstofuvélar, byssur, skotfæri, leikföng, skrautvörur, glysvarningur, áfengi, tóbak, ilmvatn, snyritvörur, kryddvörur.
9. flokkur. Gjald kr. 2.00 pr. stk.:  
Tómar tunnur og föt.
10. flokkur. Gjald kr. 0.60 pr. ten.fet:  
Trjáviður, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur. Gjald kr. 1.00 ten.fet:  
Húsgögn, hljóðfæri olfugeymar o. fl., allar aðrar vörur, ótaldar annars staðar, sem reiknast eftir rúmmáli.
12. flokkur. Ýmislegt:
- |                              |     |        |     |       |
|------------------------------|-----|--------|-----|-------|
| Kindur, loðdýr .....         | kr. | 5.00   | pr. | grip. |
| Stórgripir .....             | —   | 10.00  | —   | —     |
| Reiðhjól, vélknúin .....     | —   | 10.00  | —   | stk.  |
| Dráttarvélar .....           | —   | 100.00 | —   | —     |
| Jeppar og fólkubílar .....   | —   | 150.00 | —   | —     |
| Vörubílar .....              | —   | 200.00 | —   | —     |
| Vinnuvélar, stórvirkar ..... | —   | 250.00 | —   | —     |
| Bátar opnir .....            | —   | 150.00 | —   | bát.  |
| Nótabátar .....              | —   | 200.00 | —   | —     |

Lægsta vörugjald í öllum flokkum skal vera kr. 2.00.

#### Útfluttar vörur.

13. flokkur. Gjald kr. 3.50 pr. 100 kg:  
Alls konar sjávarafurðir, nema saltsíld, gærur, húðir, garnir.
14. flokkur. Gjald kr. 4.00 pr. 100 kg:  
Landbúnaðarvörur, ótaldar annars staðar.
15. flokkur. Gjald kr. 2.00 pr. 10 kg:  
Iðnaðarvörur, ótaldar annars staðar.
16. flokkur. Gjald kr. 1.00 pr. ten.fet:  
Burtfluttar vörur, sem gjald reiknast af eftir rúmmáli.
17. flokkur. Gjald kr. 3.00 pr. tunnu:  
Saltsíld í tunnum.

#### Aflagjöld.

18. flokkur. Gjald kr. 2.00 pr. 100 kg:  
Sjávarafli, lagður á land slægður og óslægður.  
Fiskkaupandi eða verkandi afla er ábyrgur fyrir gjaldinu.
19. flokkur. Gjald kr. 2.00 pr. tunnu:  
Síld í bræðslu, salt eða til frystingar.

### XIII. KAFLI

#### Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

##### 34. gr.

Fyrir að leggja skipi eða bát upp í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða 25 aura af hverri brúttórúmllest af stærð skipsins eða bátsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, en þó aldrei minna en kr. 25.00. Undanþegnir þessu gjaldi eru skip og bátar, sem eiga heima í Ólafsvík.

154

2. n.óv.

Fyrir að geyma skip eða bát mannaust í höfninni, hvort heldur dregið á land eða bundið við bryggju, skal greiða kr. 10.00 árgjald af hverri brúttórúmllest. Undanþegnir þessu gjaldi eru skip og bátar, sem eiga heima í Ólafsvík.

35. gr.

36. gr.

Ef menn fá útmældar lóðir til bráðabirgðanotkunar af lóðum þeim, sem höfnin hefur umráð yfir, greiði sá, sem afnot slíkrar lóðar fær, kr. 1.50 fyrir hvern fermetra á ári. Ársleiga fyrir bílavog er kr. 500.00 og benzintanka kr. 300.00 á ári.

## XIV. KAFLI

## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

37. gr.

Skipstjóri, formaður eða skipaafgreiðslur bera ábyrgð á greiðslu allra gjalda, sem innheimta skal samkvæmt reglugerð þessari. Ef enginn formaður er á skipi eða báti, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum fyrir vörugjöldum og haldsrétt og lögveðsrétt í báti eða skipi fyrir skipagjöldum, og gengur lögveðrétturinn fyrir sammingsveðskuldum í næstu 2 ár. Að svo miklu leyti sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip eða bátur fer burt úr höfninni.

38. gr.

Ef margir eiga vörur með sama skipi eða báti, skal afgreiðslumaður skips eða báts standa skil á greiðslunni. Ef sama skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldanna. Vörugjald fellur í gjalddaga við fermingu eða affermingu vörunnar. Útgerð hvers báts, sem fiskveiðar stundar í Ólafsvík, ber ábyrgð á vörugjaldinu af fiski þeim, er báturinn leggur á land.

39. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## XV. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

40. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, er matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira honum í vil en 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðili kostnaðinn.

41. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

## 42. gr.

154

2. nóv.

Hverja þá skipun, sem hafnarnefnd eða umsjónarmaður hafnarnefndar má gefa skipi eða báti samkvæmt reglugerð þessari, skal gefa skipstjóra eða formanni, en stýrimanni, ef skipstjóri eða formaður er eigi við. Ef enginn er stýrimaður eða hann er fjarverandi, má gefa einhverjum af skipshöfninni fyrirskipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri eða formaður hefði sjálfur fengið skipunina.

## 43. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 44. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingabætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist tíi eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkirkauptún, nr. 39 25. febrúar 1952.

*Samgöngumálaráðuneytið, 2. nóvember 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

155

9. nóv.

## um umferð á Álftanesi í Gullbringusýslu.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958 hefur ráðuneytið ákveðið, að umferð um Garðaveg í Bessastaðahreppi í Gullbringusýslu skuli hafa stöðvunarskyldu gagnvart umferð um Álftanesveg við vegamót hjá Selskarði.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. nóvember 1961.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað

frá 16. maímánaðar 1961 til jafnlengdar 1962.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<b>A. Friður peningur.</b>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	4000	00	4000	00	3333
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	600	00	3600	00	3000
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
6.	— 8 ær geldar á hausti .... hver á	400	00	3200	00	2667
7.	— 10 ær mylkar á hausti .... hver á	300	00	3000	00	2500
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	2500	00	2500	00	2083
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri .... hver á	2000	00	2666	67	2222
<b>B. Ull, smjör og tólg.</b>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvíttri ullu, vel þveginni .. pd. á	8	20	960	00	800
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni .... pd. á	7	50	840	00	700
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu .... pd. á	21	00	2520	00	2100
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri .... pd. á	6	00	720	00	600
<b>C. Tóvara af ullu.</b>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði .... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka .... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka .... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga .... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur .... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur .... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<b>D. Fiskur.</b>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	210	00	1260	00	1050
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri .... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum .... vættin á	»	»	»	»	»

	Í peningum		Hundrað á		Alin
	kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<b>E. Lýsi.</b>					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis	8	pottar	á	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis	8	pottar	á	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis	8	pottar	á	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis	48	00	720	00 600
<b>F. Skinnavara.</b>					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns	10	pund	á	»
32.	— 6 fjórðungar kýrskinn	25	00	150	00 251
33.	— 6 fjórðungar hrossskinn	17	00	105	00 87
34.	— 8 fjórð. sauðskinn, af tvæv. og eldri	10	pund	á	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinn, af veturg. og ám	10	pund	á	»
36.	— 6 fjórðungar selskinn	10	pund	á	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit	.....	hvert	á	»
<b>G. Ýmislegt.</b>					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum	300	00	1800	00 1500
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum	.....	pundið	á	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri	225	00	2700	00 2250
41.	— 480 pd. af fjallagrösom	10	pund	á	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	160	00	»	» 3200
43.	— 1 lambsfóður	200	00	»	» 4000
<b>Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrrtöldum landaurum verður:</b>					
	Eftir A. eða í friðu	3161	11	2634	
	Eftir B. eða í ulla, smjöri og tólg	1260	00	1050	
	Eftir C. eða í ullartóvöru	»	»	»	
	Eftir D. eða í fiski	1260	00	1050	
	Eftir E. eða í lýsi	720	00	600	
	Eftir F. eða í skinnavöru	127	50	106	
<b>En meðalverð allra landaura samantalið</b>					
	og skipt með 5 sýnir:	6528	61	5440	
<b>Meðalverð allra meðalverða</b>					
		1305	72	1088	

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 24. apríl 1961.

F. h. yfirséðanefndar.

*Jón Steingrímsson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

*Fjármálaráðuneytið, 24. apríl 1961.*

F. h. r.

*Sigtr. Klemenzson.*

*Kristján Thorlacius.*



# VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

frá 16. maímánaðar 1961 til jafnlengdar 1962.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	2500	00	2500	00	2083
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	420	00	2520	00	2100
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	350	00	2800	00	2333
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	180	00	1800	00	1500
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	1500	00	1500	00	1250
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	900	00	1200	00	1000
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ulla, vel þveginni .. pd. á	8	00	960	00	800
11.	— 120 pd. af mislitri ulla, vel þveginni ..... pd. á	5	00	600	00	500
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	19	00	2280	00	1900
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	4	00	480	00	400
<i>C. Tóvara af ulla.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnipeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	182	00	1092	00	910
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<b>E. Lýsi.</b>						
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . . .	8	pottar á	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis . . . . .	8	pottar á	6	00	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis . . . . .	8	pottar á	»	»	90 00 75
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis . . . . .	8	pottar á	»	»	»
<b>F. Skinnavara.</b>						
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns . . . . .	10	pund á	15	00	60 00 500
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns . . . . .	10	pund á	15	00	90 00 75
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns . . . . .	10	pund á	12	50	75 00 63
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri	10	pund á	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund á	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns . . . . .	10	pund á	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . .		hvert á	»	»	»
<b>G. Ýmislegt.</b>						
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið á		500	00	3000 00 2500
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum . . . . .	pundið á		»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri . . . . .	10	pund á	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösom . . . . .	10	pund á	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir . . . . .	á		160	00	» 3200
43.	— 1 lambsfóður . . . . .	á		»	»	»
<b>Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrrtöldum landaurum verður:</b>						
Eftir A. eða í fríðu . . . . .				2053	33	1711
Eftir B. eða í ulla, smjöri og tólg . . . . .				1080	00	900
Eftir C. eða í ullartóvöru . . . . .				»	»	»
Eftir D. eða í fiski . . . . .				1092	00	910
Eftir E. eða í lýsi . . . . .				90	00	75
Eftir F. eða í skinnavöru . . . . .				75	00	63
<b>En meðalverð allra landaura samantalið . . . . .</b>				<b>4390</b>	<b>33</b>	<b>3659</b>
og skipt með 5 sýnir:						
<b>Meðalverð allra meðalverða . . . . .</b>				<b>878</b>	<b>00</b>	<b>732</b>

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 8. maí 1961.

F. h. yfirskattanefndar.

*Hinrik Jónsson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

*Fjármálaráðuneytið, 8. maí 1961.*

F. h. r.

*Sigtr. Klemenzson.*

*Kristján Thorlacius.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Dalasýslu

frá 16. maímánaðar 1961 til jafnlengdar 1962.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	3600	00	3600	00	3000
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	600	00	3600	00	3000
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	350	00	2800	00	2333
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	220	00	2200	00	1833
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	1200	00	1200	00	1000
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	1000	00	1333	33	1111
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	6	00	720	00	600
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	5	00	600	00	500
12.	— 120. pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	25	00	3000	00	2500
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	3	00	360	00	300
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnipeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>E. Lýsi.</i>						
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlálýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis . . . . .	8	pottar	á	» 00	120 00 100
<i>F. Skinnavara.</i>						
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns . . . . .	10	pund	á	30 00	120 00 100
32.	— 6 fjórðungar kýrskinnns . . . . .	10	pund	á	30 00	180 00 150
33.	— 6 fjórðungar hrossskinnns . . . . .	10	pund	á	12 00	72 00 60
34.	— 8 fjórð. sauðskinnns, af tvæv. og eldri	10	pund	á	» »	» » »
35.	— 12 fjórð. sauðskinnns, af veturg. og ám	10	pund	á	» »	» » »
36.	— 6 fjórðungar selskinns . . . . .	10	pund	á	2600 00	1560 00 1300
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . .		hvert	á	» »	» » »
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum ..	pundið	á	600 00	3600 00	3000
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum . . . . .	pundið	á	» »	» »	» »
40.	— 120 pd. af fuglafiðri . . . . .	10	pund	á	» »	» »
41.	— 480 pd. af fjallagrösum . . . . .	10	pund	á	» »	» »
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir . . . . .	á	200 00	» »	4000	
43.	— 1 lambsfóður . . . . .	á	250 00	» »	5000	
<b>Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaorum verður:</b>						
	Eftir A. eða í friðu . . . . .	2455	55	2046		
	Eftir B. eða í ulla, smjöri og tólg . . . . .	1170	00	975		
	Eftir C. eða í ullartónvöru . . . . .	»	»	»		
	Eftir D. eða í fiski . . . . .	»	»	»		
	Eftir E. eða í lýsi . . . . .	120	00	100		
	Eftir F. eða í skinnavöru . . . . .	3993	00	3828		
<b>En meðalverð allra landaura samantalið . . . . .</b>						
	og skipt með 4 sýnir:	7738	55	6449		
<b>Meðalverð allra meðalverða . . . . .</b>						
		1934	64	1612		

Skrifstofu Dalasýslu, 24. apríl 1961.

F. h. yfirskattanefndar.

*Friðjón Þórðarson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

*Fjármálaráðuneytið, 24. apríl 1961.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzson.**

*Kristján Thorlacius.*

159

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

## Barðastrandarsýslu

frá 16. maímánaðar 1961 til jafnlengdar 1962.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	3600	00	3600	00	3000
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	600	00	3600	00	3000
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti .... hver á	»	»	»	»	»
6.	— 8 ær geldar á hausti .... hver á	350	00	2800	00	2333
7.	— 10 ær mylkar á hausti .... hver á	220	00	2200	00	1833
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	1200	00	1200	00	1000
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri .... hver á	1000	00	1333	33	1111
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	8	00	960	00	800
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni .... pd. á	6	50	780	00	650
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu .... pd. á	25	00	3000	00	2500
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri .... pd. á	5	00	600	00	500
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði .... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka .... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldssokka .... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvettlinga .... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur .... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur .... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	170	00	1020	00	850
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri .... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum .... vættin á	»	»	»	»	»

		f peningum		Hundrað á		Alin			
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.			
<b>E. Lýsi.</b>									
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»	»		
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»	»		
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»	»		
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis . . . . .	8	pottar	á	»	»	»		
<b>F. Skinnavara.</b>									
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns . . . . .	10	pund	á	25	00	100	00	83
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns . . . . .	10	pund	á	20	00	120	00	100
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns . . . . .	10	pund	á	15	00	90	00	75
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæg. og eldri	10	pund	á	»	»	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám	10	pund	á	»	»	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns . . . . .	10	pund	á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit . . . . .		hvert	á	»	»	»	»	»
<b>G. Ýmislegt.</b>									
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum . .		pundið	á	600	00	3600	00	3000
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum . . . . .		pundið	á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri . . . . .	10	pund	á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum . . . . .	10	pund	á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir . . . . .		á		200	00	»	»	4000
43.	— 1 lambsfóður . . . . .		á		200	00	»	»	4000
<b>Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrirtöldum landaúrum verður:</b>									
	Eftir A. eða í friðu . . . . .						2455	55	2046
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg . . . . .						1335	00	1113
	Eftir C. eða í ullartóvöru . . . . .						»	»	»
	Eftir D. eða í fiski . . . . .						1020	00	850
	Eftir E. eða í lýsi . . . . .						»	»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru . . . . .						103	33	86
<b>En meðalverð allra landaúra samantalið . . . . .</b>									
							4913	88	4095
<b>og skipt með 4 sýnir:</b>									
<b>Meðalverð allra meðalverða . . . . .</b>									
							1228	47	1024

Skrifstofu Barðastrandarsýslu, 9. febrúar 1961.

F. h. yfirskattanefndar.

*Ari Kristinsson.*

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

*Fjármálaráðuneytið. 28. apríl 1961.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzson.**

*Kristján Thorlacius.*

## VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1961 til jafnlengdar 1962.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
<i>A. Friður peningur.</i>						
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. .... á	3500	00	3500	00	2917
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	500	00	3000	00	2500
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	450	00	2700	00	2250
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	400	00	3200	00	2667
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	350	00	4200	00	3500
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	350	00	2800	00	2333
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	200	00	2000	00	1667
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	2500	00	2500	00	2083
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri ..... hver á	1900	00	2533	00	2111
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	10	00	1200	00	1000
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	8	00	960	00	800
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	22	00	2640	00	2200
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	10	00	1200	00	1000
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
Framanritaður rekstrar- og efnahagsreikningur er borinn saman við bækur  
stofnunarinnar, sem ég hef endurskoðað og ekkert fundið athugavert við.  
Ég hef sannprófað sjóðseign, verðbréf og bankainnstæður.

Reykjavík, 22. ágúst 1961.

*Kristján Sigtryggsson.*

## REIKNINGUR

188

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1960.

### BRÁÐAFÚADEILD

Rekstrarreikningur 1. janúar til 31. desember 1960.

#### Gjöld:

Kostnaður .....	kr.	282611.33
Innheimtulaun .....	—	40000.00
Tjón .....	—	3138391.79
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir tjónum .....	—	10350000.00
Rekstrarhagnaður .....	—	2998225.09
		<hr/>
	Kr.	16809228.21

#### Tekjur:

Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum .....	kr.	8180000.00
Iðgjöld .....	—	8627866.71
Vextir .....	—	1361.50
		<hr/>
	Kr.	16809228.21

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1960.

#### Eignir:

Peningar í sjóði .....	kr.	68547.64
Peningar í banka .....	—	423808.57
Skuldir viðskiptamanna .....	kr.	12576301.30
† ógreiddur iðgjaldastyrkur .....	—	28185.67
		<hr/>
	—	12604486.97
Greiðslur upp í tjón .....	—	6384486.41
Fúavarnarefni .....	—	20331.65
		<hr/>
	Kr.	19501661.24

188

## Skuldir:

Inneignir viðskiptamanna .....	kr.	38064.90
Til vara fyrir tjónum .....	—	10350000.00
Rekstrarhagnaður frá fyrra ári .....	kr.	6115371.25
Rekstrarhagnaður frá fyrra ári .....	—	2998225.09
		<hr/>
		9113596.34

Kr. 19501661.24

Reykjavík, 1. júlí 1961.

Páll Sigurðsson.

Hér með vottast, að framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 31. desember 1960, er í samræmi við aðalbók bráðafúadeildar Samábyrgðar Íslands. Bækur deildarinnar hef ég ekki endurskoðað að öðru leyti.

Reykjavík, 15. nóvember 1961.

Árni Björnsson.

Framanritaður rekstrar- og efnahagsreikningur er samhljóða bókum Samábyrgðar Íslands (bráðafúatryggingadeild), sem ég hef endurskoðað.

Reykjavík, 13. ágúst 1961.

Kristján Sigtryggsson.

189

## REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kristínar Sigurðardóttur, ljósmóður frá Kóngsbakka, fyrir árið 1960.

## Tekjur:

1. Innstæða frá f. ári í Söfnunarsjóði Íslands .....	kr.	20424.36
2. Gjafir og áheit .....	—	100.00
3. Vextir á árinu .....	—	1326.21
4. Vaxtabætur Söfnunarsjóðs .....	—	61.15

Kr. 21911.72

## Eignir:

Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	21911.72
--------------------------------	-----	----------

Kr. 21911.72

Svelgsá, 23. september 1961.

Guðbrandur Sigurðsson.

Sigurborg Magnúsdóttir.

Aðalheiður Bjarnadóttir.

## REIKNINGUR

190

sjóðs Morten Hansen til stofnunar kennslubóka- og kennsluáhaldasafns  
í Reykjavík árin 1958—1960.

## Tekjur:

Eign 1. janúar 1958:		
Sparisjóðsinnstæða .....	kr.	5637.35
Söfnunarsjóðsinnstæða .....	—	41354.85
Ríkisskuldabréf .....	—	5000.00
Önnur verðbréf .....	—	1000.00
		<hr/>
		kr. 52992.20

## Vextir:

Af sparisjóðsinnstæðu í Landsbanka Íslands (bók nr. 12828):

Árið 1958 .....	kr.	281.12
Árið 1959 .....	—	295.90
Árið 1960 .....	—	994.94
		<hr/>
	kr.	1571.96

Af söfnunarsjóðsinnstæðu (aðaldeild nr. 566):

Árið 1958 .....	kr.	2274.51
Árið 1959 .....	—	2443.24
Árið 1960 .....	—	2994.72
		<hr/>
	—	7712.47

Af ríkisskuldabréfi, Litra A. nr. 94, 4% innanríkislán 1945:

Árið 1958 .....	kr.	200.00
Árið 1959 .....	—	200.00
Árið 1960 .....	—	200.00
		<hr/>
	—	600.00
		<hr/>
	—	9884.43

Kr. 62876.63

## Gjöld:

Eign 31. des. 1960.		
Sparisjóðsinnstæða í Landsbanka Íslands, bók nr. 12828 .....	kr.	13809.31
Söfnunarsjóðsinnstæða, aðaldeild nr. 566 .....	—	49067.32
		<hr/>

Kr. 62876.63

*Menntamálaráðuneytið, 17. nóvember 1961.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Reikning þennan höfum við endurskoðað, kannað eignir sjóðsins, og ekkert fundið athugasvert.

Reykjavík, 17. nóvember 1961.

*Karl Einarsson. Konráð Beck.*

191

**REIKNINGUR**

Byggingarsjóðs Listasafns Íslands pr. 31. desember 1960.

## Tekjur:

Stofnfé skv. lögum nr. 41/1959, um Byggingarsjóð Listasafns Íslands:

a. Til Kjarvalshúss skv. þál. 2/3 1945 .....	kr. 300000.00	
b. Fjárveiting 1958 til Kjarvalshúss .....	— 300000,00	
c. Fjárveiting 1959 til Kjarvalshúss .....	— 500000.00	
	<hr/>	
	Kr. 1100000.00	
÷ teikningakostnaður við Kjarvalshús .....	— 14000.00	
	<hr/>	kr. 10860000.00
Vextir árið 1959 .....	kr. 32786.58	
Vextir árið 1960 .....	— 34681.22	
	<hr/>	— 67467.80
Fyrirfram greiddir vextir af verðbréfaeign .....	— 143479.34	
	<hr/>	Kr. 1296947.14

## Gjöld:

Eign í árslok 1960:

Innstæða í hlr. 2522 í Seðlabanka Íslands .....	kr. 400947.14
Sogsvirkjunarbréf, nafnverð .....	— 896000.00
	<hr/>
	Kr. 1296947.14

*Menntamálaráðuneytið, 6. nóvember 1961.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

192

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs Niunda árið 1960.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1960, B., bls. 459):	
a. Innritunarskírteini .....	kr. 8600.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	— 12690.79
c. Bankainnstæða .....	— 20376.95
	<hr/>
	kr. 41667.74
2. Vextir:	
a. Af innritunarskírteini .....	kr. 1659.41
b. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	kr. 1659.41
c. Bankainnstæða .....	— 1680.09
	<hr/>
	— 4171.98
	<hr/>
	Kr. 45839.72

## Gjöld:

192

## 1. Sjóður til næsta árs:

a. Innritunarskirteini .....	kr. 8600.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	— 12935.39
c. Bankainnstæða .....	— 24304.33
	<hr/>
	kr. 45839.72
	Kr. 45839.72

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 4. maí 1961.*

**Gunnlaugur E. Briem.**

## REIKNINGUR

193

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta í hinu fyrrverandi Suðuramti árið 1960.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1960, B., bls. 461):	
Söfnunarsjóðsinnstæða .....	kr. 40315.49
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 2620.51
	<hr/>
	Kr. 42936.00

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 42936.00
	<hr/>
	Kr. 42936.00

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 4. maí 1961.*

**Gunnlaugur E. Briem.**

## REIKNINGUR

194

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs V. Giga's árið 1960.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1960, B., bls. 460):	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 32585.68
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 2118,07
	<hr/>
	Kr. 34703.75

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 34703.75
	<hr/>
	Kr. 34703.75

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 4. maí 1961.*

**Gunnlaugur E. Briem.**

195

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófests Melsteds og frú Steinunnar  
Bjarnadóttur Melsteds árið 1960.

**Tekjur:**

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1960, B., bls. 461) .....	kr. 9980.83
2. Óafhentir trjáræktarsjóðir .....	— 1039.05
3. Vextir árið 1960 af aðalsjóðnum .....	— 648.75
4. Vextir árið 1960 af sparisjóðsinnstæðum trjáræktarsjóða .....	— 87.41

---

 Kr. 11756.04
**Gjöld:**

Í sjóði til næsta árs:	
1. Í Söfnunarsjóði .....	kr. 10629.58
2. Í Landsbankanum:	
a. Trjáræktarsjóður Úlfhljótsvatnskirkjugarðs .....	— 296.17
b. — Þingvallakirkjugarðs .....	— 291.01
c. — Hlíðar í Grafningi .....	— 275.63
d. — Keldnakots í Stokkseyrarhreppi .....	— 263.65

---

 Kr. 11756.04

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 4. maí 1961.*

**Gunnlaugur E. Briem.**

196

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebe's árið 1960.

**Tekjur:**

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1960, B., bls. 462):	
Söfnunarsjóðsinnstæða .....	kr. 15449.92
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 1004.24

---

 Kr. 16454.16
**Gjöld:**

1. Greitt Búnaðarfélagi Íslands .....	kr. 903.78
2. Sjóður í árslok:	
Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 15550.38

---

 Kr. 16454.16

*Í atvinnumálaráðuneytinu, 4. maí 1961.*

**Gunnlaugur E. Briem.**

**REGLUR****197**

27. nóv.

**um úhlutun örorkustyrkja.****1. gr.**

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að úthluta allt að 10% þeirrar heildarfjárhæðar, sem árlega er greidd í örorkulífeyri til öryrkja, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar samkvæmt mati tryggingayfirlæknis. Hámarks upphæð styrks til þeirra umsækjenda, sem ekki hafa börn innan 16 ára á framfæri sínu, má nema 75% fulls lífeyris. Til þeirra, sem hafa börn á framfæri innan 16 ára, er heimilt að úthluta viðbót, þannig, að hún ásamt fjölskyldubótum, verði eigi hærri en barnalífeyrir.

Ekki skal úrskurða örorkustyrk til þeirra, sem eru í fullaunuðu starfi, nema örorkan hafi í för með sér verulegan aukakostnað, svo sem umsækjanda sé nauðsynlegt að hafa bifreið til að komast að og frá vinnustað.

Ekki skal úrskurða húsmóður örorkustyrk, nema að sannað þyki að um verulegan aukakostnað sé að ræða við heimilishaldið vegna örorku hennar, svo sem aðkeypta húshjálp, eða atvinnumissi fyrirvinnunnar af þeim sökum.

**2. gr.**

Við úthlutun styrkja skal höfð hliðsjón af:

1. Eignum og tekjum umsækjanda og maka hans undanfarin 2 ár.
2. Örorkustigi umsækjanda með tilliti til þess starfs er hann stundar, eða kostur er á.
3. Fjölda barna umsækjanda innan 16 ára, sem hann hefur á framfæri sínu og ekki greiðist með barnalífeyrir.

**3. gr.**

Umsóknir skulu sendar viðkomandi umboðsmanni — í Reykjavík aðalskrifstofunni —, sem framsendir síðan umsóknirnar ásamt athugasemdum sínum og meðmælum aðalskrifstofunni til úrskurðar.

Reglur þessar eru settur samkv. 14. gr. laga, um almannatryggingar nr. 24/1956, og staðfestast hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*



198  
29. nóv.

## AUGLÝSING

### um gjaldskrá fyrir Sundhöll Reykjavíkur.

#### 1. Einstakir aðgöngumiðar:

Fullorðnir — klefar .....	kr.	8.00
— — skápar .....		7.00
Börn — — .....		2.50

#### 2. Afsláttarmiðar:

Fullorðnir — klefar 10 miðar .....	—	60.00
— — — 20 — .....		112.00
— — skápar 10 — .....		55.00
— — — 20 — .....		100.00
Börn — — — 10 — .....		20.00
— — — 20 — .....		35.00

#### 3. Sundnámskeið — 20 skipti:

Fullorðnir .....	—	135.00
Börn .....		85.00

#### 4. Leiga:

Sundskýla .....	—	5.00
Sundbolur .....		6.00
Handklæði .....		5.00
Geymsluhólf (þvottur á sundfötum og handklæðum) .....		50.00

#### 5. Íþróttafélög:

Félagar 16 ára og eldri, hver æfing .....	—	4.00
— yngri en 16 ára, hver æfing .....		1.50

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað, jafnframt er gjaldskrá Sundhallar Reykjavíkur, nr. 52 31. marz 1948, sbr. breyting á þeirri gjaldskrá nr. 220 30. des. 1958, felld úr gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Þorbjargar Þor- 199**  
kelsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. desem- 4. des.  
ber 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorbjargar Þorkelsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorbjargar Þorkelsdóttur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að prýða borð við messugerð á Laugarvatni og síðar að skrýða altari, þegar kapella eða kirkja hefur verið reist þar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag kennara á Laugarvatni, kvenna í Laugardal og annarra manna, þ. e. fjárhæð sú, sem geymd er í sparissjóðsbók nr. 93796 í Landsbanka Íslands kr. 17851.14.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög einstaklinga, svo og annað það fé eða fjármunir, sem sjóðnum kann að áskotnast eða stjórn sjóðsins aflar á einn eða annan hátt.

5. gr.

Eftir árslok 1962 má verja vöxtum 1962, svo og því fé, sem til sjóðsins féll það ár, en úr því  $\frac{3}{4}$  vaxta og helmingi annarra árstekna sjóðsins til þess að fullnægja ákvæðum 2. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Forstöðukona Húsmæðraskóla Suðurlands að Laugarvatni, formaður, einn kosinn af kvenfélagi í Laugardal, ef til er, annars kosinn af konum í Laugardal og Þórður Kristleifsson, menntaskólakennari, meðan hann er búsettur á Laugarvatni, en eftir það skólastjóri héraðsskólans.

7. gr.

Endurskoðendur reikninga héraðsskólans á Laugarvatni endurskoði einnig reikninga þessa minningarsjóðs.

## AUGLÝSING

um viðauka og breytingar á Lyfsöluskrá I frá 1. september 1959.

Frá og með 15. desember 1961 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á Lyfsöluskrá I frá 1. september 1959.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. desember 1961.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Eliás Eliasson.*

200

11. des.

201

11. des.

## AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 3 á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

Frá og með 15. desember 1961 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. desember 1961.*

F. h. r.

Baldur Möller.

---

*Elias Eliasson.*

202

11. des.

## GJALDSKRÁ

fyrir Sundlaugarnar í Reykjavík.

## 1. Einstakir aðgöngumiðar:

Fullorðnir .....	kr.	6.00
Börn .....	—	2.00

## 2. Afsláttarmiðar:

Fullorðnir 10 miðar .....	—	45.00
— 20 — .....	—	85.00
Börn 10 — .....	—	15.00
— 20 — .....	—	26.00

## 3. Sundnámskeið — 20 skipti:

Fullorðnir .....	—	135.00
Börn .....	—	55.00

## 4. Leiga:

Sundskýla .....	—	5.00
Sundbolur .....	—	6.00
Handklæði .....	—	5.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með, sbr. lög nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1961.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

---

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## AUGLÝSING um innflutningskvóta.

203

14. des.

Með skirskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið innflutningskvóta fyrir árið 1962 í eftirtöldum vöruflokkum:

Tollskrá:			Innflutnings-
Kafli.	Nr.	Vörutegund:	kvóti 1962
37	3, 8	Hanzkar og vettlingar og alls konar töskur, veski, buddur og hylki úr skinni og leðri, ót. a. ....	kr. 350 000
38	3	Vörur úr loðskinnum .....	— 500 000
39A	10a	Kvenhandtöskur úr plasti .....	— 100 000
40	1—3	Plankar og bitar, borð, óunnin, hefluð og plægð úr furu og greni .....	— 20 000 000
44	14, 26—27	Skrifpappír, prentpappír, kópíupappír og umslög, ót. a. ....	— 8 500 000
51	8a, 8b	Heilsokkar kvenna og aðrir sokkar úr gervipráðum	— 6 000 000
51	17, 23, 29	Vettlingar þrjónaðir úr ull, baðmull og hör .....	— 150 000
	21	Ytri fatnaður úr baðmull .....	— 400 000
54	6b—8, 11—13	Skófatnaður úr kátsjúki, þó ekki sjóstígvél, svo og annar skófatnaður, ót. a. ....	— 3 000 000
60	2—13, 16—19	Rúðugler, gler í plötum, speglar og aðrar vörur úr gleri, svo og glerilát til umbúða, ót. a. ....	— 5 500 000
63	3, 3a, 4, 7, 8, 8a, 8b, 9a, 12, 16	Járn og stál í stöngum, prófiljárn, ót. a., járn og stál í plötum, vir úr járn og stáli, járn- og stálpípur og pípuhlutar (fittings), ót. a. ....	— 40 000 000
73	63	Ljósaperur .....	— 3 000 000

Ofangreindir innflutningskvótar gilda um vörukaup frá öðrum löndum en jafnkeypislöndum (Austur-Þýskalandi, Brazíliu, Póllandi, Rúmeníu, Sovétríkjunum, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi).

Umsóknir um fyrstu úthlutun skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir lok desembermánaðar 1961, en úthlutun fer fram í janúar, júní og október 1962.

Á það skal bent, að bankarnir veita gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi fyrir öllum ofantöldum vörum frá jafnkeypislöndum eftir því, sem óskað kann að vera.

Innflutningskvótar í öðrum vöruflokkum fyrir árið 1962 verða auglýstir síðar.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 14. desember 1961.*

Gylfi P. Gíslason.

*Oddur Guðjónsson.*

## TOLLMEÐFERÐ

skófatnaðar í nr. 1—4 í 54. kafla tollskrár.

Við 54. kafla í 2. gr. laga nr. 90/1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum, er svo fyrir mælt, að kvenskór í nr. 1—4 í þessum kafla skuli færast eftir efninu í þessi fjögur nýju númer: 1a, 2a, 3a og 4a í 54. kafla tollskrár.

Ráðuneytið leggur svo fyrir, að við tollmeðferð skuli skófatnaður í nr. 1—4

## 54. KAFLI

## Skófatnaður.

Tollskrár- númer	Skófatnaður:
1	— með yfirhluta úr gull- eða silfurlituðu skinni, svo og úr vefnaði eða flóka, sem í er silki, gervisilki eða málmþráður:
a	— — kvenskór .....
b	— — annar .....
2	— úr lakkleðri eða lakkbornum striga (lakkskór):
a	— — kvenskór .....
b	— — annar .....
3	— úr leðri og skinni, ót a.
a	— — kvenskór .....
b	— — annar .....
4	— úr vefnaði, flóka, sefi, strái, ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum, gúmmísólum eða sólum úr öðrum efnum, þar með taldir strigaskór og inniskór, enda sé minna en 50% af þunga skófatnaðarins kátsjúk:
a	— — kvenskór .....
b	— — annar .....

í 54. kafla tollflokkað eins og að neðan greinir með þeim gjöldum, sem þar eru **204** tilgreind, og eru vörumagnstollur og verðtollur í nr. 1b, 2b, 3b og 4b tilgreindir 11. des. með viðaukum samkvæmt lögum. Verðtollur af kvenskófatnaði í nr. 1a, 2a, 3a og 4a er undanþeginn viðauka, sbr. 1. gr. laga nr. 90 1961.

Tolleining	Vörumagnstollur aurar	Verðtollur %	Tollst.- og bygg.sj.gjald	Söluskattur af innflutn.	viðskipt.	Innflutningsheimildir
1 kg	0	54	2	16.5	3.3	Frílisti
	88	108	2	16.5	3.3	Frílisti
—	0	54	2	16.5	3.3	Frílisti
	88	90	2	16.5	3.3	Frílisti
—	0	54	2	16.5	3.3	Frílisti
	88	72	2	16.5	3.3	Frílisti
—	0	54	2	16.5	3.3	Leyfirv.
	88	72	2	16.5	3.3	Leyfisv.

Kvenskór, sem flokkast undir nr. 1a, 2a, 3a og 4a hér að ofan, teljast allir skór aðrir en karlmanna- og drengjaskór nr. 36 og stærri miðað við franskt mál.

*Fjármálaráðuneytið, 11. desember 1961.*

205  
11. des.

## G J A L D S K R Á

fyrir Baðhús Reykjavíkur.

Kerlaug .....	kr. 9.00
Steypuböð í sérklefa .....	— 6.00
— í hópklefa .....	— 5.00
Handklæði .....	— 5.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með, sbr. lög nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1961.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

206  
11. des.

## R E G L U G E R ð

um breytingu á reglugerð nr. 7 15. janúar 1960, um gjöld fyrir skoðun skipa o. fl.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. orðist þannig:

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist þannig:

Gjöldin skulu greidd í byrjun útgerðartíma, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 50. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 50 31. júlí 1959, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 11. desember 1961.*

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

## S A M Þ Y K K T

207

14. des.

## fyrir Vatnafélagið Eldvatn í Meðallandi.

## 1. gr.

Félagið heitir Vatnafélagið Eldvatn. Heimili þess og varnarþing er í Leiðvalla-  
hreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

## 2. gr.

Verkefni þess er að hindra rennsli jökulvatns í Eldvatn í Meðallandi og koma  
þar með í veg fyrir sandfyllingu farvegarins, landbrot frá ánni og yfirrennsli og  
skapa þau skilyrði fyrir silung og silungsveiði, sem þar voru, áður en jökulvatnið  
bar sand í farveginn.

## 3. gr.

Félagar kjósa 3 menn árlega á fundi til að hafa á hendi stjórnarstörf, og kjósa  
þeir sér úr sínum hópi formann og skipta með sér störfum. Stjórnin skal kosin  
skriflegri kosningu. Sér hún um fjárhag félagsins, um framkvæmd og viðhald  
mannvirkja og kemur fram fyrir þess hönd út á við. Allar fundargerðir félagsins  
ritist í sérstaka fundargerðabók.

## 4. gr.

Félagsskapurinn snertir þessar landareignir (enda eiga þær, að einni undan-  
tekinni, land að vatninu og vötnum þeim, sem í það renna):

1. Þjóðjarðirnar Langholt og Syðri-Steinsmýri I—II.
2. Sandgræðslujörðina Staðarholt (Feðga).
3. Sjálfseignarjarðirnar Botna, Hnausa með hluta þeirra í svokölluðu „Upplandi“,  
Syðri-Fljóta, Efri-Fljóta I og Efri-Fljóta II (Fljótakrók), þá síðastnefndu aðeins  
vegna veiðiréttar.

## 5. gr.

Stjórnin skal bóka gerðir félagsins á hverju ári, og glöggð bókhald skal haft  
yfir fjárhag þess fyrir hvert ár. Félagar kjósa endurskoðendur, aðalmanng og vara-  
mann.

## 6. gr.

Formaður boðar fundi símléiðis eða á annan þann hátt, að öruggt sé. Ef helm-  
ingur eða meiri hluti félaga óskar, er skylt að halda fund. Lögmætur er fundur,  
ef  $\frac{3}{4}$  félaga mæta. Ef ekki tekst að koma á fundi, sem sé lögmætur, skal boða hann  
í annað sinn, með nægum fyrirvara, og er fundur þá lögmætur, þótt ekki mæti  
nema helmingur félaga. Leyfilegt er félaga að fá mann í sinn stað til að mæta  
á fundi.

## 7. gr.

Félagsfundir ræða og úrskurða, að lokinni rannsókn þar um, hvaða aðgerðir  
verði gerðar til að hindra rennsli jökulvatns í Eldvatnið og fela stjórn félagsins  
að sjá um framkvæmdirnar. Enn fremur ræða þeir leiðir til fjáröflunar fyrir félagið,  
eftir því sem með þarf.

## 8. gr.

Tekjuöflun vegna kostnaðar við framkvæmdir mannvirkja og viðhald hefur  
félagsstjórnin á hendi, eftir samþykkt félagsfunda og kostnað þann allan, er á  
félaga fellur, greiða þeir eftir samkomulagi, eða, ef það næst ekki, eftir gerðardómi,  
og miðast skiptingin við eign (afnot) hvers og eins í veiðivötnunum (Eldvatni o. fl.).



207

14. des.

Brot á ákvæðum samþykktar félagsins varða sektum frá 500 krónum og renna til félagsins.

10. gr.

Til að breyta samþykkt félagsins þarf  $\frac{3}{4}$  atkvæða allra félagsmanna.

11. gr.

Heimilt er að slíta félaginu, ef  $\frac{2}{3}$  aðila æskja þess. Skipta skal þá eignum þess, ef nokkrar verða eftir framlögum hvers og eins.

12. gr.

Á félagsfundum fer atkvæðagreiðsla í málum félagsins þannig fram, að eitt atkvæði sé gilt fyrir hverja fasteign (landareign).

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 14. desember 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

208

15. des.

## REGLUGERÐ

um hitalagnir o. fl. í Reykjavík.

### I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Reglugerðin gildir um allar vatnshitalagnir, svo og lofthitunarkerfi og loft-ræstingarkerfi.

3. gr.

Stjórn hitaveitu.

Bæjarstjórn Reykjavíkur fer með stjórn Hitaveitu Reykjavíkur, sem er eign Reykjavíkurbæjar. Bæjarstjórnin skipar hitaveitustjóra, sem annast daglegan rekstur hitaveitunnar svo og aðra starfsmenn, eftir því sem þörf krefur.

4. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Reykjavíkur hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmisins.

Bæjarstjórn getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

## 5. gr.

**Utanhússlagnir.**

Bæjarstjórn (hitaveitustjóri) lætur leggja allar utanhúslagnir: aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús, sbr. þó 2. málsg. 4. gr.

## 6. gr.

Peim, sem húseign á við götu eða veg, þar sem dreifæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur þá hitaveitustjóri ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

## 7. gr.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsrétt á dreifiæðum sínum, svo og heimæðum og lögnum innanhúss að miðstöðvarkerfi húss. Þetta á þó ekki við um lagnir ofan kjallara eða 1. hæðar, ef hús er kjallaralaust.

## 8. gr.

**Afnot hitaorku.**

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr., og þarf þá til þess heimild hitaveitustjóra.

## 9. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í dreifiæðum hennar sé ávallt nægilegur.

## 10. gr.

**Ábyrgð hitaveitu.**

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar og annars slíks.

## 11. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss, svo og þéttivatn, ef um jarðgufuhitun er að ræða.

Ef hitaveitan óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn, getur hitaveitustjóri leyft notkun þess til upphitunar á geymslu, bílskúr, gróðurhúsi eða öðrum slíkum stöðum, sem ekki þurfa ákveðið hitastig. Hitaveitustjóri getur þó jafnan afturkallað slík leyfi, ef hann telur hitaveituna þurfa á vatninu að halda.

## 12. gr.

**Umsóknir.**

Áður en hafizt er handa um lagning nýrra kerfa, er um getur í 2. gr., eða breytingu á eldri kerfum, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra.

- 208** Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal  
15. des. hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípu-  
lagningameistara þeim, sem verkið á að annast.

Umsókn á að fylgja uppdráttur að lögninni í þríriti.

### 13. gr.

#### Uppdrættir.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi eða sérmenntuðum iðn-  
fræðingi, sem hlotið hefur sérstaka löggildingu bæjarstjórnar, og ber hann ábyrgð  
á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur þessar svo og aðrar reglur  
og lög, er gilda um byggingarmál.

Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

### 14. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír og  
þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal  
vera DIN A2 (42.0 × 59.4) eða stærri samkv. þeim stöðlum.

Lagnir skulu sýndar með rúmteikningu með jöfnum einingum á ásum í mæli-  
kvarða 1:50 eða 1:100, en grunnmyndir í mælikvarða 1:100 eða 1:50.

Sérteikningar skulu gerðar í mælikvarða 1:20, 1:10, 1:5 eða stærri.

Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir  
og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn þau, sem sýnd eru í 49.  
grein.

Tilgreina skal í metrakerfi stærðir á hitunartækjum, pípum, ofnum, loftristum  
og tengingu þeirra við lofthitunarkerfi, svo og önnur mál, sem nauðsynleg eru. Ef  
hitaveitustjóri telur ástæðu til, getur hann krafizt þess, að útreikningar verði lagðir  
fram.

### 15. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hita-  
veitustjóri krafizt þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber hús-  
eigandi allan kostnað af því.

### 16. gr.

#### Samþykkt uppdráttá.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita þrjú eintök  
hans. Tvö eintök skal varðveita í skjalasafni bæjarins, en hið þriðja skal afhent  
umsækjanda.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, skal, áður en það hefst, rita nafn  
sitt á eintök þau, er varðveitt verða í skjalasafninu.

Blikksmíðameistarar skulu þó árita uppdrætti að lögnunum í lofthitunar- eða  
loftræsingarkerfum.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á, að unnt sé að framkvæma við-  
komandi verk, eða kerfi sé rétt útreiknað.

### 17. gr.

#### Meistarar.

Pípulagningameistarar, löggiltir af bæjarstjórn, hafa einir rétt til þess að annast  
hitalagnir, sbr. þó 3. mgr. 16. gr., og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða  
breytingar á eldri lögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi

við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktu uppdrætti. **208**

15. des.

Ef skipt er um meistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt hitaveitustjóra skriflega, og lætur hann þá fram fara úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er. Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum, fyrr en annar meistari hefur tekið við verkinu.

Hitaveitustjóri getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum samkv. reglugerð þessari, er staðizt hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu. Slíkt hæfnispróf skal fram fara í samráði við Félag pípulagningameistara í Reykjavík.

#### 18. gr.

##### Eftirlit.

Hitaveitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

Engar hitalagnir má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af hitaveitustjóra eða eftirlitsmanni hans.

Pípulagningameistari skal þrýstiprófa hitalagnir, sbr. 48. gr.

Áliti eftirlitsmaður hitaveitustjóra, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

#### 19. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitustjóra skal jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins.

#### 20. gr.

##### Dælur á heimæðum.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar, nema skriflegt leyfi hitaveitustjóra sé fyrir hendi og þannig sé frá dælu gengið, að ekki valdi óþægindum.

## II. KAFLI

### Sérákvæði.

#### 21. gr.

##### Efni og frágangur.

Öll vinna að hitalögnum skal vera vel af hendi leyst og allt efni óaðfinnanlegt. Nú telur hitaveitustjóri, að vinna eða efni sé gallað, og er þá skylt að bæta úr því.

#### 22. gr.

##### Katlar.

Stærð katla skal tilgreind í Mcal/h (1 Mcal =  $10^3$  kcal) og fermetrum hitaflatar, og skulu þær stærðir letraðar framan á ketil. Þar skal og letra á hámarks notkunarþrýsting ketils, tilgreina framleiðanda og smíðaár.

Tilgreind afköst skv. 1. mgr. skulu miðuð við eftirfarandi: Ketill skal vera nýhreinsaður, kyntur a. m. k. 4 stundir fyrir prófun með viðeigandi eldsneyti og reykhiði eigi hærrí en 200° C í reykþípu við ketil. Mælingar skulu miðaðar við 20° innihita í ketilhúsi.

Við brennslu með föstu efni miðað við ofangreind skilyrði má reykgas eigi innihalda minna en 12.5% af CO<sub>2</sub> en 11%, ef um fljótandi eldsneyti er að ræða.

- 208** Ef um minni katla er að ræða en 40 Mcal/h og 5 fermetra hitaflatar, má lág-  
15. des. marks innihald reyk-gass af CO<sub>2</sub> eigi vera minna en 9%.  
Jafnan skal miða við sótlausan bruna eldsneytis.

## 23. gr.

**Þrýstipól katla.**

Katlar fyrir vatnshitun skulu þrýstiprófaðir með 6 kg/cm<sup>2</sup>, nema annars hærra þrýstimarks sé óskað af þeim, sem uppdrátt gerir.

## 24. gr.

**Uppsetning katla.**

Katla skal setja þannig upp, að auðvelt sé að komast að þeim til sóttþreinsunar, viðhalds og annars eftirlits. Vatnskatla skal einangra frá gólfi með 10 cm þykkum vikurplötum eða annarri jafngóðri einangrun, nema ketillinn sé með vatnsheldum botni, enda standi hann þá á minnst 3 cm háum fótum.

## 25. gr.

**Um smíði katla, súgspjöld o. fl.**

Öll ketillok skulu vera loftþétt. Á reykþípu eða reykþáf skal setja sjálfvirk súgspjald, er haldi jöfnum og réttum súgi í katlinum. Neðst á hverjum vatnskatli skal vera tæmingarstútur, og skal hann að jafnaði settur upp á framhlið hans. Stærð hans skal vera 15 mm á kötlum upp að 5 m<sup>2</sup> hitaflati, en 20 mm á 5 m<sup>2</sup> kötlum og stærri.

## 26. gr.

**Um mæla og öryggisloka á kötlum.**

Á öllum vatnskötlum skal koma fyrir vatnshitamæli, þrýstimæli og öryggisloka. Framan á hverjum katli skal komið fyrir reykhitamæli með vísi.

Á loftkatli skal vera hitamælir, er mæli hita frá katlinum.

## 27. gr.

**Forhitarar.**

Þípur í forhitarar skulu þrýstiprófaðar með 30 kg/cm<sup>2</sup>, en kápa með 6 kg/cm<sup>2</sup>. Forhitarar skulu staðsettir í minnst 5 cm fjarlægð frá vegg, lofti eða gólfi og tryggilega festir.

Á forhitarum skulu vera hitamælar, þrýstimælar og öryggislokar á hliðstæðan hátt og kötlum, sbr. 26. gr., auk tæmingarstúta, sbr. 25. gr., og þannig frá gengið, að ekki valdi hávaða.

Leyfi hitaveitustjóri forhitarar, ákveður hann lágmarksstærð hans svo og hvert þrýstingstap má mest verða í forhitaranum við hámarksálag.

## 28. gr.

**Hitageymar.**

Við smíði geyma skal þess ávallt gætt, að styrkleiki þeirra verði nægur til að þola vatnsþrýsting þann, sem á þeim kann að verða. Þeir skulu aldrei prófaðir með minni þrýstingi en 6 kg/cm<sup>2</sup>.

Um styrkleika á samskeytum skal fara eftir gildandi ákvæðum um eimkatla.

Framan á hverjum geymi skal komið fyrir plötu, sem á sé letrað nafn framleiðanda, stærð geymisins í lítrum, þrýstipól (raunþrýstingur) í kg/cm<sup>2</sup> og framleiðsluár.

## 29. gr.

208

## Olíubrennarar.

15. des.

Lágmarksnýting eldsneytis í olíubrennara skal vera í samræmi við þær reglur, sem settar eru í 22. gr., miðað við það álag og þá oliutegund, sem framleiðandi tilgreinir. Olíubrennara skal þannig komið fyrir við ketil, að tryggt sé, að sam-skeyti við stút hans séu loftþétt. Í hverjum olíukyntum katli skal komið fyrir eld-holi úr eldföstum steini. Stærð þess og gerð skal fara eftir fyrirsögn framleiðanda brennarans.

Þegar olíubrennari hefur verið settur upp, skal fram fara prófun hans og ketilsins, skv. 22. gr. Sú prófun skal framkvæmd af manni, sem hlotið hefur sér-staka löggildingu til slíks, og sér hann um samhæfingu tækjanna. Hann skal síðar gefa vottorð um það til eftirlitsmanns hitaveitustjóra, þegar lokaúttekt hitalagnar fer fram.

Við frágang olíubrennara skal þess gætt, að sem minnstur hávaði stafi frá tæk-inu, enda fari hann ekki yfir 75 decibel mælt í 1 m fjarlægð frá miðju tækis.

Ef nota á olíubrennara, sem ekki eru sjálfvirkir, skal leita samþykkis slökkvi-liðsstjóra á því.

## 30. gr.

## Baðvatnsgeymar.

Ytra byrði baðvatnsgeyma skal þrýstiprófa með 6 km/cm<sup>2</sup> þrýstingi, en innra byrði og gormpípur með 9 kg/cm<sup>2</sup>.

Baðvatnsgeymar skulu staðsettir í minnst 5 cm fjarlægð frá vegg eða lofti og tryggilega festir. Stútar í baðvatnsgeymum skulu vera sem hér segir:

Fyrir hringrásarvatn	2 stútar
— baðvatn	2 —
— hitamæli	1 stútur
— hitastilli	1 —

Botnar baðvatnsgeyma skulu vera úthverfir, og skulu suðusamskeyti vera fyrir utan kúpuna.

Um kápugeyma gilda eftirfarandi sérákvæði: Séu geymar undir 700 mm þver-máli, skal þykkt kápu vera minnst 4 mm, innra byrðis 5 mm og botns 6 mm. Sé þvermál geyma meira, ber að leggja fram sérstakan útreikning á styrkleika.

Innan við kaldavatnsstútinn skal komið fyrir kringlótttri dreifiplötu, sem sé minnst 20 cm í þvermál og 3 mm á þykkt.

## 31. gr.

## Pípur.

Pípur, sem notaðar eru til hitalagna, skulu fullnægja lágmarksákvæðum þeim, sem eru í gildandi þýzkum stöðlum (DIN-Normen 2440 eða 2448).

Allar pípur skulu vera hreinar. Í þeim mega ekki vera ryðskánir. Í gegnum hverja pípu, sem minni er en 50 mm, skal fyrir notkun renna stálkúlu, er sé minnst 80% af þvermáli pípunnar, en stærri pípur nægir að skyggna.

Þar, sem pípur eru í múruðum eða lokuðum raufum, fer um samsetning þeirra eftir ákvæðum 32. gr. Um frágang á raufum í kjallaragólfum fer eftir ákvæðum 42. gr.

## 32. gr.

## Um samsetningu pípna.

Pípur 40 mm og víðari skal að jafnaði sjóða saman. Grennri pípur skal annað-hvort sjóða saman eða tengja með skrúfuðum tengistykkjum.

**208** Par, sem pípur eru huldar, getur hitaveitustjóri krafizt þess, að samskeyti  
15. des. séu soðin.

Heimilt er að nota kraga eða samfellinga/tengja (Uniona) þar, sem líkur eru á á því að taka þurfi pípur í sundur síðar.

### 33. gr.

#### Um suðuvinnu á pípum.

Nú eru pípur soðnar saman, og skal þá tryggt, að frá öllum samskeytum sé þannig gengið, að soðið sé í gegnum pípuveggina og ekki sé gjall, loftbólur eða aðrir gallar á suðu.

### 34. gr.

#### Prófun á suðu.

Eftirlitsmaður hitaveitustjóra hefur rétt til að krefjast þess, að teknir verði bútar úr hitakerfinu til prófunar, svo margir, sem honum þykir við þurfa.

Pípulagningameistari sá, sem ábyrgð ber á verkinu, skal taka slík sýnishorn og færa lögnina í samt lag aftur.

Komi í ljós, að sýnishorn fullnægi ekki þeim kröfum, sem gera verður til þeirra, ákveður hitaveitustjóri, hvað gert skuli til lagfæringar eða hve mikinn hluta kerfis skuli endurleggja.

### 35. gr.

#### Um pípulögnina.

Pípur skal leggja með tilliti til lofttæmingar hitunarkerfisins.

Þegar breyta þarf stefnu lagnar, skal að jafnaði beygja pípu eftir því, sem aðstæður leyfa. Séu lyppubeygjur notaðar, skal eigi beygja meira en svo, að ein lyppa komi á hverja 10° beygju. Skámiðju-tengistykki skal nota eftir því, sem unnt er.

Við skurð á pípum skal snarað úr endum þeirra. Pípur, sem lagðar eru með veggjum og undir loftum, skal festa með burðarjárnnum, og ber að ganga svo frá járnunum, að þau hindri ekki hitaþenslu pípnanna.

### 36. gr.

#### Miðstöðvarofnar.

Alla miðstöðvarofna skal skola og þrýstiprófa með 6 kg/cm<sup>2</sup> þrýstingi, áður en þeir eru settir upp. Ofnar skulu að jafnaði festir á vegg. Fjarlægð milli burðarjárna skal vera mest 80 cm og fjarlægð frá burðarjárnnum að enda ofns skal ekki vera meiri en 20 cm.

Burðarjárn ofna skal staðsetja þannig, að fjarlægð ofns verði að minnsta kosti 3 cm frá fullgerðum vegg, en fjarlægð frá fullgerðu gólfi upp að ofni skal vera 10—15 cm.

Tengipípur ofna skulu vera svo langar, að þær þoli þensluhreyfingu aðliggjandi stofna.

### 37. gr.

#### Geislahitunarlögn.

Í geislahitunarlögn má eingöngu nota pípur, sem þola að minnsta kosti 40 kg/cm<sup>2</sup> þrýsting.

Pípunar skal beygja kaldar, þannig að bil milli pípnanna verði rétt samkvæmt uppdraetti. Um innsteypt samskeyti vísast til 32. greinar.

Hitamottur skal leggja á a. m. k. 5—6 mm steypustyrktarjárn eða steinflögur, þannig að tryggt sé, að steypa geti runnið undir þær alls staðar.

Áður en hitaflétir eru lagðir niður, skal kúla send eftir pípum í hverjum ein- **208**  
stökum þeirra, og skal hún vera a. m. k.  $\frac{3}{4}$  af innanmáli þeirra pípa, sem hún á 15. des.  
að fara í gegnum.

Að lokinni niðursetningu hitaflata og tengingu þeirra skal þrýstireyna geisla-  
hitunarkerfið með köldu vatni með 30 kg/cm<sup>2</sup> þrýstingi, er haldið sé óbreyttum í  
2 klst. Geislahitunarkerfi telst þétt, ef ekki sést rakavottur utan á neinni pípu eftir  
slíka prófun. Eftirlitsmaður hitaveitustjóra skal vera viðstaddur, þegar prófanir  
samkv. þessari grein fara fram.

Á öllum geislahitunarkerfum skulu vera sjálfvirk stjórnþæki, sem fyrirbyggji,  
að of heitt vatn geti farið inn á þau.

### 38. gr.

#### Lokar.

Lokar skulu að jafnaði vera rennilokar með krögum eða suðuendum. Í lokum,  
sem eru 80 mm eða minni, mega endar vera skrúfuskornir.

Stillilokar skulu að jafnaði vera keilu- eða sætislokar. Við alla miðstöðvarofna  
skal vera tvístilliloki með kvarða, er sýni, á hvað viðkomandi loki er stilltur.

### 39. gr.

#### Þensluker.

Á öllum vatnshitakerfum skulu vera þensluker. Á miðstöðvarkerfum, sem hituð  
eru frá einföldu hitaveitukerfi, skal vera þensluker á uppstreymispípu þannig  
staðsett, að það sé efsti hluti hitakerfisins. Á kerfum, sem hituð er frá forhiturum,  
þarf ekki að vera þensluker á hitaveituaðinni. Þensluker þau, sem sett eru á frá-  
rennslispípur hitaveitukerfa, skulu vera hæfilega stór að dómi hitaveitustjóra. Á  
þenslukerunum skulu vera loftpípur.

Sé frosthætta, þar sem þensluker er staðsett, skal það einangrað.

Yfirfall skal vera frá öllum opnum þenslukerum til frárennsliskerfis. Yfir-  
fallspípa úr zinkhúðuðu efni eða öðru jafngóðu skal tengja við frárennsliskerfi með  
vatnslás.

Heimilt er að nota þrýstiþensluker (lokað þensluker).

### 40. gr.

#### Dælur.

Dæluhús og dæluhjól skulu gerð úr steypujárnri eða öðru jafnhentugu efni, en  
dæluöxlar skulu vera úr ryðfríu stáli. Þó skal dæluhús vera úr stáli, sé notað heitara  
vatn í miðstöðvarkerfi en 100°.

Skylt er að ganga þannig frá dælu, að ekki valdi óþægindum vegna hávaða.

Á dælu skal vera merkiplata með áletruðum upplýsingum um samsvarandi þrýsti-  
hæð í metrum og vatnsmagn í lítrum á mínútu (eða m<sup>3</sup>/h), snúningshraða og verk-  
smiðjunúmer. Dælu skal fylgja linurit, er sýnir þrýstihæð og vatnsmagn.

### 41. gr.

#### Málun.

Allar huldar pípur miðstöðvarkerfa svo og burðarjárn, sem hulin verða, skal  
mála vandlega með asfaltmálningu, er þoli þann hita, sem kerfið er gert fyrir. Pípur  
í geislahitunarflötum má þó ekki mála.

Pípur skulu vera þurrar og hreinar, áður en þær eru málaðar. Hitatæki í  
ketilhúsum skal bronza eða mála með ryðvarnarmálningu. Miðstöðvarofna skal mála  
með vatns- og olíumálningu, en ekki bronza.



## 42. gr.

**Einangrun.**

Allar pípur í veggjum og gólfum skal einangra með ólífrænu einangrunarefni, sem sé að minnsta kosti 20 mm þykkt. Pípur í kjallaragólfi skal þó einangra þannig, að raufir þær, sem pípur liggja í, séu fylltar með mjúku asfaltfni, sem blanda má þurrum sandi í hlutföllum 1 hl. asfalt : 2 hl. sandur. Sýnilegar pípur í ketilhúsum skal einangra vandlega með ólífrænni einangrun. Bil milli pípa sé hvergi minna en 20 mm.

## 43. gr.

**Sjálfvirk stjórnæki fyrir olúhitun.**

Fyrir sjálfvirkar olúkyndingar skal setja upp reykrofa og vatnshitarofa við ketil. Við lofthitunarketil skal þó vera lofthitarofi í stað vatnshitarofa.

## 44. gr.

**Sjálfvirk stjórnæki fyrir kolahitun.**

Á kolakjantum kötlum skal komið fyrir loftspjaldi, er stjórni loftstreymi inn í brennslurúm ketilsins í samræmi við vatnshita.

## 45. gr.

**Sjálfvirk stjórnæki fyrir rafmagnshitun.**

Séu hús hituð frá rafmagnshituðum geymum, fer um uppsetningu þeirra og frágang svo sem ákveðið er í gildandi reglugerð um raforkuvirki.

## 46. gr.

**Sjálfvirk stjórnæki fyrir hitaveituhitun.**

Þar, sem hús eru hituð með hitaveituvatni, ber húseiganda að setja á inntakspípu sjálfvirkan loka. Lokanum skal ávallt stjórnað af hitastilli í útrennslispípu, en auk þess af herbergishitastilli eða veðurskynjara (úti-thermostat) eftir því, sem við á í hverju tilfelli. Slikir lokar skulu gerðir fyrir minnst 7 kg/cm<sup>2</sup> þrýstingsmun, og mega þéttibelgir í þeim ekki vera úr kopar eða koparblöndu.

## 47. gr.


























**Mælar.**

Á inntakspípur húsa, sem tengd eru kerfi Hitaveitu Reykjavíkur, setur hún upp mæla. Mælar þessir eru í eigu og umsjá hennar, og er skylt að tilkynna tafarlaust, ef vart verður við leka eða aðra bilun á mælunum.

## 48. gr.

**Um þrýstiprófun hitakerfa.**

Þegar lokið er lögn miðstöðvarkerfis og áður en pípur eru huldar, skal það þrýstiprófað af pípulagningarmeistara að viðstöddum eftirlitsmanni hitaveitustjóra. Prófa skal með köldu vatni og 6 kg/cm<sup>2</sup> þrýstingi. Þrýsting skal mæla í ketilhúsi.

	Ketill		Dæla
	Forhitari		Framrennslispípa
	Baðvatnsgeymir		Bakrennslispípa
	Hitageymir		Loki
	Prívega hreyfilloki		Hreyfilloki
	Öryggisloki með lóði		Prívegaloki
	Öryggisloki með fjöður		Góflistaofn
	Flotloki		Geislahitunarflötur
	Einstreymisloki		Geislahitunarflötur
	Stilliloki		Lofthitari
	Hemill		Hitamælir
			Drýstimælir
			Sáld
			Þensluker, opið

208  
15. des.



Prýstiminnkari



Pensluker, lokað




Ofnloki



Loftskrúfa



Vatnsmælir



Miðstöðvarofn

## 50. gr.

**Eftirlit og úttekt.**

Áður en einstökum hlutum miðstöðvarkerfis er lokað, skal eftirlitsmanni hitaveitustjóra gert aðvart með hæfilegum fyrirvara, og skal hann þá gefa út vottorð um ástand (úttekt) lagnarinnar.

## 51. gr.

**Refsiákvæði o. fl.**

Nú brýtur pípulagningarmeistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, og getur þá hitaveitustjóri veitt honum áminningu. Enn fremur getur bæjarstjórn svipt hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

## 52. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 30000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er hitaveitustjóra þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 38/1940 sbr. 3. gr. laga nr. 61/1944, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrimur Dalberg.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

209

16. des.

Samkvæmt tillögu bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður bannaðar á eftirgreindum götum:  
**Birkimel**, beggja megin götunnar.  
**Lindargötu**, sunnan megin götunnar, milli Ingólfsstrætis og Klapparstígs.  
**Skólavörðustíg**, norðan megin götunnar frá Vegamótastíg að Týsgötu.
2. Stöðvunarskylda á Bjargarstíg við Bergstaðastræti, austan megin götunnar.
3. Stöðumælar settir upp á eftirgreindum stöðum.  
**Pósthússtræti**, vestan megin götunnar, milli Kirkjustrætis og Vallarstrætis.  
**Þingholtsstræti**, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs.  
**Skólavörðustíg**, sunnan megin götunnar, milli Bergstaðastrætis og Óðinsgötu.  
**Klapparstíg** milli Laugavegar og Grettisgötu.  
**Lindargötu**, norðan megin götunnar, milli Ingólfsstrætis og Skuggasunds.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. desember 1961.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

210

18. des.

### I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

#### 1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir sambandssvæði Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

#### 2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er:

1. Að vinna að því að byggður verði, eftir því sem við verður komið, sá húsa-kostur, er þarf fyrir búrekstur á jörðum á sambandssvæðinu.  
 Byggingar þær, sem samþykkt þessi nær til eru:
  - a) Íbúðarhús.
  - b) Peningshús.
  - c) Hlöður og votheystóftir.
  - d) Þvaggryfjur, safnþrær og haughús.
  - e) Geymsluhús.
2. Að stuðla að því með félagslegu samstarfi, að bændur geti komið byggingunum upp á ódýran hátt, en þær séu þó varanlegar og hagkvæmar fyrir búrekstur á jörðunum.

## II. KAFLI

## Skipan og valdsvið framkvæmdastjórnar.

## 3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Eyjafjarðar hefur á hendi yfirstjórn allra byggingarframkvæmda, er sambandið tekur að sér.

Ef sambandið tekur að sér byggingar íbúðar- og peningshúsa, ræður stjórnin sér framkvæmdastjóra í samráði við forstöðumann Teiknistofu landbúnaðarins og skal hann hafa umsjón með daglegum rekstri og framkvæmdum á þessu sviði.

## 4. gr.

Stjórn sambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum, verkfærum og öðru því, er með þarf vegna byggingaframkvæmda sambandsins. Skytt er henni samkvæmt 20. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum að hafa samráð við forstöðumann Teiknistofu landbúnaðarins um kaup og val véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem sambandið fær styrk til að kaupa samkvæmt 21. gr. áður nefndra laga.

## 5. gr.

Stjórnin eða fulltrúi hennar sjá um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð, er svarar til verðgildis þessara eigna eins og þær eru á hverjum tíma.

## 6. gr.

Stjórnin eða fulltrúi hennar tekur á móti umsóknum um byggingaframkvæmdir og kynnir sér hvort umsækjandi geti fullnægt þeim skilyrðum, er sambandið setur. Hún eða fulltrúi hennar undirritar alla samninga um vinnuástoð, er sambandið veitir, svo um véla- og áhaldaleigu og ákveður í samráði við fulltrúa sinn hvenær og í hverri röð skuli byrja á hverri byggingu, sem unnið skal að. Enn fremur ákveður hún ásamt fulltrúa í samráði við jarðeiganda um staðsetningu bygginga, ef ekki liggja fyrir ákveðnar tillögur frá trúnaðarmanni Teiknistofu landbúnaðarins, samanber 18. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

## 7. gr.

Allir samningar, er stjórnin gerir fyrir hönd sambandsins eftir samþykktum þessum eða ályktunum aðalfunda, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykktinni standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá aðila borið.

## III. KAFLI

## Um tilhögun framkvæmda.

## 8. gr.

Nú sækir félagsmaður sambandsins um, að það annist byggingaframkvæmdir á jörð hans eða landi, sem hann hefur til umráða. Skal þá fylgja umsókninni teikning af mannvirkinu, gerð af Teiknistofu landbúnaðarins eða samþykkt af henni. Jafnframt sé fram tekið hvenær hann telji sig hafa lokið undirbúningi verksins og fullnægt þar að lútandi ákvæðum samþykktarinnar. Enn fremur skal tekið fram, að hve miklu leyti hann óski, að verkið sé unnið af sambandinu.

Umsóknir skulu vera komnar til sambandsstjórnarinnar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert.

## 9. gr.

Að fengnum umsóknum þeim, er um getur í 8. gr. ber stjórn búnaðarsambandsins að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingarframkvæmdir yfirstandandi árs. Rísi ágreiningur innan búnaðarsambandsstjórnar um veigamikil atriði, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarsambandsins til samþykktar.

Skylt er að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

## 10. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess sérstaklega gætt, að þeir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar sitji fyrir, eftir því sem unnt var.

## 11. gr.

Nú liggja ekki fyrir næg verkefni hjá félagsmönnum búnaðarsambandsins, og er þá heimilt að taka verk fyrir utanfélagsmenn, enda sé þá farið eftir reglum sambandsins um greiðslutryggingu og öll störf greidd af verkkaupa eftir reikningi.

## IV. KAFLI

## Um greiðslu kostnaðar.

## 12. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er samþykkt þessi tekur til, er sambandið ynnir af hendi fyrir félagsmenn, greiðist af verkþiggjanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreind verður í samningi, er um það verður gerður. Heimilt er að láta greiðslur fyrir vélakost fara eftir áætluðum verktökum meðan verkið stendur yfir, en fullnaðaruppgjör sé byggt á tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs.

## 13. gr.

Til kostnaðar telst allur rekstrarkostnaður véla og áhalda, greiðslur fyrningargjalds af þeim veggjamótum, verðhali véla og annarra tækja, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur og stjórnarkostnaður. Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

Rekstrarafgangur af áhættuþóknun leggist í byggingarvélasjóð sambandsins.

## V. KAFLI

## Fjáröflun og tryggingar.

## 14. gr.

Búnaðarsambandið myndar byggingarsjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við byggingarframkvæmdir sambandsins. Stofnfjárhæð hans er allt að kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —.

Tekjur byggingarsjóðs eru:

1. Tveir þriðju hlutar af stofnfénu er styrkur úr ríkissjóði jafnóðum og hann greiðist til sambandsins, út á þær vélar, sem keyptar hafa verið, enda liggja fyrir samþykki Teiknistofu landbúnaðarins og Nýbýlastjórnar um þörf sambandsins fyrir þann vélakost.
2. Framlag búnaðarsambandsins nemi einum sjötta heildarstofnfjárins.
3. Einum sjötta stofnfjárins sé aflað með árlegum tekjum og öðru, er sjóðnum kann að áskotnast.

210

15. gr.

18. des.

Nú kemur síðar í ljós að álitu búnaðarsambandsstjórnar að auka þurfi byggingarvélasjóð og ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins og senda þær öllum hreppabúnaðarfélögum áður en fulltrúar eru kjörnir á aðalfund sambandsins. Ef meiri hluti löglegra fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins samþykkir að auka byggingarvélasjóð sambandsins, er samþykktin bindandi fyrir búnaðarfélögin.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 18. desember 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

211

## AUGLÝSING

27. des.

**um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.**

Samkvæmt heimild í lögum frá 18. des. 1961, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1962 skuli fella niður verðtoll af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## AUGLÝSING

212

27. des.

### um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 18. des. 1961 og innheimta á árinu 1962 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, og leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1961.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## REGLUGERÐ

213

28. des.

### um gjöld fyrir skráningu skipa, mælingu o. fl.

#### 1. gr.

Fyrir afrit af þjóðernis- og skrásetningarskirteini, afrit mælibréfs, einkaleyfi á skipsnafni, nafnbreytingu á skipi, útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskirteina, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernis- og skrásetningarskirteini, áritun á mælibréf, eftirlitsbækur og fyrir mælingu skipa skal eigandi greiða gjöld í ríkissjóð samkvæmt því, er segir í 2. gr.

#### 2. gr.

- |   |            |
|---|------------|
| 1. Útgáfa þjóðernis- og skrásetningarskirteina skipa 30 rúml. og stærri eða fyrir afrit þeirra eða endurnýjun ..... | kr. 500.00 |
| 2. Útgáfa alþjóðamælibréfs samkvæmt mælingarskýrslu .....   | — 600.00   |
| 3. Útgáfa mælibréfs, afrit eða endurnýjun þess fyrir skip undir 30 rúm. ....  | — 300.00   |
| 4. Útgáfa mælibréfs, afrit eða endurnýjun þess fyrir opna báta ....   | — 150.00   |
| 5. Einkaleyfi á skipsnafni .....  | — 5000.00  |
| 6. Nafnbreyting á skipum .....  | — 1000.00  |
| 7. Áritun á þjóðernis- og skrásetningarskirteini og mælibréf .....  | — 250.00   |
| 8. Eftirlitsbók minni .....   | — 100.00   |
| 9. Eftirlitsbók stærri .....  | — 200.00   |
| 10. Fyrir mælingu á:  |            |
| a. Opnum bát .....  | — 150.00   |
| b. Skipum undir 30 rúmlestum brúttó .....   | — 400.00   |
| c. Skipum 30—100 rúmlestir brúttó 10.00 kr. rúml., minnsta gjald þó .....   | — 600.00   |



213  
28. des.

d. Skipum 100—200 rúmlestir brúttó 7 kr. á rúmlest, minnsta gjald þó	kr. 1000.00
e. Skipum 200—400 rúmlestir brúttó 5 kr. á rúmlest, minnsta gjald þó	— 1400.00
f. Skipum 400—1000 rúmlestir brúttó 2.50 kr. á rúmlest, minnsta gjald þó	— 2000.00
g. Skipum 1000—3000 rúmlestir brúttó 1.20 kr. á rúmlest, minnsta gjald þó	— 2500.00
h. Skipum 3000—5000 rúmlestir brúttó 0.80 kr. á rúmlest, minnsta gjald þó	— 3600.00
i. Skipum 5000 rúmlestir brúttó og stærri 0.50 kr. á rúmlest, minnsta gjald þó	— 4000.00

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 100 1961, um breyting á lögum nr. 17 1948, um skráningu skipa, og lögum nr. 40 1954, um aukatekjur ríkissjóðs, og öðlast gildi 1. janúar 1962.

*Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1961.*

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

*Kristján Thorlacius.*

214  
18. des.

## BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Skagafjarðarsýslu.

### 1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar varanlegra bygginga, er teljast framtíðarbyggingar á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum byggingarsamþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykkt, þá eru þau kaup-tún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

### 2. gr.

Sýslunefnd kýs tvo menn úr sínum hópi til þess að ráða byggingarfulltrúa í samvinnu við jafnmarga fulltrúa frá hverri samstarfssýslunanna, sem og í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins, til tveggja ára í senn, og skal hann vera byggingafræðingur eða húsasmíðameistari.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefnda og hefur tillögurétt um öll þau mál, er nefndirnar taka til úrskurðar.

### 3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast að hálfu úr Byggingarsjóði og að hálfu af sýslusjóðum Strandasýslu, Húnavatnssýslna og Skagafjarðarsýslu, meðan þessi sýslufélög hafa sameiginlegan byggingarfulltrúa, í hlutfalli við íbúatölu þeirra

hreppa í sýslunum, sem byggingarsamþykktir þeirra ná til. Oddvitar sýslnanna skulu koma sér saman um fyrirkomulag á greiðslu launa til fulltrúans og öðrum kostnaði vegna starfa hans. Heimilt er sýslunefnd að jafna niður þeim kostnaði, er sýslan hefur af launagreiðslum byggingarfulltrúa, svo og öðrum kostnaði, er hún hefur af starfi hans, svo sem ferðakostnaði, jöfnum höndum sem fastagjaldi og í hundraðsgjaldi af fasteignamatsverði jarða, þó má gjald þetta aldrei fara yfir 2.5 pro mille af fasteignamati. 214  
18. des.

#### 4. gr.

Byggingarfulltrúa skulu greidd laun samkvæmt ákvæðum laga, er á hverjum tíma gilda um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

#### 5. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn, og skulu þeir vera kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndarinnar.

#### 6. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, gerðum eða samþykktum af Teiknistofu landbúnaðarins. — Sé um að ræða byggingar, sem Byggingarsjóður eða aðrar deildir Búnaðarbanka Íslands veita eigi lán til, veitir nefndin leyfi, án þess að leita þurfi til Teiknistofunnar.
2. Að hafa umsjón með, að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka, svo oft sem þörf krefur, ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa handbærar sem nákvæmastar skýrslur um ástand bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

#### 7. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa og annarra útihúsa skal ákveðin af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu falla ekki undir ákvæði laga nr. 48 frá 28. maí 1957 og reglugerð samkvæmt þeim lögum.

Skýlt er byggingarnefnd þó að ákveða staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álitur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

#### 8. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum, er hér segir:

1. Byggingum til íbúðar eða annars, þótti eigi séu gerðar úr varanlegu efni, ef reistar eru áfastar íbúðarhúsi eða í næsta nágrenni við það.
2. Öllum byggingum sem gerðar verða á nýbýlum, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Öllum peningshúsum og öðrum útihúsum, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og öðrum byggingum, sem lán er veitt til úr Ræktunarsjóði
4. Meiri háttar aðgerðum og breytingum á eldri húsum, sem gerð voru í upphafi úr varanlegu efni.

214

18. des. Deir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri húsum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaður uppdráttur af hinu fyrirhugaða mannvirki í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21 × 30, 30 × 42 eða 42 × 60 cm, og sé á hverju blaði auður reitur, 4 × 5 cm, í hægra horni efst. Enn fremur fylgi umsókn afstöðumynd fyrirhugaðrar byggingar til annarra bygginga á jörðinni. Uppdráttur af íbúðarhúsum sýni grunnflöt kjallara og íbúðarhæða, ef fleiri eru en ein, þversneiðingar, hliðar og gafla.

## 10. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver úr sínu umdæmi. Tilkynnir byggingarnefnd síðan byggingarfulltrúa, hverjar beiðnir hafa borizt til nefndarinnar.

Hann kallar nefndina saman, en hún úrskurðar, hvort leyfi skuli veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér eftir föngum afstöðu og þörf á húsakosti með tilliti til búrekstrar á hverri jörð.

## 11. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða, að hús, sem ætluð eru til atvinnurekstrar, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáiast gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

## 12. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflega, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt, og skal annað eintak uppdráttarins afhendast umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarfulltrúa.

## 13. gr.

Enginn má reisa hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hún hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

## 14. gr.

Nú er hafin smíði húss, sem háð er leyfi byggingarnefndar samkvæmt 8. gr., án leyfis nefndarinnar, eða húsið er byggt á annan veg en nefndin hefur ákveðið, og skulu þá eigandi hússins og yfirsmiður sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Hefur byggingarnefnd heimild til að láta rífa niður á kostnað eiganda það, sem hann hefur gert, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

## 15. gr.

Byggingarnefndir skulu, ásamt byggingarfulltrúa, hafa með höndum eftirlit með íbúðum í sýslunni, svo og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur í samráði við héraðslækni. Enn fremur eftirlit með fjósum og mjólkurhúsum og íhlutun um að bætt verði úr þeim göllum, sem á kunna að vera, eftir þeim reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða.

Þar sem fram fer árleg dýralæknisskoðun vegna framleiðslu sölumjólkur, á 214 byggingarfulltrúi rétt á að fá endurrit af skýrslu dýralæknis um það, sem áfátt 18. des. er og einhverju skiptir í þessu sambandi.

#### 16. gr.

Byggingarnefnd kveður til almenns fundar hreppsbúa einu sinni á ári hið minnsta. Þar skulu rædd byggingamál hreppsins og ráðstafanir gerðar um væntanlegar framkvæmdir. Byggingarfulltrúa er rétt að boða til aukafunda, ef hann telur efni til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsbúum með hæfilegum fyrirvara og til tekinn frestur, hvenær erindi skulu hafa borizt nefndinni. Byggingarfulltrúi skal undirbúa fundina sem bezt, svo að unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

#### 17. gr.

Byggingarnefndir bókfæra fundargerðir sínar og undirrita í lok hvers fundar. Fundargerðabækur og ritföng greiðast af sýslusjóði. Þóknun til hreppskjörinna nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði, svo og ferðakostnaður og annar útlagður kostnaður.

#### 18. gr.

Nú veldur ákvörðun byggingarnefndar óánægju, og getur þá sá, er í hlut á, skotið ágreiningnum til Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir úrskurð um málið að fengnum skriflegum málsástæðum beggja málsaðilja.

#### 19. gr.

Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingarfulltrúa vera þessi:

1. Að fara um og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega þeim teikningar af byggingum, ef óskað er. Byggingarfulltrúi skal haga ferðum sínum þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.
2. Að vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann skal enn fremur, ef þess er óskað aðstoða við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi.

Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar ákveðið í erindisbréfi.

#### 20. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt ákvæðum 13. gr laga nr. 108 frá 31. des. 1945 um húsabyggingar í sýslunni, þá er kveður á um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu og raflagnir, og er hún bindandi fyrir alla, er hér eiga hlut að máli.

#### 21. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála, og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samþykkt til að gilda fyrir þá sýslu og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr lög nr. 26 1. apríl 1948, um breyting á þeim, staðfestist hér með til að

**214** öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.  
18. des. Jafnframt er úr gildi numin byggingarsamþykkt fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 178  
29 nóv. 1958

*Landbúnaðarráðuneytið, 18. desember 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**215**

18. des.

## BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Vestur-Húnavatnssýslu.

### 1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar húsabygginga, er teljast fram-tíðarbyggingar á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygg-inga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum byggingarsamþykktarinnar þeir löggiltir verzl-unarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykkt, þá eru þau kaup-tún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

### 2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins til tveggja ára í senn, og skal hann vera húsameistari eða húsasmíðameistari með fullum lögréttindum.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefnda og hefur tillögurétt um öll þau mál, er nefndirnar taka til úrskurðar.

### 3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast að hálfu úr Byggingarsjóði og að hálfu af sýslusjóðum Strandasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, meðan þessi sýslufélög hafa sameiginlegan byggingarfulltrúa, í hlutfalli við íbúatölu þeirra hreppa í sýslunum, sem byggingarsamþykktir þeirra ná til. Oddvitar sýslnanna skulu koma sér saman um fyrirkomulag á greiðslu launa til fulltrúans og öðrum kostnaði vegna starfa hans. Heimilt er sýslunefnd að jafna niður þeim kostnaði, er sýslan hefur af launagreiðslum byggingarfulltrúa og öðrum kostnaði, er hún hefur af starfi hans, svo sem ferðakostnaði, jöfnum höndum sem fastagjaldi og í hundraðshlutum af fasteignamatsverði jarða, þó má gjald þetta aldrei fara yfir 2.5 pro mille af fasteignamati.

### 4. gr.

Byggingarfulltrúa skulu greidd laun samkvæmt ákvæðum laga, er á hverjum tíma gilda um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

### 5. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn, og skulu þeir vera kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndarinnar.

## 6. gr.

215

18. des.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, gerðum eða samþykktum af Teiknistofu landbúnaðarins. — Sé um að ræða byggingar, sem Byggingarsjóður eða aðrar deildir Búnaðarbanka Íslands veita eigi lán til, veitir nefndin leyfi, án þess að leita þurfi til Teiknistofunnar.
2. Að hafa umsjón með, að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka, svo oft sem þörf krefur, ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa handbærar sem nákvæmastar skýrslur um ástand bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

## 7. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa og annarra útihúsa skal ákveðin af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu falla ekki undir ákvæði laga nr. 48 frá 28. maí 1957 og reglugerð samkvæmt þeim lögum.

Skýlt er byggingarnefnd þó að ákveða staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álitur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

## 8. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum, er hér greinir:

1. Íbúðarhúsbyggingum og byggingum, þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggðar eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við það.
2. Öllum byggingum, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Öllum peningshúsum og öðrum útihúsum, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og öðrum byggingum.
4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

## 9. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verkvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaður uppdráttur af hinu fyrirhugaða mannvirki í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21 × 30, 30 × 42 eða 42 × 60 cm, og á hverju blaði auður reitur, 4 × 5 cm, í hægra horni efst. Enn fremur fylgi umsókn afstöðumynd fyrirhugaðrar byggingar til annarra bygginga á jörðinni. Uppdrættir af húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þeirra, þversneiðingar og allar hliðar og gafla.

## 10. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver úr sínu umdæmi. Tilkynnir byggingarnefnd síðan byggingarfulltrúa, hverjar beiðnir hafa borizt til nefndarinnar.

Hann kallar nefndina síðan saman, og úrskurðar hún, hvort leyfið skuli veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingarafstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, sem stunda má á hverri jörð, og annað, er áhrif getur haft á þarfir um húsakost á jörðinni.

## 215

18. des.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða, að hús, sem ætluð eru til atvinnurekstrar, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáið gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

## 11. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflega, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt, og skal annað eintak uppdráttarins afhendast umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarfulltrúa.

## 12. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hún hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálstan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

## 13. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreindar eru í 8. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggi öðruvisi en ákveðið hefur verið af byggingarnefnd, þá skal hann og yfirmiður hússins sæta sektum frá 100 til 1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður á kostnað eiganda það, sem hann hefur gert, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

## 14. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurinnar fer fram, og hlutast til um að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða af þeim aðilum, er hafa yfirumsjón mjólkurvinnslumála.

Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslu, að krefjast af stjórn mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð endurrit af skýrslu dýralæknis um það atriði, sem áfátt er og máli skiptir í þessu sambandi.

## 15. gr.

Byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti einn almennan fund á ári, þar sem taka skal til meðferðar byggingarmál hlutaðeigandi hrepps og gera ráðstafanir um væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman, ef honum finnst efni til þess.

Fundur skulu rækilega auglýstir hreppsbúum með hæfilegum fyrirvara og til tekinn frestur, hvenær erindi skulu hafa borizt nefndinni. Byggingarfulltrúi skal undirbúa fundina sem bezt, svo að unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

## 16. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundabók, og skal hún undirrituð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng

## 17. gr.

greiðast af sýslusjóði. Þóknun til hreppskjörinna nefndarmanna greiðist úr sveitar-  
sjóði, svo og ferðakostnaður og annar útlagður kostnaður.

215

18. des.

## 18. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar, og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir úrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðilja.

## 19. gr.

Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingarfulltrúa vera þessi:

1. Að fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega þeim teikningar af byggingum, ef óskað er. Ferðum byggingarfulltrúa skal haga þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.
2. Að vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann skal enn fremur, ef þess er óskað, aðstoða við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi.

Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar ákveðið í erindisbréfi

## 20. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt ákvæðum 13. gr laga nr. 108 frá 31. des. 1945 um húsabyggingar í sýslunni, þá er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu og raflagnir, og er hún bindandi fyrir alla, er hér eiga hlut að máli.

## 21. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála, og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samþykkt til að gilda fyrir þá sýslu og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. lög nr. 26 1. apríl 1948, um breyting á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 18. desember 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*



216

19. des.

## BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Austur-Húnavatnssýslu.

## 1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar húsabygginga, er teljast fram-tíðarbyggingar á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygg-inga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum byggingarsamþykktarinnar þeir löggiltir verzl-unarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji löggiltir verzlunarstaðir sér síðar samþykkt, þá eru þau kaup-tún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

## 2. gr.

Sýslunefnd kýs tvo menn úr sínum hópi til þess að ráða byggingarfulltrúa í samvinnu við jafnmarga fulltrúa frá hverri samstarfssýslunanna, sem og í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins, til tveggja ára í senn og skal hann vera byggingar-fræðingur eða húsasmíðameistari með fullum lögréttindum.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefnda og hefur tillögurétt um öll þau mál, er nefndirnar taka til úrskurðar.

## 3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast að hálfu úr Byggingarsjóði og að hálfu af sýslusjóðum Strandasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, meðan þessi sýslufélög hafa sameiginlegan byggingarfulltrúa, í hlutfalli við íbúatölu þeirra hreppa í sýslunum, sem byggingarsamþykktir þeirra ná til. Oddvitar sýslunnanna skulu koma sér saman um fyrirkomulag á greiðslu launa til fulltrúans og öðrum kostnaði vegna starfa hans. Heimilt er sýslunefnd að jafna niður þeim kostnaði, er sýslan hefur af launagreiðslum byggingarfulltrúa og öðrum kostnaði, er hún hefur af starfi hans, svo sem ferðakostnaði, jöfnum höndum sem fastagjaldi og í hundraðshlutum af fasteignamatsverði jarða, þó má gjald þetta aldrei fara yfir 2.5 pro mille af fasteignamati.

## 4. gr.

Byggingarfulltrúa skulu greidd laun samkvæmt ákvæðum laga, er á hverjum tíma gilda um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir.

## 5. gr.

Í hverjum hreppi skal vera byggingarnefnd. Í henni eiga sæti 3 menn, og skulu þeir vera kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndarinnar.

## 6. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, gerðum eða samþykktum af Teiknistofu landbúnaðarins. — Sé um að ræða byggingar, sem Byggingarsjóður eða aðrar deildir Búnaðarbanka Íslands veita eigi lán til, veitir nefndin leyfi, án þess að leita þurfi til Teiknistofunnar.

2. Að hafa umsjón með, að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka, svo oft sem þörf krefur, ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa handbærar sem nákvæmastar skýrslur um ástand bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

#### 7. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa og annarra útihúsa skal ákveðin af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu falla ekki undir ákvæði laga nr. 48 frá 28. maí 1957 og reglugerð samkvæmt þeim lögum.

Skýlt er byggingarnefnd þó að ákveða staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álitur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

#### 8. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum, er hér greinir:

1. Íbúðarhúsbyggingum og byggingum, þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggðar eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við það.
2. Öllum byggingum, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Öllum peningshúsum og öðrum útihúsum, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og öðrum byggingum.
4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

#### 9. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verkvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaður uppdráttur af hinu fyrirhugaða mannvirki í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21 × 30, 30 × 42 eða 42 × 60 cm, og á hverju blaði auður reitur, 4 × 5 cm, í hægra horni efst. Enn fremur fylgi umsókn afstöðumynd fyrirhugaðrar byggingar til annarra bygginga á jörðinni. Uppdrættir af húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þeirra, þversneiðingar og allar hliðar og gafla.

#### 10. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver úr sínu umdæmi. Tilkynnir byggingarnefnd síðan byggingarfulltrúa, hverjar beiðnir hafa horið til nefndarinnar.

Hann kallar nefndina síðan saman, og úrskurðar hún, hvort leyfið skuli veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingarafstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, sem stunda má á hverri jörð, og annað, er áhrif getur haft á þarfir um húsakost á jörðinni.

#### 11. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða, að hús, sem ætluð eru til atvinnurekstrar, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fái gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

## 216

19. des.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflaga, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt, og skal annað eintak uppdráttarins afhendast umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarfulltrúa.

## 12. gr.

## 13. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hún hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

## 14. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreindar eru í 8. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggji öðruvísi en ákveðið hefur verið af byggingarnefnd, þá skal hann og yfirmiður hússins sæta sektum frá 100 til 1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rifa niður á kostnað eiganda það, sem hann hefur gert, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

## 15. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurinnar fer fram, og hlutast til um að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða af þeim aðilum, er hafa yfirumsjón mjólkurvinnslumála.

Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslu, að krefjast af stjórn mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð endurrit af skýrslu dýralæknis um það atriði, sem áfátt er og máli skiptir í þessu sambandi.

## 16. gr.

Byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti einn almennan fund á ári, þar sem taka skal til meðferðar byggingarmál hlutaðeigandi hrepps og gera ráðstafanir um væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman, ef honum finnst efni til þess.

Fundur skulu rækilega auglýstir hreppsbum með hæfilegum fyrirvara og til tekinn frestur, hvenær erindi skulu hafa borizt nefndinni. Byggingarfulltrúi skal undirbúa fundina sem bezt, svo að unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

## 17. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundabók, og skal hún undirrituð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðast af sýslusjóði. Þóknun til hreppskjörinna nefndarmanna greiðist úr sveitar-sjóði, svo og ferðakostnaður og annar útlagður kostnaður.

## 18. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar, og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir úrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðilja.

## 19. gr.

216

Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingarfulltrúa vera þessi: 19. des.

1. Að fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega þeim teikningar af byggingum, ef óskað er. Ferðum byggingarfulltrúa skal haga þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.
2. Að vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann skal enn fremur, ef þess er óskað, aðstoða við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi.

Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar ákveðið í erindisbréfi

## 20. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt ákvæðum 13. gr laga nr. 108 frá 31. des. 1945 um húsabyggingar í sýslunni, þá er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu og raflagnir, og er hún bindandi fyrir alla, er hér eiga hlut að máli.

## 21. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála, og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samþykkt til að gilda fyrir þá sýslu og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. lög nr. 26 1. apríl 1948, um breyting á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 19. desember 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

217

fyrir Búnaðarsamband Strandamanna.

19. des.

Búnaðarsamband Strandamanna gerir á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945 svofellda húsagerðarsamþykkt:

## I. KAFLI

**Takmark samþykktarsvæðis og markmið samþykktar.**

## 1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir öll hreppabúnaðarfélög í Strandasýslu.

## 2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum hjá félagsmönnum á samþykktarsvæðinu og stuðla að því, að bændur

**217** geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er á.  
 19. des. Þessum tilgangi vill sambandið ná með því sem fyrst og eftir því, sem aðstaða leyfir, að taka að sér byggingu íbúðarhúsa og útihúsa á sambandssvæðinu, þannig, að það ráði til sín flokka byggingarmanna og leggi þeim til sem fullkomnastar vélar og önnur tæki til vinnunnar. Skal sérstök áherzla lögð á byggingu íbúðarhúsa úr varanlegu efni, en auk þess koma hér einnig til greina peningshús, hlöður, votheystóftir, haughús, þvaggrýfjur, safnþrær og geymsluhús.

## II. KAFLI

### Skipan og valdsvið framkvæmdastjórnar.

#### 3. gr.

Stjórn Búnaðarsambands Strandamanna hefur á hendi yfirstjórn allra byggingarframkvæmda, er sambandið tekur að sér.

Stjórnin ræður sér framkvæmdastjóra í samráði við forstöðumann Teiknistofu landbúnaðarins, sem hefur umsjón með daglegum rekstri og framkvæmdum á þessu sviði. Hann skal vera fullfær til að taka starfið að sér að dómi sambandsstjórnar, Búnaðarfélags Íslands og Teiknistofu landbúnaðarins. Stjórn sambandsins setur honum erindisbréf í samráði við forstöðumann Teiknistofu landbúnaðarins. Stjórnin getur falið 2 mönnum úr stjórn sambandsins að annast, ásamt framkvæmdastjóra, um stjórnarframkvæmdir þær, er um getur í 5. og 6. gr., svo og umsjón með rekstri fyrirtækisins og nefnast þeir framkvæmdastjórn. Stjórnin heldur sérstaka gerðabók, þar sem færðar eru ályktanir hennar, vegna þessarar starfsemi sambandsins.

#### 4. gr.

Stjórn sambandsins annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum og öðru því, er með þarf, til þess að náð verði æskilegum hraða í byggingaframkvæmdum sambandsins. Skytt er henni samkv. 20. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum að hafa samráð við forstöðumann Teiknistofu landbúnaðarins um kaup og val véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem sambandið fær styrk til að kaupa, samkv. 21. gr. áðurnefndra laga.

#### 5. gr.

Stjórnin og framkvæmdastjóri sjá um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildi þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

#### 6. gr.

Framkvæmdastjórnin tekur á móti umsóknnum frá félagsmönnum um byggingaframkvæmdir og kynnir sér, hvort umsækjandi geti fullnægt þeim skilyrðum, sem sambandið setur. Hún undirritar alla verktökusamninga og ákveður í samráði við framkvæmdastjóra, hvenær og í hverri röð byrja skuli á hverri byggingu, sem unnið skal að. Enn fremur ákveður hún ásamt framkvæmdastjóra og í samráði við jarðeiganda staðsetningu þessara bygginga, ef ekki liggja fyrir ákveðnar tillögur frá trúnaðarmanni Teiknistofu landbúnaðarins, sbr. 18. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

#### 7. gr.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón allra vinnuflokka og bókhald og gjaldkerastörf fyrir byggingarframkvæmdir, nema annað þyki hentara.

Enn fremur ber honum að fylgjast með því, að verkkaupi fullnægi öllum skilyrðum, sem honum er sett af sambandsstjórninni og hefur að öðru leyti daglegt

eftirlit með rekstrinum. Honum er og skylt að veita verkkaupanda nauðsynlegar **217**  
upplýsingar og áætlanir um efni til bygginganna ásamt öllum leiðbeiningum, er þörf 19. des.  
kann að vera fyrir.

#### 8. gr.

Allir samningar, er stjórn og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd búnaðarsambandsins samkv. samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélagin, er að samþykktinni standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá horið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

### III. KAFLI

#### Um tilhögun framkvæmda.

#### 9. gr.

Nú sækir félagsmaður sambandsins um að það annist byggingaframkvæmdir á jörð hans eða landi, sem hann hefur til umráða. Skal þá fylgja umsókninni teikning af mannvirkjum, gerð af Teiknistofu landbúnaðarins eða samþykkt af henni. Jafnframt sé fram tekið, hvenær hann telji sig hafa lokið undirbúningi verksins og fullnægt þar að lútandi ákvæðum samþykktarinnar. Enn fremur sé tekið fram að hve miklu leyti hann óski, að verkið sé unnið af sambandinu. Umsóknir skulu komnar til sambandsstjórnar fyrir janúarmánaðarlok ár hvert.

#### 10. gr.

Að fengnum umsóknum þeim, er um getur í 9. gr., ber stjórn búnaðarsambandsins, í samráði við framkvæmdastjóra, að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingaframkvæmdir yfirstandandi árs.

Rísi ágreiningur innan búnaðarsambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunarinnar, ber að leggja hana fyrir aðalfund búnaðarsambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjóra er skylt að framfylgja samþykkttri starfsáætlun eftir því sem við verður komið.

#### 11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess sérstaklega gætt, að þeir, sem mesta þörf hafa fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

#### 12. gr.

Til þess að búnaðarsambandið taki að sér byggingaframkvæmdir, skal verkkaupi hafa fullnægt eftirtöldum skilyrðum: Lagt inn greiðslu í sjóð félagsins, sem stjórn sambandsins telur fullnægjandi til að ljúka verki því, sem það tekur að sér að annast. Heimilt er verkkaupa að leggja fram sem greiðslutryggingu ávísun á væntanlegt lán eða styrk, enda liggi fyrir yfirlýsing frá stofnunum um lágmarksupphæð á láni eða styrk, sem veittur yrði. Nú hefur verkkaupi fullnægt, að dómi framkvæmdastjóra, framangreindum skilyrðum, og skuli þeir þá gera með sér verk-tökusamning. Verkkaupi skal hafa grafið fyrir húsi, enn fremur gert aðgengilegt fyrir vélar og önnur tæki, sem nauðsynleg eru við bygginguna, tryggt nóg vatn til steypunar og flutt allt byggingarefni á staðinn, nema samið hafi verið sérstaklega við sambandið um annað.

#### 13. gr.

Byggingarframkvæmdum sé yfirleitt hagað þannig, að sem haganlegast sé fyrir báða aðila, sé þó að sumrinu unnið að steypuvinnu og húsin gerð foheld, en að

217 því leyti, sem sambandið tekur að sér innanhúsvinnu, þá er gengið út frá því, að  
 19. des. hún fari fram að vetrinum. Vanda skal val manna við vinnuna eftir því sem kostur er á, og sé að minnsta kosti einn maður í hverjum flokki fær til að vinna á eigin ábyrgð að þeim verkefnum, sem flokknum er ætlað að leysa af hendi, enda sé hann verkstjóri flokksins.

Byggingarvinnan skiptist milli vinnuflokka eftir því, sem stjórn og framkvæmdastjóri telja hagkvæmast, jafnframt því að tryggð sé nægileg verkvöndun.

#### 14. gr.

Nú liggja ekki fyrir næg verkefni hjá félagsmönnum búnaðarsambandsins og er þá heimilt að taka verk fyrir utanfélagsmenn, enda sé farið eftir reglum sambandsins um greiðslutryggingu og öll störf greidd af verkkaupa eftir reikningum.

### IV. KAFLI

#### Um greiðslu kostnaðar.

#### 15. gr.

Kostnaður við þær framkvæmdir, er samþykkt þessi tekur til, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um ræðir í 6. og 12. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn og framkvæmdastjóra búnaðarsambandsins að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum verk-töxtum meðan verkið stendur yfir, en fullnaðarupphæð sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við meðaltals byggingarkostnað næstliðins árs, eins og hann hefur verið reiknaður af Teiknistofu landbúnaðarins og með hliðsjón af verðbreytingum, sem kunna að hafa orðið.

#### 16. gr.

Til rekstrarkostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim og áhöldum og veggjamótum. Kostnaður við milliflutning á milli vinnustaða, viðhald véla og annarra tækja, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að ákveða að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarrekesturskostnaði hvers árs.

#### 17. gr.

Áhættuþóknun af verkum, sem unnin eru fyrir utanfélagsmenn og annar hagnaður á þeim skal leggjast í byggingarsjóð búnaðarsambandsins.

### V. KAFLI

#### Fjáröflun og tryggingar.

#### 18. gr.

Búnaðarsambandið myndar byggingarsjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við byggingarframkvæmdir félagsins. Stofnfjárhæð hans er 180000.00 krónur — eitt hundrað og áttatíu þúsund krónur —.

Tekjur byggingarsjóðs eru:

1. Tveir þriðju hlutar stofnfjárins er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist til sambandsins, út á þær vélar, er keyptar verða, enda liggja fyrir samþykki Teiknistofu landbúnaðarins og Nýbýlastjórnar um þörf sambandsins fyrir þann vélakost.

2. Óafturkræft framlag frá Búnaðarsambandi Strandamanna, er nemi  $\frac{1}{6}$  heildarstofnfjárins.
3. Eftirstöðvar stofnfjárins  $\frac{1}{6}$  hluta tekur Búnaðarsamband Strandamanna að láni, sem endurgreiðist innan 5 ára og teljast greiðslur þessar ásamt vöxtum til reksturkostnaðar við byggingaframkvæmdirnar.
4. Tekjur þær, sem inn kunna að koma samkv. 17. gr.

217

19. des.

## 19. gr.

Nú kemur síðar í ljós, að áliti búnaðarsambandsstjórnar, að auka þurfi byggingavélasjóð, og ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins og senda þær öllum hreppabúnaðarfélögum, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund sambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi búnaðarsambandsins samþykkir að auka byggingavélasjóð sambandsins, er samþykktin bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

## 20. gr.

Stjórn búnaðarsambandsins ber að taka þær greiðslutryggingar, sem fyrir er mælt í 12. gr. miðað við áætlaðan kostnað búnaðarsambandsins af hverri byggingu. Lokagreiðslur fara fram samkv. ákvæðum verktökusamnings.

## 21. gr.

Heimilt er stjórn búnaðarsambandsins að taka rekstrarlán gegn tryggingu í ávisun og greiðslutryggingum, sem ekki eru fallnar í gjalddaga.

## VI. KAFLI

## Um reikningshald og endurskoðun.

## 22. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksár og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur sambandsins er haldinn. Endurskoðendur skulu sannprófa að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

## 23. gr.

Endurskoðendur séu tveir, kosnir af aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn vandlega og hafa eftirlit með starfrækslu stjórnar og framkvæmdastjóra í hvívetna.

## 24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi búnaðarsambandsins. Þar gefur stjórn eða framkvæmdastjóri skýrslu um starfsemina svo og endurskoðendur, ef tilefni er til.

## VII. KAFLI

## Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

## 25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma, um breyting á samþykkt þessari, frá hreppabúnaðarfélögum, skulu sendar sambandsstjórn, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum, er að samþykktinni standa samkv. 1. gr. Breytingartillögur sambandsstjórnar skulu og sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst, ásamt



- 217** umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki  
19. des. löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar búnaðarmálaráðherra á þeim.

## 26. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaðila liggja fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  hlutum atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarmálaráðherra til.

## 27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál og varða þau sektum frá 100—5000 krónum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 19. desember 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**218**

19. des.

**BYGGINGARSAMÞYKKT**

fyrir Kjósarsýslu.

## 1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar húsbýgginga, er teljast fram-búðarbyggingar á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar. — Þeir staðir, sem hafa sett, eða setja sér byggingarsamþykkt, samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1925, eru undanskildir ákvæðum samþykktarinnar.

## 2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins. Hann skal vera húsameistari eða húsasmíðameistari með fullum réttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum byggingarnefnda hinna einstöku hreppa og hefur þar tillögurétt. Hann hefur og á hendi eftirlit með því, að fyrirmælum byggingasamþykktta sé fylgt.

## 3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast úr viðkomandi sveitarsjóðum í hlutfalli við byggingaframkvæmdir, að svo miklu leyti, sem þau fást ekki greidd úr byggingasjóði. Oddvitar hreppanna koma sér saman um nánari reglur hér um, en verði ágreiningur, sker sýslunefnd úr.

Heimilt er hreppsnefnd að jafna niður kostnaði, er hreppurinn hefur af launa-  
greiðslum byggingarfulltrúa og öðrum kostnaði, er hún hefur af starfi hans, svo sem  
ferðakostnaði, jöfnum höndum sem fastagjald og í hundraðshlutum af fasteigna-  
mati jarða. 218  
19. des.

#### 4. gr.

Í hverjum hreppi skulu vera byggingarnefndir. Í þeim eiga sæti 3 menn. Skulu  
þeir vera kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning  
þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum, og gildir  
kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndarinnar.

Nefndin kys sér formann úr sínum hópi.

#### 5. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, sem skulu gerðir eða sam-  
þykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, þegar um lánveitingar eða framlög til  
bygginga úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði er að ræða.
2. Að hafa umsiðir með að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu,  
er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka svo oft sem þörf krefur ástand í byggingarmálum í umdæminu og  
hafa handbærar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstök-  
um jörðum og hvernig þeim er við haldið.

#### 6. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa, svo og annarra útihúsa  
skal gerð af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla  
undir ákvæði laga nr. 48 frá 28. maí 1957 og reglugerð þeirra laga.

Skýlt er þó byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu  
íbúðar og peningshúsa, ef landnámsstjóri álitur tilfærslu nauðsynlega, enda sé  
staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

#### 7. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum, er hér  
greinir:

1. Íbúðarhúsabygginga og bygginga þótt ekki séu úr varnlegu efni, sem byggð eru  
fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við það.
2. Allra bygginga, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð  
eru samkvæmt lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Allra peningshúsa og annarra útihúsa, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og  
annarra bygginga, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðir í eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að  
ræða.

#### 8. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri  
byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um  
það til nefndarinnar og umsókn um byggingaleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaðir upp-  
drættir, samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, af hinu fyrirhugaða mannvirki  
í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21 × 30, 30 × 42 eða 42 × 60, og á hverju blaði auður  
reitir 4 × 5 cm í hægri horni efst.

**218** Uppdrættir af húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneið-  
19. des. ingar og allar hliðar og gafla þess.

9. gr.

Byggingarnefnd tekur á móti umsóknum um byggingaleyfi. Formaður kallar nefndina ásamt byggingarfulltrúa til fundar og úrskurðar nefndin þar, hvort leyfi skuli veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingaraðstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, er á jörðinni er og verður, og annað er áhrif getur haft á, hvern húsakost er þörf fyrir á jörðinni.

10. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða, að hús, sem ætlað er til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin að fullt öryggi fái gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

11. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflega, hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintakið afhendist umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarfulltrúa.

12. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

13. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreind eru í 9. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggi öðruvísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renni í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður, á kostnað eigenda það, sem hefur verið gert, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

14. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til, að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settar kunna að verða af þeim aðilum, er hafa yfirumsjón mjólkurvinnslumála. — Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknis-skoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslunnar, að krefjast af stjórnnum mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis um það atriði, sem áfátt er og máli skiptir í þessu sambandi.

## 15. gr.

218

Byggingarnefnd skal hafa að minnsta kosti tvo almenna fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir.

19. des.

Aukafundi má halda, þegar tilefni gefst, og jafnan skal kveðja til funda, ef byggingarfulltrúi krefst þess.

## 16. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundarbók, og sé hún undirskrifuð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðast af sýslusjóði. Þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

## 17. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir úrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

## 18. gr.

Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingarfulltrúa vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi í hvert byggt ból í sýslunni eigi sjaldnar en 5. hvert ár.
2. Vera trúnaðarmaður og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi. Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í erindisbréfi.

## 19. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1954, um húsbyggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu og raf-lagnir, eru þær þá bindandi fyrir alla, er hér eiga hlut að máli.

## 20. gr.

Með mál um brot á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála, og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Kjósarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. lög nr. 26 1948, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 19. desember 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## TOLLMEÐFERÐ

### sokka og leista í nr. 8 í 51. kafla tollskrár

Við 51. kafla í 2. gr laga nr. 90/1961, um lækku aðflutningsgjalda af ýmsum vörum, er svo fyrir mælt m. a., að heilsokkar kvenna úr gervipráðum skuli færast í nýtt tollskrárnúmer: 8a í 51. kafla tollskrár.

Ráðuneytið leggur svo fyrir, að við tollmeðferð skuli sokkar og leistar í nr. 8 í 51. kafla tollflokka eins og að neðan greinir með þeim gjöldum, sem þar eru tilgreind, og eru vörumagnstollur og verðtollur í nr. 8b tilgreindir með viðaukum samkvæmt lögum. Verðtollur í nr. 8a af heilsokkum kvenna er undanþeginn 80% viðauka, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1961.

Toll- skrár- númer	Toll- eining	Vöru- magns- tollur.	Aurar	Verð- tollur	Tollst.- og byggj. gjald	Söluskattur af innflutn. viðskipt.	Innflutn- ingsheimild
	%			%	%	%	
<b>51. kafli.</b>							
<b>Prjónavörur, ót. a.</b>							
.....							
<b>Prjónavörur úr gervisilki og öðrum þráðum:</b>							
8							
<b>— sokkar og leistar:</b>							
.....							
a		0		30	2	16.5	3.3
b	1 kg	0		70	2	16.5	3.3
.....							
							Leyfisvara
							Leyfisvara

Til nr. 8a hér að ofan teljast aðeins heilsokkar kvenna, en ekki sportsokkar, hálfsockar eða leistar. Þessir síðar nefndu þrenns konar sokkar teljast til nr. 8b ásamt karlmannssokkum o. fl.

*Fjármálaráðuneytið, 16. desember 1961.*

## BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Vestur-Skaftafellssýslu.

220

19. des.

### 1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar húsbygginga, er teljast frambúðarbyggingar á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslunnar. — Undanskilin eru þó ákvæðum samþykktarinnar þau kauptún, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905. Setji slíkir staðir sér síðan samþykkt, þá eru þeir þar með undanþegnir ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

### 2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins. Hann skal vera húsameistari eða húsasmíðameistari með fullum réttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi skal vera formaður bygginganefnda hinna einstöku hreppa og hefur á hendi eftirlit um, að fyrirmælum byggingarsamþykktar sé fylgt.

### 3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðist af sýslusjóði að  $\frac{1}{2}$  og Byggingarsjóði að  $\frac{1}{2}$ . Oddviti sýslunnar annast greiðslu launa til fulltrúans gegn endurgreiðslu frá Byggingarsjóði að hluta sjóðsins. — Heimilt er sýslunefnd að jafna niður þeim kostnaði, er sýslan hefur af launagreiðslum byggingarfulltrúa og öðrum kostnaði, er hún hefur af starfi hans, svo sem ferðakostnaði, jöfnum höndum sem fastagjaldi og í hundraðshlutum af fasteignamatsverði jarða.

### 4. gr.

Greiðsla Byggingarsjóðs er háð þessum takmörkunum:

1. Að tala byggingarfulltrúa fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir fari ekki yfir 7.
2. Að skipting starfssvæða byggingarfulltrúa sé þessi:
  1. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnessýsla og Dalasýsla.
  2. Vestur- og Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
  3. Vestur- og Austur-Húnavatnssýsla og Skagafjarðarsýsla.
  4. Eyjafjarðarsýsla, Suður- og Norður-Þingeyjarsýsla.
  5. Norður- og Suður-Múlasýsla og Austur-Skaftafellssýsla.
  6. Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
  7. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
3. Að byggingarfulltrúum séu greidd sömu laun og þeim embættismönnum ríkisins, er laun taka eftir VIII. flokki launalaga.

### 5. gr.

Hafi samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa ekki náð löglegu samþykki eða verið sett, getur hluti af byggingarumdæmi, sem þó verður að ná yfir eitt sýslufélag minnst, ráðið sér byggingarfulltrúa og fengið greidd hlutfallsleg laun hans úr Byggingarsjóði, miðað við matsverð fasteigna á svæðinu, borið saman við heildar-

220 fasteignamatsverð í öllu byggingarumdæminu. — Greiðslur úr hendi Byggingarsjóðs 19. des. eru því skilyrði háðar, að lagðir hafi verið fram kostnaðarreikningar og greiðsluhluti byggingarumdæmanna hafi verið inntur af höndum samkvæmt þeim reikningum.

#### 6. gr.

Í hverjum hreppi skulu vera byggingarnefndir. Í þeim eiga sæti 3 menn. Skulu þeir vera kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndarinnar.

#### 7. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, sem skulu gerðir eða samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, þegar um lánveitingar eða framlög til bygginga úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði er að ræða.
2. Að hafa umsjón með, að ákvæðum byggingarsamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi þau byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka svo oft sem þörf krefur ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa handbærar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

#### 8. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa, svo og annarra útihúsa skal gerð af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 48 frá 28. maí 1957 og reglugerð þeirra laga.

Skýlt er þó byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar og peningshúsa, ef landnámsstjóri álitur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

#### 9. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum er hér greinir:

1. Íbúðarhúsabygginga og bygginga, þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggð eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við það.
2. Allra bygginga, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Allra peningshúsa og annarra útihúsa, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og annarra bygginga, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðir á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

#### 10. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaðir uppdrættir, samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, af hinu fyrirhugaða mannvirki í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21 × 30, 30 × 42 eða 42 × 60, og á hverju blaði auður reitur 4 × 5 cm í hægri horni efst.

Uppdrættir af húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

## 11. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver í sínu umdæmi. Tilkynnir hún síðan byggingarfulltrúa hverjar beiðnir hafa borizt til nefndarinnar, sem síðan kallar nefndina saman og úrskurðar nefndin hvort leyfin skuli veitt. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingaraðstöðu og byggingarþörf með tilliti til húskapar þess, er á jörðinni er og verður, og annað er áhrif getur haft á, hvern húsakost er þörf fyrir á jörðinni.

220

19. des.

## 12. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða, að hús, sem ætlað er til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin að fullt öryggi fáiast gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

## 13. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflega hverja afgreiðslu mál hans hefur fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintakið afhendist umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingarfulltrúa.

## 14. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingarfulltrúi og byggingarnefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

## 15. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreind er í 9. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggi öðruvísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirmsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renni í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður á kostnað eigenda það, sem hefur verið gert, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir, ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til, áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

## 16. gr.

Byggingarnefndum og byggingarfulltrúa er enn fremur falið að hafa:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og ihlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.
2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram og hlutast til um, að bætt verði úr því, sem áfátt er, eftir reglum, er þar um gilda eða settur kunna að verða af þeim aðilum, er hafa yfirumsjón mjólkurvinnslumála. — Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslunnar, að krefjast af stjórnnum mjólkurbúa, að byggingarfulltrúi fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis um það atriði, sem áfátt er og máli skiptir í þessu sambandi.

## 17. gr.

Byggingarnefnd skal hafa að minnsta kosti tvo almenna fundi á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur byggingarfulltrúi kvatt saman, ef tilefni er til.



**220** Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsþúum með hæfilegum fyrirvara og til-  
19. des. tekinn frestur, hvenær erindi skuli hafa horizt til nefndarinnar. Byggingarfulltrúi  
undirbýr fundinn sem bezt, svo unnt sé að afgreiða þau mál, sem fyrir liggja.

## 18. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundarbók, og sé hún undirskrifuð  
í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng  
greiðast af sýslusjóði. Þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðist úr  
sveitarsjóði.

## 19. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar og getur hann  
þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins,  
er fellir úrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

## 20. gr.

Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingarfulltrúa vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar, og láta  
þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað  
þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni eigi sjaldnar en 5. hvert ár.
2. Vera trúnaðarmaður og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með  
þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofn-  
unum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir  
með byggingarefni o. fl. í því sambandi. Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar  
fram tekið í erindisbréfi.

## 21. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 108 frá 31.  
des. 1954, um húsbyggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika stein-  
steypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu og raf-  
lagnir, eru þær þá bindandi fyrir alla, er hér eiga hlut að máli.

## 22. gr.

Með mál um brot á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála, og skal  
byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið  
og samþykkt til að gilda fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og sett er samkvæmt ákvæðum  
laga nr. 108 31. desember 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem  
ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og laga nr. 26 1. apríl 1948, um breyting á þeim,  
staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem  
hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 19. desember 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUR

221

24. nív.

## um félagsheimilið Laugaborg, Eyjafjarðarsýslu.

## 1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Laugaborg í Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu. Lóðin er keypt af Hólmgeiri Þorsteinssyni fyrrum bónda á Hrafnagili. Lóðarstærð er rúmur einn hektari.

Eigendur félagsheimilisins eru:

Hrafnagilshreppur .....	60%
U. M. F. Framtíð .....	20%
Kvenfélagið Iðunn .....	20%

## 2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð, að hreppsnefnd Hrafnagilshrepps kýs þrjá fulltrúa, en hvort félaganna einn fulltrúa. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni Íslands gerðabækur til vörzlu.

## 3. gr.

Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir, með hæfilegum fyrirvara, stjórnendur þeirra félaga, sem eru eigendur félagsheimilisins. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár.

Fjárhagsáætlun skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi, hvern þær hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd næsta ár. Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilasjóði. Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

## 4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- Að ráða húsverð, setja honum starfsreglur og sjá um, að þeim sé fylgt.
- Að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur þess þörf. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn.
- Að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra.
- Að ákveða gjöld fyrir afnot hússins.
- Að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda.
- Að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda.
- Að sjá um, að ræsting sé í góðu lagi og gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni.
- Að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst.
- Að sjá um, að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

## 221

24. n.óv.

Eigendur félagsheimilisins skulu, eins og aðrir, greiða leigu fyrir afnot hússins. Skytt er að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 77/1947, um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af heimilum gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

## 5. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

## 6. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld og annað lausafé sé hæfilega váttryggt.

## 7. gr.

Félag, sem samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlu- maður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í vörzlu og loks loka vel hurðum og gluggum.

## 8. gr.

Að lokinni hverri samkomu eða notkun félagsheimilisins, skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf séu vel þvegin, salerni hreinsuð vandlega með sótthreinsandi efni og fatageymslur, bað og búningsherbergi ræst. Árlega skal fram fara gagnger ræsting alls hússins.

## 9. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri girðingu, er haldið sé vel við. Bifreiðastæði skal halda hreinlegu og vel við.

## 10. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

## 11. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðs- tjöld, gólf í sal o. s. frv.

## 12. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði, umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

## 13. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

## 14. gr.

## 15. gr.

221

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um 24. nóv. félagsheimili, öðlast gildi, þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanritaðar reglur staðfestast hér með.

*Í menntamálaráðuneytinu, 24. nóvember 1961.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Knútur Hallsson.*

## REGLUR

222

24. nóv.

### um félagsheimilið Aratungu í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu.

## 1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Aratunga, Biskupstungnahreppi, Árnassýslu.

Lóðarstærð er 4 ha. Takmarkast hún að norðan af skurði, sem liggur þvert af heimvegi félagsheimilisins til norðvesturs. Norðvesturmörkin eru skurður 123 m að bugðu, síðan bein lína í framhaldi skurðar, alls 184.2 m að lengd. Suðvesturmörkin eru bein lína, 214 m löng, í horn sunnan við félagsheimilið. Þaðan eru mörkin bein lína til norðausturs að skurðenda, sem liggur að heimvegi félagsheimilisins.

Eigendur félagsheimilisins eru:

Biskupstungnahreppur að .....	68	hundraðshlutum.
Ungmennafélag Biskupstungna að .	30	—
Kvenfélag Biskupstungna að .....	2	—

## 2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð, að hvert félag eigenda kys einn mann. Varamenn skuli kjörnir á sama hátt.

Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

## 3. gr.

Húsnefnd heldur fund er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef einn nefndarmanna óskar þess.

Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir, með hæfilegum fyrirvara, fulltrúar þeirra félaga, sem eru eigendur félagsheimilisins. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðast liðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári.

Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Húsnefndarmenn fara

222 hver um sig með eitt atkvæði á aðalfundi og fulltrúar eigenda eitt atkvæði hver, 24. nív. en þeir eru 3 frá hreppsfélagi, 3 frá ungmennafélagi og einn frá kvenfélagi. Aðalfundur kýs oddamanna. Fulltrúar eigenda skýra frá því á aðalfundi, hvern þeir hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd næsta ár.

Afrit af reikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilaskjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

#### 4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. Að ráða húsvörð í samráði við fulltrúa eigenda, setja honum starfsreglur og sjá um, að þeim sé fylgt.
- b. Að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn.
- c. Að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra.
- d. Að ákveða gjöld fyrir afnot hússins.
- e. Að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda.
- f. Að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda.
- g. Að sjá um, að ræsting félagsheimilisins, húss og lóðar, sé jafnan í góðu lagi og gætt sé ýtrasta hreinlætis í umgengni.
- h. Að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst.
- i. Að sjá um, að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

#### 5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skylt er þeim að heimila félögum, er greinir í fyrstu grein laga nr. 77 1947, um félagsheimili, innan sama byggðarlags, afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

#### 6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma ekki aðrar tekjur.

#### 7. gr.

Þess skal gætt að húseignin, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega váttryggt.

#### 8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

#### 9. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri og skal húsnefnd eða húsvörður sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri gripaheldri girðingu, er haldið sé vel við. Hestagirðing og bifreiðastæði skal vera í námunda við félagsheimilið, ef við verður komið.

## 10. gr.

222

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

## 11. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga utan og innan, málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistæki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki o. s. frv.

## 12. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta er spjöllum valda.

## 13. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

## 14. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi, þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanritaðar reglur staðfestast hér með.

*Í menntamálaráðuneytinu, 24. nóvember 1961.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

223

fyrir Héraðssundlauginu að Laugaskarði í Hveragerði.

27. nóv.

## 1. gr.

Eigandi laugarinnar eru hreppsfélag Hveragerðis og Ölfushreppa.

## 2. gr.

Sundlaugin skal rekin sem sjálfseignarstofnun undir nafninu Héraðssundlaugin að Laugaskarði í Hveragerði.

## 3. gr.

Rekstur eignarinnar er í höndum 3 manna sundlaugarnefndar. Skal hún þannig kosin: Einn fulltrúi kosinn af hreppsnefnd Hveragerðis, annar af hreppsnefnd Ölfushrepps og hinn þriðji af Ungmennfélagi Ölfusinga.

Starfstími nefndarmanna er jafn kjörtímabili hreppsnefndar.

Nefndin skal skipta með sér verkum. Skal hún halda gerðabók um störf sín og starfrækslu laugarinnar.

223

27. nóv.

## 4. gr.

Nefndin ber ábyrgð á rekstri laugarinnar af hálfu hreppsnefnda Hveragerðis- og Ölfushreppa. Samþykktir nefndarinnar skulu lagðar fyrir hreppsnefndirnar. Nefndin skal árlega gera fjárhagsáætlun um rekstur laugarinnar og skal hún lögð fyrir hreppsnefndarfund til samþykktar.

Afrit af ársreikningum skal senda til íþróttanefndar ríkisins og stjórnar Ungmennafélags Ölfusínga.

Enn fremur er hlutverk sundlaugarnefndar þetta:

- a. Niðurröðun á sundtímum og baðtímum og gerð tillagna um afnotagjöld.
- b. Útlán sundlaugarinnar til sýninga og keppni.
- c. Ráðning starfsmanna við daglegan rekstur laugarinnar og setning erindisbréfa fyrir þá.
- d. Ákvarðanir um viðhald eignarinnar og áhaldakaup.
- e. Tillögur um viðbótarbyggingar og eftirlit með þeim.

## 5. gr.

Sundlaugina má aðeins leigja til sundiðkana, baða, sundsýninga og keppni.

Félagar Ungmennafélags Ölfusínga og íþróttafélaga í Hveragerðis- og Ölfushreppum skulu hafa forgangsrétt að hagkvæmum æfingátímum, sem geta numið samtals einni klukkustund á dag.

## 6. gr.

Ræsting og viðhald laugarinnar skal vera samkvæmt fyrirmælum í reglugerðum um notkun sundstaða.

Forstöðumaður sundlaugarinnar skal annast daglegt eftirlit með notkun hennar.

## 7. gr.

Reikningsár sundlaugarinnar er almanaksárið. Verði ágóði af rekstri hennar, skal honum óskiptum varið til nauðsynlegra áhaldakaupa, svo og til viðhalds á eigninni og endurbóta.

Sundlaugarnefnd skal annast kaup á áhöldum og er stofnunin eigandi þeirra allra.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 10. gr. íþróttalaga nr. 49 frá 7. apríl 1956 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 117 frá 1. júlí 1947.

*Í menntamálaráðuneytinu, 27. nóvember 1961.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Knútur Hallsson.*

**REGLUGERÐ**

224

20. des.

um viðauka við gjaldskrá og reglur fyrir landssímann, útg. 14. sept. 1961.

**VI. KAFLI**

Símskeytagjöld. A. Gjald fyrir innanlandsskeyti.

Á eftir 16. lið kemur nýr liður, 17. liður, svo hljóðandi:

**Útvarpsauglýsingaskeyti:**

Útvarpsauglýsingar og tilkynningar má senda Ríkisútvarpinu í símskeyti frá landssímastöðvum utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Utanáskrift þessara skeyta skal vera Útvarp Reykjavík og skulu þau merkt á eftirfarandi hátt eftir því, hvenær þau eiga að lesast í Ríkisútvarpinu: HD, MD, FKF, EKF, sem þýðir hádegisútvarp, miðdegisútvarp, fyrir kvöldfréttir, eftir kvöldfréttir.

Ef skeytin eiga að lesast oftast en einu sinni, skal setja tölustafi fyrir framan einkunnarorðin, sem gefa til kynna, hve oft skeytin eiga að lesast í hverjum auglýsingatíma.

Gjald fyrir þessi skeyti er:

- a) venjulegt símskeytagjald innanlands,
- b) útvarpsgjald.

Símskeytagjaldið reiknast af öllum orðum skeytisins, þar með talin einkunnarorðin. Útvarpsgjaldið reiknast aðeins af þeim orðum, sem lesast eiga í Ríkisútvarpinu, og er gjald fyrir hvert slíkt orð kr. 8.00. Fyrir dánar- og jarðarfaratilkygningar reiknast kr. 4.00 fyrir orðið, og fyrir messutilkynningar kr. 6.00 fyrir orðið.

Lágmarksgjald útvarpsauglýsingaskeyta miðast við 4 orða skeyti.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjarskipti og gengur í gildi 1. janúar 1962.

*Póst-og símamálaráðherrann, 20. desember 1961.*

Ingólfur Jónsson.

*G. Briem.*

**REGLUGERÐ**

225

20. des.

um holræsi á Kópaskeri í Presthólahreppi.

**1. gr.**

Þegar Presthólahreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að láta gera holræsi frá húsi sínu í aðalræsi, innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur, getur hreppsnefndin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.



225

20. des.

## 2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem aðalholræsakerfi hreppsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast hreppsnefnd eða maður, sem hún felur það. Þóknun fyrir þau störf og einnig reikningshald eða annað vegna holræsanna, ákveður hreppsnefnd.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi framangreindra aðila, og er mönnum skylt að hlýta fyrir mælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í þessu sambandi.

## 3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið, þar með talið viðhald, greiðist úr hrepps-sjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús að eða í námunda við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi sitt við aðalræsi, kr. 1000.00, miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 400.00 fyrir hverja íbúð í húsinu umfram eina.

Auk tengigjalds greiði hver húseigandi holræsagjald til Presthólahrepps, kr. 150.00 af hverju húsi, en kr. 75.00 á íbúð í húsi umfram eina, og enn fremur 0.5% af fasteignamati hússins.

## 4. gr.

Hið árlega holræsagjald svo og tengigjaldið, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir atvikum um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

## 5. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart hreppsnefnd.

Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveðrétti fyrir hvers konar sammings- og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 30. sept. ár hvert, í fyrsta sinn 1962.

## 6. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Presthólahrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. desember 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

226

29. des.

### um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1962.

Árið 1962 skulu iðgjöld samkvæmt 27. og 29. gr. almannatryggingalaga nr. 24/1956, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkv. 27. gr. laga nr. 24/1956:
  - a. Hjón:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 2090.00
- 2. — .....	— 1626.00
  - b. Ókvæntir karlar:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	— 1900.00
- 2. — .....	— 1478.00
  - c. Ógiftar konur:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	— 1425.00
- 2. — .....	— 1109.00
  
2. Félagsmenn sérsjóða samkv. 85. gr. laga nr. 24/1956 skulu árið 1962 greiða iðgjald sem hér segir:
  - a. Hjón:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 627.00
- 2. — .....	— 488.00
  - b. Ókvæntir karlar:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	— 570.00
- 2. — .....	— 443.00
  - c. Ógiftar konur:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	— 428.00
- 2. — .....	— 333.00
  
3. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 29. gr. laga nr. 24/1956 skulu árið 1962 vera þessi:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 17.10
- 2. — .....	— 13.30
  
4. Í janúar 1962 skal greiða upp í iðgjöld samkv. 27. gr. sem hér segir:
  - a. Hjón og ókvæntir karlar:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 1000.00
- 2. — .....	— 800.00
  - b. Ógiftar konur:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	— 700.00
- 2. — .....	— 500.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almanna-  
tryggingar, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

227

7. des.

## AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1962.

Ákveðið hefur verið að nota heimild í 1. gr. laga nr. 93 30. nóvember 1961 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1962. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

*Í menntamálaráðuneytinu, 7. desember 1961.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

---

*Knútur Hallsson.*

228

29. des.

## SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu nr. 160 10. desember 1946.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

I. *Geiradalshreppur:*

1. Bakkavegur, frá Gautsdalsvegi (þjóðvegi) við Litlu-Brekku að Bakka.
2. Valshamarsvegur, frá Gautsdalsvegi (þjóðvegi) við Bakkaá að Valshamri.
3. Gautsdalsvegur, frá Vesturlandsvegi á Oddamel að Gautsdal.

II. *Reykhólahreppur:*

4. Borgarlandsvegur, frá Vesturlandsvegi á Hríshólsmelum í Berufirði um Hafrafell að Borg.
5. Reykhólasjávargata, frá Reykhólum að lendingunni við Hópið.
6. Staðarsjávargata, frá Reykhólasveitarvegi fyrir vestan Staðará að lendingunni við Staðarklauf.

III. *Gufudalshreppur:*

7. Hallsteinsnesvegur, frá Gufudalsvegi utan við Þórisstaði kringum Hallsteinsnes á Gufudalsveg í Krossgiljum við Djúpafjörð.
8. Grónesvegur, frá Gufudalsvegi við Brekku út að Grónesi.
9. Fremri-Gufudalsvegur, frá Gufudalsvegi (þjóðvegi) við Neðri-Gufudal að Fremri-Gufudal.

IV. *Múlahreppur:*

10. Svínanesvegur, frá Barðastrandarvegi við Illugastaði út með Skálmarfirði að Svínanesi.
11. Axlarréttarvegur, frá Barðastrandarvegi á Kletthálsi að Syðri-Axlarrétt.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 228  
29. des.

*Samgöngumálaráðuneytið, 29. desember 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

229

29. des.

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupstaðnum skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1948:

### 1. Aðalbrautir.

Auk þess, sem greint er í auglýsingu nr. 163 frá 1960, hefur verið ákveðinn aðalbrautarréttur á eftirtöldum gatnamótum:

- a) Vegamótum Austurgötu og Linnetsstígs, þannig, að umferð um Austurgötu hefur biðskyldu gagnvart umferð um Linnetsstíg.
- b) Vegamótum Tjarnarbrautar og Mánastígs og Tjarnarbrautar og Arnarhrauns, þannig, að umferð frá Mánastíg og Arnarhrauni hafi biðskyldu gagnvart umferð um Tjarnarbraut.
- c) Vegamótum Hverfisgötu og Tjarnarbrautar, þannig, að umferð um Tjarnarbraut hafi stöðvunarskyldu gagnvart umferð um Hverfisgötu.

### 2. Takmörkun á bifreiðastöðum.

- a) Bifreiðastöður eru bannaðar á Strandgötu að vestanverðu við götuna frá Vesturgötu að Linnetsstíg og frá Landssímahúsinu að Lækjargötu.
- b) Að austanverðu við Strandgötu eru bifreiðastöður bannaðar milli Linnetsstígs og hússins nr. 27 við Strandgötu.
- c) Að vestanverðu við Strandgötu frá Landssímahúsi að biðstöð strætisvagna við Linnetsstíg eru bifreiðastöður takmarkaðar við 15 mínútur í einu frá klukkan 9—19 virka daga, nema laugardaga frá 9—12. Sama regla gildir að austanverðu við Strandgötu frá húsinu nr. 27 að Lækjargötu.

Auglýsing nr. 163 frá 26. ágúst 1960, um umferð í Hafnarfirði, breytist í samræmi við þetta.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 29. desember 1961.*

**Björn Sveinbjörnsson,**  
settur.

230

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1960.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1960, B., bls. 460):			
a. Í Söfnunarsjóði .....	kr.	21572.21	
b. Í Landsbankanum .....	—	2028.35	
			kr. 23600.56
2. Vextir:			
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	kr.	1402.20	
b. — bankainnstæðu .....	—	151.98	
			— 1554.18
			Kr. 25154.74

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Í Söfnunarsjóði .....	kr.	22039.61	
b. Í Landsbankanum .....	—	3115.13	
			kr. 25154.74
			Kr. 25154.74

Í atvinnudlaráðuneytinu, 4. maí 1961.

Gunnlaugur E. Briem.

231

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Frederiks konungs Áttunda árið 1960.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1960, B., bls. 458):			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	kr.	28189.63	
b. Bankainnstæða .....	—	13604.86	
			kr. 41794.49
2. Vextir:			
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	kr.	1832.33	
b. — bankainnstæðu .....	—	1113.60	
			— 2945.93
			Kr. 44740.42

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	28372.89	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum .....	—	16367.53	
			kr. 44740.42
			Kr. 44740.42

Í atvinnudlaráðuneytinu, 4. maí 1961.

Gunnlaugur E. Briem.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1961.

*Lög um meðferð opinberra mála*, undirskrifuð af forsetanum 21. ágúst 1961, nr. 82.

*Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Svíþjóðar*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 4. júlí 1961, nr. 83.

*Auglýsing um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 9. ágúst 1961, nr. 84.

*Bráðabirgðalög um framlengingu á samningum á milli læknafélaga og sjúkrasamlaga*, undirskrifuð af handhöfum forsetavalds 30. september 1961, nr. 85.

*Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands*, undirskrifuð af forsætisráðherra 11. september 1961, nr. 86.

*Auglýsing um að reglulegt Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1961*, undirskrifuð af handhöfum forsetavalds 13. september 1961, nr. 87.

*Auglýsing um breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.*, undirskrifuð af forsætisráðherra 8. sept. 1961, nr. 88.

*Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum*, undirskrifuð af forsætisráðherra 2. október 1961, nr. 89.

*Lög um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum*, undirskrifuð af forsetanum 20. nóvember 1961, nr. 90.

*Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamningi um óreglubundnar flugferðir*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 12. október 1961, nr. 91.

*Auglýsing um aðild Íslands að samningi um Efnahags- og framfarastofnunina (O.E.C.D.)*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 5. október 1961, nr. 92.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1962*, undirskrifuð af forsetanum 30. nóvember 1961, nr. 93.

*Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 5. október 1961, nr. 94.

*Lög um hækkun á bótum almannatrygginganna*, undirskrifuð af forsetanum 8. desember 1961, nr. 95.

*Fjárlög fyrir árið 1962*, undirskrifuð af forsetanum 27. desember 1961, nr. 96.

*Lög um verðlagsráð sjávarútvegsins*, undirskrifuð af forsetanum 18. desember 1961, nr. 97.

*Lög um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík*, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1961, nr. 98.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskípum*, undirskrifuð af forsetanum 28. desember 1961, nr. 99.

*Lög um breyting á lögum nr. 17/1948, um skráningu skipa, og lögum nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs*, undirskrifuð af forsetanum 11. desember 1961, nr. 100.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinun sjávarins*, undirskrifuð af forsetanum 28. desember 1961, nr. 101.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísar-samþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar*, undirskrifuð af forsetanum 28. desember 1961, nr. 102.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington*, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1961, nr. 103.

*Lög um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, undirskrifuð af forsetanum 18. desember 1961, nr. 104.*

*Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifuð af forsetanum 19. desember 1961, nr. 105.*

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1961, nr. 106.*

*Auglýsing um niðurfelling breytingar, er gerð var 8. sept. 1961 á forsetaúrskurði frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 30. desember 1961, nr. 107.*

232

29. des.

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

##### 1. gr.

Hin löggilta höfn Hafnarfjarðarkaupstaðar nær yfir skipalægi fyrir innan línu þá, er hugsast dregin úr Balakletti í yzta odda Hvaleyrahöfða. Hafnargarðar skipta höfninni í ytri og innri höfn.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

##### 2. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur á hendi stjórn hafnamálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

Hafnarnefnd er auk bæjarstjóra skipuð fjórum mönnum, sem bæjarstjórn kýs jafnframt öðrum fastanefndum sínum og til sama tíma.

Tveir þeirra manna, er bæjarstjórn kýs, mega vera utan bæjarstjórnarinnar.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

Hún sér og um, að reikningar hafnarsjóðs séu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar bæjarsjóðs.

##### 3. gr.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

##### 4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarnefndar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögum hafnarnefndar og setur honum erindisbréf. Til aðstoðar hafnarstjóra skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

## III. KAFLI

## Um almenna reglu.

232

29. des.

## 5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni eða þess eða þeirra, er hann setur til að gæta reglu. Starfsmenn hafnarinnar skulu hafa einkennisbúning, þegar þeir eru að starfa við höfnina, ef hafnarnefnd krefst þess. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmanns ber jafnan að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu sýna þeim kurteisi, er þeir skipta við.

## 6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmaett erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar eru unnin.

## 7. gr.

Böð í höfninni eru bönnuð, nema með leyfi hafnarstjóra. Öll veiði með skotum er bönnuð á höfninni. Bannað er að hleypa af skotvopnum og skjóta flugeldum á innri höfninni eða á landi hennar.

## 8. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema undir kötlum skipsins, í eldavél skipsins og lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í skipinu og á því svæði, sem unnið er að fermingu þess eða affermingu. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

## 9. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, né þetta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarstjóra.

## 10. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar.

Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Þegar olía er látin í skip eða tekin úr því, skal þess gætt, að ekki renni neitt í höfnina, á bryggjur eða á skipsþillfar.

## IV. KAFLI

## Um komu skipa og legu þeirra í höfninni.

## 11. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

## 12. gr.

Sérhver skipstjóri, sem kemur við á höfninni á skipi sínu, á sjálfur, og svo skipshöfnin, að kynna sér ákvæði reglugerðar þessarar, sem liggur til sýnis á hafnar-skrifstofunni. Þar geta skipstjórar á skipum þeim, er til hafnar koma, fengið hæfilega mörg eintök af reglugerðinni. Eintak af reglugerðinni á að vera í hverju skipi,



**232** meðan það liggur í höfninni. Hafnarstjóri sér um, að jafnan sé til á hafnarskrifstof-  
29. des. unni nægilegt upplag af reglugerðinni á tungumálum þeim, sem hafnarnefnd ákveður.

### 13. gr.

Í hverju skipi eða fari, að undanskildum skipum eða förum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlauð í lægi á höfninni, skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

### 14. gr.

Hafnarstjóri getur krafizt þess, að sérhvert skip, er liggur við festar á ytri höfninni, verði flutt, ef það að álitu hans, tálmar umferð inn í innri höfnina eða úr henni.

Færist hlutaðeigandi undan að flytja skipið eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur tiltekið og fyrirskipað, er honum heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

### 15. gr.

Ekki má vera á fiskveiðum á ytri höfninni, ef hafnarstjóri telur það geta hamlað umferð um höfnina. Í innri höfninni má alls ekki fást við fiskveiðar, nema með leyfi hafnarstjóra. Beitutaka og seglfestutaka og annað slíkt, er bannað í ytri og innri höfninni, nema með leyfi hafnarstjóra.

### 16. gr.

Þegar skip kemur í höfnina, skal skipstjóri tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum, hvar skip hans megi liggja. Þó nær ákvæði þetta ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, að því er bryggjurúm snertir. Ekkert íslenzkt skip, sem er stærra en 100 brúttórúmllestir, og ekkert erlent skip má fara inn í höfnina eða út úr henni án leiðsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu. Skip, sem koma inn í höfnina án leiðsögumanns, skulu binda landfestar þar, sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir, og það enda þótt byrjað sé að ferma eða afferma skipið, en þá á skipstjóri öðrum fremur heimting á, að sér sé vísað á stað, þar sem fermingu eða affermingu verður haldið áfram.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skipa í innri höfninni, skal jafnan skylt að flytja skipið á ytri höfnina, ef hafnarstjóri krefst þess.

### 17. gr.

Ekkert skip má liggja við taug (varp) á innri höfninni nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Ekki má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggjur eða bólvirki, skal hafa uppi fyrirskipað ljós- og dagmerki.

### 18. gr.

Skip, sem koma inn í höfn, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast að bryggju eða bólvirki, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum, sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

## 19. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða festarstólpa, að tilvisun hafnarstjóra. Séu landfestar úr járnri, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á bólvirkinu eða bryggjunni.

Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt að bætt sé úr því tafarlaust. Skytt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

## 20. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða bólvirki. Ekki mega skip hleypta vatni á bryggjur eða bólvirki, hvorki við þvott á þilfari, né heldur er þau hleypta burt vatni, eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með seglum og hlífdúkum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist ei á bryggjur né bólvirki.

## 21. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

## 22. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að álitu hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Um þetta atriði fer að öðru leyti eftir gildandi lögum.

## V. KAFLI

## Um fermingu og affermingu skipa.

## 23. gr.

Þegar hafnarstjóri hefur ákveðið, hvar skip skuli fermt eða affermt, skal verkið hafið í síðasta lagi innan sólarhrings. Verkinu skal haldið áfram alla virka daga, ef veður leyfir, unz því er lokið. Ef hlé verður á, að nauðsynjalausu eða sé verkinu ekki lokið innan hæfilegs tíma, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum, ef hafnarstjóri krefst þess.

## 24. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

## 25. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip, eða af skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru sliku, er skytt eð hafa nægilega sterka hlífdúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Ekki má sálda kol á bryggju eða bólvirki.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af lendingarstaðnum, þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

232

29. des.

Skyll er farmseiganda að gæta alls þrifnaðar á bryggju og bólvirki við uppskipun og útskipun. Sé þessu ákvæði ekki framfylgt eftir því, sem ástæður leyfa að dómi hafnarstjóra, getur hann látið hreinsa mannvirki þessi á kostnað eiganda.

26. gr.

## VI. KAFLI

### Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

27. gr.

Skip, sem ætluð eru til geymslu, mega ekki liggja á innri höfninni, né ytri, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra.

Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka það upp, ef það sekkur eða sprengja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina, enda sé hafnarnefnd heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans, ef dráttur verður á því af hans hálfu. Hafnarstjóri ákveður legustað geymsluskipa, ákveður hver legufæri skuli nota og hefur umsjón með þegar þeim er lagt, svo og með viðhaldi legufæra þeirra.

Á skipum þessum séu að minnsta kosti tveir varðmenn, er hafnarstjóri tekur gilda, og skal tendra ljós á skipunum, sýna dagmerki og gera hljóðbendingar eftir reglum þeim, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja fyrir akkerum. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

28. gr.

Innan hafnarinnar má því aðeins leggja skipum í lægi, að rúm sé fyrir hendi að dómi hafnarstjóra, og hann gefi sérstakt leyfi til þess.

Skipunum skal lagt undir umsjón hafnarstjóra. Ákveður hann legustaðinn fyrir hvert skip, og segir fyrir um, hver legufæri skuli nota. Ákvæði þessi ná einnig til smærri báta og uppskipunarpramma.

29. gr.

Meðan skip leggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Hafnarfirði, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um, að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Eigi ber hafnarsjóður neina ábyrgð á skipum þeim, sem lagt hefur verið í lægi.

## VII. KAFLI

### Um fermingu og affermingu eldfimrar vöru.

30. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzin, acetón, terpentínu eða önnur slík efni, sprengjuefni, svo sem púður, dynamit, geomet eða þess konar efni, sem eldhætta eða sprengihætta stafar af, mega ekki fara inn í innri höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra, og hafnarstjóri hefur leyft affermingu undir umsjón slökkviliðsstjóra.

## 31. gr.

Um útskipun á þeim efnunum, sem um getur í 30. gr., gilda sömu varúðarreglur og um affermingu. 29. des.

## 32. gr.

Áliti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

## 33. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem getið er í 30. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg á framsigliutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

## VIII. KAFLI

## Um hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

## 34. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema bæjarstjórn veiti eða hafi veitt samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem hefur fengið leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn þessari grein varðar sektum allt að 30000 krónum, og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigandans.

Nú hefur bryggja eða mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eigandans.

Byggingarleyfi, sem um getur í þessari grein, falla úr gildi, hafi þau ekki verið hagnýtt og verkinu lokið innan tveggja ára frá því, að leyfið var veitt.

Ákvæði þetta tekur til allra mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, er reglugerð þessi öðlast gildi.

## 35. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast í sömu röð og þau koma inn og sækja það, þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun hafa forgangsrétt.

## 36. gr.

Á hverri bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skulu vera umsjónarmenn, sem hafa á hendi svo viðtæka dagvörzlu og næturvörzlu mannvirkja þessara, sem hafnarnefnd telur nauðsyn á, og skulu umsjónarmenn þessir samþykktir af nefndinni. Umsjónarmenn þessir skulu ákveða legustað og umbúnað landfesta allra þeirra skipa, sem að mannvirkjunum leggjast, og ber hlutaðeigendum að hlýða boði þeirra og hanni, eins og öðrum starfsmönnum hafnarinnar, enda ber þeim að sýna þeim, er þeir skipta við, fulla kurteisi.

Reynist umsjónarmaður slíkra mannvirkja óhæfur til starfsins, svo að ætla megi að dómi hafnarnefndar, að af ráðstöfunum hans eða vanrækslu geti stafað hætta í höfninni, getur hafnarnefnd svipt hann starfinu og heimtað nýjan umsjónarmann.

232

9. des.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunartæki o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum hafnarnefndar, er hún setur á hverjum tíma, og sem gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

37. gr.

## IX. KAFLI

## Um hafnsögu.

38. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnsögumenn svo marga, sem þurfa þykir, og ákveður laun þeirra. Laun hafnsögumanna greiðast úr hafnarsjóði.

39. gr.

Hafnsögumönnum ber í starfi sínu að haga sér eftir því, sem sagt er í reglugerð þessari og eftir skipun hafnarnefndar. Þeim skal skylt að bera einkennisbúning þann, er hafnarnefnd ákveður.

40. gr.

Hafnarnefnd getur með þriggja mánaða fyrirvara sagt hafnsögumanni upp starfi sínu. Með sama fyrirvara getur hafnsögumaður sagt starfa sínum lausum.

Hafnarnefnd getur fyrirvaralaust vikið hafnsögumanni frá starfanum, ef hann verður ber að vanrækslu í starfi sínu.

41. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Hafnarfjarðar og nota vill hafnsögumann, skal þegar það er komið hálfa mílu undan Álftanesi eða Helguskeri, gefa merki að það óski hafnsögumanns eða tilkynna það með símskeyti, og er hafnsögumanni skylt að vitja skipanna þangað.

42. gr.

Hafnsögumaður, er vísar skipi leið til hafnar, má eigi yfirgefa skipið án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi, ber því að sjá honum fyrir fæði.

43. gr.

Hvert skip, sem af höfninni fer, á rétt á að fá hafnsögumann, og skal hafnsögumanni skylt að fylgja því þangað, sem honum samkvæmt 41. gr. er skylt að vitja þess. Hafnsögumaður skal og hafa á hendi leiðsögu skipa um höfnina, komi það eigi í bága við aðalstarf hans.

44. gr.

Hafnsögumanni er skylt að banna allar ónauðsynlegar samgöngur við skipið, áður en hann hefur lokið starfi sínu á skipsfjöl.

45. gr.

Ef sjúkdómur er á skipi, eða ástæða til að halda, að sóthætta geti stafað frá því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins.

46. gr.

Hafnarsjóður leggur til báta og önnur tæki, er hafnsögumenn þurfa að nota við starfa sinn, og svo mannahjálp.

## X. KAFLI

## Um hafnargjöld í Hafnarfirði.

232

29. des.

## 47. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum, skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum.

## 1. Lestagjald.

## 48. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip, bátar, hvers konar uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

## 49. gr.

a) Skip, sem heima eiga í Hafnarfirði og minni eru en 20 brúttórúmllestir, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí kr. 2.50 fyrir hverja brúttórúmllest.

Undanþágu frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum, sem ekki greiða bryggjugjald.

b) Öll skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsóknna, og skip þau, sem getur um í staflið c) þessarar greinar, skulu greiða 40 aura fyrir hverja brúttórúmllest.

Innlend fiskiskip skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftast en einu sinni í mánuði, en innlend skip, sem eingöngu sigla með ströndum landsins, eigi oftast en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftast til hafnar.

c) Skip, sem leita hafnar vegna illveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna eða til að fá skipanir.

## 2. Vitagjald.

## 50. gr.

Öll þau skip, sem greiða eiga lestagjald skulu samtímis greiða vitagjald, 7 aura fyrir hverja brúttórúmllest, þó aldrei lægra en kr. 20.00.

## 3. Bryggju- og festargjald.

## 51. gr.

Hvert það skip, sem leggst við hafnarbakka, bryggju eða við hafnarfestar, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmllest skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 20 aura af hverri rúmlest, þó aldrei minna en 20 krónur um sólarhringinn.

Ef skip liggur utan á öðru skipi, sem liggur við hafnarbakka eða bryggju, skal það greiða festargjald, sem nemur hálfu bryggjugjaldi.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggju- eða festargjaldi.

## 4. Fjörugjald.

## 52. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða 20 aura af hverri rúmlest af brúttóstærð skipsins fyrir hvern sólarhring, þó aldrei minna en 20 krónur um sólarhringinn.

232

29. des.

## 5. Vatnsgjald.

53. gr.

Fyrir vatn handa skipum skal greiða það gjald, sem bæjarstjórn ákveður.

## 6. Hafnsögugjöld.

54. gr.

Öll skip, 30 brúttórúmllestir að stærð eða meira, skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald er þau koma frá útlöndum til hafnarinnar.

Herskip, skemmtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

55. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald. Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina sjálfa, þar á meðal inn og út úr höfninni.

56. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd skv. eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 250 krónur fyrir hvert skip auk 70 aura fyrir hverja brúttórúmllest allt að 6000 rúmllestum og 20 aura fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 6000.

b) Fyrir leiðsögu frá höfninni 200 krónur fyrir hvert skip, auk 35 aura fyrir hverja brúttórúmllest allt að 6000 rúmllestum og 10 aura fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 6000.

c) Fyrir leiðsögu um höfnina sjálfa, þar á meðal inn og út úr innri höfninni, greiðist 125 krónur auk 20 aura fyrir hverja brúttórúmllest.

d) Fyrir leiðsögu skipa frá og til nærliggjandi hafna greiðist sú borgun, er hafnarnefnd ákveður eða innheimtumaður hafnargjaldanna í umboði hennar og rennur gjald þetta einnig í hafnarsjóð.

e) Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumenn notar til hafnarinnar eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald skv. 54. gr., greiða 50 krónur í hafnsögusjóð.

## 7. Vörugjald.

57. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað á höfninni, með undantekningum þeim, er síðar getur.

58. gr.

Ef vörur, sem samkv. farmskrá skips eiga að fara til annarrar hafnar en Hafnarfjarðar, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

59. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og ákveðnar eru til annarra hafna innanlands, greiðist hálfvörugjald.

## 60. gr.

232

29. des.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin afnota.
- b) Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

## 61. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast.

Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald ber að greiða af.

## 62. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og greiðist gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 2 krónur.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

## 63. gr.

## Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 0.50 fyrir hvert kg:  
Fiskur, afli skipa lagður á land.
2. flokkur. Gjald kr. 0.90 fyrir hver 100 kg:  
Alls konar vörur úr ódýrum steintegundum, girðingarvír, ís, leir, kalk, kol, koks, salt, sement, vikur.
3. flokkur. Gjald kr. 1.55 fyrir hver 100 kg:  
Alls konar oliur til eldsneytis og hreyfla, benzín.
4. flokkur. Gjald kr. 1.80 fyrir hver 100 kg:  
Áburðaroliur, áburður, akkeri, asfalt, baðlyf, eldavélar, feiti, fiskur annar en niðursoðiinn, fiskbein, fiskimjöl, fóðurvörur alls konar, garnir, gólfdukar og gólfplötur aðrar en úr steini, gærur, hráefni til efna-gerðar, svo sem sýrur, oliur, essensar, brennisteinn, kalíum, karbit og og plast, hrogn, jarðávextir, járn og stál til smíða bygginga og skipa, kaðlar, keðjur, kitti, kjöt annað en niðursoðið, kornvörur, leður, lofttegundir á stálflöskum, mör, málning og efni til hennar, miðstöðvarofnar, nylongarn til veiðarfæra, pappír, pípur úr asbesti, aluminium, kopar eða járn, pokar úr striga eða pappír, rúðugler, segldúkar, síld, síldarmjöl, síldarlýsi, smurningsoliur, strigi, tjara, tvistur, vír óeinangraður úr stáli, kopar eða aluminium, þakpappi og gólfpappi, þakplötur úr asbesti, aluminium, kopar eða járn, þvottaefni.
5. flokkur. Gjald kr. 2.25 fyrir hver 100 kg:  
Ávextir, bækur, blöð, brauðvörur, kaffi, kakó, leirvörur, lýsi, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, smjör, smjörlíki, smjörlíkisoliur og sápu-gerðarvörur, sundmagi, sykur, te, ull.



- 232** 6. flokkur. Gjald kr. 0.50 fyrir hver 10 kg:  
 29. des. Efni til rafmagnslagna, eldhúsáhöld, hjólbarðar, tengistykki til miðstöðvarlagna, vatnslagna og rafmagnslagna, varastykki í bifreiðar, mótorar og þungavinnuvélar.
7. flokkur. Gjald kr. 0.80 fyrir hver 10 kg:  
 Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, gúmmivörur, glysvarningur, klukkur, leðurvörur, leikföng, mælingatæki, þrjónavörur, sauma- og þrjónavélar, skófatnaður, súkkulaði, skrifstofuvélar, sælgætisvörur, vefnaðarvörur.
8. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 10 kg:  
 Heimilisvélar, mótorar, landbúnaðarvélar, þungavinnuvélar.
9. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 10 kg:  
 Bifreiðar, hjólhestar, húsgögn, hljóðfæri, útvarpstæki.
10. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 10 kg:  
 Tóbak, tóbaksvörur, vín, vínandi.
11. flokkur. Gjald kr. 9.00 fyrir rúmmetra:  
 Timbur.
12. flokkur. a) Gjald kr. 12.00 fyrir hvern grip:  
 Hestar, nautgripir, svín.  
 b) Gjald kr. 3.00 fyrir hvern grip:  
 Sauðfé.  
 c) Gjald kr. 0.60 fyrir hvert stykki:  
 Tómar tunnur.
13. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:  
 Allt annað.

## 64. gr.

Móttakandi greiðir vörugjald og leigu skv. 65. gr. af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum, unz gjaldið er greitt.

## 8. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

## 65. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir, skal greiða það gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

## 66. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, áhöldum og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með sérstökum samningi.

## 67. gr.

Fyrir notkun á bátum hafnarinnar, áhöldum og öðrum tækjum hennar, skal greiða það gjald, er hafnarnefnd eða hafnarstjóri í umboði hennar ákveður í hvert skipti.

## 68. gr.

232

Fyrir geymsluskip, sem lögð eru í lægi í höfninni, samkv. 27. gr., greiði eigandi 29. des. árgjald, kr. 1.00 af brúttórúmllest.

## 69. gr.

Fyrir uppsátur skipa og báta greiðist árgjald miðað við brúttóstærð, sem hér segir: Allt að 5 rúmllestum 20 krónur, 6—12 rúmlesta 50 krónur, 13—50 rúmlesta 100 krónur, stærri skip 200 krónur.

## XI. KAFLI

## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

## 70. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

## 71. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarstjóður haldsrétt yfir skipinu unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

## 72. gr.

Leigu samkv. 66. gr. svo og gjöld fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar, samkvæmt 67. gr., greiðir sammingsaðili.

## 73. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt, sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulíð 3 skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veði í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, vitagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir dráttarbáta og aðra þá aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

## XII. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 74. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki, og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra.

Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til mannvirkja einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar.

**232**

29. des.

Frá kl. 9 síðdegis til kl. 6 árdegis mega skip ekki valda óþarfa hávaða með eimpípu sinni, og getur hafnarnefnd sett nánari og strangari ákvæði um þetta, ef þurfa þykir.

**75. gr.**

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki komið við um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 4 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

**76. gr.**

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra.

**77. gr.**

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er útkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

**78. gr.**

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

**79. gr.**

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans samkv. 13. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hafi fengið skipunina sjálfur.

**80. gr.**

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

**81. gr.**

Innan hafnargarða má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

**82. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 25000 krónum, nema þyngri refsing liggji við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

**83. gr.**

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um **232**  
hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar **29. des.**  
gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 245  
29. nóvember 1950, ásamt síðari breytingum, nr. 123 12. júní 1953 og 187 15. desember  
1958.

*Samgöngumálaráðuneytið, 29. desember 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## HAFNARREGLUGERÐ

**233**

**29. des.**

fyrir Reykjavíkurhöfn.

### I. KAFLI

#### Takmörk hafnarinnar.

##### 1. gr.

Reykjavíkurhöfn takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnarumdæmisins. Sjávarmegin ræður mörkum.

Að norðan: Lína frá mörkum lögsagnarumdæmisins vestan við Eiði á Sel-  
tjarnarnesi í Borg hjá Brautarholti og lína úr ósum Korpúlfsstaðaár til skurðar  
við áðurnefnda línu 4000 m suðvestur frá Borg. Undanskilin eru svæði, sem tak-  
markast af netlögnum Akureyjar, Engeyjar og Viðeyjar.

Að sunnan: Lína frá mörkum lögsagnarumdæmisins að Lönguskerjum, þaðan  
hornrétt lína 2600 m löng yfir Hólma, síðan inn Fossvog að mörkum lögsagnar-  
umdæmisins.

Skjólgarður sá, sem liggur frá Örfirisey og Ingólfsgarði, skilur milli ytri og  
innri hafnarinnar.

### II. KAFLI

#### Stjórn hafnarinnar.

##### 2. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirum-  
sjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

##### 3. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn. Hafnar-  
stjórn skal skipuð 5 fulltrúum og 5 varafulltrúum, er bæjarstjórn kýs, 3 úr hópi  
bæjarfulltrúa og 2 utan bæjarstjórnar. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með  
hlutfallskosningu, fulltrúa úr hópi bæjarfulltrúanna sér og fulltrúa utan bæjar-  
stjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarráðs Reykjavíkur.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn. Auk hinna  
kjörnu fulltrúa mæta borgarstjóri og hafnarstjóri á fundum hafnarstjórnar, og hafa  
þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar, og stýrir hann fundum hennar og

**233** boðar til þeirra. Kjósa má borgarstjóra eða hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, 29. des. þótt eigi hafi þeir þar atkvæðisrétt.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

#### 4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Aðra fasta starfsmenn ræður hafnarstjóri, svo marga, sem þurfa þykir.

### III. KAFLI

#### Um almenna reglu.

#### 5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þess eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

#### 6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónaudynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

#### 7. gr.

Skyllt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kótlum skipsins og í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra. Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

Þá er og skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á innri höfninni, nema umferðin gefi tilefni til þess.

#### 8. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Ekki má láta renna í höfnina olíur eða vatn mengað olíum.

Þegar olía er látin í skip eða tekin úr því, skal þess gætt, að ekki renni neitt í höfnina, á bryggjur eða á skipsþilfar.

### IV. KAFLI

#### Um hafnsögu, legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

#### 9. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

## 10. gr.

233

29. des.

Sérhvert skip, sem ætlar til Reykjavíkur og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skrifstofu hafnarinnar. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan Gróttutöngum, ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lög-mætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

## 11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla, að sóttþætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

## 12. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum, hvar skipið megi liggja.

Ekkert íslenskt skip, sem er stærra en 100 brúttórúmllestir, og ekkert erlent skip má fara inn í innri höfnina eða út úr henni án leiðsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té. Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu.

Skip, sem koma inn í innri höfnina án leiðsögumanns, skulu binda landfestar þar, sem starfsmenn hafnarinnar hafa vísað til.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Liggi skip á innri höfninni án þess nokkuð sér unnið við það, getur hafnarstjóri krafzt þess, að það sé tekið burtu. Ef ekki er orðið við þessu, hefur hafnarstjóri heimild til þess að láta leggja skipinu við legufæri utan innri hafnar, eða taka það á land og ber skipseiganda að greiða allan kostnað þar að lútandi.

## 13. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur til tekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna skrifstofu hafnarinnar með að minnsta kosti þriggja klukkustunda fyrirvara.

## 14. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrum. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilfór skipa, er nær liggja.

## 15. gr.

Í sérhverju skipi (að þeim undanskildum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlau á höfninni) skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er

**233** tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort 29. des. heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

## 16. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

## 17. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbatum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rúm snúið.

## 18. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringana eða við festarstólpa, að tilvisun hafnarstjóra. Séu landfestar úr járnri, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skyllt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

## 19. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

## 20. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

## 21. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það, að álitu hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

## 22. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann, hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skyllt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Ekki má sálda kol á bryggju eða hafnarbakka. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

## 23. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en farmeigandi eða skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

233

29. des.

## V. KAFLI

## Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

## 24. gr.

Skip, sem ætluð eru til geymslu, mega ekki liggja á innri höfninni. Á ytri höfninni má aðeins leggja þeim með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Leyfið skal bundið því skilyrði, að eigandi skipsins láti taka skipið upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina, enda sé hafnarstjóra heimilt að láta framkvæma þetta á kostnað eigandans, ef dráttur verður á því af hans hálfu. Hafnarstjóri ákveður legustað geymsluskipa, og hefur umsjón með, þegar skipum er lagt, og skulu legufæri ákveðin í samráði við hann.

Á skipum þessum séu að minnsta kosti tveir varðmenn, er hafnarstjóri tekur gilda og skal tendra ljós á skipunum, sýna dagmerki og gera hljóðbendingar eftir þeim reglum, er settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja við akkeri.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseigenda.

## 25. gr.

Með leyfi hafnarstjóra má leggja skipum í lægi á ytri höfninni. Skipunum skal lagt undir umsjón hafnarstjóra. Ákveður hann legustaðinn, en legufæri skulu ákveðin í samráði við hann.

## 26. gr.

Meðan skip liggur mannlaut í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Reykjavík, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

## VI. KAFLI

## Um fermingu og affermingu eldfimrar vöru.

## 27. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, acetón, terpentínu eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn í innri höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra, og hafnarstjóri hefur leyft affermingu undir umsjá slökkviliðsstjóra.

## 28. gr.

Um útskipun á þeim efnum, sem um getur í 27. gr., gilda sömu varúðarreglur og um affermingu.



233

29. des.

Áliti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar var-úðarráðstafanir.

30. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfim efni, sem getið er í 27. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg á framsiglutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

## VII. KAFLI

## Um hafnargjöld í Reykjavík.

31. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum.

## 1. Lestagjald.

32. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

33. gr.

- a. Skip, sem heima eiga í Reykjavík og minni eru en 20 brúttórúmllestir, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, kr. 2.50 fyrir hverja brúttórúmllest. Sama gjald greiða og geymsluskip, þótt stærri séu en 20 brúttórúmllestir.

Undanþágu frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum, sem greiða ekki bryggjugjald.

- b. Öll skip önnur, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem um getur í staflíð c. þessarar greinar, skulu greiða 40 aura fyrir hverja brúttórúmllest.

Innlend fiskiskip skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftár en einu sinni í mánuði, en innlend skip, sem eingöngu sigla með ströndum landsins, eigi oftár en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftár til hafnar.

- c. Skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

## 2. Vitagjald.

34. gr.

Öll þau skip, sem greiða eiga lestagjald, skulu samtímis greiða vitagjald, 7 aura fyrir hverja brúttórúmllest, þó aldrei lægra en kr. 20.00.

## 3. Bryggjugjald.

35. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnarbakka eða bryggju, aðra en bátabryggju, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmllest skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 20 aura af hverri rúmlest, þó aldrei minna en 20 krónur um sólarhringinn.

Ef skip liggur utan á öðru skipi, sem liggur við hafnarbakka eða bryggju, skal það greiða festargjald, er nemur hálfu bryggjugjaldi.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

**233**  
29. des.

#### 36. gr.

Skip, sem stærri eru en 30 brúttórúmllestir, skulu greiða 20 krónur fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau liggja við bátabryggju, en minni skip 10 krónur.

#### 4. Fjörugjald.

#### 37. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða 20 auru af hverri rúmllest af brúttóstærð skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 20 krónur um sólarhringinn.

#### 5. Vatnsgjald.

#### 38. gr.

Fyrir vatn handa skipum skal greiða gjald það, sem hafnarstjórn ákveður.

#### 6. Hafnsögugjald.

#### 39. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 brúttórúmllestir, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum til hafnarinnar.

Komi skip oftár á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og þau fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

#### 40. gr.

Hvert það skip, sem notar hafnsögumann til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina, þar á meðal inn í og út úr höfninni.

#### 41. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 250 krónur fyrir hvert skip auk 70 auru fyrir hverja brúttórúmllest allt að 6000 rúmllestum og 20 auru fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 6000.
- Fyrir leiðsögu frá höfninni 200 krónur fyrir hvert skip auk 35 auru fyrir hverja brúttórúmllest allt að 6000 rúmllestum og 10 auru fyrir hverja brúttórúmllest fram yfir 6000.

Sama gjald skal og greiða fyrir leiðsögu frá ytri höfninni til Skerjafjarðar og Gufuness, einnig frá Skerjafirði og Gufunesi á ytri höfn.

- Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inn og út úr innri höfninni, greiðist 125 krónur, auk 20 auru fyrir hverja brúttórúmllest.
- Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar, eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald samkv. 39. gr., greiða 50 krónur í hafnsögusjóð.

## 7. Vörugjald.

## 42. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er upp eða út á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

## 43. gr.

Ef vörur, sem samkv. farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Reykjavíkur, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

## 44. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálfvörugjald.

Sama máli gegnir um afla skipa, sem settur er á land eða fluttur á milli skipa, en ætlaður til vinnslu utan Reykjavíkur.

## 45. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Afli skipa, lagður á land þegar skip kemur úr veiðiför, enda sé aflinn ætlaður til neyzlu eða verkunar og vinnslu í Reykjavík.
- b. Innlend nýmjólk, sem flyzt til hafnarinnar.
- c. Umbúðir, sem endursendar eru.
- d. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin afnota.
- e. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

## 46. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst ber að greiða af.

## 47. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til, og greiða gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 2 krónur.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

## 48. gr.

## Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 0.90 fyrir hver 100 kg:

Alls konar vörur úr ódýrum steintegundum, girðingavír, leir, kalk, kol, koks, salt, sement, vikur.

2. flokkur. Gjald kr. 1.40 fyrir hver 100 kg:  
Alls konar oliur til eldsneytis og hreyfla, benzín.
3. flokkur. Gjald kr. 1.80 fyrir hver 100 kg:  
Áburðaroliur, áburður, akkeri, asfalt, baðlyf, eldavélar, feiti, fiskur annar en niðursoðinn, fiskbein, fiskimjöl, fóðurvörur alls konar, garnir, gólf dúkar og gólfplötur aðrar en úr steini, gærur, hráefni til efna-gerðar svo sem sýrur, oliur, essensar, brennisteinn, kalcium, carbid og plast, hrogn, jarðávextir, járn og stál til smíða bygginga og skipa, kaðlar, keðjur, kitti, kjöt annað en niðursoðið, kornvörur, leður, lofttegundir á stálflöskum, mör, málning og efni til hennar, miðstöðvarofnar, nylon-garn til veiðarfæra, pappír, pípur úr asbesti, aluminium, kopar eða járn, pokar úr striga eða pappír, rúðugler, segldúkur, sild, sildarmjöl, síldarlýsi, smurningsoliur, strigi, tjara, tvistur, vír óeinangraður úr stáli, kopar eða aluminium, þakpappi og gólfpappi, þakplötur úr asbest, aluminium, kopar eða járn, þvottaefni.
4. flokkur. Gjald kr. 2.25 fyrir hver 100 kg:  
Ávextir, bækur, blöð, brauðvörur, kaffi, kakó, leirvörur, lýsi, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, smjör, smjörlíki, smjörlíkisoliur og sápu-gerðarvörur, sundmagi, sykur, te, ull.
5. flokkur. Gjald kr. 0.50 fyrir hver 10 kg:  
Efni til rafmagnslagna, eldhúsáhöld, hjólbarðar, tengistykki til miðstöðvarlagna, vatnslagna og rafmagnslagna, varastykki í bifreiðar, mótorá og þungavinnuvélar.
6. flokkur. Gjald kr. 0.80 fyrir hver 10 kg:  
Dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, glysvarningur, gúmmivörur, klukkur, leðurvörur, leikföng, mælingatæki, þrjónavörur, sauma- og þrjónavélar, skófatnaður, súkkulaði, skrifstofuvélar, sælgætisvörur, vefnaðarvörur.
7. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 10 kg:  
Heimilisvélar, mótorar, landbúnaðarvélar, þungavinnuvélar.
8. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 10 kg:  
Bifreiðar, hjólhestar, húsgögn, hljóðfæri, útvarpstæki.
9. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 10 kg:  
Tóbak, tóbaksvörur, vín og vínandi.
10. flokkur. Gjald kr. 9.00 fyrir rúmmetra:  
Timbur.
11. flokkur. a. Gjald kr. 12.00 fyrir hvern grip:  
Hestar, nautgripir, svín.  
b. Gjald kr. 3.00 fyrir hvern grip:  
Sauðfé.  
c. Gjald kr. 0.60 fyrir hvert stykki:  
Tómar tunnur.
12. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:  
Allt annað.

### 8. Ýmis gjöld til hafnarinnar.

49. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

50. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

## 233

29. des.

Fyrir notkun á áhöldum og tækjum hafnarinnar skal greiða það gjald, sem hafnarstjóri ákveður í hvert skipti.

51. gr.

## VIII. KAFLI

## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

52. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin í skrifstofu hafnarinnar.

53. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarstjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

54. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 49. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnarstjóður hefur og haldsrétt í vörum, til tryggingar gjaldinu.

55. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, samkv. 50. gr., svo og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar, samkv. 51. gr., greiðir sammingsaðili.

56. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulíð 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, vitagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir dráttarbáta og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

## IX. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

57. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim

stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flýttja burt muni og vörur jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert, lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans. 233  
29. des.

## 58. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveim óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður sé liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 59. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flýttja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra.

## 60. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem hjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

## 61. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkv. 15. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 62. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoð á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

## 63. gr.

Innan hafnargarða má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 mílna á klst., nema sérstaklega standi á.

## 64. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 25000 krónum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Reykjavíkur.

## 65. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, og samkvæmt lögum um hafnsögu í Reykjavík, nr. 27 22. nóvember 1918, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**233** Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurböfn, nr. 47 8. apríl 29. des. 1949, með síðari breytingum, nr. 9 14. janúar 1953, nr. 21 17 febrúar 1955 og nr. 186 15. desember 1958.

*Samgöngumálaráðuneytið, 29. desember 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**234**

## AUGLÝSING

### um breyting á gjaldskrá héraðslækna.

Frá og með 1. janúar n. k. og þangað til öðruvisi verður ákveðið, hækka allir liðir gjaldskrár héraðslækna (sbr. auglýsingar ráðuneytisins nr. 2 11. janúar 1933, nr. 30 1. marz 1943, nr. 15 6. febrúar 1952, nr. 26 25. febrúar 1955 og nr. 89 12. júlí 1956) þannig, að almennt viðtalsgjald, sem samkvæmt hinni upphaflegu gjaldskrá 1933 var 2 krónur, verður 20 krónur, og aðrir liðir hækka tilsvareandi.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 30. desember 1961.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Elias Eliasson.*

## 235 MINNISVARÐASJÓÐUR HANNESAR HAFSTEIN

Reikningur yfir tímabilið 1. janúar 1959 til 31. desember 1960.

### Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári skv. birtum reikningi .....	kr. 837.09
Aukning skv. eftirfarandi reikningi .....	— 115.80
	<hr/>
	Kr. 952.89
Tekjur:	
Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	kr. 115.80
	<hr/>
	Kr. 115.80
Gjöld:	
Lagt við höfuðstólinn .....	kr. 115.80
	<hr/>
	Kr. 115.80

*Forsætisráðuneytið, 10. ágúst 1961.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

**BERKLAVARNASJÓÐUR**

236

**Ólafs Halldórssonar.****Reikningur yfir tímabilið 1. janúar 1959 til 31. desember 1960.****Höfuðstóll:**

Eign frá fyrra ári skv. birtum reikningi .....	kr. 3306.29
Aukning skv. eftirfarandi reikningi .....	— 490.14
	<hr/>
	Kr. 3796.43

**Eignir sjóðsins eru:**

Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h/f .....	kr. 200.00
Innstæða í sparisjóði .....	— 3596.43
	<hr/>
	Kr. 3796.43

**Tekjur:**

Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	kr. 430.14
Arður af hlutabréfum .....	— 60.00
	<hr/>
	Kr. 490.14

**Gjöld:**

Lagt við höfuðstólinn .....	kr. 490.14
	<hr/>
	Kr. 490.14

*Forsætisráðuneytið, 10. ágúst 1961.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.****STYRKTARSJÓÐUR TIL SVÍÞJÓÐARFERÐA** 237**Reikningur yfir tímabilið 1. janúar 1959 til 31. desember 1960.****Höfuðstóll:**

Eign frá fyrra ári skv. birtum reikningi .....	kr. 12096.57
Aukning skv. eftirfarandi reikningi .....	— 1311.39
	<hr/>
	Kr. 13407.96

**Eignir sjóðsins eru:**

Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands .....	kr. 6000.00
Sparisjóðsinnstæða .....	— 7407.96
	<hr/>
	Kr. 13407.96



237

## Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	kr. 831.39
Vextir af veðdeildarbréfum .....	— 480.00

---

 Kr. 1311.39

## Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn .....	kr. 1311.39
-----------------------------	-------------

---

 Kr. 1311.39

*Forsætisráðuneytið, 10. ágúst 1961.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

238

## VÍSINDASJÓÐUR

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1960.

## Gjöld:

Greitt Raunvísindadeild .....	kr. 931000.00	
— Hugvísindadeild .....	— 399000.00	
		kr. 1330000.00
Kaup ritara Raunvísindaeildar .....	kr. 18000.00	
— — Hugvísindaeildar .....	— 12000.00	
		— 30000.00
Ýmislegur kostnaður .....		— 1050.00

---

 Kr. 1361050.00

## Tekjur:

Framlag úr Menningarsjóði .....	kr. 800000.00	
÷ Framlag til Stofndeildar Vísindasjóðs .....	— 40000.00	
		Kr. 760000.00
Framlag úr ríkissjóði .....	— 200000.00	
		kr. 960000.00
Vextir .....		— 7932.10
Tap .....		— 393117.90

---

 Kr. 1361050.00

Efnahagsreikningur 31. desember 1960.

## Eignir:

Innstæða á spb. nr. 7615 við Landsbanka Íslands .....	kr. 10514.25
---	--------------

---

 Kr. 10514.25

## Skuldir:

238

Hrein eign 1. jan. 1960 .....	kr. 403632.15	
Tap .....	— 393117.90	
	<hr/>	kr. 10514.25
		<hr/>
		Kr. 10514.25

Reykjavík, 6. janúar 1961.

**Snorri Hallgrímsson,**            **Þorbjörn Sigurgeirsson,**  
form.    gjaldkeri.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur endurskoðað ofanskráðan reikning og ekki gert við hann neina athugasemd. Sbr. bréf, dags. 8. nóv. 1961.

**Snorri Hallgrímsson.**

**Rekstrarreikningur Stofnlánadeildar Vísindasjóðs 31. desember 1960.**

## Gjöld:

Hreinar tekjur .....	kr. 50566.66	
	<hr/>	Kr. 50566.66

## Tekjur:

Framlag frá Vísindasjóði .....	kr. 40000.00	
Vextir .....	— 10566.66	
	<hr/>	Kr. 50566.66

**Efnahagsreikningur Stofnlánadeildar Vísindasjóðs 31. desember 1960.**

## Eignir:

Innstæða í spb. nr. 2213 við Landsbanka Íslands .....	kr. 155400.16	
	<hr/>	Kr. 155400.16

## Skuldir:

Hrein eign 1. jan. 1960 .....	kr. 104833.50	
Hreinar tekjur .....	— 50566.66	
	<hr/>	kr. 155400.16
		<hr/>
		Kr. 155400.16

Reykjavík, 6. janúar 1961.

**Snorri Hallgrímsson,**            **Þorbjörn Sigurgeirsson,**  
form.    gjaldkeri.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur endurskoðað ofanskráðan reikning og ekki gert við hann neina athugasemd. Sbr. bréf, dags. 8. nóv. 1961.

**Snorri Hallgrímsson.**

239

## REIKNINGUR

Minningarsjóðs Guðbjartar Kristjánssonar, hreppstjóra, Hjarðarfelli, árið 1960.

Tekjur:	
Í sjóði f. f. ári .....	kr. 41861.88
Minningargjafir .....	— 630.00
Vextir af innstæðu .....	— 3947.36
	Kr. 46439.24
Gjöld:	
Í sjóði .....	kr. 46439.24
	Kr. 46439.24

Hjarðarfelli, 10. ágúst 1961.

Gunnar Guðbjartsson.

240

## SKRÁ

um ný hlutafélög samkvæmt Lögbirtingablaðinu 1961.

1. Ansvar International Insurance Company Limited Försäkringsaktiebolag, Stockholm, Svíþjóð, (Útibú í Reykjavík).
2. Árni hf., Keflavík.
3. Auglýsing hf., Reykjavík.
4. Bára hf., Akureyri.
5. Báran hf., Hafnarfirði.
6. Bikarbox hf., Reykjavík.
7. Bílaleigan hf., Hafnarfirði.
8. Bláfeldur hf., Reykjavík.
9. Brekka hf., Akureyri
10. Brunasteypan hf., Reykjavík.
11. Búsáhöld hf., Reykjavík.
12. Byggðatrygging hf., Blönduósi.
13. Byr hf., Flateyri.
14. Dreifir hf., Reykjavík.
15. Drífa hf., Neskaupstað.
16. E. Sigurðsson & Wium hf., Reykjavík.
17. Efnalaugin Bjarki hf. (áður Efnalaug Austurbæjar hf.), Rvík.
18. Einar hf., Eskifirði.
19. Eyri hf., Miðneshreppi, Gullbringu- og Kjósarsýslu.
20. Farkostur hf., Reykjavík.
21. Ferða-Saga hf., Reykjavík.
22. Ferðaskrifstofan Landsýn hf., Reykjavík.
23. Fiskiver hf., Patreksfirði.
24. Fiskverkun hf., Kópavogi.

25. Fiskvinnslan hf., Ísafirði.
26. Fjöliðjan hf., Ísafirði.
27. Fjöliðjan hf., Kópavogi.
28. Flatey hf., Flatey á Breiðafirði.
29. Flugsyn hf., Reykjavík.
30. Flugverk hf., Reykjavík.
31. Fólksbílastöðin hf., Akranesi.
32. Gauksstaðir hf., Garði, Gullbringu-og Kjósarsýslu.
33. Gísli Jónsson & Co., Reykjavík.
34. Gúmmívinnustofan hf., Reykjavík.
35. H. J. Sveinsson hf., Reykjavík.
36. Hafðís hf., Siglufirði.
37. Hafnarbraut 1 hf., Neskaupstað.
38. Hafnarfell hf., Reykjavík.
39. Hafrafell hf., Geldingalæk í Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.
40. Hagi hf., Akureyri.
41. Hljóðfæraverzlun Poul Bernburg, Reykjavík.
42. Holtseignin hf., Reykjavík.
43. Húsbúnaður hf., Reykjavík.
44. Iðjuverið hf., Hafnarfirði.
45. Ingjaldur hf., Reykjavík.
46. Ískex hf., Akureyri.
47. Katrín hf., Reyðarfirði.
48. Kistufell hf., Hnífsdal í Eyrahræppi, N.-Ísafjarðarsýslu.
49. Kjötver hf., Reykjavík.
50. Kyndill hf., Keflavík.
51. Léttsteypan hf., Akureyri.
52. Malar- og steypustöðin hf., Akureyri.
53. Matarbúðin hf., Hafnarfirði.
54. Mánafell hf., Reykjavík.
55. Múrhúðun hf., Reykjavík.
56. Norðurborg hf., Grímseyjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.
57. Pétur Einarsson hf., Reykjavík.
58. Prentsmiðja Austurlands hf., Akureyri.
59. Raftækjaverzlunin hf., Reykjavík.
60. Raftækni hf., Reykjavík.
61. Sandfell hf., Þingeyri.
62. Sandvík hf., Seyðisfirði.
63. Seley hf., Eskifirði.
64. Seltjörn hf., Seltjarnarnesi, Gull.-Kjós.
65. Sérmeti hf., Reykjavík.
66. Sigfús Baldvinsson hf., Siglufirði.
67. Sigluborg hf., Siglufirði.
68. Sjóstangaveiðin hf., Reykjavík.
69. Skagfirðingur hf., Sauðárkróki.
70. Skarðsvík hf., Hellissandur, Neshreppi utan Ennis, Snæf.-Hnapp.
71. Skipaver hf., Hafnarfirði.
72. Skóhúsið hf., Reykjavík.
73. Stálskipasmiðjan hf., Kópavogi.
74. Stálvík hf., Garðahreppi, Gull.-Kjós.
75. Steðji hf., Stöðvarfirði.

- 240 76. Steinhús hf., Kópavogi.  
 77. Steiniðjan hf., Ísafirði.  
 78. Stjörnuhúsið hf., Reykjavík.  
 79. Stóllinn hf., Reykjavík.  
 80. Ströndin hf., Seyðisfjarðarkaupstað.  
 81. Sæfell hf., Ólafsvíkurhreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.  
 82. Sæver hf., Hafnarfirði.  
 83. Tryggvi Sigurjónsson hf., Höfn í Hafnarhreppi, A.-Skaftafellssýslu.  
 84. Valafell hf., Ólafsvíkurhreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.  
 85. Vélsmiðjan Valur hf., Akureyri.  
 86. Verk hf., Reykjavík.  
 87. Verkfæri & járnvörur hf., Reykjavík.  
 88. Verzlunarfélagið Valur hf., Blönduósi.  
 89. Vinnustofa Ásgeirs Long, Hafnarfirði.  
 90. Vísir hf., Kópavogi.  
 91. Vogaver hf., Reykjavík.  
 92. Von hf., Vestmannaeyjar.  
 93. Þristur hf., Ólafsfirði.  
 94. Þörungur hf., Stokkseyri.  
 95. Ægir hf., Sjávarborg í Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu.  
 96. Ægissteypa hf., Hafnarfirði.

241

## S K R Á

um ný samvinnufélög samkvæmt Lögbirtingablaðinu 1961.

1. Byggingarsamvinnufélag húsasmiða, Reykjavík.
2. Kaupfélag Grundfirðinga, Eyrarsveit, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
3. Pöntunarfélag starfsfólks Tryggingastofnunar ríkisins, Reykjavík.
4. Pöntunarfélagið Nes, Neskaupstað.
5. Pöntunarfélagið Stakkur, Keflavík.

242

## S K R Á

um firmatilkynningar, sem birtar hafa verið í Lögbirtingablaðinu 1961.

## I. Reykjavík.

1. Aðsókn.
2. Alaska.
3. Andersen & Lauth hf.
4. Arnarhvoll, umboðs- og heildverzlun sf.
5. Ágúst Jónsson & Co hf.
6. Árnabakarí.
7. Árni Jónsson hf.
8. Baldvin, Sveinn og Kristján sf.
9. Bata- og fasteignasalan.
10. Bifreiða- og vélaverkstæðið Laugi og Guðni sf.

11. Bifreiðasalan- og leigan.
12. Bifreiðaverkstæðið Lykill sf.
13. Birgir Einarsson.
14. Bíla-, báta- og verðbréfasalan.
15. Bílamarkaðurinn.
16. Bílaskálinn hf.
17. Bílaval.
18. Bílaver.
19. Björn Arnórsson umboðs- og heildverzlun.
20. Blómabúðin Runni.
21. Bókaútgáfan Viðsjá, sf.
22. Bókhlaðan hf.
23. Brimnes hf.
24. Brunasteypan sf.
25. Byggingarfélagið Háborg sf.
26. Byggingaþjónustan.
27. Cudogler hf.
28. Dráttarvélar hf.
29. Dún- og fiðurhreinsunin.
30. Dögg, blómaverzlun.
31. Efnalaug Austurbæjar.
32. Efnalaugin Grensás sef.
33. Efnalaugin Lindin hf.
34. Efnavörur hf.
35. Eiríkur & Bragi sf.
36. Eldavélaverkstæði Jóhanns Fr. Kristjánssonar.
37. Eldhúsbókin sf.
38. Elektro-Import.
39. Ellabúð.
40. Fatamarkaðurinn.
41. Faxabar.
42. Fellsá sf.
43. Ferðaskrifstofan Lönd og leiðir.
44. Feykishólar.
45. Félagsmálastofnunin.
46. Fiskvinnslan .
47. Fjölver
48. Florida.
49. Fossnes sf.
50. Frosti.
51. Föt hf.
52. G. Bergmann, umboðs- og heildverzlun.
53. G. Þorsteinsson & Johnson hf.
54. Geisli.
55. Gjafa- og snyrtivörubúðin sf.
56. Glaumbær.
57. Glerprýði.
58. Glerskreyting.
59. Gluggar hf.
60. Guðrúnarbúð.
61. Gunnar Ásgeirsson hf.

242

62. H. Hallsson, heildverzlun.
63. Hafskip hf.
64. Hagkaup.
65. Hampiðjan hf.
66. Hanzkagerðin hf.
67. Harpa hf.
68. Haukur hf.
69. Hálsbindagerðin Matador sf.
70. Hárgreiðslustofan Minna.
71. Hf. Anton Proppé (áður Dorfi).
72. Hf. Hrönn.
73. Hf. Raftök.
74. Hf. Saturnus.
75. Hf. Shell á Íslandi.
76. Hjólbarðinn hf.
77. Hlíðarver.
78. Hljóðfærahús Reykjavíkur hf.
79. Hraðfrystistöðin í Reykjavík.
80. Hrannablik hf.
81. Hringbraut 56 hf.
82. Hríslan blómaverzlun.
83. Húsasmiðurinn hf.
84. Húsgagnavinnustofan Birki.
85. Húsið.
86. Hvannbergsbræður, Teigabúðin.
87. Hvannfell sf.
88. Híbýli sf.
89. Ilmbjörk.
90. Íslendingasagnaútgáfunar hf.
91. Íslenski verðlistinn sf.
92. Ísól.
93. J. Jóhannesson & Co.
94. J. Þorláksson & Norðmann hf.
95. Japanska verzlunarfélagið.
96. Járnsteypan hf.
97. Járnver hf.
98. Jólápósturinn.
99. Jón Bergsson hf.
100. Kaffivagninn.
101. Káetan.
102. Kirkjusandur hf.
103. Kjörbúð Laugarness.
104. Kjörbúðin Laugarás.
105. Kjöt og ávextir.
106. Kjötverzlun Ásbjörns Sveinbjörnssonar.
107. Klappareignin hf.
108. Kólibriföt.
109. Kórall sf.
110. Kr. Þorvaldsson & Co.
111. Kristján Ó. Skagfjörð hf.
112. Króm og stál.

113. Laufásvegur 10, húsfélag, sf.
114. Laugavegur 172 hf.
115. Litir & Lökk hf.
116. Límgerðin sf.
117. Ljósboginn sf.
118. Lyfjabúðin Iðunn.
119. Magnús Kjaran umboðs- og heildverzlun.
120. Magnús Þorgeirsson hf.
121. Matkaup hf.
122. Málarinn hf.
123. Mávurinn.
124. Mosaik hf.
125. Múrviðgerðir.
126. Músíkbúðin sf.
127. Netagerð Þórðar Eiríkssonar hf.
128. Netastofan hf.
129. Njáll Gunnlaugsson & Co.
130. Norræna efnasmiðjan.
131. North Atlantic Trading Company.
132. Nýja bólsturgerðin.
133. Næturklúbburinn.
134. Olúfélagið Skeljungur hf.
135. Páll Ólafsson & Co.
136. Páll Jóh. Þorleifsson hf.
137. Plastpokar sf.
138. Prentsmiðjan Eyrún.
139. Prentsmiðjan Viðey.
140. Prentverk hf.
141. Þrjónastofan Dröfn.
142. Raflagnatækni.
143. Rafhlaðan.
144. Rafpóll sf.
145. Raftækjavinnustofan Röðull hf.
146. Rafvélaverkstæði Austurbæjar.
147. Ragnar Þórðarson & Co., hf.
148. Regnboginn sf.
149. Rúðugler sf.
150. Rörasmiðjan sf., bílaverkstæði.
151. S. Ármann Magnússon, Reykjavík.
152. S. Sigurðsson hf.
153. Samband íslenskra samvinnufélaga.
154. Sameignarfélag fasteignarinnar Lækjargötu 4.
155. Sannar frásagnir.
156. Sigurþór Jónsson & Co.
157. Silicone-salan.
158. Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan hf.
159. Skaftafell hf.
160. Skermabúðin.
161. Skeggi hf.
162. Skiltagerðin.
163. Skíðagerðin Fönn.



242

164. Skóbúð Reykjavíkur hf.
165. Skóval.
166. Snyrtivörubúðin Laugavegi 76.
167. Stapi hf.
168. Stáliðjan.
169. Stálprýði hf.
170. Stálsmiðjan hf.
171. Stálver.
172. Stefán Thorarensen hf.
173. Steypustöðin hf.
174. Stjórnuplast sf.
175. Strandberg sf.
176. Sveinn Egilsson hf.
177. Sveinsbakari sf.
178. Tau og tölur.
179. Teddybúðin.
180. Teigabúðin.
181. Timburverzlunin Skógur hf.
182. Timburverzlunin Völundur hf.
183. Tindar sf.
184. Tizkuskólinn.
185. Torgturninn sf.
186. Tóbaksverzlunin Florida.
187. Trésmiðjan Kvistur hf.
188. Trésmiðjan Víðir hf.
189. Trésteypan hf.
190. 21 salan.
191. Tösku- og hanzkabúðin.
192. Vaffess-búðin.
193. Vátryggingarskrifstofa Sigfúsar Sighvatssonar hf.
194. Veitingahúsið Röðull sf.
195. Veitingastofan Bankastræti 11.
196. Vélsmiðjan Héðinn hf.
197. Verksmiðjan Loki sf.
198. Verzlun Ingibjargar Johnson.
199. Verzlunin Anna Gunnlaugsson.
200. Verzlunin Álfabrekka sf.
201. Verzlunin Capri.
202. Verzlunin Grund.
203. Verzlunin Hermes.
204. Verzlunin Mælifell.
205. Verzlunin Selás hf.
206. Verzlunin Þróttur.
207. Vinnumiðlun.
208. Vöruflutningamiðstöðin hf.
209. Þórsbakari.
210. Þvottahúsið Flibbinn sf.
211. Þvottahúsið Fönn.
212. Ægisgata 10 hf.
213. Öskjugerðin.

**II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.**

242

1. Akraness Apótek, Akranesi.
2. Ásmundur hf., Akranesi.
3. Bifreiðastöð Magnúsar Gunnlaugssonar, Akranesi.
4. Fiskbúðin Freyja sf., Akranesi.
5. Glerslípun Akraness hf., Akranesi.
6. Hraðfrystihúsið Heimaskagi hf., Akranesi.
7. Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness hf., Akranesi.
8. Sjálfseignarvörubifreiðastjórafélagið Þjótur.
9. Skagabakarí, Akranesi.
10. Trésmiðja Sigurjóns og Þorbergs, Akranesi.
11. Trésmiðjan Þorgeir og Garðar hf., Akranesi.
12. Þórður Ásmundsson hf., Akranesi.
13. Þvotta- og efnalaugin hf., Akranesi.

**III. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.**

1. Bjarg sf., Hellissandi.
2. Kaupfélag Ólafsvíkur.
3. Olíusamlag Breiðafjarðar.
4. Sig. Ágústsson.
5. Verzlunin Bjarg.
6. Þórólfur Mostrarskeggur hf., Stykkishólmi.
7. Þórsnes hf., Stykkishólmi.

**IV. Barðastrandarsýsla.**

1. Drangur hf., Patreksfirði.
2. Grótti hf., Vatneyri.
3. Gylfi hf., Vatneyri.
4. Kaldbakur hf., Vatneyri.
5. Kaupfélag Patreksfjarðar.
6. Vélsmiðjan Sindri hf., Vatneyri.
7. Verzlun Ó. Jóhannesson hf., Vatneyri.
8. Vörður hf., Vatneyri.

**V. Ísafjarðarsýsla.**

1. Ásborg hf., Flateyri.
2. Brúnkol hf., Ísafirði.
3. Eir hf., Ísafirði.
4. Fiskborg hf., Flateyri.
5. Fiskimjöl hf., Ísafirði.
6. Hf. Ísver, Suðureyri.
7. Hlér hf., Ísafirði.
8. Hraðfrystihúsið Norðurtangi hf., Ísafirði.
9. Ísfirðingur hf., Ísafirði.
10. Kaupfélag Dýrfirðinga sf., Þingeyri.
11. Magni hf., Ísafirði.
12. Niðursuðu- og hraðfrystihús Langeyrar, Súðavíkurhreppi.
13. Orkuvötn hf., Flateyri.
14. Verzlun Greips Guðbjartssonar, Flateyri.
15. Verzlunin Alda, Þingeyri.
16. Virkinn hf., Bolungarvík.

**242 VI. Strandasýsla.**

1. Kaupfélag Bitrufjarðar, Óspakseyri.

**VII. Húnavatnssýsla.**

1. Gimlé hf., Blönduósi.
2. Hólanes hf., Skagaströnd.
3. Raftækjaverzlunin Straumur, Blönduósi.
4. Verzlunarfélagið Valur, Blönduósi.
5. Verzlunin Dvergur, Blönduósi.
6. Verzlunin Valur, Blönduósi.

**VIII. Skagafjarðarsýsla.**

1. Efnalaug Sauðárkróks.
2. Fiskiðja Sauðárkróks hf., Sauðárkróki.
3. Fiskimjölsverksmiðjan hf., Hofsósi.
4. Fiskiver Sauðárkróks hf., Sauðárkróki.
5. Hervör hf., Sauðárkróki.
6. Skagfirðingur hf., Sauðárkróki.
7. Verzlunarfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki.
8. Vöruhúsið, Sauðárkróki.

**IX. Eyjafjarðarsýsla.**

1. Akur hf., Akureyri.
2. Ásvör.
3. Bára hf., Akureyri.
4. Bifreiðaverkstæðið Þórshamar hf., Akureyri.
5. Birgir Runólfsson hf., Siglufirði.
6. Bólstruð húsgögn hf., Akureyri.
7. Fataverzlun Tómasar Björnssonar hf., Akureyri.
8. Fiskbúð Dalvíkur.
9. Fiskverkun, Siglufirði.
10. Húsgagnsalan sf., Akureyri.
11. Hvannbergsbræður, Akureyri.
12. Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri.
13. Kaupfélag Siglfirðinga, Siglufirði.
14. Kexverksmiðjan Lórelei hf., Akureyri.
15. Magnús Gamalielsson, Ólafsfirði.
16. Matbarinn, Siglufirði.
17. Neisti hf., Siglufirði.
18. Nóastöðin hf., Akureyri.
19. Ó. Jónsson & Co., Dalvík.
20. Plasteinangrun hf.
21. Prentsmiðja Björns Jónssonar hf., Akureyri.
22. Raftækni, Akureyri.
23. Síldarverksmiðjan í Krossanesi, Akureyri.
24. Skeggi hf., Siglufirði.
25. Útver hf., Siglufirði.
26. Verzlunin Brekka, Akureyri.
27. Verzlunin Höfn, Dalvík.

28. Vinur sf., Dalvík.
29. Vöruhúsið hf., Akureyri.
30. Þvottahús Siglufjarðar, Siglufirði.

242

#### X. Þingeyjarsýsla.

1. Bifreiðastöð Þingeyinga hf., Húsavík.
2. Fiskiðjusamlag Húsavíkur, Húsavík.
3. Hafsilfur hf., Raufarhöfn.
4. Kaupfélag Langnesinga, Þórshöfn.
5. Röst hf., Raufarhöfn.
6. Trésmiðjan Borg hf., Húsavík.
7. Vélaverkstæði Þórshafnar hf., Þórshöfn.

#### XI. Norður-Múlasýsla.

1. Sildarbræðslan hf., Seyðisfirði.

#### XII. Suður-Múlasýsla.

1. Björg hf., Eskifirði.
2. Byggingarfélagið Snæfell hf., Eskifirði.
3. Drífa hf., Neskaupstað.
4. Hraðfrystihúsið Fram hf., Fáskrúðsfirði.
5. Netagerð Jóhanns Klausen, Eskifirði.
6. Sæsilfur hf., Neskaupstað.
7. Trésmiðaverkstæðið Hvammur, Neskaupstað.
8. Verzlun Viðars og Óðins, Búðakauptún.
9. Verzlunin Sólbrekka, Búðum, Fáskrúðsfirði.

#### XIII. Árnessýsla.

1. Bifreiðastöð Selfoss, Selfossi.
2. Hraðfrystihús Stokkseyrar hf., Stokkseyri.
3. Hraðfrystistöð Eyrarbakka hf., Eyrarbakka.
4. Meitill hf., Þorlákshöfn.

#### XIV. Vestmannaeyjar.

1. Fiskmjölsverksmiðja Vestmannaeyja hf.
2. Helgi Benediktsson.
3. Hraðfrystistöð Vestmannaeyja.
4. Lifrarsamlag Vestmannaeyja.
5. Pöntunarfélagið Helgafell.
6. Silfurbúðin.
7. Stuðlaberg hf.
8. Vélsmiðjan Magni hf.
9. Vélsmiðjan Völundur hf.
10. Von hf.

**242 XV. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjörður og Keflavík.**

1. Bjarg hf., Hafnarfirði.
2. Bragi hf., Ytri Njarðvík.
3. Byggingarvöruverzlunin Björk.
4. Einar Þorgilsson & Co. hf., Hafnarfirði.
5. Eldey hf., Keflavík.
6. Fiskverkun hf., Grindavík.
7. Fróði hf.
8. Hafrenningur hf. (áður Ingólfur).
9. Hálsbindagerðin Matador, Hafnarfirði.
10. Hf. Akurgerði, Hafnarfirði.
11. Hf. Fiskaklettur, Hafnarfirði.
12. Hf. Freyr, Hafnarfirði.
13. Hf. Frost, Hafnarfirði.
14. Hf. Illugi, Hafnarfirði.
15. Hraðfrystihús Gerðabátanna hf., Gerðahreppi.
16. Hraðfrystihús Keflavíkur hf., Keflavík.
17. Hrönn, Sandgerði.
18. Ísfélag Keflavíkur hf., Keflavík.
19. Íshús Hafnarfjarðar.
20. Kastalinn, Hafnarfirði.
21. Keflavík hf., Keflavík.
22. Lótusbúðin, Hafnarfirði.
23. Malbik sf., Hafnarfirði.
24. Netaverkstæði Suðurnesja sf., Keflavík.
25. Niðursuðuverksmiðjan Berg sf., Keflavík.
26. Raflögn, Seltjarnarnesi.
27. Rafveitubúðin, Hafnarfirði.
28. Skóbúðin Keflavík hf.
29. Stans hf., Hafnarfirði.
30. Útgerðarfélag Grindavíkur hf., Grindavík.
31. Útnes hf., Sandgerði.
32. Verzlunin Kyndill, Keflavík.
33. Vöggur hf., Njarðvík.
34. Þakpappaverksmiðjan hf., Silfurtúni, Gerðahreppi.
35. Þveræingur sf., Keflavík.

**XVI. Kópavogur.**

1. Fasteignasala Kópavogs sf.
2. Kæli- og frystivélar sf.
3. Réttingar sf.
4. Sigurður Eliasson hf.
5. Sólarfirma sf.
6. Verzlunin Horn.

## AUGLÝSING

243

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1961.

### I.

Skrás. 1961, nr. 1. Tilkynnt 30. maí 1960, kl. 11 f. h., af N. V. Koninklijke Nederlandsche Zoutindustrie, iðjurekstur, Hengelo (O), Hollandi, og skrásett 4. febrúar 1961.

Orðið:

**TOWERSALT**

Samkvæmt tilkynningu 29. apríl 1960, er merkið skrásett í Haag 2. júní 1960 fyrir salt til heimilis- og iðjunotkunar.

Skrás. 1961, nr. 2. Tilkynnt 30. maí 1960, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 4. febrúar 1961.

Stafirnir: KNZ á svörtum fleti innan hrings.



Samkvæmt tilkynningu 16. maí 1960, er merkið skrásett í Haag 16. júlí 1960 fyrir salt, steinsalt (salt-licks) og efnafræðilegar afurðir til heimilis- og iðjunotkunar.

Skrás. 1961, nr. 3. Tilkynnt 22. október 1960, kl. 11 f. h., af Závody Bohemia, národní podnik, iðjurekstur, České Budejovice, Tékkóslóvakíu, og skrásett 4. febrúar 1961.

Orðið:


**G I R A F F E**

Samkvæmt tilkynningu 14. marz 1960, kl. 11 f. h., er merkið skrásett í Prag 26. júlí 1960 fyrir skriftar-, teikni- og málningarföng og efni og strokleður.

Skrás. 1961, nr. 4. Tilkynnt 22. október 1960, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 4. febrúar 1961.

Stílfærð mynd af giraffa berandi í munnni sér hringflatarlaga merki í bandi með orðunum: BOHEMIA WORKS með hvítu letri á svörtum borða neðan við merkið.

B 66



Samkvæmt tilkynningu 14. marz 1960, er merkið skrásett í Prag 26. júlí 1960 fyrir skriftar-, teikni- og málningarföng og efni og strokleður.

Skrás. 1961, nr. 5. Tilkynnt 29. október 1958, kl. 10 f. h., af Sandrik Dolné Hámre, národní podnik, ižjurekstur, Dolné Hámre, Tékkóslóvakíu, og skrásett 4. febrúar 1961.

Orðið:

S A N D R I K

Samkvæmt tilkynningu 9. janúar 1956, er merkið skrásett í Prag 15. febrúar 1956 fyrir loftþetta lokanlega stálgeyma til flutninga og geymslu á drifkraftsefnum og olíum.

Skrás. 1961, nr. 6. Tilkynnt 2. nóvember 1960, kl. 4 e. h., af Filatura E. Tessitura Di Tollegno S. p. A., ižjurekstur, Milano, Ítalíu, og skrásett 4. febrúar 1961.

Hringlaga einkennismiði. Innan í hringnum er mynd af ketti, en undir myndinni stendur orðið: BIELLA og í kringum myndina standa orðin: FILATURA E. TESSITURA DI TOLLEGNO.




Samkvæmt tilkynningu 4. júní 1948, er merkið skrásett í Róm 28. febrúar 1949 fyrir garn úr ull, hári, hrosshári, silki, gervisilki, striga, hampi, hör, baðmull

og öðrum þráðum, vefnað úr ull, hári, hrosshári, silki, gervisilki, striga, hampi. 243 hör, baðmull og öðrum þráðum.

**Skrás. 1961, nr. 7.** Tilkynt 3. nóvember 1960, kl. 11 f. h., af Mölnlycke Sytråd Aktiefölag, iðjurekstur, Göteborg, Svíþjóð, og skrásett 4. febrúar 1961.

Tvær krosslínur og hornlínur, af þeim endar lóðréttan línun, sem upp veit, í örvaroddi og hornlínunur eru með kverkhökum utan við skurðpunktinn.




Samkvæmt tilkynningu 15. febrúar 1960, er merkið skrásett í Stokkhólmi 16. september 1960 fyrir ofin efni, alls konar band, vefnaðarvörur, saumþráð.

**Skrás. 1961, nr. 8.** Tilkynt 4. nóvember 1960, kl. 4 e. h., af The American Tobacco Company, iðjurekstur, New York, Bandaríkjunum Norður-Ameríku, og skrásett 4. febrúar 1961.

Yfir tveimur lóðréttum, ílögum flötum og skrautmynd stendur orðið: Tennyson.

*Tennyson*



Samkvæmt tilkynningu 6. apríl 1959, er merkið skrásett í Washington 10. nóvember 1959, 17. flokki, fyrir cigarettur.



- 243 Skrás. 1961, nr. 9. Tilkynt 5. nóvember 1960, kl. 11 f. h., af Fotochema, národní podnik, ižjrekstur, Hradec Králové, Tékkóslóvakíu, og skrásett 4. febrúar 1961.  
Orðið:

# FOMA

Samkvæmt tilkynningu 26. nóvember 1935, er merkið skrásett í Prag 26. nóvember 1935 fyrir ljósmyndaplötur, filmur, ljósmyndapappír og efni.  
Skrásetning merkisins var síðast endurnýjuð 20. ágúst 1955.

Skrás. 1961, nr. 10. Tilkynt 5. nóvember 1960, kl. 11 f. h., af Závody 9 kvetna, národní podnik, ižjrekstur, Praha-Nusle, Prag, Tékkóslóvakíu, og skrásett 4. febrúar 1961.

Orðið:

# J A W E T T A

Samkvæmt tilkynningu 11. september 1959, er merkið skrásett í Prag 30. september 1959 fyrir alls konar mótórvagna, sérstaklega tveggja hjólfara mótórvagna, mótórhjól, lítil mótórhjól (vespur), mótóreiðhjól og reiðhjól með hjálparvél, hluta til þeirra og tæki.

Skrás. 1961, nr. 11. Tilkynt 5. nóvember 1960, kl. 10 f. h., af J. R. Geigy A. G., efnagerðarverksmiðja, Basel, Sviss, og skrásett 11. febrúar 1961.

Orðið:

# PRIMATOL

Samkvæmt tilkynningu 17. apríl 1944, er merkið skrásett í Bern fyrir plöntuverndarefni, verndarefni gegn möl, efni til eyðingar dýra og plantna, sæðisbæsiefni, affrjófgunar- og sveppaeyðingarefni (sóttvarnarefni), efni til að viðhalda matvælum ferskum og haldgóðum.

Skrás. 1961, nr. 12. Tilkynt 5. nóvember 1960, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 11. febrúar 1961.

Orðið:

# GESAPRIM

Samkvæmt tilkynningu 16. október 1957, er merkið skrásett í Bern fyrir plöntuverndarefni, skordýraeyðingarefni, meindýraútrýmingarefni, mölvarnarefni, efni til útrýmingar snikjulifvera á mönnum og dýrum, affrjófgunar- og sveppaeyðingarefni (sóttvarnarefni).

Skrás. 1961, nr. 13. Tilkynt 5. nóvember 1960, kl. 10 f. h., af sama, og skrásett 11. febrúar 1961.

Orðið:

# GESATOP

Samkvæmt tilkynningu 16. október 1957, er merkið skrásett í Bern fyrir plöntuverndarefni, efni til eyðingar skordýra, efni til eyðingar á óværu, efni til eyðingar meindýra, efni til varnar gegn möl, efni til útrýmingar snikjulifvera á mönnum og dýrum, affrjófgunar- og sveppaeyðingarefni, sóttvarnarefni.

Skrás. 1961, nr. 14. Tilkynt 7. nóvember 1960, kl. 10 f. h., af Aksjeselskapet 243 Freia, iðjurekstur og verzlun, Osló, Noregi, og skrásett 11. febrúar 1961.

Á ferhyrnum grunni og innan í sporöskju eru stafirnir PP, en þar fyrir neðan standa orðin: LAKRISPASTILLER FREIA.



Samkvæmt tilkynningu 30. júní 1960, er merkið skrásett í Osló 22. september 1960 fyrir súkkulaði og sykurvörur.

Skrás. 1961, nr. 15. Tilkynt 21. nóvember 1960, kl. 2 e. h., af Bisquit Dubouché & Cie, Société Anonyme, iðjurekstur og verzlun, Jarnac (Charente), Frakklandi, og skrásett 11. febrúar 1961.

Ferhyrndur, tvískiptur dökkur einkennismiði með hvítum áletrunum, orðinu Bisquit yfir hvítu þverstriki og orðunum: LONG DRINK No. 1 og SPECIAL BLEND FOR LONG DRINK á neðri meginhluta miðans. Yfir ferhyrningnum er bogalaga dökkur flötur með hvítum kanti með áletruninni: COGNAC BRANDY efst og neðan við áletrunin: LONG 1 DRINK. Neðst er með smáu lettri áletrunin: PRODUCE OF FRANCE og Bisquit. „Number one“ specially selected to be consumed with water or Soda water, preferably iced.



PRODUCE OF FRANCE

Bisquit "Number one", specially selected to be consumed with water or Soda water, preferably iced.

- 243 Samkvæmt tilkynningu 20. júlí 1956, er merkið skrásett í París fyrir konjak og önnur frönsk brennd vín.

Skrás. 1961, nr. 16. Tilkynnt 28. nóvember 1960, kl. 3 e. h., af Brunswick Corporation, iðjurekstur og verzlun, Chicago, Illinois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 11. febrúar 1961.

Orðið:

*Brunswick*

Samkvæmt tilkynningu 27. maí 1948, er merkið skrásett í Washington 31. október 1950, 22. flokki, fyrir knattleiksborð og hluti, þ. e. batta, kjöða, tippi, kúlur, þríhyrninga, brýr, brúarsporða, járn, leður, net, klæðisbætur á knattleiksborð, kjöðarekki, kúlarekki, merkiborð, depla, kít, kítarhöldur, klemmur, snyrtinga- og pússningatæki, odda, stuðara, kjöðavax, kjöðabönd, körfur, mælihringa, borðábreiður, merkingar, pinna, hristiglös, hristikúlur, kúluspilabrautir og hluti þeirra, þ. e. selar, kúlur, poka, mottur, púða, ábreiður, tæki, sem skila kúlunum aftur, markalínur, milligerðir, hljóðdeyfa, stökkunarborð, selastilla og hluta þeirra, svo og hjálpartæki, þ. e. kít og kítarrúllur.

Skrás. 1961, nr. 17. Tilkynnt 28. nóvember 1960, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 11. febrúar 1961.

Stílfærð mynd af manni, sem er að kasta bolta.



Samkvæmt tilkynningu 10. júní 1950, er merkið skrásett í Washington 4. ágúst 1953, 22. flokki, fyrir kúluspilabrautir og hluta þeirra, selar, kúlur, brautarmottur, tæki, sem skila kúlunum aftur, kúluhema, stöðvunarsúlur og miðsúlur í kúluspilarekki, kúlugeymslurekki, kúlupoka og handkít.

Skrás. 1961, nr. 18. Tilkynnt 28. nóvember 1960, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 11. febrúar 1961.

Orðið:

**BRUNSWICK**

Samkvæmt tilkynningu 19. janúar 1956, er merkið skrásett í Washington 16. júlí 1957, 32. flokki, fyrir húsgögn — þ. e. stóla og hluti til þeirra — þ. e. bókarækki, arma, spjaldarma og skrifborðsplötur, spjaldarmastóla, stóla, skrifborð, armstóla, skrifborð, bókakassaskrifborð, samsettar skrifborðs- og stólaeiningar, samsetta stóla og bókakassaskrifborðseiningar, borð, skápa fyrir skólavörur og hluti fyrir það — þ. e. bók, rennihurðir, hilluskilrúm, hillur, handklæðarekki, fætur, veggvinkla, glasastóla og undirstöður.

Skrás. 1961, nr. 19. Tilkynt 13. apríl 1960, kl. 4 e. h., af Joseph Bancroft & Sons Co., iðjurekstur, Rockford, Delaware, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 11. febrúar 1961.

Orðið:

## EVERGLAZE

Samkvæmt tilkynningu 19. febrúar 1957, er merkið skrásett í Washington 3. desember 1957, 42. flokki, fyrir vefnaðarstrangavöru gerða úr baðmull, úr gervi-silki, úr acetate, úr gerviþráðum og úr blöndu úr þessu.

Skrás. 1961, nr. 20. Tilkynt 11. janúar 1960, kl. 11 f. h., af Hydroconic Limited, verksmiðjurekstur og verzlun, London, Englandi, og skrásett 15. febrúar 1961.

Orðið:

## U N I G A N

Merkið er skrásett í London 18. ágúst 1959, 7. og 12. flokki, fyrir skip og báta og skips- og bátshluta, dráttar-, vindu-, lyftu- og niðurhölunarútbúnað (ekki fyrir báta) og hluta þeirra.

Skrás. 1961, nr. 21. Tilkynt 8. febrúar 1960, kl. 4 e. h., af Hovercraft Development Limited, iðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 15. febrúar 1961.

Orðið:

## HOVFCRAFT

Merkið er skrásett í London 11. ágúst 1959, 12. flokki, fyrir farartæki og palla útbúna til að hvíla á gaspúðum.

Skrás. 1961, nr. 22. Tilkynt 12. september 1960, kl. 11 f. h., af Nová hut Klementa Gottwalda, národní podnik, iðjurekstur og verzlun, Ostrava, Tékkóslóvakíu, og skrásett 15. febrúar 1961.

Upphafsstafirnir: N H K G undir hringfleti með stjörnu í miðju og þrem breiðum strikum yfir.



Samkvæmt tilkynningu 5. október 1959, er merkið skrásett í Prag 19. október 1959 fyrir: Saumlausar pípur, þar með taldar pípur til olíuleiðslu, allar afurðir gerðar úr pípum, járnsteypumót með fylgihlutum, steypuvörur úr gráu járn, steypuvörur úr steypu stáli, járnsmíðavörur, skifuhjól fyrir fólksvagna, flutningavagna og dráttarvélar, stjörnuhjól, hjólasamstæður fyrir járnbrautarvagna og hluta af slíkum hjólum, borpípur og þungaflutningsvagna, sívalt járn, kverkjárn, heitvaltað sléttjárn, I- og U- járn og -stál, logsoðnar stálpípur, lokuð sniðstykki, opin sniðstykki, ófullunnar sérsníðaðar smíðajárnsvörur, smíðaðar blakkir, stengur, sveigjanlegar plötur, gormlaga logsoðnar olíupípur, píputengihluti og kverkbeygðar pípur.

- 243 Skrás. 1961, nr. 23. Tilkynt 29. nóvember 1960, kl. 4 e. h., af Nicolai Kanter, iðjurekstur og verzlun, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 15. febrúar 1961.  
Orðin:

**Chiquita**  
+ by **KANTER'S**

Samkvæmt tilkynningu 18. september 1957, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 29. marz 1958 fyrir mjaðmarbelti, hringvoðarbelti, brjóstahöld, sokkabandabelti, lítil mjaðmarbelti og baðföt.

- Skrás. 1961, nr. 24. Tilkynt 29. nóvember 1960, kl. 4 e. h., af sama, og skrásett 15. febrúar 1961.  
Orðin:

**Kanter's**  
**OF SCANDINAVIA**

Samkvæmt tilkynningu 17. maí 1958, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 2. ágúst 1958 fyrir mjaðmarbelti, hringvoðarbelti, brjóstahöld, sokkabandabelti, lítil mjaðmarbelti og baðföt.

- Skrás. 1961, nr. 25. Tilkynt 1. desember 1960, kl. 10 f. h., af Efnagerð Austurlands hf., heildsala og framleiðsla, Keflavík, og skrásett 15. febrúar 1961.  
Orðið:

**E L K O**

Merkið er skrásett fyrir kemisk efni föst og fljótandi, sáraumbúðir, læknistæki, efni til útrýmingar á dýrum, alls konar efnagerða-, krydd-, sætinda-, hreinlætis-, hjúkrunar- og lyfjavörur svo sem konfekt, kakaó, alls konar súkkulaði, alls konar brjóstsykur, ávaxtamauk, kex, hunang, vanillesykur, alls konar lakkris, limmonaði, gosdrykki, alls konar öl, edik, ediksýru, sósur, matarliti, ávaxtaliti, alls konar safe, kaffibæti, tannpasta, hármæðul, alls konar smyrsl, andlitsduft, ilmvötn og öll önnur fegrunarefni, alls konar sápur, þvottaefni, kerti og skóáburð, alls konar fægilög, fægiduft, bón, vélaolíur, vagnáburð, sóða, skúringaduft, blævatn, blettavatn, liti, blek, lakk og olíur.


- Skrás. 1961, nr. 26. Tilkynt 5. desember 1960, kl. 11 f. h., af Sigurgeir Sigurjónssyni, lögfræðingi, Reykjavík, og skrásett 15. febrúar 1961.  
Orðið:

**F L O T T**

Merkið er skrásett fyrir handverkfæri og verkfæri alls konar.

Skrás. 1961, nr. 27. Tilkynt 5. desember 1960, kl. 3 e. h., af Lövens kemiske 243 Fabrik ved A. Kongsted, iðjurekstur, Ballerup, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 15. febrúar 1961.

Mynd af assýrisku ljóni.



Samkvæmt tilkynningu 22. nóvember 1955, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 7. apríl 1956 fyrir allar vörutegundir (að undanskildum járn- og stálvörum og stáli).

Skrás. 1961, nr. 28. Tilkynt 12. desember 1960, kl. 11 f. h., af Kovopol, národní podnik, iðjurekstur, Police nad Metujé, Tékkóslóvakíu, og skrásett 15. febrúar 1961.

Orðið:

## Z E N I T H

Samkvæmt tilkynningu 23. ágúst 1960, er merkið skrásett í Prag 11. október 1960 fyrir skauta.

Skrás. 1961, nr. 29. Tilkynt 16. desember 1960, kl. 3 e. h., af Federal-Mogul-Bower Bearings, Inc., iðjurekstur, Detroit, Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 15. febrúar 1961.

Orðið:

## BOWER

Samkvæmt tilkynningu 8. október 1959, er merkið skrásett í Washington 1. nóvember 1960, 23. flokki, fyrir keilumyndaðar rúllulegur, beinar rúllulegur, öxul-(spindil-)rúllulegur og hluta þeirra.

Skrás. 1961, nr. 30. Tilkynt 28. desember 1960, kl. 4 e. h., af Donald MacDonald (Antartex) Limited, iðjurekstur og verzlun, Renton, Dunbartonshire, Englandi, og skrásett 15. febrúar 1961.

Orðið:

## A N T A R T E X

Merkið er skrásett í London 25. janúar 1956 og 12. desember 1956, 18. og 25. flokki, fyrir fatnaðarvörur og gæruskinn.

Skrás. 1961, nr. 31. Tilkynt 22. október 1960, kl. 11 f. h., af Bulowa Watch Company, Inc., iðjurekstur og verzlun, Flushing, New York, N. Y., Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 27. febrúar 1961.

Orðið:

## ACCUTRON

Samkvæmt tilkynningu 14. apríl 1960, er merkið skrásett í Washington 27. desember 1960, 27. flokki, fyrir úr.

- 243 Skrás. 1961, nr. 32. Tilkynnt 21. desember 1960, kl. 2 e. h., af Áslaugu Cassata, verzlun, Reykjavík, og skrásett 27. febrúar 1961.

Orðið:

### Vatnverja

Merkið er skrásett fyrir upplausn af vatnseinangrunarefni, sem hrindir frá sér vatni.

Skrás. 1961, nr. 33. Tilkynnt 14. desember 1960, kl. 11 f. h., af A. Boake, Roberts and Company Limited, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 27. febrúar 1961.

Orðið:

### A B R A C

Merkið er skrásett í London 16. desember 1903, 19. október 1914, 18. desember 1937, 14. marz 1943 og 28. janúar 1958, 1., 2., 3., 5., 42. og 43. flokki, fyrir efni, sem notað er sem fæða eða efnishluti í fæðu, efnafræðilega hluta, notaða í framleiðslu, ljósmyndun eða til heimspekilegra rannsókna, varnarmeðöl gegn eyðingu, efni til notkunar í sambandi við landbúnað, garðyrkju, dýralækningar og hreinlæti, lyktandi kjarna (úr áfengi), ávaxtasafa (áfengan), lyfjaefni, ilmvoðn, snyrtivörur, sem ekki eru lyf (og ekki hreinsunar- eða fægiefni), ilmefni til notkunar við framleiðslu ilmvara og ilmandi hluta.

Skrás. 1961, nr. 34. Tilkynnt 28. desember 1960, kl. 2 e. h., af N. V. Koninklijke Sphinx-Ceramique v.h. Petrus Regout, er einnig verzla undir nafninu Royal Sphinx-Ceramique, verksmiðjurekstur og verzlun, Maastricht, Hollandi, og skrásett 27. febrúar 1961.

Innan í hring er mynd af sphinx, en fyrir ofan myndina og innan í hringnum standa orðin: ROYAL SPHINX.



Samkvæmt tilkynningu 14. maí 1960, er merkið skrásett í Haag 18. júní 1960 fyrir keramik-, krystal- og glervörur, sérstaklega fyrir heimili, hreinlætistöki, húsbýggingar, skipabýggingar og flugvélabyggingar, siglingatæki og loftsiglingatæki, iðnað, efnagerð, tæknistörf og elektrotækni (undanskildir eru einangrarar úr keramikefni sem hlutar neistakerta eða aðrar vörur úr keramikefni eða gleri sem minni háttar hlutar bifreiða), til skreytinga, trúrækni, kennslu, auglýsinga, snyrtivörugerðir, lyfjagerðir, lækninga, vísinda og skógræktar, kvikfjárræktar og alifuglæræktar, hálfunna hluti og hráefni til framleiðslu þess, er að ofan greinir, eldhús og heimilistöki, svo sem ílát, suðu- og steikarpönnur, matar-, te- og kaffistell, morgunverðar- og mökkakaffistell, hreinlætisstell, rjómastell, eggjasett, salt-, pipar- og sinnepssett, salthauka, heimiliskrúkkuset, skúffuset í búrskápa, sælgætisköku- og ávaxtasett, könnur, bolla, undirskálar, krúkkur, skálar, vatnsglös, diska, fót, niðursuðukrúkkur, stórar ískrúkkur, stórar leirkrúkkur

fyrir kaffivélar, ávaxtaföt með sigtum, sælgætiskassa, sultutaupotta, sultu- 243  
